

Stjórnartíðindi

2000 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prententök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar galli á bls. 1389.

Galli á bls. 697.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2000

8. maí 2000

657

Nr. 311

AUGLÝSING

um gjaldskrá bilhúsa og vaktaðra stæða í Reykjavík.

Borgarstjórn Reykjavíkur ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 3. febrúar 2000, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Tímagjald verður 100 krónur fyrir fyrstu klukkustundina (1 klst. lágmark) og síðan 10 krónur fyrir hverjar byrjaðar 6 mínútur í Vesturgötu 7, Ráðhúskjallara og Traðarkoti. Í Kola-porti og Vitatorgi verður tímagjaldið 50 krónur fyrir fyrstu klukkustundina en síðan 10 krónur fyrir hverjar byrjaðar 6 mínútur. Verð mánaðarkorta verður samkvæmt eftirfarandi töflu:

Staður	Stærð (fjöldi stæða)	Langtímanotkun (kr./mán.)			
		Sólarhr.kort	Morgunkort kl. 7.30-13.00	Síðdegiskort kl. 12.00-24.00	Næturkort kl. 17.00-07.30
Ráðhúskjallari	130	9.600	4.800	6.720	1.250
Tjarnargötustæði	107	9.600	4.800	6.720	1.250
Vesturgata 7	106	8.800	4.400	6.160	1.250
Kolaport	166	5.600	-	-	-
Bergstaðir	35	4.000	2.000	2.800	1.250
Bergstaðir kjallari	23	6.400	-	-	-
Pósthússtræti 13	10	8.800	-	-	-
Traðarkot	270	5.600	2.800	3.920	1.250
Vitatorg	223	4.000	2.000	2.800	1.250
Afslættir (aðeins af mánaðarkortum)					
	Íbúaafláttur	10%			
	6 mánaða kort	16,67%	(Greitt fyrir 5 mánuði)		
	10 stæði eða meira	5%			
	Starfsm.fél. o.þ.h.	5%			
Enginn afsláttur er veittur af Tjarnargötustæði. Næturkort eru á sérstöku tilboðsverði og ekki er veittur afsláttur af þeim.					

Ákvarðanirnar taka þegar gildi.

Reykjavík, 8. maí 2000.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskrá, gjaldskyldutíma og leyfilegan hámarkstíma á gjaldskyldum stöðureitum í Reykjavík.

Borgarstjórn Reykjavíkur ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 3. febrúar 2000, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 10. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Tímagjöld og gjaldskyldutími á stöðu- og miðamælastæðum verði eftirfarandi:

- 150 krónur á gjaldsvæði 1. Leyfilegur hámarkstími verði 1 klst. á stöðumælastæðum en ótakmarkaður á miðamælastæðum. Lágmarksgjald verði 10 krónur.
- 80 krónur á gjaldsvæði 2. Leyfilegur hámarkstími verði 2 klst. á stöðumælastæðum en ótakmarkaður á miðamælastæðum. Lágmarksgjald verði 10 krónur.
- 80 krónur fyrir fyrstu 2 klst. og 20 kr./klst. eftir það á gjaldsvæði 3. Leyfilegur hámarkstími verði ótakmarkaður. Lágmarksgjald verði 10 krónur. Áætla má að mánaðarlegur kostnaður við langtímanotkun þessara stæða hækki um 60% og verði nálægt 4.000 kr./mán.
- Gjaldskylda verði klukkan 10-18 mánudaga til föstudaga, en klukkan 10-13 á laugar-dögum.

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa lækkar og verður 3.500 krónur á ári.

Ákvarðanirnar taka þegar gildi.

Reykjavík, 8. maí 2000.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um staðsetningu gjaldskyldra bílastæða í Reykjavík.

Borgarráð Reykjavíkur hefur ákveðið eftirfarandi, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Dagsetning samþykktar	Lýsing
1. 1. febrúar 2000	Tjarnargata, búa til stæði úr að- og fráreinum. Í aðrein að Ráðhúskjallara verði útbúin 2 ný stæði og 2 í frárein. Tveimur af þremur stæðum fyrir hreyfihamlaða móts við ráðhús (framhald af frárein) verði breytt í almenn stæði, enda hafa verið útbúin tvö stæði fyrir hreyfihamlaða í bílakjallara. Miðamælir fyrir stæði vestan Tjarnargötu þjóni hinum nýju stæðum. Tímagjald samkvæmt gjaldsvæði 2.
2. 1. febrúar 2000	Tjarnargata, einstefna og stæði norðan Vonarstrætis. Einstefna verði á götukaflanum, með akstursstefnu til norðurs frá Vonarstræti. Bílastæði verði með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu þeirra á gjaldsvæði 1.
3. 1. febrúar 2000	Tryggvagata, milli Grófar og Nausta. Fellt verði niður bann við bifreiðastöðum við suðurkant Tryggvagötu frá Gróf í vestrí að Naustum í austri. Bílastæðin verði gjaldskyld með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu þeirra á gjaldsvæði 1.

Dagsetning samþykktar	Lýsing
4. 1. febrúar 2000	Hafnarhús, Naust og Gróf. Skipulag stæða og einstefna. Einstefna verði frá Naustum vestur með húsum númer 17 (Hafnarhúsi) og 15 að norðanverðu og að norðan inn á lóðina Tryggvagötu 13 með tengingu út á Tryggvagötu. Skipulagi bílastæða á svæðinu norðan umræddra húsa verði breytt og þeim fjölgað um 18. Miðamælar á svæðinu þjóni hinum nýju stæðum, tímagjald samkvæmt gjaldsvæði 2.
5. 1. febrúar 2000	Tryggvagata, ein akrein til austurs að Pósthússtræti og nýtt stæði fyrir hreyfihamlaða við Tollhús. Akrein verði færð í fyrra horf sem bílastæði. Settir verði upp stöðumælar með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 1. Gert verði eitt bílastæði fyrir hreyfihamlaða móts við vesturenda Tollhúss.
6. 1. febrúar 2000	Lögreglustöð (Hverfisgata 113), tvöfalt í rennu. Aðkomurein að Hverfisgötu 113 verði breikkuð á kafla og heimilaðar bifreiðastöður við vinstri kant. Settir verði upp stöðumælar með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi samkvæmt gjaldsvæði 1.
7. 1. febrúar 2000	Barónsstígur norðan Hverfisgötu. Fellt er niður stöðubann við austurkant götunnar frá Hverfisgötu að Skúlagötu. Settir verði upp stöðumælar með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 2.
8. 1. febrúar 2000	Vesturgata 2a (Grófartorg). Settur verði upp miðamælir með tímagjaldi samkvæmt gjaldsvæði 1.
9. 1. febrúar 2000	Skúlagata frá Barónsstíg að Vitastíg. Almenn bílastæði við götu og á borgarlandi verði gjaldskyld. Settir verði upp miðamælar með tímagjaldi samkvæmt gjaldsvæði 2.
10. 1. febrúar 2000	Skúlagata frá Vitastíg að A teng. við Sæbraut. Almenn bílastæði við götu og á borgarlandi verði gjaldskyld. Settir verði upp miðamælar með tímagjaldi samkvæmt gjaldsvæði 2.
11. 28. september 1999	Hafnarstræti milli Pósthússtrætis og Nausta. Bílastæði verði leyfð við norðurkant Hafnarstrætis milli Nausta og Pósthússtrætis. Settir verði upp stöðumælar með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 1.
12. 28. september 1999	Óðinsgata milli Þórgötu og Skólavörðustígs. Götunni verði breytt í einstefnu og bílastæðum fjölgað. Settir verði upp stöðumælar með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 2.
13. 28. september 1999	Skólavörðustígur milli Bergstaðastrætis og Laugavegar. Bílastæði verði leyfð við norðurkant milli Bergstaðastrætis og Laugavegar. Settir verði upp stöðumælar með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 2.
14. 28. september 1999	Skúlagata 54. Bílastæði við syðri kant Skúlagötu, frá og með stæði vestan útskots móts við hús nr. 56 í austri og næstu tvö stæði til vesturs talið, verði gjaldskyld. Settir verða upp stöðumælar við þessi þrjú stæði, með leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldi í samræmi við staðsetningu þeirra á gjaldsvæði 2.

Ákvarðanirnar taka þegar gildi.

Reykjavík, 8. maí 2000.

Borgarstjórnin í Reykjavík,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2000

Nr. 314

660

28. apríl 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Gerðahreppi.

Deiliskipulag ofan Klapparbrautar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 5. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag ofan Klapparbrautar í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis ofan Klapparbrautar og gerir ráð fyrir íbúðabygð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag í Útgarði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 2. febrúar 2000 samþykkt deiliskipulag í Útgarði í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis ofan Garðbrautar, vestan íþróttaleikvangs og gerir ráð fyrir íbúðabygð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag við Silfurtún.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Gerðahrepps þann 5. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag við Silfurtún í Gerðahreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Garðbraut, Silfurtúni, Brautarholti, Heiðartúni og gerir ráð fyrir íbúðabygð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gerðahreppi, 28. apríl 2000.

F.h. sveitarstjórnar,

Sigurður Jónsson sveitarstjóri.

Nr. 315

2. maí 2000

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Borgarfjarðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðahrepps er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld (sorp-hreinsunar- og sorpförgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjaldddögum.

2. gr.

Sorphreinsunargjald:

Árlegt gjald kr. 6.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 3.500. Í gjaldinu eru innifaldir 50 pokar.

3. gr.

Sorpförgunargjald frá atvinnurekstri, sem notar gáma og/eða hefur aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum:

Árlegt gjald samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs sem hér segir:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	4.000	4	75.000
2	10.000	5	150.000
3	25.000	6	300.000

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Borgarfirði, 2. maí 2000.

Magnús Þorsteinsson oddviti.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í landi Hallar í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt neðangreindar breytingar á skipulaginu.

Breytingar á deiliskipulaginu felast í því að hámarksstærð húsa er breytt úr 60 m² í 110 m² eða hámark 300 m³ og stærð smáhúsa (gestahúsa) breytist úr 12 m² í 20 m². Ennfremur breytist kaflinn um fráveitu þannig, að gert er ráð fyrir rotþró fyrir hvert einstakt sumarhús á kostnað lóðarhafa en ekki sameiginlegri rotþró eins og eldri skilmálar gerðu ráð fyrir.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Breytingarnar hafa verið yfirfarnar af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulag fyrir land Hallar með ofangreindum breytingum öðlast þegar gildi og fellur þar með eldra skipulag svæðisins úr gildi.

Borgarnesi, 8. maí 2000.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd rafrænnar farskráningar í loftflutningum.

1. gr.

Flytjanda skal heimilt að taka við bókunum á flutningi farþega í loftflutningum sem gerðar eru með rafrænum hætti. Þá er flytjendum heimilt að staðfesta slíkar bókanir með rafrænum hætti og láta þá staðfestingu koma í stað útgáfu á farseðli og er þá kominn á flutningssamningur á milli aðila.

Sé heimildar skv. 1. mgr. nýtt, skal flytjandi bjóða farþega skriflega staðfestingu flutningssamnings.

2. gr.

Greinargóðar upplýsingar um ferða- og samningsskilmála skulu birtast á skjámynd farþega áður en hann á þess kost að staðfesta bókun með rafrænum hætti og skulu þær einnig vera aðgengilegar eftir að bókun hefur verið staðfest.

Ferða- og samningsskilmálar skulu jafnframt vera farþegum til reiðu á einfaldan og skýran hátt á vefsíðu og söluskrifstofum flugrekanda, hjá ferðaskrifstofum og umboðsaðilum hans og við innritunarborð til brottfarar.

Sé um sérstakar aðstæður að ræða hjá farþega, s.s. hreyfihömlun eða ungan aldur, skal vera unnt að geta slíks við bókun.

3. gr.

Í staðfestingu flytjanda á bókun farþega skal greina eftirfarandi:

- a. nafn farþega, heimilisfang og símanúmer
- b. brottfararstað og ákvörðunarstað, tímasetningar og flugnúmer
- c. að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður séu í sama ríki og samið sé um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki
- d. bókunarnúmer og dagsetning bókunar
- e. verð, flugvallargjöld, skatta og greiðslumáta
- f. nafn flytjanda, en fljúgi annar flytjandi undir flugnúmeri flytjanda skal greinilega koma fram hvaða flytjandi annist flug. Sé um sérstakt tímabundið fyrirkomulag að ræða er nægilegt að nafn flytjanda komi fram
- g. tegund loftfars, eða loftfara sé skipt um loftfar á leiðinni
- h. flutninga milli flugvalla sé skipt um loftfar á leiðinni

4. gr.

Þegar flytjandi veitir farangri viðtöku skal honum heimilt að skrá innritaðan farangur og þyngd hans með rafrænum hætti.

Sé heimildar skv. 1. mgr. nýtt, og enginn farangursmiði útgefinn, er flutningssamningur engu að síður gildur. Farþega skal standa til boða skrifleg staðfesting á viðtöku innritaðs farangurs.

5. gr.

Farþegum skal afhenda brottfararspjöld við innritun, til staðfestingar á heimild til að ganga um borð í loftfar.

6. gr.

Nú nýtir flytjandi sér heimildir 1. gr. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar og getur hann þá eigi borið fyrir sig ákvæði laga um loftferðir nr. 60/1998, um takmörkun ábyrgðar.

7. gr.

Ákvæðum reglugerðar þessarar skal beita eftir því sem við getur átt um bókun og staðfestingu flutningssamnings sem gerður er í síma eða með símbréfi.

8. gr.

Reglugerð nr. 2299/89/EBE, frá 24. júlí 1989, um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskrán-ingarkerfa, sbr. augl. 567/1993, með síðari breytingum, skal gilda um rafræna farskráningu samkvæmt reglugerð þessari eins og við getur átt.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að fimm árum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 125. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 19. apríl 2000.

Sturla Böðvarsson

Halldór S. Kristjánsson.

8. maí 2000

Nr. 318

SAMÞYKKT

um kattahald á Austur-Héraði.

1. gr.

Kattahald á Austur-Héraði sætir þeim takmörkunum sem getur í 2. grein þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í þéttbýli í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds með ákvæðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Þó getur sveitarstjórn, telji umhverfisráð og héraðsdýralæknir brýna þörf á, takmarkað kattahald í dreifbýli.

Eftirfarandi skilyrði gilda á þéttbýlisstöðunum Egilsstöðum, Hallormsstað og Eiðum og skipulögðum sumarhúsahverfum:

- Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
- Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- Við greiðslu gjalds skv. b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum.

- d) Ábyrgðartrygging viðurkennds vátryggingafyrirtækis er skilyrði fyrir skráningu. Vátrygging skal ná til alls þess tjóns sem kötturinn hans kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð er kr. 10.000.000 (tíu milljónir).
- e) Kötturinn skal ávallt bera hálsól. Á ólinni skal vera bjalla, auk plötu sem skráningar-númer og símanúmer eiganda er letrað á.
- f) Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.
- g) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- h) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- i) Leyfishafa ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma.
- j) Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir, sbr. 4. og 8. kafla og 11.-16. kafla heilbrigðisreglugerðar, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.
- k) Leyfishafa ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á sinni lóð.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til kattahalds skal leggja fram á skrifstofu Austur-Héraðs á þar til gerðum eyðublöðum. Leyfishafi fær afhenta merkiplötu, sbr. ákvæði d-liðar 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Austur-Hérað getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann tekur óskilaketti og flækingsketti í vörslu.

Halda skal skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

5. gr.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðahverfum er heimilt að láta veiða þá í búr og fanga ómerkta og leyfislausu ketti. Slíkar aðgerðir skal auglýsa með áberandi hætti með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Sé fangaðra katta ekki vitjað innan einnar viku, er heimilt að láta aflífa þá.

6. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi kattarins sæta skriflegri áminningu. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

7. gr.

Ketti sem leyfi er fyrir og teknir eru í vörslu er heimilt að afhenda leyfishafa, gangi hann eftir því innan einnar viku, og þá gegn yfirlýsingu þess efnis að hann viðurkenni að skulda áfallinn kostnað af vörsluninni.

Sé ómerktur eða leyfislaus köttur tekinn í vörslu, skal auglýsa eftir eigandanum a.m.k. tvisvar með áberandi hætti. Gefi enginn umráðamaður eða eigandi sig fram innan einnar viku, er heimilt að færa köttinn til aflífunar. Sveitarsjóður ber kostnað af vörslu og aflífun katta, en á endurkröfu á eigendur þeirra.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Austur-Héraðs staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um kattahald fyrir þau sveitarfélög sem mynduðu sveitarfélagið Austur-Hérað árið 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi fyrir þeim samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. júlí 2000.

Umhverfissráðuneytinu, 8. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

8. maí 2000

Nr. 319

SAMÞYKKT

um hundahald í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Mýrdalshreppi að undanteknum þarfahundum á lögbýlum og hundum sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa.

2. gr.

Hreppsnefnd er þó heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum.

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu Mýrdalshrepps og þar fær eigandi hundsins afhenta númeraða plötu sem ávallt skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþágan er veitt fyrir. Gjaldið skal ákveðið af sveitarstjórn sem umhverfissráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram 20. febrúar ár hvert. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunargjald, sbr. 2. gr., f-lið. Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir þessu gjaldi, og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa svo og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötlöðu. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan eins mánaðar frá gjalddaga er heimilt að afturkalla leyfið, svo og ef hreinsun hunda er ekki framkvæmd eftir settum reglum.
- c) Mýrdalshreppur ábyrgðartryggir alla skráða hunda sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur, sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkv. f-lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Þeir skulu greiða sveitarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur, sem falla undir f-lið, leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu sem sýnir að trygging sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt.

Skilyrði fyrir hundahaldi í samþýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hundsins. Þá er umráðamönnum alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í III.-V. og VII.-XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari tíma breytingum, en þeir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
 2. Almennings- og útisalerni.
 3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.
 4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
 5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema samkv. ákvörðun umsjónaraðila.
 6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
 7. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.
 8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.
 9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.
 10. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
 11. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
 12. Almenn samgöngutæki.
- e) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. b-lið þessarar greinar, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.
- f) Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án gjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.
- Skylt er bændum á lögbýlum og eigendum hunda, sem nefndir eru í b-lið hér að framan, að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannaferi.

3. gr.

Fyrir hönd sveitarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Mýrdalshreppi. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur en að öðru leyti starfar hann undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

4. gr.

Hundar úr öðrum sveitarfélögum, sem ekki eru í fylgd með eigendum eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir hundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa við eftirlitsmann hefur hann, í samráði við lögreglu og dýralækni, heimild til þess að lóga viðkomandi hundi að þeim tíma liðnum.

Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hundsins eigi innan sjö sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur eftirlitsmaður, í samráði við lögreglu og dýralækni, heimild til að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað í samráði við lögreglu og dýralækni.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skal hún tilkynna sveitarstjóra kærur sem berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

5. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Mýrdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 8. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

3. maí 2000

Nr. 320

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Hveragerðis.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Skilgreining.

Hitaveita Hveragerðis, skammstafað HH, er fyrirtæki sem Hveragerðisbær á og starfrækir.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur HH er að annast á orkuveitusvæði sínu öflun, dreifingu og sölu á hitaorku, svo og aðra starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði og einkaréttur.

Veitusvæði HH til dreifingar hitaorku er allt svæðið innan bæjarmarka Hveragerðisbæjar. HH hefur einkarétt til dreifingar og sölu á hitaorku á orkuveitusvæði sínu.

4. gr.

Ástand og dreifing hitaveituvatnsins.

HH dreifir hitaorku með þrennum hætti til viðskiptavina sinna.

Dreifikerfi I:

Kerfið er lokað tvöfalt dreifikerfi. Vatnið er hitað upp í allt að 80°C í varmaskiptastöð HH. Heita vatnið rennur frá varmaskiptastöð um húsveitu (hitakerfi) viðkomandi húsa og er allt tekið aftur til baka í varmaskiptastöð. Neysluvatn er hitað upp í sérhverju húsi með varmaskipti sem HH leggur til.

Dreifikerfi II:

Kerfið er einfalt dreifikerfi. Hitastig blöndu af heitu vatni og jarðgufu sem veitt er um kerfið er 150-180°C. Blandan kemur beint úr borholum HH. Óheimilt að hleypa vatni úr kerfinu inn á húsveitur (hitakerfi) húsa, annarra en gróðurhúsa, vegna útfellinga og hás hitastigs vatnsins og skal því vera varmaskiptir í hverju húsi. Í sérhverri húsveitu má aðeins vera einn varmaskiptir sem blanda af heitu vatni og jarðgufu úr dreifikerfi II rennur um. Öll hús, önnur en iðnaðar- og gróðurhús koma til með að tengjast dreifikerfi I í framtíðinni.

Dreifikerfi III:

Kerfið er einfalt dreifikerfi. Hitastig vatnsins er allt að 80°C. Óheimilt að hleypa heitu vatni úr kerfinu inn á húsveitur (hitakerfi) húsa vegna útfellinga í vatninu og skal því vera varmaskiptir í hverju húsi. Í sérhverri húsveitu má aðeins vera einn varmaskiptir sem heitt vatn úr dreifikerfi III rennur um. Dreifikerfi III verður aflagt á næstu árum og dreifikerfi I kemur í þess stað.

Eigandi húsveitu sem tengist dreifikerfi II eða III á varmaskiptinn sem vatn HH rennur um og sér um viðhald á honum. HH tekur ekki þátt í stofnkostnaði, viðhaldi eða endurnýjun varmaskiptis sökum útfellinga, hás hitastigs eða tæringar af völdum efnainnihalds heita vatnsins eða jarðgufunnar. Vankvæði eru á því að mæla orkunotkun þeirra notenda sem fá afnot af heitu vatni eða jarðgufu úr dreifikerfi II og III vegna útfellinga í vatninu og hás hitastigs þess.

II. KAFLI**Stjórn og rekstur.****5. gr.***Yfirstjórn.*

Yfirstjórn HH er í höndum bæjarstjórnar en framkvæmdastjórn HH skal falin stjórn veitustofnana ásamt framkvæmdastjóra.

6. gr.*Veitustjórn.*

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil veitustjórnar er 4 ár og lýkur samtímis kjörtímabili bæjarstjórnar. Bæjarstjórn velur formann en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Geti stjórnarmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn, eða hlutast til um að varamaður verði boðaður.

7. gr.*Ákvörðunartaka.*

Stjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

8. gr.*Verksvið stjórnar.*

Hlutverk stjórnar er:

- a) að hafa eftirlit með því að skipulag og starfsemi HH sé jafnan í réttu og góðu horfi
- b) að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn
- c) að semja drög að þriggja ára áætlun, um rekstur, framkvæmdir og fjármál veitna fyrir bæjarstjórn
- d) að semja verðskrá fyrir HH og leggja hana fyrir bæjarstjórn
- e) að ákveða framkvæmdir á orkuveitusvæði HH í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga
- f) að undirbúa samninga um orkukaup og orkusölu
- g) að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir
- h) að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf er á og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

9. gr.

Framkvæmdastjóri.

Bæjarstjórn ræður framkvæmdastjóra HH að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri:

- a) annast allan daglegan rekstur og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrir-mælum sem stjórn setur fram
- b) situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt
- c) gerir tillögur til stjórnar um lausn verkefna skv. gr. 8.
- d) undirbýr fundi í samráði við formann stjórnar. Hann sér um að boðað sé til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

10. gr.

Starfsmannahald.

HH og Hveragerðisbær hafa sameiginlegt skrifstofu- og starfsmannahald skv. sérstökum samningi.

11. gr.

Reikningshald.

HH skal hafa sjálfstæðan fjárhag og aðgreint reikningshald. Reikningsár HH er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar þeirra fylgja reikningum bæjarfélagsins.

Tekjum HH skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingum þannig að öruggur rekstur HH sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum þeirra. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar.

III. KAFLI

Gjaldskrá og innheimta.

12. gr.

Gjaldskrá.

a) *Almennt.*

Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir hitaorku, heimæðar, um gjalddaga, eindaga og innheimtu gjalda, viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjaldtökunni við. Skal gjaldskrá við það miðuð að eðlilegur afrakstur fái af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Skal fyrirtækinu þannig vera kleift með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum að tryggja viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki bæjarstjórnar skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið, til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Viðskiptavinir HH skulu greiða HH orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

b) *Áætlun álesturs og uppgjör fyrir hitaorku.*

HH selur notendum hitaorku sem þeir fá úr heitu vatni eða blöndu af heitu vatni og jarðgufu.

HH innheimtir, af þeim notendum, sem fá hitaorku úr heitu vatni úr dreifikerfi I, gjald (kr/m^3) fyrir hvern rúmmetra heits vatns sem fer um rennislismæli, sem HH setur upp við hitaveituinntak hjá notanda.

Vegna vankvæða við að mæla orkuinnihald heits vatns og jarðgufu í dreifikerfi II og III, er HH heimilt að innheimta gjald í réttu hlutfalli við flatarmál húsnæðis, sem áformað er að hita með þeim hætti að uppfylltum þeim skilyrðum sem að neðan greinir.

Fyrir þetta gjald lætur HH notanda í té heitt vatn eða blöndu af heitu vatni og jarðgufu, sem nægir til að mæta aflþörf til hitunar húsrýmis sem hér segir:

Nægir íbúðar-, þjónustu-, verslunar-, og iðnaðarhúsnæði 75 W/m².

Fyrir gróðurhús 220 W/m².

Óski notandi eftir meira afli en að ofan greinir skal HH láta honum það í té, ef það er unnt án umtalsverðs viðbótarkostnaðar fyrir HH. HH er þá heimilt að krefja viðkomandi notanda um gjald samkvæmt sérstöðum orkukaupasamningi sem aðilar gera með sér vegna umframafslins.

HH innheimtir fast gjald sem inniheldur ýmsan fastan kostnað s.s. fyrir mælaleigu, mælaálestur, útgáfu orkureikninga o.fl. Stefnt er að því að öll hús í Hveragerði önnur en gróðurhús og iðnaðarhús tengist dreifikerfi I á næstu árum.

Gjald fyrir hitaorku skal ekki innheimta fyrr en frágangi heimæðar ásamt mæla- eða hemlagrind er að fullu lokið og viðkomandi húsnæði er a.m.k. orðið fohelt.

c) Reikningar, gjalddagi og vextir.

Orkureikninga skal senda út reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þeir skulu sendir notanda á notkunarstað eða á annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.

Inneignarvextir skulu greiddir ef notkun orkukaupanda reynist minni en áætlað var. Skulu þeir greiddir fyrir reikningstímabil sem tilgreint er á reikningi. Vanskilavextir (dráttarvextir) skulu innheimtir vegna skuldar orkukaupanda; skulu þeir reiknaðir frá eindaga sem tilgreindur er á reikningi.

13. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

a) Lokunaraðvörun.

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, má HH stöðva orkuafhendingu til notanda að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist honum með minnst 5 daga fyrirvara.

b) Innheimtuaðgerðir.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila HH sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar orkuafhendingar og vanskil á álestrarreikningum. HH ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

c) Greiðsluskylda á lokunartíma.

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við HH né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflagjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

HH hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

d) *Stöðvun orkuafhendingar.*

HH má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. HH er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá viðvörðun um hana.

e) *Opnun lokaðrar veitu.*

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda skal hún að jafnaði ekki opnuð aftur nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

f) *Óleyfileg tenging veitu.*

Enginn má endurtengja veitu nema þeir sem HH hefur veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má HH rjúfa fyrirvaralaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um tengingu húsveitna.

14. gr.

Eigandi/notandi veitu.

Húsveita (hitakerfi húss) er sjálfstæð veita sem tengd er við heimæð HH. Eigandi húsveitu nefnist húseigandi. Kaupandi heits vatns eða blöndu af heitu vatni og jarðgufu, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

15. gr.

Umsókn um heimæð.

a) *Heimæð.*

Heimæð er lögn sem flytur heitt vatn eða blöndu af heitu vatni og jarðgufu frá dreifikerfi HH að aðeins einni húsveitu.

b) *Skuldbinding húseiganda.*

Umsókn um heimæð eða breytingu á heimæð skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í verðskrá HH og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá HH. HH getur krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tæknipökkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

c) *Óvenjulegar aðstæður.*

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá dreifikerfi HH eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofn- kostnaði við framkvæmdir.

d) *Lágmarksgjald.*

HH er heimilt að krefjast lágmarksgjalds (fastagjalds) sé lokað fyrir húsveitu um lengri eða skemmri tíma.

e) *Frosin jörð.*

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

16. gr.
Mælitæki.

a) *Uppsetning mælitækja.*

HH setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja úr stað án samþykkis HH. HH getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati framkvæmdastjóra.

b) *Notandi.*

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er skráð fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir HH um það.

Ef um sameiginlega orkunotkun er að ræða, t.d. hjá húsfélagi, má ekki breyta skráðum notanda nema allir sem að notkuninni standa samþykki það skriflega.

c) *Notendaskipti.*

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til HH, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrir en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) *Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.*

Húseigandi og orkunotandi eru samábyrgir fyrir tilkynningu til HH um notendaskipti. Vanræki þeir tilkynningarskyldu sína bera þeir báðir ábyrgð á ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) *Viðhald.*

HH annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) *Fast gjald/mælaleiga.*

Notandi greiðir fast gjald eða leigu fyrir afnot mælitækis skv. verðskrá HH á hverjum tíma.

g) *Prófun mælitækis.*

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/- 5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

HH hefur heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) *Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.*

Ef fram kemur við prófun, sem HH framkvæmir, að mælitækið hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna skal notandi greiða það sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5% of mikið eða þaðan af meira skal HH endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

HH getur ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) *Véfanging á niðurstöðum prófunar.*

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) *Notkun vegna galla á veitu.*

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á veitu eða tækjum, er HH ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) *Leiðrétting á reikningsfjárhæð.*

Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur áskilur HH sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana allt að fjögur ár aftur í tímann.

l) *Óleyfileg notkun.*

Verði uppvíst að heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram skal HH áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana eftir gildandi verðskrá að viðbættum verðbótum og vöxtum, fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

17. gr.

*Innsigli.*a) *Innsigliun mælitækja, o.fl.*

Starfsmenn HH hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem rennslismæla, bakrennslisloka, hemla o.þ.h. Einnig mega starfsmenn HH innsigla hluta veitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn HH. Önnur innsigli HH mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi HH hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna HH skriflega málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vantí er hann skyldur að tilkynna HH slíkt án tafar.

b) *Óleyfilegar tengingar.*

Séu settar óleyfilegar tengingar eða breytingar á hús, eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi húsveitu og tækja, skal farið með það sem galla á húsveitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með húsveitunni hefur í för með sér. Framkvæmdastjóri getur látið taka húsveitu eða tæki úr sambandi, meðan galli er á henni eða tækjunum, þar til bætt hefur verið úr.

18. gr.

*Eftirlit.*a) *Aðgangsréttur HH.*

Starfsmenn HH eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang að inntaksrýmum og til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

1. til athugunar á öryggi þeirra
2. til athugunar á mælagrind, bakrennslisloka og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá
3. til álestrar á mæli
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum HH.

b) *Tengiskilyrði.*

Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

V. KAFLI

Tenging húsveitna við dreifikerfi HH.

19. gr.

Umsóknir og áhleyping.

a) *Umsókn um orkukaup.*

Sækja skal um orkukaup til HH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa HH lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða af fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa bæjarins. Staðsetning inntaks og inntaksrýmis skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

b) *Áhleyping á húsveitu.*

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um áhleypingu á húsveitu við veitukerfi HH og að pípulagningameistari hafi skilað inn til HH vottorði um úttekt byggingarfulltrúa á viðkomandi húsveitu. Sækja skal um áhleypingu á húsveitu HH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn HH mega hleypa vatni úr heimæð HH á húsveitu í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd heimæð HH í heimildarleysi, getur HH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

c) *Lagning heimæðar.*

HH er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksrými fyrir hitaveituinntak og mælagrind sem HH leggur til.

d) *Inntaksop.*

Inntaksop í sökkli skal vera minnst 50 sm að hæð og 40 sm að breidd, fjarlægð frá efri brún grunnplötu að opi skal vera 30 sm.

Inntaksop í gólfi við útvegg skal minnst vera 50 sm x 50 sm.

e) *Inntaksrými.*

Inntaksrými skal vera í samræmi við 86. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Ekki má vera innangengt úr íbúð eða iðnaðar-, verslunar- eða þjónustuhúsi, í inntaksrými þeirra húsa sem tengjast dreifikerfi II. Í slík inntaksrými skal vera utangengt, örugg rakavörn í veggjum og lofti rýmisins og gólfplatarmál minnst 2,0 fermetrar.

Leyfilegt er að inntaksrými sé í bílskúr.

Leyfilegt er að inntaksrými sé í sérstökum inntaksskáp sem byggður er utan við útvegg húss. Inntaksskápur skal minnst vera 90 sm djúpur, 150 sm breiður og 190 sm hár. Skápurinn má ekki vera niðurgrafinn að neinu leyti. Framhlið inntaksskáps skal vera sem næst öll opnanleg.

Leyfilegt er að inntaksrými sé í sérstökum inntaksbrunni sem byggður er utan við útvegg húss. Inntaksbrunnur sé minnst 2,3 fermetrar að grunnfleti og 180 sm hár að innanmáli. Loft skal vera einangrað og þrep skulu vera niður í brunni. Mannop skal vera minnst 60 sm á kant eða minnst 70 sm í þvermál. Í inntaksbrunni skal vera ljós og góð loftræsting. Gólfniðurfall skal vera í inntaksbrunni og lagt í grjótpúkk eða á annan viðurkenndan máta.

f) *Snjóbræðslukerfi.*

Húseigendur mega tengja við húskerfi sín varmaskipta til snjóbræðslunotkunar. Snjóbræðslukerfi skulu vera lokuð sjálfstæð kerfi fyllt blöndu af vatni og frostlegi. Snjóbræðslukerfin skulu vera þannig frágengin að nýtni hitaveituvatnsins verði ávallt sem best.

g) *Bakrennsli.*

Frá inntaksrými húsveitu sem tengd er dreifikerfi II eða III skal ætíð leggja tvær pípur fyrir bakrennslisvatn hitaveitu (önnur til vara), minnst 32 mm að þvermáli, að regnvatnslögn (steinlögn) við lóðarmörk.

h) *Vatnslásar við þakrennuniðurföll.*

Vatnslásar eða einn sameiginlegur vatnslás skulu vera við öll þakrennuniðurföll vegna hættu á tæringu á þakjární, þakrennum og þakniðurföllum sökum efnainnihalds heita vatnsins eða jarðgufunnar. HH ber ekki ábyrgð á slíkri tæringu.

20. gr.

Teikningar.

Teikningar hitakerfa skulu uppfylla ákvæði 1. kafla byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

21. gr.

Eftirlit.

HH skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heita neysluvatnsins sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, byggingarreglugerðar nr. 441/1998 eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur HH stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

22. gr.

Skuldbindingar húseiganda og notanda.

Húseigandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu HH.

Húseiganda og/eða notanda ber að tilkynna tafarlaust til HH ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum þeirra.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar í eigu HH, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

VI. KAFLI

Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni og jarðgufu.

23. gr.

Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eða jarðgufu eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá HH.

24. gr.

Rekstrartruflanir.

HH ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitnanna.

Purfi að takmarka notkun hitaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður HH hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds).

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

25. gr.

Mæling.

a) *Mælar.*

HH ákveður stærð og gerð mæla sem notaðir eru í mælagrind, hvort sem um er að ræða nýja mælagrind eða við endurnýjun búnaðar í mælagrind.

b) *Takmörkun afhendingar.*

Notendur sem hafa hemil eiga ekki rétt á endurgreiðslu á föstu aflgjaldi þótt þeir hafi ekki getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en HH er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins svo fljótt sem við verður komið.

HH er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækunar á hitastigi.

26. gr.

Sérstakir sölusamningar.

HH er heimilt að semja sérstaklega um afnot af heitu vatni eða jarðgufu utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis.

27. gr.

Bakrennslisli.

a) *Hitastig bakrennslis.*

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegn um varmaskipti húss eða hitunarkerfi gróðurhúss má ekki vera heitara en 40°C.

b) *Bakrennslislokar.*

HH leggur til bakrennslisloka á bakrennslisli dreifikerfis II og III. Lokanum er ætlað að tryggja þá varmanýtingu sem krafist er í a-lið 27. gr. Lokinn skal vera staðsettur við varmaskipti. Húseigandi skal sjá um að lögn aftan við lokann sé þannig gerð að vatn standi ætíð að lokanum. Starfsmenn HH innsigla lokann og mega engir aðrir en starfsmenn HH rjúfa innsiglið eða breyta stillingu lokans.

c) *Framhjáhlaup í bakrennslisgrind gróðurhúsa.*

Í bakrennslisgrind hitaveitunnar í gróðurhúsum, sem HH leggur til og á, er framhjáhlaup, sem er innsiglað af starfsmönnum HH. Ef skjótra aðgerða er þörf má rjúfa innsiglið og opna fyrir framhjáhlaupið sbr. aðra málsgrein 17. gr.

d) *Nýting hitaveituvatns (bakrennslis).*

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum húsveitu eða í gegnum varmaskipti húsveitu er eign HH. Stjórn HH getur heimilað notkun hitaveituvatns frá dreifikerfi II og III með sérstökum samningum milli HH og notanda. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum HH.

e) *Óheimil tenging.*

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að um það sé gerður samningur milli HH og notanda.

28. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð.

Hitaorkunni er miðlað í formi heits vatns og jarðgufu. HH skal gefa notendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og önnur tæknileg atriði, sé þess óskað.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar HH. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skal HH tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

29. gr.

Óheimil endursala.

Kaupendum er óheimil endursala hitaorkunnar án samþykkis HH.

30. gr.

Lagnir veitukerfis.

HH lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar inn fyrir húsveggi ásamt inntakslokum, inntakssíum og únionum við inntakssíur. HH á einnig mælagrindur ásamt tilheyrandi búnaði og annast rekstur og viðhald þeirra.

31. gr.

Tenging húsveitu.

HH annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitu húseiganda. Við slíka framkvæmd skal HH halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal HH færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

HH ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

32. gr.

Breytingar.

Húseigandi skal standa straum af kostnaði við breytingu á húsveitu vegna tengingar við HH.

Húseigandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi HH.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og gjaldskrá settri skv. henni má innheimta með fjárnámi.

34. gr.
Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við að lögum.

35. gr.
Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Veitustofnanir Hveragerðis nr. 276, 19. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. maí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

SAMÞYKKT**um stjórn og fundarsköp Bárðdælahrepps.****I. KAFLI****Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.**

1. gr.

Sveitarstjórn Bárðdælahrepps er skipuð 5 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Bárðdælahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Bárðdælahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
 2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
 3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
- Oddviti er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins ef ekki er ráðinn sveitarstjóri.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13 eða kl. 20. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggu hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri í samráði við oddvita semur dagskrá sveitarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og oddviti eða sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti eða sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Oddviti eða sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamála sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita eða sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um framkvæmdastjóra sveitarfélagsins né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti eða sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

EKKI MÁ sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn, eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða oddvita eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður þegar oddviti les upp nafn hans já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókom og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalar-kostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir

innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjáruútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd* skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
 2. *Barnaverndarnefnd* skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
 3. *Tveir búfjárefirtirlitsmenn* og einn til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991. Saman skipa þeir riðunefnd.
 4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara í skipulags- og byggingarnefnd S-Þingeyjarsýslu skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 5. *Félagsmálanefnd* skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
 6. *Heilbrigðisnefnd* skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 7. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 8. *Skólanefnd grunnskóla Bárðdæla*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Formaður er fulltrúi í skólanefnd við grunn- og tónlistarskóla Stórutjarnaskóla.
 9. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 10. *Stjórn heilsugæslustöðvar* skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
 11. Einn *úttektarmaður* og einn til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
 12. *Tveir fjallskilastjórar*. Fjallskilastjóri Austur-Bárðdæla og fjallskilastjóri Vestur-Bárðdæla. Þeir annast stjórn fjallskilamála í umboði sveitarstjórnar.
 13. *Stjórn dvalarheimilis aldraðra sf.* Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
 14. *Stjórn Sorpsambands Þingeyinga*. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
- C. Sveitarstjórn fer með verkefni annarra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni skv. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Sveitarstjórn hefur falið héraðsnefnd eða byggðasamlagi að fara með málefni barnaverndarnefndar, félagsmálanefndar, heilbrigðisnefndar, sorpmála, dvalarheimilis fyrir aldraða, almannavarnanefndar og stjórn heilsugæslustöðvar.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita ef ekki er starfandi framkvæmdastjóri skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

55. gr.

Ef ráðinn er sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirbýr hann fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Framkvæmdastjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Framkvæmdastjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Framkvæmdastjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Framkvæmdastjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Framkvæmdastjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

56. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

57. gr.

Sveitarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 56. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

58. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

59. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

60. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hlidsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

61. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 60. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

62. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

63. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

64. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 60. gr. og þriggja ára áætlun skv. 63. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr.

65. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Bárðdælahrepps hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Bárðdælahrepps nr. 296/1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. maí 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2000-2001.

Menntamálaráðherra hefur hinn 5. maí 2000 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2000-2001 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundi stjórnar sjóðsins 4. maí 2000, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 5. maí 2000.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

Fylgiskjal.

Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2000-2001.

I. kafli - Lánshæft nám.

1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms, við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Nám við fjarskóla er ekki lánshæft nema boðið sé upp á a.m.k. 75% af því sem telst fullt nám í reglulegu skólanámi. Sama gildir um hlutanám.

Gestanám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Nám við bréfaskóla er ekki lánshæft.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en lánshæft nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó rétti sínum í tvö ár eftir að

hann flytur lögheimili sitt hér af landi. Réttur til námsaðstoðar frá sjóðnum helst þó að einstaklingur flytji lögheimili sitt til annars lands vegna náms, starfa fyrir hönd Íslands á vegum sendiráða og alþjóðlegra stofnana og í sambærilegum tilfellum.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

1.2. Lánshæft nám á Íslandi.

1.2.1. Á háskólastigi.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Bændaskólinn á Hvanneyri, búvísindadeild
 Háskóli Íslands
 Háskólinn á Akureyri
 Háskólinn í Reykjavík
 Kennaraháskóli Íslands
 Listaháskóli Íslands að undanskildu fornámi
 Samvinnuháskólinn, rekstrarfræðideild
 Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild
 Tækniskóli Íslands, tæknifræði og heilbrigðisdeild

1.2.2. Sérnám á Íslandi.

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða upp á nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft skv. þessari grein. Þó er sjóðnum heimilt að telja námsbrautir, eða einstaka hluta námsbrauta, við slíka skóla lánshæfar ef þær leiða til starfsréttinda. Eftirtalið sérnám á Íslandi er lánshæft á námsárinu 2000–2001. Listinn er tæmandi:

ATS skóli flugmálastjórnar: nám í flugumferðarstjórn samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar
 Bændaskólar: búfræðinám, fiskeldi og ferðamálafræði
 Fiskvinnsluskólinn
 Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar: iðnnám í allt að 6 misseri, lækningaránám (bóknám), aðst.tannlækna (verklegi hlutinn), lyfjatæknanám að undanskildu aðfararnámi, sjúkraliðanám (tvö síðustu misserin), tækniteiknun, snyrtifræði (þrjú síðustu misserin), matartækni (tvö síðustu misserin), útvegssvið á Dalvík fiskiðn (þrjú síðustu misserin), sjávarútvegsbraut (síðustu tvö misserin) og skipstjórnarbraut
 Flugskóli Íslands: nám til atvinnuflugmanns- og flugstjórarréttinda, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar
 Garðyrkjuskóli ríkisins
 Leiðsöguskólinn
 Leiklistarskóli Íslands
 Meistaraskóli iðnaðarins að undanskildu almennu námi
 Myndlistarskólinn á Akureyri að undanskildu fornámi
 Samvinnuháskólinn
 Stýrimannaskólar, sjávarútvegsbraut (síðustu tvö misserin), skipstjórnarbraut
 Tannsmíðaskóli Íslands, í allt að 6 misseri
 Tónlistarskólar, kennaradeildir og tónlistarnám á 7. stigi og ofar skv.
 námsskrá menntamálaráðuneytis
 Tækniskóli Íslands
 Vélskólar

1.2.3. Réttindi erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda láns hæft nám hérlandis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara, njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgararétt.

Farandlaunþegi, þ.e. launþegi sem starfað hefur á hinu Evrópska efnahagssvæði í a.m.k. fimm ár á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Hið sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi, sbr. 4.2.

1.3. Láns hæft nám í útlöndum.

1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlandis, sjá þó ákvæði gr. 4.6. og 4.8. um lán vegna skólagjalda.

1.3.2. Sérnáms.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Láns hæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikilið, að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi, að mati stjórnar sjóðsins.

1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. BA-prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámsstími sem lánað er til einkanáms er allt að þrem námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum, sbr. þó gr. 2.4.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingadeildir háskóla ef það er undirbúningsur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á framhaldsháskólastigi í sambandi við skólagjöld, sbr. gr. 4.8., og hámarkssvigrúm, sbr. gr. 2.4.3., hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúnings málanáms.

Hámarksnámsstími sem veitt er lán til skv. þessari grein er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru tvö misseri eða þrjú fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Finnsku, grísku, hollensku, tékknesku, ungersku o.s.frv.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru þrjú misseri eða fimm fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, o.s.frv.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu málanáminu er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu. Fáir námsmaður undirbúningsnámið metið til styttingar á nýju námi kemur matið til lækkunar á einingaskuld hans.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í fagnám.

1.3.5. *Upplýsingar um lánshæft nám erlendis.*

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað er til. Ef sótt er um skóla eða námsbraut sem ekki hefur verið lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið. Gera verður ráð fyrir að slík málsmeðferð geti tekið einhvern tíma.

II. kafli - Námsframvinda.

2.1. Námsstími.

2.1.1. *Almennt.*

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólahlald eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í 9 mánuði fyrir fullt nám á skólaári. Ef námsmaður sækir sérstaklega um það og fyrir liggur staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori er heimilt að lána í allt að tvo mánuði til viðbótar. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan námstíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.

Ef námsmanni er veitt aðstoð hluta úr námsári er heimilt að veita lán í fjóra og hálfan mánuð fyrir hvert misseri og þrjú mánuði fyrir hverja önn eða fjórðung.

2.1.2. *Sumartími.*

Eftirfarandi reglur gilda um veitingu sumarlána 2001, enda hafi námsmaður ekki fullnýtt svigrúm sitt áður en til aðstoðar sjóðsins kemur:

1. Þeir námsmenn, sem ljúka námi á sumarönn í byrjun haustmisseris eiga rétt á að fá afgreitt sumarlán eftir að þeir hafa skilað lokaprófsskírteini til sjóðsins.
2. Áformi námsmaður að ljúka námi sínu á almanaksárinu 2001 og stunda nám að sumrinu í því skyni er heimilt að veita honum sumarlán, enda greiðast honum þá sumar- og haustlán, þegar vottorð um lokapróf liggur fyrir. Ljúki viðkomandi ekki námi á almanaksárinu fellur niður réttur hans til sumarláns.
3. Námsmaður, sem skilar á sumarönn árangri sem nemur 75% árangri á venjulegri önn, getur fengið lán vegna sumarannar 2001, sem greiðist eftir að árangur á sumarönn liggur fyrir.
4. Sama gildir um þá sem þurfa að sækja skyldunámskeið að sumrinu enda leggi þeir fram gögn um að þeir hafi tekið þátt í slíku námskeiði áður en lánið er greitt til þeirra.
5. Geri skóli kröfu um að doktorsnemar stundi nám yfir sumartímann er heimilt að veita lán til þess.
6. Stundi námsmenn launað starfsnám að sumri er ekki heimilt að veita þeim lán.
7. Aðstoð á sumarönn reiknast sem eitt misseri í heildarsvigrúmi námsmanns.
8. Lán á sumarmisseri eru reiknuð frá fyrsta degi til síðasta dags misserisins.
9. Aðstoð er ekki veitt til þess að taka þátt í sumarnámskeiðum sem eru ekki eiginlegur hluti þess náms sem viðkomandi stundar.

2.2. Framvinda náms.

2.2.1. Almennnt um námsframvindu.

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stysta skipulegan námstíma samkvæmt námsskrá sem yfirstjórn skóla hefur staðfest. Þegar um meistara- eða doktorsnám er að ræða er þó heimilt að bæta einu misseri við framangreindan námstíma til samræmis við persónubundna námsáætlun um fullt nám sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaþrófs, fá námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri. Þannig reiknast metnar einingar úr fyrra námi ekki til námsframvindu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka tillit til námskeiða umfram lokapróf sem nemur námi í allt að eitt misseri hafi námsmaður dvalið erlendis sem ERASMUS eða NORDPLUS skiptinemi og fengið námskeiðin metin sem valnámskeið umfram lágmarks-einingafjölda til lokaprófs.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 1. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.4. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán eða frestun á námslokum í þann annafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að fá námslán. Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi til þess að námsmaður fái að halda áfram námi eða flytjast milli ára teljast kröfur skólans lágmarksárangur.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður unnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaður telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmarkanir lán til þess að endurtaka misserið. Skipti slíkur námsmaður hins vegar um námsbraut áður en hann hefur lokið fyrsta námsárinu með fullnægjandi hætti, þá telst hann skulda árangur sem nemur öðru láninu fyrir fyrsta misserið.

Hafi námsmaður fullnýtt heimild sína til láns á tiltekinni námsbraut á hann ekki rétt á lánnum fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindri námsbraut.

2.3. Aukið svigrúm í námi.

2.3.1. Almennnt.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Að loknu skólaári skal árangur ársins gerður upp. Skili námsmaður þá samanlagt a.m.k. 75% árangri á námsárinu í heild, á hann rétt á láni í hlutfalli við árangur á einstökum önnum námsársins.

2.3.2. *Veikindi og barnsburður.*

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi. Námsmaður sem ekki hefur áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi á þó rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein vegna lánshæfs náms, ef hann skilar fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni.

Veikist námsmaður seinni hluta annar eða í prófum og skili vegna þess minna en 50% árangri á þeirri önn er heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Skilyrði er að fyrir liggja læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati lækni. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Ákvæði þessarar málsgreinar getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka eða barns hafa kallað á innlögnum á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrir en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggja fyrir í þessu tilviki. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á þeirri önn sem fæðing á sér stað, og á næstu önn fyrir fæðingu og eftir fæðingu. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm vegna einnar fæðingar ekki vera hærra en 50% af árangri einnar annar.

2.3.3. *Örorka og lesblinda.*

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að örorka viðkomandi sé metin a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

Ákvæði þessarar greinar á einnig við ef lesblinda (dyslexia) háir námsmanni og hægir óhjákvæmilega á námsframvindu hans samkvæmt mati sérfræðings og skóla.

2.3.4. *Fyrsta árs nemi erlendis.*

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er veitt aukið svigrúm. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

2.3.5. *Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.*

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einni önn á síðasta misseri í námi þá fær hann lán í réttu hlutfalli við það sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

2.3.6. *Mat á ástundun.*

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnám-skeiðum er lánið endurmetið. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

2.3.7. *Ástundun í framhaldsháskólanámi.*

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

2.3.8. *Viðamikil verkefni í framhaldsháskólanámi.*

Ef framhaldsháskólanámi lýkur með viðamiklu verkefni er heimilt að veita lán í eitt misseri til viðbótar við þá námslengd sem fyrri reglur kváðu á um.

2.3.9. *Lágmarkseinkunn.*

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskilinni einkunn.

2.4. **Námslengd.**

2.4.1. *Hvað telst aðstoðarár?*

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur eða tekjur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt. Þó er heimilt að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindu hámarki og veita honum lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef samanlögð fyrri lán hans hjá sjóðnum nema lægri upphæð en 1.900 þúsund króna.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir, sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsnámi er átt við doktors- eða licentiatnám, meistaranám eða sambærilegt nám að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera framhaldsháskólanám.

Ef námsmaður sem fær lán skv. eldri reglu (7 ára og 12 ára regla) gerir meira en eins árs hlé á námi sínu telst hann falla undir 5 og 10 ára reglu.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir, sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

2.4.4. Einkanám.

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist, telst til náms á grunnháskólastigi.

2.5. Námslok.

2.5.1. Almenn.

Námslok teljast við lok þess misseris þegar námsmaður hættir að fá lán, nema námsmaður sýni fram á áframhaldandi lánshæft nám á næsta skólaári þar á eftir. Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt skólaár miðast námslok þannig við síðasta aðstoðartímabil fyrir námshlé. Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt skólaár, skal líta á það sem nýtt nám.

2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.

Eigi námsmaður rétt á frestun námsloka, sbr. gr. 2.5.4., skulu þau teljast á síðasta degi þess misseris sem hann lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast. Frestun á útborgun námsláns hefur ekki í för með sér frestun á skilgreindum námslokum.

2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánnum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

2.5.4. Frestun námsloka.

Stundi lánþegi lánshæft nám án þess að sækja um lán eða námsaðstoð frá sjóðnum er heimilt að fresta námslokum. Námsmaður skal þá sækja sérstaklega um frestunina. Eftir því sem við á skulu reglur um námsaðstoð gilda um þá umsókn, s.s. hvað varðar umsóknarfrest, gildistíma umsóknar, upplýsingar um tekjur og námsárangur.

2.5.5. *Vafi um námslok.*

Sjóðstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

III. kafli - Framfærsla og tekjur.

3.1. Grunnframfærsla.

3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 2000 - 31. maí 2001 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 66.500.

3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma frá 1. júní 2000 - 31. maí 2001, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi.

3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1. – 4.5. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

3.3. Tekjur.

3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2000 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 2. júní 2000. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

Áhrifum tekna skal dreift á einstakar annir skólaársins í hlutfalli við dagafjölda þeirra.

3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur, að frádrögnum sköttum, til grundvallar við útreikning á lánsupphæð hjá námsmanni sem kemur úr námshléi, enda liggja fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 7,5 mánuði á árinu.

Þriggja mánaða jafnaðartekjur skulu fundnar með því að deila í tekjur að frádrögnum sköttum með dagafjölda frá 1. janúar 2000 til upphafs náms, allt að 243 dögum, og margfalda með 92.

3.3.3. Lækkun tekna maka.

Ef maki námsmanns erlendis hættir í vinnu eða tekjur hans skerðast verulega á aðstoðarárinu er heimilt að taka tillit til þess og leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur til grundvallar útreikningnum, sbr. grein 3.3.2.

Auk þess er heimilt að reikna niður tekjur maka ef námsmaður og maki hefja sambúð/slíta sambúð á námstíma. Leggja skal allar tekjur maka á árinu 2000 til grundvallar við útreikning lánsins, og áhrifum teknanna dreift yfir skólaárið skv. grein 3.3.1. Sá hluti umframtekna maka sem koma á til frádráttar á tímabilinu áður en sambúð hófst eða eftir að henni lýkur, er felldur niður.

3.3.4. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 2000.

3.3.5. *Endanlegt tekjutillit.*

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir 1. júní 2001 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum.

3.3.6. *Ófullnægjandi tekjuáætlun.*

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.4. **Hvað telst til tekna.**

3.4.1. *Tekjur á árinu 2000.*

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2000 teljast til tekna við útreikning lána til framfærslu, sbr. gr. 4.1.-4.5.

3.4.2. *Námsstyrkir.*

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. grein 4.8.

3.4.3. *Sérstakir námsstyrkir.*

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sæki námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. Sæki námsmaður um viðbótarlán skal reikna NORDPLUS/ERASMUS styrki sem tekjur, sbr. gr. 4.8.

3.4.4. *Frádráttur frá tekjum.*

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 2000 eins og þeir eru reiknaðir m.v. reglur skattayfirvalda, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir skv. gr. 4.8. að frádregnum 19.000 kr. og föst afborgun R-, S- eða V-láns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

3.5. **Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.**

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

IV. kafli - Lánaflokkar.

4.1. **Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði.**

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 40% tekna umfram 265.000 kr. koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattayfirvalda.

4.2. **Lán til einstaklings í foreldrahúsum.**

4.2.1. *Framfærsla.*

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 40% tekna umfram 210.000 kr. koma til frádráttar.

4.2.2. *Námsmenn sem búa hjá einstæðu foreldri.*

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 45% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 40% tekna umfram 265.000 kr. koma til frádráttar.

Námsmanni er ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema viðkomandi barn sé skráð til heimilis hjá námsmanni í þjóðskrá og fyrir liggja úrskurður um forræði barnsins, t.d. meðlagsúrskurður.

4.4. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 40% tekna umfram 265.000 kr. koma til frádráttar. Til frádráttar á láni námsmanns koma 40% af tekjum maka umfram tólf mánaða framfærslu, að teknu tilliti til barnafjölda. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum (sjá gr. 4.5.).

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega, enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

4.5. Lán vegna maka.

4.5.1. Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns (skv. gr. 4.4.) á misseri hækkar um 50% vegna maka:

- Veikindi eða örorka skv. læknisvottorði.
- Námsmaður og maki hafa barn á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 40% tekna námsmanns og maka umfram 400.000 kr. til frádráttar. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Ef námsmaður á rétt á láni vegna maka, er lánið reiknað út á tvo vegu; með og án makaláns. Niðurstöður eru síðan bornar saman og sá útreikningur valinn, sem leiðir til herra láns.

4.5.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu, sbr. 2.2.2.

4.6. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 480 þúsund krónur á námsári, eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 2. júní 2000.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána. Reglur sjóðsins um undanþágur frá endurgreiðslum gilda ekki um lán sem veitt eru á markaðskjörum.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjaralán.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema, sbr. gr. 5.2.1.

4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.

Heimilt er að veita mönnum lán vegna bókakaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 55% af grunnframbærslu í einn mánuð á hverju skólaári.

4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.

Lán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn óskattskyldan styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms, sbr. skilgreiningu á framhaldsháskólanámi í gr. 2.4.3.

Lán vegna skólagjalda á Íslandi eru veitt til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsháskólanáms. Ef árleg skólagjöld við viðurkennda skóla á Íslandi eru hærri en kr. 19.000 er veitt lán fyrir umframfjárhæðinni.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema, sbr. gr. 5.2.1.

Samanlögð lán til námsmanns vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en 2.700 þúsund krónur eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 2. júní 2000.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar ef námsmaður er verulega fatlaður, getur sannanlega ekki stundað nám sitt hér á landi að óbreyttum aðstæðum og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.

4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.

4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, frambærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Einnig er heimilt að veita námsmanni, sem ekki nær að skila 75% lágmarksárangri vegna skipulags skóla, aukalán samkvæmt þessari grein, enda eigi hann rétt á láni fyrir viðkomandi misseri, sbr. grein 2.3.5. Aukalánið skal að hámarki nema frambærslu eins mánaðar.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

4.9.2. Hámarkslán.

Hámarkslán á misseri vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns miðast við mánaðarframbærslu eins og hún er reiknuð af sjóðnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af frambærslukostnaði. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungubarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki trygg-

ingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

4.11. Vaxtastyrkur.

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Styrkur vegna haustmisseris skal nema 1,4% af framfærslu- og bókaláni misserisins, en styrkur vegna vormisseris 1,8% af framfærslu- og bókaláni misserisins. Ef lán eða hluti láns fyrir misseri er greitt út á grundvelli árangurs sem skilað er á síðari misserum námsársins eða niðurstaðna upptökuþrófa að hausti skal miða styrkinn við 3,7% af framfærslu- og bókaláninu, eða þeim hluta lánsins sem þá er greitt út. Samsvarandi hlutföll fyrir fjórðungaskóla er 1,3% vegna haustfjórðungs, 1,2% vegna vetrar- og vorfjórðunga og 3,1% vegna láns sem greitt er út á grundvelli árangurs sem skilað er á síðari fjórðungum.

Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði.

Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður ekki rétt á láni vegna ferða maka, og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.12.2.

4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Námsmenn erlendis eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimilis og námsstaðar skólaárið 2000—2001, sem ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka á Norðurlöndum 33.500 krónur á mann, en 38.500 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 49.500 krónur í Norður-Ameríku og 88.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annars staðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum upphæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 2. júní 2000.

4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán sem námsmenn á Íslandi eiga kost á skólaárið 2000—2001 skulu ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 13.300 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

4.12.4. *Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?*

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils eða á námstíma og heim á námstíma eða allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

4.12.5. *Greiðslutími ferðalána.*

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust- og vorannar.

Lánið er greitt út við upphaf námstíma hjá námsmönnum öðrum en fyrsta árs nemum, sbr. gr. 5.2.1.

4.13. **Lán vegna meðlagsgreiðslna.**

Námsmaður getur sótt sérstaklega um lán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Hámarkslán vegna þessa liðar miðast við upphæð meðlags eins og það er ákveðið hverju sinni og lengd lánstímabils.

V. kafli - Umsóknir og útborgun lána.

5.1. **Umsóknir um námslán.**

5.1.1. *Umsóknareyðublöð.*

Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást að jafnaði einnig í lánshæfum skólum hérlendis, skrifstofum námsmanna-samtaka og sendiráðum Íslands erlendis.

5.1.2. *Umsóknir og gildistími.*

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarar. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

1. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
15. maí 2001 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist áður en lánshæfur námstími hefst.

Framhaldsumsóknir, þ.e. umsóknir frá námsmönnum sem fengu lán á námsárinu 1999-2000, gilda frá upphafi námsárs. Berist framhaldsumsókn á hinn bóginn eftir 1. desember er hún ekki tekin til afgreiðslu fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá því að hún barst. Framhaldsumsóknir sem berast eftir 1. mars eru ekki teknar gildar.

Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 2001 er umsóknarfrestur um sumarlán í því tilviki 1. mars.

5.1.3. *Fylgiskjöl og skilafrestur.*

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

5.1.4. *Aðstoð.*

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

5.1.5. *Afgreiðsla umsókna og annarra erinda.*

Ákvörðun stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skal tilkynnt skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, samanber gr. 5.10.3., mál endurupptekið, samanber gr. 5.10.4. eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum.

5.1.6. *Náms- og lánsfjáráætlun.*

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka, sbr. reglu 5.2.4.

5.1.7. *Umboðsmaður.*

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldabréf fyrir hans hönd.

5.1.8. *Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.*

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

5.2. **Útborgun námslána.**

5.2.1. *Útborgun námslána.*

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 2000–2001 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 2002, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8. og kafla 4.12. á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

Fyrsta árs nemar teljast námsmenn á fyrsta misseri í lánshæfu námi og eiga þeir ekki rétt á að lán vegna skólagjalda skv. gr. 4.6. og gr. 4.8. og ferða skv. gr. 4.12. séu greidd út fyrir en þeir hafa skilað fullnægjandi árangri við lok fyrsta misseris. Hafi námsmaður áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi telst hann ekki fyrsta árs nemi samkvæmt skilningi þessarar greinar þegar hann hefur nýtt nám.

5.2.2. *Útreikningur lána erlendis.*

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi hinn 2. júní 2000. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar, er upphæðinni, sem greiða á út, breytt í íslenskar krónur miðað við

daggengi þegar útreikningur fer fram. Ef lán er ekki greitt út á þeim degi er athugað hvert daggengi er á útborgunardegi. Hafi gengið breyst myndast svokallaður „gengismunur“. Sá munur skerðir ekki greiðsluna en bætist hins vegar við eða dregst frá áður afgreiddu láni, þegar næsti útreikningur fer fram.

5.2.3. Staðfesting á tekjum.

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2000 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.4. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun námsmanns.

5.2.5. Bóka- og aukalán.

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

5.2.6. Hlutalán.

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

5.2.7. Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3. Um ábyrgðir á námslánum. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.

5.3.1. Eðli sjálfskuldarábyrgðar.

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á náms-skuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjalddaga.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldar-ábyrgðarmanni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Hámarksábyrgð einstaks ábyrgðarmanns skal að jafnaði vera 6 millj. kr. en lágmarksábyrgð 100 þús. kr.

5.3.2. Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins.

Einungis fjárráða einstaklingar geta verið ábyrgðarmenn hjá sjóðnum en ekki lögpersónur eða fyrirtæki. Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára en enginn hámarksaldur gildir um ábyrgðarmenn.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi.

Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dómaskrá vegna gjaldþrots eða annarra verulegra fjárhagsörðugleika eða þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir ábyrgðarmenn að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi hefur fengið ásamt því sem hann kann að fá til viðbótar. Hin nýja ábyrgð getur þó ýmist verið til viðbótar fyrri ábyrgð eða samhliða henni. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp.

5.3.3. Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.

Ábyrgðarmenn bera óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum, en þeir bera jafna ábyrgð sín á milli allt að tilteknu hámarki hvers og eins. Sá ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur því bæði átt endurkröfurétt á hendur lántakanda og öðrum ábyrgðarmönnum.

Verði vanskil á námskuld getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði.

Ábyrgðarmaður getur neytt þeirra réttinda sem lántakandi á skv. skuldabréfinu og haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins. Áhrif þess eru þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

5.3.4. Veðtrygging.

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat. Sjóðurinn metur veðhæfi eignarinnar.

5.4. Greiðsla félagsgjalda.

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánnum og greiðir til rétttra aðila.

Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflega.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána.

5.5. Breytingar á aðstoð.

5.5.1. Tilkyppingaskylda námsmanns.

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6. Vísitandi villandi upplýsingar.

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

5.7. Ofgreidd lán.

5.7.1. Ofgreidd lán.

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

Ofgreidd lán námsmanna erlendis eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 2. júní 2000. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

5.7.2. Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnir á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3. Vextir.

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4. Innheimta.

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna, sem sótt er um aðstoð fyrir á námsárinu.

5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.

5.8.1. Námsmenn á Íslandi.

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur sl. árs. Í Danmörku „ársopgörelse“, í Noregi „bruttoinntekt“ og í Svíþjóð „slutlig skatsedel“.

5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.8.4. Endurgreiðsla.

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

5.9. Mistök sjóðsins.

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

5.10. Vafamál.

5.10.1. Hlutverk stjórnar.

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5.

5.10.2. Málsmeðferð.

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

5.10.3. Rökstuðningur.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim megin sjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

5.10.4. Endurupptaka.

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

5.10.5. Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

VI. kafli - Samnorrænar reglur um lán á Norðurlöndum.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

- A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfellt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.
- B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu. Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte (SU)
Danasvej 30
DK-1780 København V
Sími: 00-45-33268600
Bréfasími: 00-45-33268611

NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning (SLK)
P. boks 195, Østre Aker vei 20
N-0510 Oslo 5
Sími: 00-47-22726700
Bréfasími: 00-47-22642636

FINNLAND

Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral
P.O. Box 228
SF-40 101 Jyväskylä 10
Sími: 00-358-41-698634
Bréfasími: 00-358-41-698710

SVÍPJÓÐ

Centrala studiestöðsnämnden (CSN)
Norra Tjörngatan 2-6
S-851 82 Sundsvall
Sími: 00-46-60-186290
Bréfasími: 00-46-60-186006

VII. kafli - Lánskjör.

7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.

7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs Seðlabanka Íslands.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

7.1.2. Verðtrygging.

Grunnvísitala skuldabréfs miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á dagsetningu námsloka.

7.1.3. Námslok.

Pegar námslok hafa verið ákvörðuð, sbr. gr. 2.5. skal lántakanda sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyrja skuldabréfinu. Honum skal jafnframt tilkynnt um dagsetningu námsloka og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfsmánaðarfrestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út.

7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið.

7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Pegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

7.1.6. *Námshlé o.fl.*

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfis mánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

7.2. **Endurgreiðslutími.**

7.2.1. *Lán er afborgunarlaust í tvö ár.*

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok, sbr. gr. 2.5. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. janúar – 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

7.2.2. *Vextir.*

Vextir reiknast frá námslokum. Fáí námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

7.3. **Árleg endurgreiðsla.**

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. september og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er 52.698 og miðast við vísitölu neysluverðs 177,8. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 4,75% af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Hafi skattayfirvöld áætlað útsvarstofn greiðanda tekur viðbótargreiðslan mið af þeirri áætlun. Fáí greiðandi síðan samþykka breytingu á útsvarstofninum þarf hann að koma upplýsingum um breytinguna til sjóðsins vilji hann láta útreikning endurgreiðslu miðast við nýjan stofn. Útsvarstofn er leiðréttur í allt að fjögur ár frá gjalddaga viðbótargreiðslu. Ofgreidd fjárhæð skal endurgreidd með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum. Heimilt er að endurreikna greiðslur sem voru á gjalddaga 1. nóvember 1993 eða fyrr í allt að 10 ár frá gjalddaga.

7.4. **Undanþágur.**

7.4.1. *Undanþága frá fastri afborgun R-, S- og V-lána.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá fastri afborgun námslána ef lánþegi hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki tekjutengd afborgun og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, ef láns hæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar aðstæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega. Stjórn sjóðsins miðar við að tekjur séu það lágar að lánþega reiknist ekki tekjutengd afborgun greiði hann af námslánum teknum skv. lögum nr. 21/1992 (R—lánnum).

Hafi lánþegi haft þær tekjur á fyrra ári að honum reiknist eða muni reiknast tekjutengd afborgun skv. lögum nr. 21/1992, er stjórn sjóðsins þó heimilt að veita undanþágu frá greiðslu fastrar afborgunar námslána gefi útsvarstofn lánþega vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd

af fjárhag hans á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins miðar að jafnaði við að fjárhagsörðugleikar hafi varað a.m.k. í 4 mánuði fyrir greiðsludag og líkur séu á að fjárhagsörðugleikarnir verði viðvarandi.

7.4.2. Undanþága frá tekjutengdri afborgun R-, S- og V-lána.

Stjórn sjóðsins er einnig heimilt að veita undanþágu frá greiðslu tekjutengdrar afborgunar enda gefi útsvarstofn lánþega vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag hans á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins miðar að jafnaði við að fjárhagsörðugleikar hafi varað í a.m.k. 4 mánuði fyrir greiðsludag, líkur séu á að fjárhagsörðugleikarnir verði viðvarandi og telja megi líklegt að lánþega reiknist ekki tekjutengd afborgun á næsta ári.

Nú hefur lánþegi sem hefur lánshæft nám að nýju svo háar tekjur að honum reiknast tekjutengd afborgun af fyrri lánnum og er þá að jafnaði ekki heimilt að veita viðkomandi frest á afborgun.

Þó er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu tekjutengdrar afborgunar hafi lánþegi skilað lánshæfum námsárangri undangengið skólaár og telja megi líklegt að honum reiknist ekki tekjutengd afborgun á næsta ári.

7.4.3. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjöllum.

Ósk eftir frestun á endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum fyrir eindaga afborgunar. Óheimilt er að fresta endurgreiðslu sem send hefur verið til innheimtu hjá lögfræðingi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

7.4.4. Nám hafð að nýju.

Ef veitt er undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur undanþágan ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952—61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952—61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961—67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961—67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967—75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X •	1976—82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T ••	1982—92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

• nefnast V—lán eftir sameiningu

•• nefnast S—lán þegar endurgreiðsla hefst

7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976–85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976–82 og af lánum sem tekin voru 1982–92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982–92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

Lánþegi sem tekið hefur lán skv. lögum nr. 21/1992 og skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal fyrst endurgreiða lán tekin skv. lögum nr. 21/1992. Á því ári sem hann lýkur endurgreiðslu láns skv. lögum nr. 21/1992 hefur hann jafnframt endurgreiðslu eldri lána og skal upphæð heildarársgreiðslu miðast við hámarksgreiðslu skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum en fjárhæð ársgreiðslunnar skal þó aldrei vera hærri en full ársgreiðsla hefði verið skv. lögum nr. 21/1992.

7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið samhljóða af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sbr. lög frá Alþingi 16. maí 1997.

Reykjavík, 5. maí 2000.

Björn Bjarnason
menntamálaráðherra.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000 með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „44.772 kg.“ í 5. mgr. 2. gr. kemur: 53.172 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag Hafnarsvæðis í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 18. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag á Hafnarsvæði í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 8. maí 2000.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

2. maí 2000

Nr. 325

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð Grunnskóla Breiðdalshrepps við Selnes, Breiðdalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Breiðdalshrepps þann 3. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag lóðar Grunnskóla Breiðdalshrepps við Selnes, Breiðdalshreppi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breiðdalsvík, 2. maí 2000.

Sveitarstjóri Breiðdalshrepps,

Rúnar Björgvinsson sveitarstjóri.

5. maí 2000

Nr. 326

REGLUGERÐ

um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands.

1. gr.

Flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands er gefin út í þremur deildum. Nefnast þær:

- (1) AIP Ísland – Iceland;
- (2) Reglur um loftferðir og
- (3) Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands.

Flugmálahandbók skal skjalastýrt og uppfærslur og breytingar gefnar út eins og þörf krefur. Einnig er heimilt að gefa flugmálahandbók út á rafrænu formi að hluta eða öllu leyti.

2. gr.

Flugupplýsingahandbók AIP (Aeronautical Information Publication) er gefin út á íslensku og ensku. Í flugupplýsingahandbók koma fram undirstöðuupplýsingar um íslensk

flugmál, flugleiðsögukerfi og flugvelli. Upplýsingar er varða alþjóðaflug og aðflugskort skal rita á ensku.

3. gr.

Í 2. deild (Reglur um loftferðir) er samantekt um helstu lög og reglur er snerta loftferðir, rekstur loftfara, flugvelli og flugumferð ásamt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir, hvort sem er með milliríkjasamningum eða skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Umfangsins vegna er heimilt að takmarka efni við það sem helst snertir flugöryggi.

4. gr.

Í 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands) eru birtar upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli 140. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og reglna settra samkvæmt þeim sem almennt gildi hafa en birtast eigi í Stjórnartíðindum.

Flugmálastjórn ákvarðar hvort efni skv. 1. mgr. skuli birta á íslensku eða ensku og skal setja sér verklagsreglur þar um. Heimilt skal að birta tæknilega staðla á ensku eingöngu.

5. gr.

Allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa skulu vera áskrifendur að flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands. Flugmálastjórn er heimilt að telja fullnægjandi tölvukost og aðgang að Lýðnetinu (Internetinu) jafngildan áskrift að 2. og 3. deild. Handhafa skírteinis flugmanns er rétt að vera áskrifandi að 1. deild flugmálahandbókar, eða hafa aðgang að henni hjá atvinnurekanda sínum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 5. maí 2000.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis. A-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu hitaorku, sbr. reglugerð fyrir HH, nr. 320/2000.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu hitaorku og jarðgufu á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á gjöldum fyrir hitaorku og jarðgufu, fastagjaldi, heimæðagjöldum, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir hitaorku eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

*Gjöld fyrir hitaorku.***2.1 Notkun á hitaorku eða jarðgufu.**

Hitaveitutaxtar skiptast í tvo þætti, orkugjald og fast gjald.

Orkugjald skv. texta A.1 greiðist fyrir hvern mældan rúmmetra af heitu vatni (kr/m³). Þeir notendur sem fá heitt vatn úr dreifikerfi I greiða vatnsgjald skv. texta A.1.

Orkugjald skv. texta A.2, A.3 og A.4 greiðist fyrir hvern fermetra í samþykktu húsnæði (kr/m² húss á ári). Þeir notendur sem fá heitt vatn eða jarðgufu úr dreifikerfi II eða III greiða orkugjald skv. texta A.2 eða A.3.

Sé um nýtt hús að ræða hefst innheimta orkugjalds þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu HH (við áhleypingu).

Ef hús er byggt í áföngum hjá notanda sem greiðir orkugjald skv. texta A.2 eða A.3, skal aðeins innheimt orkugjald fyrir áfanga sem tengdir hafa verið veitunni.

Þegar um er að ræða viðbót við eða stækkun á húsi hjá notanda, sem greiðir orkugjald skv. texta A.2 eða A.3, hefst innheimta orkugjalds af viðbótarrýminu þegar það er fókelt.

Notandi, sem greiðir orkugjald skv. texta A.2 eða A.3 skal tafarlaust tilkynna HH skriflega þegar viðbótarhúsnæði eða nýr áfangi, ef hús er byggt í áföngum, er fókelt og hefst gjaldtakan frá og með dagsetningu tilkynningarinnar. Vanræki notandi það er HH heimilt að krefja hann um orkugjald fyrir tímenn sem það var vanrækt að viðbættum leyfilegum dráttarvöxtum.

Nýr áfangi eða viðbót telst vera tengd veitunni ef áfanginn eða viðbótin nýtir varma frá henni með beinum hætti s.s. með ofnum eða blásurum, sem nýta heitt vatn. Sama gildir ef upphitun fer fram með óbeinum hætti s.s. ef opið er á milli áfanga eða viðbótarinnar og annars hluta húsnæðisins, sem nýtir varma frá veitunni með beinum hætti.

Orkugjald iðnaðargufu skv. texta A.4 greiðist fyrir hverja kílóvattstund (kWh) sem HH lætur notanda í té til iðnaðarnota. Fjöldi kWh, sem notandi greiðir fyrir, er margfeldi afltopps, nýtingartíma og orkuverðs. Í orkukaupasamningi skulu vera ákvæði um hvernig afltoppur og nýtingartími er mældur eða ákvarðaður.

Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna eftirlits og viðhalds mælagrinda og bakrennislöka og útgáfu reikninga.

A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I.

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna notkun heits vatns úr dreifikerfi I.

A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III.

Taxti A.2 gildir fyrir alla almenna notkun heits vatns og jarðgufu úr dreifikerfi II og III.

A.3 Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II.

Taxti A.3 gildir fyrir notkun í gróðurhúsum garðyrkjustöðva.

A.4 Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II.

Taxti A.4 gildir fyrir notkun í iðnaðarhúsum þar sem heitt vatn og jarðgufa úr dreifikerfi II eru notuð til upphitunar húsa og til iðnaðarnota.

2.2 Heimæðagjald.

Heimæðagjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi HH.

Heimæðagjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá HH.

Heimæðagjald skiptist í tvo þætti, fast gjald og rúmmetragjald umfram lágmark.

B.1 Heimæðagjald.

Hús minni en 2.000 rúmmetrar að utanmáli:

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi allt að 600 rúmmetrum að stærð og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 600.

B.2 Heimæðagjald.

Hús stærri en 2.000 rúmmetrar að utanmáli:

Fast gjald skal greiða fyrir heimæð að húsi sem er 2.000 rúmmetrar að stærð eða stærra og að auki rúmmetragjald fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

2.3 Innheimtugjald.**C.1 Innheimtugjald.**

Undirbúningur um stöðvun afhendingar á heitu vatni eða jarðgufu vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

2.4 Lokunargjald.**D.1 Lokunargjald.**

Komi til stöðvunar afhendingar á heitu vatni eða jarðgufu vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 2.3.

4. gr.
Ýmis ákvæði.

4.1 Gjald dagar og eindagar.

Gjald daga er við útgáfu reiknings. Eindaga er einum mánuði eftir útgáfu reiknings.

4.2 Gjaldskrárbreytingar.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur HH standi undir rekstri þeirra og aukningu veitukerfisins.

4.3 Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, A-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis nr. 277, 19. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. maí 2000.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald á Austur-Héraði.

1. gr.

Hundahald á Austur-Héraði sætir þeim takmörkunum sem getur í 2. grein þessarar samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi, og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem heimildin er gefin út fyrir.

2.1. *Eftirfarandi skilyrði gilda innan þéttbýlisstaðanna Egilsstaða, Hallormsstaðar og Eiða, í skipulögðum sumarhúsahverfum, Selskógi, öðrum útivistarsvæðum og á merktum göngustígum:*

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
- b) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða árlega til bæjar sjóðs, eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Heimilt er bæjarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, minkahunda o.þ.h. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Við greiðslu gjalds, skv. b-lið, ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og hringormum. Hundar skulu færðir til hreinsunar ár hvert á auglýstum stað og tíma.
- d) Ábyrgðartrygging hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki er skilyrði fyrir skráningu, og skal vottorð þar um fylgja umsókn. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð er kr. 10.000.000 (tíu milljónir).
- e) Hundurinn skal ávallt bera hálsól með plötu sem á er letrað skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans.
- f) Hund skal ávallt hafa í taumi utanhúss og í fylgd manns sem hefur fullt vald yfir honum. Sé hundur tjóðraður á lóð, skal festarlengdin miðast við að fólk geti gengið óhindrað að aðaldyrum húss.
- g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, eða raski ró manna. Hundeiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- h) Ekki má hleypa hundi inn í almenningsfarartæki, á leikvelli, íþróttavelli eða aðra þá staði sem um ræðir í III.-V. og VIII.-XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum, en þeir eru m.a. eftirfarandi:
 - Vatnsveitur, vatnsból, verndarsvæði þeirra og brunnar
 - Almennings- og útisalerni
 - Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir
 - Gististaðir, veitinga- og matsölustaðir
 - Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila

- Húsakynni þar sem matvæli eru geymd, framleidd eða seld
 - Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir
 - Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur
 - Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir
 - Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna
 - Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur
 - Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur
 - Almenn samgöngutæki.
- i) Óheimilt er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
- j) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en tvo mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- k) Óheimilt er að hafa fleiri en tvo hunda eldri en tveggja mánaða gamla á sama heimilinu.
- l) Ákvæði staflíða h) og i) hér að framan sem takmarka umferð og lausagöngu hunda, eiga ekki við um nytjahunda að störfum.
- 2.2. *Eftirfarandi skilyrði gilda annars staðar í sveitarfélaginu:*
- a) Íbúar utan þéttbýlis á Austur-Hérði þurfa ekki að sækja um leyfi fyrir hundahaldi, nema fleiri en tveir fullorðnir hundar séu á heimilinu.
- b) Ekki þarf að greiða leyfisgjald af hundum. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og lækniaðgerðum hlýst, sbr. c lið í 2. grein eftir því sem við á. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst, ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 6. gr.
- c) Hundar í dreifbýli mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði gr. 2.1 eftir því sem við á.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til hundahalds skal leggja fram á skrifstofu Austur-Héraðs á þar til gerðum eyðublöðum. Leyfishafi fær afhenta merkiplötu sbr. ákvæði e liðar í grein 2.1.

4. gr.

Austur-Hérað getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann tekur óskilahunda í vörslu og þá hunda aðra sem eru í sveitarfélaginu í leyfisleysi.

Halda skal skrá yfir hunda sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um hundinn og eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

5. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu. Alvarleg eða ítrekuð brot geta leitt til leyfissviptingar. Leyfishafa ber að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

6. gr.

Hundar sem ganga lausir þar sem það er óheimilt er heimilt að handsama og færa í vörslu. Hunda sem leyfi er fyrir og teknir eru í vörslu, er heimilt að afhenda leyfishafa, gangi hann eftir því innan einnar viku, og þá gegn yfirlýsingu þess efnis að hann viðurkenni að skulda áfallinn kostnað af vörsluninni.

Sé ómerktur eða leyfislaus hundur tekinn í vörslu, skal auglýsa eftir eigandanum a.m.k. tvisvar með áberandi hætti. Gefi enginn umráðamaður eða eigandi sig fram innan einnar

viku, má færa hundinn til aflífunar. Sveitarsjóður ber kostnað af vörslu og aflífun hunds, en á endurkröfu á eiganda hans.

Hunda sem sannanlega ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja þegar í stað, og er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að færa þá til aflífunar án frekari tafa.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Austur-Héraðs staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um hundahald fyrir þau sveitarfélög sem mynduðu sveitarfélagið Austur-Hérað árið 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda hunda við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi fyrir hundum sínum samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. júlí 2000.

Umhverfissráðuneytinu, 8. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Fljótaldalshreppi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Fljótaldalshreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og sorpeyðingu frá atvinnuhúsnæði. Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfsemi.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða og eyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins og skal hún sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnshirðu.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Fljótaldalshreppi er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Í sorpilát má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. grein.

Oheimilt er að láta garðaúrgang, jarðefni eða grjót og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sérmerkta losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð Sorpeyðingar Mið-Héraðs á Egilsstöðum.

Glerbrotum og öðum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

5. gr.

Gámar, sem almenningur á aðgang að, skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum.

Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst, en fjöldi íláta skal ekki svo takmarkaður að þau yfirfyllist.

6. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Sveitarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd og verkataka hversu oft sorphreinsun fer fram.

II. Sorphirðugjald.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðu- og sorpeyðingagjöld á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuvernd og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangeindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með samkvæmt sömu lagagrein til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu hitaorku, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000 ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að hafa verið gerðar á henni.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir hitaorku og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Verðskrá.

2.1 Verð fyrir hitaorku.

A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I:

Orkugjald	51,00 kr./m ³
Fast gjald	5.887,00 kr./ár

A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III:

Orkugjald	248,00 kr./m ²
Fast gjald	5.887,00 kr./ár

A.3 Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II:

Orkugjald	248,00 kr./m ²
Fast gjald	14.725,00 kr./ár

A.4 Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:

Orkugjald	248,00 kr./m ²
Orkugjald iðnaðargufu	0,91 kr./kWh
Fast gjald	5.887,00 kr./ár

Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.

2.2 Heimæðagjald.

B.1 Hús minni en 2.000 m³:

Fast gjald	94.500,00 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	60,00 kr./m ³

B.2 Hús stærra en 2.000 m³:

Fast gjald	183.000,00 kr.
Rúmmetrar umfram 2.000 m ³	40,00 kr./m ³
Rúmmetrar umfram 600 m ³ reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús.	

2.3 Innheimtugjald.

C.1 Innheimtugjald hitaveitu	450,00 kr.
------------------------------	------------

2.4 Lokunargjald.

D.1 Lokunargjald hitaveitu	1.500,00 kr.
----------------------------	--------------

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti, nr. 417, 16. júní 1999, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. maí 2000.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 331

15. maí 2000

REGLUGERÐ**um vörugjald af ökutækjum.****I. KAFLI.****Almenn ákvæði.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, ökutækjahlutum og öðrum vörum, eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari, sbr. 87. kafla viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær til allra vara, sbr. II. kafla, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins, framleiddar eru eða unnið er að hér á landi. Vörur sem seldar eru úr landi eru þó ekki gjaldskyldar.

Gjaldskylda vegna aðvinnslu að ökutækjum, sem leiðir til hækkunar á gjaldflokki, sbr. 3. og 4. gr., varir í fimm ár frá nýskráningardegi.

Við flokkun vara til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollalaga. Ákvæði laganna gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun vara.

II. KAFLI.**Gjaldskyld ökutæki og aðrar vörur, gjaldflokkar.**

3. gr.

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

Gjaldflokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0-2.000	30
II	Yfir 2.000	45

4. gr.

Vörugjald af eftirtöldum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum skal vera sem hér segir:

1. Undanþegin vörugjald:

- a. Hópfurðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem eru aðallega ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni.
- b. Dráttarbifreiðar að heildarþyngd 4 tonn eða meira sem gerðar eru til nota utan þjóðvega.
- c. Snjóplógar.
- d. Ökutæki sem eingöngu eru knúin rafmagni eða vetni.
- e. Sjálfhlaðandi eða sjálflosandi tengivagnar og festivagnar til landbúnaðarnota.
- f. Beltabifreiðar (snjóbílar), yfir 700 kg að eigin þyngd, sérstaklega ætlaðar til aksturs í snjó.
- g. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.
- h. Eftirtalin ökutæki, enda séu þau yfir 5 tonn að heildarþyngd:
 - i) Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.
 - ii) Ökutæki sem eru aðallega ætluð til vöruflutninga.
 - iii) Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga.
 - iv) Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar, kranabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein.

2. 10% vörugjald: Dráttarvélar.**3. 15% vörugjald:**

- a. Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki.
- b. Yfirbyggingar, þar með talin ökumannshús fyrir vélknúin ökutæki.
- c. Tengivagnar og festivagnar, aðrir en þeir sem ætlaðir eru til vöruflutninga.
- d. Eftirtalin ökutæki, enda séu þau 5 tonn eða minna að heildarþyngd:
 - i) Kranabifreiðar og borkranabifreiðar.
 - ii) Tengivagnar og festivagnar til vöruflutninga.

4. 20% vörugjald: Eftirtalin ökutæki, enda séu þau 5 tonn eða minna að heildarþyngd:

- a. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna og sem aðallega eru gerðar til að draga annað ökutæki.
- b. Ökutæki, sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga.
- c. Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, gálgabifreiðar o.fl., sem ekki eru aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum og ekki eru tilgreind annars staðar í þessari grein.

5. 30% vörugjald:

- a. Hópfurðabifreiðar sem skráðar eru fyrir 10–17 manns að meðtöldum ökumanni.
- b. Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél.
- c. Beltabifhjól (vélsleðar).
- d. Fjórhjól.
- e. Önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega talin upp í þessum kafla.

III. KAFLI**Vörugjald af innflutningi.**

Gjaldskyldir aðilar.

5. gr.

Skylda til að greiða vörugjald af innfluttum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum hvílir á innflytjanda.

Gjaldstofn.

6. gr.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum er tollverð þeirra eins og það er ákveðið skv. 8.-12. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

Álagning og greiðslufrestur.

7. gr.

Vörugjald af innfluttum ökutækjum og öðrum gjaldskyldum vörum skal lagt á og innheimt við tollafgreiðslu. Að ósk innflytjanda skal fresta innheimtu vörugjalds af skráningarskyldum ökutækjum þar til þau eru skráð samkvæmt umferðarlögum, þó ekki lengur en í tólf mánuði frá tollafgreiðsludegi.

Ef innflytjandi stundar innflutning á ökutækjum í atvinnuskyni og er jafnframt leyfishafi skv. reglugerð nr. 722/1997, um SMT-tollafgreiðslu, skal hann, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., gera upp vörugjald miðað við eins mánaðar uppgjörstímabil. Gjald dagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

IV. KAFLI.

Vörugjald af innlendri framleiðslu og aðvinnslu.*Gjaldskyldir aðilar.*

8. gr.

Gjaldskyldir vegna innleðrar framleiðslu og aðvinnslu eru:

1. Aðilar sem í atvinnuskyni vinna að eða framleiða hér á landi gjaldskyldar vörur. Aðvinnsla eða framleiðsla vegna eigin nota þessara aðila er einnig gjaldskyld.
2. Aðrir aðilar sem vinna að eða framleiða hér á landi gjaldskyldar vörur til eigin nota.
3. Eigendur ökutækja ef ökutæki þeirra hækka um gjaldflokk við aðvinnslu fyrir nýskráningu eða við breytingu innan fimm ára frá nýskráningardegi.

Gjaldskyldir aðilar skv. 1. tölul. 1. mgr. skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst tilkynna, í því formi sem ríkistollstjóri ákveður, um starfsemi til tollstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Tilkynna skal um breytingu á starfsemi innan 15 daga frá því að hún á sér stað.

Gjaldstofn vegna framleiðslu eða aðvinnslu innanlands.

9. gr.

Gjaldstofn aðvinnsluvörugjalds vegna ökutækja sem framleidd eru eða sett saman hér á landi áður en þau eru nýskráð er verksmiðjuverð þeirra, þ.e. söluverð frá framleiðanda án vörugjalds til óháðs aðila, sbr. 8. gr. tollalaga.

Gjaldstofn aðvinnsluvörugjalds vegna ökutækja eða ökutækjahluta sem hljóta aðvinnslu hér á landi er allur aðvinnslukostnaður, svo sem kostnaður vegna efnivöru, launakostnaður og annar kostnaður sem fellur til við aðvinnslu að meðtalinni álagningu aðvinnsluaðila.

10. gr.

Gjaldstofn viðbótarvörugjalds ökutækja sem vegna aðvinnslu fyrir nýskráningu flokkast í annan gjaldflokk en við tollafgreiðslu er upphaflegt tollverð.

Gjaldstofn viðbótarvörugjalds ökutækja sem vegna aðvinnslu eftir nýskráningu og innan fimm ára frá nýskráningardegi flokkast í hærri gjaldflokk er tollverð þegar það hefur verið framreiknað og afskrifað, að viðbætti þeirri verðmætaaukningu sem veldur gjaldflokshækkun. Tollverð skv. 1. másl. skal taka breytingum samkvæmt gildandi lánskjaravísitölu við nýskráningu annars vegar og hins vegar að lokinni þeirri breytingu sem leiðir til breytingar

á gjaldflokki ökutækis. Um afskrift tollverðs gilda ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun.

Upplýsingaskylda, skýrsluskil, bókhald og reikningsútgáfa.

11. gr.

Aðilar sem framleiða eða vinna að gjaldskyldum vörum skulu ótilkvaddir skila upplýsingum til tollstjóra í því formi sem ríkistollstjóri ákveður.

Aðilar sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. skulu eigi síðar en á gjalddaga skila vörugjaldsskýrslu fyrir hvert uppgjörstímabil. Þeir skulu að auki skila upplýsingum um hvernig gjaldstofn og gjald sundurliðast eftir ökutækjum.

Skila skal til tollstjóra sérstakri skýrslu um hvert ökutæki sem framleitt er eða hlýtur gjaldskylda aðvinnslu hér á landi innan viku frá sölu eða afhendingu þess og eigi síðar en fimm dögum fyrir nýskráningu, sé um óskráð ökutæki að ræða. Skýrslan skal undirrituð af aðvinnslu- eða framleiðsluaðila og eiganda ökutækis. Skýrsluskil aðila sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. eru lokaskil hans til tollstjóra sem leggur skýrsluna til grundvallar álagningu.

Álagning og greiðslufrestur vegna framleiðslu og aðvinnslu innanlands.

12. gr.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum eða vörum sem hlotið hafa aðvinnslu hér á landi, aðvinnsluvörugjald, reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru og þjónustu frá aðvinnsluaðila eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Viðbótarvörugjald vegna hækkunar á gjaldflokki ökutækja við aðvinnslu, innan fimm ára frá nýskráningardegi, er reiknað og lagt á af tollstjóra samkvæmt sérstakri skýrslu, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Gjaldanda er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu skv. 1. og 2. mgr. það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu eða aðvinnslu á viðkomandi uppgjörstímabili.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendar framleiðslu og aðvinnslu er tveir mánuðir: janúar og febrúar o.s.frv. Gjalddagi er fimmtándi dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Vörugjaldi skal skila eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

13. gr.

Gjaldskyldir aðilar skulu haga bókhaldi sínu þannig að tollyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um vörugjald.

Þeir sem vilja njóta frádráttar skv. 3. mgr. 12. gr. skulu færa það vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum og efnivöru í sérstakan reikning í bókhaldi. Niðurstaða reiknings fyrir hvert uppgjörstímabil færist til frádráttar á vörugjaldsskýrslu við skil til ríkissjóðs.

Framleiðendur og aðvinnsluaðilar sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstaka sölureikninga þar sem tilgreina skal gjaldstofn, gjaldflokk og fjárhæð vörugjalds.

V. KAFLI.

Lækkun eða niðurfelling vörugjalds.*Bílaleigubifreiðar.*

14. gr.

Vörugjald af fólksbifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum, sbr. 3. gr., skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu 18 mánuði eftir nýskráningu bifreiðar verði nýtingu bifreiðar og starfsemi bílaleigu hagað sem hér segir:

1. Bifreið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til reksturs bílaleigu eða á eignarleigu vegna eignarleigusamnings við bílaleigu sem hefur slíkt leyfi. Bílaleiga skal haga starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við ákvæði laga um bílaleigur.
2. Bifreið skal skráð sem bílaleigubifreið og tryggð sem slík.
3. Bifreið skal að öllum jafnaði leigð út til þriggja vikna eða skemur vegna tímabundinna þarfa leigutaka, svo sem vegna ferðalaga eða tímabundins afnotamissis eigin bifreiðar. Endurnýjun á útleigu sömu bifreiðar til sama leigutaka skal teljast vera framlenging á fyrri leigusamningi. Óheimilt er að leigja sömu bifreið til sama aðila eða tengdra aðila til lengri tíma en 60 daga, sbr. þó 22. gr.
4. Bifreið skal eingöngu nýtt til útleigu hjá viðkomandi bílaleigu. Við mat á því skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða með öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi.
5. Bílaleiga skal haga bókhaldi sínu með þeim hætti að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri bifreiðar. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds, lögveð og beitingu álags. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu bílaleigu vegna uppgjörðs vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

Leigubifreiðar.

15. gr.

Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu þrjú ár eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Réttthafi skal hafa atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, samkvæmt lögum um leigubifreiðar. Skal hann leggja fram vottorð því til staðfestingar í tengslum við umsókn um lækkun vörugjalds.
2. Réttthafi má ekki njóta eftirgjafar vegna annarrar leigubifreiðar á sama tíma.
3. Réttthafi skal hafa að lágmarki 1.164.000 kr. í reiknað endurgjald af leiguakstri, sbr. 2. mgr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt. Að loknum þremur árum frá eftirgjöf ber réttthafa að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára eftir að eftirgjöf var veitt, til sönnunar á tekjum. Berist tollstjóra ekki framangreind skattframtöl skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu.
4. Að bifreið verði skráð sem leigubifreið í ökutækjaskrá og nýtt sem slík.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjörðs vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

Sérsmíðaðar bifreiðar til akstursíþróttar.

16. gr.

Vörugjald skal falla niður af sérsmíðuðum bifreiðum til keppni í rallakstri, sem skráðar eru sem slíkar, ökutækjum sem ekki eru skráningarskyld og sérsmíðuð eru til nota í kvartmílukeppni og torfærugrindum til nota í torfærukeppni.

Niðurfelling vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu sjö ár eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Ökutæki skal ætlað til og einungis notað í aksturskeppnum sem haldnar eru í samræmi við reglur um akstursíþróttir og aksturskeppni og haldnar eru á ábyrgð og samkvæmt reglum samtaka um akstursíþróttir, þ.e. skipulagsbundinna samtaka sem hafa akstursíþróttir á verkefnaskrá sinni og hlotið hafa til þess viðurkenningu dómsmálaráðuneytisins.
2. Við umsókn um niðurfellingu vörugjalds skal lagt fram vottorð frá framleiðanda bifreiðar ásamt rökstuddri yfirlýsingu samtaka um akstursíþróttir um að um sé að ræða sérsmíðaða keppnisbifreið til aksturskeppni í viðkomandi keppnisgrein. Ef ökutæki er ekki skráningarskyldt skal leggja fram vottorð um það frá skráningarstofu ökutækja. Við mat á því hvort ökutæki sé sérsmíðað ökutæki til keppni í viðkomandi keppnisgrein skal m.a. litið til þess hvort ökutækið uppfylli þær kröfur sem samtök um akstursíþróttir gera til keppnisbifreiða. Varðandi sérsmíðaðar bifreiðar til keppni í rallakstri skal jafnframt litið til þess hvort bifreiðin uppfylli kröfur sem gerðar eru varðandi skráningu samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja.
3. Ef um sérsmíðaða bifreið til rallaksturs er að ræða skal hún skráð sem slík í ökutækjaskrá, samkvæmt reglugerð um skráningu ökutækja. Skráningarnúmer skulu vera í samræmi við ákvæði sömu reglugerðar.
4. Ökutækjum sem njóta niðurfellingar samkvæmt þessari grein er óheimilt að aka á vegum. Þó er heimilt að aka sérsmíðuðum rallbifreiðum á vegum vegna þátttöku í rallaksturskeppnum samkvæmt reglum um akstursíþróttir og aksturskeppni og til æfingaaksturs samkvæmt sömu reglum.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd niðurfellingar, þ.m.t. yfirlýsingu réttihafa vegna uppgjör vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á niðurfelldu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

Ökutæki sem flutt eru inn vegna starfsemi björgunarsveita.

17. gr.

Vörugjald skal falla niður af ökutækjum sem flutt eru inn til starfsemi björgunarsveita, að því tilskildu að fyrir liggja yfirlýsing bílanefndar ríkisins um að nefndin fallist að höfðu samráði við landssamtök björgunarsveita á beiðni um niðurfellingu.

Skilyrði fyrir niðurfellingu skv. 1. mgr. er að ökutæki verði skráð eign björgunarsveitar, í fimm ár frá nýskráningu ef um bifreið er að ræða en í þrjú ár ef um annað ökutæki er að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að nýta ökutæki til annars en fyrir venjulega starfsemi björgunarsveitar.

Ef brotið er gegn skilyrðum 2. mgr. gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd niðurfellingar, þ.m.t. yfirlýsingu réttihafa vegna uppgjör vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á niðurfelldu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

Ökutæki sem eru að verulegu leyti knúin metangasi eða rafmagni.

18. gr.

Vörugjald af bifreiðum sem flokkast undir 3. gr. og búnar eru vélum sem nýta metangas

eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu skal vera 120.000 kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni. Umsókn um lækkun vörugjalds skulu fylgja upplýsingar sem tollstjóri metur fullnægjandi til staðfestingar því að vél ökutækis sé að verulegu leyti knúin metangasi eða rafmagni. Lækkun vörugjalds samkvæmt þessari grein gildir til 31. desember 2003.

Önnur lækkun eða niðurfelling.

19. gr.

Vörugjald skal lækka eða falla niður af eftirtöldum ökutækjum, sem hér segir:

1. Vörugjald skal falla niður af ökutækjum sem flutt eru til landsins til eignar eða afnota fyrir erlend sendiráð, sendiráðisskrifstofur og sendiráðismenn hér á landi. Jafnframt af ökutækjum sem undanþegin skulu vörugjaldi samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.
2. Vörugjald skal falla niður af bifreiðum, sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötl-uðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins, að því tilskildu að bifreið verði skráð eign annað hvort hins fatlaða sjálfs eða ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
3. Vörugjald skal falla niður af dráttarvélum, að því tilskildu að dráttarvél verði nýtt á lögbýli.
4. Vörugjald skal falla niður af slökkvibifreiðum í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
5. Vörugjald skal falla niður af sjúkrabifreiðum í eigu ríkis, sveitarfélaga eða stofnana á þeirra vegum.
6. Vörugjald skal lækka í 5% af hópferðabifreiðum sem eru skráðar fyrir 10-17 manns að meðtöldum öikumanni og eru í eigu hópferða- eða sérleyfishafa eða í eignarleigu vegna eignarleigusamnings við hópferða- eða sérleyfishafa.
7. Vörugjald skal lækka í 30% af bifreiðum sem sérstaklega eru útbúnar og notaðar til líkflutninga.

Skilyrði 2. tölul. 1. mgr. um eiganda og nýtingu bifreiðar skulu vera til fjögurra ára en skilyrði 3.- 7. tölul. 1. mgr. skulu vera til fimm ára.

Ef brotið er gegn skilyrðum 2.-7. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar eða niðurfellingar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjors vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu eða niðurfelldu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

Brot gegn skilyrðum fyrir lækkun eða niðurfellingu vörugjalds.

20. gr.

Brjótí aðili, sem nýtur lækkunar eða niðurfellingar vörugjalds skv. 14.-17. gr. eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr., gegn skilyrðum sem sett eru í fyrrgreindum ákvæðum um nýtingu öku-tækis o.fl. skal hann greiða ógreitt vörugjald, þ.e. mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar eða niðurfellingar. Lögveð er í viðkomandi ökutæki fyrir ógreiddu vörugjaldi skv. 3. mgr. 111. gr. tollalaga, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Ef um er að ræða lækkun til bílaleigu, sbr. 14. gr., skal tollstjóri, hafi réttthafi brotið gróflega eða ítrekað gegn skilyrðum þeim sem sett eru fyrir lækkun, innheimta ógreitt

vörugjald ásamt 50% álagi og jafnframt svipta hina brotlegu bílaleigu rétti til lækkunar vörugjalds skv. 14. gr. í þrjú ár. Lögveð tekur ekki til álags samkvæmt þessari málsgrein.

Framkvæmd lækkunar eða niðurfellingar.

21. gr.

Umsókn um lækkun eða niðurfellingu vörugjalds samkvæmt þessum kafla skal beint til tollstjórans í Reykjavík og annast hann jafnframt framkvæmd lækkunar eða niðurfellingar, þ.m.t. tilkynningar til skráningaraðila, sbr. 3. mgr.

Aðili sem nýtur lækkunar eða niðurfellingar vörugjalds skv. 14.-17. gr. eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr. skal undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur að hann skuldbindi sig til að hlíta þeim skilyrðum sem sett eru í fyrrgreindum ákvæðum um nýtingu ökutækis o.fl. Skulu skilyrði þessi tilgreind í yfirlýsingunni. Jafnframt skal tilgreint um skyldu til greiðslu ógreidds vörugjalds verði brotið gegn fyrrgreindum skilyrðum og um að lögveð sé í viðkomandi ökutæki fyrir ógreiddu vörugjaldi. Sé skráður eigandi ökutækis eignarleiga skal hún jafnframt staðfesta vitneskju um fyrrgreind skilyrði og lögveð vegna vangoldins vörugjalds ef skilyrði eru ekki uppfyllt.

Tilgreina skal í ökutækjaskrá ef vörugjald hefur verið lækkað eða fellt niður í samræmi við ákvæði 14.-17. gr. eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr. Óheimilt er að umskrá ökutæki sem tilgreint hefur verið með slíkum hætti fyrir en að fenginni heimild tollstjóra.

Greiðsla eftirgefins vörugjalds.

22. gr.

Þeim sem notið hefur lækkunar eða niðurfellingar skv. 14.-17. gr. eða 2.-7. tölul. 1. mgr. 19. gr. skal heimilt að selja ökutæki eða taka það til annarrar notkunar en lá til grundvallar lækkun eða niðurfellingu, innan tilgreindra tímamarka, enda greiði hann hluta eftirgefins vörugjalds, í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er miðað við heildartíma kvaðar.

Greiðsla eftirgefins vörugjalds skv. 1. mgr. skal ákvarðast sem svarar til fjölda mánaða sem eftir eru miðað við heildartíma kvaðar. Greiðsla skal miðast við heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Þeir aðilar sem skrá eða skoða ökutæki skulu ganga úr skugga um það við skráningu eða skoðun að álagt vörugjald hafi verið greitt eða skuldfært. Hafi gjald hvorki verið greitt né skuldfært skal synjað um skráningu eða skoðun ökutækis og viðkomandi tollstjóra þegar tilkynnt um það.

Við forskráningu og eftir skoðun ökutækja skal skrá í ökutækjaskrá þau atriði er varðað gætu gjaldskyldar breytingar ökutækja.

24. gr.

Tollstjórar annast álagningu vörugjalds. Úrskurði tollstjóra verður skotið til ríkistollanefndar samkvæmt ákvæðum tollalaga og er úrskurður nefndarinnar fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

Að því leyti sem eigi er ákvæðið í reglugerð þessari um álagningu, kærumeðferð, innheimtu, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga og laga nr. 97/1987 um vörugjald, með síðari breytingum.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað, að undanskilinni 17. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2000. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Tollstjórinn í Reykjavík skal að undangenginni umsókn endurgreiða sem svarar til mismunar á greiddu vörugjaldi og lækkuðu vörugjaldi skv. 1. mgr. 14. gr., vegna bifreiða er tollafgreiddar voru á tímabilinu frá 6. apríl 2000 til 1. júlí 2000 og eru í eigu aðila sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 14. gr. og undirritað hafa yfirlýsingu í samræmi við 2. mgr. 21. gr.

Fjármálaráðuneytinu, 15. maí 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 332

9. maí 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi í Raufarhafnarhreppi nr. 80/1973.

1. gr.

Lokamálsliður 6. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps og staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 333

9. maí 2000

AUGLÝSING

um að fella úr gildi auglýsingu nr. 130, dags. 15. apríl 1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 748 (1992) vegna stuðnings líbýskra stjórnvalda við hryðjuverkastarfsemi og auglýsingu nr. 474, dags. 26. nóvember 1993 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 883 (1993) um refsiaðgerðir gegn Líbýu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 130, dags. 15. apríl 1992 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 748 (1992) vegna stuðnings líbýskra stjórnvalda við hryðjuverkastarfsemi og auglýsingu nr. 474, dags.

26. nóvember 1993 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 883 (1993) um refsiaðgerðir gegn Líbýu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 9. maí 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Hjálmar W. Hannesson.

10. maí 2000

Nr. 334

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, lóð KEFAS í landi Vatnsenda, Kópavogsbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 10. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Breytingin felur í sér að lóð KEFAS í landi Vatnsenda verði skilgreind sem stofnanalóð í stað opins svæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

10. maí 2000

Nr. 335

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Klettasvæði, Skarfagarður, Skarfabakki.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 10. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin nær til Klettasvæðis í Sundahöfn og er eftirfarandi:

Skarfagarður er lengdur um 42 m.

Skarfabakki er færður út um 50 m.

Aðkoma Viðeyjarferju er færð að Skarfagarði.

Fylling er dregin inn í kringum Skarfaklett og göngustíg er breytt í samræmi við það.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, athafnasvæði á Gleráreyrum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 10. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felur í sér að hluti athafnasvæðis verður að verslunar- og þjónustusvæði. Svæðið verður stækkað þannig að verslunar- og þjónustusvæðið nær yfir svæði sem var áður óbyggt og almennt útivistarsvæði. Ný gata mun liggja um svæðið milli Þórunnarstrætis og Borgarbrautar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 10. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 337

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1999.

Rekstrarreikningur ársins 1999.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Tekjur:		
Vegna sölu forsetamyntar		0
Samtals tekjur		<u>0</u>
Gjöld:		
Styrkir	2	3.000.000
Niðurfelling styrkja		(350.000)
Rekstrargjöld		128.209
Samtals gjöld		<u>2.778.209</u>
Fjármunatekjur og fjármunagjöld:		
Vaxtatekjur	3	7.014.740
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	<u>(4.327.490)</u>
Fjármunatekjur		<u>2.687.250</u>
<i>Tekjur umfram gjöld (Tap)</i>		<u>(90.959)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1999.

Eignir:	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Langtímakröfur:		
Spariskírteini ríkissjóðs	4	<u>71.440.800</u>
Veltufjármunir:		
Handbært fé		<u>1.849.286</u>
	<i>Eignir alls</i>	<u>73.290.086</u>
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun		67.413.555
Endurmat	1	4.327.490
Hagnaður (tap) ársins		(90.959)
	Samtals	<u>71.650.086</u>
Skammtímaskuldir:		
Óhafnar styrkveitingar		<u>1.640.000</u>
	<i>Skuldir og eigið fé alls</i>	<u>73.290.086</u>

Skýringar með ársreikningi 1999.**Reikningskilaaðferðir.**

- Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins, sem er 5,6%. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins.
Hinar reiknuðu hækkningar eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguáðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.
- Styrkir.*
Á árinu 1999 voru eftirtöldum aðilum veittir styrkir:

	kr.
Náttúruverndarráði v/Friðlýsingarsjóðs.....	750.000
Þjóðminjasafni Íslands	750.000
Kaupfélagi Hróttfirðinga	200.000
Hríseyjarhreppi	100.000
Menningarfélagi um Brydebúð	200.000
Vesturgötu 3 ehf.	100.000
Búvélasafninu á Hvanneyri	100.000
Finni Sigfúsi Illugasyni	100.000
Héraðsskjalasafni Árnesinga	200.000
Fornleifastofnun Íslands	100.000
Minjasafninu á Akureyri	150.000
Fuglaverndarfélagi Íslands	100.000
Bjarna Jónssyni	150.000
	<u>3.000.000</u>

3. <i>Vaxtatekjur.</i>	kr.
v/bankainneigna	56.140
v/spariskírteina	6.958.600
	<u>7.014.740</u>

4. *Spariskírteini.*

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 1. fl. D 1995 til 10 ára að nafnverði 56 m.kr., sem uppreiknað til verðgildis í ársbyrjun nam kr. 71.125.600. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði 5 m.kr., söluverð kr. 6.643.400. Í árslok nam spariskírteinaeign sjóðsins í framangreindum flokki 51 m.kr. að nafnverði, sem að uppfærðu verðgildi nam kr. 71.440.800.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs.

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 18. apríl 2000.

Sigurður Þórðarson.

Áritun stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með áritun sinni.

Reykjavík, 25. apríl 2000.

Hulda Valtýsdóttir.

Jónína Michaelsdóttir.
Björn Teitsson.

Hulda Kristinsdóttir.
Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Sveinbjörn Hafliðason ritari.

AUGLÝSING

um gildistöku deiliskipulags, Akureyri.

Deiliskipulag Verksmiðjúsæðisins á Gleráreyrum.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt á fundi sínum 4. apríl sl. deiliskipulag Verksmiðjúsæðisins á Gleráreyrum. Skipulagssæðið afmarkast af Glerárgötu í austri, Þórunnarstræti í suðri, Klettaborg í vestri og Borgarbraut í norðri. Á skipulagssæðinu eru tvær lóðir og eru þær aðskildar með nýrri götu sem liggur norður-suður gegnum sæðið. Á eystri lóðinni er gert ráð fyrir verslunarmiðstöð en á vestari lóðinni er athafnasæði með blandaðri starfsemi. Þrjár athugasemdir bárust og hefur þeim sem athugasemdir gerðu verið send niðurstaða bæjarstjórnar.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag í Mýrarhverfi, bílgeymslur.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt á fundi sínum 7. mars sl. deiliskipulag í Mýrarhverfi. Skipulagssæðið afmarkast af Byggðavegi í austri, Þingvallastræti í suðri, Mýrarvegi í vestri og Hamarsstíg í norðri. Í deiliskipulaginu eru afmarkaðir byggingarreitir fyrir bílgeymslur á þeim lóðum sem ekki er bílgeymsla fyrir. Tvær athugasemdir bárust á auglýsingatíma og hefur þeim sem athugasemdir gerðu verið send niðurstaða bæjarstjórnar.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 5. maí 2000.

Fyrir hönd Akureyrarbæjar,
Árni Ólafsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 2000

Nr. 339

736

16. maí 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 310, 8. maí 2000, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu, humarvörpu og dragnót suður og vestur af Surtsey.

1. gr.

Orðin: „humarvörpu“ í heiti og 1. gr. reglugerðarinnar falla niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi kl. 12 á hádegi 17. maí 2000.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 2000

17. maí 2000

737

Nr. 340

AUGLÝSING um deiliskipulag í Reykjavík.

Skógarhlíð 12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina Skógarhlíð 12.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 17. maí 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 2000

Nr. 341

738

19. maí 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 220/1995 um útflutning hrossa.

1. gr.

2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra úthlutar styrkjum úr útflutningssjóði a.m.k. einu sinni á ári að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar. Forgang hafa verkefni sem nýtast öllum í markaðsstarfi. Heimilt er útflutnings- og markaðsnefnd að auglýsa sérstaklega styrki til frumkvöðulsverkefna á nýjum mörkuðum og verja fé til annarra verkefna sem nefndin telur brýn. Óheimilt er að úthluta hærri upphæð en er í sjóðnum hverju sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 161/1994 um útflutning hrossa og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. maí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 2000

11. maí 2000

739

Nr. 342

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Rafstöðvarvegur 33.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 10. ágúst 1999 samþykkt skipulag lóðar nr. 33 við Rafstöðvarveg.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Einarsnes 60-64A.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 30. nóvember 1999 samþykkt deiliskipulag lóða nr. 60-64A við Einarsnes.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Grundargerði 27-35, Sogavegur 26-54.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 21. desember 1999 samþykkt deiliskipulag lóða nr. 27-35 við Grundargerði og nr. 26-54 við Sogaveg.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Barónsstígur 2-4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 21. desember 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu/Barónsstíg.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar, sem taldi að endurskoða þyrfti deiliskipulag reitsins í heild og mælti ekki með birtingu deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Fáfnisnes 12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Skerjafirði. Breytingin varðar stækkun á byggingarreit á lóð nr. 12 við Fáfnisnes um 1 m til norðvesturs.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 11. maí 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 4. maí 2000 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts í Ásum. Í breytingunni felst m.a. að fyrirkomulagi raðhúsaloða ofan við Klettaás (reitur A) er breytt s.s. staðsetningu og gerð raðhúsa og aðkomu að þeim. Við Grjótás (reitur B) er raðhúsagerð breytt. Á raðhúsaloð við Greniás (reitur C) er bindandi byggingarlína felld niður. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 12. maí 2000.

F. h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Nr. 344

REIKNINGUR

Samgöngubótaþjóðs Páls Jónssonar 1999.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1999.

Tekjur		kr.
Vextir af bankainnstæðum		<u>9.483,32</u>
		9.483,32
Gjöld		
Fjármagnsskattur		946,00
Tekjur umfram gjöld		<u>8.537,32</u>
		9.483,32

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1999.

Eignir		
Bankainnstæður		<u>135.465,97</u>
		135.465,97
Skuldir		
Hrein eign pr. 1. janúar 1999	kr.	126.928,65
Hreinar tekjur árið 1999	kr.	8.537,32
		<u>135.465,97</u>
		135.465,97

Samgönguráðuneytinu, 11. maí 2000.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1999.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1999.

Tekjur	kr.	
Vextir af bankainnstæðum		5.346,70
		<u>5.346,70</u>
Gjöld		
Fjármagnsskattur	533,00	
Tekjur umfram gjöld		4.813,70
		<u>5.346,70</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1999.

Eignir		
Bankainnstæður		66.978,86
		<u>66.978,86</u>
Skuldir		
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>		
Hrein eign pr. 1. janúar 1999	kr. 62.165,16	
Hreinar tekjur árið 1999	kr. 4.813,70	66.978,86
		<u>66.978,86</u>

Samgönguráðuneytinu, 11. maí 2000.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.

28. apríl 2000

Nr. 346

REGLUR

um endurgreiðslu kostnaðar vegna veikinda eða slysa erlendis.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um sjúkratryggða einstaklinga sem nauðsyn er að leita sér lækninga þar sem þeir eru staddir erlendis en eiga ekki rétt til sjúkrahjálpar á grundvelli milliríkja-samninga, sbr. þó 6. gr.

Reglurnar taka almennt til sjúkrakostnaðar sem til fellur vegna skyndilegra sjúkdóms-tilfella eða slysa. Reglurnar ná þó til alls nauðsynlegs sjúkrakostnaðar ef um er að ræða námsmann eða einstakling sem fengið hefur tryggingu skv. 9. gr. b eða 9. gr. c laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. reglugerð nr. 463/1999.

Með sjúkrakostnaði er átt við sams konar kostnað og sjúkratryggingar taka þátt í að greiða á Íslandi, sbr. að öðru leyti IV. kafla laga um almannatryggingar.

2. gr.

Grunnkostnaður.

Ef sjúkratryggðum einstaklingi er nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis greiðir Tryggingastofnun sjúkrakostnaðinn eins og um sjúkrahjálp innan lands væri að ræða.

3. gr.

Mæðraskoðanir og ungbarnaeftirlit.

Tryggingastofnun greiðir ekki fyrir mæðraskoðanir og ungbarnaeftirlit.

4. gr.

Umframkostnaður.

Verði sjúkratryggður einstaklingur fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis, í ríki sem ekki hefur verið gerður samningur við, og fái hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti skv. 2. gr., er Tryggingastofnun heimilt að endurgreiða hluta af því sem umfram er grunnkostnað skv. 2. gr. og sjúklingshluta.

Endurgreiðslur til þeirra sem dvelja um skemmri tíma erlendis og til þeirra sem hafa fengið sérstaka heimild Tryggingastofnunar til að halda tryggingu sinni hér á landi, sbr. I. kafla A í lögum um almannatryggingar, eru eftirfarandi:

Af kostnaði fyrstu 75.000 kr. greiðast 50%.

Af kostnaði umfram 75.000 kr. greiðast 75%.

Af kostnaði umfram 10.000.000 kr. greiðast 90%.

Þegar um lífeyrisþega með tekjutryggingu er að ræða eða námsmenn og nánustu fjölskyldu þeirra, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 463/1999, er Tryggingastofnun heimilt að endurgreiða hluta af því sem umfram er á eftirfarandi hátt:

Af kostnaði fyrstu 75.000 kr. greiðast 75%.

Af kostnaði umfram 75.000 kr. greiðast 90%.

Kostnaður umfram 10.000.000 kr. greiðist 100% af Tryggingastofnun.

Ef hinn sjúkratryggði einstaklingur hefur tekið sér sjúkra- eða slysatryggingu hjá vátryggingafélagi, sem greiðir hluta kostnaðarins, á viðkomandi ekki rétt á greiðslu frá Tryggingastofnun vegna umframkostnaðar nema að því leyti sem vátryggingafélagið bætir hann ekki.

5. gr.

Tilkynning.

Sjúklingur skal að jafnaði tilkynna Tryggingastofnun ef ljóst er að sjúkrahúsvist verður lengri en 15 dagar eða ef ljóst er að sjúkrakostnaður verður umtalsverður.

6. gr.

Sjúkrahjálp innan EES.

Nú er sjúkratryggðum einstaklingi nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins og skal þá Tryggingastofnun greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga.

Í undantekningartilfellum er heimilt að beita ákvæðum reglna þessara þegar um er að ræða sjúkratryggðan einstakling sem veikist skyndilega eða slasast innan EES og fluttur er á einkarekna sjúkrastofnun enda liggja fyrir að:

- a) sjúklingur hafi verið fluttur meðvitundarlaus til meðferðar og þannig ekki átt val um meðferðarstað,
- b) um hafi verið að ræða bráðatilfelli þar sem óforsvaranlegt var að flytja sjúkling lengri leið til samningsbundins meðferðaraðila.

Ekki er heimilt að beita reglu þessari á grundvelli þess að sjúklingur hafi ekki vitað betur. Hinn sjúkratryggði einstaklingur skal ætíð bera sjálfur fyrstu 15.000 kr.

7. gr.

Heimflutningur.

Sjúkraflutningur milli landa (heimflutningur) er ekki greiddur af Tryggingastofnun. Þó er í undantekningartilfellum heimilt að greiða slíkan sjúkraflutning ef ljóst er að kostnaður Tryggingastofnunar yrði mun hærri ef sjúklingur nyti áfram sjúkrahjálpar erlendis. Afla skal samþykkis Tryggingastofnunar fyrirfram.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði skv. 2. mgr. 40. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og gilda frá 1. júní 2000.

Tryggingastofnun ríkisins, 28. apríl 2000.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

REGLUGERÐ

fyrir Byggðastofnun.

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaöflun og rannsóknum.

3. gr.

Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Bygðastofnunar mótar stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda.

Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis. Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Bygðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr.

Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Bygðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Bygðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr.

Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Bygðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

1. Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
2. Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.
3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.
4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr.

Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Bygðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinna verkefna. Þar skal einnig vera rekstraráætlun fyrir annað en lánastarfseminna. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé.

Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskrifta-reikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt.

Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI Atvinnuráðgjöf.

8. gr.

Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatekni í starfsemi fyrirtækja.

Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróun-arstarfsemi.

Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðaðróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr.

Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu.

Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggíngarlögum.

Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr.

Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaðróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaðróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðaðróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr.

Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr.

Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl. Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver þeir ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegrar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI

Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti framsækinnna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhaglegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr.

Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnissjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á

landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar lánnum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknareyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr.

Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr.

Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærri fjárhæð en svarar til 17% að teknu tilliti til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundraðshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Þátttaka í atvinnurekstri.

18. gr.

Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almenn séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutafjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutafjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutafé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr.

Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutfjáreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr.

Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaræild. Skilyrði slíkrar æildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutfjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

22. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

24. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

5. maí 2000

Nr. 348

REGLUGERÐ

**um (11.) breytingu á reglugerð nr. 16/1986
um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.**

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni eftir stafrófsröð:

Efni INN-nafn latneskt	Alþjóða- samningar N-1961, P- 1971, Fsk I-IV	Inn-/útl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr laga um ávana-og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Dihydroetorphinum	NI	x	B	
Dronabinol	PII	x	B	
Etilamphetaminum	PIV	x		
Methadonum	NI	x		
Remifentanilum	NI	x		

2. gr.

Breytingar skulu gerðar á merkingum við eftirfarandi efni þannig að þær verði sem hér segir:

Efni INN-nafn latneskt	Alþjóða- samningar N-1961, P- 1971, Fsk I-IV	Inn-/útl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr laga um ávana-og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Acetorphinum	NI+IV	x	B	
Cocainum	NI+III	x	B	8)
Dextropropoxyphenum	NII+III	x		4)
Difenoxinum	NI+III	x		5)
Etorphinum	NI+IV	x	B	
Etryptaminum	PI	x	B	
Fenetyllinum	PII	x	B	
Ketobemidonum (var Cetobemidonum)	NI+IV	x	B	
LSD, LSD-25 sjá Lysergidum (var) LDS sjá Lysergidum	PI	x	B	
Methylenedioxyamphetaminum (MDA) (tenamphetaminum)	PI	x	B	
Mecloqualonum	PII	x	B	

Efni INN-nafn latneskt	Alþjóða- samningar N-1961, P- 1971, Fsk I-IV	Inn-/útfli.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr laga um ávana-og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Methaqualonum	PII	x	B	9(3,75g)
4-Methylaminorex	PI	x	B	
Methcathinone	PI	x	B	
Methyprylonum (var methyptylonum)	PIV			5)
N-ethyl-MDA	PI	x	B	
N-hydroxy-MDA	PI	x	B	
Opium	NI+III	x		
Propiramum	NI+III	x		
Secobarbitalum	PII	x	B	9(3g)
Zipeprol	PII	x	B	

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. maí 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 349

3. maí 2000

AUGLÝSING

um reglu Reikningsskilaráðs um reglulega og óreglulega rekstrarliði.

1. *Fyrirtæki skulu skýra frá hagnaði eða tapi af reglulegum rekstri, áhrifum óreglulegra rekstrarliða, aflagðs rekstrarþáttar, skekkja og mats- og reglubreytinga í samræmi við reglur þessar.*

2. Samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra um framsetningu ársreikninga er rík áhersla lögð á að árangur fyrirtækja af reglulegum rekstri komi fram í rekstrarreikningi. Með hliðsjón af því að lesendur reikningsskila líta m.a. til þeirra sem tækis til þess að meta framtíðarrekstur fyrirtækis er eðlilegast að hugtakið reglulegur rekstur taki til afkomu sem ætla má að verði á næsta reikningstímabili að óbreyttum rekstrarskilyrðum. Af þessum sökum er þýðingarmikið fyrir lesendur reikningsskila að áhrif óreglulegra rekstrarliða, aflagðs rekstrarþáttar, skekkja, sem og áhrif mats- og reglubreytinga séu einangruð frá reglulegum og áframhaldandi rekstri og ítarlegar skýringar fylgi.

Skilgreiningar.

3. *Helstu hugtök sem fyrir koma í þessum reglum eru eftirfarandi:*

Reikningsskilaaðferðir eru aðferðir sem fyrirtæki beitir á grundvelli fyrirmæla laga eða venja. *Regluleg rekstrarstarfsemi* tekur til viðskipta sem varða áframhaldandi meginstarfsemi fyrirtækis og tekna og gjalda sem henni tengjast.

Óreglulegir rekstrarliðir eru tekju- og gjaldaliðir sem varða viðskipti eða atburði sem ekki tengjast áframhaldandi og reglulegum rekstri fyrirtækis. Samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir að þessir tekju- og gjaldaliðir endurtaki sig í bráð eða lengd.

Aflagður rekstrarþáttur er rekstrarstarfsemi sem fyrirtæki hefur hætt og hafði verulega rekstrarlega þýðingu, en heyrði áður undir meginstarfsemi fyrirtækis.

Skekkjur eru mistök við gerð reikningsskila sem uppgötvast á yfirstandandi tímabili og varða reikningsskil fyrir fyrri ár og teljast vera svo mikilvægar að fyrri reikningsskil geta ekki lengur talist vera áreiðanleg þegar þau voru birt.

Hagnaður eða tap.

4. *Allar tekjur og öll gjöld tiltekins tímabils skulu koma fram í rekstrarreikningi nema lög eða reglur Reikningsskilaráðs kveði á um annað.*

5. Venjulega eru allar tekjur og gjöld tiltekins tímabils færð á því tímabili til ákvörðunar á rekstrarafkomu, þar með taldir óreglulegir liðir og áhrif breytinga á matsreglum. Samt sem áður kunna að koma upp tilvik þegar ákveðnir rekstrarliðir skulu ekki felldir inn í rekstrarreikning viðkomandi tímabils. Um tvenns konar tilvik af þessum toga er fjallað í reglum þessum, þ.e. leiðréttingar vegna skekkja og áhrif breyttra reikningsskilaaðferða. Aðrir liðir sem ekki eru til umfjöllunar í reglunum kunna einnig að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíkra liða, svo sem áhrif umbreytingar á ársreikningi úr einum gjaldmiðli í annan.

6. *Hagnaður eða tap af rekstri fyrirtækis tekur til eftirfarandi þriggja þátta og skulu þeir skýrlega sundurgreindir í rekstrarreikningi fyrirtækis:*

- a) hagnaður eða tap af reglulegri áframhaldandi rekstrarstarfsemi,
- b) aðrir rekstrarliðir sem taka til óreglulegra rekstrarliða og
- c) áhrif af aflögðum rekstrarþáttum.

7. Meginregla er að allar tekjur og öll gjöld skuli birtast í rekstrarreikningi. Í því felst að ekki er heimilt að færa tekjur og gjöld um eigið fé nema í þeim tilvikum sem reglur þessar heimila frávik frá meginreglunni. Þessi frávik eru tvö og er fjallað um þau í tölulíðum 31 og 37. Annars vegar skal færa leiðréttingu á skekkju sem hefur mikilvæg áhrif á efni reikningsskila og hins vegar skulu áhrif vegna reglubreytinga færast til breytingar á eigin fé í upphafi þess reikningstímabils sem breytingin er gerð.

Óreglulegir rekstrarliðir.

8. *Fjárhæð og tegund hvers einstaks óreglulegs rekstrarliðar skal sérgreind í rekstrarreikningi enda sé hún veruleg.*

9. Nánast öll viðskipti fyrirtækja sem leiða af sér tekjur eða gjöld verða til í venjulegum rekstri þeirra. Það heyrir því til undantekninga að viðskipti eða atburðir hafi í för með sér tekjur eða gjöld sem flokka skal sem óreglulega rekstrarliði. Það sem ræður því hvort um óreglulegan rekstrarlið er að ræða lýtur að því hvort eðli rekstrarliðarins er óvenjulegt með hliðsjón af rekstri viðkomandi fyrirtækis fremur en tíðni atburðarins. Þannig gæti tiltekinn rekstrarliður verið óreglulegur hjá einu fyrirtæki en ekki öðru.

10. Óreglulegir rekstrarliðir eru einkum liðir sem ekki lúta valdi forráðamanna fyrirtækis, heldur eru utanaðkomandi öfl að verki og eignaupptaka. Dæmi eru t.d. tjón af völdum jarðskjálfta eða annarra náttúruhamfara. Nauðsynlegt er, ásamt því að skýra frá tölulegum áhrifum í rekstri fyrirtækis, að veita frekari upplýsingar í skýringum um eðli hinna óreglulegu rekstrarliða, hvort sem þeir eru tekjur eða gjöld.

Rekstrarhagnaður eða rekstrartap af reglulegri starfsemi.

11. *Þegar tekjur og gjöld, sem falla undir reglulega starfsemi, eru verulegar fjárhæðir og hafa þýðingu við túlkun á reikningsskilum fyrirtækis skal greina frá tegund og fjárhæð viðkomandi rekstrarliða meðal reglulegra tekna eða gjalda.*

12. Þó að þeir rekstrarliðir sem um er fjallað í tölulið 11 séu ekki óreglulegir samkvæmt reglum, getur eigi að síður haft verulega þýðingu fyrir lesendur reikningsskila að fá upplýsingar um slíka rekstrarliði. Það má gera annaðhvort með því að sérgreina viðkomandi rekstrarlið í rekstrarreikningi og/eða veita ítarlegar upplýsingar um hann í skýringum. Dæmi um þess konar rekstrarliði væru eftirfarandi:

- a) niðurfærsla birgða,
- b) söluhagnaður eða sölutap af eignum,
- c) sérstök niðurfærsla varanlegra rekstrarfjármuna,
- d) tjónabætur og kostnaður af málarekstri fyrir dómstólum,
- e) kostnaður við endurskipulagningu rekstrar.

Aflögð rekstrarstarfsemi.

13. *Eftirfarandi tvö tilvik valda því að rekstrarstarfsemi telst vera aflögð: a) hafi fyrirtæki selt með formlegum hætti tiltekna rekstrarstarfsemi á viðkomandi uppgjörstímabili, eða b) hafi stjórn fyrirtækis samþykkt að leggja niður tiltekna starfsemi og tilkynnt þá ákvörðun.*

14. Þótt ekki sé sérstaklega í lögum um ársreikninga fjallað um þau áhrif á rekstur fyrirtækis sem það kann að hafa að hætta tiltekinni rekstrarstarfsemi, má samt ætla að það samrýmist góðri reikningsskilavenju að greina frá þessum áhrifum í rekstrarreikningi fyrirtækis. Gagnstætt því sem á við um óreglulega rekstrarliði, þá geta stjórnendur fyrirtækis yfirleitt ákveðið hvort tiltekin starfsemi er lögð niður. Augljóslega getur það skipt lesendur reikningsskila miklu að fá upplýsingar um hvort starfsemi tiltekins rekstrarþáttar, sem gæti verið dótturfélag eða deild, verður haldið áfram. Af þeim sökum er þess krafist að áhrifin af hinni aflögðu rekstrarstarfsemi komi skilmerkilega fram.

15. *Fyrirtæki skal veita eftirfarandi upplýsingar um aflagða starfsemi ef hún fullnægir skilyrðum 13. töluliðar: a) lýsingu á hinni aflögðu rekstrarstarfsemi, b) dagsetningu ákvörðunar um að starfsþáttur verði lagður af, c) tímann sem ætla má að það taki að leggja starfsemina niður, d) bókfært verð eigna og skulda er varða hina aflögðu starfsemi, e) tekjur, gjöld, hagnað eða tap af aflagðri starfsemi ásamt skattalegum áhrifum, og f) greiðsluáhrif hinnar aflögðu starfsemi og áhrif hennar á flokka yfirlits um sjóðstreymi.*

16. Það fer eftir atvikum hversu ítarleg frásögnin þarf að vera um ofangreind atriði. Í sumum tilvikum er um einfalda aðgerð að ræða og engum sérstökum vandkvæðum er bundið að leggja niður tiltekinn rekstrarþátt. Í öðrum tilvikum getur verið talsvert flókið mál að leggja niður starfsemisþátt og það auk þess tekið nokkurn tíma. Meginmál er að lesandi reikningsskila fái greinargóða lýsingu á áhrifum þess að tiltekinni starfsemi er hætt. Hér er ekki aðeins átt við áhrif á tekjur og gjöld, heldur einnig áhrif í efnahagsreikningi. Sé ekki unnt að veita ofangreindar upplýsingar í reikningsyfirlitunum, þ.e. rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi, skal veita frekari upplýsingar í skýringum með reikningsskilum. Til samræmis við meðhöndlun á skattalegum áhrifum óreglulegra rekstrarliða er gerð krafa um að skattaleg áhrif af aflagðri rekstrarstarfsemi komi skýrt fram.

17. *Hafi ákvörðun um að leggja niður tiltekinn starfsþátt verið tekin eftir dagsetningu reikningsskila en áður en reikningsskilin eru samþykkt af stjórn, skal greina frá áhrifum aflagðrar starfsemi í samræmi við reglur þessar.*

18. Samkvæmt þessari reglu er óheimilt að flokka tekjur og gjöld sem reglulega liði ef fyrir liggur, eftir dagsetningu reikningsskila, að samsvarandi rekstrarliðir muni ekki endurtaka sig á næsta rekstrartímabili. Það er sem sé ekki skilyrði fyrir flokkun rekstrarliða að tiltekinni rekstrarstarfsemi hafi verið hætt á meðan rekstrartímabilið stóð yfir; ákvarðanir sem teknar eru eftir dagsetningu reikningsskila en áður en þau eru formlega samþykkt af stjórn og varða framtíðarrekstur geta leitt til breytinga á flokkun tekna og gjalda.

19. *Hafi rekstraraðili selt tiltekinn rekstrarþátt og þar með hætt honum skal skýra frá ágóða eða tapi af sölu miðað við bókfært verð eigna og yfirtekinna skulda. Þá skal upplýsa um þýðingarmiklar breytingar á greiðsluflæði vegna slíkrar sölu, ef við getur átt. Taki tíma að leggja rekstrarstarfsþátt niður skal skýra frá áhrifum aflagðrar starfsemi á rekstur á meðan verkefninu er ekki að fullu lokið.*

20. Samkvæmt þessari grein skal ekki einungis veita upplýsingar um tekjur og gjöld þess rekstrarþáttar sem verður lagður af, heldur einnig um bókhaldslegan ávinning eða tap af sölu eigna þegar svo ber undir. Þá skal einnig veita upplýsingar um breytingar á greiðsluflæði á tímabilinu og næstu tímabilum á meðan enn er ekki lokið öllum verkefnum sem varða þá starfsemi sem hefur verið hætt.

21. *Hætti fyrirtæki við að leggja starfsþátt í rekstri niður, sem áður hafði verið sýndur sem aflagður rekstrarþáttur, skal frá því skýrt í reikningsskilum og áhrifum þess á rekstur og efnahag.*

22. *Fjárhagslega endurskipulagningu og rekstrarliði sem henni tengjast má ekki flokka sem aflagða starfsemi nema þeir falli að skilgreiningum í reglum þessum.*

23. *Aflagða starfsemi má ekki flokka sem óreglulega rekstrarliði.*

24. *Birta skal samanburðarfjárhæðir fyrri ára sem svara til rekstrar aflagðrar starfsemi. Þá skal einnig í árshlutareikningsskilum skýra frá áhrifum aflagðrar rekstrarstarfsemi.*

25. Þótt tekjur og gjöld á einu ári séu flokkuð sem regluleg starfsemi gæti það gerst á næsta rekstrartímabili að sömu rekstrarliðir séu flokkaðir sem aflögð rekstrarstarfsemi. Til þess að samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi séu sambærilegar við rekstur á því ári sem ákvörðun er tekin um að leggja niður einhvern rekstrarþátt, verður að breyta samanburðarfjárhæðum miðað við flokkun tekna og gjalda árið á undan. Kostnað af fjárhagslegri endurskipulagningu ber að sýna sem sjálfstæðan gjaldalið í rekstrarreikningi meðal reglulegra gjalda en einnig væri unnt að upplýsa um hann í skýringum án þess að sérgreina hann í rekstrareikningi. Loks er kveðið á um það í reglum þessum að hafi ákvörðun um að leggja niður tiltekna starfsemi verið breytt og frá því hafi verið greint í fyrri reikningsskilum, skal skýra frá áhrifum þess á reglulegan rekstur á því reikningstímabili sem sú ákvörðun er tekin.

Breyting á reikningshaldslegu mati.

26. *Skýra skal frá áhrifum breytinga á reikningshaldslegu mati á því tímabili sem matsbreyting er gerð og á síðari tímabilum, ef það getur átt við. Samkvæmt þessu eru afturvirkar matsbreytingar ekki heimilar.*

27. Reikningsskil fyrirtækja byggjast að ýmsu leyti á mati á ýmsum liðum. Til að mynda er það háð mati semjanda reikningsskila hversu mikið viðskiptakröfur eða birgðir eru færðar niður. Hið sama gildir um mat á líftíma eigna og ábyrgðarskuldbindingum sem eru færðar í bækur. Mat skal unnið á grundvelli ábyggilegra upplýsinga en þegar fram líða stundir geta forsendur hafa breyst og því nauðsynlegt að breyta matinu. Séu slíkar matsbreytingar gerðar gilda þær frá og með breytingarári en ekki er heimilt að gera afturvirkar breytingar á reikningsskilum fyrri ára gagnstætt því sem á við um breytingar á reikningsskilaaðferðum.

28. Stundum getur verið óljóst hvort breyting fellur í flokk matsbreytinga eða breytinga á reikningsskilaaðferð. Við þær aðstæður ber að flokka breytinguna sem matsbreytingu.

29. *Áhrif matsbreytinga skulu koma fram í sama rekstrarlið og árið á undan. Upplýsa skal um fjárhæð og tegund matsbreytinga og þau áhrif sem matsbreytingin hefur á reikningsskil seinni tímabil ef unnt er.*

30. Þó að áhrif matsbreytinga kunni að hafa veruleg áhrif á efni reikningsskila er óheimilt að flokka hana sem óreglulegan rekstrarlið, heldur verður matsbreytingin að koma fram í sama tekju- eða gjaldalið og breytingin varðar. Hins vegar mætti sérgreina hana í flokki viðkomandi tekna eða gjalda og þá ber að veita ítarlegri upplýsingar í skýringum um breytinguna en þó má ekki gefa upplýsingar sem eru til þess fallnar að kasta rýrð á fyrri reikningsskil, enda er afturvirk breyting ekki heimil.

Skekkjur.

31. *Skekkjur skulu færast til breytingar á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun og skal breyta samanburðarfjárhæðum til samræmis nema sérstökum vandkvæðum sé bundið að gera það og skal þá um það upplýst.*

32. Skekkjur geta átt sér stað við gerð reikningsskila. Þær stafa einkum af röngum útreikningum, rangri beitingu reikningsskilaaðferða, misskilningi á staðreyndum, vísvitandi rangfærslum eða vangá. Séu skekkjur svo mikilvægar að lesandi fengi aðra mynd af rekstri og efnahag fyrirtækis ef upplýst er um þær, verður að skýra frá þeim. Að öðrum kosti teljast skekkjur minniháttar og við þær aðstæður er engin ástæða til þess að skýra frá þeim í reikningsskilum og þær því einfaldlega felldar inn í viðeigandi rekstrarliði. Gera verður greinarmun á skekkjum og matsbreytingum enda eru kröfur um frásögn ólíkar.

33. *Fyrirtæki skal skýra frá fjárhæð og tegund skekkju á reikningsskil. Upplýsa skal um áhrif á hvert rekstrarár sem birt er til samanburðar og hið sama gildir um áhrif í efnahagsreikningi.*

34. Uppgötvist skekkja sem veruleg áhrif hefur skal færa hana um óráðstafað eigið fé. Varði skekkjan meira en eitt ár skal breyta samanburðarfjárhæðum fyrir þau reikningsár sem birt eru í reikningsskilunum. Þannig færast áhrif skekkju til breytingar á samanburðarfjárhæðum næstliðins ár og til breytingar á óráðstöfuðu eigin fé í upphafi þess árs sem fyrst er birt. Til frekari skýringar skal veita upplýsingar um fjárhæð og tegund skekkjunnar í sjálfstæðri skýringu með reikningsskilunum.

Breyting á reikningsskilaaðferð.

35. *Fyrirtæki má aðeins breyta um reikningsskilaaðferð á grundvelli ákvæða laga um slíka breytingu eða á grundvelli fyrirmæla í opinberum reglum um reikningsskil eða ef önnur aðferð þykir betur eiga við það efnahagslega fyrirbrigði sem aðferðinni er ætlað að mæla.*

36. Meginregla við gerð reikningsskila er samsvörun í gerð þeirra. Af þeim sökum er mjög þrengt að möguleikum fyrirtækja til þess að breyta um aðferðir við gerð reikningsskila. Í tveimur tilvikum er það heimilt eða skylt. Hafi lögum um reikningsskil eða reglum, sem gefnar eru út af til þess bærum aðilum, verið breytt um meðhöndlun tiltekinna reikningsskilaatriða verður að breyta um aðferð og þá í samræmi við þau lög eða reglur sem um breytinguna eru settar. Breyting á reikningsskilaaðferð takmarkast þó ekki aðeins við þetta tilvik, heldur er einnig heimilt að breyta um aðferð ef hin nýja aðferð þykir eiga betur við. Samkvæmt þessu er ekki heimilt að breyta um aðferð til þess eins að draga fram æskilega niðurstöðu í reikningsskilunum; breytinguna verður að vera unnt að rökstyðja með vísan til skýrari frásagnar og betri upplýsingagjafar.

37. *Áhrif reglubreytingar skulu vera afturvirk og koma til breytingar á óráðstöfuðu eigin fé í byrjun þess árs sem breyting er gerð. Samanburðarfjárhæðum skal breyta til samræmis við hina nýju reikningsskilaaðferð, nema sérstökum vandkvæðum sé bundið að reikna þau afturvirku áhrif út. Í skýringum skal skýra frá ástæðum fyrir breytingunni.*

38. *Hafi breyting á reikningsskilaaðferð veruleg áhrif á rekstur fyrri ára eða síðari ára skal frá þeim áhrifum greint í skýringum.*

39. Með þessari reglu er tekið fram að skýra skuli frá áhrifum aðferðarinnar á reikningskil fyrri ára. Það skal gera með breytingum á reikningsyfirlitunum en sé þess ekki kostur verða skýringar að duga.

Gildistaka.

40. *Reglur þessar um meðferð óreglulegra rekstrarliða, skekkja, matsbreytinga og breytinga á reikningsskilaaðferð, sem settar eru samkvæmt heimild í 80. gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994, taka til reikningsskila sem samin eru fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2001 eða síðar.*

Reykjavík, 3. maí 2000.

Reikningsskilaráð,

Heimir Haraldsson.

Árni Ólafur Lárusson.

Sigurður Þórðarson.

Guðmundur Guðbjarnason.

Stefán Svavarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir dóma á hrossakynbótasýningum.

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands kr. 924 á hvert hross.

Gjald til viðkomandi búnaðarsambands kr. 2.690 á hvert hross.

Til viðbótar gjöldum þessum er Bændasamtökum Íslands eða búnaðarsambandi heimilt að innheimta sérstakt vallargjald, allt að kr. 500 á hvert hross, ef eigandi sýningaraðstöðu krefst leigu.

2. gr.

Á gjöld skv. 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%. Heimilt er að veita afslátt frá gildandi gjaldskrá.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar gjaldskrár nr. 384/1998 og 491/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. maí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

Hlið.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. maí 2000 deiliskipulag jarðarinnar Hliðs í Bessastaðahreppi sem afmarkast af strandlínu að sunnan, vestan og norðan og af lóðamörkum húss nr. 3 við Búðarflöt að austanverðu. Á skipulagssvæðinu er m.a. gert ráð fyrir fimm nýjum íbúðarhúsum og opnum útivistarsvæðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lóðirnar Suðurtún 26 og 32.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. maí 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðanna Suðurtún 26 og Suðurtún 32 í Bessastaðahreppi. Breytingin er fólgin í stækkun ytri byggingarreita á lóðunum.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 18. maí 2000.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulög þriggja íbúðasvæða í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 6. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag eftirtalinna þriggja íbúðasvæða.

1. *Dalur 2 á Eskifirði.* Deiliskipulagið tekur til svæðis neðan Dalbrautar og innan við íþróttasvæði.
2. *Bakkar 3 í Neskaupstað.* Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan Bakkavegar og austan núverandi byggðar.
3. *Melur 1 á Reyðarfirði.* Deiliskipulagið tekur til svæðis á Búðarmel.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulög þessi öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 17. maí 2000.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir safnaðarheimili í Vatnsendalandi, Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 28. mars 2000 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi á lóð KEFAS í Vatnsendalandi. Í deiliskipulaginu felst m.a. afmörkun lóðar, fyrirkomulag bílastæða og byggingarreitur fyrir safnaðarheimili KEFAS. Tillagan var auglýst frá 12. janúar til 16. febrúar 2000. Athugasemdir og ábendingar bárust frá tveimur aðilum. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var jafnframt samþykkt umsögn bæjarskipulags um framkomnar athugasemdir. Með tilvísan í umsögn bæjarskipulags voru gerðar þrjár breytingar á auglýstum deiliskipulagsupphætti. Tillagan hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 17. maí 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Reykhólahreppi nr. 648/1989.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða tengigjald sem hér segir:

Tengigjald fyrir einbýlishús er 10.000 kr.

Tengigjald fyrir fjölbýlishús er 10.000 kr. fyrir fyrstu íbúð en 5.800 kr. á íbúð þar umfram.

Tengigjald fyrir atvinnuhúsnæði er 20.000 kr.

Tengigjöld skulu greidd eða um greiðslu þeirra samið áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

Þá skal hver húseigandi er tengt hefur hús sitt holræsakerfi á vegum sveitarfélagsins greiða árlegt holræsagjald sem nemur 0,25% af fasteignamati húss og lóðar.

Gjöldum samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn ekki heimilt að breyta til hækkunar eða lækkunar án staðfestingar ráðuneytisins. Allar krónutölur í grein þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2000 (236,7 stig) og breytast í samræmi við hana.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Grindavík nr. 808/1983.

1. gr.

5. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Þá skal og hver húseigandi greiða árlega holræsagjald í bæjarsjóð er nemi 0,1% af fasteignamatsverði húsa og lóða.

2. gr.

2. másl. 6. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50 af hundraði, enda komi til samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurborgarstaðar staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 356

17. maí 2000

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi.

Að umferð ökutækja um Háholt, austan Kirkjubrautar, verði leyfð í báðar áttir og stöðv-unarskylda verði á umferð af Háholti, austan Kirkjubrautar, gagnvart Kirkjubraut.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Akranesi, 17. maí 2000.

Sýslumaðurinn á Akranesi,

Ólafur Þ. Hauksson.

Nr. 357

19. maí 2000

AUGLÝSING

um deiliskipulag 1. áfanga athafnasvæðis í Hellnahrauni, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti deiliskipulag 1. áfanga athafnasvæðis í Hellnahrauni, á fundi sínum þann 16. maí 2000, að því undanskildu að gildistöku deiliskipulags fyrir 8 lóðir nyrst í hverfinu er frestað þar til landnotkunarbreyting á aðalskipulagi hefur átt sér stað.

Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. maí 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 130/2000 um innkaup og sölu áfengis og skilmálum í viðskiptum við birgja.

Töluliður 1.3 orðast svo:

1.3 Áfengi í kjarna er til sölu í öllum verslunum ÁTVR.

Í Heiðrúnu og Kringlunni skulu allar kjarnavörur fást.

Á Akureyri, í Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, í Austurstræti, Mjódd, Holtagörðum, Keflavík og á Selfossi fást að hámarki 400 sölutegundir, í kjarna. Á Akranesi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum er hámarkið 280 sölutegundir, í kjarna.

Í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Neskaupstað, Höfn og í Grindavík fást að hámarki 170 sölutegundir, í kjarna.

Hámark kjarnavöru í öðrum vínbúðum er 80 sölutegundir.

Val annarra verslana en Heiðrúnar og vínbúðarinnar í Kringlunni á kjarnavöru skal endurmetið í febrúar, maí, ágúst og nóvember og koma til framkvæmda 1. næsta mánaða.

a) Miða skal grunn útreiknings við sölu á kjarnavöru í Heiðrúnu og vínbúðinni í Kringlunni.

Fyrir hvert þriggja mánaða tímabil skal ákvarða fjölda tegunda í hverjum vöruflokki út frá dreifingu söluhæstu tegunda í lítrum talið samsvarandi tímabil á sl. ári.

Hafi fjöldi tegunda í hverjum vöruflokki þannig verið ákvarðaður, skal valinn tilskilinn fjöldi sölutegunda innan hvers vöruflokks eftir skrá yfir söluhæstu tegundir næstu þriggja mánaða á undan endurmati.

b) Verslunarstjórar velja allt að 10% hámarksfjölda sölutegunda í samræmi við eftirspurn viðskiptavina. Í verslunum með 80 sölutegundir velja verslunarstjórar jafnmargar tegundir og verslunarstjórar í búðum með 170 tegundir.

c) Að minnsta kosti átta mest seldu sölutegundir bjórs skulu fást. Til viðbótar þeim skal velja söluhæstu bjórtegundirnar í lítrum talið þar til tala sölutegunda úr þessum flokkum (60, 61 og 62) svarar til 10% hámarksfjölda sölutegunda.

d) Að minnsta kosti þrjár mest seldu sölutegundir í hverjum vöruflokki af öðru áfengi en bjór skulu valdar með þessum undantekningum:

Aðeins þarf að bjóða fram söluhæstu tegundina í flokksdeildum 1.1, 2.1 og 3.1. Skerðing skal bætt með söluhæstu tegundum í lítrum talið í sömu vöruflokkum.

Takmarka má framboð sömu áfengistegundar við 2 sölutegundir. Skerðing skal bætt með söluhæstu tegund í lítrum talið í sama vöruflokki.

Til viðbótar þegar valinni vöru skal velja söluhæstu tegundirnar í lítrum talið þar til hámarki sölutegunda er náð að teknu tilliti til heimilda í 1. málsgrein þessa stafliðar.

Hafi selst minna en 10 lítrar af sölutegund undanfarna 6 mánuði í einhverri annari vínbúð en í Heiðrúnu og í Kringlunni, skal viðkomandi verslun hætta sölu hennar. Í hennar stað velur verslunarstjóri sölutegund í samræmi við eftirspurn viðskiptavina. Forstjóri ÁTVR skal meta ákvarðanir verslunarstjóra skv. þessum tölulíð árlega og breyta vali til samræmis við almennar reglur þyki honum ástæða til. Komist vara úr reynsluflokki í kjarna skal hún þrátt fyrir ákv. um hámark sölutegunda og ákv. 7. mgr. um val vöru í verslanir, vera föl í þeim verslunum, sem höfðu hana í reynslusölu, í 3 mánuði. Að þeim liðnum fer um dreifingu skv. almennum reglum.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 10. maí 2000.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Þórhallur Jósefsson

Anna Margrét Jóhannesdóttir

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast framangreindar breytingar á reglum nr. 130/2000, um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja, hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 2000.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Tómas N. Möller.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil kg	Vörumagn %	Verðtollur kr./kg	Magntollur
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.00 - 30.06.01	53.000	0	205
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.00 - 30.06.01		0	146
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.00 - 30.06.01		0	146
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.00 - 30.06.01		0	109
0406.4000	Gráðostur	01.07.00 - 30.06.01		0	167
0406.9000	Annar ostur	01.07.00 - 30.06.01		0	163

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. maí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.

19. maí 2000

Nr. 360

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:				
1602.1001	Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	86
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	86
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.00 - 30.06.01	-	120
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.00 - 30.06.01	-	120

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magnatollur kr./kg
1602.2019 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.00 - 30.06.01	-	0	120
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	0	78
1602.2029 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	0	209
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	0	209
1602.3109 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	0	209
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	0	209
1602.3209 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.00 - 30.06.01	-	0	209
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.00 - 30.06.01	-	0	209
1602.3909 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	115
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.00 - 30.06.01	-	0	537
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0	343
1602.4109 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.00 - 30.06.01	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0	247
1602.4209 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.00 - 30.06.01	-	0	511
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0	307
1602.4909 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.00 - 30.06.01	-	0	373
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0	304
1602.5009 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	102
1602.9011 Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0	265
1602.9019 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.00 - 30.06.01	-	0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.00 - 30.06.01	-	0	265
1602.9029 Annað	01.07.00 - 30.06.01	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.3XXX	16.600 kg
vöruliðir	1602.4XXX	13.200 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.400 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. maí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmssdóttir.

19. maí 2000

Nr. 361

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -</i>				
Tollnúmer: vöruliðir 0202 og 0210:				
0202.3002	Lundir	01.07.00 - 30.06.01	0	510
0202.3003	Hryggvöðvar	01.07.00 - 30.06.01	0	510
0202.3004	Vöðvar af læri	01.07.00 - 30.06.01	0	510
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað.</i>				
Tollnúmer: þurrkað eða reykt:				
0210.2001	Beinlaust	01.07.00 - 30.06.01	0	310
Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:				
Tollnúmer: Svínakjöt, fryst:				
0203.2903	Hakkað	01.07.00 - 30.06.01	0	413
0203.2904	Lundir	01.07.00 - 30.06.01	0	413
0203.2905	Hryggvöðvar	01.07.00 - 30.06.01	0	413
0203.2906	Vöðvar af læri	01.07.00 - 30.06.01	0	413
0203.2909	Annað	01.07.00 - 30.06.01	0	413
Úr tollnr.: Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:				
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.00 - 30.06.01	0	296
Tollnúmer:				
0210.1901	Reykt - beinlaust	01.07.00 - 30.06.01	0	336
Úr tollnr.:				
0210.1909	Annars - beinlaust	01.07.00 - 30.06.01	0	336

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn­tollur kr./kg
Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:		59.000		
<i>Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:</i>				
0207.1200	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.00 - 30.06.01	0	152
0207.1401	Beinlaust	01.07.00 - 30.06.01	0	152
0207.1402	Lifur	01.07.00 - 30.06.01	0	209
0207.1409	Annað	01.07.00 - 30.06.01	0	152
<i>Af kalkúnunum:</i>				
0207.2500	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.00 - 30.06.01	0	209
0207.2701	Beinlaust	01.07.00 - 30.06.01	0	209
0207.2702	Lifur	01.07.00 - 30.06.01	0	209
0207.2709	Annað	01.07.00 - 30.06.01	0	209
<i>Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</i>				
0207.3300	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.00 - 30.06.01	0	209
0207.3601	Beinlaust (úrbeinað, fryst)	01.07.00 - 30.06.01	0	209
0207.3609	Annað (skorið í hluta, fryst)	01.07.00 - 30.06.01	0	209
Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:		12.000		
0208.9006	Hreindýrakjöt, fryst	01.07.00 - 30.06.01	0	480
Úr tollnr.:				
0208.9009	Annars - Strúta­kjöt, fryst	01.07.00 - 30.06.01	0	272

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar nr. 324/1999 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

		Að lágmarki:	Að hámarki:
vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	5.300 kg	8.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. maí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins samþykkt breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli, þann 6. mars 2000.

Breytingin varðar svæði B á flugstöðvarsvæðinu á þann veg að byggingarreitur á lóð sem ætluð er fyrir fraktmiðstöð stækkar til vesturs og suðurs. Ennfremur hækkar byggingin um tvo metra.

Skipulagsbreytingin var kynnt nágrönnum, skv. 2. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samþykkt með vísan til 25. gr. sömu laga.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sömu lóð frá 1. september 1997.

Utanríkisráðuneytinu, 18. maí 2000.

F. r.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Benedikt Ásgeirsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Seyðisfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar er skipuð 7 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarskóp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fund einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði fyrsta eða annan miðvikudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaforseti skal kjörinn til jafnlangs tíma og forseti. Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyppingu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn

í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn málaflökkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

23. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál sé svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn brigsllum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði

sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarstjórnarmann sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundar-gerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundar-gerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundar-gerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundar-gerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

33. gr.

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins en í störfum sínum er bæjarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarstjórnarmaður og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skyld er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í hverjum mánuði. Fundir bæjarráðs fari að jafnaði fram á miðvikudögum kl. 16.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðsins. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjórinn varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þó sér hafnarmálaráð um málefni Seyðisfjarðarhafnar í beinu umboði bæjarstjórnar.

Pá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Bæjarráð hefur auk þessa eftirtalin mál með höndum:

- a) Vegamál. Bæjarráð hefur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarfélagsins, götum, holræsum og götulýsingu, allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.
- b) Fasteignamál. Til þeirra teljast umsjón með fasteignum bæjarfélagsins, svo sem húseignum, jörðum, grjótnámi, slægjum, sandnámi o.fl. að því leyti sem ekki er öðruvísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.
- c) Brunamál. Til þeirra teljast framkvæmdir á öllum brunamálum bæjarfélagsins samkvæmt lögum og reglugerðum um brunamál og slökkvilið. Slökkviliðsstjóri eða varamaður hans skal sitja fundi ef rædd eru brunamál en hefur eigi atkvæðisrétt.
- d) Atvinnumál.
- e) Verkefni veitna.
- f) Verkefni framtalsnefndar.
- g) Vinabæjasamskipti.
- h) Önnur mál. Öll önnur mál sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum um stjórn bæjarmála eða með sérstakri samþykkt bæjarstjórnar skulu heyra undir bæjarráð. Bæjarráð tilnefnir í húsnæðisnefnd.

Pá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg. Pá getur bæjarstjórn, þegar þurfa þykir, vísað þeim málum sem henni sýnist til bæjarráðs þó þau heyri ekki sérstaklega undir ráðið.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrír bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Þeir aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.
2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.
3. *Skrifarar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *SSA*. Fulltrúi og varafulltrúi á fund SSA samkvæmt lögum þess.
5. *Atvinnuþróunarfélag Austurlands*. Einn aðalfulltrúi og einn varafultrúi á aðalfund, sbr. lög félagsins.
6. *Atvinnuþróunarsjóð Austurlands*. Einn aðalfulltrúi og einn til vara á aðalfund, sbr. lög sjóðsins.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Hafnarmálaráð*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarmálaráð skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Hafnarmálaráð sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn samkvæmt erindisbréfi.

2. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
3. *Ferða- og menningarmálanefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Ferðaþjónustuaðilar tilnefna í nefndina tvo aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Nefndin fer með stjórn ferða- og menningarmála samkvæmt erindisbréfi sem bæjarstjórn setur því.
4. *Félagsmálaráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálaráð skv. 5. gr. laga um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Félagsmálaráð sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn með erindisbréfi. Ráðið fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd barnaverndarlaga, málefnum fatlaðra, málefnum aldraðra og húsaleigubætur, sbr. viðkomandi lög.
5. *Fræðslumálaráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslumálaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Ráðið sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn með erindisbréfi. Ráðið fer með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, framhaldsskóla skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og samstarfssamninga um rekstur framhaldsskóla sem í gildi eru hverju sinni. Ráðið fer með æskulýðs- og íþróttamál í bæjarfélaginu. Ráðið fer með málefni bókasafna skv. lögum um almenningubókasöfn. Ráðið tilnefnir fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns skv. ákvæðum laga og samningum þar um. Tilnefningar ráðsins eru háðar samþykki bæjarstjórnar.
6. *Umhverfismálaráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfismálaráð sem fer með verkefni skipulags- og byggingarmála skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Umhverfismálaráð sinnir faglegu starfi þeirra málaflokka sem því er falið af bæjarstjórn með erindisbréfi. Umhverfismálaráð sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, náttúruverndarnefndar skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og umferðarnefndar skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ráðið er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Ráðið skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra skv. lögum þar um. Ráðið er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum.
7. *Húsnæðisnefnd*. Bæjarstjórn kýs þrjá menn og þrjá til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
8. *Búfjárefirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 64/1991.
9. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
10. *Heilbrigðisnefnd*. Sveitarstjórnirnar á Austurlandssvæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
11. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
12. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).

13. *Heilbrigðisstofnun Austurlands*. Sveitarfélögin á Austurlandssvæðinu skipa þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara í stjórn H.S.A., sbr. 1. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.
14. *Þjónustuhópur aldraðra*. Bæjarstjórn skipar fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra skv. 9. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
15. *Samband íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og annar til vara á landsþing.
16. *Stjórn Tæknimínjasafns Austurlands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. skipulagsskrá safnsins.
17. *Bygðasamlag um rekstur skíðasvæðis í Stafdal*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjórnunum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 453/1988 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

TILKYNNING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. júní 2000 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,55 kr. á lítra
Gasolía	0,70 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,05 kr. á kg
Flugvélabensín	0,20 kr. á lítra
Flugsteinolía(þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, 26. maí 2000.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Seltjarnarneskaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar er skipuð 7 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Seltjarnarneskaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Mánuðina janúar, júlí, ágúst og desember skal þó aðeins vera einn reglulegur fundur þriðja miðvikudag hvers mánaðar.

Aukafundi skal halda í bærarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bærarstjóra og forseta bærarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bærarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bærarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá bærarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bærarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bærarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bærarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bærarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bærarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bærarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bærarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bærarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bærarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bærarstjórnar tekur bærarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bærarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bærarstjóri semur dagskrá bærarstjórnarfundar í samráði við forseta bærarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bærarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta bærarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bærarfélagsins, svo og ráðningar bærarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bærarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum bærarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bærarstjórnar og bærarstjóri og/eða forseti bærarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bærarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bærarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bærarstjórnarfundar skal tilkynna það bærarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bærarstjóri telur nauðsynleg til að bærarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bærarstjórnarfundar.

12. gr.

Bærarstjóri skal hafa sent bærarstjórnarmönnum fundarboð bærarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bærarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bærarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bærarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bærarfélagsins, skrifstofu bærarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bærarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti bæjarstjórnar nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og kjör forseta bæjarstjórnar fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði haldinn í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatgur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmatgur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti bæjarstjórnar úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti bæjarstjórnar vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta bæjarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmat forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti bæjarstjórnar í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustóli nema forseti bæjarstjórnar leyfi annað.

25. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta bæjarstjórnar.

26. gr.

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal forseti bæjarstjórnar víta hann. Forseti bæjarstjórnar getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði forseta bæjarstjórnar eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti bæjarstjórnar gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti bæjarstjórnar umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti bæjarstjórnar óskar. Forseti bæjarstjórnar ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti bæjarstjórnar biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti bæjarstjórnar mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti bæjarstjórnar frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti bæjarstjórnar telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti bæjarstjórnar getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta bæjarstjórnar að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti bæjarstjórnar greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti bæjarstjórnar les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda

nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

33. gr.

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins en í störfum sínum er bæjarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti bæjarstjórnar ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarstjórnarmaður kjörgengi skal hann vikja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferða- kostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara og skal láta dagskrá fylgja fundarboði.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarstjórnina.

51. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987 (hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn. Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn).

- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd* (í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík). Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 2. *Bláffjallanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara.
 3. *Byggingar-, skipulags-, umferðar- og hafnarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með byggingar- og skipulagsmál skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, umferðarmál skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hafnarmál, sbr. hafnalög nr. 23/1994.
 4. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, jafnréttismál og málefni aldraðra.
 5. *Fjárhags- og launanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með fjárhagsmál bæjarsjóðs og gerð fjárhagsáætlana og kjaramál.
 6. *Forðagæslumaður*. Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi.
 7. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
 8. *Fulltrúaráð SSH*. Einn aðalmaður og annar til vara.
 9. *Fulltrúaráð Sorpu*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
 10. *Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar*. Einn aðalmaður í stjórn auk forseta sem er sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins. Stjórnar málefnum sjóðsins í samræmi við reglugerð.
 11. *Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 12. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 13. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 (hverfiskjörstjórn: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hverfiskjörstjórnir geta verið jafnmargar og kjörstaðir. Undirkjörstjórn: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í bænum. Heimilt að kjósa síðar).
 14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Sitja landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga með umboð Seltjarnarneskaupstaðar.
 15. *Launanefnd sveitarfélaga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
 16. *Menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni Lista- og menningarsjóðs, stjórn bókasafns og náttúrugripasafns.
 17. *Reykjanesfólkvangur*. Einn aðalmaður og annar til vara.
 18. *Skóðunarmenn bæjarreikninga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar).
 19. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Skólanefnd fer jafnframt með leikskólamál skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla, ennfremur málefni tónlistarskóla skv. lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 20. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og tveir til vara. Leysir úr ágreiningi í kjaramálum sem upp kemur milli samninga (Starfsmannafélag Seltjarnarness skipar tvo fulltrúa).
 21. *Starfsmatsnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara (Starfsmannafélag Seltjarnarness skipar tvo fulltrúa).
 22. *Stjórn Starfsmenntunarsjóðs*. Tveir aðalmenn og tveir til vara. Metur umsóknir um starfsmenntun og veitir styrki úr sjóðnum (Starfsmannafélag Seltjarnarness skipar tvo fulltrúa).

23. *Stjórn veitustofnana*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara (sjá lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. rgl. nr. 421/1992 og orkulög nr. 58/1967, sbr. rgl. settar á grundvelli þeirra).
24. *Æskulýðs- og félagsheimili Seltjarnarness*. Sjö fulltrúar (bæjarstjórnarmenn) í stjórn eigendafélags. Fer með stjórn og rekstur Æskulýðs- og félagsheimilis Seltjarnarness.
25. *Æskulýðs- og íþróttaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni unglinga og íþróttamál. Starfar samkvæmt erindisbréfi.

52. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

53. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

54. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins og undirbýr fundi bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarstjórnarmaður. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjórinn er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjórnunum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 55. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

57. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum bæjarstjórnarmönnum með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 61. gr.

64. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Seltjarnarneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 61/1988 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 366

10. maí 2000

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Laugardalshrepps í Árnessýslu.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Laugardalshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Laugardalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Laugardalshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar skv. 20. gr. og nefndir og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækni sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn Laugardalshrepps.

7. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

8. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 7. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

9. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum hreppsnefndarmönnum með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

10. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

11. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 7. gr. og þriggja ára áætlun skv. 10. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 9. gr.

12. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefnd skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

III. KAFLI

Um fundarskóp hreppsnefndar.

13. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum þess og fundarefni.

14. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 14. gr., boðar hreppsnefndarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefnd ekki gert það.

16. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsinguinni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

17. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

18. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund senda hreppsnefndarmönnum dagskrá fundarins og fylgigögn.

19. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

20. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem boðar til fyrsta fundar skv. 14. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytis þegar að því loknu.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

21. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

22. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

23. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

24. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

25. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

26. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

27. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund í hans stað.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundum.

28. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó ekki við þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

29. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

30. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

31. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

32. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef

einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

33. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

34. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

35. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður þegar oddviti les upp nafn hans já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

36. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Kosningar sem fram fara í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

37. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal

greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 22. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

39. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, svo sem oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

40. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

42. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bóköm og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

45. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

46. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum hreppsins eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar.

55. gr.

Fundargerðir nefnda hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis og skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Byggingarnefnd uppsveita.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

2. *Félagsmálanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara í sameiginlega félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer með barnaverndarmál.
 3. *Leikskólaneftnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
 4. *Skólaneftnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
 5. *Ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur forgöngu um sköpun tækifæra á sviði ferðaþjónustu og samræmingu texta í upplýsingabæklingum.
 6. *Fjallskilaneftnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin jafnar niður fjallskilum og skipuleggur smölun afréttar Laugardalshrepps.
 7. *Héraðsneftnd Árnessýslu*. Einn fulltrúi og annar til vara.
 8. Einn *búfjárefntirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
 9. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
 10. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 11. *Stjórn bókasafns*. Einn fulltrúi í stjórn bókasafns Menntaskólans að Laugarvatni og Laugardalshrepps skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
- C. Hreppsneftnd fer með önnur lögbundin verkefni, svo sem húsnæðismál. Laugardals-hreppur á aðild að Tónlistarskóla Árneseinga.

57. gr.

Hreppsneftnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsneftndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsneftnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsneftndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsneftndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsneftnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 53. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsneftnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra samkvæmt þeim samningi.

61. gr.

Hreppsneftnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir

með þriggja mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

63. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Laugardalshrepps hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

10. maí 2000

Nr. 367

SAMPYKKT

um stjórn og fundarsköp Fljótaldalshrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Fljótaldalshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Fljótaldalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Fljótsdalshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita eða framkvæmdastjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti eða framkvæmdastjóri, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti eða framkvæmdastjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá

eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita eða framkvæmdastjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti eða framkvæmdastjóri skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Oddviti eða framkvæmdastjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt

getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

18. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

19. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

20. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyppingu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

21. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita eða framkvæmdastjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Framkvæmdastjóri hreppsins skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundum.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venlamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um oddvita eða framkvæmdastjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

23. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Framkvæmdastjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

25. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið

fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

28. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til nefndar, ráðs, stjórnar, oddvita eða framkvæmdastjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

29. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

30. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

31. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er

haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

32. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmaet forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

34. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita eða framkvæmdastjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða öðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar, getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

40. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

41. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

42. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

43. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

44. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

45. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

46. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins eftir því sem við á.

47. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

48. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 31. gr.

49. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar til afgreiðslu á fundi hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórna í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

50. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til eins árs.** Á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd Héraðssvæðis.* Einn varamaður skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 2. *Barnaverndarnefnd Héraðssvæðis.* Einn varamaður skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
 3. *Búfjárefirtlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
 4. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 5. *Félagsmálaráð Héraðssvæðis.* Einn varamaður skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
 6. *Heilbrigðisnefnd Austurlands.* Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 8. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 9. *Skólanefnd grunnskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
- C. Hreppsnefnd fer með verkefni annarra lögbundinna nefnda.

51. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslíð hreppsins.

52. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið framkvæmdastjóra hreppsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

53. gr.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri hreppsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita ef ekki er starfandi framkvæmdastjóri skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

54. gr.

Framkvæmdastjóri hreppsins undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Framkvæmdastjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Framkvæmdastjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Framkvæmdastjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Framkvæmdastjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Framkvæmdastjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjaramninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra

útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum hreppsnefndarmönnum með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprilmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og framkvæmdastjóri hreppsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Fljótsdalshrepps hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshrepps nr. 353/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

1. gr.

Skilagjald.

Leggja skal skilagjald á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan

greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Skilagjald skal nema 6,43 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu og skal ráðherra hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins.

2. gr.

Umsýsluþóknun.

Umsýsluþóknun skal leggja til viðbótar skilagjaldi á hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 3,00 kr. á umbúðir úr stáli, 2,20 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 1,60 kr. á umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 1,60 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 0,32 kr. á umbúðir úr ólituðu plastefni.

3. gr.

Gjaldskylda.

Gjaldskylda samkvæmt 1. gr. nær til allra drykkjarvara í einnota umbúðum, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar eða átappaðar hérlendis og eru til sölu hér á landi og flokkast undir vöruliði 2009, 2201, 2202, 2203, 2204, 2205, 2206 eða 2208 í tollskrá, sem er viðauki I við tollalög nr. 55/1987.

Skilagjald leggst ekki á drykkjarvörur í einnota umbúðum, sem seldar eru úr landi. Við flokkun til gjaldskyldu skv. reglugerð þessari skal fylgja flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Ákvæði tollalaga gilda jafnframt um úrskurðarvald í ágreiningsmálum um tollflokkun drykkjarvara.

4. gr.

Álagning skilagjalds.

Öllum þeim, sem flytja inn til landsins skilagjaldsskyldar vörur skv. 1. gr., hvort sem er til eigin nota eða endursölu, ber skylda til við tollafgreiðslu að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af hinum innfluttu vörum.

Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við útreikning annarra aðflutningsgjalda en virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

Þeim, sem framleiða eða tappa á skilagjaldsskyldar vörur innanlands, ber skylda til að greiða skilagjald og umsýsluþóknun af framleiðslu sinni og standa skil á því í ríkissjóð. Skilagjald og umsýsluþóknun mynda ekki gjaldstofn við álagningu vörugjalds eða annarra sambærilegra framleiðslugjalda. Gjöldin mynda hins vegar stofn til virðisaukaskatts.

6. gr.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

Skilagjald og umsýsluþóknun af innlendum drykkjarvörum reiknast við sölu eða afhendingu þeirra frá framleiðanda, og skiptir þá ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram. Þó skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjá um greiðslu skilagjalds og umsýsluþóknunar af sölu fyrirtækisins á innlendra framleiðslu öls og áfengis og standa skil á því í ríkissjóð.

Hvert uppgjörstímabil vegna skilagjaldsskyldrar innlendrar framleiðslu eða átöppunar eru tveir mánuðir: janúar og febrúar; mars og apríl; maí og júní; júlí og ágúst; september og október; nóvember og desember.

Skilagjaldi og umsýsluþóknun af innlendra framleiðslu, ásamt framtalsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga, og skulu framleiðendur

senda Endurvinnslunni hf. afrit af innlagðri framtalsskýrslu. Gjaldldagi hvers uppgjörstímabils er 28. dagur annars mánaðar eftir lok þess vegna sölu eða afhendingar á því tímabili. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist gjalddagi á næsta virkan dag þar á eftir.

7. gr.

Viðurlög.

Ef skilagjald eða skilagjald og umsýsluþóknun er ekki greitt á tilskildum tíma, skal aðili sæta álagi til viðbótar þeim gjöldum sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef skýrslu skv. 6. gr. hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og gjöld því áætluð, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð, er til áætlunarinnar svarar, eða gefið fullnægjandi skýringu á vafaatriðum fyrir lok kerufrests.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.

Sé skilagjald eða skilagjald og umsýsluþóknun ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

8. gr.

Innheimta og endurgreiðsla.

Skilagjald og umsýsluþóknun skal greiða í ríkissjóð, er síðan ráðstafar umsýsluþóknuninni, skilagjaldinu og virðisaukaskatti af því jafnskjótt og við verður komið til Endurvinnslunnar hf. Endurvinnslan hf. skal sjá um að skilagjaldið verði endurgreitt neytendum ásamt virðisaukaskatti af því við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Skal endurgreiðslan þannig nema samtals 6,43 kr. án virðisaukaskatts á hverja umbúðaeiningu. Þó skulu líða 60 dagar frá hækkuðum álagðs skilagjalds úr 5,63 kr. án virðisaukaskatts í 6,43 kr. án virðisaukaskatts þar til Endurvinnslan hf. hækkar endurgreiðslu til neytenda fyrir hverja umbúð, sem skilað verður, úr 7,00 krónum í 8,00 kr. með virðisaukaskatti. Á sama hátt skal greiða samsvarandi gjald til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka, sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

9. gr.

Endurvinnslan hf.

Endurvinnslan hf. skal sjá um að koma upp og viðhalda skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Endurvinnslan hf. skal gefa umhverfisráðuneytinu reglulega skýrslu um starfrækslu skilakerfisins, þ.m.t. fjölda skilaðra umbúða eftir tegundum.

10. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, og öðlast gildi 1. júní 2000. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 282/1994, 148/1995, 214/1995 og 446/1996.

Umhverfisráðuneytinu, 26. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 2000

30. maí 2000

817

Nr. 369

REGLUGERÐ

um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða.

1. gr.

Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða veitir, í sambandi við flutning á þeim sem fengið hefur slíkt kort útgefið, heimild til að leggja ökutæki hvar sem er á landinu í bifreiðastæði sem atlað er fyrir fatlaða og auðkennt er með þar til gerðu umferðarmerki.

2. gr.

Umsókn um stæðiskort fyrir hreyfihamlaða skal leggja fram hjá lögreglustjóra þar sem umsækjandi á lögheimili eða dvelur að jafnaði, svo sem í skóla.

Skilyrði fyrir útgáfu stæðiskorts er að umsækjandi hafi annaðhvort sem ökumaður sérstaka þörf á ívilnun til að leggja ökutæki vegna heimilis, vinnu eða annarrar starfsemi vegna þess að hann getur ekki gengið eða á mjög erfitt með að hreyfa sig nokkurn spöl eða að hann hafi sem farþegi sérstaka þörf á sams konar ívilnun af sömu ástæðu.

Umsókn um stæðiskort skal fylgja vottorð læknis sem gert skal samkvæmt fyrir mælum landlæknis.

Umsókn um stæðiskort skal rita á eyðublað sem lögreglustjóri lætur í té.

3. gr.

Lögreglustjóri skal leggja sjálfstætt mat á umsókn um stæðiskort og tryggja að fullnægjandi upplýsingar um hreyfihömlun umsækjanda liggi fyrir áður en ákvörðun um útgáfu korts eða endurnýjun er tekin.

Ríkislögreglustjóri gefur út stæðiskort fyrir hreyfihamlaða.

Ríkislögreglustjóri skal halda landsskrá um útgefin stæðiskort.

4. gr.

Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða skal vera af EES gerð í samræmi við ákvæði í viðauka.

Stæðiskort skal gefa út í tiltekinn tíma, að hámarki fimm ár, þó ekki skemur en tvö ár. Ef þörf er tímabundin má gefa út kort til skemmri tíma.

Ef vetrarfærð veldur hreyfihömlun sérstaklega má gefa út stæðiskort er gildi fyrir tímabilið frá 15. október til 1. maí.

5. gr.

Þegar ökutæki er lagt í bifreiðastæði skal stæðiskortinu komið fyrir innan við framrúðu þannig að framhlið þess sjáist vel að utan.

Skylt er að sýna stæðiskort við eftirlit. Heimilt er lögreglumanni eða stöðuverði sem annast eftirlit með stöðvunarbrotum að leggja hald á stæðiskort til bráðabirgða ef grunur leikur á misnotkun þess.

Ef stöðuvörður eða lögreglumaður verður var við misnotkun stæðiskorts skal hann gera viðkomandi lögreglustjóra viðvart.

6. gr.

Útlendingi sem í heimalandi sínu hefur fengið útgefið stæðiskort fyrir hreyfihamlaða er heimilt að leggja ökutæki eins og greinir í 1. gr.

Slíkt stæðiskort skal bera hið alþjóðlega tákni fyrir fatlaða, svo og nafn rétthafa eða skráningarmerki ökutækisins.

Stæðiskort sem gefið er út samkvæmt 4. gr. gildir erlendis að því leyti sem hvert land ákveður.

7. gr.

Lögreglustjóri getur afturkallað stæðiskort ef það er misnotað eða ef aðstæður breytast þannig að skilyrði sem sett eru í 2. gr. eru ekki lengur fyrir hendi.

Sá sem fengið hefur útgefið stæðiskort samkvæmt reglugerð þessari skal tilkynna lögreglustjóra um breyttar aðstæður sem varðað geta gildi kortsins.

8. gr.

Synjun um útgáfu stæðiskorts samkvæmt 3. gr. og ákvörðun um afturköllun samkvæmt 7. gr. má skjóta til sérstakrar úrskurðarnefndar sem dómsmálaráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Úrskurðarnefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af ríkislögreglustjóra, sem skal vera formaður nefndarinnar, einum fulltrúa tilnefndum af Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra og einum tilnefndum af landlækni. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

9. gr.

Bifreiðastæðiskort fyrir fatlaða (P-merki) sem gefin hafa verið út af Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu halda gildi sínu hér á landi þar til gildistími þeirra rennur út eða stæðiskort fyrir hreyfihamlaða verður gefið út samkvæmt reglugerð þessari.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda að öðru leyti um þessi kort eftir því sem við á.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 78. gr. a umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. 6. gr. laga nr. 48 22. maí 1997, svo og með hliðsjón af 90. tölul. í XIII. viðauka (tilmæli 98/376/EB) við EES-samninginn, öðlast gildi 5. júní 2000.

EES-gerðin sem vísað er til er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 46 1999, bls. 159-163.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 2000.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Sandra Baldvinsdóttir.

VIÐAUKI

Gerð stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða skal vera í samræmi við meðfylgjandi mynd:

	<p>Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða</p>
<p>Gildir til: 00.00.0000</p>	 <p>Parkeringskort Parkeringskort Parking card Tarjeta de estacionamiento Parkausweis Contrassegno di parcheggio Parkeerkaart Cártao de estacionamento Pysäköintulupa Parkeringsstiltand Carte de stationnement Κάρτα στάθμευσης</p>
<p>Nr.: 000-0000-00000</p>	<p>EES gerð</p>
<p>Útgefandi:</p>	
<p>00000000000000000000</p>	

<p>Mynd af handhafa stæðiskorts</p>	<p>Stæðiskort þetta veitir handhafa þess rétt til að leggja ökutæki í samræmi við reglur um hreyfihamlaða í viðkomandi EES ríki þar sem hann dvelur.</p>
<p>Eiginnafn/ millinafn:</p>	<p>Við notkun kortsins skal koma því fyrir innan við framrúðu þannig að framhliðin sjáist vel við eftirlit.</p>
<p>..... Kenninafn:</p>	
<p>..... Undirskrift:</p>	
<p>.....</p>	

Um útlit stæðiskortsins og efni gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- Stærð kortsins skal vera 106 mm á lengd og 148 mm á breidd.
- Kortið skal vera ljósblátt að lit, að undanskildu hvíta táknuinu fyrir fatlaða, á dökkbláum grunni.
- Kortið skal vera plasthúðað, nema á þeim stað sem ætlaður er fyrir undirskrift korthafans vinstra megin á bakhlið.
- Á framhlið kortsins skal koma fram lokadagur þess og gildistími ef um vetrarkort er að ræða, svo og raðnúmer kortsins.
- Hægra megin á framhlið kortsins skal þjóðernismerkið, ÍS, í sporöskjulaga hring vera sem bakgrunnur.
- Vinstra megin á bakhlið kortsins skal rita:
Eiginnafn (eiginnöfn) korthafa og, ef því er að skipta, millinafn.
Kenninafn korthafa.
Auk þess skal þar vera undirskrift korthafa og ljósmynd.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 150/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	01.06. – 11.06.00	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	12.06. – 30.06.00	ótilgr.	22,5	298

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. maí 2000.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 2000

31. maí 2000

821

Nr. 371

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38, 12. febrúar 1940 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 479, 9. júlí 1999, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 2,9%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 2000.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 2000

Nr. 372

822

2. júní 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7/1999 um húsbref og húsbrefaviðskipti, sbr. reglugerð nr. 942/1999.

1. gr.

19. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo:

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbrefum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði notaðrar íbúðar, sbr. 29. gr., ef umsækjandi er að kaupa sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en 6.420.000 kr.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbref sem nemur lægri fjárhæð en 828.000 kr.

2. gr.

21. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo:

Skipta má á fasteignaveðbréfi fyrir húsbref fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði nýrrar íbúðar, sbr. 29. gr., ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en 7.714.000 kr.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfum fyrir húsbref sem nemur lægri fjárhæð en 828.000 kr.

3. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði má að hámarki nema 3.831.000 kr.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbref sem nemur lægri fjárhæð en 570.000 kr.

Hámarkslánstími fasteignaveðbréfa vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði skal vera 25 ár.

Hámarksveðsetning íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar er 65% af matsverði íbúðarinnar skv. 29. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. júní 2000.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar íslenskra skipa 2000/2001.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 20. júní 2000 til og með 1. maí 2001.

2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 2000/2001 er 417.750 lestir.

3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að allar loðnuveiðar eru bannaðar tímabilið 16. ágúst - 15. september 2000. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna.

4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reit.

Óheimilt er að dæla aflla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip eða flytja óvigtaðan aflla milli skipa með öðrum hætti. Fáa loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann aflla sem er í nótinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nótinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu. Loðnuafli skal ávallt skráður sem afli þess skips sem honum er landað úr.

6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, leyft loðnuveiðar með vörpu í tilraunaskyni.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júní 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 374

5. júní 2000

REGLUGERÐ**um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2000/2001.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænlenkra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á loðnuvertíðinni 20. júní 2000 til 30. apríl 2001.

2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi til loðnuveiða eða afrit af því skal vera um borð í veiðiskipi.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brt., burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu, og komi sömu upplýsingar fram og í umsókninni.

3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 41.200 lestir í efnahagslögsögu Íslands og er þeim aðeins heimilt stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 2001 og norðan við 64°30'N.

Grænlenkum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands það magn sem þeim er úthlutað af grænlenkum stjórnvöldum, þó með þeirri takmörkun að eftir 15. febrúar 2001 og sunnan 64°30'N er þeim aðeins heimilt að veiða 23.000 lestir til 30. apríl 2001.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 30.000 lestir á loðnuvertíðinni 2000/2001.

Allar veiðar eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands tímabilið 16. ágúst - 15. september 2000. Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnunin kunna að grípa til.

4. gr.

Færeyskum, norskum og grænlandskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Grænlandskum og færeyskum skipum sem stunda loðnuveiðar eftir 15. febrúar 2001 er óheimilt að landa loðnuaflla utan Íslands nema til bræðslu.

5. gr.

Á tímabilinu 20. júní til 30. nóvember 2000 skulu ekki fleiri en 35 norsk skip stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelginni samtímis. Á tímabilinu 1. desember 2000 til 15. febrúar 2001 skulu ekki fleiri en 25 norsk skip stunda loðnuveiðar í lögsögunni samtímis.

Ekki skulu fleiri en 10 færeysk skip stunda loðnuveiðar samtímis.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hvorri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 11. gr.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

- a) 65°00'N - 10°00'V
- b) 66°15'N - 09°00'V
- c) 67°30'N - 10°00'V
- d) 68°30'N - 11°00'V

- e) 69°15'N - 13°00'V
- f) 68°40'N - 16°30'V
- g) 68°00'N - 20°00'V

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða í hvaða athugunarstað veiðiskip fer í gegnum.

7. gr.

Áður en skip kemur inn í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafla um borð.

Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr., og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr. Þó þarf ekki að tilgreina athugunarstað sbr. síðasta lið.

8. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00-08 að íslenskum tíma senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Aflí síðasta sólarhrings eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

9. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send.

10. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstað með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar sbr. 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling í fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „In“.

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Skráningarnúmer.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

12. gr.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í lestum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu.

Starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og Veiðieftirlits Fiskistofu skal sýnd afladagbók sé þess óskað.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentímetra millibil frá ákvæðnum og merktum viðmiðunarstað.

13. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

14. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8. - 11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

15. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6., 7. og 10. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

16. gr.

Tilkynningar skv. 7.-10. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma.

Skipum er óheimilt að yfirgefa athugunarstaði fyrir áætlaðan komutíma, sbr. 7. og 10. gr.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. júní 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 2000

22. maí 2000

829

Nr. 375

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

1. gr.

Við fylgiskjal reglugerðarinnar bætist nýr liður sem orðast svo:

C. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti, í þeim tilvikum er keyptar eru vörur í báðum þrepum virðisaukaskatts í sömu verslun. Endurgreiða skal samkvæmt töflunni ef heildar-sölufjárhæð vara er a.m.k. 4.000 kr. en sölufjárhæð vara í öðru hvoru þrepi virðisaukaskatts er lægri en 4.000 kr. Skal þá endurgreiða virðisaukaskatt samkvæmt töflunni vegna sölu í því skattþrepi þar sem sölufjárhæð nær ekki 4.000 kr.

Sölufjárhæð í viðkomandi þrepi virðisaukaskatts	Endurgreiðsla á 14% virðisaukaskatti	Endurgreiðsla á 24,5% virðisaukaskatti
0-1.000	0	0
1.001-2.000	150	350
2.001-3.000	200	400
3.001-3.999	250	450

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. maí 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

30. maí 2000

Nr. 376

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Í stað „2.000 kr.“ í c-lið 1. mgr. 86. gr., sbr. reglugerð nr. 799 30. desember 1998, komi: 1.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 2000.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Gutenberg

REGLUR

um breyting á reglum nr. 195/1997 fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á Héraðssvæði.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Samvinnunefndin skal ljúka störfum fyrir 1. febrúar árið 2001.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 4. mgr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 19. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Nr. 378

22. maí 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Skeggjastaðahreppi nr. 337/1988.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. 6. málslíður orðast svo: Þá skal og hver húseigandi er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,3% af fasteignamati húss og lóðar.
- b. 7. málslíður fellur brott.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 379

23. maí 2000

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Tunga í Hvalfjarðarstrandahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Tunga í Hvalfjarðarstrandahreppi, frá 26. apríl 1994, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á hluta jarðarinnar Tungu þar sem frístunda- byggðarsvæði stækkar á kostnað landbúnaðarlands auk þess sem afmörkun vatnsverndar- svæðis breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin hefur fengið samþykki annarra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu, þ.e. Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur, Akraneskaupstaður og Innri-Akraneshreppur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

23. maí 2000

Nr. 380

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008, við vatnstankinn í Löngulág í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráð- herra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin felur í sér að svæði opinberra stofnana/félagsheimili umhverfis vatnstankinn í Löngulág verður að blönduðu svæði, þ.e. opinberar stofnanir/félagsheimili/verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

25. maí 2000

Nr. 381

GJALDSKRÁ

fyrir gjald vegna stöðvunarbrota í Reykjavík.

1. gr.

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku, sbr. f-lið 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, skal vera 1.500 kr.

2. gr.

Stöðubrotsgjald vegna annarra stöðvunarbrota, sbr. a- til e-lið 1. mgr. 108. gr. umferðar- laga, skal vera 2.500 kr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 62 24. maí 1988, öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði auglýsinga um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 317 3. ágúst 1993 og nr. 13 11. janúar 1994, er varða fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota í Reykjavík.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. maí 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

Nr. 382

29. maí 2000

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt eftirfarandi:

- Breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hverahlöð 7, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn 14. maí 1999.
- Breytingu á deiliskipulagi lóðanna Réttarheiði 17 og 19, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn 10. júní 1999.
- Breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Laufskógar 23, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn 8. júlí 1999.
- Breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hverhamar, Hveragerði, breytingin samþykkt í bæjarstjórn 9. september 1999.
- Breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Þórsmörk 9, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn 9. september 1999.
- Nýtt deiliskipulag við Kambahraun 53-60, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn 13. apríl 2000.
- Nýtt deiliskipulag tjaldevæðis við Reykjamörk, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn 13. apríl 2000.
- Nýtt deiliskipulag við Laufskóga 32, 34, 36, 38 og 40, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn 11. maí 2000.

Allar tilheyrandi greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 29. maí 2000.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Barónsstígur 2-4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis. Breytingin varðar Skúlagötu 32-34, þar sem hús er hækkað að hluta um eina hæð, ásamt ýmsum innri breytingum.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Spöngin 1, 7 og 9-41.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóða 1, 7 og 9-41 við Spöngina. Lóðir nr. 9-31 og 33-41 eru sameinaðar og byggingarmagn aukið. Bílastæðum þar fjölgað. Gert er ráð fyrir byggingu Borgarbókasafns á lóð nr. 7, og aðstöðu fyrir leigubifreiðir á lóð nr. 1 við Spöngina.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 25. maí 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

23. maí 2000

Nr. 384

AUGLÝSING

um staðfestingu svæðisskipulags Mýrasýslu 1998-2010.

Með vísan til 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest svæðisskipulag Mýrasýslu 1998-2010 er tekur til tveggja sveitarfélaga, Borgarbyggðar og Hvítársíðuhrepps með fyrirvara varðandi stefnumörkun um frístundabyggð og efnistöku. Samvinnunefnd um svæðisskipulag Mýrasýslu samþykkti svæðisskipulagið þann 24. febrúar 2000 til afgreiðslu Skipulagsstofnunar sem hefur mælt með að svæðisskipulagið verði staðfest.

Í svæðisskipulaginu er mörkuð almenn stefna um þróun byggðar og landnotkunar. Þar sem stefna svæðisskipulagsins hvað varðar frístundabyggðarsvæði og efnistökusvæði tekur ekki á staðsetningu, afmörkun og umfangi slíkrar landnotkunar, skal fara með þau mál skv. 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða skipulags- og byggingarlaga þar til aðalskipulag liggur fyrir í viðkomandi sveitarfélögum.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, iðnaðarsvæði á Stórubryggju, Eyrarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, frá 22. febrúar 1985.

Breytingin varðar afmörkun 700 fermetra iðnaðarsvæðis á austurhluta Stórubryggju. Landnotkun breytist frá óbyggðu opnu svæði í iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Eyrarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 386

23. maí 2000

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, sbr. viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010, Vallarhverfi, 2. áfangi, Grindavíkurbær.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, frá 15. nóvember 1984, sbr. viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1999-2010, frá 25. nóvember 1991.

Breytingin varðar íbúðar- og útivistarsvæði norðan Kúadals, jafnframt er breytt gatna-kerfi við Grindavíkurveg og Nesveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 387

29. maí 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 233, 30. mars 1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða.

1. gr.

2. töluliður 4. gr. orðast svo: Slægja skal eins fljótt og auðið er eftir að fiskurinn er kominn um borð. Sé heimilt að landa óslægðum fiski skal hann slægður eigi síðar en 12 klst. eftir löndun.

2. gr.

5. töluliður 1. kafla viðauka 1 orðast svo: Allan fisk, annan en þann sem selja á lifandi, skal blóðga, slægja, þvo og kæla þannig að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið innbyrtur. Sé afla landað daglega er þó heimilt að koma með óslægðan fisk að landi, enda hafi hann undantekningarlaust verið blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt, þ.e. að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið veiddur. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst er þó ekki heimilt að landa óslægðum fiski á laugardögum og sunnudögum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu ef sýnt er óyggjandi fram á að tryggt sé að uppfyllt séu skilyrði um slægingu í landi eins og kveðið er á um í reglugerð þessari.

3. gr.

2. töluliður kafla I viðauka 4 orðast svo: Sé afla landað daglega er heimilt að koma með aflann óslægðan að landi, enda sé hann undantekningalaust blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt þ.e. að tryggt sé að hitastig fisks verði milli 0-4°C innan 6 klst. eftir að hann hefur verið veiddur. Slæging, þvottur og ísun skal fara fram við fyllsta hreinlæti svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 12 klst. eftir löndun. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst er þó ekki heimilt að landa óslægðum fiski á laugardögum og sunnudögum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu ef sýnt er óyggjandi fram á að tryggt sé að uppfyllt séu skilyrði um slægingu í landi eins og kveðið er á um í reglugerð þessari.

4. gr.

1. málslíður 4. töluliðar viðauka 8 orðast svo: Flutningatæki sem notuð eru til flutnings á afla eða fiskafurðum skulu vera lokuð. Þau skulu vera þannig gerð og útbúin að unnt sé að halda afla eða fiskafurðum við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari meðan á flutningi stendur.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

SAMPYKKT

**um afgreiðslu byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar,
skv. skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

1. gr.

Byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum önnur en gerð skipulagsáætlana, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og hverfa.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að þremur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingarstjóri og iðnmeistarar sem ábyrgð bera, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingarframkvæmdanna hafi verið greidd.
3. Undirritaðir hafi verið byggingarskilmálar.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í skipulags- og byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar, en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu, en skulu hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar með sama hætti og aðrar bókanir byggingarnefndar. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindis skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og ákvæði skipulagsreglugerðar og byggingarreglugerðar.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synji að afgreiða erindi, er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnslutölum nr. 37/1993. Skulu slík kærumál send til bæjarstjóra Sveitarfélagsins Árborgar. Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. og 4. mgr. 39. gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytinu, 30. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Suzukítónlistarskólann í Reykjavík.

1. gr.

Skólinn er sjálfseignarstofnun og heitir Suzukítónlistarskólinn í Reykjavík. Stofnendur eru Íslenska Suzukisambandið og áhugafólk um Suzukítónlistaruppeldi.

2. gr.

Heimili og varnarþing skólans er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé skólans er kr. 500.000 og er það bundið í húsnæði skólans að Sóltúni 24. Stofnfénu skal halda óskertu að raungildi.

4. gr.

Markmið skólans er að sinna tónlistaruppeldi samkvæmt hugmyndafræði Dr. Shinichi Suzuki. Markmið skólans skulu skilgreind í skólanámskrá, staðfestri af skólanefnd.

5. gr.

Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla sbr. lög nr. 75/1985 ásamt síðari breytingum.

6. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar er í höndum skólanefndar. Skólanefnd fer með yfirstjórn skólans og setur nánari reglur um rekstur hans. Skólanefnd kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

Skólanefnd ræður skólastjóra, en hann ræður kennara og annað starfsfólk. Kennarar skólans skulu starfa eftir Suzukiaðferðinni eins og hún er skilgreind á alþjóðavettvangi á hverjum tíma, þannig að tryggt sé að skólinn standi faglega undir nafni.

7. gr.

Skólanefnd er skipuð þremur mönnum til 1 árs í senn. Einn er tilnefndur af Reykjavíkurborg, einn af kennurum skv. tilnefningu kennarafundar, og einn af foreldraráði skólans. Sá kennari sem tekur sæti í skólanefnd skal hafa minnst 3ja ára starfsreynslu sem Suzukikennari og próf í a.m.k. 2 Suzukiréttindastigum. Það foreldri sem tekur sæti í skólanefnd skal, ef þess er nokkur kostur, hafa faglega þekkingu af rekstri stofnana eða fyrirtækja. Það foreldri sem situr í skólanefnd má ekki eiga barn í námi hjá þeim kennara sem einnig situr í skólanefnd.

Skólastjóri skal sjá til þess að nefndin sé fullskipuð og starfhæf í síðasta lagi 1. október ár hvert.

8. gr.

Rekstur skólans skal kosta með styrk frá Reykjavíkurborg, skólagjöldum nemenda, svo og öðrum þeim styrkjum sem skólinn fær.

9. gr.

Reikningsár er frá 1. september til 31. ágúst.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Allar breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af skólanefnd.

Verði skólinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. maí 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir hafnir Fjarðabyggðar.

I. KAFLI

Hafnirnar og stjórn þeirra.

1. gr.

Hafnirnar og takmörk þeirra.

- 1.1 Hafnir Fjarðabyggðar eru: Neskaupstaðarhöfn, Eskifjarðarhöfn og Reyðarfjarðarhöfn.
- 1.2 Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð vestan línu sem hugsast dregin frá Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes. Skiptist höfnin í ytri og innri höfn. Ytri höfnin tekur yfir svæðið frá ytri takmörkum hafnarinnar að fjarðarbotni. Í henni er hafnarlega og allt viðlegupláss meðfram strandlengjunni norðanverðri frá Neseeyri að Vindheimi. Innri höfnin er allt hafnarsvæðið, viðlegupláss og smábátahöfn innan ytri takmarka sjóvarnargarða, er ganga í sjó fram úr fjarðarbotninum.
- 1.3 Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu er hugsast dregin frá Hólmanestá yfir fjörðinn að vestanverðri Stekkseyri. Takmörk á landi eru frá Hólmanestá að Merkisteini. Á Hólmanströnd ræður stórstraumsflóðborð. Frá merkisteini að Bleiksá ræður sjávarbrún þjóðveggar. Frá Bleiksá að Mjóeyri ræður syðri brún Strandgötu. Frá innri Mjóeyrarvík að vestanverðri Stekkseyri ræður stórstraumsfjöruborð.
- 1.4 Reyðarfjarðarhöfn nær yfir Reyðarfjörð innanverðan, vestan línu sem hugsast dregin milli Hrutatanga sunnan í Hólmanesi norðan fjarðar í Hlaðhamar vestan ósa Eyrarár sunnan fjarðar. Takmörk á landi eru frá Hlaðhamri sunnan fjarðar að Norðurá fyrir fjarðarbotni og þar ræður stórstraumsflóðborð. Frá Norðurá ræður austurbrún Leiruvogar til norðurs að Nesbraut. Suðurbrún Nesbrautar til austurs að Búðargötu, vesturbrún Búðargötu að Strandgötu. Suðurbrún Strandgötu til austurs að enda hennar austan Búðarár. Þaðan bein lína framlengd að sjó í Oddnýjarhæðarvík, þaðan til norðurs að Austurvegi. Suðurbrún Austurvegar að Merkilæk. Þaðan ræður stórstraumsflóðborð að Hrutatanga norðan fjarðar að undanskilinni Mjóeyri við Sómastaðagerði, en eyrin öll að brekkurótum tilheyrir hafnarsvæði.
- 1.5 Landsvæði hafna Fjarðabyggðar skiptist í hafnarbakka, bryggjur, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði, götur, iðnaðar- og baksvæði.
- 1.6 Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur með höndum úthlutun lóða á hafnarsvæðum að fengnum tillögum hafnarnefndar.

2. gr.

Stjórn hafnanna.

- 2.1 Fjarðabyggð er eigandi hafnanna. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytis, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarnefnd.
- 2.2 Hafnarnefnd skal skipuð fimm fulltrúum, sem bæjarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og bæjarstjórnar.
- 2.3 Bæjarstjórn kýs formann og varaformann hafnarnefndar, en hún skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- 2.4 Bæjarstjórn ræður hafnarstjóra að fenginni tillögu hafnarnefndar.
- 2.5 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjórar sæti í hafnarnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarnefndar.

- 3.1 Hafnarnefnd er ábyrg fyrir fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnanna. Hún ákveður gjaldskrá í samræmi við ákvæði 8. gr. hafnalaga, gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð sem bæjarstjórn skal staðfesta. Hafnarnefnd skal leita staðfestingar bæjarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum til langs tíma.
- 3.2 Hafnarnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um: Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr., rekstur hafnanna svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnanna og landi. Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðunum og hefur vald til að banna eða takmarka not hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.
- 3.3 Bygginga- og skipulagsmál hafnanna, þ. á m. innkaup og verksamningar, skulu hljóta umfjöllun í hafnarnefnd áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn. Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðunum nema með samþykki hafnarnefndar. Hafnarnefnd skal sjá um að sótt sé um framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda, sem eru undanþegin ákvæðum um byggingarleyfi, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

- 4.1 Næsti yfirmaður hafnarstjóra er bæjarstjóri. Hafnarstjórar fara með daglega stjórn hafnanna. Hafnarstjórar sjá um framkvæmd samþykktu hafnarnefndar og veita henni og bæjarstjóra upplýsingar um málefni hafnanna. Þeir sjá um að fjárhagsáætlunum sé fylgt. Hafnarstjórar eru yfirmenn annarra starfsmanna hafnanna.
- 4.2 Hafnarstjórar skulu vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarnefndar og bæjarstjórnar.
- 4.3 Hafnarstjórar sjá um að gætt sé reglu á höfnunum og á landi þeirra. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum þeirra eða annarra sem þeir fela slík störf.

5. gr.

Hlutverk hafnarvarðar.

- 5.1 Hafnarnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu hafnarvarða og annarra fastra starfsmanna hafnanna svo marga sem þurfa þykir. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga í skamman tíma ræður hafnarstjóri.
- 5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eigum hafnanna, gæta reglu og sinna skipaþjónustu.
- 5.3 Starfsmenn hafnanna skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum hann órétti beittur af starfsmanni getur hann kært það til hafnarnefndar, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

- 6.1 Skip telst í þessari reglugerð sérhvert fljótandi far sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

- 7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
- 7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af starfsmönnum hafnanna. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðin hafa opna talstöð á viðskiptabylgju viðkomandi hafnar.
- 7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarðar með fjarskipta-sambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara.
- 7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á.
- Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
 - Nafn skipstjóra.
 - Stærð áhafnar og fjölda farþega.
 - Tegund og magn farms.
 - Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG-flokkun) og magn.
 - Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
 - Nafn umboðsmanns.
- 7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkt, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest, svo og sérreglna Siglingastofnunar Íslands. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Umferð um hafnirnar.

- 8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda meggi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
- 8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af aðal- eða þverskrúfum.
- 8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa á skipum í höfninni.
- 8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
- 8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu þegar skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

Skip í viðlegu.

- 9.1 Skip telst í viðlegu er það liggur við hafnarbakka, bryggju þ. m. t. utan á öðru skipi eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

- 9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekning eru skip sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
- 9.3 Ekki má binda skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal komið þannig fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt getur hann krafist þess að tafarlaust sé bætt úr því.
- 9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skipstjóra er skylt að flytja skipið ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip og er skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færast hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa tölulíðar, eða dragist flutningur þess yfir þann tíma er hafnarstjóri hefur skipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
- 9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti sem getur tekið á móti skipunum hafnarstarfsmanna og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Hafnarstjóra er heimilt að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
- 9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 bt. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

Skip í lægi.

- 10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
- 10.2 Skipum sem leggja skal í lægi má aðeins leggja á þeim stöðum er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingafélags skipsins. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaust í lægi skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði fara út í það til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað og ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilgreina siglingafróðan mann, sem búsettur er í Fjarðabyggð, og hafa skal umsjón með skipinu. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því skal hafnarstjóri fullnægja þeim en skipseigandi greiði allan kostnað sem af því leiðir.

III. KAFLI

Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

11. gr.

Lestun og losun almennt.

- 11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands eru öllum heimil, að fengnu leyfi hafnaryfirvalda, og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.
- 11.2 Hafnamefnd ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum sem geymdar eru á hafnarvæðinu.

- 11.3 Við lestun eða losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum, án eðlilegs hlífðarlags.
- 11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágur frá slíku.
- 11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.
- 11.6 Þeir munir eða vörur sem skipað er upp, eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur eða muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.
- 11.7 Við lestun og/eða losun á vikri, sandi, kolum, mjöli og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífur milli skips og hafnarbakka þannig að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt getur hafnarstjóri stöðvað verkið uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.
- 11.8 Þegar lokið er lestun og/eða losun skal sá er séð hefur um það láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka sem notuð hafa verið. Farist það fyrir skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

- 12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningaskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4, og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomet, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalsíumkarbit, ammoníumnítrat og natríumklorat.
- 12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein, skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
- 12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsigli, en í myrkri rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós nema undir kótlum skipsins eða í eldavél og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Um hafnargjöld í Fjarðabyggð.

13. gr.

Um hafnargjöld.

- 13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá er settar skulu í samræmi við ákvæði 8. gr. hafnalaga.

Gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur skv. 1. og 2. mgr. 8. gr. hafnalaga nr. 23/1994.

Þjónustugjaldskrá er hafnarnefnd setur og staðfest er af bæjarstjórn skv. 2. mgr. 13. gr. hafnalaga nr. 23/1994.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Löggæsla á hafnarsvæðum, umferð og fleira.

- 14.1 Lögreglan í Fjarðabyggð hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðunum.
- 14.2 Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga er bannað að dvelja á landi hafnanna, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk, sem fer um hafnarsvæðin, er þar á eigin ábyrgð.
- 14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við hafnirnar eða á þeim. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðunum án leyfis. Á hafnarsvæði Reyðarfjarðarhafnar eru skotveiðar bannaðar vestan línu sem hugsast dregin frá Klöpp norðan fjarðar í Hruteyri sunnan fjarðar.
- 14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðunum án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðunum mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.
- 14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

- 15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitu hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki láta draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.
- 15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

- 16.1 Engum úrgangi eða rusli má henda í höfnina.
- 16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjóra komi til.
- 16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora og/eða annað sem mengun

veldur. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum. Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Beiðni og skilyrði fyrir þjónustu.

- 17.1 Allir þeir sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðila um aðstoð eða afgreiðslu sem er í vanskilum við höfnina.

18. gr.

Hverjum skal gefa fyrirmæli.

- 18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi né umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt og skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

- 19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist matsins ef það gengur honum ekki í vil.
- 19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni, eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, þá er óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 32. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggja við, samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Fjarðabyggðar.
- 20.2. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi hafnarreglugerð fyrir Neskaupstaðarhöfn nr. 379/1985, hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarhöfn nr. 378/1985 og hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985.

Samgönguráðuneytinu, 16. maí 2000.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260, 15. apríl 1999, um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka.

1. gr.

Á eftir 22. tölul. 1. gr. kemur nýr töluliður er verður 23. tölul. sem orðast svo: Veiðimaður: Sérhver einstaklingur eða lögaðili sem veiðir lifandi samlokur á veiðisvæði í því skyni að meðhöndla þær og setja á markað.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Leyfi til vinnslu lifandi samloka til manndis skal háð því að uppfyllt séu almenn skilyrði laga ásamt eftirfarandi skilyrðum:
- b. Á eftir 1. másl. 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr máslíður sem orðast svo: Ef um hörpudisk (pectinidae) er að ræða, þá gildir 1. másl. aðeins ef um er að ræða fiskeldisafurðir eins og þær eru skilgreindar í reglugerð nr. 233 30. mars 1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafra og fiskafurða.

3. gr.

Í stað orðsins „umlagningarsvæði“ í 1. másl. 2. mgr. 6. gr. kemur: umlagningarsvæði/hreinsistöð.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. 2. mgr. orðast svo: Fiskistofa ákveður hvaða svæði eru viðurkennd til veiða á samlokum samkvæmt prófunum á samlokum, sjósýnum og aðstæðum almennt. Veiðisvæði skulu ekki viðurkennd til veiða á samlokum nema að undangenginni heilnæmiskönnun sem staðfestir að þau uppfylli kröfur í 26. gr. og viðauka 1 og að fram fari reglubundið eftirlit.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný mgr. sem orðast svo: Fiskistofa skal tilkynna þeim aðilum sem þessi reglugerð varðar, einkum framleiðendum og stjórnendum veiða, hreinsunar- og afgreiðslustöðva, um endimörk veiði- og umlagningarsvæða, svo og þegar í stað um allar breytingar á endimörkum veiðisvæða og tímabundna eða endanlega lokun á þeim.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr.:

- a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Vinnsluleyfisnúmer veiðiskips og nafn og heimilisfang veiðimanns.
- b. 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Merkisspjald fyrir hverja lotu af lifandi samlokum skal vera undirritað af veiðimanni og vera með dagsstimpli við afhendingu til afgreiðslu- eða hreinsistöðvar, umlagningarsvæðis eða vinnslustöðvar og skulu veiðimaður og stjórnendur slíkra stöðva, svæða eða starfsstöðva halda því til haga í að minnsta kosti 12 mánuði.

6. gr.

Í stað orðanna „og 91/493“ í 34. gr. kemur: 91/493 og 97/61.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I.

- a. Við 6. tölul. bætist: af domoic-sýru í hverju grammi, greint með HPLC-aðferð.
- b. 7. tölul. orðast svo: Sýnataka og prófanir skulu gerðar samkvæmt frekari leiðbeiningum frá Fiskistofu.
- c. 8. tölul. fellur brott.

9. gr.

Við 8. tölul. í kafla B í viðauka 2 bætist: sbr. 13. gr. reglugerðarinnar, ásamt öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að tryggja rekjanleika vörunnar.

10. gr.

14. tölul. í viðauka 3 orðast svo: Vinnslustöðvar sem flytja lifandi samlokur til annarra vinnslustöðva skulu láta merkisspjald fylgja með, sbr. 13. gr. reglugerðarinnar ásamt upplýsingum um tímalengd meðhöndlunar í hreinsistöð/umlagningsvæði svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja rekjanleika vörunnar.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Porsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöðina Rifós hf., Kelduhverfi, kt. 500692-2869. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöðina Fellsmúla ehf., Fellsmúla, kt. 510888-1629. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöðina Napa hf., Hallkelshólum, Grímsnesi, kt. 531285-0269. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöðina Laxeyri ehf., Húsafelli, kt. 691295-4359. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöð Stofnfisks hf., Laugum, kt. 620391-1079. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöð Stofnfisks hf., Öxnalæk, Ölfusi, kt. 620391-1079. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöð Íslandsbleikju ehf., Núpum III, Ölfusi, kt. 691297-2339. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöð Bleikjubæjar ehf., Laugardalshreppi, kt. 690296-2259. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Silung ehf., fiskeldisstöð, Vatnsleysu, kt. 631192-2119. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Silung ehf., fiskeldisstöð, Þóroddsstöðum, Ölfusi, kt. 631192-2119. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskeldisstöð Íslandslax hf., Grindavík, kt. 430894-2349. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 20. apríl 2010.

Reykjavík, 26. maí 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfum fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út breytingu á starfsleyfi fyrir Vinnslustöðina hf., fiskmjölsverksmiðju, Vestmannaeyjum, kt. 700269-3299. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Breyting á starfsleyfi öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út breytingu á starfsleyfi fyrir Ósland ehf., fiskmjölsverksmiðju, Höfn, Hornafirði, kt. 501192-2799. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Breyting á starfsleyfi öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. maí 2001.

Reykjavík, 26. maí 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

Nr. 394

23. maí 2000

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Siglufjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal annarra verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnskipun bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði að jafnaði þriðja fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það, sbr. þó 8. gr. samþykktar þessarar.

10. gr.

Íbúum Siglufjarðar skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miða skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara, sbr. 12. gr. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggunn hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg bæjarbúum á skrifstofum bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti milli hverra tveggja skal kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu. Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatgur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmatgur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slútur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu nákvæmlega bókaðar. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Arsreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmatgur forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri

röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar taki til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Sama á við sé hann fyrirvarsmaður aðila sem málið varðar með sambærilegum hætti.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál sé svo vaxið að einhver bæjarfulltrúi sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta og/eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er bæjarfulltrúa að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við

kosningar ræður hlutkesti. Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfalls-kosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 22. gr. Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf. Þó getur á sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæða-

greiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skv. 3. tölulið 11. gr.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn vegna óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leyfilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjóri þá varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundar-sköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi

ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtalдар nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjár aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.

2. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra, sbr. lög nr. 125/1999, jafnréttismál, sbr. lög nr. 28/1991, barnaverndarmál, sbr. barnaverndarlög nr. 58/1992, húsaleigumál, sbr. húsaleigulög nr. 36/1994 og lög um húsaleigubætur nr. 138/1997, málefni fatlaðra, sbr. 7. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og áfengis- og vímuvarnir.

3. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.

4. *Húsnæðisnefnd*. Þrjár aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. lög um húsnæðismál nr. 44/1998.

5. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd*. Þrjár aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur yfirumsjón með íþrótt- og æskulýðsstarfi á vegum bæjarins.

6. *Kjörstjórn*. Þrjár aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

7. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

8. *Skóla- og menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla, sbr. lög nr. 66/1995, leikskóla, sbr. lög nr. 78/1994, málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985, málefna safna í eigu bæjarins, sbr. m.a. lög um almenningubókasöfn nr. 36/1997, og menningarmál. Þegar nefndin fjallar um málefni grunnskóla eiga fulltrúar kennara, foreldra og skólustjóri rétt til setu á fundum hennar, sbr. 13. gr. laga nr. 66/1995.

9. *Tækni- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um byggingar- og skipulagsmál, sbr. lög nr. 73/1997, umhverfismál, náttúruvernd skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, gróðurvernd, sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, vatnsveitu, sbr. lög nr. 81/1991, búfjárhald, sbr. lög nr. 46/1991, og gerir nefndin tillögu um einn búfjárefirlitsmann og annan til vara, umferðarmál, sbr. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og ferlimál. Auk þess er nefndin bæjarráði til ráðgjafar um viðhald á eignum og mannvirkjum bæjarins.

10. *Stjórn Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar*. Þrjár aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

11. *Fulltrúar í stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 36. gr. laga nr. 113/1996.

12. *Fulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 9. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, sbr. 1. mgr., svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

64. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana og fyrirtækja bæjarins eftir þeim reglum sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

65. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum bæjarfulltrúum með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal bæjarstjórn árlega semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Áætlunin skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Siglufjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/1988 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. maí 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

5. júní 2000

Nr. 395

AUGLÝSING

um deiliskipulag ræktunarlóðar í Neðra-Hrisnesi, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag. Skipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. júní 2000.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

17. maí 2000

Nr. 396

SAMÞYKKT

um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Stjórn Sveitarfélagsins Árborgar nefnist bæjarstjórn og er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörn-um skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal starfa á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess. Í störfum sínum skal bæjarstjórnin leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í bæjarstjórn að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

5. gr.

Bæjarstjórn skal annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal annarra verkefna bæjarstjórnar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð, nefndir og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja og birta samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og helstu stjórnendur hjá sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan miðvikudag hvers mánaðar. Reglulegir bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

Bæjarstjórn getur haldið sérstaka vinnufundi vegna vinnslu einstakra mála og skulu fundargerðir þeirra fá sömu meðhöndlun og fundargerðir nefnda á vegum sveitarfélagsins.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að loknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer sá eldri eða elsti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum Sveitarfélagsins Árborgar skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miða skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggunum hætti með auglýsingu í staðbundnum fréttablöðum.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar svo og ráðningu bæjarstjóra.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Óski bæjarfulltrúi eftir slíku skal hann tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillögur og önnur gögn sem bæjarstjóri telur nauðsynleg og ekki hefur áður verið dreift til bæjarfulltrúa.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg bæjarbúum í Ráðhúsi Árborgar og á þjónustuskrifstofum sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Aukafundir bæjarstjórnar skulu boðaðir á sama hátt og reglulegir bæjarstjórnarfundir ef því verður við komið með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti milli hverra tveggja þeirra skal kjósa. Verður sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þótt hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils hans.

16. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal halda í heyranda hljóði og er almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu nákvæmlega bókaðar. Forseti úrskurðar um skilning á fundarskópum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarskóp og góða reglu. Hann skal stjórna málefnaumfjöllun þannig að þau mál sem til umræðu eru hverju sinni skulu fullrædd og afgreidd eftir atvikum áður en næsta mál er tekið til umfjöllunar.

Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir og reglugerðir sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundir stundvíslega nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður boðar hann varamann sinn og tilkynnir það til bæjarstjóra. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmalaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, sbr. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar taki til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann, nán skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt megi ætla að vilja-afstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Sama á við sé hann fyrirsvarsmáður aðila sem málið varðar með sambærilegum hætti. Bæjarfulltrúi er ekki vanhæfur þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit að hæfi sitt orkar tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúi sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem vill taka til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal ávarpa forseta í upphafi máls síns og beina máli sínu til hans og/eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið eða liði fundargerða hann óski að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn

forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýði bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir. Umræður um fjárhags-áætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar þess. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða til afgreiðslu bæjarráðs, nefndar, stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef einhver bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er bæjarfulltrúa að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti. Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal hún fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarritari annast ritun fundargerða bæjarstjórnar. Í inngangi fundargerðar skal þess getið hvar fundir eru haldnir og hvenær. Þá skal þess getið hverjir sitji fundinn:

- a. kjörnir fulltrúar,
- b. aðrir fulltrúar.

Geta skal um boðuð forföll fulltrúa og í lok inngangs hver ritar fundargerð.

Í fundargerð skal skrá þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila mála og meginefni. Þá skal skrá afgreiðslu þeirra. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Í fundargerð skal skráð hverjir taka til máls í umræðum, um hvaða málsliði dagskrár fjallað er og stutta athugasemd um afstöðu ræðumanns til viðkomandi máls óski hann þess. Fulltrúar skulu að jafnaði afhenda ritara slíkar bókanir skriflega.

Í fundargerð skal skrá ef einstakir fulltrúar víkja af fundi við afgreiðslu máls vegna vanhæfis. Þá skal einnig skrá í fundargerð komi fulltrúi til fundar eftir að hann er hafinn og undir hvaða lið, sama gildir ef fulltrúi þarf að víkja af fundi áður en honum lýkur.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, skrá skal hvenær fundi er slitið og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerð verði skráð í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og bæjarritari skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og fundarritari setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölviskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Sé það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 22. gr. Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem hefur

verið forseti eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd eitt kjörtímabil eða lengur skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins og íbúa þess en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa hefur tekið þátt í henni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skv. 3. tölul. 1. mgr. 11. gr.

36. gr.

Aðalmenn í bæjarstjórn eiga óhindraðan aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til að afla upplýsinga vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn. Hyggist bæjarfulltrúi gera grein fyrir afstöðu sinni í bókun skal hann jafnan afhenda ritara hana skriflega í upphafi máls síns.

Ef fundargerðir eru tölvuritaðar skal bæjarfulltrúi afhenda bæjarritara á fundarstað skriflegar bókanir sínar á tölvutæku formi ef kostur er.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn vegna óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að fá greiðslu úr bæjarsjóði fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

43. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og þrjá til vara. Kosningar í bæjarráð skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

44. gr.

Bæjarstjóri situr fundi í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi og tekur við erindum sem þar eiga að vera til umfjöllunar. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund boðar hann varamann sinn og tilkynnir það til bæjarstjóra.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Bæjarritari annast fundarritun. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmda- og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar og framlagningu draga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samráði við bæjarstjóra. Þá sér bæjarráð í samráði við bæjarstjóra um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins séu lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Ef mál sem bæjarráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í bæjarráði hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótatkvæði kemur fram í bæjarráði við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

V. KAFLI Nefndir og stjórnir.

50. gr.

Bæjarstjórn kýs nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Bæjarstjórn kýs að jafnaði formenn nefnda en á fyrsta fundi nefndar skal kjósa varaformann og ritara nema lög eða bæjarstjórn ákveði annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara með skriflegri dagskrá.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Geti nefndarmaður ekki sótt fund boðar hann varamann sinn og tilkynnir það til viðkomandi starfsmanns sem vinnur með nefndinni.

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur í samráði við bæjarstjóra kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnnum eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, erindisbréfum eða samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir og stjórnir skulu halda gerðabækur. Ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar þessarar og ákvæði í erindisbréfum nefnda sem samþykkt eru af bæjarstjórn.

56. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna sveitarfélagsins skulu að jafnaði fyrst teknar á dagskrá bæjarráðs og síðan bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar afgreiðslu bæjarráðs eða bæjarstjórnar eru fundargerðir lagðar fram til kynningar.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert.

1. *Bæjarráð*. Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn og þrír til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Kjörstjórnir*. Skv. gildandi lögum:
3. *Yfirkjörstjórn*. Þrír fulltrúar og þrír til vara.
4. *Undirkjörstjórn 1* (Selfoss og Sandvík). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
5. *Undirkjörstjórn 2* (Selfoss). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
6. *Undirkjörstjórn 3* (Stokkseyri). Þrír fulltrúar og þrír til vara.
7. *Undirkjörstjórn 4* (Eyrarbakki). Þrír fulltrúar og þrír til vara.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Atvinnuþróunarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
2. *Félagsmálanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
3. *Framtalsnefnd*. Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
4. *Íþrótt- og tómstundanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
5. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
6. *Leikskólanefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
7. *Menningarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
8. *Samninganefnd*. Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir nefndina.
9. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
10. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
11. *Bókasafnsnefnd*. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara skv. gildandi lögum um bókasöfn, samningi um Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi og erindisbréfi fyrir nefndina.
12. *Stjórn Selfossveitna*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi erindisbréfi fyrir stjórnina.
13. *Umferðar- og samgöngunefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.

14. *Umhverfisnefnd*. Fimm fulltrúar og fimm til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
15. *Vatnsveitu- og fráveitunefnd*. Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. gildandi lögum og erindisbréfi fyrir nefndina.
Bæjarstjórn getur ákveðið að heimila setu áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt í framangreindum nefndum.
- C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að loknum bæjarstjórnarkosningum skulu fulltrúar kosnir í eftirtaldar nefndir, stjórnir eða til að sækja aðalfundi:
 1. *Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi samningi um sjóðinn.
 2. *Aðalfundur SASS*. Sex fulltrúar og sex til vara skv. gildandi samningi um samtökin.
 3. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi samningi um stofnunina.
 4. *Fulltrúaráð Brunavarna Árnessýslu*. Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. gildandi samningi um stofnunina.
 5. *Fulltrúaráð Almannavarnanefndar Árborgar og nágrennis*. Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. gildandi lögum og samningi um nefndina.
 6. *Fulltrúaráðsfundur Eignarhaldsfél. Brunabótafélags Íslands*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi lögum um félagið.
 7. *Héraðsnefnd Árnesinga*. Sex fulltrúar og sex til vara skv. gildandi samningi um nefndina.
 8. *Landsþing Samb. ísl. sveitarfélaga*. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara skv. gildandi reglum um þingið.
 9. *Starfskjaranefnd STÁ og Árborgar*. Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. gildandi samningi um nefndina.
 10. *Starfskjaranefnd FOSS og Árborgar*. Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. gildandi samningi um nefndina.
 11. *Stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi lögum um stofnunina.
 12. *Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. gildandi samningi um félagið.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils og fyrr sé verkefni þeirra lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráði og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt á sæti á fundum nefnda og stjórna fyrirtækja sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar, bæjarráðs og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn ákveður ekki annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Bæjarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

61. gr.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana. Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra.

62. gr.

Bæjarstjórn ræður veitustjóra og sviðsstjóra. Bæjarráð ræður forstöðumenn stofnana að fengnum umsögnum sviðsstjóra og viðkomandi nefnda. Sviðsstjórar ráða annað starfsfólk sveitarfélagsins að fenginni staðfestingu bæjarstjóra. Sömu tengsl eru milli aðila hvað varðar veitingu áminninga og uppsagnir.

63. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins, fyrirtækja þess og stofnana fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, reglum um ábyrgðarmörk og starfsmannastefnu sveitarfélagsins.

VII. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

64. gr.

Fjárhagsár Sveitarfélagsins Árborgar, stofnana og fyrirtækja þess er almanaksárið. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Fyrir endanlega afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs. Við afgreiðslu áætlunarinnar er tekjuöflun ákveðin endanlega ásamt öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

65. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 64. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarráði ef um minniháttar útgjöld er að ræða eða af bæjarstjórn ef þau breyta útgjaldaramma fjárhagsáætlunar.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

66. gr.

Bæjarstjórn skal endurskoða fjárhagsáætlun hvers árs eigi síðar en í októbermánuði hvers árs. Tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum enda hafi tillagan áður verið lögð fram í bæjarráði og send öllum bæjarfulltrúum með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

67. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja áætlun næstu þriggja ára um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

68. gr.

Þegar að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 64. gr. og þriggja ára áætlun skv. 67. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun skv. 66. gr.

69. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikning sveitarfélagsins.

Eintak af ársreikningi skal sent félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eftirfarandi samþykktir: Samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyrarbakkahepps nr. 333/1987 með síðari breytingum, samþykkt um stjórn og fundarsköp Sandvíkurhepps nr. 25/1988, samþykkt um stjórn Selfoss og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 550/1987 með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Stokkseyrarhepps nr. 25/1989 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

I. KAFLI

Gildissvið, o.fl.

1. gr.

Verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur leyfi samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa er einni heimilt að annast útgáfu rafréfa, vörslu þeirra og varðveita skráð réttindi yfir þeim.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga við um rafræna útgáfu verðbréfa í verðbréfamiðstöð og skráningu réttinda til þeirra (*eignarskráningu*), vörslur (þeirra), gerð reikninga, reikningsyfirlita og aðra framkvæmd við eignarskráningu svo og réttindi og skyldur reikningsstofnana, sbr. 2. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga einnig við um innköllun réttinda samkvæmt áþreifanlegum verðbréfum og eignarskráningu þeirra í verðbréfamiðstöð (*rafræn skráning verðbréfa*), sbr. VII. kafla.

2. gr.

Heimild til milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð hafa fyrirtæki í verðbréfabjónustu sem lögum samkvæmt er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning, viðskiptabankar, sparisjóðir, lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, Lánasýsla ríkisins og Seðlabanki Íslands. Skilyrði þess að mega hafa milligöngu um eignarskráningu er að fyrir liggja fullgildur aðildarsamningur við verðbréfamiðstöð. Aðili sem gert hefur aðildarsamning samkvæmt þessari grein telst vera reikningsstofnun í skilningi þessarar reglugerðar.

Nánari reglur og skilyrði fyrir aðild reikningsstofnunar og um réttindi hennar og skyldur við milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð fer eftir aðildarsamningi hennar og stjórnar verðbréfamiðstöðvar, sé ekki annað ákveðið í lögum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Nú óskar erlendum aðili sem heimild hefur til fjárvörslu og heimilt er að hafa milligöngu um eignarskráningu verðbréfa, sbr. 12. gr. laga nr. 131/1997, eftir aðild að innlendra verðbréfamiðstöð og skal þá stjórn verðbréfamiðstöðvar leita eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins, áður en aðild er samþykkt. Hið sama á við ef verðbréfamiðstöð óskar eftir að annast milligöngu um eignarskráningu í annarri verðbréfamiðstöð hér á landi eða erlendis.

3. gr.

Í reglum sem stjórn verðbréfamiðstöðvar setur og ráðherra hefur staðfest, skal kveðið á um hvers konar verðbréf verði tekin þar til rafrænnar eignarskráningar. Í reglum verðbréfamiðstöðvar skal gætt hlutleysis varðandi tegund þeirra verðbréfa sem tekin eru til eignarskráningar þar og jafnræðis milli útgefenda sem leita eftir skráningu verðbréfa hjá henni.

Reglur samkvæmt þessari grein skulu birtar opinberlega og vera aðgengilegar almenningsi. Hið sama á við um gjaldskrá og reglur um fyrirkomulag gjalddöku verðbréfamiðstöðvar fyrir umsýslu verðbréfa (*rafréfa*) sem þar eru skráð.

II. KAFLI Um útgáfu rafbréfa.

4. gr.

Beiðni um útgáfu rafbréfa.

Reikningsstofnun fyrir hönd útgefanda sem óskar eftir að gefa út rafbréf skal senda hlutaðeigandi verðbréfamiðstöð útgáfulýsingu þar um. Í henni skulu koma fram helstu auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda. Í reglum sem stjórn verðbréfamiðstöðvar setur skal kveðið nánar á um þær upplýsingar sem að lágmarki skulu koma fram í útgáfulýsingu.

Óheimilt er að gefa út rafbréf nema að fyrir liggi samþykkt útgáfulýsing hjá verðbréfamiðstöð.

Á grundvelli samþykkrar útgáfulýsingar skulu rafbréf gefin út í verðbréfamiðstöð á reikning í eigin nafni útgefanda. Rafbréf skulu gefin út í einingum sem hafa sama nafnverð ef um sama flokk er að ræða og má tilgreina sem margfeldi eininga á nafnverði.

5. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt þrátt fyrir ákvæði 4. gr. með sérstökum aðildarsamningi að veita útgefanda markaðsverðbréfa heimild til að hafa milligöngu um útgáfu og fyrsta framsal á rafbréfum sem hann gefur út í samræmi við starfsheimildir hans á fjármagnsmarkaði.

Ákvæði laga, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim, um réttindi og skyldur reikningsstofnana, skulu að öllu leyti gilda um útgefendur sem öðlast rétt til útgáfu og fyrsta framsals rafbréfa samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Verðbréfamiðstöð ber að tilkynna reikningsstofnun og útgefanda ef hún hafnar beiðni um útgáfu rafbréfa og um rétt aðila til að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar samkvæmt 25. gr. laga nr. 131/1997.

III. KAFLI Um stofnun reikninga, o.fl.

7. gr.

Almenn ákvæði.

Fyrsta framsal af reikningi útgefanda fer fram á þann reikning sem fyrsti framsalshafi hefur stofnað og vísað á til varðveislu þeirra.

Við innköllun áþreifanlegra hlutabréfa og rafræna skráningu þeirra í verðbréfamiðstöð skal útgefandi, fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar, stofna reikninga á nafni hluthafa í samræmi við hlutaskrá félagsins og skrá þar réttindi til þeirra, sbr. nánari ákvæði VII. kafla þessarar reglugerðar.

8. gr.

Stofnun reikninga.

Eigandi rafbréfs velur sér reikningsstofnun, sbr. 2. gr., sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfi á reikningi í hans nafni, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Eigandi rafbréfs getur stofnað reikninga hjá fleiri en einni reikningsstofnun.

Eiganda rafbréfs er ávallt heimilt að óska eftir því að rafbréf á reikningi hans hjá verðbréfamiðstöð verði færð á reikning hans í umsjón annarrar reikningsstofnunar, enda standi ákvæði 15. og 30.-32. gr. því ekki í vegi.

9. gr.

Á reikningi skal að minnsta kosti koma fram:

1. Reikningsstofnun.
2. Auðkenni bréfs (ISIN).
3. Fjöldi eininga (nafnverð).
4. Nafn, kennitala og heimilisfang reikningseiganda.
4. Nafn, kennitala og heimilisfang þeirra sem eiga réttindi til rafbréfs sem skráð er á reikninginn.
5. Nafn, heimilisfang og kennitala á löglegum viðtakanda á greiðslum sem verðbréfamíðstöð er rétt að miðla greiðslum til samkvæmt greiðslufyrirmælum er berast til verðbréfamíðstöðvar og númer á bankareikningi hans.

10. gr.

Skilyrði til stofnunar reiknings fyrir einstakling er að hann sanni á sér deili og leggi fram skilríki sem viðurkennd eru að lögum sem fullgild persónuskilríki, þ.e. ökuskráirteini, vegabréf eða staðfesting frá Þjóðskrár Hagstofu Íslands, sem gilda um lögum, og sýni nafn, kennitölu og heimilisfang reikningseiganda. Auk þess ber reikningsstofnun að sannreyna og afla frá reikningseiganda, og öðrum sem kann að vera veittur réttur til ráðstöfunar á reikningnum, undirritunar sem rituð er með eigin hendi eða er á annan hátt viðurkennd að lögum sem staðfesting um að löggerningur stafi í reynd frá þeim sem heimild hefur til ráðstöfunar samkvæmt þessari grein.

Skilyrði til stofnunar reiknings fyrir félag eða annan aðila sem átt getur réttindi eða borið skyldur að lögum er að reikningsstofnun kanni nafn, heimilisfang og kennitölu félagsins og óski eftir staðfestu afriti af reglum sem gilda um undirritun (prókúru) fyrir það. Reikningsstofnun skal afla eiginhandararitunar þeirra sem rétt hafa til að skuldbinda félagið og til að ráðstafa rafbréfum sem eru skráð á nafni félagsins. Reikningsstofnun getur jafnframt krafist annarra upplýsinga telji hún þess þörf.

Skilyrði fyrir stofnun reiknings fyrir einstakling sem hvorki hefur lögheimili hér á landi né íslenska kennitölu er að hann leggi fram gilt vegabréf, sbr. 1. mgr. Skilyrði til stofnunar reiknings fyrir félag eða aðila sem átt getur réttindi og borið skyldur að lögum, en hvorki hefur skráða starfsstöð á Íslandi né íslenska kennitölu, er að lögð séu fram skilríki um stofnun og skráningu í heimaríki lögaðilans og afrit af reglum sem gilda um undirritun (prókúru) fyrir það. Um eiginhandararitun þeirra sem skuldbinda mega félagið, o.fl. fer að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr.

Reikningsstofnun er heimilt að hafa milligöngu um stofnun kennitölu fyrir aðila sem nefndir eru í 3. mgr. en um stofnun kennitölu fer að öðru leyti eftir reglum Hagstofu Íslands.

11. gr.

Fjarsala rafbréfa.

Reikningsstofnun er heimilt að stofna reikninga í verðbréfamíðstöð án könnunar persónuskilríkja skv. 10. gr. enda hafi reikningseigandi þegar stofnað reikning í lána- eða fjármálastofnun sem uppfyllir ákvæði 4. gr. laga nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningþvætti, ásamt síðari breytingum á þeim lögum og hann er jafnframt löglegur viðtakandi á öllum greiðslum sem verðbréfamíðstöð er rétt að miðla greiðslum til samkvæmt greiðslufyrirmælum sem berast til hennar, sbr. 5. tölul. 9. gr. Leiki grunur á að viðskiptin tengist broti samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1993 er stofnun reiknings samkvæmt þessari grein óheimil.

12. gr.

Reikningsstofnun ábyrgist gagnvart verðbréfamiðstöð og skal ef óskað er eftir því sýna fram á:

1. Að nauðsynleg könnun á persónuskilríkjum, eða löglegum skilríkjum (vottorðum) um stofnun lögaðila, ef það á við, hafi farið fram við stofnun reiknings, sbr. 10. gr. og 11. gr., og veita henni aðgang að þeim gögnum sem þar liggja til grundvallar.
2. Að lögð hafi verið fram fullnægjandi gögn sem sanna réttindi réttihafa að rafbréfi.
3. Tilgreiningu þeirrar stundar þegar beiðni um eignarskráningu var veitt viðtaka.
4. Hvenær hún hafi óskað eftir leiðréttingu á eignarskráningu, sbr. 22. gr. laga nr. 131/1997, og að andmælaréttur hafi verið virtur.
5. Hvaða takmarkanir hún hefur sett um fjölda staða (útibúa) sem taka við beiðnum um eignarskráningu og hvort hún takmarki þjónustu sína að einhverju leyti og veiti aðeins þjónustu varðandi tiltekin rafbréf.

Varðveita skal gögn samkvæmt þessari grein í tíu ár frá því að réttindum á viðkomandi reikningi lýkur.

IV. KAFLI

Eignarskráning.

13. gr.

Um framkvæmd eignarskráningar.

Verðbréfamiðstöð sér um lokafærslur og heldur reikninga fyrir eigendur rafbréfa þar sem breytingar eða niðurfellingar á réttindum yfir rafbréfum skulu eignarskráðar.

Í lokafærslu verðbréfamiðstöðvar skal koma fram nákvæm tilgreining þeirrar stundar sem eignarskráning samkvæmt 1. mgr. nýtur réttarverndar og skal eiganda rafbréfs veitt staðfesting á henni, óski hann eftir því.

14. gr.

Reikningsstofnun tekur við beiðni um eignarskráningu, breytingu, eða niðurfellingu réttinda að rafbréfi. Reikningsstofnun er skylt að afhenda þeim, er þess óskar og hefur lögvarða hagsmuni, staðfestingu um tilgreiningu þeirrar stundar sem skráning réttindanna átti sér stað.

Reikningsstofnun og verðbréfamiðstöð ber að taka við beiðni um eignarskráningu á venjulegum afgreiðslutíma alla virka vikudaga þó ekki á helgidögum sbr. ákvæði b.-liðar 2. tölul. 4. gr. laga nr. 32/1997 um helgidagafrið.

Tímasetning (dagsetning og stund) samkvæmt þessari reglugerð eða reglum settum í samræmi við ákvæði hennar skal miðuð við íslenskan staðartíma.

15. gr.

Áður en reikningsstofnun gerir leiðréttingu á eignarskráningu, sbr. 22. gr. laga nr. 131/1997, skal hlutaðeigandi réttihöfum tilkynnt um hvaða leiðréttingar eigi að gera og veita þeim kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Þegar leiðréttingin hefur verið gerð skal senda hlutaðeigandi aðilum tilkynningu um hana, sbr. 18. gr. laga nr. 131/1997.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er reikningsstofnun heimilt að leiðrétta augljós mistök eða villufærslur enda sé send tilkynning, sbr. 18. gr. laga nr. 131/1997, til hlutaðeigandi aðila eftir að leiðrétting hefur verið gerð.

16. gr.

Hafi engin rafbréf verið á reikningi í 1 ár er reikningsstofnun heimilt að loka reikningnum.

17. gr.

Verðbréfamiðstöð ákveður það tímabil sem samkvæmt 2. mgr. 14. gr. er unnt að senda færslur til eignarskráningar. Réttaráhrif eignarskráningar skulu miðast við lokafærslu í verðbréfamiðstöð, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 131/1997.

Verðbréfamiðstöð ákveður í samvinnu við Seðlabanka Íslands þau tímamörk sem miða skal lokafærslu við:

1. Vegna viðskipta sem fara inn í nettógreiðslujöfnun.
2. Vegna viðskipta sem eru gerð upp samtímis við brúttójöfnun.

Verðbréfamiðstöð og Seðlabankinn geta í sérstökum tilvikum frestað eða ógilt eina, eða fleiri, nettógreiðslujöfnun, sbr. 1. tölul. 2. mgr., og þar með frestað eða ógilt réttaráhrif sem tengjast viðkomandi viðskiptum, vegna uppgjörs og efdaloka á viðskiptum.

Verðbréfamiðstöð í samráði við Seðlabanka Íslands ákveður minnstu tímaeiningu þar sem viðskiptum samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. er lokið og réttaráhrif þeirra miðast við.

Við lokafærslu nýtur réttur sem fyrr er skráður forgangs fram yfir rétt sem síðar er skráður.

18. gr.

Verðbréfamiðstöð skal í samvinnu við Seðlabanka Íslands, sbr. 15. gr. laga nr. 131/1997, setja nánari reglur um efdalok á viðskiptum með rafbréf sem fram fara í kauphöll, svo og um tryggingar- og veðréttindi sem gilda um lokafærslur og eignarskráningu.

19. gr.

Beiðni og eignarskráning.

Beiðni um eignarskráningu skal beint til reikningsstofnunar. Staðfesta skal tímamark á móttöku beiðni um eignarskráningu ef óskað er eftir því.

Við móttöku á beiðni um eignarskráningu ber reikningsstofnun að kanna rækilega hvort hin tilkynntu réttindi stafi örugglega frá þeim sem réttindin á og að nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir um eignarskráninguna með því að krefjast þeirra skilríkja sem nefnd eru í 10. gr., sbr. 2. tölul. 12. gr., eða á annan öruggan hátt.

20. gr.

Í færslu um eignarskráningu skal að minnsta kosti koma fram:

1. Kennitala réttihafa, sem jafnframt vísar til nafns og heimilisfangs hans.
2. Tegund og tilgreining þeirra rafbréfa sem beiðnin tekur til, s.s. auðkenni og fjöldi eininga.
3. Nafn reikningsstofnunar.
4. Kennitala á löglegum viðtakanda á greiðslum sem verðbréfamiðstöð er rétt að miðla greiðslum til samkvæmt greiðslufyrirmælum sem henni berast, sem jafnframt vísar til nafns og heimilisfangs eiganda svo og númers á bankareikningi hans.

21. gr.

Til þess að unnt sé að skrá réttindi er það skilyrði að þau staðfesti, stofni, breyti eða felli niður réttindi yfir rafbréfi sem beiðnin tekur til og með þeim réttaráhrifum sem skráningunni fylgja.

22. gr.

Veðsetningar, o.fl.

Reikningsstofnun skráir veð samkvæmt veðsamningi og önnur skráningarhæf réttindi yfir rafbréfi, s.s. vegna gjaldþrots, haldlagningar, o.fl., að undangenginni könnun á nafni, heimilisfangi og kennitölu, skv. 10. gr., sbr. 2. tölul. 12. gr., eða á annan öruggan hátt.

Við skráningu á réttindum samkvæmt 1. mgr. ber að skrá á reikning með færslu sem tengd er reikningi upplýsingar um:

1. Tímamark, sem rétturinn miðast við, og nafn reikningsstofnunar þar sem grunn gögn skráningar eru varðveitt, s.s. veðsamningur eða aðrir löggæringar sem eru grundvöllur skráningar.
2. Til hvaða rafbréfa rétturinn tekur til.
3. Nafn, heimilisfang og kennitölu réttihafa.
4. Kennitölu á löglegum viðtakanda á greiðslum sem verðbréfamiðstöð er rétt að miðla greiðslum til samkvæmt greiðslufyrirmælum sem henni berast, sem jafnframt vísar til nafns og heimilisfangs eiganda svo og númers á bankareikningi hans, ef það á við.

Reikningsstofnun annast varðveislu veðsamninga og annarra gagna er kveða á um þau réttindi að rafbréfi sem nefnd eru í 1. mgr. í samræmi við ákvæði gildandi laga svo og ákvæði þessarar reglugerðar.

23. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er skylt að veita hlutafélögum sem þar hafa fengið hlutabréf sín útgefin upplýsingar um skráða eigendur hluta í viðkomandi hlutafélagi. Hið sama gildir að því er varðar rekstrarfélög og vörslufyrirtæki verðbréfasjóða og upplýsingar um eigendur hlutdeildarskrteina í viðkomandi verðbréfasjóði.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að veita stofnanafjórðfestum og útgefendum stórra flokka rafbréfa rétt til þess að sækja upplýsingar varðandi eigin reikning beint til verðbréfamiðstöðvar enda liggi fyrir aðildarsamningur þar sem nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur samkvæmt þessari málsgrein.

24. gr.

Verðbréfamiðstöð er skylt að veita hlutafélagi upplýsingar um nafn nýs eiganda að hlut sem þar er skráður og færður skal í hlutaskrá félagsins þegar lokafærsla hefur átt sér stað. Á reikningi skal koma fram hvenær og hvaða upplýsingar hafa verið tilkynntar samkvæmt þessari grein.

Nánar skal kveðið á um upplýsingagjöf skv. 1. mgr. í samningi verðbréfamiðstöðvar og útgefanda rafbréfa.

25. gr.

Skráning réttinda á grundvelli dóms eða annars konar opinberrar réttargerðar.

Við skráningu réttinda á grundvelli úrskurðar dómstóls eða annars konar opinberrar réttargerðar skal beiðandi um eignarskráningu leggja fram yfirlýsingu þess stjórnvalds eða endurrit dóms, eða úrskurðar, sem beiðni um skráningu réttindanna grundvallast á.

26. gr.

Skráning réttinda á grundvelli laga nr. 90/1989, um aðför, og laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., skal gerð á grundvelli staðfests endurrits um fjárnám, kyrrsetningu eða lögbann, eftir því sem við getur átt.

Skráning réttinda vegna setu maka í óskiptu búi svo og vegna einkaskipta skal gerð á grundvelli leyfis sem sýslumaður veitir samkvæmt lögum nr. 20/1991, um skipti dánarbúa o.fl.

Skráning réttinda vegna opinberra skipta á dánarbúum og gjaldþrotabúum skal gerð á grundvelli úrskurða sem kveðnir eru upp í samræmi við ákvæði laga nr. 20/1991, um skipti

á dánarbúum o.fl., svo og úrskurða um gjaldþrot sem kveðnir eru upp á grundvelli laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Skráning um sviptingu lögræðis, takmarkaða lögræðissviptingu eða aðrar takmarkanir á fjárforræði skal gerð á grundvelli staðfests endurrits frá þeim dómstól er kveðið hefur upp úrskurð um sviptingu þeirra réttinda sem grein þessi tekur til, sbr. að öðru leyti ákvæði lögræðislaga nr. 71/1997, um réttindi og skyldur yfirlögráðanda o.fl.

V. KAFLI

Um grundvöll og forsendur eignarskráningar.

27. gr.

Könnun reikningsstofnunar á forsendum til eignarskráningar.

Reikningsstofnun skal áður en hún skráir réttindi á reikning í verðbréfamiðstöð kanna hvort skilyrði eignarskráningar séu fyrir hendi, þar með talin skilyrði 19. - 21. gr.

28. gr.

Reikningsstofnun er rétt að vísa frá beiðni um eignarskráningu þegar:

1. Beiðnin varðar verðbréf sem ekki hefur verið skráð í verðbréfamiðstöð.
2. Rafbréfið er ekki skráð á reikning er reikningsstofnun hefur umsjón með.
3. Ekki er unnt að skrá efni þeirra réttinda sem beiðnin fjallar um.
4. Ekki eru í beiðninni þær upplýsingar sem taldar eru upp í 19. gr.
5. Réttindin hafa þegar verið skráð.

Reikningsstofnun ber ábyrgð á því að beiðanda um eignarskráningu sé tilkynnt án ástæðulauss dráttar um ástæður þess að ekki er unnt að skrá réttindin og um rétt til þess að mega skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar samkvæmt 25. gr. laga nr. 131/1997.

29. gr.

Þegar beiðni um eignarskráningu samkvæmt 22. gr. varðar aðeins hluta þeirra rafbréfa sem á reikningnum eru skal það koma skýrt fram á reikningnum.

30. gr.

Eignarskráning til bráðabirgða.

Hafi ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn skv. 10. gr., sbr. 2. tölul. 12. gr., eða samkvæmt reglum sem gilda um skráningu réttinda á grundvelli dóms eða annarra opinberra réttargerða, sbr. 25. og 26. gr., eða upplýsingar samkvæmt 1. og 4. tölul. 20. gr. eru ófullnægjandi, þá er reikningsstofnun heimilt að veita allt að 14 daga frest til þess að leggja fram öll nauðsynleg gögn svo eignarskráning megi fara fram. Beiðnin er skráð til bráðabirgða og skal koma skýrt fram að um eignarskráningu til bráðabirgða sé að ræða og tímalengd þess frests sem veittur hefur verið. Unnt er að framlengja frestinn um allt að 14 daga ef sérstaklega stendur á.

Ef staðfesting kemur ekki fram innan þess frests sem veittur hefur verið þá skal afmá eignarskráninguna af reikningnum í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

31. gr.

Telji reikningsstofnun að vafi leiki á um staðreyndir eða atriði sem hafa áhrif á lögvarinn rétt samkvæmt eignarskráningunni, sbr. 17. gr. laga nr. 131/1997, ber henni að hafa milli-göngu um að réttindin verði einungis skráð til bráðabirgða.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að óska eftir öllum nauðsynlegum upplýsingum frá reikningsstofnun þegar hún tekur endanlega ákvörðun um hvort réttindi sem skráð hafa verið samkvæmt þessari grein skuli færð í eignarskrá hennar. Verðbréfamiðstöð skal hraða ákvörðun eins og kostur er.

Reikningsstofnun ber að tilkynna um eignarskráningu til bráðabirgða samkvæmt þessari grein, enda séu skilyrði 21. gr. uppfyllt. Um tilkynningar vegna eignarskráningar fer eftir ákvæðum 35. gr. eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningur um eignarskráningu eða önnur atriði sem falla undir gildissvið laga nr. 131/1997 sætir málskoti til úrskurðarnefndar verðbréfamistöðva. Kæra vegna ágreinings í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamistöð skal send til úrskurðarnefndar innan 12 vikna frá því að skráning fór fram í verðbréfamistöð. Um störf og ákvarðanir úrskurðarnefndar fer að öðru leyti eftir lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

33. gr.

Lokafærsla og skráning réttinda.

Skráning réttinda fer fram á reikning reikningseiganda með lokafærslu í verðbréfamistöð. Eignarskráning rafbréfs veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu.

Hafi reikningsstofnun þrátt fyrir ákvæði 28. gr. sent beiðni um eignarskráningu getur verðbréfamistöð vísað beiðni frá á grundvelli 28. gr. ef það á við.

34. gr.

Öll réttindi sem skráð hafa verið á reikning skulu koma fram á honum.

35. gr.

Tilkynningar um eignarskráningu í verðbréfamistöð.

Reikningsstofnun er skylt, sbr. 18. gr. laga nr. 131/1997, að tilkynna öllum hlutaðeigandi aðilum um sérhverja eignarskráningu sem hún hefur haft milligöngu um, þ.m.t. breytingar á áður skráðum réttindum. Í tilkynningu skal koma fram nafn og kennitala reikningsstofnunar sem annast hefur milligöngu um eignarskráninguna, nafn og kennitala verðbréfamistöðvar þar sem réttindin eru eignarskráð, efni réttindanna, hvort önnur réttindi yfir rafbréfinu séu skráð á reikninginn svo og tilgreining þeirrar stundar sem réttaráhrif eignarskráningarinnar miðast við.

Verðbréfamistöð skal setja nánari reglur um tilkynningar sem senda skal réttihöfum skráðra réttinda í verðbréfamistöð. Verðbréfamistöð skal kynna Fjármálaeftirlitinu með góðum fyrirvara reglur sem hún setur samkvæmt þessari grein, svo og breytingar á þeim.

Reikningsstofnun og verðbréfamistöð er heimilt að semja nánar um fyrirkomulag við sendingar á tilkynningum sem skylt er að senda réttihöfum samkvæmt lögum, reglugerð þessari eða reglum verðbréfamistöðvar.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er ekki skylt að senda tilkynningar í eftirtöldum tilvikum:

1. Skráningu á veðtryggingum Seðlabanka Íslands skv. ákvæðum 15. gr. laga nr. 131/1997 með áorðnum breytingum, sem fram fara til tryggingar á efndalokum viðskipta reikningsstofnana með rafbréf, sbr. og 22. gr. þessarar reglugerðar.
2. Hafi reikningseigandi samið um á grundvelli reglna sem verðbréfamistöð setur sbr. 2. mgr. þessarar greinar og skráð að tilkynningar skulu aðeins sendar honum með jöfnu millibili eða afþakkað að sér verði sendar tilkynningar um breytingar á réttindum sem hann er skráður fyrir, sbr. þó 37. gr.

36. gr.

Tilkynningar samkvæmt 35. gr. skulu sendar hlutaðeigandi aðilum þegar í stað og eigi síðar en tveimur dögum eftir að beiðni um eignarskráningu barst reikningsstofnun, sbr. 14. gr., nema að eigandi reiknings hafi sérstaklega samið um aðra tilhögun samkvæmt reglum sem verðbréfamiðstöð hefur sett.

37. gr.

Reikningsyfirlit.

Verðbréfamiðstöð skal senda sérhverjum reikningseiganda að minnsta kosti einu sinni á ári reikningsyfirlit er sýni þau rafbréf sem hann er skráður eigandi að við dagsetningu yfirlitsins. Hið sama á við um eigendur takmarkaðra eignarréttinda yfir rafbréfi.

Árleg og skyldubundin reikningsyfirlit samkvæmt þessari grein skulu send reikningseigendum í janúar ár hvert og sýna þau réttindi sem eigandi er skráður fyrir 31. desember næstliðins árs.

Í aðildarsamningi verðbréfamiðstöðvar og reikningsstofnunar, svo og útgefanda ef það á við, er heimilt að kveða nánar á um reikningsyfirlit sem skylt er að senda réthafa að rafbréfi samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim.

38. gr.

Á reikningsyfirliti skal koma fram:

1. Dagsetning og stund yfirlitsins.
2. Nafn, kennitala og heimilisfang reikningseiganda.
3. Tilgreining, tegund og fjöldi eininga (nafnverð) rafbréfa sem þar eru skráð.
4. Skráðar takmarkanir á ráðstöfunarrétti eiganda.
5. Nafn reikningsstofnunar sem heimild hefur til eignarskráningar á reikninginn, svo og nafn verðbréfamiðstöðvar þar sem réttindin eru skráð.
6. Allar lokafærslur sem átt hafa sér stað á reikningnum, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 131/1997.

39. gr.

Reikningsstofnun ber við gerð tilkynninga og reikningsyfirlita að leggja til grundvallar skrá verðbréfamiðstöðvar yfir lokafærslur þeirra réttinda sem þar eru skráð. Heimilt er henni þó að setja inn nánari upplýsingar sem hún telur að kunni að vera til gagns fyrir eigendur rafbréfa.

40. gr.

Afmáning réttinda og lokun reikninga.

Útgefanda rafbréfs skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1997 er heimilt samkvæmt nánari ákvæðum í útgáfusamningi við verðbréfamiðstöð að afmá eða færa á milli reikninga rafbréf sem hann sjálfur á.

41. gr.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að afmá rafbréf þegar réttindum samkvæmt þeim er lokið.

42. gr.

Verðbréfamiðstöð annast afmáningu réttinda þegar rafbréf eru dregin út og greidd upp samkvæmt hlutkesti eða á annan hátt eru uppgreidd á gjalddaga eða samkvæmt ákvörðun útgefanda.

43. gr.

Verðbréfamiðstöð er heimilt samkvæmt 23. gr. laga nr. 131/1997 að afmá réttindi sem telja má að hafi ekki lengur þýðingu eða um er að ræða réttindi sem eru 20 ára gömul, eða eldri, og sem telja má að sannanlega séu úr gildi fallin eða sannanlega enginn rétthafi fundist að réttindunum.

Verðbréfamiðstöð skal senda reikningsstofnun tilkynningu um þau réttindi sem fyrirhugað er að afmá og óska eftir upplýsingum um hinn skráða eiganda að reikningnum. Að fenginni umsögn birtir verðbréfamiðstöð innköllun í Lögbirtingablaðinu til þeirra sem telja sig eiga rétt til hinna skráðu réttinda og skal innköllunarfrestur vera þrjú mánuðir.

Hafi enginn gefið sig fram áður en innköllunarfrestur er liðinn skal verðbréfamiðstöð afmá réttindin.

Ákvæði 12. gr. skulu eiga við um afmáningu réttinda, eftir því sem við getur átt.

44. gr.

Rafbréf skulu skráð í verðbréfamiðstöð á meðan útgefandi uppfyllir skilyrði er um skráninguna gilda nema að hann óski eftir að eignarskráningu sé hætt, sbr. 40. gr., enda standi ákvæði laga, reglugerða eða reglur verðbréfamiðstöðar því ekki í vegi að eignarskráningu bréfanna sé hætt.

45. gr.

Við gjaldþrot, innlausn, samruna eða aðrar sambærilegar aðgerðir sem leiða til þess að skráningu rafbréfs skuli hætt, er verðbréfamiðstöð skylt að halda skráningunni áfram þar til starfsemi útgefanda er endanlega slitið eða breytt.

46. gr.

Þegar réttindum sem skráð hafa verið í verðbréfamiðstöð er lokið, þau felld niður og afmáð, ber að senda tilkynningar samkvæmt ákvæði 35. - 37. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 131/1997.

47. gr.

Áður en afmáningu réttinda fer fram og skráningu þeirra hætt skal verðbréfamiðstöð tilkynna hlutaðeigandi rétthöfum og reikningsstofnun um það fyrirfram og tilgreina það tíma- mark sem skráningunni verður hætt. Auk þess skal auglýsa afmáningu réttinda í Lögbirtingablaðinu með 4 vikna fyrirvara. Þegar afhenda á rétthöfum áþreifanleg skjöl í stað þeirra réttinda sem afmáð eru úr eignarskrá verðbréfamiðstöðvar ber að taka það sérstaklega fram í auglýsingu samkvæmt þessari grein svo og önnur atriði sem skipta máli um afhendingu þeirra.

48. gr.

Án ástæðulauss dráttar og í síðasta lagi 8 virkum dögum eftir að afmáning fer fram skal verðbréfamiðstöð senda reikningsstofnun:

1. Yfirlit um þá reikningseigendur sem höfðu réttindi skráð á reikningi sem verðbréfamiðstöð hefur afmáð.
2. Reikningsyfirlit fyrir sérhvern reikningseiganda þar sem afmáning réttinda hefur farið fram.
3. Gögn sem varða afmáningu réttindanna á þeim reikningum sem reikningsstofnun hefur milligöngu um eignarskráningar og tilmæli til reikningsstofnana með hvaða hætti þær eigi að afhenda gögn sem varða afmáningu réttindanna, ef það á við.

49. gr.

Reikningsstofnun skal án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en 8 virkum dögum frá því að henni berast upplýsingar og gögn samkvæmt 48. gr. senda þeim rétt höfum sem eiga að fá afhent gögn tilkynningu um hvar afhending þeirra fari fram.

VI. KAFLI

**Um fræðslu og réttindi starfsmanna
reikningsstofnana til eignarskráningar, o.fl.**

50. gr.

Reikningsstofnun ber ábyrgð á að starfsmenn hljóti fullnægjandi fræðslu um framkvæmd eignarskráningar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og reglur verðbréfamiðstöðvar sem hlotið hefur starfsleyfi til útgáfu rafréfa og skráningar réttinda yfir þeim.

Einstaklingi er óheimilt að hefja störf við eignarskráningu áður en hann hefur hlotið til þess fullnægjandi þjálfun og þekkingu.

51. gr.

Reikningsstofnunum ber að tilnefna sérstakan tengilið er hefur umsjón og ber ábyrgð á starfsháttum innan stofnunarinnar vegna eignarskráningar sem hún hefur milligöngu um. Tengiliðurinn skal hafa lokið embættisprófi í lögfræði (cand. jur.).

VII. KAFLI

**Um innköllun ápreifanlegra verðbréfa
og rafræn skráning þeirra í verðbréfamiðstöð.**

52. gr.

Rafræn skráning hlutabréfa.

Útgefandi ápreifanlegra hlutabréfa, að fenginni samþykktri útgáfulýsingu frá verðbréfamiðstöð, sbr. II. kafla, innkallar þau með því að birta auglýsingu í Lögbirtingablaðinu um að stjórn félagsins hafi ákveðið að ógilda með innköllun útgefin hlutabréf vegna rafrænnar skráningar þeirra í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, ásamt síðari breytingu á þeim lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

Hafi félag fengið skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði er heimilt að nota þá skráningarlýsingu enda uppfylli hún að lágmarki þau skilyrði sem verðbréfamiðstöð hefur ákveðið í útgáfulýsingu fyrir sambærilegar tegundir verðbréfa.

Nú hefur útgefandi ápreifanlegra hlutabréfa tekið ákvörðun með löglegum hætti um rafræna skráningu þeirra og útgáfulýsing verið samþykkt í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og skal hann þá ákveða í samráði við verðbréfamiðstöð tímasetningu (dagsetningu og stund) rafrænu skráningarinnar og þar með frá hvaða stundu hin ápreifanlegu hlutabréf eru ógild.

53. gr.

Innköllum skal ekki birt fyrir en 6 mánuðum áður en rafræn skráning hlutabréfa hefst í verðbréfamiðstöð og þó aldrei síðar en 3 mánuðum áður en rafræna skráningin fer fram.

Jafnframt því að auglýsa innköllum tvisvar í Lögbirtingablaði ber útgefandi ábyrgð á að birta a.m.k. þrjár auglýsingar um innköllum réttindanna í öllum helstu fjölmiðlum með áberandi hætti, s.s. dagblöðum og öðrum miðlum sem ástæða þykir til að nota svo upplýsingar um innköllum komist til eigenda útgefinna hlutabréfa í félaginu.

54. gr.

Í auglýsingu, sbr. 52. gr., skal að lágmarki tekið fram:

1. Tilgreining þeirra hlutabréfa sem innköllun tekur til, s.s. tilgreining á útgefanda svo og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar má telja svo að unnt sé að þekkja og greina réttindi samkvæmt hlutabréfinu, t.d. raðnúmer eða aðrar sérgreiningar á bréfinu eða önnur skilyrði er varða arðgreiðslur af bréfinu og á hvaða ári réttindum er ætlað að ljúka, ef um tímabundin réttindi er að ræða.
2. Hvenær (dagsetning og stund) réttindi samkvæmt hinum áþreifanlegu hlutabréfum verði rafrænt skráð í verðbréfamiðstöð og hin áþreifanlegu hlutabréf þar með ógild.
3. Tilvísun til þeirrar einingar sem rafréf skulu gefin út í eftir rafræna skráningu, sbr. 1. tölul.
4. Hvort útgefandi hafi ákveðið að eftir að rafræn skráning hefur átt sér stað í verðbréfamiðstöð og innköllunarfræstur er liðinn skuli greiðslur til eiganda réttindanna, s.s. arðgreiðslur, o.s.frv., einungis fara fram í gegnum kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar.
5. Með hvaða hætti eigendum réttinda samkvæmt hlutabréfum sé rétt og skylt að fá staðfest reikningsyfirlit frá verðbréfamiðstöð er sýni á óyggjandi hátt hvaða réttindi hafa þar verið skráð þegar rafræn skráning hefur átt sér stað, sbr. og 56. gr.
6. Nafn verðbréfamiðstöðvar þar sem bréfin verða skráð.

55. gr.

Verðbréfamiðstöð annast og ber ábyrgð á því að stofnaður sé reikningur fyrir sérhvern eiganda að hlut sem tilkynntur hefur verið til hlutaskrár félagsins á þeirri stundu sem innköllunarfræsti samkvæmt 52. gr. lýkur og rafræn skráning á sér stað. Verðbréfamiðstöð er heimilt að krefjast þess að viðskipti með bréf félags skuli stöðvuð þann dag sem rafræn skráning þeirra fer fram í tölvukerfi miðstöðvarinnar. Framsal og aðrar skráningar á reikninginn eru óheimilar fyrr en eigandi hefur valið sér reikningsstofnun, sbr. ákvæði III. kafla þessarar reglugerðar og skilyrði hennar eru uppfyllt að öðru leyti.

56. gr.

Reikningsstofnanir skulu varðveita afrit af öllum gögnum sem lágu til grundvallar fyrsta framsali og skráningu réttinda á reikning eiganda rafréfs, sbr. 55. gr. svo og að öðru leyti ákvæði laga og reglugerðar þessarar. Hið sama gildir um önnur gögn sem stuðst hefur verið við vegna skráningar réttindanna. Reikningsstofnun ber samkvæmt ósk rétthafa hinna skráðu réttinda að gefa út reikningsyfirlit er sýni með ótvíræðum hætti þau réttindi sem hafa verið skráð í verðbréfamiðstöð á reikning reikningseiganda í samræmi við gildandi reglur þar um.

57. gr.

Rafræn skráning skuldabréfa.

Útgefanda skuldabréfa eða skuldabréfaflokks er heimilt að auglýsa einhliða að áþreifanleg skuldabréf verði tekin til rafrænnar skráningar.

Í auglýsingu skal tilgreina þær reikningsstofnanir þar sem tekið er við skuldabréfum í áþreifanlegu formi til rafrænnar skráningar í verðbréfamiðstöð. Um auglýsingu samkvæmt þessari málsgrein fer að öðru leyti eftir 54. gr. og um geymslu gagna og útgáfu reikningsyfirlits fer samkvæmt 56. gr., svo og öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar eftir því sem við getur átt.

58. gr.

Afhending áþreifanlegra skuldabréfa er einungis heimil til þeirra reikningsstofnana sem hafa gert fullgildan aðildarsamning við verðbréfamiðstöð þegar afhendingin fer fram.

59. gr.

Reikningsstofnun sem veitir áþreifanlegu skuldabréfi viðtöku skal, að undangenginni könnun samkvæmt 10. gr., sbr. 2. tölul. 12. gr., árita bréfið um rafræna skráningu og ógilda það.

Í áritun skal að lágmarki koma fram:

1. Dagsetning rafrænu skráningarinnar.
2. Númer reiknings í verðbréfamiðstöð þar sem réttindin hafa verið skráð.
3. Kennitala síðasta handhafa skuldabréfsins svo og kennitala framsalshafa ef skuldabréfið er framselt við rafræna skráningu.

Að lokinni eignarskráningu og áritun samkvæmt þessari grein er hið áþreifanlega skuldabréf ógilt og skal sent útgefanda til varðveislu.

60. gr.

Rafræn skráning hlutdeildarskírteina.

Um rafræna skráningu hlutdeildarskírteina fer eftir ákvæðum 52. – 56. gr. svo og öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar eftir því sem við getur átt.

61. gr.

Almenn ákvæði er varða rafræna skráningu.

Réttindum samkvæmt áþreifanlegum verðbréfum skal breyta í rafbréf í samræmi við samning útgefanda og verðbréfamiðstöðvar um útgáfuna, s.s. nafnverð, auðkenni bréfa, o.fl.

Nafnverð einingar er ekki unnt að tilgreina í hærri fjárhæð en sem svarar til lægsta nafnverðs á verðbréfi þegar innköllun réttindanna á sér stað.

Nú hefur rafræn skráning átt sér stað og falla þá úr gildi öll fyrri einkennisnúmer verðbréfaflokksins svo og önnur einkenni hans.

62. gr.

Eins skjótt og verða má en þó aldrei síðar en þremur mánuðum eftir að rafræn skráning hefur átt sér stað skulu hlutaðeigandi reikningsstofnanir senda reikningsyfirlit til eiganda réttindanna svo og annarra réttihafa eftir því sem við getur átt. Reikningsyfirlitið skal að lágmarki fullnægja ákvæðum 13. gr., sbr. 38. gr. þessarar reglugerðar.

Ákvæði 1. mgr. stendur því þó ekki í vegi að eigandi eða réttihafi að rafbréfi geti hvenær sem er óskað eftir því við reikningsstofnun að hún afhendi afrit reikningsyfirlits yfir réttindi sem sannanlega varða hann.

Við eignarskráningu áþreifanlegra verðbréfa í verðbréfamiðstöð fyrir milligöngu reikningsstofnunar skal senda tilkynningu í samræmi við ákvæði 35. gr. þessarar reglugerðar.

63. gr.

Réttindi samkvæmt áþreifanlegu verðbréfi sem hefur verið innkallað og skráð í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og reglugerð þessa, njóta réttarverndar frá og með þeirri stundu sem lokafærsla réttindanna hefur farið fram í verðbréfamiðstöð.

VIII. KAFLI Gildistaka, o.fl.

64. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórn-

endur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðila að sæta sviptingu starfsréttinda.

Tilraun til og hlutdeild í brotum eru refsiverðar samkvæmt almennum hegningarlögum.

65. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 32/2000, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 25. maí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 2000

8. júní 2000

889

Nr. 398

REGLUGERÐ

um bílaleigur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um leigu á skráningarskyldum bifreiðum án ökumanns. Reglugerðin tekur þó ekki til starfsemi kaupleigu- eða fjármögnunarfyrirtækja eða leigu í eigin þágu eða til tengdra aðila.

2. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Sækja skal um starfsleyfi til reksturs bílaleigu að jafnaði að minnsta kosti mánuði áður en fyrirhuguð starfsemi á að hefjast. Ráðuneytið aflar umsagnar lögreglustjóra í því umdæmi sem bílaleiga mun hafa fasta starfsstöð. Með umsókn um starfsleyfi til reksturs bílaleigu skulu veittar eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og kennitala umsækjanda.
2. Nafn, kennitala og heimilisfang bílaleigu.
3. Upplýsingar um fjölda starfsstöðva.
4. Aðsetur fastrar starfsstöðvar.
5. Staðsetning útibúa.
6. Nafn framkvæmdastjóra.
7. Nöfn fyrirsvarsmanna útibúa.
8. Hvenær starfsemin hófst, ef bílaleiga hefur haft leyfi áður.

Jafnframt skulu eftirfarandi gögn fylgja umsókn um starfsleyfi til reksturs bílaleigu:

1. Sakavottorð framkvæmdastjóra bílaleigunnar, fyrirsvarsmanna útibúa og stjórnarmanna.
2. Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu skv. 4. gr. Þeir sem sækja um starfsleyfi fyrir 10. júlí 2000 hafa frest til þess tíma að leggja fram staðfestingu skv. þessum tölulíð.
3. Afrit eldra leyfis, ef það hefur verið gefið út.
4. Listi yfir bifreiðar til útleigu þegar umsókn er gerð (tegund – árgerð – skráningar-númer).

3. gr.

Starfsleyfi bílaleiga.

Sá einn getur fengið starfsleyfi samgönguráðuneytis til reksturs bílaleigu sem uppfyllir skilyrði 4. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000. Starfsleyfi er veitt til fimm ára í senn og skal greiða gjald fyrir útgáfu þess kr. 10.000.

Um starfsleyfi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 3. og 4. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000.

4. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Áður en starfsleyfi er veitt skal umsækjandi leggja fram staðfestingu þess efnis að vegna bílaleigunnar hafi verið tekin starfsábyrgðartrygging hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Skal váttryggingin bæta leigutökum almennt fjártjón er stjórnendur og starfsmenn bílaleigunnar af gáleysi kunna að baka þeim vegna vanefndar á leigusamningi, t.d. vegna afhendingartafa og endurgreiðslu fyrirframgreidds fjár sökum rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots bílaleigu. Einungis beint fjárhagslegt tjón leigutaka skal greitt af tryggingunni en ekki tjón sem rekja má t.d. til óþæginda eða miska.

Váttryggingin skal gilda vegna reksturs bílaleigunnar hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Heimilt er að leggja fram samsvarandi bankaábyrgð í stað váttryggingar hjá váttryggingafélagi að mati samgönguráðuneytisins.

Starfsábyrgðartrygging bílaleigu skal vera 250 þús. króna hið lægsta vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð váttryggingabóta innan váttryggingarárs skal að lágmarki vera eftirfarandi miðað við fjölda bifreiða til útleigu:

1 – 10 bifreiðar	1 millj. króna.
11 – 25 bifreiðar	1,5 millj. króna.
26 – 50 bifreiðar	2,5 millj. króna
51 – 75 bifreiðar	3,5 millj. króna
> 75 bifreiðar	5 millj. króna

Váttryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs í maí 2000 (198,4 stig) og skulu breytast 1. maí ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni til þess tíma.

Heimilt er að semja um eigin áhættu váttryggingartaka, en slíkt má í engu skerða rétt leigutaka til bóta úr hendi váttryggingafélags.

Váttryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem valdið hefur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

Skilmálar váttryggingar skulu kynntir samgönguráðuneyti áður en váttrygging er boðin bílaleigum.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag eða banki tilkynna það viðkomandi bílaleigu (váttryggingartaka) og samgönguráðuneyti þegar í stað. Váttryggingartímabili telst ekki lokið fyrir en átta vikur eru frá því að tilkynnt var um tryggingaslit, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið tekin.

Uppfylli bílaleiga ekki skilyrði reglugerðar þessarar um starfsábyrgðartryggingu er henni skylt að leggja inn starfsleyfi sitt til samgönguráðuneytis.

5. gr.

Skyldur bílaleigu.

Bílaleiga skal í hvítvetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hún skal gæta þess að viðskiptamenn hennar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að leigutaka séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bílaleiga ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við leigu bifreiða.

Skylt er að leyfisbréf bílaleigunnar liggja frammi á fastri starfsstöð hennar og afrit þess í útibúum.

Bílaleiga skal tryggja að skráningarskyldar bifreiðir til útleigu séu ætíð í góðu ásigkomulagi og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þær. Bílaleiga skal færa ökutæki til útleigu til lögboðinnar skoðunar.

Bílaleiga skal bjóða upp á bifreiðar til útleigu jafnt til almennings sem fyrirtækja.

Bílaleiga skal upplýsa erlenda leigutaka um íslenskar umferðarreglur, umferðarmerki og reglur um bann við umferð utan vega. Jafnframt skal bílaleiga vekja sérstaka athygli leigutaka á hættu sem stafar af dýrum á vegum.

6. gr.

Leigusamningur.

Bílaleiga skal sjá um að ávallt sé gerður skriflegur leigusamningur um leigu á bifreið, sem undirritaður skal af leigutaka og leigusala. Bílaleiga skal kynna leigutaka efni leigusamningsins og sérstaklega þær skyldur sem hann tekur á sig með undirritun leigusamningsins. Leigusamningurinn skal gerður í að minnsta kosti tveimur eintökum og bílaleiga og leigutaki heldur hvor um sig einu eintaki leigusamningsins.

Í leigusamningi skulu eftirfarandi atriði að minnsta kosti koma fram:

1. Fullt nafn bílaleigu, kennitala og heimilisfang.
2. Fullt nafn leigutaka, kennitala og heimilisfang.
3. Númer vegabréfs ef ekki er um íslenska ríkisborgara að ræða.
4. Nafn þess eða nöfn þeirra sem heimild hafa til að aka bifreiðinni.
5. Númer ökuskírteinis.
6. Skráningarnúmer bifreiðar.
7. Upphaf og lok leigutíma miðað við dag og klukkustund.

Bílaleiga skal varðveita leigusamning í að minnsta kosti eitt ár frá undirritun hans.

7. gr.

Leigutaki.

Sá einn sem hefur tilskilin ökuréttindi getur leigt bifreið. Bílaleigu er þó heimilt að gera leigusamning við einstakling sem ekki hefur tilskilin ökuréttindi, enda tilnefni hann ökumann í leigusamningi og má sá aka bifreiðinni. Skal ökumaður ávallt uppfylla framangreind skilyrði. Sama gildir ef leigutaki er félag eða annar lögaðili.

Leigusamningur skal ávallt vera í bifreiðinni meðan á leigutíma stendur.

Leigutaka er óheimilt að nota bifreiðina til flutnings farþega gegn greiðslu, lána það eða framleigja.

8. gr.

Refsiákvæði o.fl.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 og öðlast þegar gildi. Þær bílaleigur sem starfa við gildistöku þessarar reglugerðar skulu uppfylla skilyrði laga um bílaleigur nr. 64/2000 og reglugerðar þessarar og afla sér starfsleyfis fyrir 1. september 2000.

Samgönguráðuneytinu, 8. júní 2000.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 2000

Nr. 399

892

13. júní 2000

REGLUGERÐ

um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár.

1. gr.

Ríkissjóði er heimilt að kaupa greiðslumark sauðfjár samkvæmt umsóknum frá greiðslumarkshöfum og greiða fyrir það samkvæmt nánari ákvæðum í 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur ákveðið að uppkaupum skuli hætt þegar keypt hafa verið 45.000 ærgildi.

2. gr.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga f.h. ríkissjóðs skal auglýsa tilboð um kaup á greiðslumarki sauðfjár eigi síðar en 15. júní ár hvert í fjölmiðlum.

Umsóknir um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár skulu sendar framkvæmdanefnd búvörusamninga sem annast f.h. ríkissjóðs samninga um kaupin.

Í umsókn um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og símanúmer umsækjanda, nafn lögbýlis, sveitarfélags og sýslu, lögbýlisnúmer, greiðslumark lögbýlis sem óskað er sölu á, bankareikning sem leggja má söluverð inn á og yfirlýsing seljanda um að hann gangist undir kvöð um að framleiða ekki sauðfjárafurðir til ársloka 2007, sbr. 6. gr. Umsækjandi skal undirrita umsókn eigin hendi. Framkvæmdanefnd búvörusamninga lætur gera umsóknareyðublöð um kaup á greiðslumarki sauðfjár og skulu þau liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda.

3. gr.

Umsóknum um kaup á greiðslumarki sauðfjár skal skilað fyrir 15. október ár hvert. Framkvæmdanefnd búvörusamninga f.h. ríkissjóðs er heimilt að fela búnaðarsamböndum að taka við umsóknum, staðfesta móttöku þeirra með dagstimpli og skila umsóknum til framkvæmdanefndar búvörusamninga.

Fyrir sama dag skal leggja fram veðbókarvottorð sem ekki er eldra en vikugamalt, samþykki eiganda jarðar ef hann er annar en umsækjandi, samþykki ábúanda ef hann er annar en umsækjandi, samþykki sameiganda ef hann er fyrir hendi og samþykki veðhafa fyrir sölu greiðslumarksins.

Umsóknir sem borist hafa fyrir 15. október ár hvert verða bindandi þá, hafi umsækjendur ekki afturkallað umsóknir skriflega fyrir þann tíma.

Berist umsóknir um sölu á greiðslumarki sauðfjár umfram 45.000 ærgildi skal þeim raðað í forgangsröð sem miðist við hvenær umsóknir bárust samkvæmt dagstimpli búnaðar-

sambands. Allar umsóknir sem bárust sama dag skulu vera jafnréttáar. Skulu þeir umsækjendur sitja fyrir um sölu á greiðslumarki sauðfjár sem fyrstir hafa sótt um.

Þegar landbúnaðarráðherra hefur áritað umsókn um kaup á greiðslumarki sauðfjár er kominn á bindandi samningur milli aðila.

4. gr.

Um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sauðfjár gilda eftirfarandi reglur um verð og greiðsluskilmála:

- a) Greiðslumarkshafar sem semja um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sínu fyrir 15. nóvember 2000 fá greiddar kr. 22.000 fyrir hvert ærgildi greiðslumarks eins og það var skráð 1. janúar 2000.
- b) Greiðslumarkshafar sem semja um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sínu fyrir 15. nóvember 2001 fá greiddar kr. 19.000 fyrir hvert ærgildi greiðslumarks eins og það var skráð 1. janúar 2001.
- c) Greiðslumarkshafar sem semja um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sínu fyrir 15. nóvember 2002 fá greiddar kr. 16.000 fyrir hvert ærgildi greiðslumarks eins og það var skráð 1. janúar 2002.
- d) Greiðslumarkshafar sem semja um kaup ríkissjóðs á greiðslumarki sínu eftir 15. nóvember 2002 fá greiðslur sem svara til þriggja ára beingreiðslna en þó aldrei lengur en til loka samningstímans.

Greiðslur samkvæmt a- til c-lið skal inna af hendi með eingreiðslu eftir að samningi hefur verið þinglýst á lögbýlið ásamt kvöð um tímabundið fjárleysi. Heimilt er að semja um að greiðslur dreifist á annan hátt, þó að hámarki til þriggja ára.

Gjalddagar samkvæmt a- til c-lið skulu vera 20. janúar 2001 vegna kaupa á greiðslumarki sem samið er um fyrir 15. nóvember 2000, 20. janúar 2002 vegna kaupa á greiðslumarki sem samið er um fyrir 15. nóvember 2001 og 20. janúar 2003 vegna kaupa á greiðslumarki sem samið er um fyrir 15. nóvember 2002.

Gjalddagar samkvæmt d-lið skulu vera þeir sömu og um beingreiðslur væri að ræða.

Fjárhæðir sem tilgreindar eru í þessari grein skulu taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs, grunnvísitölu í mars 2000, 196,4 stig.

Við sölu á greiðslumarki sem bundið er fjárskiptasamningi falla aðrar bótagreiðslur niður um leið og beingreiðslur.

5. gr.

Við gerð samnings um sölu á greiðslumarki sauðfjár skal miðað við þann fjölda ærgilda greiðslumarks sem lögbýlið hefur. Umsókn skal því aðeins tekin til greina að óskað sé eftir sölu á öllu greiðslumarki lögbýlis til sauðfjárframleiðslu.

Heimilt er, ef samningur er gerður um sölu greiðslumarks fyrir 15. nóvember 2000, að selja greiðslumarkið í tvennu lagi, þ.e. á árunum 2000 og 2001, en þá skal að lágmarki selja 25% greiðslumarksins hvort ár. Gjalddagar eru 20. janúar 2001 og 20. janúar 2002.

Fyrir greiðslumark sem selt er samkvæmt 2. mgr. skal greiða sömu fjárhæðir og ríkissjóður greiðir fyrir hvert ærgildi greiðslumarks á þeim tíma sem greiðslur eru inntar af hendi. Greiðslur sem inntar eru af hendi 20. janúar 2001 skulu nema kr. 22.000 á hvert ærgildi en greiðslur sem inntar eru af hendi 20. janúar 2002 skulu nema kr. 19.000 á hvert ærgildi, að teknu tilliti til breytinga í samræmi við vísitölu neysluverðs, sbr. 5. mgr. 4. gr.

6. gr.

Seljendur greiðslumarks skulu undirgangast kvöð um að framleiða ekki sauðfjárafurðir til ársloka 2007. Þeim er þó heimilt að halda allt að 10 vetrarfóðraðar kindur enda séu afurðir þeirra til eigin nota. Þessari kvöð skal þinglýst á lögbýli það sem greiðslumark er

keypt af. Landbúnaðarráðuneytið annast þinglýsingu samninga og greiðir ríkissjóður kostnað sem af því leiðir.

Við sölu greiðslumarks samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skal kvöð um fjárleysi þinglýst á jörðina áður en greiðsla vegna fyrri hluta sölu fer fram og krafa um fjárleysi uppfyllt haustið 2001. Seljanda er þó skylt að fækka fé sínu haustið 2000 í sama hlutfalli og nemur seldu greiðslumarki á því ári.

Greiðslu samkvæmt 4. gr. skal ekki inna af hendi nema fyrir liggi staðfesting forðagæslumanns um að bústofn umsækjanda sé ekki umfram 10 kindur. Fyrri hluta greiðslu fyrir sölu greiðslumarks samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skal ekki inna af hendi nema fyrir liggi staðfesting forðagæslumanns um að seljandi hafi fækkað fé sínu í sama hlutfalli og nemur seldu greiðslumarki á árinu 2000. Síðari hluta greiðslu samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skal ekki inna af hendi nema fyrir liggi staðfesting forðagæslumanns um að bústofn seljanda sé ekki umfram 10 kindur.

Landbúnaðarráðherra getur að fengnum meðmælum framkvæmdanefndar búvörusamninga aflétt kvöð um fjárleysi ef eigendaskipti verða að lögbýli.

7. gr.

Séu handhafar greiðslumarks á lögbýli fleiri en einn skal umsókn um kaup á greiðslumarki ekki tekin til greina nema þeir óski allir eftir kaupum ríkissjóðs á greiðslumarki sínu. Skal kvöð um fjárleysi að lokinni sölu, sbr. 6. gr., gilda um lögbýlið í heild.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júní 2000.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 2000

15. júní 2000

895

Nr. 400

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari þegar um er að ræða nauðsynleg lyf sem læknir (tannlæknir) hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu, samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 með áorðnum breytingum. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi, sbr. þó 11. gr.

2. gr.

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávísun (ordination) skal miðast við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokkum (lækn-ingaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf við sársjúkdómi	A 02 B
b. Veirulyf	J 05 AB
c. Geðdeyfðarlyf	N 06 AB

Þegar ávísað er lyfjum í eftirtöldum ATC-flokki, er heimilt að miða greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávísun við magn virks efnis, sem sérlyfjaskrá tilgreinir sem hámark, sem ávísa má með lyfseðli.

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Mígrenilyf (sérhæfð serótónínvirk lyf)	N 02 CC

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í undantekningartilvikum að gefa út skírteini sem heimilar að greiðsluþátttaka sé miðuð við 100 daga notkun eða tiltekinn fjölda pakkninga, þegar ávísað er á lyf í ofangreindum flokkum.

3. gr.

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi hámarksverð í smásölu.

Viðmiðunarverð getur ýmist verið:

1. ódýrasta smásöluhámarksverð samheita lyfja eða
 2. ódýrasta smásöluhámarksverð lyfja, sem hafa sambærileg meðferðaráhrif.
- Ráðherra skipar nefnd, sem ákveður viðmiðunarflokka.

Viðmiðunarverðskrá er gefin út af Tryggingastofnun ríkisins og birtist í lyfjaverðskrá, sem lyfjaverðsnefnd gefur út.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fyrir sjúkratryggðan lyf í eftirtöldum ATC-flokkum sem honum er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „*“ í gildandi lyfjaskrá. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, sbr. viðmiðunarverðská, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur.

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Sykursýkilyf	A 10
b. Storkuþættir	B 02 BD
c. Cýpróterón	G 03 HA 01
d. Blóðsykurhækkandi lyf	H 04 A
e. Krabbameinslyf og lyf til ónæmishindrunar eða ónæmisörvunar (nema lyf í L 02 AE 01 sem greiðast skv. 6. gr. (E merking))	L
f. Andkólnivirk lyf	N 04 A
g. Sterk geðlyf	N 05 A
h. Gláku- og ljósopsþrengjandi lyf	S 01 E

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir sjúkratryggðan lyf í eftirtöldum ATC-flokkum sem honum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaskrá:

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf gegn þarmabólgu	A 07 E
b. Vítamín D og skyld lyf	A 11 CC
c. Hjartasjúkdómalyf	C 01
d. Beta-blokkarar	C 07
e. Kalsíumblokkarar	C 08
f. Lyf með verkun á renínangiótensín kerfið	C 09
g. Psoriasislyf	D 05
h. Barksterar	D 07
i. Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
j. Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
k. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
l. Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
m. Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)	N 06 A
n. Oxýklórókín	P 01 BA 02
o. Astmalyf	R 03

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaárvísun greiðir sjúkratryggður fyrstu 1.550 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.550 kr. greiðir sjúkratryggður 65%, en þó aldrei meira en 3.100 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 550 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 550 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 950 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskráum með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 1.550 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.550 kr. greiðir sjúkratryggður 80%, en þó aldrei meira en 4.500 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn með umönnunarkort skv. reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna skulu greiða fyrstu 550 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 550 kr. skulu þeir greiða 50%, en þó aldrei meira en 1.250 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við eftirtalin lyf og skulu þau auðkennd með „0“ í lyfjaskráum:

a. Lyf sem fánleg eru í lausasölu (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskráum), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokkum A 12 BA, og S 01 XA sem greiðast samkvæmt 6. gr. (E merking).

b. Lyf í þeim ATC-flokkum sem hér eru taldir:

A 02 A	Sýrubindandi lyf
A 06 A	Hægðalyf
A 11	Vítamín, nema lyf í flokki A 11 CC, sbr. 5. gr. staflið b.
A 12 AA	Kalsíum
A 14 A	Vefaukandi lyf
C 10	Blóðfitulækkandi lyf
D 01 A	Sveppalyf
D 01 B	Sveppalyf til inntöku
D 06	Sýklalyf
D 09	Umbúðir
D 10 A	Lyf til útvortisnotkunar við bólum
D 11	Önnur húðlyf, þ. á m. lyfjasápur
G 03 A	Hormón, notaðir til getnaðarvarna
G 04 A	Sýkingalyf
G 04 BE	Lyf við stinningarvandamálum
J 02	Sveppalyf til inntöku
J 06 A	Önæmissermi
J 06 BA 01	Immúnóglóbúlín, normal, manna, sem ekki eru gefin í æð

J 07	Bóluefni
M 01 AE 51	Íbúprófen í blöndum
M 02	Gigtarlyf til útvortisnotkunar
M 03 AC	Önnur kvarter ammóníumsambönd
N 01	Svæfinga- og deyfingalyf
N 02 AA 59	Kódein í blöndum
N 02 B	Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf
N 05 B	Róandi lyf (anxiolytica) (nema lyf í flokki N 05 BE, azaspíródekandíón-afbrigði, en þau skal greiða skv. 6. gr. (E merking))
N 05 C	Svefnlyf (hypnotica og sedativa)
N 07 AA	Kólínesterasablokkarar
N 07 B	Hjálparefni til að hætta reykingum
P	Sníklalyf (antiparasitica), skordýraeitur og skordýrafætur, (nema lyf í flokki P 01 BA 02, oxýklórókín, sem greiðist skv. 5. gr. (B merking), og P 01 BC 01, kínín, sem greiðist skv. 6. gr. (E merking))
R 01 AA	Adrenvirk (nef)lyf
R 02	Hálslyf
R 05	Hósta- og kvefilyf (nema lyf í flokki R 05 CB, slímþynnir, en þau skal greiða skv. 6. gr. (E merking))
R 06 AA 02	Dífenhýdramín
R 07	Önnur öndunarfærallyf
S 02 D	Önnur eyrnalyf
V	Ýmis lyf (nema lyf í flokkum V 01 og V 03 AA, en þau skal greiða skv. 6. gr. (E merking))

c. Lyf í þeim ATC-flokkum er hér eru taldir nema stungulyf, þau skal greiða skv. 6. gr. (E merking):

J 01 A	Tetracyklínsambönd
J 01 C	Beta-laktam sýklalyf, penicillín
J 01 D	Önnur beta-laktam sýklalyf
J 01 E	Súlfónamíðar og trímétóprím
J 01 F	Makrólíðar og linkósamíðar
J 01 G	Amínóglýkósíðar
J 01 M	Kínólónar
J 01 X	Önnur sýklalyf

d. Eftirtalin lyf: Voltaren Rapid

8. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem afhent er af lyfjafraeðingi í undantekningartilviki, hafi viðkomandi ekki getað náð í lækni.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem læknir ávísar sjálfum sér til nota í starfi, til notkunar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri hliðstæðri stofnun.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði lyfseðilsskylds lyfs, sem ávísað er skipstjóra, flugstjóra, forsvarsmanni fyrirtækis eða stofnunar til notkunar í lyfjakistur skipa, loftfara eða í sjúkrakassa fyrirtækis eða stofnunar.

9. gr.

Greiðsluþátttaka í „S“ merktum lyfjum fer eftir almennum greiðslureglum þessarar reglugerðar.

10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gefa út lyfjaskírteini í samræmi við starfsreglur sem stofnunin setur sér:

1. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota um lengri tíma lyf sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta. Er þá heimilt að hækka greiðslumerkingu um einn flokk, sbr. 4. -7. grein. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.
2. Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota að staðaldri lyf sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta. Er þá heimilt að undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka miðað við fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá. Sem dæmi má nefna sjúklinga með flogaveiki, Parkinsonsveiki, lokastigs nýrnabilun, krabba-mein, alvarlega áunna eða meðfædda truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi eða sambærilega sjúkdóma.

Leysiefni sem nauðsynlegt er með virku inndælingarlyfi (þurrefni eða þykkni) skal greitt á sama hátt og viðkomandi inndælingarlyf.

11. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í undantekningartilvikum að taka þátt í greiðslu lyfja, sem ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi, þ.m.t. staðlaðra forskriftarlyfja og forskriftarlyfja lækna, en heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 4. og 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Sækja má um greiðsluþátttöku til Tryggingastofnunar ríkisins, en skilyrði fyrir greiðslu-þátttöku í slíkum tilvikum er, að framvísað sé lyfjaskírteini, sem stofnunin gefur út í samræmi við þær reglur, sem hún setur sér.

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í umræddum tilvikum skal taka mið af við-urkenndu hámarksverði lyfjaverðsnefndar skv. 40. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Lyfjanefnd ríkisins gefur út undanþágulista, sem birtist með lyfjaverðskrá, þar sem fram kemur greiðsluþátttaka í viðkomandi lyfjum.

12. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður greiðslutilhögun lyfja vegna nýrra markaðsleyfa og breytinga á markaðsleyfum, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við 41. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur endurskoðað greiðslutilhögun lyfja, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við 41. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 748/1998 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júní 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í samræmi við reglur þessar að endurgreiða að hluta útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja, sjúkrahjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar enda teljist þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

2. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar sjúkratryggðs sem stofnast hefur hérlendis:

- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við heimsóknir á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjanir lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsóknir og röntgengreiningu, sbr. 2.-9. gr. reglugerðar nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.
- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf, sbr. 3., 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 748/1999 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum. Endurgreiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 158/1996.
- Lyf vegna barna til 18 ára aldurs, sem afgreidd eru út á lyfseðil.
- Hluta sjúkratryggðs í sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, sbr. reglur tryggingaráðs um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga TR í þjálfun.

3. gr.

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður 3 mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
undir 1.399.000	0,7% af tekjum	90%
1.400.000-2.199.999	0,7% af tekjum	75%
2.200.000-3.199.999	0,7% af tekjum	60%
3.200.000 og yfir		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 200.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð kr. 3.200.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

EKKI verður greidd út lægri upphæð en kr. 500.

4. gr.

Sjúkratryggður skal sanna útgjöld sín vegna læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar með framlögðum kvittunum sem bera með sér nafn útgefanda, tegund þjónustu, fjárhæð og

greiðsludag, ásamt nafni og kennitölu hins sjúkratryggða. Einnig er unnt að sanna útgjöld vegna lyfja með því að framvísa tölvuútskrift frá apótekum.

5. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar skal leggja til grundvallar kostnað sjúkratryggðs skv. 2. gr., eða fjöl-skyldu, að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar er heimilt að draga frá heildarkostnaði uppbot sem viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi nýtur vegna lyfja og/eða þjálfunar skv. 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

6. gr.

Umsóknum um endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal skilað til Trygginga-stofnunar ríkisins eða umboða hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknis-hjálpar, lyfja og þjálfunar þrjá mánuði í senn, þ.e. 1. janúar - 31. mars, 1. apríl - 30. júní, 1. júlí - 30. september og 1. október - 31. desember ár hvert.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast gildi 1. júlí 2000. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 546/1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júní 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 202, 23. mars 2000, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

1. gr.

Á eftir orðinu „Tyrkland“ í 4. gr. auglýsingarinnar kemur: Vítínam.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. júní 2000.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Kristín Haraldsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2000

Nr. 403

902

6. júní 2000

AUGLÝSING

um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest svofellda breytingu á reglum um skólasókn nemenda í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla:

Skólasókn

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um frávik frá skólasókn. Þar skal m.a. koma fram hvernig veikindi nemenda og önnur óhjákvæmileg forföll eru meðhöndluð. Sömuleiðis skal gerð grein fyrir viðurlögum við brotum á skólasóknarreglum.

Fjarvera vegna staðfesta veikinda og/eða læknismeðferðar nemanda útilokar hann ekki frá því að gangast undir próf í lok námsannar eða skólaárs. Leitast skal við að finna viðunandi leið að námslokum fyrir langveika nemendur.

Skólum er heimilt að meta skólasókn nemenda til einkunnar og/eða námseininga eftir frekari reglum er skólastjórn setur. Einingar sem samkvæmt þessu verða gefnar fyrir mætingu má taka af frjálsum vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok.

Skólum er heimilt að meta til eininga umfangsmikil störf á vegum nemendafélags, svo sem formennsku í félaginu og setu í stjórn þess, formennsku í félögum eða klúbbum sem starfa á vegum nemendafélags, ritstjórn skólablaðs, þátttöku í keppni á borð við keppnina „gettu betur“ svo og annað framlag til skólastarfsins af líkum toga sem talið er vert sérstakrar viðurkenningar með námseiningum. Einingar sem gefnar eru samkvæmt þessari heimild má taka af frjálsum vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. júní 2000.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

Nr. 404

7. júní 2000

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ísfélag Vestmannaeyja hf., fiskmjölsverksmiðju, Krossanesi, Akureyri, kt. 660169-1219. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir í 2 ár frá þeim tíma.

Reykjavík, 7. júní 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

*Gunnar Steinn Jónsson
staðgengill forstöðumanns.*

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út breytingu á starfsleyfi fyrir Ísfélag Vestmannaeyja hf., fiskmjölsverksmiðju, Vestmannaeyjum, kt. 660169-1219. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Breyting á starfsleyfi öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 29. maí 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Gunnar Steinn Jónsson
staðgengill forstöðumanns.

7. júní 2000

Nr. 406

AUGLÝSING

um aukaleik Íslenskra getrauna.

Ráðuneytinu hefur borist tilkynning um aukaleik Íslenskra getrauna undir nafninu *Sigurinn, aukaleikur Íslenskra getrauna um Evrópukeppni landsliða - EM 2000* í samræmi við 3. tl. 4. gr. og 36. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995. Leik þennan á að starfrækja til og með 3. júlí 2000.

Ráðuneytið samþykkir að leikur þessi verði starfræktur og að um hann gildi reglur þær sem Íslenskar getraunir hafa gefið út. Fylgja þær hér með sem fylgiskjal I.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júní 2000.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Fylgiskjal I.

Aukaleikur Íslenskra getrauna um Evrópukeppni landsliða - EM 2000. Sigurinn.

Spilareglur

1 Almennar reglur.

- 1.1 Sigurinn er samheiti yfir getraunaform þar sem þátttakandinn giskar á sigurvegarann í Evrópukeppni landsliða - EM 2000. Annars vegar verður hægt að tippa á sigurvegarann í hverjum riðli fyrir sig og hins vegar á sigurvegarann í keppninni. Hver keppni á Sigrinum er sjálfstæð getraun.
- 1.2 Sigurinn er hægt að spila á Internetinu og hjá þeim söluaðilum sem hafa beinlínutengdan aðgang að sölukerfi Íslenskra getrauna á Internetinu.
- 1.3 Getraunafímabil er frá því sala hefst í ákveðnum getraunaleik og þar til allt að einni

mínútu áður en viðkomandi keppni fer fram. Upplýsingar um áætlaðan keppnisdag, getraunátímabil, getraunaumferð og lokunartíma skulu vera aðgengilegar fyrir þátttakendur.

- 1.4 Getraunaumferð er sá dagur eða dagar sem keppnin fer fram á, hér löglegir keppnis dagar. Flytjist keppnin út fyrir þessa daga, fellur getraunin niður og þátttakendur fá endurgreidda ágiskun sína.

2 Þátttökuform, greiðsla vinninga og ógildingar.

- 2.1 Verð hverrar einingar í Sigrinum er 20 kr. Þátttakandi getur valið sér minnst 5 og mest 600 einingar (100 – 12.000 kr.). Þátttökugjald skal hlaupa á jöfnum 100 krónum.
- 2.2 Einstaklingar spila Sigurinn á Internetinu og er þátttaka þá greidd með greiðslukorti. Vinningar eru þá eingöngu færðir á sama greiðslukort og greiddi fyrir þátttöku.
- 2.3 Íþrótt- og ungmennafélög sem og aðrir sem hafa umboð frá Íslenskum getraunum geta selt Sigurinn til þátttakenda með sérstöku söluforriti á Internetinu. Greiðsla fer þá fram með greiðslukorti þátttakenda eða greiðslukorti umboðsaðila. Vinningar eru þá annaðhvort færðir á greiðslukortið sem greiddi fyrir þátttökuna eða þátttakandi gefur upp númer á bankareikningi, og eru þá vinningar færðir inn á viðkomandi reikning.
- 2.4 Þátttakendur eru ábyrgir fyrir því að gefa upp réttan bankareikning, enda komi þær upplýsingar greinilega í ljós á kvittun.
- 2.5 Vinningar eru að jafnaði greiddir út daginn eftir að keppninni á ágiskuninni lýkur. Ef vafi kemur upp um úrslit, þá hafa Íslenskar getraunir rétt til að fresta vinningsútborgun þar til kærufrestur er útrunninn.
- 2.6 Aðeins er hægt að skila inn þátttöku þegar móðurtölvan er opin.
- 2.7 Allar þátttökukvittanir eru geymdar miðlægt í móðurtölvunni en þátttakendur og umboð geta prentað út þessar kvittanir. Ef mismunur er á þátttökukvittun í móðurtölvu og prentaðri kvittun, þá gildir sú í móðurtölvunni. Á þátttökukvittuninni er öryggisnúmer sem er sérstakt fyrir hverja kvittun.
- 2.8 Þátttaka er aðeins gild í því formi og í því umfangi sem skráð er í móðurtölvunni.
- 2.9 Vilji þátttakandi afturkalla ágiskun sína sem hann keypti hjá umboði, verður hann að gera það hjá sama umboði og hann skilaði henni inn til, sama dag og innan 15 mínútna frá því hann keypti hana. Seinustu 15 mínúturnar þar til keppnin hefst, minnkar þessi tími niður í minnst 1 mínútu. Aldrei er hægt að afturkalla ágiskun eftir að keppnin sem hún tekur til er hafin.
- 2.10 Þátttakandi ber ábyrgð á að þátttökukvittunin eigi við um rétta umferð, fjöldi þeirra sé réttur og sé í samræmi við þær ágiskanir sem hann óskaði eftir.
- 2.11 Hvorki félagið né umboð eru skaðabótaskyld vegna tjóns sem þátttakandi verður fyrir vegna þess að félagið eða umboð vöktu ekki athygli hans á skyssu sem hann gerði í sambandi við ágiskunina.

3 Úrslit og endurgreiðslur.

- 3.1 Vinningur fæst aðeins fyrir rétta ágiskun.
- 3.2 Rétt ágiskun telst vera sú, sem sá aðili sem skipuleggur keppnina lýsir sem sigurvegara eftir þeim keppnisreglum sem þar gilda.
- 3.3 Ef giskað hefur verið á ákveðinn keppanda í Sigrinum og hann mætir ekki til leiks í þeirri keppni, sem getraunin tekur til, fellur þátttaka niður á viðkomandi keppanda og er þá þátttökugjald endurgreitt á stuðlinum 1,00. Mæti aðeins 2 keppendur til leiks, skal öll getraunin felld niður og hún öll endurgreidd á stuðlinum 1,00.
- 3.4 Sé keppni felld niður af einhverjum orsökum s.s. vegna veðurs, skal endurgreiða alla þátttöku í viðkomandi getraun á stuðlinum 1,00.

- 3.5 Verði úrslit í keppni sem er á Sigrinum, þannig að fleiri en einn ágiskunarkostur teljist réttur, skal umreikna vinningsstuðla með tilliti til fjölda réttra ágiskana.
- 3.6 Keppni í Sigrinum telst hafa lokið með þeim úrslitum sem fyrir lágu við lok getraunaumferðar. Úrslit sem fást t.d. eftir kærur, gilda ekki.

4 Útreikningur stuðla og vinningsupphæða.

- 4.1 Í Sigrinum eru notaðir breytilegir stuðlar. Breytilegur stuðull merkir að hann umreiknast í hvert sinn sem ágiskun er skilað inn.
- 4.2 Breytilegur stuðull reiknast þannig að vinningsprósenta (V) er margföluð með T/U, þar sem U er upphæð í krónum sem greitt er fyrir viðkomandi ágiskun og T er heildarupphæð í getrauninni þegar útreikningur fer fram ($V \times T / U$). Stuðlar eru reiknaðir með tveimur aukastöfum skv. almennri reglu.
- 4.3 60% heildarsölu skal varið í vinninga.
- 4.4 Endanlegir stuðlar til ákvörðunar á vinningi, eru þeir stuðlar sem eru reiknaðir skv. 4.2 eftir að sölu hefur verið lokað fyrir viðkomandi keppni.
- 4.5 Ef útreiknaður stuðull skv. 4.2 er lægri en 1,00 þá gildir stuðullinn 1,00.
- 4.6 Vinningsupphæð fyrir rétta ágiskun fæst með því að margfalda vinningsstuðul getraunarinnar með þátttökugjaldinu og er vinningsupphæð hækkuð eða lækkuð í næstu heilu krónu skv. almennri reglu.
- 4.7 Ef enginn þátttakandi giskar á rétt úrslit, greiðast engir vinningar út.
- 4.8 Félagið sér um að birta endanlegar vinningsupphæðir á Internetinu.

5 Kærur vegna vangreiddra vinninga.

- 5.1 Þátttakandi, sem telur sig ekki hafa fengið réttmætan vinning eða ranga vinningsupphæð verður að senda inn skriflega kærur til félagsins.
- 5.2 Kæra á að hafa borist skrifstofu félagsins innan fjögurra vikna frá viðkomandi getraunaumferð.
- 5.3 Kæru sem berst eftir að kærufrestur er liðinn eða nauðsynlegar upplýsingar vantar til að hægt sé að finna ágiskunina, er hafnað.
- 5.4 Að öðru leyti eru kærur meðhöndlaðar skv. reglugerð Íslenskra getrauna nr. 543 frá 1995.

6 Gildistími.

- 6.1 Spilareglur þessar eru útgefnar af Íslenskum getraunum, skv. reglugerð um Íslenskar getraunir nr. 543 frá 13. október 1995 og gilda frá 7. júní 2000 - 3. júlí 2000.

Reykjavík, 2. júní 2000.

Stefán Snær Konráðsson stjórnarformaður.

REGLUGERÐ

um brottfellingu ýmissa reglugerða, reglna og auglýsinga með stoð í lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

1. gr.

Eftirtalдар reglugerðir, reglur og auglýsingar eru felldar úr gildi: Reglugerð nr. 306/1972, um félagsmála- og upplýsingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Reglugerð nr. 201/1981, um iðgjöld slysatrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 10/1984 um iðgjöld slysatrygginga, skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.

Reglugerð nr. 15/1990, um iðgjöld slysatrygginga skv. 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.

Reglugerð nr. 503/1992, um iðgjöld slysatrygginga skv. 4. mgr. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Reglugerð um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna nr. 192/1997.

Reglugerð um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna nr. 685/1997.

Reglugerð um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna nr. 675/1998.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 142/1970.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 287/1970.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 226/1971.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 136/1972.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 105/1973.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 165/1973.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 275/1973.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 361/1973.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 58/1974.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 269/1974.

Reglugerð um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 426/1974.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 328/1975.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 286/1976.

Auglýsing um hækkun bóta almannatrygginga nr. 289/1976.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 378/1976.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 397/1976.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 133/1977.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 254/1977.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 408/1977.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 413/1978.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 418/1978.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 218/1979.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 282/1979.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 362/1979.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 482/1979.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 142/1980.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 271/1980.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 458/1980.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 570/1980.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 575/1980.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 127/1981.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 258/1981.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 479/1981.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 650/1981.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 60/1982.

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 450/1982.

- Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 488/1982.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 639/1982.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 770/1982.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 71/1983.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 145/1984.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 286/1984.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 351/1984.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 382/1984.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 435/1984.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 158/1985.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 178/1985.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 245/1985.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 306/1985.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 348/1985.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 393/1985.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 267/1986.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 477/1986.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 538/1986.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 75/1987.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 211/1987.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 231/1987.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 392/1987.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 449/1987.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 588/1987.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 31/1988.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 266/1988.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 448/1988.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 97/1989.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 260/1989.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 405/1989.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 508/1989.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 565/1989.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 99/1990.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 210/1990.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 333/1990.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 383/1990.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 463/1990.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 464/1990.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 68/1991.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 108/1991.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 224/1991.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 269/1991.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 301/1991.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 547/1991.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 182/1992.
Reglugerð nr. 223/1992, um hækkun bóta almannatrygginga (uppbætur vegna láglauna-bóta, orlofs- og desemberuppbótar 1992-1993).
Reglugerð nr. 238/1993, um hækkun bóta almannatrygginga (uppbætur vegna láglauna-bóta, orlofs- og desemberuppbótar 1993).

Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 184/1995.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 378/1995.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 678/1995.
Reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga nr. 690/1996.
Reglugerð nr. 302/1997, um hækkun bóta almannatrygginga nr. 117/1993 með síðari breytingum og bóta skv. lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993, með síðari breytingum.
Reglugerð nr. 472/1997, um hækkun bóta almannatrygginga.
Reglugerð nr. 759/1997, um hækkun bóta almannatrygginga.

Reglugerð nr. 362/1994, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1994.
Reglugerð nr. 363/1995, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1995.
Reglugerð nr. 373/1996, um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1996.

Reglugerð nr. 351/1977, um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir skv. 19. gr. laga um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 298/1981, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 358/1982, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 485/1983, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 312/1984, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 251/1985, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 320/1986, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 303/1987, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 302/1988, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 334/1989, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 281/1990, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 495/1990, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 257/1991, um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 221/1992, um hækkun tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 239/1992, um hækkun frítekjumarks skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 232/1993, um hækkun frítekjumarks skv. 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 239/1993, um hækkun tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 357/1994, um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 245/1996, um breytingu á reglugerð nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Reglugerð nr. 231/1997, um breytingu á reglugerð nr. 59/1996 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 547/1997, um (2.) breytingu á reglugerð nr. 59/1996 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 562/1997, um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 563/1997, um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 523/1998, um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Auglýsing nr. 278/1994, um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.

Auglýsing nr. 463/1995, um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.

Reglugerð nr. 246/1982, um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Reglugerð nr. 380/1984 um breytingu á reglugerð nr. 246/1982 um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Auglýsing nr. 124/1992 um fylgiskjal (bestukaupalista) með reglugerð nr. 300/1991.

Reglugerð nr. 93/1994 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 515/1992, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Reglur nr. 63/1991, um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Reglugerð nr. 198/1993, um (1.) breytingu á reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna nr. 150/1992.

Reglur um (1.) breytingu á reglum nr. 58/1994, um endurgreiðslu sjúkratrygginga á tannlæknakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa.

Reglugerð nr. 64/1996, um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 327/1995.

Reglugerð nr. 432/1996, um breytingu á reglugerð nr. 158/1996, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Reglugerð nr. 507/1996, um (2.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996.

Reglugerð nr. 654/1996, um (3.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 158/1996.

Reglugerð nr. 531/1997, um (4.) breytingu á reglugerð nr. 158/1996, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 568/1997, um breytingu á reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu, skv. lögum um almannatryggingar nr. 117/1993.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. maí 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Nesi, Búðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Búðahrepps þann 4. maí 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Nesi, Búðahreppi, dags. 26. ágúst 1996. Breytingin nær til þess að bætt er við lóð númer 15 við Nesveg og kvöð vegna stofnæðar vatnsveitu Búðahrepps er lögð á lóðir númer 1 og 2 við Nesveg.

Uppdráttur og skilmálar hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 26. ágúst 1996.

Fáskrúðsfirði, 31. maí 2000.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti deiliskipulag Suðurhafnar á fundi sínum þann 14. mars 2000.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Með nýju deiliskipulagi falla úr gildi áður samþykktar deiliskipulagsáætlanir einstakra reita innan deiliskipulagssvæðisins.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 10. júní 2000.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 10. maí 2000.

Breytingin felst í því að mesta vegghæð húsa við Völuteig 19, 21 og 23 er hækkuð úr 5 í 6,5 m.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldri deiliskipulagsuppdráttur samþykktur í bæjarstjórn október 1999.

Mosfellsbæ, 7. júní 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

7. júní 2000

Nr. 411

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Höfðahverfis, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 10. maí 2000.

Breytingin felst í því að útbyggingarreitir einbýlishúsa við Hrafns höfða 17, 19, 21 og 23 og Svöluhöfða 18, 20, 22, 24 og 26 eru rýmkaðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi samsvarandi ákvæði í deiliskipulagsskilmálum Höfðahverfis sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 24. júní 1998.

Mosfellsbæ, 7. júní 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

2. júní 2000

Nr. 412

GJALDSKRÁ

fyrir kúasæðingar hjá Búnaðarsambandi Skagfirðinga.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir kúasæðingar:

- Gjald af mjólkurinnleggi, 1,7% af afurðastöðvarverði hjá Mjólkursamlagi Kaupfélags Skagfirðinga Sauðárkróki.
- Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 2.000.
- Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kú kr. 2.500.

Innifalið í þessu gjaldi eru þrjár sæðingar á hverja kú, en sé um fleiri sæðingar að ræða reiknast nýtt gjald eða kr. 2.000 og gildir það einnig fyrir þrjár sæðingar.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 2000.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 176/1998 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Orðin „með pentaklórfenóli“, sbr. 5. gr. eða í 1. málsl. 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samnings um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnábyrgingum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipun 1999/51/EB. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. júní 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ólafur Pétursson.

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um samræmd lokapróf í 10. bekk grunnskóla. Með samræmdu prófi er í reglugerð þessari átt við sama próf sem nemendum 10. bekkjar gefst kostur á að breyta við lok grunnskóla á sama tíma og við sömu eða sambærilegar aðstæður. Sambærilegar aðstæður við próf gegna því hlutverki að gera niðurstöður prófanna samanburðarhæfar.

2. gr.

Nemendum í 10. bekk grunnskóla skal gefast kostur á að þreyta samræmd próf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Þeir nemendur í 9. bekk, sem að mati skólustjóra og umsjónarkennara, hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í einstökum námsgreinum, geta, með samþykki forsjáraðila, valið að þreyta samræmd lokapróf í þeim námsgreinum.

Nemendum er óheimilt að þreyta samræmt lokapróf tvisvar sinnum í sömu námsgrein.

3. gr.

Skráning í samræmd lokapróf 10. bekkjar fer fram á tímabilinu 1. september til 15. janúar ár hvert. Skólustjóri ber ábyrgð á að nemendur skrái sig til prófs og sér til þess að staðfesting forsjáraðila fylgi skráningu.

Skólustjórar skulu sjá til þess að nemendalistar með nöfnum og kennitölum allra nemenda 10. bekkjar ásamt bekkjarheiti berist framkvæmdaaðila prófanna eigi síðar en 1. október. Eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skulu skólustjórar senda nöfn þeirra nemenda sem skrá sig í hvert samræmt próf til framkvæmdaaðila á þar til gerðum nemendalistum sem framkvæmdaaðili leggur þeim til.

4. gr.

Menntamálaráðherra leggur grunnskólum til samræmd lokapróf í 10. bekk. Grunnskólum er skylt að halda samræmd lokapróf og fylgja reglum um framkvæmd þeirra. Framkvæmdaaðili prófanna setur ítarlegar reglur um framkvæmd og fyrirlögn prófanna. Við fyrirlögn samræmdra prófa ber að fara nákvæmlega eftir þeim fyrirmælum sem fylgja prófi.

Frávik frá reglum um fyrirlögn eru ekki heimil nema með samþykki þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd prófanna. Menntamálaráðherra ákveður með auglýsingu með árs fyrirvara hvenær samræmd lokapróf verða haldin.

5. gr.

Nemendur sem velja að gangast undir einhver samræmd lokapróf en eru samkvæmt læknisvottorði veikir á prófdegi, skulu eiga kost á að þreyta sjúkrapróf sem skólunum eru lögð til og menntamálaráðherra ákveður með auglýsingu hvenær fari fram.

6. gr.

Samræmd lokapróf skulu haldin í 10. bekk í a.m.k. sex námsgreinum: íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum. Tilgangur samræmdra lokaprófa í 10. bekk er að:

a. veita nemendum og forsjáraðila þeirra upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda

b. vera viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir framhaldsskóla

c. athuga eftir því sem kostur er, hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein hafi verið náð

d. veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

7. gr.

Menntamálaráðherra felur Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðila framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk grunnskóla með sérstökum samningi og ber stofnunin/aðilinn ábyrgð á samningu og framkvæmd prófanna samkvæmt þessari reglugerð. Í samningi þessum skal m.a. kveðið á um samningu, fyrirlögn og úrvinnslu samræmdra

prófa. Ekki er heimilt að ráða kennara til að semja samræmt próf ef hann kennir sömu námsgrein í viðkomandi árgangi. Kennarar skulu ekki meta úrlausnir nemenda úr þeim skóla þar sem þeir stunda kennslu. Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sjá um og taka þátt í að semja og meta úrlausnir á samræmdum prófum. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta að hluta eða í heild úrlausnir einstakra nemenda.

8. gr.

Samræmd lokapróf skulu vera markmiðsbundin eftir því sem aðalnámskrá gerir kleift. Jafnframt skulu þau vera áreiðanleg og réttmæt. Mat úrlausna á samræmdum lokaprófum skal vera hlutlægt. Framkvæmdaaðili prófanna skal í upphafi skólaárs senda skólum upplýsingar um fyrirkomulag samræmdra lokaprófa.

9. gr.

Heimilt er að víkja frá almennum reglum um fyrirlögn samræmdra lokaprófa þegar um er að ræða líkamlega fötlun, langvarandi veikindi eða aðra erfiðleika af líffræðilegum orsökum, s.s. lesblindu, enda séu þessar aðstæður nemandans staðfestar af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Slíkar umsóknir um frávik frá reglum um fyrirlögn skal skólastjóri senda þeim aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmdra prófa í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir próf. Umsóknir skulu undirritaðar af skólastjóra og staðfestar af nemanda og forsjár- aðila hans.

10. gr.

Framkvæmdaaðila er óheimilt að veita öðrum en skólastjóra viðkomandi grunnskóla, þar sem nemandi stundar nám, nemanda og forsjáradilum hans upplýsingar um einkunnir einstakra nemenda á samræmdum prófum í 10. bekk nema í rannsóknarskyni, enda sé þá farið að lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989 eða lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þó er framkvæmdaaðila heimilt að veita skólameistara framhaldsskóla upplýsingar um einkunnir einstakra nemenda á samræmdum prófum vegna innritunar nemenda, enda liggi samþykki viðkomandi nemanda fyrir.

Innan þriggja mánaða frá því að niðurstöður samræmdra lokaprófa hafa verið sendar grunnskólum, samanber 12. gr., getur nemandi sem þreytti samræmt lokapróf og/eða forsjáradili hans krafist þess að fá úrlausn sína afhenta. Öðrum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sá aðili er umsjón hefur með prófinu ábyrgur fyrir þeirri framkvæmd. Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófúrlausnum á samræmdu lokaprófi í grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

11. gr.

Eigi síðar en 24 dögum eftir síðasta samræmt lokapróf í 10. bekk skal sá aðili er annast framkvæmd prófanna senda skólastjórum niðurstöður þeirra í ábyrgðarpósti eða á annan tryggan hátt. Hverjum nemanda skal gefa heildareinkunn fyrir hvert próf og skilgreinda prófþætti þeirra á þeim einkunnastigum sem kveðið er á um í 13. gr.

12. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða annar aðili sem falið er að sjá um framkvæmd samræmdra lokaprófa, skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að próf eru haldin, gefa út yfirlit um heildarniðurstöður prófanna og dreifa til grunnskóla, foreldraráða við grunnskóla, framhaldsskóla og fræðsluyfirvalda. Þar skal koma fram fjöldi og hlutfall nemenda sem þreyta prófin í hverjum skóla, fjöldi nemenda með frávik, meðaltöl einstakra skóla og á landsvísu og fjöldi nemenda með hverja einkunn. Framkvæmdaaðili skal jafn-

framt senda hverjum skóla þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við túlkun á einkunnum nemenda. Láta skal öðrum aðilum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa ef þeir óska þess en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum.

13. gr.

Nemendur skulu fá heildareinkunnir fyrir hvert próf og auk þess einkunnir er gefa yfirlit yfir árangur sinn í skilgreindum prófþáttum. Heildareinkunn beri heitið samræmd einkunn og einkunn á prófþáttum beri heitið námsþáttaeinkunn. Samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum á einkunnakvarðanum 1-10. Til stuðnings við túlkun á frammistöðu nemenda getur framkvæmdaaðili birt og notað einkunnakvarða er veita gagnlegar og túlkanlegar upplýsingar um kunnáttu og stöðu nemenda til viðbótar við samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir. Einkunnum á samræmdum prófum skulu fylgja upplýsingar um áreiðanleika þeirra.

14. gr.

Námi í grunnskóla telst lokið í 10. bekk eða þegar nemandi í 9. bekk hefur staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla. Í skírteini sem nemendur fá þegar grunnskólanámi lýkur, skal skrá einkunnir á samræmdum lokaprófum, sem nemandinn hefur þreytt ásamt vitnisburði í öllum þeim námsgreinum er nemandinn lagði stund á í 10. bekk.

15. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólum trúnaðarmenn til eftirlits og aðstoðar við framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk. Trúnaðarmenn þessir eru fulltrúar menntamálaráðuneytisins á prófstað og skulu hafa eftirlit með því að próf fari fram samkvæmt þeim reglum sem settar eru um framkvæmd þeirra. Menntamálaráðherra setur trúnaðarmönnum erindisbréf og greiðist kostnaður af störfum þeirra úr ríkissjóði.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og 6. gr. verða samræmd lokapróf fjögur í stað sex vorið 2001.

Menntamálaráðuneytinu, 6. júní 2000.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um samræmd próf í kjarnagreinum í 4. og 7. bekk. Með samræmdu prófi er í reglugerð þessari átt við sama próf sem heill árgangur þreytir á sama tíma og við sömu eða sambærilegar aðstæður. Sambærilegar aðstæður við próf gegna því hlutverki að gera niðurstöður prófanna sambærilegar. Allir nemendur í grunnskóla eru skyldir

til að gangast undir samræmd próf í 4. og 7. bekk njóti þeir ekki undanþágu samkvæmt 5. mgr. 35. gr., 36. gr. og 48. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla eða eru sannanlega forfallaðir vegna veikinda á prófdegi.

2. gr.

Menntamálaráðherra leggur grunnskólum til samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk. Grunnskólum er skylt að halda samræmd próf og fylgja reglum um framkvæmd þeirra. Framkvæmdaaðili prófanna setur ítarlegar reglur um framkvæmd og fyrir-lögn prófanna. Við fyrirögn samræmdra prófa ber að fara nákvæmlega eftir þeim fyrir-mælum sem fylgja prófi. Frávik frá reglum um fyrirögn eru ekki heimil nema með samþykki þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd prófanna. Menntamálaráðherra ákveður með auglýsingu með a.m.k. hálfis árs fyrirvara hvenær samræmd próf í 4. og 7. bekk skuli haldin.

3. gr.

Samræmd próf í íslensku og stærðfræði skulu lögð fyrir samtímis í öllum 4. og 7. bekkjum grunnskóla. Tilgangur samræmdra prófa í 4. og 7. bekk er að:

- a. athuga eftir því sem kostur er, hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð
- b. vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur
- c. veita nemendum, forsjáraðila og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda
- d. veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins.

4. gr.

Menntamálaráðherra felur Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum aðila framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla með sérstökum samningi og ber stofnunin/aðilinn ábyrgð á samningu og framkvæmd prófanna samkvæmt þessari reglugerð. Í samningi þessum skal m.a. kveðið á um samningu, fyrirögn og úrvinnslu samræmdra prófa. Ekki er heimilt að ráða kennara til að semja samræmt próf ef hann kennir sömu námsgrein í viðkomandi árgangi. Kennarar skulu ekki meta úrlausnir nemenda úr þeim skóla þar sem þeir stunda kennslu. Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sjá um og taka þátt í að semja og meta úrlausnir á samræmdum prófum. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta að hluta eða í heild úrlausnir einstakra nemenda.

5. gr.

Samræmd próf skulu vera markmiðsbundin eftir því sem aðalnámskrá gerir kleift. Jafnframt skulu þau vera áreiðanleg og réttmæt. Mat úrlausna á samræmdum prófum skal vera hlutlægt.

6. gr.

Heimilt er að víkja frá almennum reglum um fyrirögn samræmdra prófa í 4. og 7. bekk þegar um er að ræða líkamlega fötlun, langvarandi veikindi eða aðra erfiðleika af líf-fræðilegum orsökum, s.s. lesblindu, enda séu þessar aðstæður nemandans staðfestar af sér-fræðingi á viðkomandi sviði. Slíkar umsóknir um frávik frá reglum um fyrirögn skal skóla-stjóri senda þeim aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmdra prófa í síðasta lagi sjö vikum fyrir próf. Umsóknir skulu undirritaðar af skólastjóra og staðfestar af forsjáraðila nemanda.

7. gr.

Framkvæmdaraðila er óheimilt að veita öðrum en skólastjóra viðkomandi grunnskóla þar sem nemandi stundar nám, nemanda og forsjáraðilum hans upplýsingar um einkunnir einstakra nemenda á samræmdum prófum nema nauðsyn beri til vegna:

- a. flutnings nemenda milli grunnskóla, enda liggi fyrir samþykki forsjáradila;
- b. athugana sem fræðsluyfirvöld standa fyrir enda sé krafist fullrar þagnarskyldu;
- c. fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

Vegna athugana eða rannsókna samkvæmt b. og c. lið ber að leita heimildar tölvu-nefndar eða Persónuverndar eftir gildistöku laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og gæta að öllu leyti ákvæða þeirra laga.

Innan þriggja mánaða frá því niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk hafa verið sendar skólum, samanber 8. gr., getur nemandi krafist þess að fá úrlausn sína afhenta. Öðrum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sá aðili er umsjón hefur með prófinu ábyrgur fyrir þeirri framkvæmd. Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófúrlausnum fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.

8. gr.

Eigi síðar en mánuði eftir að samræmd próf í 4. og 7. bekk eru haldin, sendir sá aðili sem annast framkvæmd prófanna niðurstöður til skólastjóra. Hverjum nemanda skal gefa heildareinkunn fyrir hvert próf auk einkunna fyrir skilgreinda prófþætti á þeim einkunna-kvörðum sem kveðið er á um í 10. gr. Framkvæmdaaðili skal jafnframt senda hverjum skóla heildaryfirlit yfir niðurstöður nemenda skólans eftir prófþáttum í hvoru prófi, meðaleinkunn og meðaltöl á landsvísu eftir prófþáttum og prófgreinum.

9. gr.

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða annar aðili sem falið er að sjá um framkvæmd samræmdra prófa, skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að próf eru haldin, gefa út yfirlit um heildarniðurstöður prófanna og dreifa til grunnskóla, foreldraráða við grunnskóla og fræðsluyfirvalda. Þar skulu koma fram meðaltöl einstakra skóla og á landsvísu eftir prófum, hlutfall nemenda sem þreyta hvort próf og aðrar upplýsingar sem þarf til að skýra niðurstöðurnar og auðvelda túlkun á þeim. Láta skal öðrum aðilum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa ef þeir óska þess en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum.

10. gr.

Nemendur skulu fá heildareinkunnir fyrir hvert próf og auk þess einkunnir er gefa yfirlit yfir árangur sinn í skilgreindum prófþáttum. Heildareinkunn beri heitið samræmd einkunn og einkunn á prófþáttum beri heitið námsþáttaeinkunn. Samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum á einkunnakvarðanum 1-10. Til stuðnings við túlkun á frammistöðu nemenda getur framkvæmdaaðili birt og notað einkunnakvarða er veita gagnlegar og túlkunlegar upplýsingar um kunnáttu og stöðu nemenda til viðbótar við samræmdar einkunnir og námsþáttaeinkunnir. Einkunnum á samræmdum prófum skulu fylgja upplýsingar um áreiðanleika þeirra.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 516/1996 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytinu, 6. júní 2000.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar nr. 904/1999, um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Belgíu.

1. gr.

Auglýsing nr. 904/1999, um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Belgíu, er felld úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi sem birt er samkvæmt 28. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 2000/150/EB um varnaraðgerðir vegna díoxín-mengunar í afurðum úr svínum og alifuglum og að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið vegna eftirlitsskyldu embættis yfirdýralæknis öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 30. maí 2000.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) í sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, samkvæmt 4. tölulið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða og eyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn eftirlitsaðila sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu og sorpeyðingu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð landbúnaðarplasts og brotajárns.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát sem sveitarstjórn ákveður. Sorpeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi og járnri skal komið fyrir í sérmerktum gámum. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sorphirðu og framkvæmdar- aðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni

hreinsunar á gámasvæðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti ár hvert og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

II. Sorphreinsunargjöld.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skulu þeir koma henni á framfæri til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Íbúum er heimilt að koma kvörtunum á framfæri við heilbrigðisnefnd Suðurlands.

7. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

8. gr.

Ofangreind samþykkt Grímsnes- og Grafningshrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Skeggjastaðahreppi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Skeggjastaðahreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpförgun) frá öllu íbúðarhúsnæði innan þéttbýlismarka í sveitarfélaginu.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfseminni.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða og eyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins og skal hún sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnshirðu.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Skeggjastaðahreppi er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. grein.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðefni eða grjót og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sérmerкта losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð í áhaldahúsi hreppsins.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

5. gr.

Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst, en fjöldi íláta skal ekki svo takmarkaður að þau yfiryllist.

6. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Sveitarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd og verktaka hversu oft sorphreinsun fer fram.

II. Sorphirðugjald.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðu- og sorpeyðingargjöld á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Óheimilt er að skilja eftir, flytja eða geyma rusl, garðaúrgang eða sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu eða skilja þar eftir númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Ofangreind samþykkt Skeggjastaðahrepps er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hersir Gíslason.

7. júní 2000

Nr. 419

REGLUGERÐ

um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum.

Markmið.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna.

2. gr.

Óheimilt er að nota eftirtalin eldtefjandi efni til þess að meðhöndla textílvörur svo sem föt, undirföt og lín, ef ætla má að vörurnar geti komist í snertingu við hörund:

tris-(2,3-díbrómprópýl)-fosfat (TRIS)	CAS nr. ¹⁾	126-72-7
tris-(1-aziridinýl)-fosfínnoxíð (TEPA)	CAS nr.	5455-55-1
pólýbrómbífenýl (PBB)	CAS nr.	59536-65-1

3. gr.

Óheimilt er að nota kvikasilfurssambönd í slitpolin textílefni og garn ætlað í framleiðslu þeirra.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni og efnavörur, sem í er meira en 0,1% ²⁾ af pentaklórfenóli (PCP), til gegndreypingar trefja og slitpolinna textílefna.

Óheimilt er að nota trefjar og slitpolin textílefni, sem gegndreypt hafa verið með efnunum eða vörutegundum sem í er PCP í fatnað, áklæði eða teppi.

5. gr.

Óheimilt er að selja eða flytja inn textílvörur svo sem föt, undirföt og lín, sem ætla má að komist í snertingu við hörund, hafi vörurnar verið meðhöndlaðar með þeim efnunum

¹⁾ CAS nr.: Chemical Abstract Service – Alþjóðleg númer efna- og efnasambanda.

²⁾ Hlutfall miðað við þyngd.

sem talin eru upp í 2. gr. Einnig er óheimilt að flytja inn eða selja textílvörur og garn sem meðhöndlaðar hafa verið með þeim efnum sem tilgreind eru í 3. gr.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum, fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnhagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 79/663/EBE, 83/264/EBE, 91/173/EBE og 1999/51/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 448/1996 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum og reglugerð nr. 179/1998 um breytingu á reglugerð nr. 448/1996.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. júní 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

um útgáfu tilefnismyntar í tilefni af landafundum Leifs Eiríkssonar.

Samkvæmt tillögu Seðlabanka Íslands hef ég, á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 81/2000, ákveðið, að bankinn skuli hinn 21. júní 2000 gefa út minnispening (tilefnismynt) í tilefni af því að eitt þúsund ár eru um þessar mundir liðin frá því að Leifur Eiríksson fann Norður-Ameríku. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 81/2000, skal myntin vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði. Bankanum skal þó vera heimilt að selja myntina með álagi á ákvæðisverð hennar og skal ágóðanum varið í sjóð, sem kenndur er við Leif Eiríksson og ætlað er að styrkja íslenska og bandaríska námsmenn til náms í Bandaríkjunum og á Íslandi. Myntin er að svofelldri gerð og verðgildi:

Peningurinn er sérleginn minnispeningur úr silfri. Á annarri hlið hans er mynd af stytta Leifs Eiríkssonar og ártölin 1000 og 2000. Í bókstöfum er áletrunin „LEIFUR EIRÍKSSON SONUR ÍSLANDS FUNDUR NORÐUR-AMERÍKU“. Á hinna hliðinni er stílfærð mynd af landvættunum eins og þær birtast á gildandi mynt og verðgildi peningsins í tölustöfum og bókstöfum „1000 EITT ÞÚSUND KRÓNUR“ en fyrir neðan

„ÍSLAND“. Minnispeningurinn er úr silfri að 9/10 hlutum, 26,73 grömm að þyngd og er hann 38,1 mm í þvermál.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðuneytinu, 13. júní 2000.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.

5. júní 2000

Nr. 421

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna innakstur vestur Áland frá Eyrarlandi og innakstur frá Álandi við innkeyrslu að Sjúkrahúsi Reykjavíkur við þyrlupall.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. júní 2000.

Böðvar Bragason.

5. júní 2000

Nr. 422

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fljótshlíðarhreppi.

Frístundabyggð í landi Kirkjulækjarkots.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 20. október 1998, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kirkjulækjarkots, Fljótshlíðarhreppi. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir sjö sumarhúsalóðum í svokallaðri „Heimamýri“.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Lambalækjar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 26. ágúst 1998, breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Lambalækjar, Fljótshlíðarhreppi. Breytingin felst í því að lóðum er fjölgað úr einni í sex.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Fljótshlíð, 5. júní 2000.

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

Kristinn Jónsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 280/1997 um námssamninga og starfsþjálfun.

1. gr.

3. másl. 4. gr. fellur niður.

2. gr.

Við 11. gr. bætist nýr stafliður svohljóðandi:

d. Ef ekki reynist unnt að mati viðkomandi starfsgreinaráðs að uppfylla skilyrði a-liðar hér að ofan er heimilt að víkja tímabundið frá ákvæðum hans, að settum nánari skilyrðum menntamálaráðherra.

3. gr.

15. gr. orðist svo:

Sé námssamningi slitíð eftir að þriggja mánaða reynslutími er liðinn skal fulltrúi menntamálaráðherra, sbr. 4. gr., skrá ástæðu samningsslitanna. Óski aðili einhliða eftir riftun námssamnings þegar reynslutími er liðinn skal það gert skriflega og mótaðila samnings jafnframt gefinn kostur á að tjá sig um riftunarbeiðnina. Uppsagnarfræstur samnings í slíkum tilvikum skal alla jafna vera 1 mánuður.

Ágreiningi nema og meistara er kann að rísa vegna samningsslita skal vísað til fulltrúa menntamálaráðherra sem afgreiðir málið að lokinni athugun á málsatvikum.

Verði endurtekin slit á námssamningum af hálfu meistara eða fyrirtækis eða meistari verði sannanlega uppvís að því að vanrækja kennslu eða brjóta á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um framhaldsskóla í veigamiklum atriðum, er menntamálaráðherra heimilt að svipta hlutaðeigandi, tímabundið eða að fullu, rétti til að taka nema á námssamning.

4. gr.

2. mgr. 16. gr. fellur niður.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 32. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 6. júní 2000.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Gylfaflöt 32.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 25. janúar 2000 samþykkt breytingu á skipulagi atvinnulóðar við Gylfaflöt 32. Lóð er stækkuð um 300 m² til norðausturs og byggingarreitur jafnframt stækkaður.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bryggjuhverfi, reitir 11, 12, 14, 15 og 16.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. febrúar 2000 samþykkt breytingu á byggingarreit fimm húsa suðvestast í Bryggjuhverfi merktra nr. 11, 12, 14, 15 og 16.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Skútuvogur 2.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 1. febrúar 2000 samþykkt breytingu skipulagi lóðarinnar Skútuvogur 2. Byggingarreitur stækkar og nýtingarhlutfall eykst.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 9. júní 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit árið 2000.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit skv. samþykkt nr. 302 um sorphirðu í Borgarfjarðarsveit fyrir árið 2000 skal vera sem hér segir.

	kr.
Sorpgjald A Íbúðir þar sem sorp er sótt að húsum	6.000
Sorpgjald B Íbúðir þar sem íbúar losa sorp í gáma	3.000
Sorpgjald C Sumarhús	2.000
Sorpgjald D Fyrirtæki samkvæmt sérstökum samningum.	

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar 18. febrúar 2000 staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin hefur þegar tekið gildi.

Reykholti, 20. maí 2000.

F. h. hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar,
Þórunn Gestsdóttir sveitarstjóri.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skeggjastaðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Skeggjastaðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Skeggjastaðahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra ef ástæða þykir til og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

Heimilt er að fella niður fundi eða færa til fundartíma ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafundi í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefnd ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefnd ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefnd ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri eins eða tveggja varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddviti eða varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefnd enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundi hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef hreppsnefnd hefur verið kjörin bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn málaflökum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað eða óskað eftir að starfsmenn sveitarfélagsins sitji fund hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur enginn nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefnd fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögu- maður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi og slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hver skráði, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktun ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Jafnframt fer nefndin með málefni húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, ferlimál fatlaðra og umhverfismál.

4. *Félagsmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd er kosin samkvæmt 5. gr. laga nr. 40/1991 og fer jafnframt með málefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 28/1991.
 5. *Hafnarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
 6. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Jafnframt fer skólanefnd með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 7. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 8. *Barnaverndarnefnd*. Samstarfsnefnd með Vopnafjarðarhreppi. Einn aðalmann og annan til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
 9. *Almannavarnarnefnd*. Samstarfsnefnd með Vopnafjarðarhreppi. Einn aðalmann og annan til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 10. *Fjallskilanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með fjallskilamál skv. lögum um afréttamálefni nr. 6/1986.
 11. *Búfjárefnirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
 12. *Einn úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
 13. *Héraðsskjalasafn Austfirðinga*. Einn aðalfulltrúa í fulltrúaráð og annar til vara skv. 3. gr. stofnsamnings safnsins.
- B. Auk framanritaðs kýs hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps eða tilnefnir fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, svo og fulltrúa á aðalfundi eftir þeim reglum sem um það gilda á hverjum tíma. Þessar stofnanir eru m.a.:
- Samband íslenskra sveitarfélaga,
 Hafnarsamband sveitarfélaga,
 Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi,
 Héraðsnefnd Múlasýslna,
 Skólaskrifstofa Austurlands,
 Heilbrigðiseftirlit Austurlands,
 Sundabúð, elliheimili á Vopnafirði,
 Þjónustuhópur aldraðra.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Ef ekki er ráðinn sveitarstjóri hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu þá ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

55. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

56. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins og veitir þeim laun frá störfum.

57. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum hreppsnefndarmönnum með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 61. gr.

64. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289 10. maí 1995.



1. gr.

Í 3. gr. bætist við nýr liður með merki:

A11.37 Sauðfé.

Merki þetta má nota til að vara við því að sauðfé gangi laust á vegsvæði þar sem umferð er mikil og að jafnaði hröð.



2. gr.

Í 5. gr. bætist við nýr liður með merki:

B12.xx Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja.

Minnsta leyfilegt bil milli vélknúinna ökutækja, þ.m.t. samtengdra ökutækja, skal letrað á merkið. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreint bil í heilum metrum. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið B12.50.




3. gr.

Í 11. gr. bætist við nýir liðir með merki:

E02.45 Iðnaðarsvæði.

Merki þetta vísar á iðnaðarsvæði.



E07.35 Hvalaskoðun.

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á bátsferðir til hvalaskoðunar.

*E07.47 Snjóbilafærðir*

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á ferðir með beltabifreið (snjóbil).

*E07.72 Gúmmíbátafærðir.*

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið er upp á ferðir með gúmmíbát niður á.

*E08.46 Gróðurhús.*

Merki þetta vísar á gróðurhús þar sem afurðir eru til sölu.

*E08.65 Dýralæknir.*

Merki þetta vísar á dýraspítala eða stofu dýralæknis.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. júní 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Mosfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Mosfellsbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Mosfellsbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins, ráða bæjarstjóra, forstöðumenn sviða og stofnana.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi annan hvern miðvikudag sem ekki ber upp á almennum frídegi. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.30. Bæjarstjóri getur í samráði við forseta ákveðið að fella niður fundi í desember og janúar. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn bæjarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningar bæjarstjóra, forstöðumanna sviða og stofnana.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarins, í afgreiðslu bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta bæjarfulltrúa skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmaður ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórn enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmaður.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarskóp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bærarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bærarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bærarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bærarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bærarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bærarfulltrúa er skylt að sækja alla bærarstjórnarfundi nema lögmet forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bærarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bærarstjóra og boða varamann í sinn stað. Varamenn taka sæti í bærarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmalaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bærarstjóri skal sitja fundi bærarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bærarfulltrúi.

Bærarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bærarstjórnar að taka til máls á bærarstjórnarfundi.

23. gr.

Bærarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bærarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bærarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bærarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bærarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bærarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bærarstjóra né þegar bærarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bærarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bærarstjórnar á því. Bærarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bærarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bærarfulltrúa sé vanhæfur. Bærarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bærarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bærarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala a.m.k. þrisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef bæjarfulltrúi óskar þess og bæjarstjórn samþykkir það.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem störf forseta. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna bæjarins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Bæjarstjórn kýs jafnframt formann og varaformann bæjarráðs, svo og formenn og varaformenn nefnda bæjarins, sbr. 57. gr. samþykktar þessarar, nema lög mæli fyrir um annað.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa úr hópi aðalmanna í bæjarstjórn þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs og formann og varaformann ráðsins. Aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Hafi fulltrúi í bæjarráði verið kjörinn til setu í bæjarstjórn í óbundinni kosningu skal þó fara fram kjör á varamanni hans meðal aðal- og varamanna í bæjarstjórn.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á fimmtudögum. Nýtt bæjarráð sem kosið er árlega ákveður klukkan hvað fundir skuli haldnir. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boða varamann í sinn stað.

47. gr.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins, fjármálastjórn og starfsmannastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum forstöðumanna sviða og umsögnum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal hann sjá til þess að varamaður hans taki sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bærstjórnar.

Bærstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bærstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur.

Í samþykktum bærstjórnar fyrir einstakar nefndir skal kveðið á um að nefndir skuli njóta aðstoðar starfsmanna bæjarins, svo sem vegna ritunar fundargerða nema nefndir óski eftir að kjósa sér sérstakan fundarritara innan nefndar.

Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bærstjórnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bærstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bærstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bærstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Í samþykktum bærstjórnar fyrir nefndir skal nánar kveðið á um hvaða ályktanir og tillögur þarfnast ekki sérstakrar staðfestingar bærstjórnar.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir eða hafi í för með sér verulega vinnu fyrir starfsmenn bæjarins sem ekki er gert ráð fyrir í starfsáætlun ársins skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð áður en hún er lögð fyrir bærstjórn.

57. gr.

Bærstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalmenn úr hópi aðalmanna í bærstjórn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og formann og varaformann ráðsins. Aðal- og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða sjálfkrafa varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann. Hafi kjörinn bæjarráðsmaður verið kjörinn bærjarfulltrúi í óbundinni kosningu skal varamaður hans kosinn úr hópi aðal- og varamanna í bærstjórn.

B. **Til eins árs** á aðalfundi Atvinnuþróunarsjóðs Mosfellsbæjar fyrir lok apríl ár hvert en strax að loknum sveitarstjórnarkosningum á kosningarári fimm menn í stjórn sjóðsins, sbr. reglur bærstjórnar um sjóðinn frá 18. september 1996. Stjórnin skiptir með sér verkum.

- C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með atvinnu- og ferðamál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.
 2. *Búfjárefirtirlitsmaður.* Einn búfjárefirtirlitsmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
 3. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með félagsmál og húsnæðismál eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um húsnæðismál og í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. barnaverndarlögum.
 4. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Fræðslunefnd fer með fræðslumál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni skólanefndar skv. lögum um grunnskóla og verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla. Nefndin fer enn fremur með málefni Tónlistarskóla Mosfellsbæjar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
 5. *Íþrótt- og tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með íþrótt- og tómstundamál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.
 6. *Jafnréttisnefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með jafnréttismál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina.
 7. *Kjörstjórnir.* Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara í kjörstjórn við forseta- og alþingiskosningar, sbr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, og á sama hátt þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara í kjörstjórnir fyrir hverja kjördeild. Kjörstjórnir velja sér formenn og skipta með sér verkum, sbr. áður nefnd lög um kosningar til Alþingis. Þessar kjörstjórnir fara jafnframt með verkefni kjörstjórna samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórnar, sbr. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 8. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Menningarmálanefnd fer með menningarmál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með málefni bókasafns Mosfellsbæjar, sbr. lög um almenningsbókasöfn. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum. Nefndin fer með vinabæjarsamskipti, málefni félagsheimilisins Hlégarðs, hefur umsjón með listaverkæign bæjarins og fer með málefni Lista- og menningarsjóðs bæjarins.
 9. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og önnur verkefni eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni umferðarnefndar skv. umferðarlögum.
 10. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.* Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara skv. sveitarstjórnarlögum.
 11. *Tækninefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin hefur umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum á vegum bæjarins og vatnsveitu-, hitaveitu- og fráveitumálum eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni veitunefndar skv. reglugerð um Hitaveitu Mosfellsbæjar nr. 418/1986.

12. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með umhverfismál eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Hún fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum og verkefni gróðurverndarnefndar skv. lögum um landgræðslu. Nefndin hefur eftirlit með fjallskilamálum og búfjárhaldi skv. lögum um búfjárhald.
- D. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:
1. *Almannavarnanefnd*. Tvo aðalmenn og tvo til vara í sameiginlega almannavarnanefnd fyrir Reykjavík, Mosfellsbæ, Seltjarnarneskaupstað og Kjósarhrepp, sbr. samkomulag hlutaðeigandi sveitarfélaga, dags. 18. maí 1998, og 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 2. *Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis*. Samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkomulagi við aðildarsveitarfélög kýs bæjarstjórn tvo aðalmenn og tvo til vara í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 3. *Þjónustuhóp aldraðra*. Skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og samkomulagi við sveitarfélög sem aðild eiga að sama heilsugæsluumdæmi.
 4. *Stjórn heilsugæslustöðvar Mosfellsumdæmis*. Tvo aðalmenn og tvo til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 og samkomulagi Mosfellsbæjar, Kjósarhrepps og Þingvallahrepps. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.
 5. *Bláfjallanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaga frá 10. desember 1998.
 6. *Fjallskilanefnd*. Aðal- og varamenn til fjögurra ára í samræmi við samkomulag við Kjósarhrepp, Reykjavík og Þingvallasveit sem eiga sameiginleg afréttarsvæði eða upprekstrarlönd með Mosfellsbæ, sbr. fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 401/1996.
 7. *Fulltrúaráð Sorpu bs*. Skv. samningi aðildarsveitarfélaga frá 15. febrúar 1988. Tvo aðalmenn og tvo til vara.
 8. *Starfskjaranefnd*. Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara, sbr. samkomulag um starfskjaranefndir samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og launanefndar sveitarfélaga frá 6. maí 1997.
 9. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
 10. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjóra aðalmenn og jafnmarga til vara samkvæmt 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. september 1990 um sveitarfélög með íbúatöluna 5.001-10.000.
 11. *Launamálaráðstefna launanefndar sveitarfélaga*. Allt að þrír fulltrúar og þrír til vara skv. 11. gr. samþykktar nefndarinnar um sveitarfélög með 201-500 stöðugildi.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning þar sem

meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn feli það öðrum.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum, þ.e. forstöðumenn sviða og yfirmenn stofnana og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarráð ræður aðra starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarins.

64. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins fari ekki fram úr heildartekjum hans.

65. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 64. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæj-

arsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

66. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

67. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

68. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 64. gr. og þriggja ára áætlun skv. 67. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 66. gr.

69. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

VII. KAFLI Gildistökuákvæði.

70. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 371/1987, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Raufarhafnarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps er skipuð 5 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Raufarhafnarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Raufarhafnarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta virka dag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.15. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn

þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Þó má boða til auka-fundar með skemmri frest enda eru allir sveitarstjórnarmenn því sammála og málefni fundarins aðkallandi.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs í senn. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafn-

framt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dag-skrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dag-skrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Arsreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundum sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða

að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn þrjú skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slíkar tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli

sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tíma- bil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kýs sveitarstjórn fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára:

1. *Héraðsnefnd Þingeyinga*. Einn aðalmaður og annar til vara. Héraðsnefnd fer með málafni félagsþjónustu sveitarfélaga, skólaþjónustu og málefni fatlaðra. Nefndin kýs einnig í stjórn heilsugæslu Þingeyinga.
2. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
3. *Búfjárefntirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
4. *Byggingar- og skipulagsnefnd Norður-Þingeyinga*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
5. *Barnaverndarnefnd Norður-Þingeyjarsýslu*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
6. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

7. *Umhverfis- og menningarmálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með öll mál er varða umhverfis- og menningarmál og sveitarstjórn hefur vísað til nefndarinnar.
8. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
9. *Stjórn veiðifélags Deildarár*. Einn aðalmaður og annar til vara.
10. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. *Fulltrúaráð Dvalarheimils aldraðra*. Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin fer með málefni aldraðra, sbr. lög nr. 125/1999.
12. *Fulltrúar á aðalfund Eyþings*. Einn fulltrúi og annar til vara.
13. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
14. *Skólanefnd grunnskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Skólanefnd fer jafnframt með málefni leikskóla, tónlistarskóla og bókasafns.
15. *Fjárhags- og allsherjarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fjárhags- og allsherjarnefnd er skipuð sveitarstjórnarmönnum hverju sinni og fjallar um þau mál sem sveitarstjórn kýs að vísa til hennar.
16. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd fer með öll almenn málefni er varða atvinnumál á Raufarhöfn og er nefndin skipuð sveitarstjórnarmönnum hverju sinni.
17. *Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga*. Einn fulltrúi.
18. *Fjallskilastjóri*. Einn fulltrúi.
19. *Aðalfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og annar til vara.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra samkvæmt samþykkt Raufarhafnarhrepps, dags. 4. nóvember 1963. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Sveitarstjóri hefur með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og annarra nefnda, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

55. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórnin hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

56. gr.

Sveitarstjórinn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

57. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórn-

arfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dag-skrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 61. gr.

64. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

1. apríl 2000

Nr. 430

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr.	5.324
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	3.900

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald hálf títímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt títímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt títímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,
ferðar, úttektar og frágangs ásamt
auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitserkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærra er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 554/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

Borgarnesi, 1. apríl 2000.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Helgi Helgason.

VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	Gjöld	Atvinnugreinar	Gjöld
Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	25.300	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	21.300
Alifuglarækt < 40.000 stæði	20.000	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttta, lítil	23.900
Loðdýrabú	20.000	Sultu- og ávaxtagrautargerð	25.100
Hundahótel	3.700	Salatgerð	25.100
Kattahótel	3.300	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrangi < 10 tonn á dag	25.300
Seiðældisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði og afrennsli	11.300	Mjólkerubú og ostagerð	135.200
Land- og kvíældi	22.600	Framleiðsla húsdýrafóðurs	4.000
Malar- og sandnám; vikurnám	4.700	Bakarí, miðlungs	23.900
Sláturhús < 50 t /dag	45.300	Kökugerð, lítil	14.600
Saltfisksverkun	14.600	Súkkulaði- og sælgætisgerð	15.900
Heitloftspurrkun fiskafurða	17.300	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	20.000
Harðfisksverkun	14.600	Trésmíðaverkstæði með lökkun	10.600
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	14.600	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	4.700
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	20.000	Prentiðnaður, lítil	5.000
Vinnsla á ferskum fiski, stór	25.300	Prentiðnaður með framköllun	11.300
		Garðauðun	4.000

Atvinnugreinar	Gjöld	Atvinnugreinar	Gjöld
Plastiðnaður	10.600	Ljósmyndastofur með framköllun	8.700
Vinnsla með plast- og frauðefni	10.600	Fangelsi, lítið	5.300
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	7.300	Fangelsi, miðlungs	11.300
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	11.300	Grunnskólar án mótuneytis	10.600
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	14.600	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	26.500
Meðferð og húðun málna	12.600	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	25.200
Blikksmiði	4.000	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	25.200
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	4.300	Tónlistarskólar	4.700
Rafvéla-verkstæði	4.000	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi	28.000
Stálsmiði og stálskipagerð	20.000	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi	20.000
Spennistöðvar	3.300	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi	27.900
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	46.800	Vistheimili	10.600
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	31.200	Áfengis meðferð	10.600
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	7.800	Heilsugæslustöðvar	4.700
Vatnsveitur, einka	6.300	Læknastofur	4.000
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	4.300	Tannlæknastofur	4.000
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	4.700	Sjúkraþjálfun	4.000
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	11.300	Fótaaðgerðarstofur	8.000
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	14.000	Yogastofur, heilun o.fl.	8.000
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	12.600	Dýralæknastofur án röntgen	3.700
Bón- og bílaþvottur, handvirk	6.700	Heimili fyrir börn og unglinga	9.300
Smurstöðvar	14.000	Leikskólar með fullbúið eldhús	22.500
Bensínstöðvar	18.600	Gæsluvelir	8.000
Bensínstöðvar með matvöru	45.300	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	10.600
Bensínstöðvar með veitingasölu	59.800	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttöku-eldhúsi	21.300
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	10.000	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	27.900
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	26.500	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	24.000
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	34.400	Gámastöð	9.300
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	19.900	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	4.300
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	14.600	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	4.300
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	17.300	Sorpflutningar og sorphirða	6.000
Áfengisverslun	8.000	Áhaldahús sveitarfélags	8.700
Apótek	8.000	Kirkjur	3.000
Snyrtivöruverslun	9.300	Kvikmyndahús	10.000
Byggingavöruverslanir, litlar	10.000	Sundstaðir, litlir	34.200
Járnvöruverslanir	10.000	Sundstaðir, miðlungs	52.700
Málningarvöruverslanir	10.000	Íþróttahús, lítil	9.300
Hótel með veitingasölu, lítið	20.000	Íþróttahús, miðlungs	12.000
Hótel með veitingasölu, miðlungs	45.300	Íþróttavellir	4.300
Hótel með veitingasölu, stórt	54.500	Skíðaskólar, skíðasvæði	5.300
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	22.600	Hestahald (hesthúshaverfi)	5.300
Farfuglaheimili og fjallaskólar, heilsársnotkun	8.700	Skotvellir	10.000
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	4.300	Þvottahús og efnalaugar	9.300
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	8.700	Efnalaugar	10.600
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	10.000	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	10.600
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	11.300	Hárgreiðslustofur	9.300
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	8.700	Snyrtistofur	9.300
Matsölustaðir, litlir	26.600	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	9.300
Matsölustaðir, miðlungs	35.800	Líkamsræktarstöðvar, stórar	10.000
Skyndibitastaðir, litlir	22.000	Sólbaðsstofur án heitra potta	9.300
Skemmtistaðir með matsölu	21.300	Nuddstofur	9.300
Krár, kaffihús með matsölu	18.600		
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	16.000		
Vöruflutningamiðstöðvar	12.600		
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	20.000		
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	10.000		

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 2000

15. júní 2000

969

Nr. 431

REGLUGERÐ

um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiarinu 2000/2001.

1. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 er leyfilegur heildarafla sem hér segir:

Tegund	Lestir
Þorskur	220.000
Ýsa	30.000
Ufsi	30.000
Karfi	57.000
Grálúða	20.000
Steinbítur	13.000
Skarkoli	4.000
Langlúra	1.100
Sandkoli	5.500
Skráplúra	5.000
Þykkvalúra	1.400
Síld	110.000
Úthafsækja	20.000
Humar	1.200
Hörpudiskur	9.300
Innfjarðarækja	2.200

Ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir innfjarðarækju verður endurskoðuð að fengnum nýjum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júní 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 6, 6. janúar 2000, um veiðar á samningasvæði
Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2000.

1. gr.

Í stað: „9.300 lestir“ í 1. ml. 3. gr. komi: 10.100 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar
utan lögsögu Íslands, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. júní 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 2000

20. júní 2000

971

Nr. 433

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum.

1. gr.

Við 6. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Framleiðandi skal einkenna hvern kjúklinga-, kalkúna- og andaeldishóp í útungunarstöð með sérstöku rekjanleikanúmeri. Númer þetta skal vera minnst átta tölustafir og skal vera þannig uppbyggt að fyrstu þrjú tölustafirnir merkja alifuglaframleiðandann, síðan koma tveir tölustafir fyrir árið, tveir fyrir vikuna sem ungarnir eru klaktir og að lokum einn stafur fyrir eldishópinn. Framleiðandi sláturfugla skal sjá til þess að rekjanleikanúmer eldishópsins fylgi honum til slátrunar. Öll sýni úr útungunar- og eldishópum skulu auðkennd með rekjanleikanúmerinu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 46/1991 um búfjárhald og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

20. júní 2000

Nr. 434

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglaslátruhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðis skoðun, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 7. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Sláturleyfishafi skal ekki taka eldishóp til slátrunar, nema honum fylgi sérstakt rekjanleikanúmer í samræmi við ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 433/2000 um breytingu á reglu-

gerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum.

Sláturleyfishöfum og framleiðendum er skylt að merkja á öruggan hátt allar afurðir alifugla sem pakkaðar eru í neytendaumbúðir með rekjanleikanúmeri eldishópsins. Afurðir sem fara úr sláturhúsi eða kjötvinnslu til frekari vinnslu eða matreiðslu skulu auðkenndar rekjanleikanúmeri eldishópsins með öruggum hætti. Ekki er skylt að merkja með rekjanleikanúmeri afurðir sem hlotið hafa hitameðhöndlun þar sem kjarnhiti hefur náð 72°C. Rekjanleikanúmer skal vera minnst átta tölustafir og skal auðkennt með skammstöfuninni, Rlnr., á undan tölustöfunum og skulu bæði bókstafir og tölustafir vera greinilegir og í minnst 9 punkta letri. Bók- og tölustafir skulu vera annaðhvort dökkir á ljósum grunni eða ljósir á dökkum grunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2000

26. júní 2000

973

Nr. 435

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IVA við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.07.00 - 31.12.00	13.000	0	0

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995, þó skal innflutningur einungis heimilaður frá Noregi.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. júní 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

SAMÞYKKT um sorphirðu í Búðahreppi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Búðahreppur annast sorphirðu og sorpförgun frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og sorpförgun frá atvinnuhúsnæði. Frá atvinnuhúsnæði er einnig hreinsaður kaffistofuúrgangur. Unnt er að semja um aðra sorphirðu frá atvinnurekstri.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur eftirlit með starfseminni.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða og förgun skal framkvæmd undir yfirstjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands í umboði sveitarfélagsins og skal stjórn Sorpsamlagsins sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnsfirðu.

3. gr.

Húsráðendum, forsvarsmönnum fyrirtækja eða stofnana á starfssvæði Sorpsamlags Mið-Austurlands er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Sorpílát skulu fest með búnaði sem samþykktur er af Sorpsamlagi Mið-Austurlands.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum þegar þarf til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sérmerktu losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð, sem rekin er á vegum Sorpsamlags Mið-Austurlands.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

5. gr.

Gámar, sem almenningur á aðgang að, skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum.

6. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Stjórn Sorpsamlags Mið-Austurlands, í umboði sveitarstjórnar, ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd og verktaka hversu oft sorphreinsun fer fram.

II. Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðu- og sorpförgunargjöld á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuvernd og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og sorp á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps þann 4. maí 2000. Hún er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi eldri samþykktir um sorphirðu í Búðahreppi frá 20. júní 1986.

Umhverfisráðuneytinu, 8. júní 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 11/2000 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/2000, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 2000.

Eftirfarandi breytingar verða á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/2000 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 2000, með síðari breytingu.

Á kafla 4.2. „Dagpeningar erlendis“ verða þessar breytingar:

Í stað fjárhæðanna SDR 126 og SDR 74 komi fjárhæðirnar SDR 132 og SDR 78.

Í stað fjárhæðanna SDR 81 og SDR 47 komi fjárhæðirnar SDR 85 og SDR 50.

Á kafla 4.3. „Dagpeningar innanlands“ verða þessar breytingar:

Í stað fjárhæðanna kr. 8.500, kr. 4.500, kr. 4.000 og kr. 2.000 komi fjárhæðirnar kr. 10.600, kr. 6.400, kr. 4.200 og kr. 2.100.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 2000.

Reykjavík, 1. júní 2000.

Indriði H. Porláksson ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2000.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 2000:

- a) Í júlí 2000 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2000 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. júní 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

1. gr.

Við 30. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Á umbúðir alifugla og afurða þeirra skal skrá leiðbeiningar um meðhöndlun og matreiðslu. Skal það gert með merki því sem fram kemur í viðauka með reglugerð þessari merktum viðauki X, og skal merkið að lágmarki vera 3 x 5 cm að stærð. Yfirskrift á merki

skal vera í 14 punkta letri og annar texti að lágmarki 9 punktar. Texti í merki skal vera skýr og auðlesinn og þannig að hann sé annaðhvort dökkur á ljósum grunni eða ljóst letur á dökkum grunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í matvælalögum nr. 93/1995 til þess að öðlast gildi 1. júní 2000. Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar nr. 98/34 EB.

Umhverfissráðuneytinu, 13. júní 2000.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI X

Merki með leiðbeiningum um rétta meðferð og matreiðslu alifugla.

Gerum rétt

- Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld
- Látið frosið fuglakjöt þiðna í umbúðunum
- Gætið að hreinlæti
- Kjötið skal vel steikt eða soðið

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Gerðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Gerðahrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Gerðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Gerðahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Heimilt er þó að breyta því ef ástæða þykir til. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingu.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.

3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarálflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn þrígslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra.

Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les

upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó

getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu

vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
4. *Húsnefnd íþróttamiðstöðvar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur eftirlit með rekstri íþróttamiðstöðvar og gerir tillögur til hreppsnefndar um fjárhagsáætlun.
5. *Fegrunar- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fegrunarnefnd er ætlað að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara í umhverfinu. Nefndin veitir viðurkenningar fyrir lóðir og svæði sem skara fram úr fyrir snyrtimennsku.
6. *Byggðasafnsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með rekstri Byggðasafns Gerðahrepps og gerir tillögur til hreppsnefndar um fjárhagsáætlun hverju sinni.
7. *Hafnasamlag Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. stofnsamningi frá des. 1996.
8. *Héraðsnefnd Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. samþykktum héraðsnefndarinnar.
9. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
10. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
11. *Leikskólanefnd Gefnarborgar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
12. *Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. samþykktar S.S.S. frá 1986.
13. *Skólanefnd Gerðaskóla*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

14. *Skólanefnd Tónlistarskólans í Garði*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
15. *Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja*. Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, sjá og stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
16. *Stjórn bókasafns*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara (skólanefnd Gerðaskóla tilnefnir einn aðalmann og einn til vara) skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
17. *Stjórn Dvalarheimila aldraðra*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
18. *Stjórn Hitaveitu Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 7. gr. laga um Hitaveitu Suðurnesja nr. 100/1974, sbr. 3. gr. laga nr. 101/1985.
19. *Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara samanber stofnsamning dagsettan í nóvember 1978.
20. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
21. *Félagsmálanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
22. *Umferðarnefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
23. *Æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Æskulýðsnefnd hefur með höndum stjórn æskulýðs- og tómstundamála. Æskulýðsnefnd fer meðal annars með málefni skólagarða, vinnuskóla, ungmennaklúbba og æskulýðsmál almennt að svo miklu leyti sem hreppurinn lætur til sín taka.
24. *Ferlinefnd fatlaðra á Suðurnesjum*. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. samþykkt Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá desember 1988.
25. Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga. Einn aðalmaður og einn til vara, sbr. 4. gr. laga Sambands ísl. sveitarfélaga.
26. *Forðagæsla*. Einn búfjárefnirlitsmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
27. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar).
28. *Vímuvarnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. ákvörðun hreppsnefndar frá júlí 1998. Nefndin skal gera tillögur til hreppsnefndar um aðgerðir í vímuvarnamálum.
29. *Náttúruverndarnefnd* (lög nr. 44/1999). Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í sameiginlega nefnd sveitarfélaganna.
30. *Jafnréttisnefnd* (lög nr. 28/1991). Hreppsnefnd fer með verkefni jafnréttisnefndar.
31. *Stjórn heilsugæslustöðvar* (lög nr. 97/1990). Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í stjórn samkvæmt sérstöku samkomulagi sveitarfélaganna.
32. *Þjónustuhópur aldraðra* (lög nr. 125/1999). Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í þjónustuhóp aldraðra samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

63. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Gerðahrepps nr. 266/1991.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. júní 2000.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á leigulóð í landi Böðmódsstaða II og frístundabyggðar á Austureyjarnesi í landi Austureyjar II í Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 2. maí 2000 samþykkt deiliskipulag leigulóðar í landi Böðmódsstaða II. Einnig samþykkti hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 11. janúar 2000 deiliskipulag frístundabyggðar Félags íslenskra símamanna á Austureyjarnesi í landi Austureyjar II í Laugardalshreppi.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. júní 2000.

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.

29. maí 2000

Nr. 442

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Biskupstungnahrepps.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Biskupstungnahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

3. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna Biskupstungnahrepps, vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

4. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að Biskupstungnahreppur taki að sér verkefni sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

5. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Biskupstungnahrepps er:

1. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
2. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga og VI. kafla samþykktar þessarar.

3. Að kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
4. Að ákveða stjórnkerfi Biskupstungnahrepps og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

6. gr.

Um fundi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan þriðjudag hvers mánaðar. Heimilt er þó að færa til fundartíma og dagsetningu fundar og skal það þá auglýst sérstaklega. Skulu fundirnir að jafnaði haldnir í Fjallasal, fundarsal hreppsnefndar í Aratungu. Skulu þeir færðir í aðalsal Aratungu ef þurfa þykir, sbr. 2. mgr. 14. gr. samþykktar þessarar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 14.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra. Skylt er að halda aukafundi í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

7. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar hreppsnefndar.

Nýkjörin hreppsnefnd tekur til starfa 15 dögum eftir kjördag.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í hreppsnefndinni kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafnlengi setu í hreppsnefndinni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

8. gr.

Um kjör oddvita og varaoddvita.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar kys hreppsnefnd oddvita og varaoddvita. Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár.

Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meirihluta þeirra er sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Njóti oddviti ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndar ber honum að víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný. Ef oddviti deyr eða forfallast varanlega frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

9. gr.

Boðun hreppsnefndarfunda.

Sveitarstjóri boðar hreppsnefndarfundi, sbr. þó 7. og 10. gr. samþykktar þessarar. Skal hann hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

10. gr.

Aukafundir.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá að minnsta kosti sólarhring fyrir fund.

11. gr.

Auglýsing hreppsnefndarfunda.

Íbúum Biskupstungnahrepps skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefnd ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum með trygghum hætti, svo sem dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

12. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfunda.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningar oddvita hreppsnefndar og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum Biskupstungnahrepps, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum Biskupstungnahrepps, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund, sbr. þó 2. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar.

Dagskrá hreppsnefndarfunda skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fund. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

Þegar dagskrá hreppsnefndarfundar hefur verið samín skal hún vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins á auglýsingatöflu í Aratungu og á skrifstofu Biskupstungnahrepps á auglýstum opnunartíma hennar.

13. gr.

Opnir fundir.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgengi fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum.

Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

14. gr.

Fundarritarar.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

Einnig getur hreppsnefnd ákveðið að ráða fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar.

15. gr.

Fundargerðir.

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál eru afgreidd. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða og dagsetningu fundargerða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndar númer fundar, hver skráði, hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

16. gr.

Hæfi hreppsnefndarmanna.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefnd fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga Biskupstungnahrepps.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

17. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefnd enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

18. gr.

Hlutverk oddvita.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundi hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar.

Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

19. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef hreppsnefnd hefur verið kjörin bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

20. gr.

Umræður í hreppsnefnd.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreiðslu í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hafa verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins.

Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

21. gr.

Tvær umræður í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir Biskupstungnahrepps, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga Biskupstungnahrepps, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir Biskupstungnahrepp sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Afgreiðsla mála í hreppsnefnd.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra.

Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem hreppsnefnd tekur.

Öllum erindum sem berast til hreppsnefndar ber að svara skriflega.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

23. gr.

Mæting á fundi o.fl.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

24. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur o.fl.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi og slíta fundi ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Skylda að taka kjöri.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum Biskupstungnahrepps. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar.

26. gr.

Afstaða til einstakra mála.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna Biskupstungnahrepps en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

Vilji hreppsnefndarmaður ekki una úrskurði oddvita varðandi stjórn og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til hreppsnefndar sem sker úr án umræðu.

27. gr.

Aðgangur að gögnum.

Aðalmenn í hreppsnefnd skulu vegna starfa sinna í hreppsnefnd hafa aðgang að bófum og skjölum hreppsins og óhindraðan aðgang að stofnunum hans og starfsemi.

28. gr.

Bókanir í fundargerð.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

29. gr.

Þagnarskylda.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

30. gr.

Lausn frá störfum.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Varamaður tekur þá sæti hans skv. 19. gr. samþykktar þessarar og 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

31. gr.

Þóknun og ferðakostnaður.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsnefndar samkvæmt ákvörðun nefndarinnar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

32. gr.

Orlof o.fl.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

33. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

34. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Oddvitakjör.* Oddviti og varaoddviti skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. *Hreppsráð*. Þrír hreppsnefndarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
3. *Aðalfundur SASS*. Þrír fulltrúar og þrír til vara.
- B. **Til fjögurra ára**. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
 1. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjörstjórn fer með alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Kjörstjórn fer jafnframt með kosningar til sveitarstjórnar skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 2. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 3. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.
 4. *Fræðslunefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fræðslunefnd fer með málefni grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994. Jafnframt fer fræðslunefnd með málefni tónlistarskólans skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 5. *Atvinnumálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnumálanefnd fer með atvinnumál Biskupstungnahrepps. Auk þess að styrkja þær atvinnugreinar sem fyrir eru er henni ætlað að stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í atvinnumálum hreppsins.
 6. *Samgöngumálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Samgöngumálanefnd fer með samgöngumál Biskupstungnahrepps og skal hún vinna að bættum samgöngum og samgönguleiðum.
 7. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og þrír til vara. Auk þess að vinna að fegrun umhverfis, er nefndinni ætlað að vinna að náttúruvernd, s.s. varðveislu náttúruminja og annarra menningarlegra verðmæta í Biskupstungnahreppi
 8. *Brunavarnanefnd*. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Brunavarnanefnd skal hafa eftirlit með og vinna að bættum brunavörnum í Biskupstungnahreppi.
 9. *Fjallskilaneftnd*. Fimm aðalmenn og þrír til vara. Fjallskilaneftnd fer með fjallskilamál skv. lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu nr. 472/1991.
 10. *Forðagæslumenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara sem fara með búfjárefntilrit samkvæmt lögum nr. 46/1991.
 11. *Rekstrarneftnd*. Þrír fulltrúar og þrír til vara. Rekstrarneftnd hefur á hendi umsjón með rekstri og viðhaldi Aratungu og íþróttamiðstöðvar Biskupstungna.
 12. *Bókasafnsneftnd*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
 13. *Skipulagsneftnd*. Hreppsneftnd fer með málefni skipulagsneftndar.
 14. *Stjórn Hitaveitu Reykholts*. Þrír aðalmenn og þrír til vara.
 15. *Stjórn Hitaveitu Laugaráss*. Fimm aðalmenn og þrír til vara.
 16. *Aðalfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 17. *Héraðsneftnd*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 18. *Stjórn Landgræðslufélags Biskupstungna*. Einn fulltrúi og einn til vara.
 19. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórnnum uppsveita Árnassýslu, sbr. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 20. *Þjónustuhópur aldraðra*. Einn fulltrúi, sbr. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1989. Samkvæmt erindisbréfi félagsmálanefndar skal formaður nefndarinnar vera fulltrúi sveitarfélaganna sem að henni standa í þjónustuhópi aldraðra og fer nefndin að öðru leyti með málefni aldraðra.
 21. *Byggingarneftnd*. Einn fulltrúi og einn til vara. Samstarfsneftnd sveitarfélaga í upp-sveitum Árnassýslu.
 22. *Félagsmálanefnd*. Einn fulltrúi og einn til vara. Samstarfsneftnd sveitarfélaga í upp-sveitum Árnassýslu.

35. gr.

Kosning hreppsráðs.

Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá hreppsnefndarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í hreppsnefnd eru einir kjörgengir sem aðalmenn í hreppsráð.

Skylt er hreppsnefnd að gefa fulltrúa flokks eða framboðsaðila sem fulltrúa á í hreppsnefnd en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir hreppsnefndar falla niður vegna sumarleyfa.

36. gr.

Hlutverk hreppsráðs.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn Biskupstungnahrepps og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Hreppsráð hefur umsjón með stjórnarsýslu Biskupstungnahrepps og undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, það semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana Biskupstungnahrepps að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir hreppsnefnd í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana Biskupstungnahrepps lagðir fyrir hreppsnefnd til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til hreppsnefndar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli hreppsráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu.

Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur hreppsnefnd falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

37. gr.

Fundir hreppsráðs og fundargerðir.

Hreppsráð skal að jafnaði halda einn fund í mánuði milli hreppsnefndarfunda fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Heimilt er þó að færa til dagsetningu fundar og fundartíma ef þörf krefur. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara hreppsráðs. Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs.

Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Sveitarstjóri situr hreppsráðsfundi með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd.

Um ritun fundargerða hreppsráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

38. gr.

Afgreiðsla fundargerða hreppsráðs.

Fundargerðir hreppsráðs skulu lagðar fyrir hreppsnefnd til samþykktar, sbr. þó 3. mgr. 36. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Boðun hreppsráðsfunda.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi í samráði við formann hreppsráðs. Hann sér um að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og boðar sveitarstjóri varamann hans á fund.

40. gr.

Kosning og kjörgengi í aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og veitir þeim lausn frá störfum. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Hreppsnefnd kýs formenn nefnda.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Biskupstungnahrepps eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

41. gr.

Varamenn.

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast á einhvern hátt um stundarsakir eða varanlega skal varamaður taka sæti hans. Ef tveir eða fleiri framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal sá aðili sem tilnefndi viðkomandi til setu í nefnd einnig tilnefna varamann hans.

42. gr.

Boðun fyrsta fundar.

Sveitarstjóri sér um að boða nýkjörna nefnd til fyrsta fundar í samráði við formann hennar og leggur fram erindisbréf viðkomandi nefndar.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

43. gr.

Fundir nefnda, ráða og stjórna.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum.

Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Biskupstungnahrepps. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Formaður nefndar stýrir fundum.

Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

44. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum Biskupstungnahrepps fer eftir því sem kveðið er á um í erindisbréfi viðkomandi nefndar, lögum og reglugerðum.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

45. gr.

Fundargerðir.

Nefndir, ráð og stjórnir Biskupstungnahrepps skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar.

Sé um ráðgefandi nefnd að ræða sem ekki hefur verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt þessari teljast ályktanir hennar tillögur til hreppsnefndar enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Afgreiðsla fundargerða.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna Biskupstungnahrepps skulu teknar á dagskrá hreppsráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar eru þær lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsráðs og/eða hreppsnefndar ber að taka þær sérstaklega fyrir.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktun ætíð lögð fyrir hreppsnefnd.

47. gr.

Réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli.

Ákvæði II., III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum eftir því sem við á.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið Biskupstungnahrepps.

48. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör.

Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

49. gr.

Ef ekki er ráðinn sveitarstjóri.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri hreppsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn hans, undirbýr fundi hreppsnefndar og hreppsráðs, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsráðs og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita ef ekki er starfandi sveitarstjóri skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum Biskupstungnahrepps sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

50. gr.

Verksvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hreppsráðs og hefur þar málfrelsi og tilögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd/hreppsráði. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna Biskupstungnahrepps að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna Biskupstungnahrepps, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndar þarf til.

Sveitarstjóra er heimilt með samþykki hreppsnefndar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru. Prókúruhafar Biskupstungnahrepps skulu vera fjár síns ráðandi.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs hreppsins.

Sveitarstjóri ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

51. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá Biskupstungnahreppi, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum.

Sveitarstjóri og yfirmenn stofnana sjá um ráðningu annars starfsfólks.

Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi hreppsráðs/hreppsnefndar ef þess er óskað.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn Biskupstungnahrepps.

52. gr.

Almennt um bókhald og reikningsskil Biskupstungnahrepps.

Sveitarsjóður, stofnanir hans og fyrirtæki eru bókhaldsskyld.

Bókhaldi skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri og efnahag hreppsins í heild.

Að svo miklu leyti sem við á gilda ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

53. gr.

Reikningsárið.

Reikningsár Biskupstungnahrepps skal vera almanaksárið.

54. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana Biskupstungnahrepps fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd með a.m.k. einnar viku millibili.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal

koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

55. gr.

Breyting á fjárhagsáætlun.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

56. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Biskupstungnahrepps. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

57. gr.

Útgjöld úr sveitarsjóði.

Fjárhagsáætlun skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármála- stjórn Biskupstungnahrepps á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samnings- bundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Hreppsnefnd skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins þar með talin rekstrarútgjöld fari ekki fram úr heildartekjum hans.

58. gr.

Skil á fjárhagsáætlun til ráðuneytisins.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 54. gr. og þriggja ára áætlun skv. 56. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 55. gr.

59. gr.

Afgreiðsla hreppsnefndar á ársreikningi.

Ársreikningur Biskupstungnahrepps skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefnd skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og fyrir- tækja/stofnana hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

20. júní 2000

Nr. 443

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Ljósavík 46-50 og 56-60, breyttir skilmálar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2000 samþykkt breytingu á skipulagi lóðanna nr. 46-50 og 56-60 við Ljósavík. Á lóðunum má byggja hús í einum gólfleti, án stalla.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bitruháls 1, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 14. mars 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir athafnalóð við Bitruháls 1.

Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

21. júní 2000

Nr. 444

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Sóltún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Svæðið sem breytingin nær til afmarkast af Sóltúni, Hátúni, Miðtúni og Nóatúni. Afmörkun útivistarsvæðis til sérstakra nota og stofnanasvæðis á vesturhluta reitsins breytist þannig að útivistarsvæði minnkar. Þá er afmarkað nýtt stofnanasvæði á reitnum austanverðum þar sem nú er útivistarsvæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnadóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Fiskimjölsværksmiðju Grundarfjarðar ehf., Grundarfirði, kt. 511181-0979. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. september 2001.

Reykjavík, 21. júní 2000.

Hollustuvernd ríkisins,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Davíð Egilson
forstöðumaður.

REGLUR

um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri skólaárið 2000–2001.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 18.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að iðjuþjálfun (2 ein.)	15%
Líffærafræði I (3 ein.)	20%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeilda.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkanði heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann

hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 18 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan ráðað eftir lækkandi heildareinkunn.

8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormisseri 1. námsárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormisseris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið, svo fremi að viðkomandi nemandi hafi staðist öll próf.

9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormisseri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í deildinni (sbr. 16. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999).

10. Háskólaráði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum að fengnum tillögum deildarfundar heilbrigðisdeildar.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 20. mars 2000.

Háskólanum á Akureyri, 20. mars 2000.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Steingrímur Jónsson,
ritari háskólaráðs.*

20. mars 2000

Nr. 447

REGLUR

um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri skólaárið 2000–2001.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 32.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Hjúkrunarfræði I (3 ein.)	20%
Líffærafræði I (2 ein.)	15%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeildar.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 32 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan raðað eftir lækkandi heildareinkunn.

8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormisseri 1. námsárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormisseris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið, svo fremi að viðkomandi nemandi hafi staðist öll próf.

9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormisseri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í deildinni (sbr. 16. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. des. 1999).

10. Háskólaráði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum að fengnum tillögum deildarfundar heilbrigðisdeildar.

Pannig samþykkt af háskólaráði þann 20. mars 2000.

Háskólanum á Akureyri, 20. mars 2000.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Steingrímur Jónsson,
ritari háskólaráðs.*

REGLUR

um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri á vormisseri 2001.

Fjöldatakmörkun á 1. ári í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri verður beitt ef fjöldi innritaðra nemenda er 42 eða fleiri á haustmisseri árið 2000. Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 32 nemendur.

Pannig samþykkt af háskólaráði þann 20. mars 2000.

Háskólanum á Akureyri, 20. mars 2000.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Steingrímur Jónsson,
ritari háskólaráðs.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2000

27. júní 2000

1009

Nr. 449

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 277, 2. maí 2000,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Hvalbaksgrunni.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 277, 2. maí 2000, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Hvalbaksgrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 29. júní 2000.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 2000.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2000

Nr. 450

1010

28. júní 2000

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Jafnasetl 2-4, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 13. júní 2000 samþykkt breytt skipulag athafnalóðar við Jafnasetl 2-4. Byggingarmagn á lóðnni hækkar úr 670 m² í 910,5 m² vegna kjallara.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. júní 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 451

28. júní 2000

REGLUGERÐ um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0701.9000	Kartöflur, bökunar 65 mm og stærri	01.07.-30.09.00	ótílgr.	15	30
<i>Tollnúmer:</i>					
0703.9001	Bláðlaukur	01.07.-03.09.00	ótílgr.	30	0
0703.9001	Bláðlaukur	04.09.-10.09.00	ótílgr.	15	114
0703.9001	Bláðlaukur	11.09.-17.09.00	ótílgr.	22,5	170
0704.1000	Blómkál	01.07.-09.07.00	ótílgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	10.07.-16.07.00	ótílgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	17.07.-23.07.00	ótílgr.	22,5	132
0704.2000	Rósakál	01.07.-30.09.00	ótílgr.	30	0
0704.9001	Hvítkál	01.07.-23.07.00	ótílgr.	30	0
0704.9001	Hvítkál	24.07.-30.07.00	ótílgr.	15	40

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Úr tollnúmeri:</i>				
0704.9002 Rauðkál	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0704.9003 Kínakál	01.07.-09.07.00	ótilgr.	30	0
0704.9004 Spergilkál	01.07.-09.07.00	ótilgr.	30	0
0704.9004 Spergilkál	10.07.-16.07.00	ótilgr.	7,5	71
0704.9004 Spergilkál	17.07.-23.07.00	ótilgr.	15	141
0704.9004 Spergilkál	24.07.-30.07.00	ótilgr.	22,5	212
0704.9005 Fóðurmergskál	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0704.9009 Annað	01.07.-31.08.00	ótilgr.	30	0
0705.1112 Jöklasalat	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0705.1199 Annað (salat)	01.07.-30.09.00	ótilgr.	15	97
0705.1900 Annað	01.07.-30.09.00	ótilgr.	15	97
0705.2100 Kaffifílsblöð	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0705.2900 Annað	01.07.-30.09.00	ótilgr.	15	97
0706.1000 Gulrætur og næpur	01.07.-30.07.00	ótilgr.	30	0
0706.1000 Gulrætur og næpur	31.07.-06.08.00	ótilgr.	15	68
0706.1000 Gulrætur og næpur	07.08.-30.09.00	ótilgr.	22,5	102
0706.9001 Gulrófur	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0706.9009 Annars	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.3000 Eggaldinjurtir	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	01.07.-30.07.00	ótilgr.	30	0
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	31.07.-06.08.00	ótilgr.	7,5	69
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	07.08.-13.08.00	ótilgr.	15	138
0709.4000 Selja, önnur en seljurót	14.08.-30.09.00	ótilgr.	22,5	207
0709.5100 Sveppir	01.07.-30.09.00	ótilgr.	7,5	100
0709.6003 Paprika	01.07.-30.09.00	ótilgr.	22,5	298
0709.6009 Önnur (Chillepipar)	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.9002 Kúrbítur	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0
0709.9009 Annars	01.07.-30.09.00	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett sky. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júní 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUGERÐ um stjórn hreindýraveiða.

I. Yfirstjórn hreindýramála.

1. gr.

Umhverfissráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem um ræðir í reglum þessum.

2. gr.

Nú telur umhverfissráðuneytið, að fenginni umsögn veiðistjóra og hreindýraráðs að hreindýrastofninn sé það stór, að honum stafi ekki hættu af veiðum, getur ráðuneytið heimilað veiðar og skal þeim hagað með þeim hætti sem segir í reglugerð þessari.

3. gr.

Umhverfissráðherra skipar 5 menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Þeir skulu skipaðir með þessum hætti:

Umhverfissráðherra skipar einn án tilnefningar, og er hann formaður hreindýraráðs. Búnaðarsamband Austurlands, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og veiðistjóri tilnefna hver um sig einn fulltrúa og skal fulltrúi veiðistjóra vera líffræðingur eða með sambærilega menntun. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Veiðistjóra og fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði og annast eftirlit með hreindýraveiðum gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga, sbr. 19. gr. laga nr. 45/1998.

II. Hlutverk og starfsemi hreindýraráðs.

4. gr.

Hlutverk hreindýraráðs er að hafa fyrir hönd umhverfissráðherra eftirlit með því að reglugerð þessari sé fylgt.

Þá er og hlutverk hreindýraráðs að:

1. vera umhverfissráðherra til ráðgjafar við hvaðeina er við kemur friðun, vernd, nýtingu og rannsóknum á hreindýrastofninum,
2. sjá um sölu veiðileyfa,
3. sjá um eftirlit með hreindýraveiðum og ráða til þess hæfa eftirlitsmenn á hverju veiðisvæði,
4. gera tillögu um árlegan veiðikvóta og skipta veiðiheimildum eftir sveitarfélögum,
5. skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra í samræmi við reglugerð um skiptingu arðs sem umhverfissráðherra setur.

Hreindýraráði er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem annast starfsemi á vegum ráðsins.

5. gr.

Hreindýraráð ræður þar til hæfa eftirlitsmenn með hreindýraveiðum fyrir hvert veiðisvæði. Heimilt er að ráða einn aðila til að sinna allt að þremur samliggjandi veiðisvæðum. Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með framkvæmd veiða og hafa eftirlit með veiðimönnum og leiðsögumönnum og ganga úr skugga um að veiðar fari fram eftir reglum þessum.

III. Framkvæmd hreindýraveiða.

6. gr.

Umhverfisráðherra ákveður og auglýsir fyrir 1. desember ár hvert, hve mörg hreindýr megi veiða árið eftir og hvernig veiðum skuli skipt eftir svæðum, aldri og kyni dýra, að fengnum tillögum veiðistjóra og hreindýraráðs. Ákvörðun ráðherra er háð því að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðitíma sem kalli á endurskoðun.

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum eftir sveitarfélögum með hliðsjón af ágangi hreindýra, að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands.

Veiðitími er frá 1. ágúst til 15. september ár hvert.

Ef ekki tekst á veiðitímanum að veiða nægilega mörg dýr til þess að stofnstærð verði innan fyrirhugaðra marka getur umhverfisráðherra heimilað hreindýraráði veiðar í nóvember. Arður af þeim veiðum rennur til hreindýraráðs.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar utan veiðitíma í vísindaskyni að fenginni umsögn hreindýraráðs og veiðistjóra.

Veiðistjóri og hreindýraráð geta hvenær sem er látið fella sjúk eða særð dýr og dýr sem af einhverri annarri ástæðu eiga sér ekki lífs von. Sýslumenn geta einnig látið fella særð dýr sé þess talin þörf.

7. gr.

Eignarréttur eða afnotaréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á dýrunum.

Umráðamaður eða eigandi lands sem ekki heimilar veiðar á landi sínu nýtur ekki arðs af hreindýraveiðum.

8. gr.

Veiðar geta farið fram hvar sem hreindýr á viðkomandi svæði halda sig á veiðitímanum, utan friðlanda hreindýra. Þó getur hreindýraráð takmarkað veiðisvæði frekar þyki ástæða til.

9. gr.

Hreindýraráð selur veiðileyfi gegn gjaldi sem ráðherra ákveður fyrir 1. desember ár hvert, að fengnum tillögum hreindýraráðs og getur það verið breytilegt eftir svæðum, kyni og aldri dýra.

Gjaldið er þrískipt og fer til reksturs ráðsins, vöktunar á hreindýrum til að ákveða veiðipól og til greiðslu hæfilegs arðs vegna ágangs hreindýra. Áður en ákvörðun er tekin um gjald skal liggja fyrir áætlun Náttúrustofu Austurlands um kostnað við vöktun. Upphæð gjaldsins skal taka mið af framangreindu og skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við vöktun stofnsins. Hreindýraráð afhendir Náttúrustofu Austurlands það fé sem ætlað er til vöktunar og úthlutar arðgreiðslum til landeigenda vegna ágangs í samræmi við reglugerð um greiðslu arðs.

Hreindýraráði er heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímamann á hverju svæði.

Takist ekki að selja öll veiðileyfi getur hreindýraráð veitt það sem á vantar upp í veiðikvóta, teljist það nauðsynlegt vegna stjórnunar á stærð stofnsins.

Hreindýraráð setur sér starfsreglur sem skulu vera almenningi aðgengilegar.

Hreindýraráð sér um árlegt uppgjör tekna og gjalda vegna reksturs, sölu veiðileyfa og hreindýraafurða og vegna leyfisgjalda og gerir ráðherra grein fyrir uppgjöri.

10. gr.

Sá einn getur fengið leyfi til þess að veiða hreindýr sem hefur veiðikort og heimild lögreglu til þess að nota skotvopn af réttri stærð, sbr. 11. gr.

Veiðileyfi skal gefið út á nafn veiðimanns og er það ekki framseljanlegt. Þeir sem fengið hafa úthlutað veiðileyfi skulu greiða veiðigjald fyrir 1. apríl að þeim tíma liðnum verður leyfinu úthlutað öðrum veiðimanni. Hyggist veiðimaður ekki nýta veiðileyfi er hreindýraráði heimilt að endurgreiða sem nemur 3/4 hlutum gjaldsins takist ráðinu að endurselja leyfið.

Veiðileyfishafa eru hreindýraveiðar óheimilar nema í fylgd leiðsögumanns sem hlotið hefur viðurkenningu hreindýraráðs og veiðistjóra.

Fellt hreindýr er eign veiðileyfishafa og skal hann merkja það með merki sem hreindýraráð lætur í té og ber hann ábyrgð á að koma því til skoðunar eftirlitsmanns hreindýraráðs á viðkomandi svæði.

Hreindýraráði er heimilt að takmarka fjölda veiðileyfa sem seld eru hverjum veiðimanni.

Óheimilt er að selja hreindýrakjöt nema það hafi verið heilbrigðissskoðað og stimplað af dýralækni.

11. gr.

Til veiða á hreindýrum má einungis nota riffla með hlaupvídd 6 mm eða meira. Kúlupýngd skal ekki vera minni en 6,5 g (100 grains) og slagkraftur ekki minni en 180 kgm (1300 pundfet) á 200 metra færi. Veiðikúllur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e.a.s. þenjast hæfilega út í veiðibráð. Óheimilt er að nota sjálfvirka eða hálf sjálfvirka riffla við hreindýraveiðar. Fyrir upphaf veiðiferðar skal gengið úr skugga um að riffill sé rétt stilltur.

Óheimilt er veiðimanni að skjóta frá vélknúnu farartæki og ekki má smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

Sært dýr ber að aflífa þegar í stað.

12. gr.

Enginn getur gerst leiðsögumaður með hreindýraveiðum sbr. 10. gr., nema hann hafi hlotið viðurkenningu hreindýraráðs. Viðurkenningin skal veitt að fenginni umsögn veiðistjóra til allt að 4 ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði. Til að geta hlotið viðurkenningu sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Skotvopnaleyfi í samræmi við 10. gr.
2. Staðfestingu eftirlitsmanns með hreindýraveiðum um reynslu umsækjanda af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
3. Staðfestingu á þátttöku í námskeiðum í (a) líffræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra, (b) náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar og öðrum lögum sem máli skipta, (c) leiðsögn, (d) meðferð skotvopna, (e) meðferð og notkun áttavita og GPS staðsetningartækja og (f) veiði villtra dýra og siðfræði og siðareglum veiðimanna.
4. Umsækjandi skal sýna fram á hæfni sína í skyndihjálpi.
Ef þurfa þykir hlutast hreindýraráð til um að námskeið skv. 3. tl. verði haldin. Í byrjun fær eftirlitsmaður starfsleyfi sem gildir í eitt ár.

Hreindýraráð getur fyrirvaralaust svipt leiðsögumann viðurkenningu til þess að fylgja veiðimanni ef grunur leikur á að hann hafi brotið gegn reglum þessum.

Hlutverk leiðsögumanns með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum til þess að þekkja þau dýr sem hann má veiða og sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar.

Leiðsögumaður með hreindýraveiðum skal aðstoða veiðileyfishafa, óski hann eftir því, við að gera að felldu dýri og koma því óskemmdu til byggða. Skylt er að urða allan úrgang veiðidýra sem til fellur við veiðarnar.

Leiðsögumaður er ábyrgur, ásamt veiðileyfishafa fyrir því að koma veiði til skoðunar hjá eftirlitsmanni.

Leiðsögumanni með hreindýraveiðum ber að sjá til þess að sært dýr sé fellt þegar í stað.

Leiðsögumanni með hreindýraveiðum er skylt að gefa eftirlitsmanni hreindýraráðs skýrslu um öll felld og særd dýr og skal skýrslan undirrituð af honum og veiðileyfishafa.

Leiðsögumaður með hreindýraveiðum getur mest fylgt þremur veiðimönnum í veiðiferð.

IV. Ýmis ákvæði.

13. gr.

Hreindýraráði er heimilt að synja um veiðileyfi hafi umsækjandi ítrekað eða freklega brotið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar. Synjun má kæra til umhverfisráðherra.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með breytingu nr. 100/2000 og öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 402/1994 um stjórn hreindýraveiða, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 5. gr., 3. og 5. mgr. 10. gr. og 12. greinar gilda ekki við veiðar árið 2000 en þess í stað gilda eftirfarandi reglur:

Hreindýraráð veitir eftirlitsmönnum með hreindýraveiðum starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum í 1.-4. tl. í 2. mgr. 12. gr.

Hreindýraveiðar eru óheimilar nema í fylgd eftirlitsmanns.

Hlutverk eftirlitsmanns með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum til þess að þekkja þau dýr sem hann má veiða og sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar.

Eftirlitsmaður með hreindýraveiðum skal aðstoða veiðimann, óski hann þess, við að gera að felldu dýri og koma því óskemmdu til byggða. Skylt er að urða allan úrgang veiðidýra sem til fellur við veiðarnar.

Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum ber að sjá til þess að sært dýr sé fellt þegar í stað.

Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum er skylt að gefa hreindýraráði og veiðistjóraembætti skýrslu um öll felld og særd dýr og skal skýrslan undirrituð af bæði eftirlitsmanni og

veiðileyfishafa. Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum er einnig skylt að afla sýna eða annarra líffræðilegra gagna fyrir veiðistjóraembættið sé farið fram á það.

Starfsleyfi eftirlitsmanns með hreindýraveiðum skal bundið við tiltekið veiðisvæði og getur hann mest fylgt þremur veiðimönnum í veiðiferð.

Eftirlitsmaður með hreindýraveiðum er trúnaðarmaður hreindýraráðs.

Hreindýraráð skal halda námskeið fyrir leiðsögumenn sbr. 3. tl. 12. gr. fyrir 15. ágúst 2001.

Endurskoða skal reglugerð þessa með hliðsjón af fenginni reynslu og skal því lokið eigi síðar en 1. júlí 2003. Við þá endurskoðun skal sérstaklega huga að hlutverki og starfsemi eftirlitsmanna og leiðsögumanna.

Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 451/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntollur vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar.

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	04.07.-08.07.00	ótilgr.	15%	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu 3. júlí 2000.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

1. gr.

Hreindýraráð ráðstafar arði innan hvers sveitarfélags. Skulu eingöngu þeir sem fyrir ágangi hreindýra verða á lönd sín njóta arðsins. Af hverju felldu dýri fari kr. 4.000 til ábúenda eða umráðenda, eftir atvikum, þeirrar jarðar sem dýr er fellt á. Eftirstöðvar skiptast sem hér segir:

1. Á allar jarðir í sveitarfélaginu sem verða fyrir ágangi (40%):
 - a. Samkvæmt fasteignamati lands, 20%
 - b. Samkvæmt landsstærð (mæld eða flokkuð), 20%
2. Samkvæmt mati á ágangi (60%):
 - a. Lítill ágangur, 1 hlutur.
 - b. Töluverður ágangur eða ágangur hluta úr ári, 3 hlutar.
 - c. Mikill ágangur eða ágangur meiri hluta ársins, 6 hlutar.

Hreindýraráð metur ágang með hliðsjón af ofangreindu að fenginni umsögn Náttúrustofu Austurlands og eftirlitsmanns með hreindýraveiðum. Heimilt er að vísa mati hreindýraráðs til umhverfisráðherra til úrskurðar. Arður skal greiddur út fyrir áramót vegna síðasta veiðitímabils. Við úthlutun arðs skal stuðst við eyðublað, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.

Óheimilt er að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra sem ekki heimila hreindýraveiðar á landi sínu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað og gildir fyrir ráðstöfun arðs sem fellur til frá og með árinu 2000 að telja.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal reglugerð þessa með hliðsjón af fenginni reynslu og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 1. júlí 2003.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2000-2001.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla. Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2000-2001 skal vera 103 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 1999-2000.

2. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald á lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem selt er frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sölunni. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 2000-2001 skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands í síðasta lagi 20. júní 2001 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.

3. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur. Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslumark frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.
- Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra samlagssvæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Bændasamtakanna, sbr. 3. mgr. Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflíðum a-c að ofan, skal markaðsfærð erlendis, þó getur Framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

4. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark lögbýla sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö

verðlagsár fellur niður, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu lengst til 31. ágúst 2005 og sætir það þá ekki sömu breytingum og annað greiðslumark.

5. gr.

Beingreiðslur.

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af lágmarksverði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- A: 53,5% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 85% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 2000.
- B: 31,5% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 2000.
- C: 19,0% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 2000.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

6. gr.

Handhafi beingreiðslna.

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu handhafar beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

7. gr.

Uppgjör beingreiðslna.

Sjá handhafi beingreiðslu fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 85% af beingreiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Bændasamtökum Íslands, sem þá skal haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber handhafa beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

8. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Bændasamtök Íslands reikna út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna og láta afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Bændasamtök Íslands afla upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum og framleiðendum er skylt

að láta Bændasamtökum Íslands í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Framleiðendur eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Bændasamtökum Íslands innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Bændasamtök Íslands endurskoða útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Bændasamtökum Íslands ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

10. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmssdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 2000

4. júlí 2000

1022

Nr. 456

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum um hitaveitu Reykjavíkur nr. 38, 12. febrúar 1940 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 479, 9. júlí 1999, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir raforku hækka um 1,7%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 4. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Borgeir Örlygsson.

26. júní 2000

Nr. 457

REGLUR

um greiðslu dvalarkostnaðar vegna sjúkrahúsinnlagnar barns.

1. gr.

Gildissvið.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í óhjákvæmilegum dvalarkostnaði annars foreldris (forráðamanns) á hóteli, gistihúsi eða í orlofsbústað/íbúð félagasamtaka vegna sjúkrahúsinnlagnar barns enda sé a.m.k. 20 km vegalengd milli heimilis og sjúkrahúss. Ef um erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er að ræða er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra (aðstandenda) barns að 18 ára aldri.

2. gr.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu dvalarkostnaðar.

Við endurgreiðslu skal framvísa kvittun fyrir dvalarkostnaði og staðfestingu frá sjúkrahúsi um sjúkrahúslegu barns. Ef um er að ræða erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms þar sem báðir foreldrar óska endurgreiðslu skal jafnframt framvísa læknisvottorði.

3. gr.

Fjárhæð endurgreiðslu.

Tryggingastofnun greiðir 80% af dvalarkostnaði, þó aldrei meira en sem nemur 50% af daggjaldi til sjúkrahótels RKÍ. Ef um báða foreldra er að ræða greiðist hámark 75% af daggjaldi til sjúkrahótels RKÍ.

4. gr.

Fyrirvari.

Ekki er heimilt að taka þátt í dvalarkostnaði foreldris (aðstandanda) og daglegum bílferðum skv. 2. mgr. 5. gr. reglna nr. 213/1999, vegna sama tímabils.

5. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði skv. j-lið 1. mgr. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og staðfestast hér með að gilda frá 26. maí 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. júní 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Háskóla Íslands.

I. HLUTI

SAMEIGINLEGAR REGLUR HÁSKÓLANS.

I. KAFLI

Æðsta stjórn Háskóla Íslands.

1. gr.

Stjórnskipulag háskólans.

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði, háskólarektor, deildarfundum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnsýslu. Í tengslum við stjórn háskólans er efnt til háskólafundar samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í lögum um háskólann og reglugerð þessari.

2. gr.

Hlutverk háskólaráðs.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð tekur mið af vísinda- og menntastefnu háskólans sem háskólafundur mótar. Meðal verkefna háskólaráðs eru:

1. Að setja reglur eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum um Háskóla Íslands.
2. Að undirbúa og gera tillögur í málum sem bera skal undir háskólafund til umsagnar samkvæmt lögum um Háskóla Íslands og reglugerð þessari. Ef mál, sem lagt er fyrir háskólaráð til umsagnar samkvæmt ákvæðum laga um Háskóla Íslands, varðar sérstaklega eina deild skal háskólaráð leita álits deildarinnar áður en það lætur uppi umsögn sína. Varði mál sérstaklega háskólastofnun sem ekki heyrir undir deild skal háskólaráð leita álits hennar áður en það lætur uppi umsögn sína.
3. Að hafa eftirlit með rekstri háskólans, þar með töldu reikningshaldi og meðferð fjármuna og yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans.
4. Að kjósa menn í starfsnefndir ráðsins.
5. Að skipta fé milli rekstrareininga í starfi háskólans innan þess ramma sem fjárveitingar og reglur um ráðstöfun sértekna heimila.
6. Að afla fjár fyrir háskólann.
7. Að setja reglur um gjaldtöku vegna náms, sérstakrar þjónustu og um ráðstöfun tekna.
8. Að staðfesta þjónustusamninga sem hafa í för með sér fjárhagslega skuldbindingu, sbr. 18. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og 19. gr. laga um háskóla nr. 136/1997.
9. Að efna til sérstakra rannsóknar- og þróunarsjóða, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um Háskóla Íslands.
10. Að kjósa í stjórnir stofnana háskólans sem heyra undir ráðið, fyrirtækja sem háskólinn á hlutdeild í og nefndir utan hans, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum.
11. Að ákvarða fjöldatakmörkanir.
12. Að tilnefna fulltrúa í dómnefndir vegna ráðningar og framgangs kennara, sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna.

13. Að samþykkja tillögur deilda um veitingu heiðursdoktorsnafnbóta, sbr. 16. gr. laga um Háskóla Íslands, og köllun manna til kennarastarfa án auglýsingar, sbr. 8. mgr. 12. gr. laganna.
14. Að úrskurða í kærumálum stúdenta. Háskólaráði er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa liðar.
15. Að ræða og afgreiða önnur mál sem löglega eru upp borin.

Ákvarðanir háskólaráðs samkvæmt lögum um Háskóla Íslands og reglum settum með stoð í þeim eru endanlegar og verður ekki skotið til háskólafundar eða annarra stofnana háskólans til endurskoðunar.

Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólafundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans og deilda hans.

3. gr.

Skipan háskólaráðs og kosning.

Um skipan háskólaráðs og kosningu fulltrúa í það fer eftir þessum reglum:

1. *Skipan háskólaráðs.*

Um skipan háskólaráðs gilda ákvæði laga um Háskóla Íslands. Rektor er sjálfkjörinn til setu í háskólaráði og er forseti þess.

2. *Kjörtímabil.*

Kjörtímabil kjörinna fulltrúa í háskólaráði er tvö ár í senn. Kosningu fulltrúa í háskólaráð samkvæmt reglum þessum skal lokið fyrir 1. mars á því ári sem kjörtímabil sitjandi háskólaráðs rennur út og miðast upphaf kjörtímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að tveimur árum liðnum.

3. *Kjör fulltrúa deilda í háskólaráð.*

3.1. *Fjöldi fulltrúa og kjörgengi.*

Fjórir fulltrúar deilda úr hópi kennara í fullu starfi skulu kjörnir með eftirfarandi hætti: Einn fulltrúa skal kjósa fyrir guðfræðideild og heimspekideild sameiginlega; einn fulltrúa fyrir læknaeild, tannlæknaeild, lyfjafræðideild og hjúkrunarfræðideild; einn fulltrúa fyrir lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild og félagsvísindadeild og einn fulltrúa fyrir verkfræðideild og raunvísindadeild. Kjósa skal tvo varamenn fyrir hvern fulltrúa.

Kjörgengir til setu í háskólaráði eru allir prófessorar, dósentar og lektorar í fullu starfi, skipaðir eða ráðnir ótímabundinni ráðningu.

3.2. *Kjörskrá og kjörseðlar.*

Skrifstofustjórar viðkomandi deilda sjá um að gera kjörskrá, hver fyrir sína deild. Heimilt er deildarforsetum að skipa sameiginlega kjörstjórn hlutaðeigandi deilda sem sér um gerð kjörskrár, ákveður kjördag, annast framkvæmd kosninga, úrskurðar í kærumálum vegna kosninga og sér um annað er að kosningunni lýtur, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum. Sé kjörstjórn ekki skipuð annast deildarforsetar framkvæmd kosninga, sbr. tölulíði 3.3. og 3.4. í þessari grein.

Kjörseðlar skulu gerðir í tveimur litum. Skal annar liturinn vera fyrir þá sem eru í fullu starfi (75-100%) og fyrir fulltrúa stúdenta á deildarfundi. Hinn liturinn er fyrir þá sem eru í hlutastarfi og fara með hálf atkvæði (37 - 74% starfshlutfall).

3.3. *Atkvæðisréttur og vægi atkvæða.*

Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar, lektorar sem skipaðir eru eða ráðnir í fullt starf við deildina og stofnanir sem undir hana heyra og fulltrúar stúdenta á deildarfundi. Einnig hafa atkvæðisrétt sérfræðingar, vísinda- og fræðimenn, sem skipaðir eru eða ráðnir í fullt starf við deildina eða stofnanir hennar. Starfshlutfallið 75% og hærra telst fullt starf í reglum þessum. Nú gegnir maður starfi í hlutfallinu 37-74% og fer hann þá með hálf atkvæði. Starfshlutfall sem er lægra en 37% veitir ekki atkvæðisrétt.

Nú er starfsmaður, sem skipaður er eða ráðinn í fullt starf, í orlofi og annar ráðinn tímabundið í hans stað og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem er í orlofi.

Atkvæðisrétt hafa þeir einir sem mæta á sameiginlegan kjörfund viðkomandi deilda, sbr. tölulið 3.4.

3.4. *Kosning.*

Forsetar þeirra deilda, sem eiga sameiginlegan fulltrúa í háskólaráði, sbr. tölulið 3.1. þessarar greinar, skulu boða til sameiginlegs fundar allra þeirra sem atkvæðisrétt hafa í viðkomandi deildum til að kjósa fulltrúa sinn í háskólaráð og tvo varamenn. Miða skal við að kjördagur sé sem næst 15. febrúar og eigi síðar en 28. febrúar á því ári sem kjörtímabil sitjandi háskólaráðs rennur út og skal hann auglýstur tryggilega í viðkomandi deildum. Kosning skal vera skrifleg. Forsetar þeirra deilda, sem eiga sameiginlegan fulltrúa í háskólaráði, sbr. tölulið 3.1. þessarar greinar, eða kjörstjórn ef hún er skipuð, ákveða nánar fyrirkomulag kjörfundar. Talning atkvæða fer fram strax að atkvæðagreiðslu lokinni.

Ef enginn fær meirihluta atkvæða í fyrstu umferð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Séu tveir eða fleiri jafnir í öðru sæti ræður hlutkesti. Þegar kosið er um þá tvo sem flest atkvæði fengu telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Varamenn skal kjósa með sama hætti hvorn í sínu lagi. Fyrsta varamann skal kjósa úr hópi kennara annarrar deildar en þeirrar sem fulltrúi í háskólaráði er kjörinn úr. Hinn varamanninn skal kjósa úr hópi kennara deildar sem á hvorki fulltrúa í háskólaráði né fyrsta varamann. Þar sem tvær deildir kjósa sameiginlegan fulltrúa er heimilt að aðalmaður og annar varamaður komi úr sömu deild.

4. *Kjör fulltrúa samtaka háskólakennara.*

Fulltrúi samtaka háskólakennara og tveir varamenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn. Kjörgengir eru lektorar, dósentar, prófessorar, sérfræðingar og fræði- og vísindamenn í fullu starfi. Kosið skal á sameiginlegum, almennum fundi samtaka háskólakennara, Félags háskólakennara og Félags prófessora við Háskóla Íslands.

5. *Kjör fulltrúa stúdenta í háskólaráð.*

Tveir fulltrúar stúdenta og tveir til vara fyrir hvorn um sig skulu kjörnir til tveggja ára í senn í sérstökum kosningum þar sem allir skrásettir stúdentar háskólans hafa kosningarétt. Stúdentaráð Háskóla Íslands annast framkvæmd kosningarinnar.

6. *Skipun fulltrúa menntamálaráðherra.*

Menntamálaráðherra skipar tvo fulltrúa til tveggja ára í senn, sbr. 5. tölulið 4. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Miðast upphaf skipunartímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að tveimur árum liðnum.

4. gr.

Fundir háskólaráðs.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Rektor boðar fundi. Æski helmingur fulltrúa í háskólaráði fundar er rektor skylt að boða til hans. Boða skal til háskólaráðsfundar bréflaga eða í tölvupósti með minnst þriggja daga fyrirvara ef við verður komið. Dagskrá fundar skal fylgja fundarboði.

Rektor stjórnar fundum háskólaráðs. Hann lætur birta fundargerðir ráðsins og tilkynningar um ákvarðanir þess eftir því sem tilefni er til.

Háskólaráð er ekki ályktunarbært nema sjö háskólaráðsmenn hið fæsta sæki fund. Ef kjörinn eða skipaður fulltrúi getur ekki sótt fund skal boða varamann hans til setu á fundinum. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði rektors úr eða þess er gegnir forsetastörfum.

Framkvæmdastjórnar kennslu- og fjármálasviðs sitja fundi háskólaráðs og hafa þar mál- frelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Rita skal fundargerð þar sem ákvarðanir ráðsins eru skráðar. Rektor skipar ritara háskólaráðs.

5. gr.

Hlutverk háskólafundar.

Háskólafundur er samráðsvettvangur háskóladeilda og háskólastofnana. Háskólafundur skal vinna að þróun og eflingu Háskóla Íslands og móta og setja fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans.

Á háskólafundum skal taka eftirtalin mál til meðferðar og afgreiðslu eftir því sem við á hverju sinni:

1. Rektor kynnir og ræðir sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans.
2. Tillögur að ályktunum háskólafundar um einstök málefni sem fyrir liggja.
3. Umsagnir um reglur sem háskólaráð setur og skylt er að bera undir háskólafund, samkvæmt ákvæðum laga um Háskóla Íslands.
4. Önnur mál sem löglega eru upp borin, samkvæmt reglum háskólafundar um fundarsköp.

6. gr.

Skipan háskólafundar.

Um skipan háskólafundar gilda ákvæði laga um Háskóla Íslands og reglna sem háskólafundur setur á grundvelli þeirra.

7. gr.

Háskólafundur.

Rektor boðar háskólafund, er forseti hans og stýrir honum. Ritari háskólaráðs er jafnframt ritari háskólafundar.

Háskólafundur skal halda að minnsta kosti einu sinni á hverju misseri. Æski tveir þriðju hlutar fulltrúa á háskólafundum fundar er rektor skylt að boða til hans.

Um boðun háskólafundar og fundarsköp gilda reglur sem háskólafundur setur.

Háskólafundur er ályktunarbær um þau málefni sem honum hafa verið falin samkvæmt lögum um Háskóla Íslands og reglum settum með stoð í þeim.

Rektor skal kynna ályktanir háskólafundar fyrir háskólaráði, deildarforsetum, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða.

8. gr.

Hlutverk rektors.

Háskólaformann er yfirmaður sameiginlegrar stjórnarsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans, þar með töldum ráðningar- og fjármálum einstakra deilda og stofnana. Rektor á frumkvæði að því að háskólafundur marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Á milli fundar háskólaráðs fer rektor í umboði þess með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor setur deildarforsetum erindisbréfi.

Rektor er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru honum til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi.

Rektor ræður starfslið háskólans, nema lög mæli fyrir um annað, og setur því erindisbréf eða starfslýsingar. Í umboði rektors hafa framkvæmdastjórn stjórnarsýslu, einn eða fleiri, yfirumsjón og eftirlit með sameiginlegri stjórnarsýslu háskólans. Deildarforsetar hafa eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnarsýslu deilda.

Rektor skipuleggur útgáfu árbókar í samráði við starfslið stjórnarsýslu, deildarforseta og forstöðumenn stofnana, eftir því sem henta þykir. Í árbók háskólans skal vera skýrsla um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því sem háskólinn hefur haft til umráða, svo og um málefni stúdenta.

9. gr.

Kosning, tilnefning og embættisgengi rektors.

Um kosningu, tilnefningu og embættisgengi rektors, gilda ákvæði laga um Háskóla Íslands auk eftirfarandi reglna:

1. *Auglýsing.*

Menntamálaráðherra auglýsir embætti rektors laust til umsóknar.

2. *Skilyrði um embættisgengi.*

Embættisgengir eru þeir einir sem skipaðir eru eða ráðnir ótímabundið prófessorar eða dósentar við háskólann í fullu starfi.

3. *Skipunartímabil.*

Skipunartímabil rektors er fimm ár, frá 1. júlí að telja til 30. júní að fimm árum liðnum, sbr. þó 11. tölulið þessarar greinar og ákvæði til bráðabirgða í reglugerð þessari.

4. *Kjörstjórn.*

Verkefni kjörstjórnar er að hafa fyrir hönd háskólaráðs umsjón með gerð kjörskrár, ákveða kjördag, annast framkvæmd kosninga, úrskurða í kærumálum vegna kosninga, sjá um utankjörfundaratkvæðagreiðslu og annað er að kosningunni lýtur, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

Þegar umsóknarfrestur um embætti rektors er liðinn skipar háskólaráð kjörstjórn. Kjörstjórn skal skipuð sex mönnum, tveimur úr hópi stúdenta og fjórum úr hópi starfsmanna háskólans, og skal einn þeirra síðartöldu skipaður formaður kjörstjórnar. Falli atkvæði jöfn í kjörstjórn sker atkvæði formanns úr. Háskólaráð ákveður þóknun kjörstjórnar. Heimilt er kjörstjórn að ráða sér aðstoðarmenn.

5. *Kjörskrá.*

Kjörstjórn gerir kjörseðil og gengur frá kjörskrá. Skal kjörskrá lögð fram fjórum vikum fyrir kjördag og liggja frammi í tíu daga. Kæru skulu hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi tveimur vikum fyrir kjördag og skal úrskurður kjörstjórnar liggja fyrir eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag og hefst þá kosning utan kjörfundar.

Kjörseðlar skulu gerðir í fimm litum. Skal einn liturinn vera fyrir starfsfólk háskólans með háskólapróf sem eru í fullu starfi, annar liturinn fyrir starfsfólk háskólans með háskólapróf sem eru í hlutastarfi, þriðji liturinn fyrir stúdenta, fjórði liturinn fyrir aðra atkvæðisbæra aðila sem eru í fullu starfi og fimmti liturinn fyrir aðra atkvæðisbæra aðila sem eru í hlutastarfi, sbr. 6. tölulið þessarar greinar.

Nú uppfyllir maður skilyrði til að vera á fleiri en einni kjörskrá og ákveður kjörstjórn þá á hvaða kjörskrá hann skuli vera. Uni hann því ekki skal hann þá, eigi síðar en fyrir lok kærufrests, tveimur vikum fyrir kjördag, tilkynna kjörstjórn á hvaða kjörskrá hann hyggst vera.

Starfsmannasvið háskólans sér um að útbúa kjörskrá starfsmanna háskólans og stofnana hans. Til stofnana háskólans í grein þessari teljast: Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Orðabók háskólans, Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn og Stofnun Árna Magnússonar, að því tilskildu að kveðið sé á um tengsl þeirra við háskólann í lögum.

Kennslusvið háskólans sér um að útbúa kjörskrá stúdenta háskólans.

6. *Atkvæðisréttur og vægi atkvæða.*

Við rektorskjör eiga atkvæðisrétt prófessorar, dósentar, lektorar, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar, skipaðir eða ráðnir í fullt starf, og aðrir þeir sem skipaðir eru eða ráðnir í fullt starf við háskólann og stofnanir hans. Starfshlutfallið 75% og hærra telst fullt starf í reglum þessum. Nú gegnir maður starfi í hlutfallinu 37–74%, og fer hann þá með hálf atkvæði. Starfshlutfall sem er lægra en 37% veitir ekki atkvæðisrétt. Nú er starfsmaður, sem að framan greinir, í orlofi og annar ráðinn tímabundið í hans stað og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem er í orlofi. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla

Íslands tveimur mánuðum fyrir rektorskjör, atkvæðisrétt. Atkvæði háskólakennara og sérfræðinga og annarra þeirra starfsmanna sem hafa háskólapróf, skulu gilda sem 60% greiddra atkvæða. Atkvæði stúdenta skulu gilda sem 30% greiddra atkvæða og atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem 10% greiddra atkvæða alls. Starfsmenn Landsbókafans Íslands-Háskólabókafans teljast til annarra atkvæðisbærra aðila án tillits til þess hvort þeir hafa háskólapróf.

Nú hefur einhver þeirra sem kosningarétt eiga lögmæt forföll og er honum þá heimilt að kjósa utan kjörfundar.

7. Kosning.

Rektorskjör skal fara fram eigi síðar en sex vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Miða skal við að kjördagur sé sem næst 15. mars og skal hann auglýstur tryggilega innan háskólans. Kjörfundur skal standa frá kl. 9 árdegis til kl. 18 síðdegis. Kjörstjórn ákveður nánar fyrirkomulag kjörfundar, hvort hann er í einni kjördeild eða fleirum. Talning atkvæða hefst þegar að kjörfundi loknum.

Sá umsækjandi telst hafa hlotið tilnefningu í embætti rektors sem hlýtur meirihluta greiddra atkvæða í almennri kosningu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Séu tveir eða fleiri jafnir í öðru sæti ræður hlutkesti. Þegar kosið er um þá tvo sem flest atkvæði fengu ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Berist einungis umsókn frá einum umsækjanda sem uppfyllir skilyrði um embættisgengi telst hann hafa hlotið tilnefningu til embættis rektors.

Rektor má endurkjósa.

8. Tilnefning.

Á fyrsta fundi háskólaráðs að loknum kosningum tilnefnir ráðið þann umsækjanda sem fengið hefur meirihluta greiddra atkvæða.

9. Skipun.

Menntamálaráðherra skipar háskólaektor samkvæmt tilnefningu háskólaráðs.

10. Embættistaka.

Rektor tekur við embætti 1. júlí, sbr. þó 11. tölulið þessarar greinar og ákvæði til bráða- birgða í reglugerð þessari.

11. Frávik.

Nú fellur rektor frá eða lætur af embætti, áður en skipunartími hans er liðinn, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður við komið en varaforseti háskólaráðs gegnir rektorstörfum þangað til. Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef varaforseti er forfallaður ákveður háskólaráð hvaða prófessor eða dósent háskólans er kallaður til að gegna rektorstörfum tímabundið. Fari rektorskjör fram áður en skipunartími sitjandi rektors er liðinn, er hinn nýkjörni rektor kosinn til fimm ára. Það sem eftir er tímabils frá 1. júlí til 30. júní þegar hann tekur við embætti skal teljast eitt ár.

10. gr.

Sameiginleg stjórnýsla háskólans.

Rektor ræður framkvæmdastjóra stjórnýslu og aðra starfsmenn sameiginlegrar stjórnýslu.

Svið hinnar sameiginlegu stjórnýslu eru: Fjármálasvið, kennslusvið, rannsóknasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið og samskipta- og þróunarsvið. Heimilt er að skipa fleiri en einu sviði undir einn framkvæmdastjóra.

Fjármálasvið nær til málefna er lúta að sameiginlegri fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum og reikningshaldi. Kennslusvið nær til sameiginlegra málefna er lúta að kennslu, prófhaldi,

námsráðgjöf, inntöku- og skrásetningu stúdenta. Rannsóknasvið nær til sameiginlegra mál-efna, er lúta að rannsóknum innan háskólans. Starfsmannasvið nær til sameiginlegra starfsmannamála háskólans og eru launamál þar með talin. Bygginga- og tæknisvið nær til mál-efna, er lúta að byggingum háskólans og byggingartæknilegum þáttum. Samskipta- og þróunarsvið nær til málefna er lúta að ýmsum samstarfs- og þróunarverkefnum innan háskólans og utan, útgáfu kynningarefnis og fjáröflun vegna nýmæla í starfi háskólans.

Framkvæmdastjóri hvers stjórnsýslusviðs hefur yfirumsjón og eftirlit með málefnum sviðsins og starfar í nánnum tengslum við starfsnefndir rektors og háskólaráðs á sviðinu. Hann á, ásamt háskólafundi, háskólaráði, rektor og starfsnefndum, frumkvæði að stefnu- mörkun innan sviðsins, samstarfi og samræmingu verkefna við önnur svið. Hann stjórnar skrifstofurekstri og þjónustu sviðsins.

Rektor og háskólaráði er heimilt að fela framkvæmdastjóra fjármálasviðs vald til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Hann hefur ásamt fjármálanefnd yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Hann hefur einnig umsjón með sjóðum hans.

Með fimm til tíu ára millibili skal háskólaráð láta fara fram úttekt á starfsemi stjórnsýslu háskólans.

11. gr.

Starfsnefndir háskólaráðs.

Á vegum háskólaráðs og rektors starfa: fjármálanefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd. Um fjölda fulltrúa í nefndunum og um skipan þeirra fer eftir reglum sem háskólaráð setur. Í kennslumála- og vísindanefnd skal vera að minnsta kosti einn stúdent. Nefndirnar eru ráðgefandi hver á sínu sviði, en fara hvorki með framkvæmda- né ákvörðunarvald, nema sérstaklega sé kveðið á um það í erindisbréfi.

II. KAFLI

Háskóladeildir og stofnanir.

12. gr.

Háskóladeildir.

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, heimspekideild, tannlæknadeild, verkfræðideild, raunvísindadeild félagsvísindadeild, lyfjafræðideild og hjúkrunarfræðideild. Háskólaráð tekur ákvörðun um stofnun og niðurlagningu deilda og aðrar breytingar á deildaskipan að fenginni umsögn háskólafundar.

13. gr.

Hlutverk og starfsemi deilda.

Háskóladeildir eru grunneiningar háskólans. Innan þeirra fer fram kennsla, rannsóknir og stjórnun. Deildir eru sjálfstæðar um eigin málefni innan þeirra marka er sameiginlegar reglur háskólans setja og bera faglega ábyrgð á háskólakennslu og námi. Deildir háskólans veita kennslu í einstökum greinum í þágu annarra deilda eftir því sem við verður komið.

Reglubundið mat skal fara fram á starfsemi deilda í samræmi við ákvæði laga og reglna, sem um það gilda, sbr. m.a. ákvæði 24. gr. reglugerðar þessarar.

Við háskóladeildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir og rannsóknastofur. Háskóladeildum og stofnunum er heimilt að stunda þjónusturannsóknir og standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almennig. Hver deild skal gera sérstakar samþykktir um slíkar þjónusturannsóknir og kennslu, sem háskólaráð staðfestir.

14. gr.

Endurmenntun á vegum háskóladeilda.

Endurmenntunarnám á vegum háskóladeilda lýtur eftirfarandi skilyrðum:

1. Við inntöku í námið skal nemandi uppfylla inntökuskilyrði samkvæmt 46. gr. þessarar reglugerðar. Deild kveður nánar á um inntökuskilyrði í námið og er í samþykktum deildar heimilt að setja strangari inntökuskilyrði.
2. Námið skal í hverju tilviki vera á faglega ábyrgð háskóladeildar og er henni heimilt að meta það til eininga.
3. Deild er heimilt að semja við þriðja aðila um ákveðin framkvæmdaratriði, s.s. skráningu nemenda, fjárreiður, reikningshald, húsnæði, kynningu o.fl., en fagleg ábyrgð skal ávallt vera hjá deildinni.
4. Deild er heimilt að ákveða að endurmenntunarnámi á vegum hennar ljúki með sérstakri prófgráðu. Skal það koma fram í kafla deildar í reglugerð þessari.
5. Um gjaldtöku vegna endurmenntunar á vegum háskóladeilda fer eftir lögum um Háskóla Íslands og nánari ákvæðum í reglugerð þessari.
6. Háskólaráð skal staðfesta samþykktir deilda um endurmenntun á þeirra vegum og gjaldtöku vegna hennar.
7. Endurmenntunarnám samkvæmt þessari grein er utan við hefðbundið námsframboð deildar og er deild óheimilt að innheimta annað gjald en skrásetningargjald fyrir hefðbundið nám, sbr. 13. gr. laga um Háskóla Íslands. Óheimilt er að fella skipulagt framhaldsnám samkvæmt ákvæðum 68. gr. þessarar reglugerðar undir ákvæði þessarar greinar.

15. gr.

Fræðsla fyrir almenning.

Fræðsla fyrir almenning á vegum deilda og stofnana sem undir deildir heyra felur í sér, eftir atvikum, námskeið fyrir almenning, fyrirlestra, málstofur, almenna kynningu á starfsemi deilda og stofnana og annað sem ekki telst til reglulegrar kennslu, náms og endurmenntunar á vegum deildar eða stofnunar.

16. gr.

Stjórn deilda.

Stjórn deildar er í höndum deildarfunda, deildarráðs, ef við á, og deildarforseta. Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum sem hver deild er bær að taka ákvörðun um. Í tilteknum málum eða málaflokkum er háskóladeild heimilt á fundi að framselja ákvörðunarvald til deildarráðs eða deildarforseta.

Deildarforseti er framkvæmdastjóri deildar og æðsti fulltrúi hennar gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan.

17. gr.

Skipan deildarfundar.

Á deildarfundum eiga sæti prófessorar, dósentar og lektorar, þ.á m. erlendir lektorar og aðjúntar, svo og forstöðumenn rannsóknastofnana er lúta deildinni. Enn fremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem fjöldi annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar. Stjórn deildarfélags eða deildarfélaga stúdenta tilkynnir deildarforseta val á fulltrúum félagsins. Öllum sem sæti eiga á deildarfundi er skylt að sækja fundi. Deild er heimilt að ákveða að stundakennarar eigi þar sæti, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki. Skrifstofustjórar sitja deildarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir ekki. Deild er heimilt að ákveða að sérfræðingar, fræði- og vísindamenn, sem ráðnir eru til deildar

eða stofnana sem heyra undir deild stjji deildarfundi og er deild einnig heimilt að kveða á um hvort þeir hafi atkvæðisrétt.

Atkvæðisrétt á deildarfundi eiga prófessorar, dósentar og lektorar sem skipaðir eru eða ráðnir í fullt starf við deildina, forstöðumenn rannsóknastofnana er lúta deildinni og þeir sem ráðnir eru til vísinda- og fræðistarfa, hafi deild nýtt heimild sína samkvæmt 1. mgr., og enn fremur fulltrúar stúdenta á deildarfundi, nema kveðið sé á um annað í reglugerð þessari eða öðrum reglum háskólans. Starfshlutfallið 75% og hærra telst fullt starf. Nú gegnir maður starfi í hlutfallinu 37–74%, og fer hann þá með hálf atkvæði. Starfshlutfall sem er lægra en 37% veitir ekki atkvæðisrétt. Deild er heimilt að víkja frá þessu og ákveða að starfsmenn sem rétt eiga til setu á deildarfundi fari með fullt atkvæði án tillits til starfshlutfalls. Atkvæðisrétt eiga þeir einir sem mæta á deildarfund.

Nú er starfsmaður, sem skipaður er eða ráðinn í fullt starf, í orlofi og annar ráðinn tímabundið í hans stað og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem er í orlofi.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

Kennari, sem rektor veitir lausn undan kennslu- og stjórnunarskyldu, sbr. ákvæði 33. gr. reglugerðar þessarar er undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á þeim fundum meðan lausnin stendur. Kennari getur óskað eftir því að verða ekki undanþeginn þeirri skyldu að sækja deildarfundi og heldur hann þá atkvæðisrétti.

18. gr.

Deildarfundir.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum en skylt er að boða til fundar ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga til fundarsetu, æskja þess.

Deildarforseti boðar fundi bréflega eða í tölvupósti með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar háskóladeildir geta þó ákveðið annan hátt á fundarboðun. Dagskrá skal tilgreina í fundarboði. Deildarmaður skal án tafar tilkynna deildarforseta um forföll.

Deildarfundur er ályktunarbær ef meirihluti atkvæðisbærra manna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði deildarforseta úr eða þess er gegnir forsetastörfum.

Gerðir deildarfunda skulu bókfærðar og skal staðfesta þær, ef unnt er, áður en fundi er slitið, þó eigi síðar en á næsta fundi. Fundargerðir skal senda öllum sem sæti eiga á deildarfundi.

19. gr.

Deildarforseti.

Deildarforseti á frumkvæði að móttun heildarstefnu fyrir deild. Hann hefur eftirlit með starfi og stjórnarsýslu deildar og ber ábyrgð á fjármálum deildar og stofnana sem heyra undir deild gagnvart háskólaráði og rektor. Hann semur fjárhagsáætlun og leggur hana fyrir deildarfund. Deildarforseti, í umboði deildarfundar, ráðstafar fé deildarinnar.

Deildarforseti ræður aðjúnkta og stundakennara og starfslíð stjórnarsýslu deildar og semur starfslýsingar fyrir það, eftir því sem við á.

Á milli deildarfunda eða deildarráðsfunda fer deildarforseti í umboði þeirra með ákvörðunarvald í öllum málum deildarinnar. Deildarforseta er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru honum til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi.

Deildarforseti hefur umsjón með skýrslu deildar í árbók háskólans í samráði við rektor.

Um hlutverk deildarforseta, ábyrgð, réttindi, skyldur og verkefni að öðru leyti er nánar kveðið á um í erindisbréfi sem rektor setur þeim, samkvæmt ákvæðum í lögum og reglum um háskólann.

20. gr.

Kjör deildarforseta.

Hver háskóladeild velur deildarforseta og annan til vara úr hópi prófessora og dósentar deildarinnar sem gegna fullu starfi. Í deild sem er skorarskipt skulu forseti og varaforseti deildarinnar ekki vera úr sömu skor. Í deild þar sem fjórir fimmtu hlutar prófessora, dósentar og lektora deildarinnar koma úr einni skor er heimilt að víkja frá þessu. Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til þriggja ára í senn. Kosning er skrifleg og skal lokið fyrir 1. febrúar á því ári sem kjörtímabil sitjandi deildarforseta rennur út og miðast upphaf kjörtímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að þremur árum liðnum.

Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfs og til starfs varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er. Ef deildarforseti og varadeildarforseti eru báðir forfallaðir ákveður deildarfundur hvaða prófessorar eða dósentar deildarinnar eru kallaðir til að gegna störfum þeirra tímabundið.

21. gr.

Deildarráð.

Heimilt er deild að mynda stjórnarnefnd, deildarráð. Í deildarráði skulu eiga sæti auk deildarforseta varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, ef því er að skipta, og skal hann vera formaður skorar, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Deildir setja sér nánari reglur um fjölda fulltrúa á deildarráðsfundum. Fari fjöldi annarra fulltrúa í deildarráði yfir tólf gilda sömu reglur um fjölda fulltrúa stúdenta og á deildarfundi. Um atkvæðisrétt og vægi atkvæða í deildarráði fer eftir sömu reglum og gilda á deildarfundi.

Nýkjörið deildarráð tekur til starfa 1. júlí ár hvert.

Deildarráð heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á kennsluárinu en ella þegar þörf krefur. Skylt er að boða deildarráðsfund ef þriðjungur atkvæðisbærra deildarmanna krefst þess. Fundi skal boða bréflaga eða í tölvupósti með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er. Dagskrá skal tilgreina í fundarboði. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Fundur er ályktunarbær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra deildarráðsmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði deildarforseta úr eða þess er gegnir forsetastörfum. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar og skal staðfesta þær, ef unnt er, áður en fundi er slitið, þó eigi síðar en á næsta fundi. Fundargerðir skal senda öllum sem sæti eiga á deildarfundi.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur framselt ákvörðunarvald í. Slíkt framsal skal bókað í fundargerð deildarfundar. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti annast framkvæmd ákvarðana deildarráðs og deildarfundar.

22. gr.

Skorir.

Heimilt er með samþykki háskólaráðs að skipta deild í skorir eftir kennslugreinum, sem lýkur með prófgráðu. Rísi ágreiningur um mörk skora sker deildarfundur úr um skiptinguna. Um skoraskiptingu deilda er nánar kveðið á í viðeigandi köflum í reglugerð þessari.

Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður náms-efni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf.

Formaður skorar hefur eftirlit með ráðstöfun fjárveitinga skorarinnar. Hann fylgist með starfi námsnefnda, kennsluháttum og öðru sem varðar kennslu og stjórnun í skorinni.

Á skorarfundi eiga sæti þeir starfsmenn í kennslugreinum skorar sem seturétt eiga á deildarfundum og enn fremur fulltrúar stúdenta. Um fjölda stúdenta á skorarfundi fer eftir sömu reglum og um fulltrúa þeirra á deildarfundum. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra og taka þeir sæti á skorarfundum 1. júlí ár hvert. Þó er heimilt að fyrsta árs stúdent taki sæti á tímabilinu 1. september til 1. október. Um atkvæðisrétt og vægi atkvæða í skor fer eftir sömu reglum og gilda á deildarfundum. Enginn getur átt sæti með atkvæðisrétt í tveimur skorum. Deildarfundur ákveður, í hvaða skor kennari á sæti. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys formann og varaformann úr hópi prófessora, dósenta og lektora skorarinnar sem gegna fullu starfi. Kjörtímabil þeirra skal vera eitt til þrjú ár eftir nánari ákvörðun deildar. Kosning er skrifleg og skal lokið fyrir 1. febrúar á því ári sem kjörtímabil sitjandi skorarformanns rennur út og miðast upphaf kjörtímabils við 1. júlí og lok við 30. júní. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til kjörgenga skorarmenn eftir starfsaldri. Þar sem svo háttar til að fleiri en ein kennslugrein eru saman í skor skal hver þeirra auk þess kjósa sér formann úr hópi prófessora, dósenta og lektora í greininni. Nýkjörnir formenn greina taka til starfa 1. júlí og er kjörtímabil hið sama og skorarformanna.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skylt er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skorarmanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflaga eða í tölvupósti með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarbær, ef meirihluti atkvæðisbærra skorarmanna sækir hann. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði formanns úr eða þess er gegnir formannsstörfum. Gerðir skorarfunda skulu bókfærðar og skal staðfesta þær áður en fundi er slitið, ef unnt er, þó eigi síðar en á næsta fundi. Verði ágreiningur á skorarfundi getur skorarformaður eða formaður greinar skotið ágreiningsmálinu til úrskurðar deildar. Fundargerðir skal senda öllum sem sæti eiga á skorarfundi og deildarráðsfundi.

23. gr.

Kennsluskrá og námsnefndir.

Hver deild semur kennsluskrá fyrir sig, og skal þar meðal annars gerð grein fyrir skipan náms í deildinni, námsefni, námsframvindu, námsmati, hámarksnámsstíma, prófgráðum, prófgreinum og prófkröfum, námskeiðum sem í boði eru og vægi þeirra, kennsluháttum, starfsþjálfun, æfingum, misseraskiptingu, stjórn deildar og skiptingu í skorir og félagsmálum stúdenta. Enn fremur skal geta kennslurita og annarra rita, sem æskilegt er að stúdent kynni sér í námi sínu og greina almennt frá náminu, eftir því sem þörf þykir.

Árlega skal gefin út kennsluskrá fyrir háskólann í heild og leggur hver deild til sinn hlut, en kennsluskrá hefur umsjón með útgáfu hennar. Þar komi jafnframt fram almennar upplýsingar um réttindi og skyldur stúdenta. Við það skal miðað að kennsluskráin komi út í mars ár hvert fyrir komandi háskólaár. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennslumisseris.

Við hverja deild skal starfrækja að minnsta kosti eina ráðgefandi námsnefnd, sem jafn-

margir kennarar og stúdentar eiga sæti í. Kennarar, þar með taldir stundakennarar, og stúdentar kjósa fulltrúa hvorir í sínu lagi í upphafi hvers kennsluárs. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein og semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinarinnar. Deildir ákvarða nánar fjölda námsnefnda og hlutverk þeirra.

24. gr.

Mat á starfsemi deilda og eftirlit með henni.

Með fimm til tíu ára millibili skal deild meta starfsemi sína í heild í samræmi við formlegt gæðakerfi háskólans sem háskólaráð ákvarðar. Háskólaráð getur látið fara fram úttekt á starfsemi deilda telji ráðið tilefni til þess.

Deildir skulu jafnan hafa tiltækar upplýsingar vegna sérstakra úttekta er fram fara í samvinnu við menntamálaráðuneytið, samkvæmt reglum um gæðaeftirlit með háskóla-kennslu og öðrum reglum um starfsemi háskóla.

Á hverju kennslumisseri skal fara fram mat nemenda á kennslu með könnun á kennslu og námskeiðum. Slíkt mat er liður í eftirliti með gæðum kennslu og námskeiða í samræmi við formlegt gæðakerfi háskólans. Kennslumálanefnd og kennslusvið hafa umsjón með efni könnunar. Kennslusvið hefur umsjón með framkvæmd könnunar í samráði við kennslumálanefnd og deildir. Stúdentum er óheimilt að hafa samráð um útfyllingu könnunar. Reglulegt eftirlit með gæðum kennslu og námskeiða, umfram kennslukönnun og árlega endurskoðun kennsluskrár, felur m.a. í sér umsögn kennara um eigin kennslu og markmið námskeiða í lok hvers háskólaárs og formleg viðbrögð deildar.

Skylt er að ræða niðurstöður kennslukannana og umsagnir kennara um eigin kennslu og námskeið innan stjórnunareininga deildar, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Skal þess gætt að niðurstöður kennslukannana liggi ekki fyrir fundi í persónugreinanlegu formi. Deildarforseti, skorarformaður og einn fulltrúi stúdenta á deildar- eða skorarfundum fá í hendur niðurstöður kennslukönnunar og umsagnir kennara í viðkomandi stjórnunareiningu og fylgja því eftir að þær hljóti viðeigandi meðferð. Umsjónarkennarar hafa aðgang að niðurstöðum um stundakennara sem kennt hafa í námskeiðum sem þeir hafa umsjón með. Dómnefndir um störf kennara skulu hafa aðgang að niðurstöðum kennslukannana. Háskólaráð setur að fengnum tillögum kennslumálanefndar nánari reglur um kennslukannanir og meðferð þeirra.

25. gr.

Háskólastofnanir.

Stofnanir háskólans heyra ýmist undir háskólaráð eða háskóladeild eða lúta sérstökum lögum. Háskólaráð tekur ákvörðun um nýjar stofnanir og niðurlagningu starfandi stofnana og aðrar breytingar á þeim.

26. gr.

Stofnanir sem heyra undir háskólaráð.

Háskólanum er heimilt að starfrækja stofnanir á verksviði sínu sem heyra undir háskólaráð. Háskólaráð setur þeim sérstakar reglur um hlutverk, aðstöðu, skipulag, stjórn, starfsfólk, fjármál og annað sem nauðsynlegt kann að reynast. Formlegt mat á rekstri og starfsemi þeirra skal fara fram með reglulegu millibili, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

27. gr.

Stofnanir sem heyra undir deildir.

Við háskóladeildir er heimilt að starfrækja rannsóknastofnanir og rannsóknastofur sem heyra undir deild. Að jafnaði skal vera ein rannsóknastofnun við hverja deild. Hver stofnun skal lúta sérstökum reglum sem háskólaráð samþykkir. Í reglunum skal starfsemi og skipu-

lag stofnana skilgreint nánar í samræmi við aðstæður í hverri deild og mismunandi þarfir fræðasviðanna.

Formlegt mat á rekstri og starfsemi þeirra skal fara fram með reglulegu millibili, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

Stofnun skal gera tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Hlutverk og skipulag rannsóknastofnana sem heyra undir deild skal vera eftirfarandi:

1. *Hlutverk.*

Að vera vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á viðkomandi fræðasviði og efla tengsl rannsókna og kennslu. Að veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa eftir því sem kostur er og veita þeim þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum. Að sinna þjónustuverkefnum og ráðgjöf á fagsviðinu og stuðla að sterkum tengslum háskólans við atvinnu- og þjóðlíf. Að annast útgáfustarfsemi. Kveða má nánar á um hlutverk hverrar stofnunar í reglum hennar.

2. *Aðstaða.*

Háskóli Íslands veitir stofnunum deilda starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

3. *Stofuskipulag.*

Deild er heimilt að ákveða að skipta rannsóknastofnun í faglega sjálfstæðar rannsóknastofur og getur framselt það vald til stjórnar stofnunar. Stjórn rannsóknastofnunar setur stofum starfsreglur og er heimilt að skipta þeim í einingar. Forstöðumaður stofu skal kjörinn af starfsmönnum hennar í samræmi við reglur hverrar stofnunar. Stofnunum sem verða að rannsóknastofum með breyttu skipulagi er heimilt að halda fyrra heiti sínu.

4. *Starfsmenn.*

Prófessorar, dósentar og lektorar viðkomandi deildar geta haft starfsaðstöðu við stofnanir deilda ef þeir æskja þess og aðstæður leyfa. Aðrir starfsmenn eru sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn; stúdentar og aðstoðarmenn og annað starfsfólk sem ráðið er að stofnuninni.

5. *Stjórn.*

Um skipan og kjör stjórnar fer eftir reglum hverrar stofnunar. Sé ekki ráðinn forstöðumaður kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar.

Stjórn fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunar, ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, semur fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna. Stjórn sker úr vafaatriðum er upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunar.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega eða í tölvupósti með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar stofnanir geta ákveðið annan hátt á fundarboðun. Dagskrá skal tilgreina í fundarboði. Skytt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess, jafnframt ef rektor eða deildarforseti óska þess og hafa þeir þá málfrelsi og tillögu-rétt á fundinum. Nú verða atkvæði jöfn á stjórnarfundi og ræður þá atkvæði formanns, eða þess er gegnir formannsstörfum.

Rita skal fundargerð stjórnarfundar og skal staðfesta hana, ef unnt er, áður en fundi er slitið, þó eigi síðar en á næsta fundi. Fundargerð skal send deildarforseta.

6. *Ráðning starfsfólks.*

Rektor ræður forstöðumann samkvæmt tillögu deildar og skal deildin leita umsagnar stjórnar stofnunar. Rektor ræður sérfræðinga, vísinda- og fræðimenn samkvæmt tillögu deildar og skal deildin leita umsagnar stjórnar stofnunar. Um ráðningu þeirra fer eftir ákvæðum 12. gr. laga um Háskóla Íslands og III. kafla reglugerðar þessarar. Deildarforseti ræður annað starfsfólk og skal hann leita eftir tillögu stjórnar áður en hann ræður í starfið.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunar. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem stjórn felur honum. Rektor getur að fenginni tillögu stjórnar sett forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Forstöðumaður skal að jafnaði hafa meistaragráðu eða annað sambærilegt háskólapróf. Forstöðumaður á sæti á stjórnarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

7. Tekjur, reikningshald og þjónusta.

Tekjur stofnana sem heyra undir deildir geta verið eftirfarandi:

7.1 Framlag úr ríkissjóði.

7.2 Framlag frá viðkomandi deild.

7.3 Styrkir til einstakra verkefna.

7.4 Tekjur af þjónustustarfsemi.

7.5 Tekjur af útgáfustarfsemi.

7.6 Aðrar tekjur sem stofnun kann að hafa áskotnast.

Reikningshald stofnana skal vera hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands og fjárhagsáætlun ber að leggja fram og kynna á deildarfundum. Heimilt er að víkja frá þessu í reglum einstakra stofnana. Sé sú heimild nýtt ber að senda deildarforseta afrit af fjárhagsáætlun stofnunar og uppgjöri hennar. Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. þessarar reglugerðar.

Veiti stofnun þjónustu í samkeppni við aðra aðila skal sú starfsemi stofnunarinnar afmörkuð frá öðrum rekstri og falla undir sérstakt þjónustusvið. Skal það vera fjárhagslega aðskilið frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að rekstur þess sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

8. Ársfundur.

Stjórn efnir til ársfundar með starfsmönnum stofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunar, nýjungar í vísindum og tækni ásamt umræðu um rannsóknastefnu. Á ársfundi, sem að jafnaði skal haldinn á haustmánuðum, skal kynna fjárhagsáætlun næsta árs.

III. KAFLI

Háskólakennarar og sérfræðingar.

28. gr.

Háskólakennarar og sérfræðingar.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þar á meðal erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Heimilt er að ráða til háskólans eða stofnana hans fólk til vísinda- eða fræðistarfa án kennsluskyldu. Skulu starfsheiti þeirra vera vísindamaður, fræðimaður og sérfræðingur.

29. gr.

Ráðning.

Rektor ræður prófessora, dósentar, lektora, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðinga. Deildarforseti ræður aðjúnkta og stundakennara. Engan má ráða í starf prófessors, dósentar, lektors, vísindamanns, fræðimanns eða sérfræðings án þess að meirihluti dómnefndar hafi talið hann hæfan til að gegna starfi.

30. gr.

Hlutastörf.

Heimilt er að ráða prófessora, dósentar, lektora, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðinga í hlutastarf (20-74%) að háskólanum eða stofnunum hans.

Heimilt er að tengja starf kennara tilteknu starfi utan háskólans eða starfi við stofn-
anir hans. Heimild þessi gildir án tillits til þess hvert starfsheiti kennara er.

Hlutastarf ber að auglýsa í samræmi við reglugerð þessa, ef um er að ræða aðalstarf
í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Laun starfsmanna í hlutastarfi fara eftir úrskurði kjaranefndar og kjarasamningi Félags
háskólakennara og fjármálaráðherra eða öðrum kjarasamningum, eftir því sem við á. Starfs-
menn fá greitt í samræmi við það starfshlutfall sem þeir gegna. Fyrirkomulag launagreiðslna
vegna kennarastarfa sem tengd eru ákveðnum fyrirtækjum eða stofnunum er samkomulag-
satriði milli viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar og rektors og deildarforseta.

Í slíkum samningi skal kveðið á um starfsskyldur og réttindi starfsmannsins við háskól-
ann, hvar hann nýtur starfsaðstöðu og um starfslok hans, þ.á m. hvernig fari með starf hans
hjá háskólanum hætti hann störfum hjá fyrirtæki eða stofnun áður en samningstímabilið er
á enda.

Um ráðningar í hlutastörf gilda sömu reglur og ráðningar í fullt starf nema annað leiði
af lögum eða reglugerð þessari.

31. gr.

Tímabundin ráðning.

Heimilt er að ráða prófessora, dósentna, lektora, vísindamenn, fræðimenn og sérfræð-
inga tímabundið til allt að fimm ára. Heimild til tímabundinnar ráðningar gildir hvort sem
um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Um slíka ráðningu gilda sömu reglur og um ótíma-
bundnar ráðningar nema annað leiði af lögum eða reglugerð þessari.

Starfsmaður öðlast ekki rétt til ótímabundinnar ráðningar að lokinni tímabundinni ráðn-
ingu.

32. gr.

Starfsskyldur.

Starfsskylda kennara við háskólann skiptist í þrjá meginþætti: rannsóknir, kennslu og
stjórnun. Starfsskylda starfsmanns sem eingöngu er ráðinn til vísinda- og fræðistarfa skipt-
ist í rannsóknir og stjórnun. Háskólaráð setur nánari reglur um hvað felst í þessum starfs-
þáttum og hvert sé lágmarkshlutfall hvers starfsþáttar. Heimilt er í þeim reglum að kveða
á um að starfsmaður sem eingöngu er ráðinn til vísinda- og fræðistarfa skuli sinna ákveð-
inni kennslu. Háskóladeild eða stofnun ákveður hvernig starfsskyldur einstakra kennara eða
þeirra sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa skiptast innan marka almennra
reglna.

33. gr.

Undanþága frá kennslu- og stjórnunarskyldu.

Rektor er heimilt, að fenginni umsögn deildarforseta, að veita kennara undanþágu frá
kennslu- og stjórnunarskyldu í eitt til tvö misseri í senn, til þess að gera honum kleift að
verja þeim hluta vinnutíma síns til rannsóknastarfa. Kennslu- og stjórnunarskylda á starfs-
tíma kennarans, að meðtöldum þeim tíma sem hann nýtur undanþágu frá kennslu- og stjórn-
unarskyldu, skal þó eigi vera lægri en 50% af heildarvinnutíma hans. Framangreind und-
anþága er ekki veitt hafi kennari ekki staðið fullnægjandi skil á kennslu- og rann-
sóknaskýrslu. Í umboði rektors er deildarforseta heimilt að veita kennara leyfi frá störfum
á kennslutíma í allt að þrjár vikur, til að kennari geti farið utan til að taka þátt í ráðstefnu
eða til að sinna öðrum störfum, enda sé sýnt að leyfisveitingin bitni ekki á kennslu hans.
Sé óskað lengra leyfis skal deildarforseti senda rektor erindið ásamt umsögn sinni um hvort
leyfið skuli veitt.

34. gr.

Skilgreining starfs.

Áður en starf er auglýst ber viðkomandi deild eða stofnun að skilgreina starf það sem ráða á í. Koma þarf fram á hvaða sérsviði starfið á að vera og hvort gerðar séu einhverjar sérstakar hæfniskröfur til umsækjenda. Óski deild eða stofnun eftir því að dómnefnd forgangsraði umsækjendum skal fara þess á leit við rektor áður en hann auglýsir starfið. Slíkri beiðni skal fylgja greinargerð deildar eða stofnunar um hvaða vægi dómnefnd ber að ljá þeim sjónarmiðum sem til skoðunar koma samkvæmt reglugerð þessari.

35. gr.

Auglýsing.

Rektor auglýsir laus störf háskólakennara og þeirra sem eingöngu eru ráðnir til vísinda- og fræðistarfa. Deildarforseti auglýsir störf aðjúnkta og stundakennara, eftir því sem við á. Heimilt er að fela starfsmannasviði að annast auglýsingar.

Auglýsa skal þannig að umsóknarfrestur sé a.m.k. fjórar vikur frá birtingu auglýsingar. Laust starf telst nægjanlega auglýst ef auglýsing birtist a.m.k. einu sinni í dagblaði sem gefið er út á landsvísu.

Í auglýsingu skal eftirfarandi koma fram hið minnsta:

1. Hvaða starf um er að ræða, sbr. nánar skilgreiningu samkvæmt 34. gr. í reglugerð þessari.
2. Starfshlutfall.
3. Hvaða menntunar- og hæfniskröfur eru gerðar til umsækjenda. Sérstaklega skal geta þess ef deild hefur ákveðið að gera strangari kröfur til umsækjenda en lágmarkskröfur þær sem gerðar eru í lögum.
4. Sjónarmið sem dómnefnd ber að forgangsraða eftir, ef við á.
5. Ráðningartími.
6. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
7. Umsóknarfrestur.
8. Hvaða starfskjör eru í boði.
9. Hver veiti nánari upplýsingar um starf.
10. Hvert umsókn eigi að berast.
11. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
12. Hvaða gögn þurfi að fylgja umsókn.
13. Að við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun háskólans.

36. gr.

Undantekningar frá auglýsingaskyldu.

Ekki er skylt að auglýsa starf, ef um er að ræða tímabundna ráðningu til afleysinga til tólf mánaða eða skemur, eða ef um er að ræða hlutastarf, þannig að starfið telst ekki vera aðalstarf í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ef ráðið er til afleysinga til tólf mánaða eða skemur er ekki heimilt að framlengja ráðninguna án auglýsingar í samræmi við reglugerð þessa.

Starf er ekki auglýst þegar um er að ræða flutning í starfi samkvæmt ákvæðum laga um Háskóla Íslands eða reglugerðar þessarar, sbr. 38.- 41. gr.

Starf er ekki auglýst þegar rektor býður vísindamanni í samræmi við 8. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, að taka við kennarastarfi við skólann.

37. gr.

Umsóknir og meðferð þeirra.

Umsóknir um starf eiga að berast framkvæmdastjóra starfsmannasviðs. Að umsóknarfresti liðnum staðfestir hann móttöku umsóknar með bréfi til umsækjenda.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf sem þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og vottorð um námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send þrjú eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum, birtum og óbirtum, sem umsækjendur óska eftir að metin verði. Þegar fleiri en einn höfundur stendur að ritverki skulu umsækjendur gera grein fyrir framlagi sínu til verksins. Einnig er nauðsynlegt að í umsókn komi fram hvaða verkefnum umsækjendur hafa unnið að, hverju þeir eru að vinna að og hver séu áform þeirra ef til ráðningar kemur. Telji umsækjendur að þeir hafi aðra starfsreynslu en að ofan greinir sem nýst geti við störf innan Háskóla Íslands skulu þeir gera grein fyrir henni. Enn fremur er ætlast til þess að umsækjendur láti fylgja með umsagnir um kennslu- og stjórnunarstörf sín, eftir því sem við á.

38. gr.

Flutningur kennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Rektor er heimilt, án auglýsingar, að flytja lektor í dósentsstarf, dósent í prófessorsstarf, sérfræðing í starf fræðimanns og fræðimann í starf vísindamanns, enda liggja fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

39. gr.

Framgangur kennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Heimilt er að flytja lektor sem hlotið hefur hæfnisdóm í starf dósents. Heimilt er að flytja dósent sem hlotið hefur hæfnisdóm í starf prófessors. Umsókn skal lögð fram hjá viðkomandi deild, sem sendir rektor hana ásamt greinargerð deildar um hvort skipa skuli dómnefnd um hæfi umsækjanda. Við mat deildar skal líta til rannsóknavirkni, kennslustarfa og annarrar sambærilegrar starfsreynslu.

Umsókn um framgang skal uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til umsókna um laus störf samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 37. gr.

Áliti rektor að auðsýnt sé að umsækjandi hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum með þeim hætti að til greina komi að veita honum umbeðinn framgang er honum heimilt að hafna umsókninni án þess að skipa dómnefnd til að meta hæfi umsækjanda.

Að öðrum kosti skipar hann þriggja manna dómnefnd til að meta hæfi umsækjanda til að flytjast milli starfa og skal þess gætt að bæði karlar og konur sitji í dómnefnd eftir því sem kostur er. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og viðkomandi deild hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Þar sem því verður við komið skulu tilnefningaraðilar tilnefna bæði karl og konu til dómnefndarstarfa. Um hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefnda gilda ákvæði reglugerðar þessarar um dómnefndir.

Rektor sendir umsækjanda og deildarforseta tilkynningu um það hverjir skipaðir hafa verið í dómnefnd.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal deild taka það til meðferðar í samræmi við reglur hvarrar deildar um veitingu starfs. Skal deildin senda tillögu til rektors um hvort veita beri umbeðinn framgang á grundvelli fyrirbyggjandi dómnefndarálits. Sé niðurstaða deildar að ekki sé rétt að veita hann ber henni að rökstyðja þá niðurstöðu sína.

Ef lektor hefur á síðustu tveimur árum fengið hæfnisdóm til að gegna starfi dósents eða dósent hefur innan sömu tímamarka fengið hæfnisdóm til að gegna starfi prófessors er rektor heimilt að ákveða, hvort þörf sé á að skipa nýja dómnefnd. Skal hann leita álits

deildar áður en hann tekur ákvörðun. Þessi heimild gildir einnig um ráðningar samkvæmt 1. mgr. 29. gr. reglugerðar þessarar ef umsækjandi er einn.

Sömu reglur og að framan greinir gilda um flutning sérfræðings í starf fræðimanns og flutning fræðimanns í starf vísindamanns.

40. gr.

Flutningur sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna í kennarastörf.

Rektor er heimilt, að undangengnu samkomulagi viðkomandi deildar og stofnunar, að flytja sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn í starf lektors, dósentis og prófessors, enda hafi þeir þá kennslu- og stjórnunarskyldu í deild. Rektor ber að skipa dómnefnd, hafi starfsmaður ekki verið metinn hæfur af dómnefnd vegna fyrra starfs. Gilda þá sömu reglur um tilnefningu og störf dómnefnda samkvæmt reglugerð þessari.

Ef sérfræðingur er fluttur í starf lektors, fræðimaður í starf dósentis eða vísindamaður í starf prófessors og ekki liggur fyrir dómnefndarálit, þar sem fjallað er um kennslu viðkomandi starfsmanns, ber kennslumálanefnd að gefa rektor umsögn um færni viðkomandi til kennslustarfa.

41. gr.

Gæðamat á störfum.

Háskólaráð setur reglur um gæðamat á störfum og skal þar m.a. kveðið á um lágmark fyrir hvert starfsheiti og hvern starfsþátt. Dómnefnd er heimilt að hafa þessar reglur til viðmiðunar.

42. gr.

Dómnefnd.

Pegar umsóknarfrestur um starf er liðinn skipar rektor þriggja manna dómnefnd til að meta hæfi umsækjenda til að gegna því og skal þess gætt að bæði karlar og konur sitji í dómnefnd eftir því sem kostur er. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og viðkomandi deild hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Þar sem því verður við komið skulu tilnefningaraðilar tilnefna bæði karl og konu til dómnefndarstarfa. Dómnefnd skal skipuð innan fjögurra vikna frá því að umsóknarfrestur um starfið rann út. Rektor sendir umsækjendum og deildarforseta tilkynningu um það hverjir hafa verið skipaðir í dómnefnd.

Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Formaður dómnefndar skal hafa verið metinn hæfur til að gegna sambærilegu starfi og dómnefnd fjallar um.

Um sérstakt hæfi dómnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í skipunarbréfi dómnefndar skal greina hvernig deild eða stofnun hefur skilgreint það starf sem um ræðir og hvort ákveðið hafi verið að gera einhverjar sérstakar kröfur til umsækjenda. Hafi verið óskað eftir því að dómnefnd forgangsraði umsækjendum ber einnig að greina hvaða vægi dómnefnd ber að ljá þeim sjónarmiðum sem til skoðunar koma samkvæmt reglugerð þessari.

Dómnefnd sem fjallar um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors skal að hluta skipuð sérfræðingum sem starfa utan háskólans.

Rektor ræður ritara dómnefnda. Hlutverk hans er að aðstoða dómnefndir og hafa eftirlit með störfum nefndanna, þ. á m. að gæta þess að dómnefndir starfi í samræmi við stjórnsýslulög, lög um Háskóla Íslands, reglugerð þessa sem og önnur lög og reglur er við eiga. Honum ber sérstaklega að gæta þess að dómnefndir starfi í samræmi við þau tímamörk sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Ritari dómnefndar tekur við umsóknargögnum af framkvæmdastjóra starfsmannasviðs

og staðfestir móttöku þeirra. Hann boðar nefndina til fyrsta fundar og afhendir þá umsóknargögn. Formaður dómnefndar stýrir starfi hennar og skiptir verkum með dómnefndarmönnum.

Dómnefnd er heimilt að afla frekari gagna um umsækjendur telji hún þau nauðsynleg til að leggja mat á hæfi þeirra. Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda. Dómnefnd er heimilt að kalla umsækjendur í viðtal. Henni er heimilt að leita eftir skriflegum umsögnum frá sérfræðingum um tiltekin verk eða störf umsækjenda almennt. Dómnefnd er einnig heimilt að leita munnlega eftir umsögnum og ber henni að skrá efni þeirra og kynna umsækjendum í samræmi við það sem að neðan greinir. Komi fram í gögnum, sem dómnefnd aflar, upplýsingar sem hún telur vera umsækjanda í óhag skal kynna honum efni þeirra, frá hverjum þær koma og veita honum tækifæri til þess að tjá sig um þær.

Eftir að frestur til að skila umsóknargögnum er liðinn er dómnefnd ekki skylt að taka við frekari gögnum frá umsækjendum, nema þau séu til að votta gögn sem fylgdu umsókn.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum og skal hún hafa lokið störfum eigi síðar en innan fjögurra mánaða frá því hún var skipuð. Ef um er að ræða umsókn um framgang samkvæmt reglugerð þessari eða einungis einn umsækjandi er um starf skal dómnefnd ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Ef fyrirsjáanlegt er að störf dómnefndar muni dragast fram yfir framangreindan frest ber henni að senda umsækjendum tilkynningu um það, þar sem greint er frá því hverjar eru ástæður tafanna og hvenær vænta megi þess að dómnefnd ljúki störfum. Gangi sú áætlun ekki eftir ber að senda tilkynningu á nýjan leik. Dómnefnd skal senda rektor afrit af framangreindum bréfum. Ritari dómnefndar hefur eftirlit með því að dómnefndir sendi framangreindar tilkynningar.

43. gr.

Mat á hæfi umsækjanda.

Dómnefnd ber að skila rökstuddu álitum um hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsóknna umsækjanda svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna starfinu. Dómnefnd er heimilt að styðjast við eldri dómnefndarálit um umsækjanda að því tilskildu að þau séu ekki eldri en fimm ára gömul. Ef vitnað er til eldra dómnefndarálits ber að birta þá tilvitnun í dómnefndarálitinu og skal dómnefnd taka rökstudda afstöðu til þess sem þar greinir.

Að teknu tilliti til menntunar skal mat byggjast á eftirfarandi starfsþáttum: rannsóknum, kennslu og stjórnun.

Dómnefnd skal byggja mat sitt á umsækjanda á þeim sjónarmiðum sem í skipunarbréfi hennar greinir.

Ef deild eða stofnun fer ekki fram á forgangsöröðun umsækjenda skal dómnefnd aðeins láta uppi álit um hvort umsækjandi telst hæfur til að gegna starfi eður ei.

Við mat á rannsóknum skal leggja megináherslu á vísindagildi þeirra. Við það mat ber að athuga frumleika rannsóknarverkefnis og sjálfstæði gagnvart öðrum rannsóknum og ritverkum, þekkingu á stöðu rannsókna á viðkomandi fræðasviði, meðferð heimilda og vísindaleg vinnubrögð, fræðilegar nýjungar og eftir atvikum notagildi rannsókna. Kennslurit og önnur hugverk geta haft vísindagildi að því marki sem þau uppfylla þessar kröfur. Í fyrsta lagi skulu metin rit, bækur og ritgerðir, sem hafa verið gefin út eða samþykkt til birtingar í viðurkenndum tímaritum, innlendum eða erlendum, og hlotið hafa faglegt mat. Í öðru lagi er höfð hliðsjón af álitserðum og áfangaskýrslum sem umsækjandi hefur sent frá sér í frágenginni mynd. Í þriðja lagi er heimilt að taka tillit til verka í vinnslu.

Við mat á kennsluframlagi ber öðru fremur að athuga hversu mikla alúð umsækjandi hefur lagt við kennslustörf sín, svo sem við samningu kennsluefnis og leiðbeininga, fjölbreytni og nýjungar í kennsluáðferðum. Eins skal líta til frumkvæðis í uppbyggingu og end-

urbótum á tilhögun kennslu og viðleitni til að hvetja nemendur til sjálfstæðra og fræðilegra vinnubragða.

Dómnefnd er heimilt að hafa til hliðsjónar formlegt gæðakerfi Háskóla Íslands og þau gögn sem kunna að vera til um umsækjendur í vörslum háskólans og snerta starfshæfni og vinnuframlag.

Meta skal stjórnunarreynslu jafnt innan háskóla sem utan. Við mat á stjórnunarreynslu utan háskóla ber að skoða hvernig hún kann að nýtast við stjórnunarstörf innan Háskóla Íslands.

Dómnefnd er auk þess heimilt að líta til annarrar starfsreynslu umsækjenda sem telja má að nýst geti við það starf sem sótt er um.

44. gr.

Dómnefndarálit.

Í upphafi dómnefndarálits skal dómnefnd gera grein fyrir þeim forsendum, gögnum og heimildum sem hún byggir á í mati sínu á umsækjendum og vinnubrögðum sínum við mat á þeim. Í álitinu skal koma fram hvaða gagna hún hefur aflað um umsækjendur.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um hvort umsækjandi telst á grundvelli framan- greindra sjónarmiða hæfur til að gegna starfi. Álit dómnefndar eða meirihluta hennar skal vera afdráttarlaust hvort hún telji umsækjanda hæfan eða ekki. Sé ágreiningur innan dómnefndar skulu atkvæði greidd sérstaklega fyrir hvern umsækjanda og ber hverjum dómnefndarmanni að taka afstöðu. Minnihluta er heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni með séráliti. Sé dómnefnd á einu máli um hæfi umsækjenda skal hún skila einu álitu.

Í dómnefndaráliti skal einnig vera ritaskrá umsækjenda og greinargerð um námsferil þeirra og fyrri störf.

45. gr.

Meðferð dómnefndarálits og afgreiðsla máls.

Dómnefnd ber að senda rektor álit sitt dagsett og undirritað af öllum dómnefndarmönnum, ásamt umsóknargögnum sem og öðrum gögnum, sem dómnefndin kann að hafa aflað.

Telji rektor dómnefndarálit ekki í samræmi við lög, eða að málsmeðferð dómnefndar samrýmist ekki lögum ber honum að senda álituð aftur til dómnefndar og skal hún þá bæta úr þeim ágöllum. Í bréfi rektors til dómnefndar skal greina frá því að hvaða leyti hann telur störfum nefndarinnar ábótavant. Sendi rektor dómnefndarálit aftur til nefndar ber honum að tilkynna umsækjendum um það.

Rektor skal senda hverjum umsækjanda dómnefndarálitið í heild, ásamt öllum gögnum, sem aflað hefur verið um hann, og gögn um aðra umsækjendur eftir því sem stjórnslu- lög heimila. Rektor gefur umsækjendum kost á að gera skriflegar athugasemdir við álituð áður en hann sendir það deildarforseta til meðferðar. Hafa umsækjendur tveggja vikna frest til að gera athugasemdir. Telji rektor athugasemdirnar gefa tilefni til þess getur hann borið þær eða hluta þeirra undir dómnefnd og einnig beðið hana um nánari skýringar á ákveðnum atriðum. Athugasemdir umsækjenda og eftir atvikum fyrirspurn rektors og svar dómnefndar skulu fylgja álitu nefndarinnar þegar það er sent til deildar.

Dragi umsækjandi umsókn sína til baka, áður en dómnefndarálitið hefur verið sent til rektors, á hann rétt á að ekki verði fjallað um hæfi hans í álitu dómnefndar, enda fari hann fram á það með skriflegum hætti. Eftir framangreint tímamark verður dómnefndaráliti ekki breytt af þessu tilefni. Rektor ber að tilkynna deild hafi umsækjandi dregið umsókn sína til baka.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal tillaga um veitingu starfsins ákveðin í samræmi við reglur hverrar deildar eða stofnunar sem háskólaráð hefur staðfest.

Deildarforseti sendir rektor greinargerð um hver sé tillaga deildar um ráðningu í starf. Þar skal gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar tillögu deildar um veitingu starfsins.

Telji rektor málsmeðferð deildar ekki í samræmi við lög sendir hann deild málið til nýrrar meðferðar. Þegar rektor hefur tekið ákvörðun um ráðningu sendir hann málið til framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, sem sér um að tilkynna umsækjendum niðurstöðuna og sendir þeim umsóknargögn til baka. Starfsmannasviði ber að varðveita afrit af umsóknum.

Um aðgang að dómnefndarálitum, umsóknum og öðrum gögnum sem tengjast ráðningu í starf gilda ákvæði stjórnáskilulaga og upplýsingalaga eftir því sem við á.

IV. KAFLI Stúdentar háskólans.

46. gr.

Inntaka stúdenta.

Stúdentar sem hefja nám í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla.

Háskólaráð setur, að fenginni tillögu viðkomandi deildar, nánari reglur um inntöku stúdenta í einstakar námsgreinar í grunn- og framhaldsnámi. Í reglum þessum skal meðal annars heimilt að binda aðgang að námsgreinum frekari skilyrðum um undirbúning en fram koma í 1. mgr. þessarar greinar og takmarka fjölda stúdenta í grunn- og framhaldsnám. Í reglunum komi fram hvernig stúdentspróf, af einni eða fleiri bóknámsbraut, sé fullnægjandi sem undirbúningur undir nám í deildinni. Ef almennt stúdentspróf af tiltekinni bóknámsbraut dugar ekki sem undirbúningur undir nám í deildinni skal tilgreina nákvæmlega hver viðbótarskilyrðin eru.

Heimilt er að veita öðrum en þeim, sem uppfylla framangreind skilyrði 1. og 2. mgr. rétt til þess að hefja nám við háskólann, ef þeir að mati viðkomandi deildar búa yfir hliðstæðum þroska og þekkingu og stúdentspróf veitir. Skal við það miðað að umsækjandi hafi með námi og starfi aflað undirbúnings sem telst sambærilegur við þann sem felst í stúdentsprófi, að viðbættum frekari skilyrðum um undirbúning, skv. reglum deildar, ef því er að skipta. Heimilt er deild að meta starfsreynslu til allt að eins árs náms í framhaldsskóla.

Framkvæmdastjóri kennslusviðs tekur ákvörðun um það hvort innritun skuli heimiluð, að fenginni umsögn hlutaðeigandi deildar.

Veitt heimild til innritunar gildir aðeins um það nám sem umsækjandi hyggst stunda. Óski nemandi, sem fengið hefur leyfi til að stunda nám í einni námsgrein, eftir því að stunda nám í annarri, verður hann að sækja um það sérstaklega. Sama gildir þótt námið sé innan sömu deildar.

Umsóknum um undanþágu frá inntökuskilyrðum skulu fylgja staðfest vottorð um nám og störf að loknu skyldunámi og önnur þau gögn sem umsækjandi telur að stutt geti umsókna. Umsóknir um undanþágu skulu hafa borist skrifstofu kennslusviðs Háskóla Íslands fyrir 1. maí vegna komandi háskólaárs. Fjallað er um umsóknir svo fljótt sem auðið er og þær afgreiddar að jafnaði eigi síðar en innan tveggja mánaða frá lokum umsóknarfrests.

47. gr.

Skrásetning nýrra stúdenta og árleg skráning.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms og hafa greitt skrásetningargjald. Öllum stúdentum er skylt að láta skrá sig í námskeið fyrir

hvert kennslumisseri. Skráning í námskeið er jafnframt skráning í próf að námskeiði loknu. Sama gildir hvort námsmat fer fram með skriflegu eða munnlegu prófi, æfingavinnu, verk-efni eða ritgerð. Þó skal stúdent heimilt að segja sig úr prófi, sbr. 57. gr.

Skrásetning nýrra stúdenta til náms og í námskeið fer fram í nemendaskrá háskólans ár hvert um mánaðamótin maí-júní, eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjóra kennslusviðs. Framkvæmdastjóra kennslusviðs er heimilt að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Beiðni um nýskrásetningu skal fylgja ljósrit eða staðfest endurrit af stúdentsprófsskírteini eða sambærilegu prófskírteini frá erlendum skóla.

Ár hvert skulu aðrir en þeir sem nýskrásettir eru til náms láta skrásetja sig í námskeið og greiða þá skrásetningargjald, ella falla þeir út af nemendaskrá og teljast ekki lengur stúdentar við Háskóla Íslands. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar eða þreyta próf, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skráningu. Árleg skráning stúdenta fer fram í mars ár hvert, eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjóra kennslusviðs.

Stúdentum er heimilt að endurskoða námskeiðaskráningu sína á haustmisseri og komandi vormisseri eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjóra kennslusviðs.

Nú óskar stúdent eftir að gera hlé á námi sínu heilt kennslumisseri eða lengur og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar og skrá sig árlegri skráningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms. Stúdent greiðir hluta skrásetningargjalds á meðan á leyfistíma stendur.

48. gr.

Skrásetningargjald.

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald kr. 25.000. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila. Háskólaráði er heimilt að verja hluta skrásetningargjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta.

49. gr.

Ferli kvartana og kærumála.

Telji stúdent brotið á rétti sínum varðandi kennslu, próf, námsmat, einkunnagiöf eða annað er lýtur að kennslu og prófum skal hann senda skriflegt erindi til skrifstofu deildar. Þar skal skilmerkilega greint frá því hvert álitaeftnið er, hver sé krafa stúdents og rökstuðningur fyrir henni. Deild skal fjalla um álitaeftnið svo fljótt sem unnt er og afgreiða það, að jafnaði eigi síðar en innan tveggja mánaða frá því að erindið barst. Sé mál viðamikilið og fjórir mánuðir eru liðnir frá því að kæra var fyrst skriflega lögð fyrir deild.

Samkvæmt 5. gr. laga um háskóla nr. 136/1997 úrskurðar áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema í málum þar sem námsmenn í ríkisháskólum eða háskólum, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, telja brotið á rétti sínum varðandi námsmat, mat á námsframvindu, afgreiðslu umsókna um skólavist o.fl. Nefndin endurmetur ekki prófurlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara. Málum verður ekki skotið til áfrýjunarnefndarinnar fyrr en háskólaráð hefur úrskurðað í málinu eða þrjú mánuðir eru liðnir frá því að kæra var fyrst skriflega lögð fyrir háskólaráð.

50. gr.

Agaviðurlög.

Rektor getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr háskólanum um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum háskólans eða öðrum stúdentum er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar háskóladeildar og gefa stúdent kost á að tjá sig um málið. Stúdent er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til áfrýjunarnefndar samkvæmt lögum um háskóla. Málskot frestar framkvæmd ákvörðunar rektors. Rektor getur að hæfilegum tíma liðnum heimilað stúdent sem vikið hefur verið að fullu úr skóla að skrá sig aftur til náms í háskólanum ef aðstæður hafa breyst. Stúdent er heimilt að skjóta synjun rektors um skráningu til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólana.

Telji kennarar eða aðrir starfsmenn deildar að stúdent hafi gerst sekur um hegðun sem lýst er í 1. mgr. ber honum að vekja athygli deildarforseta á því. Deildarforseti kannar málið og sendir það rektor til meðferðar telji hann að málið sé þannig vaxið að til greina geti komið að beita stúdent agaviðurlögum, sbr. 17. gr. laga um Háskóla Íslands.

V. KAFLI

Kennsla, próf o.fl.

51. gr.

Háskólaár, kennslumisseri og brautskráning.

Háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 21. desember og vormisseri frá 7. janúar til 15. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir.

Á kennsluárinu eru þessi leyfi: Jólaleyfi frá 22. desember til 6. janúar og páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum. Upphaf- og lokadagur hvors leyfis telst með. Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta, 1. maí og 1. desember.

Háskólaráð eða deildir geta gefið leyfi einstaka daga af sérstöku tilefni.

Brautskráning kandiðata er fyrsta vetrardag, fyrsta laugardag í febrúar og næsta laugardag á eftir 18. júní ár hvert. Háskólaráð getur ákveðið frávík frá þessum dagsetningum og hvort brautskráning fari fram einu sinni eða tvisvar á ári. Slík frávík og breytingar skulu auglýst með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

52. gr.

Mat náms til eininga.

Kennsla í Háskóla Íslands skal fara fram í námskeiðum, sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum og prófum.

Háskóladeild er heimilt að meta nám sem stúdent hefur stundað utan deildarinnar, þ.m.t. við aðra háskóla, sem hluta af námi við deildina.

Sæki deild kennslu til annarrar deildar skal einingamat síðari deildarinnar gilda fyrir hina fyrri. Sæki einstakir stúdentar námskeið í annarri deild en sinni eigin, skal heimadeild hans meta námskeiðin til eininga.

Ákvörðun um það hvort metið er nám sem áður hefur verið látið gilda til prófgráðu í sömu deild eða í annarri deild er á valdi þeirrar deildar sem í hlut á. Hver deild skal setja sér sérstakar reglur um samnýtingu eininga til fleiri en einnar prófgráðu.

53. gr.

Kennsla og kennsluhættir.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið í háskóladeildum eru fyrir skrásetta stúdenta en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskóladeild mæli öðruvísi fyrir.

Einstakar deildir skulu setja sér almennar reglur um kennslu og kennsluhætti þar sem fram koma skýr markmið um gæði kennslu og náms og hvaða mælikvarða er miðað við. Deildir geta heimilað nám með hægari námsframvindu en áskilið er í köflum viðkomandi deilda í reglugerð þessari.

Deildum er heimilt, að höfðu samráði við skorir og námsnefndir, að setja reglur um skyldu stúdenta til þátttöku í æfingum, verklegu námi og vettvangspjálfun, svo og reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta að öðru leyti.

Stúdentum er algerlega óheimilt að nýta sér hugverk annarra í ritgerðum og verkefnum, nema heimilda sé getið í samræmi við viðurkennd fræðileg vinnubrögð.

Heimspækileg forspjallsvísindi skal kenna við Háskóla Íslands. Hver deild ákveður hvort þau skulu kennd í deildinni. Kennarar í heimspeki við heimspékideild skipuleggja kennsluna undir verkstjórn formanns greinarinnar og gera tillögur um námsefni og kennara til hverrar deildar.

54. gr.

Lærdómstitlar og prófskrírteini.

Lærdómstitlar sem Háskóli Íslands veitir eru sem hér segir:

1. Baccalaureus artium, Baccalaureus scientiarum og Baccalaureus philologiae Islandicae, B.A./B.S./B.ph.Isl., 3-4 ár eftir greinum.
- 2.1 Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae og Master of Public Administration, M.A./M.S/M.Paed./MPA, 2 ár að jafnaði, að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi.
- 2.2 Kandidatspróf, candidatus theologiae (cand. theol.), candidatus medicinae (cand. med.), candidatus pharmaciae (cand. pharm.), candidatus juris (cand. jur.), candidatus oeconomiae (cand. oecon.), candidatus obstetriciorum (cand. obst.), candidatus odontologiae (cand. odont.), candidatus psychologiae (cand. psych.), 4-6 ár eftir greinum.
- 3.1 Doktorspróf, Philosophiae Doctor, (Ph.D.) að loknu M.A./M.S., kandidatsnámi (ef við á) eða sambærilegu námi.
- 3.2 Doktorspróf, doctor theologiae (dr.theol.), doctor philosophiae (dr.phil.), doctor medicinae (dr.med.), doctor pharmaciae (dr. pharm.), doctor juris (dr. jur.), doctor oeconomiae (dr. oecon.), doctor odontologiae (dr. odont.), doctor scientiarum ingeniarium, (dr. scient. ing.), doctor scientiarum (dr.scient.), er að jafnaði veitt þegar lögð hefur verið fram ritgerð til varnar, án undangengis skipulagðs náms, sbr. 69. gr. þessarar reglugerðar.
- 3.3 Doktorsnafnbót veitt í heiðursskyni, doctor philosophiae honoris causa, doctor medicinae honoris causa, o.s.frv., sbr. 66. gr. þessarar reglugerðar.

Deildir skulu ákveða hvorn lærdómstitilinn þær veita, dr. phil., dr. jur., eða lærdómstitilinn Ph.D., sbr. töluliði 3.1 og 3.2, hvort sem um er að ræða skipulagt doktorsnám eða doktorspróf, án undangengis skipulagðs náms. Deildir skulu velja annan hvorn titilinn. Háskólaráði er heimilt að leyfa deild að víkja frá þessu þegar sérstaklega stendur á.

Viðskipta- og hagfræðideild er heimilt að veita háskólagráðuna Master of Business Administration, MBA, að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi, enda sé farið eftir ákvæðum 14. gr. um endurmenntun á vegum deilda í þessari reglugerð.

Deildum er heimilt að að veita sérstakt prófskírteini, diploma, fyrir sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu styttra grunnnámi, þó eigi að loknu skemmra námi en sem nemur 45 einingum.

Að loknu fullnaðarprófi skal kandídat fá prófskírteini, sem deildarforseti undirritar. Doktorsskjal undirritar rektor einnig, sbr. 66. gr. þessarar reglugerðar.

55. gr.

Próf.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg.

Háskólakennarar standa fyrir prófum en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglum háskólaráðs. Próftími í skriflegum prófum skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli haldin fyrir luktum dyrum.

56. gr.

Próftímabil.

Almenn próf eru haldin 10. til 21. desember og á tímabilinu 29. apríl til 15. maí eftir nánari ákvörðunum deilda í samráði við framkvæmdastjóra kennslusviðs. Sjúkra- og upptökupróf eru haldin, í fimm til sjö daga á tímabilinu 15. til 25. ágúst eftir nánari ákvörðun deilda og í samráði við framkvæmdastjóra kennslusviðs. Þeim prófum skal lokið áður en kennsla hefst í háskólanum á haustmisseri.

Heimilt er að halda sjúkrapróf í samkeppnisprófum, þar sem fjöldi stúdenta sem fær rétt til áframhaldandi náms er fyrir fram ákveðinn með ákvörðun háskólaráðs og einnig ef þannig stendur á að stúdent á kost á að brautskrást við næstu brautskráningu að próftímabili loknu. Ekki skal hafa fyrirlestra síðustu fimm daga fyrir próftímabil. Próf eða prófhlutar í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum en segir í l. mgr., samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra kennslusviðs. Háskóladeild er heimilt að ákveða hvort hún nýtir próftíma til fulls. Auglýsa skal próftöflu almennra prófa í kennsluskrá ef unnt er, en annars með tveggja mánaða fyrirvara. Próftöflu fyrir sjúkra- og upptökupróf í ágúst skal birta með mánaðar fyrirvara ef kostur er.

Auglýstum prófdegi verður einungis breytt með ákvörðun deildarforseta að höfðu samráði við framkvæmdastjóra kennslusviðs og að fengnu skriflegu samþykki allra þeirra sem skráðir eru til viðkomandi prófs.

57. gr.

Endurtaka prófs og úrsögn úr prófi.

Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftari undir það. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist nemendaskrá háskólans eigi síðar en 19. nóvember vegna prófa á haustmisseri, 10. apríl vegna prófa á vormisseri og 5. ágúst vegna sumarprófa. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Stúdent er heimilt að endurtaka próf, sem hann hefur staðist, innan árs frá því hann stóðst það. Nú byrjar stúdent prófið, og fellur þá fyrra próf í grein eða prófhluta úr gildi. Þar sem flokki greina er skipað saman í prófhluta verður stúdent að taka upp próf í öllum greinum prófhlutans ef hann vill ekki una fyrra prófi.

58. gr.

Framkvæmd prófa og prófreglur.

Framkvæmdastjóri kennsluviðs annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við deildir.

Stúdentum, sem í prófi eru, er óheimilt að aðstoða aðra prófmenn við prófúrlausn eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum stúdent, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Prófmönnum er óheimilt að tala saman og þeir mega ekki hafa aðrar bækur, gögn eða tæki með sér en þau, sem kennari heimilar nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum deilda. Sama gildir um aðra verkefnavinnu stúdenta nema kennari ákveði annað. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum, sem háskólaráð setur, varða vísun úr prófi og eftir atvikum viðurlögum, samkvæmt 17. gr. laga um Háskóla Íslands.

Skriflegar prófúrlausnir skulu merktar prófnúmerum og einkunnir birtar undir sömu auðkennum. Heimilt er einnig að birta einkunnir undir sérstökum nemendanúmerum sem nemendaskrá úthlutar hverjum stúdent.

Háskólaráð setur nánari reglur um prófvörslu og framkvæmd prófa.

59. gr.

Prófdómarar og réttur stúdenta til að fá útskýringar.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg og verkleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir nema deild ákveði annað. Í samkeppnisprófum, þar sem fjöldi stúdenta sem fær rétt til áframhaldandi náms er fyrir fram ákveðinn með ákvörðun háskólaráðs, skal vera prófdómari í hverri prófgrein.

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Háskólarektor skipar prófdómara að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara sem lokið hafa viðurkenndu háskólaprófi í þeirri grein sem dæma skal og njóta viðurkenningar á starfssviði sínu. Prófdómarar skulu skipaðir til þriggja ára í senn nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér að framan.

Sé ekki völ á prófdómara hérlandis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er rektor rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

60. gr.

Prófverkefni og mat úrlausna.

Kennari og prófdómari, ef tilkallaður er, ráða í sameiningu úrlausnarefni í hverri prófgrein og dæma úrlausnir. Ber að prófa sem víðast úr því efni sem til prófs er. Kennari og prófdómari, ef tilkallaður er, dæma hvor um sig úrlausn í prófgrein hverri. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf. Einkunnir skulu birtar í síðasta lagi fjórum vikum eftir hvert haustmísserispróf en í síðasta lagi þremur vikum eftir önnur próf.

61. gr.

Einkunnir og varðveisla þeirra.

Einkunnir skulu gefnar í heilum, eða heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum, og er 9,0 - 10 ágætiseinkunn, 7,25 - 8,99 er fyrsta einkunn, 6,0 - 7,24 er önnur einkunn, og 5,0 - 5,99 er þriðja einkunn.

Í samkeppnisprófum, þar sem fjöldi stúdenta sem fær rétt til áframhaldandi náms er fyrirfram ákveðinn með ákvörðun háskólaráðs, er heimilt, samkvæmt ákvörðun deildar, að reikna einkunnir með meiri nákvæmni en fram kemur í 1. mgr. til að ákveða niðurstöðu samkeppnisprófsins. Ákvörðun deildar um útreikning einkunna í samkeppnisprófum skal tilkynna að minnsta kosti 4 vikum fyrir próf. Einkunnir í samkeppnisprófum skulu jafnframt gefnar í heilum og hálfum tölum, sbr. 1. mgr. og færast þannig í nemendaskrá háskólans.

Í framhaldsnámi er heimilt að gefa einkunnir í bókstöfum á eftirfarandi hátt: 9 - 10 er A; 7,25 - 8,99 er B; 6,0 - 7,24 er C og 5,0 - 5,99 er D. Lægri einkunn en 5,0 er E. Aðal-einkunn sem gefin er í bókstaf er fundin samkvæmt 1. mgr.

Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til nemendaskrár háskólans. Gefnar eru fjórar einkunnir: ágætt, gott, viðunandi eða óviðunandi. Sá, sem fær einkunnina óviðunandi telst ekki hafa lokið verklega náminu og hefur ekki próftökurétt í greininni. Heimilt er einnig í verklegu námi að gefa annaðhvort staðið eða fallið, eða lokið eða ólokið. Jafnframt er heimilt í verklegu námi að gefa einkunnir í tölum samkvæmt 1. mgr. eða bókstöfum samkvæmt 3. mgr.

Einkunnir skulu ekki birtar opinberlega undir nafni eða kennitölu.

Nemendaskrá háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra með tryggilegum hætti.

62. gr.

Lágmarkseinkunnir.

Stúdent telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5,0 eða ígildi hennar í bókstaf. Heimilt er í reglugerð þessari að víkja frá þessu í einstökum prófum, prófhlutum og prófflokkum og krefjast hærri eða lægri lágmarkseinkunnar.

Sérákvæði deildar um hærri lágmarkseinkunn en 5,0 í einstökum prófgreinum, prófhlutum eða prófflokkum skulu aðeins gilda fyrir nemendur hlutaðeigandi deildar.

63. gr.

Viðurkenning erlendra prófa

Háskóladeild metur hvort og að hvaða leyti viðurkenna skuli háskólapróf sem stúdent hefur tekið erlendis. Hún skal afla umsagnar kennara í viðkomandi grein áður en ákvörðun er tekin. Gætt skal að því að farið sé að alþjóðlegum samningum um viðurkenningu á háskólamenntun og hæfi sem íslenska ríkið er aðili að.

Sé um próf að ræða sem tekið hefur verið við háskóla eða hliðstæða menntastofnun annars staðar á Norðurlöndum fer um mat þess, svo sem við getur átt, eftir samnorrænum reglum um viðurkenningu hlutaprófa.

64. gr.

Nánari reglur.

Nánari reglur um prófgreinar, endurtekningu prófa, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir, hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt, er að finna í köflum um hverja deild í reglugerð þessari.

VI. KAFLI Meistarar og doktorar.

65. gr.

Meistarapróf.

Háskólaráð getur ákveðið, samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein að loknu, embættis- eða kandiðatsprófi. Um lærdómstítla fer eftir ákvæðum 54. gr. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða og má áskilja að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Við meistarapróf gilda sömu reglur um ákvörðun prófsefnis og mat á úrlausnum sem við fullnaðarpróf. Háskóladeild er heimilt að skipuleggja meistarapróf í einstökum kennslugreinum, samkvæmt nánari ákvæðum í 68. gr. þessarar reglugerðar. Frekari reglur sem deildir kunna að setja um slíkt nám skulu staðfestar af háskólaráði.

66. gr.

Doktorsnafnbót og doktorsskjal.

Háskóladeildir hafa rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annað hvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki þriggja fjórðu hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Heimilt er deild að greiða atkvæði um veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni með bréflægri atkvæðagreiðslu. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

Að loknu doktorsprófi eða við veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni fær deildarforseti doktor í hendur doktorsskjal, sem háskólarektor og deildarforseti undirrita.

67. gr.

Aðgangur að doktorsnámi.

Sá er æskir þess að verja ritgerð til doktorsnafnbótar skal að jafnaði hafa lokið kandiðatsprófi, meistaraprófi eða embættisprófi. Háskóladeild er heimilt að skipuleggja doktorsnám í einstökum kennslugreinum, samkvæmt nánari ákvæðum í 68. gr. þessarar reglugerðar og ákvæðum um nám í köflum viðkomandi deilda. Doktorsnámi lýkur með doktorsprófi. Frekari reglur sem deildir kunna að setja um slíkt nám skulu staðfestar af háskólaráði.

Þeir stúdentar sem uppfylla kröfur viðkomandi deildar um aðfararnám geta sótt um aðgang að doktorsnámi. Deild er heimilt að skipuleggja hæfnispróf fyrir umsækjendur.

68. gr.

Skipulagt framhaldsnám til meistara- og doktorsgráðu.

1. *Fastanefndir.*

Í hverri deild, sem hefur heimild háskólaráðs til að brautskrá meistara- eða doktorsnema, skal starfa sérstök fastanefnd, sem fer með málefni námsins. Hlutverk fastanefndar er m.a. að fjalla um umsóknir og samþykkja breytingar á námsáætlun, sbr. 3. tölulið þessarar greinar, tilnefna prófdómara, sbr. 11. tölulið, og sinna öðrum málum sem deild kann að fela henni. Fastanefndir deilda skulu hafa samráð sín á milli um framboð námskeiða á meistara- og doktorsstigi, sbr. 8. tölulið. Deild getur falið skorum að sjá um einstök verkfni fastanefndar.

2. *Umsóknarfrestur.*

Umsóknarfrestur um meistara- og doktorsnám við háskólann er að jafnaði til 15. mars.

Leyfi deildir innritun framhaldsnema á vormisseri skal sá umsóknarfrestur vera til 15. september.

3. Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til viðkomandi deildar. Eftir umfjöllun í fastanefnd deildar eru umsóknir sendar skor til umsagnar og síðan afgreiddar í deild. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars vegna innritunar á haustmisseri skal vera lokið og þeim svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. september vegna innritunar á vormisseri skal vera lokið og þeim svarað fyrir 15. október. Umsókn um meistara- og doktorsnám skulu að jafnaði fylgja drög að námsáætlun, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknar-áætlun. Deild getur krafist þess að umsókn fylgi ítarleg greinargerð um námsáætlun og rannsóknarverkefnið. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki meistaraprófs- eða doktorsnefndar. Synji deild stúdent inngöngu skal hún rökstyðja niðurstöðu sína. Afgreiðslu umsóknar skal í öllum tilvikum tilkynna til nemendaskrár.

Nánari upplýsingar um ferli umsókna um meistara- og doktorsnám skulu birtar í kennsluskrá háskólans.

4. Inntökuskilyrði.

Reglur deilda skulu kveða á um nauðsynlegar prófgráður sem krafist er sem undanfara náms í hverju tilviki. Jafnframt sé kveðið á um lágmarkseinkunn í undanfarnáminu ef það á við. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir forkröfum veitist nemendum undanþága frá tilgreindum prófgráðum. Séu sett frekari skilyrði um inntöku, s.s. inntökupróf í doktorsnám, skulu þau tilgreind.

5. Einingafjöldi og tímalengd náms.

Reglur deilda tilgreini þann námstíma sem miðað er við í eðlilegri námsframvindu og hámarksnámstíma. Við brautskráningu skal sýnt að stúdent hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímamann.

Meistarapróf byggist að jafnaði á 60 námseiningum og doktorspróf að lágmarki 90 einingum að loknu meistaraprófi.

Heimili deild stúdent að skrá sig beint í doktorsnám án meistaragraðu skal doktorsnám vera 120 einingar hið minnsta og námstími ekki styttri en 4 ár. Ákvæði skulu vera um þetta atriði í reglum deilda.

6. Samsetning náms.

Tilgreina skal í reglum deilda lágmark eininga í námskeiðum annars vegar og loka- verkefni, ritgerð, hins vegar. Meistarapróf skal að jafnaði vera 30 einingar í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Þótt þessi námsþáttur geti verið minni skal hann þó aldrei nema færri en 15 einingum. Stúdent í meistaránámi má að hámarki taka 6 einingar í lesnámskeiðum með aðalleiðbeinanda sínum en 9 einingar í doktorsnámi. Reglur deilda kveði á um þær kröfur sem gerðar eru til lesnámskeiða.

7. Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Í reglum deilda skal gerð grein fyrir hugsanlegri samþættingu og tengslum meistara- og doktorsnáms hvað varðar námskeið, framhaldsnámsmálstofur, sem og lokaritgerðir. Ekki er heimilt að nota meistaraprófsritgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð.

8. Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Nauðsynlegt er að tilgreina í reglum deilda þann hámarksfjölda eininga úr námskeiðum í grunnnámi sem leyfður er sem hluti af framhaldsnámi. Koma skal fram hvort slík námskeið eru metin til færri eininga á meistarastigi en í grunnnámi eða hvort gerðar eru meiri kröfur, t.d. um hæri lágmarkseinkunnir, til meistaránema í námskeiðum grunnnáms, fái þeir jafnmargar einingar fyrir þau og stúdentar í grunnnámi.

9. Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver framhaldsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara, sem hann ráð-

færir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt stúdent, leggur fram námsáætlun sem deild samþykkir.

Leiðbeinandi leiðbeinir stúdent í lokaverkefni. Deild getur þó heimilað stúdent að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum og reglum viðkomandi deildar.

10. *Kröfur til þeirra sem leggja mat á námið og lokaverkefnið.*

Umsjónarkennari skal ávallt vera lektor, dósent eða prófessor í viðkomandi grein, nema deild heimili annað fyrirkomulag. Ef leiðbeinandi kemur ekki úr framangreindum hópi þarf hann að hafa lokið a.m.k. meistaraþrófi á fræðasviðinu til að leiðbeina meistaranema, að öðrum kosti doktorsþrófi eða jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur meistara- og doktorsnema skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni stúdents á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

11. *Meistaraprófs- og doktorsnefndir.*

Reglur deilda skulu kveða á um samsetningu meistaraþrófsnefnda og kröfur sem gerðar eru til þeirra sem í þeim sitja. Í þeim tilvikum þar sem Umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal hann einnig sitja í meistaraþrófsnefnd eða í doktorsnefnd eftir atvikum.

Meistaraþrófsnefnd skal skipuð minnst tveimur sérfróðum mönnum og er annar þeirra Umsjónarkennarinn. Heimilt er að skipa þriðja manninn í nefndina, t.d. ef verkefnið snertir fleiri en eina skor eða deild. Deild skipar meistaraþrófsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknvinnunnar í samræmi við reglur deildar og sjá um próf sem nemandinn gengst undir ef við á. Fastanefnd, sbr. 1. tölulið, tilnefnir prófdómara, sem ásamt meistaraþrófsnefnd metur lokaverkefni. Sé megináherslan í meistaranámi á námskeið með litlu rannsóknaverkefni, 15-20 einingar, er ekki nauðsynlegt að skipa nefnd um hvern nemanda. Umsjónarkennari tryggir þá að námsframvinda sé í samræmi við námsáætlun og er hann jafnframt ábyrgur fyrir faglegum gæðum námsins.

Doktorsnefnd skal skipuð þremur til fimm sérfróðum mönnum sem deild skipar og skal a.m.k. einn þeirra ekki vera starfsmaður viðkomandi skorar í fullu starfi. Hlutverk doktorsnefndar er hliðstætt hlutverki meistaraþrófsnefndar. Hún kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði. Slíkt próf skal fara fram um miðbik námsins. Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefndin rökstuddu álitni til deildar um það hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

12. *Prófdómarar og andmælendur.*

Prófdómari skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaranema ásamt meistaraþrófsnefnd.

Um andmælendur við doktorsvörn og framkvæmd doktorsvarnar gilda ákvæði 2. töluliðar 69. gr. reglugerðar þessarar.

13. *Námsmat.*

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats meistaraþrófsnefndar eða doktorsnefndar staðfest námsferilsyfirlit stúdents. Reglur skulu kveða á um námsmat og skipulag prófa. Um einkunnir í meistaraþrófi gilda ákvæði 61. og 62. gr. þessarar reglugerðar.

14. *Skil og frágangur lokaverkefna.*

Reglur deilda skulu kveða á um skilafrest lokaverkefnis. Jafnframt skal kveðið á um fjölda eintaka lokaverkefnis, kostnað vegna þeirra og skil til Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Koma skal skýrt fram, að verkefnið sé unnið við Háskóla Íslands, leið-

beinendur, deild og rannsóknastofnun, ef við á, tilgreind og geta skal þeirra sjóða háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku.

15. *Tengsl við aðra háskóla.*

Heimilt er deild að ákveða að taka skuli hluta meistara- eða doktorsnáms við aðra háskóla. Jafnframt er heimilt að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

16. *Lærdómstitlar.*

Um lærdómstitla fer eftir 54. gr. þessarar reglugerðar.

17. *Staðfesting á reglum deilda.*

Reglur deilda um meistara- eða doktorsnám öðlast gildi þegar háskólaráð hefur samþykkt þær, sbr. 65. og 67. gr. þessarar reglugerðar. Með samþykkt sinni staðfestir háskólaráð að reglur séu í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og að faglegar forsendur námsins sem um ræðir séu fyrir hendi.

69. gr.

Doktorspróf án undangengins skipulagðs náms.

1. Doktorspróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, munnlegri vörn, og enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs áskilið að doktorsefni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri. Til doktorsritgerðar eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og frumlegt framlag doktorsefnisins til viðkomandi vísindagreinar. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorsritgerðir og doktorsvörn.

Umsókn um að þreyta doktorspróf skal stíluð til viðkomandi deildar. Með umsókninni skulu fylgja þrjú eintök af framlagðri ritgerð.

Nú leggur sá, er æskir að taka doktorspróf fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama meginrannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar fram heildarályktanir.

Varði ritgerð fræðasvið sem ekki er lögð stund á við Háskóla Íslands er deild heimilt að synja umsækjanda um mat á ritgerð á þeim grundvelli.

Ritgerð má vera á erlendu máli en áskilja má að hún hafi að geyma rækilegan útdrátt á íslensku. Háskóladeild getur veitt manni leyfi til að tala erlent mál við doktorspróf.

Reynist ekki unnt að fá hæfa dómnefndarmenn til að meta ritgerð er deild heimilt að fara fram á að verkið verði lagt fram í íslenskri þýðingu eða á öðru tungumáli sem deild samþykkir.

2. Háskóladeild skipar þriggja manna dómnefnd til að meta vísindagildi ritsmíða þeirra, er fylgja umsókn doktorsefnis. Dómnefndarmenn skulu uppfylla þau skilyrði sem gerð eru til þeirra sem sitja í dómnefndum samkvæmt III. kafla þessarar reglugerðar. Um sérstakt hæfi þeirra gildir II. kafli stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Í dómnefnd er heimilt að skipa menn utan háskólans. Dómnefnd skilar skriflegu og rökstuddu álitni til deildar. Álit dómnefndar eða meirihluta hennar skal vera afdráttarlaust um hvort hún telji að ritgerðin uppfylli þær kröfur sem gera verður til doktorsritgerða. Sé ágreiningur innan dómnefndar er minnihluta heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni með séráliti. Sé dómnefnd sammála skal hún skila einu álitni.

Ef dómnefnd er á einu máli um að rit, sem umsækjandi hefur lagt fram fullnægi ekki kröfum þeim sem gera verður til doktorsritgerða skal deildin synja umsækjanda um að ganga undir doktorspróf. Telji meirihluti dómnefndar ritið vera fullnægjandi ákveður deild hvort veita skuli umsækjanda kost á að þreyta prófið.

Nú telur deildin ritgerðina tæka til doktorsvarnar og tilnefnir hún þá einn til tvo andmælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar. Andmælendur mega hafa setið í dómnefnd.

Umsækjandi skal þá láta prenta ritgerðina, hafi það ekki verið gert áður og afhenda Háskóla Íslands fjögur eintök.

Doktorsefni skal síðan verja ritgerðina í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi sem deildin ákveður. Ritgerð skal liggja frammi á skrifstofu deildar og á Landsbókasafni Íslands- Háskólabókasafni í fjórar vikur áður en vörn fer fram.

Nú vill maður sem ekki er tilnefndur andmælandi, taka til máls um verk doktorsefnis, og skal hann þá skýra deildarforseta frá því einum sólarhring áður en doktorsvörn fer fram. Þó getur deildarforseti leyft manni úr áheyrindahópi stutta athugasemd án slíks fyrirvara. Að lokinni munnlegri vörn og fyrirlestrahaldi, ef því er að skipta, ákveður deildarforseti ásamt andmælendum hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur skal skjóta málinu til deildarfundar.

Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um mál er varða veitingu doktorsnafnbóta, sbr. ákvæði þessarar greinar og 68. gr. reglugerðar þessarar.

VII. KAFLI

Gjöld fyrir þjónustu, ráðstöfun þeirra, samningar o.fl.

70. gr.

Gjöld fyrir þjónustu.

Heimilt er að taka gjald fyrir þá þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskólanum er skylt að veita. Enn fremur er heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Að öðru leyti er óheimilt að innheimta gjöld fyrir þá kennslu, sem fram fer í Háskóla Íslands, umfram skrásetningargjöld í samræmi við ákvæði laga um Háskóla Íslands.

Deildum háskólans er heimilt að standa fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning og taka fyrir það gjöld. Um endurmenntun á vegum deilda fer eftir reglum 14. gr. reglugerðar þessarar.

Gjöld sem innheimt eru á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. nánari ákvæði í reglugerð þessari, skulu ekki vera hærrí en sá kostnaður sem til verður við að veita þjónustuna og skal þeim eingöngu varið til að standa straum af henni.

Háskólaráð setur nánari reglur um fyrir hvaða þjónustu má innheimta gjöld og setur gjaldskrá, sem endurskoða skal árlega.

71. gr.

Sértekjur og samningar.

Afli deild eða stofnun háskólans sértekna er henni skylt að gera skriflegan samning um það. Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. í reglugerð þessari. Í samningi skal kveðið á um:

1. Hvaða þjónustu viðkomandi deild eða stofnun tekur að sér að veita og hvaða kröfur eru gerðar í því sambandi.
2. Greiðslur fyrir þjónustuna/verkefnið og hvenær inna beri þær af hendi.
3. Gildistíma og uppsagnarfrest samnings.

Veiti deild eða stofnun þjónustu sem er í samkeppni við aðra aðila er óheimilt að niðurgreiða þann rekstur með fjárframlagi sem Háskóli Íslands fær á fjárlögum eða á grundvelli þjónustusamninga við menntamála- og fjármálaráðherra.

Hafi samningur í för með sér veruleg fjárútlát eða skuldbindingu til langs tíma skal rektor staðfesta hann.

72. gr.

Stjórnunar- og aðstöðugjald.

Háskólaráði er heimilt að ákveða að deildir háskólans innheimti stjórnunar- og aðstöðugjald af öllum sértekjum, þar með töldum tekjum stofnana er undir þær heyra. Ennfremur er heimilt að ákveða að þær innheimti stjórnunar- og aðstöðugjald af styrkjum úr rannsóknasjóðum, framlögum eða styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum. Við gerð fjárhagsáætlunar deildar skal gera ráð fyrir tekjum af stjórnunar- og aðstöðugjaldi eftir því sem við á. Háskólaráð getur jafnframt ákveðið að hluti tekna af stjórnunar- og aðstöðugjaldi renni í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands.

73. gr.

Aðild að fyrirtækjum.

Háskóla Íslands er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, einkahlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaðri ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, hagnýta og þróa niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem háskólinn vinnur að hverju sinni.

Háskóla Íslands er heimilt að eiga aðild að hlutafélögum, einkahlutfélögum, sjálfseignarstofnunum og félögum með takmarkaðri ábyrgð að því marki sem það samrýmist því hlutverki sem háskólanum er ætlað samkvæmt lögum.

Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í þeim fyrirtækjum sem að framan greinir.

VIII. KAFLI

Sjóðir til styrktar rannsóknum, kennslu og stjórnun í Háskóla Íslands og félags- og menningarstarfsemi stúdenta.

74. gr.

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands.

1. Tilgangur Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands er að efla rannsóknir í háskólanum.
2. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins.
3. Stjórn sjóðsins er í höndum vísindanefndar háskólaráðs og er formaður nefndarinnar jafnframt formaður stjórnar sjóðsins.
4. Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum. Stjórninni er heimilt að setja sér vinnureglur um úthlutun og skulu þær staðfestar af háskólaráði.
5. Próffessorar, dósentar, lektorar, vísindamenn, stundakennarar á föstum launum, fræðimenn og sérfræðingar við Háskóla Íslands geta sótt um fé úr sjóðnum. Vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar skulu hafa rannsóknir að aðalstarfi. Framangreindir starfsmenn stofnana eru styrkhæfir að því tilskildu að stofnunin hafi samþykkt að beina umsömdum hluta af tekjum sínum af þjónustuverkefnum til sjóðsins. Styrkhæfir eru einnig sérfræðingar annarra stofnana sem gert hafa sérstakan samning við Háskóla Íslands um greiðslur í Rannsóknasjóð háskólans.
6. Við mat á verkefnum skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi þeirra, enn fremur skal höfð hliðsjón af rannsóknavirkni umsækjenda. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að hæfir menn gefi faglega umsögn um allar umsóknir styrkhæfra umsækjenda.
7. Stjórn sjóðsins skal gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun úr sjóðnum að loknu hverju almanaksári.

75. gr.

Kennslumálasjóður Háskóla Íslands.

1. Tilgangur Kennslumálasjóðs Háskóla Íslands er að stuðla að nýmælum í kennsluháttum og endurbótum á kennslu við háskólann.
2. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins.
3. Stjórn sjóðsins er í höndum kennslumálanefndar háskólaráðs og er formaður nefndarinnar jafnframt formaður stjórnar sjóðsins.
4. Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum. Stjórninni er heimilt að setja sér vinnureglur um úthlutun og skulu þær staðfestar af háskólaráði.
5. Próffessorar, dósentar, lektorar og stundakennarar á föstum launum geta sótt um fé úr sjóðnum.
6. Við mat á verkefnum skal fyrst og fremst fara eftir því hvort þau feli í sér veruleg og áhugaverð nýmæli í kennsluháttum eða viðhorfum til námsefnis eða um sé að ræða meiri háttar námsgagnagerð, hvort sem er í rituðu máli eða annarri mynd. Styrkjum er m.a. ætlað að mæta útgjöldum vegna eigin vinnu kennara, vegna vinnu aðstoðarmanna og vegna útlagðs kostnaðar. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að hæfir menn gefi faglega umsögn um allar umsóknir styrkhæfra umsækjenda.
7. Stjórn sjóðsins skal gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun úr sjóðnum að loknu hverju almanaksári.

76. gr.

Tækjakaupasjóður Háskóla Íslands.

1. Tilgangur Tækjakaupasjóðs Háskóla Íslands er að efla rannsóknir, kennslu og stjórnsýslu við háskólann.
2. Sjóðurinn skiptist í þrjá hluta: Almenn tækjakaupafé, verkefnabundið tækjakaupafé og tækjakaupafé rektors. Fjárveiting til sjóðsins er ákveðin árlega af háskólaráði. Rektor gerir tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar sjóðsins milli einstakra hluta hans í lok hvers almanaksárs.
3. Framkvæmdastjóri rannsóknasviðs skiptir almennu tækjakaupafé milli deilda á grundvelli starfsmannafjölda og fjárhagslegra umsvifa þeirra. Deildarforsetar úthluta almennu tækjakaupafé. Vísindanefnd úthlutar verkefnabundnu tækjakaupafé í tengslum við úthlutun úr Rannsóknasjóði háskólans og setur nefndin vinnureglur um þá úthlutun sem háskólaráð staðfestir. Rektor úthlutar ráðstöfunarfé sínu til sérstakra verkefna.
4. Framkvæmdastjóri rannsóknasviðs skal gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun tækjakaupafjár einu sinni á ári.

77. gr.

Vinumatssjóður Háskóla Íslands.

1. Tilgangur Vinumatssjóðs Háskóla Íslands er að efla rannsóknir og stjórnun við háskólann.
2. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins.
3. Stjórn sjóðsins er í höndum vinumatsnefndar og skal hún setja sér vinnureglur sem staðfestar eru af háskólaráði. Rektor skipar í vinumatsnefnd samkvæmt tilnefningum frá Félagi háskólakennara.
4. Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem gegna a.m.k. hálfu starfi geta sótt um að fá greiðslur fyrir rannsóknir umfram vinnuskyldu úr sjóðnum samkvæmt vinumati.
5. Vinumat rannsókna skal byggja á rannsóknamatskerfi, sem er hluti af formlegu gæðakerfi Háskóla Íslands og háskólaráð setur reglur um. Vinumatsnefnd skal eftir atvikum hafa samráð við kjaranefnd um matið til að tryggja samræmi í mati á störfum háskólakennara.

6. Rektor úthlutar greiðslum úr sjóðnum vegna stjórnunarstarfa. Honum er heimilt að fela framkvæmdastjóra starfsmannasviðs að annast úthlutunina.
7. Vinnuáskilningur skal einu sinni á ári gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun úr sjóðnum.

78. gr.

Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.

Sáttmálasjóður Háskóla Íslands starfar á grundvelli auglýsingar nr. 11/1919. Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenska vísindastarfsemi, tengsl Íslands og Danmerkur, sbr. nánar 2. gr. framangreindrar auglýsingar.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með sjóðnum. Rektor annast úthlutun úr honum.

Háskólaráð setur reglur um úthlutun í samræmi við tilgang sjóðsins.

Til viðbótar við sértekjur ákveður háskólaráð árlega fjárveitingu til sjóðsins.

79. gr.

Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands

1. Tilgangur Aðstoðarmannasjóðs Háskóla Íslands er að gera kennurum kleift að ráða sér aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og jafnframt að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum.
2. Tekjur Aðstoðarmannasjóðs eru árlegt framlag, sem háskólaráð ákveður.
3. Rektor skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til tveggja ára. Einn skal vera tilnefndur af vísindanefnd, annar af kennslumálanefnd og sá þriðji af Stúdentaráði Háskóla Íslands.
4. Stjórn sjóðsins setur sér vinnureglur um úthlutun sem skulu staðfestar af háskólaráði.
5. Próffessorar, dósentar, lektorar, stundakennarar á föstum launum, vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar við Háskóla Íslands geta sótt um styrki til sjóðsins. Styrkur er veittur til launa aðstoðarmanns. Aðstoðarmaður skal að jafnaði vera stúdent við Háskóla Íslands, en þó er heimilt að ráða kandiðat sem aðstoðarmann, innan eins árs frá brautskráningu.
6. Við úthlutun skal stjórn sjóðsins meta þörfina fyrir vinnuframlag aðstoðarmanns, fræðslu- og menntagildi verkefna fyrir aðstoðarmanninn, hvort aðstaða er fyrir hendi og hvort verkefnið er líklegt til að efla vísinda- og fræðastarf innan háskólans.
7. Sjóðstjórnin skal árlega gera háskólaráði grein fyrir úthlutun.

80. gr.

Stúdentasjóður Háskóla Íslands.

1. Hlutverk Stúdentasjóðs Háskóla Íslands er að efla félags-, fræðslu- og menningarstarfsemi stúdenta við Háskóla Íslands og að efla erlend samskipti þeirra.
2. Í stjórn sjóðsins skulu sitja fimm fulltrúar skipaðir til eins árs í senn, og skal skipun þeirra fara fram fyrir 15. september ár hvert. Tveir eru skipaðir af Stúdentaráði og þrír eru skipaðir eftir kosningu á almennum formannafundi nemendafélaga. Rektor skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn sjóðsins.

Á fyrsta fundi sjóðstjórnar, sem haldinn skal fyrir 1. október, kýs stjórnin formann og skiptir með sér verkum að öðru leyti. Hlutverk formanns sjóðstjórnar er að halda utan um starfsemi sjóðsins.

Sjóðstjórn skal halda fundargerðir. Formanni Stúdentaráðs er heimilt að sitja fundi stjórnar sem áheyrnarfulltrúi en hann hefur ekki atkvæðisrétt. Stjórnarfundur er löglegur ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn eru viðstaddir.

3. Sjóðstjórn skal úthluta styrkjum a.m.k. tvisvar á hvoru kennslumissemi. Fyrsta úthlutun skal fara fram fyrir 1. nóvember. Stúdentaráð annast greiðslur úr sjóðnum í samræmi við ákvarðanir stjórnar.

4. Háskólaráð ákveður hve mikið fé sjóðurinn skal hafa til ráðstöfunar. Einnig má afla fjár í sjóðinn með gjöfum og framlögum sem honum kunna að berast.
5. Ákvæðum reglugerðar þessarar um Stúdentasjóð Háskóla Íslands verður ekki breytt nema leitað hafi verið umsagnar Stúdentaráðs um fyrirhugaðar breytingar. Stúdentaráði er heimilt að setja reglur um umsóknir um styrki, úthlutun og skyldur styrkþega. Í þeim er heimilt að fela stjórn sjóðsins að setja sér vinnureglur um úthlutun.
6. Stjórn sjóðsins ber að senda rektor ársreikninga sjóðsins ásamt skýrslu um hvernig fé hans hefur verið varið.

IX. KAFLI Ársfundur.

81. gr.

Ársfundur háskólans.

Háskóli Íslands skal árlega halda opinn ársfund, þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt fyrir starfsfólki, stúdentum, almenningi, stofnunum og fyrirtækjum í þjóðfélaginu, sem og fjölmiðlum. Ársfund skal að jafnaði halda að loknum háskólafræðingum að vori og boðar rektor til hans með dagskrá með minnst viku fyrirvara.

II. HLUTI SÉRREGLUR FYRIR HVERJA HÁSKÓLADEILD

X. KAFLI Guðfræðideild.

82. gr.

Kennslugreinar.

Guðfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

Til embættisprófs í guðfræði.

Til B.A.-prófs í guðfræði.

Til annars vegar 30 námseininga og hins vegar 90 eininga djáknaprófs.

Til meistara- og doktorsprófs í guðfræði samkvæmt nánari reglum sem guðfræðideild setur og háskólaráð staðfestir. Sá sem lokið hefur meistaraþrófi í guðfræði ber próftitilinn M.A. í guðfræði. Sá sem lokið hefur doktorsþrófi í guðfræði ber titilinn doctor theologiae.

Kennslugreinar í guðfræðideild eru þessar: Gamlatestamentisfræði, nýjatestamentisfræði, trúfræði, guðfræðileg siðfræði, kirkjusaga, almenn trúarbragðafræði og kennimannleg guðfræði. Deildinni er heimilt að hefja kennslu í einstökum námskeiðum þótt þau falli ekki undir þær kennslugreinar sem hér eru taldar.

Guðfræðideild tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra. Deildinni er einnig heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku í tilteknum námskeiðum.

Heimilt er deildinni að setja reglur um samstarfshópa kennara til þess að velja viðfangsefni og skipuleggja námsvinnu í hinum ýmsu greinum.

Auk kennslu, stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

83. gr.

Nám til embættisprófs.

Nám í guðfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum og skiptist í kjarna, frjálst nám og kjörsvið samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

Heimilt er með leyfi deildarinnar að stunda frjálst nám í öðrum deildum háskólans eða í öðrum háskólum auk náms í guðfræðideild.

Þegar stúdent er kominn áleiðis í námi skal hann í samráði við kennara velja sér kjörsvið á sviði einnar kennslugreinar. Heimilt er stúdent í samráði við kjörsviðskennara sinn að stunda nám á kjörsviði í öðrum deildum háskólans eða í öðrum háskólum auk náms í guðfræðideild.

Stúdent skal ljúka embættisprófi í guðfræði eigi síðar en á því almanaksári er hann hefur verið samfleytt átta ár skrásettur í guðfræðideild. Deildin getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Sá sem lokið hefur embættisprófi í guðfræði, ber próftítilinn *candidatus theologiae* (cand. theol.).

84. gr.

B.A. nám og djáknanám.

Hafi stúdent lokið minnst 60 námseiningum í guðfræði af þeim 90 einingum, sem krafist er til B.A.-prófs og jafnframt 30 einingum til viðbótar í annarri grein með samþykki deildarinnar, má brautskrá hann úr guðfræðideild.

Um fyrirkomulag B.A. námsins fer eftir námsskrá, er deildin setur.

Stúdent skal ljúka B.A.-prófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skrásettur í guðfræðideild samfleytt í sex ár. Að öðru leyti gilda hér ákvæði 4. mgr. 83. greinar.

Um fyrirkomulag náms til 90 eininga djáknaprófs fer eftir námsskrá, er deildin setur. Þeir sem því ljúka bera próftítilinn B.A. í guðfræði.

Fólk sem lokið hefur háskólaprófi á sviðum uppeldis- og kennslufræða, hjúkrunarfræði, sálarfræði eða félagsráðgjafar getur innritast í djáknanám til 30 eininga.

Um fyrirkomulag þess fer eftir námsskrá sem deildin setur. Heimilt er að hafa samvinnu við aðra háskóla og íslensku þjóðkirkjuna um einstaka þætti djáknanáms. Háskólinn skal láta stúdentum er ljúka þessu námi í té sérstakt prófvottorð.

85. gr.

Verklegt nám

Heimilt er að kveða á um verklegt nám stúdenta í námi til embættisprófs og djáknanámi í söfnuðum og á stofnunum þjóðkirkjunnar eða annarra trúfélaga eftir því sem við á, sem og á heilbrigðisstofnunum.

86. gr.

Námsmat og lágmarkseinkunnir.

Próf eru skrifleg. Heimilt er deildinni að ákveða að ritgerðir og frammistaða í æfingum séu metnar sem hluti af prófi og áskilin sé lágmarkseinkunn í hverjum hluta. Þá getur deildin ákveðið að ritgerðir eða önnur námsvinna geti komið í stað prófa í ákveðnum námskeiðum. Lokafrestur til að skila slíkum ritgerðum er síðasta kennsluvika misseris.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara, sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til nemendaskrár skólans og fylgir hann útskriftarskírteini. Gefnar eru fjórar einkunnir: ágætt, gott, viðunandi og óviðunandi. Sá sem fær einkunnina óviðunandi telst ekki hafa lokið verklega náminu. Einkunnir fyrir verklegt nám reiknast ekki með til lokaeinkunnar.

Um lokaritgerð fer eftir reglum sem guðfræðideild setur.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í guðfræðideild.

XI. KAFLI Læknadeild.

87. gr.

Kennslugreinar.

Læknadeild veitir kennslu sem hér segir:

Til kandídatprófs í læknisfræði.

Til B.S.-prófs á fræðasviðum læknisfræðinnar.

Til B.S.-prófs í sjúkraþjálfun.

Til meistara- og doktorsprófs í heilbrigðis- og lífvísindum, á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Deildin setur nánari reglur um nám til meistara- og doktorsprófs, samkvæmt reglugerð þessari, sem háskólaráð staðfestir.

Læknadeild veitir kennslu í læknisfræði og sjúkraþjálfun. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli læknisfræðiskorar og sjúkraþjálfunarskorar eftir ákvörðun deildarfundar. Hvor skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

88. gr.

Nám í læknadeild.

Deildin ákvarðar kennslugreinar og skiptingu þeirra í námskeið og um vægi þeirra.

Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluskrá eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Kennsla í hverri grein skal við það miðuð að stúdent fái yfirferð yfir öll aðalatriði hennar áður en hann gengur undir próf. Kennslu í læknisfræði skal haga þannig að unnt sé að ljúka námi á sex árum en heildarnámstími má ekki vera lengri en átta ár. Kennslu í sjúkraþjálfun skal haga þannig að unnt sé að ljúka námi til B.S.-prófs á fjórum árum en heildarnámstími má ekki vera lengri en fimm ár. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum skilyrðum, þegar sérstaklega stendur á.

Stúdentar sem eru í verklegu námi á sjúkradeildum eða rannsóknarstofum skulu sitja fræðslufundi þeirra.

Læknadeild stendur fyrir framhaldsmenntun læknakandídata og sjúkraþjálfara, eftir því sem fjárveitingar og aðrar aðstæður leyfa. Deildin ákveður nánar hvernig kennslu og prófum skuli háttað.

Eftir þriggja ára nám eða síðar á námsferlinum geta stúdentar í læknisfræði sótt um að verja einu ári til fræðilegs náms á tilgreindu sviði eða til að vinna að rannsóknarverkefni undir eftirliti tilgreinds háskólakennara. Slíku námi skal ljúka með samningu ritgerðar eða prófi og ritgerð, sem metin er til einkunnar samkvæmt reglum sem deildin setur. Hámarksnámstími stúdenta í læknisfræði, sem verja heilu ári til fræðilegs náms eða rannsóknarstarfa, lengist upp í níu ár.

89. gr.

Námsframvinda, námsmat og inntaka stúdenta.

Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.

Próf að lokinni kennslu haustmisseris fyrsta árs eru ekki endurtekin á öðrum árstímum. Þeir einir sitja áfram á vormisseri fyrsta árs, sem lokið hafa þeim prófum með gildandi lágmarkseinkunn í hverri grein.

Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í læknisfræði og sjúkraþjálfun. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem hún tekur til. Háskólaráð setur, að fengnum tillögum deildar, reglur um hvernig staðið skuli að inntöku stúdenta og skulu þær birtar í kennsluskra á hvert.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg en geta einnig verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildarinnar.

Séu prófþættir fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í sömu kennslugrein á fleiri en einu ári, þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófþætti. Deildin ákvarðar vægi hvers prófþáttar í samráði við kennara.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til nemendaskrár háskólans. Gefnar eru fjórar einkunnir: ágætt, gott, viðunandi og óviðunandi. Sá sem fær einkunnina óviðunandi telst ekki hafa lokið verklega náminu og getur ekki sagt sig til prófs. Einkunnir fyrir verklegt nám reiknast ekki með til lokaeinkunnar. Heimilt er þó með samþykki deildar að gefa verklega einkunn í tölum og reikna hana sem ákveðinn hluta af lokaeinkunn í hlutaðeigandi grein.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í læknadeild.

90. gr.

Lokapróf.

Nám í læknisfræði til embættisprófs jafngildir 180 námseiningum og nám til B.S.-prófs í sjúkraþjálfun jafngildir 120 námseiningum. Sá sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði ber próftitilinn *candidatus medicinae* (*cand. med.*). Sá sem hefur lokið fullnaðarprófi í sjúkraþjálfun ber titilinn *baccalaureus scientiarum* (B.S.) í sjúkraþjálfun.

Stúdentar í læknisfræðiskor, sem lokið hafa eins árs fræðilegu námi eða rannsóknarverkefni á námsferli sínum, geta auk þess fengið B.S.-gráðu ef kunnátta þeirra á viðkomandi fræðasviði eða rannsóknarvinna er talin fullnægjandi að dómi umsjónarkennara og tilgreinds prófdómara.

Læknadeild veitir kennslu og þjálfun til meistaraþrófs, *magister scientiarum*, (M.S.-prófs) í heilbrigðisvísindum. Lærdómstítillinn M.S. er veittur fyrir 60 eininga framhaldsnám að afloknu viðeigandi háskólaprófi. Til að innritast í meistaranám við læknadeild þarf stúdent að hafa lokið B.S.-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári við læknadeild Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi.

Nefnd skipuð af læknadeild er deildarforseta til aðstoðar við að meta umsóknir um M.S.-nám, fylgjast með náminu í heild og samræma það. Sérstök umsjónarnefnd, skipuð af deild, hefur umsjón með námi hvers stúdents í M.S.-námi. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er ritgerð byggð á sjálfstæðri rannsókn hluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 30 námseiningar en mest 45. M.S.-rannsóknarverkefni lýkur með því að stúdent leggur fram ritgerð og heldur um hana fyrirlestur. Ritgerð og fyrirlestur eru dæmd af tveimur sérfræðingum sem umsjónarnefnd tilnefnir til starfars. Aðrar námseiningar til M.S.-prófs öðlast stúdent með þátttöku í námskeiðum. Lágmarkseinkunn fyrir námskeið sem tekin eru sem hluti af námi til M.S.-prófs, er 6,0.

Um doktorspróf gilda sérstakar reglur sem deildin setur og háskólaráð staðfestir.

XII. KAFLI

Lagadeild.

91. gr.

Nám í lagadeild og kennslugreinar.

Lagadeild veitir kennslu til embættisprófs í lögfræði. Kennsla fer fram í námskeiðum sem metin eru til námseininga. Nám í lögfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum og skiptist þannig að stúdentar skulu ljúka 90 einingum í kjarnanámi og 60 einingum í kjörnámi. Að auki skulu stúdentar ljúka námskeiði í heimspekilegum forspjallsvísindum sem metið er til 3 eininga.

Sá sem hefur lokið embættisprófi við lagadeild ber próftítilinn *candidatus juris* (cand. jur.).

Kjarnagreinar til embættisprófs í lögfræði eru: Almenn lögfræði, stjórnskipunarréttur og ágríp af þjóðarétti, sifja- og erfðaréttur, skaðabótaréttur, samningaréttur, eignaréttur, stjórnsýsluréttur I, stjórnsýsluréttur II, refsiréttur I, refsiréttur II, réttarfar I, réttarfar II, kröfuréttur I og kröfuréttur II. Lagadeild tekur ákvarðanir um vægi þessara námskeiða og niðurröðun þeirra á kennslumisseri.

Heimilt er umsjónarkennara í hverri kjarnagrein að leggja þá skyldu á stúdenta að leysa af hendi allt að tveimur æfingum meðan þeir stunda nám í viðkomandi grein.

Stúdent skal hafa lokið að minnsta kosti 75 einingum í kjarnanámi auk heimspekilegra forspjallsvísinda áður en hann hefur kjörnám.

Fyrir hver áramót ákveður lagadeild þær kjörgreinar sem boðnar verða til kennslu á næstu tveimur háskólaárum, að minnsta kosti 12 kjörgreinar á hverju misseri. Stúdent skal velja sér kjörgreinar sem vega samtals 50 námseiningar. Heimilt er umsjónarkennara að ákveða að ritgerðir eða önnur námsvinna komi í stað prófs í kjörgrein, að hluta eða öllu leyti.

Í kjörnámi skal stúdent einnig velja sér efnissvið til ritgerðar eða annars lokaverkefnis sem metið er til 10 eininga. Skal stúdent velja einn af kennurum deildarinnar sem umsjónarkennara í því námi og skal valið háð samþykki kennarans og skrifstofu lagadeildar. Umsjónarkennari getur ákveðið að stúdent þreyti próf úr efni ritgerðar eða lokaverkefnis og metið árangur hans sem hluta af einkunninni. Stúdent getur ekki lokið ritgerð eða öðru lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í kjörgreinum sem vega að minnsta kosti 35 einingar alls.

Lagadeild ákveður hve mörgum æfingum í úrlausn raunhæfra verkefna stúdentar þurfa að ljúka í kjörnámi, en einkunn fyrir þær reiknast ekki sem hluti lokaekunnar.

Lagadeild getur heimilað að nám við aðrar háskóladeildir eða aðra háskóla verði metið sem hluti af kjörnámi, þó að hámarki 30 einingar alls. Áskilið er, að nám við aðrar háskóladeildir eða háskóla hafi, að mati lagadeildar, slík tengsl við lögfræði, að edlilegt þyki að meta það sem hluta af laganámi. Lagadeild getur ennfremur heimilað að laganám sem stundað hefur verið við erlenda háskóla verði metið sem hluti af kjarnanámi.

Lagadeild setur nánari reglur um kjarnanám og kjörnám stúdenta, æfingaskyldu og námsvist.

Í lagadeild er heimilt að bjóða upp á nám til meistaraþrófs og doktorsþrófs í lögfræði, á íslensku eða á ensku, samkvæmt nánari reglum sem lagadeild setur og háskólaráð staðfestir.

Í lagadeild er heimilt að bjóða upp á stutta og hagnýta námsleið fyrir lögritari, aðstoðarfólk lögfræðinga, samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur.

92. gr.
Próf.

Próf í kjarnagreinum skulu vera skrifleg. Umsjónarkennarar ákveða fyrirkomulag prófa í kjörgreinum.

Próf í almennri lögfræði skal haldið í lok kennslutímabils og á próftímabili fyrir lok vormisseris. Próf í öllum öðrum greinum skulu haldin í lok kennslutímabils viðkomandi greina og á próftímabili fyrir upphaf haustmisseris. Heimilt er að halda sjúkrapróf í almennri lögfræði. Um sjúkra- og upptökupróf fer að öðru leyti eftir ákvæðum 56. gr. þessarar reglugerðar.

Til að standast próf verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 7,0 í almennri lögfræði, en 6,0 í öðrum greinum hverri um sig. Lokaeinkunn til embættisprófs skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námskeiðum.

Stúdent sem lokið hefur prófi í almennri lögfræði er ekki heimilt að gangast oftan en fjórum sinnum undir sama próf í kjarnagreinum.

Á fyrsta misseri laganáms getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í almennri lögfræði. Á vormisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti og ágripi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og heimspekilegum forspjallsvísindum. Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í önnur námskeið í kjarnanámi er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði.

93. gr.

Námsframvinda og hámarksnáms tími.

Stúdent skal hafa lokið að minnsta kosti 75 einingum í kjarnanámi eigi síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í lagadeild og embættisprófi eigi síðar en á því almanaksári er hann hefur verið samfleytt átta ár skrásettur í lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

Í kennsluskrá lagadeildar skal kveðið á um skipulag kennslu, hvenær námskeið eru kennd og um vægi þeirra, sbr. nánar ákvæði laga um Háskóla Íslands og þessarar reglugerðar.

Lagadeild setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum.

XIII. KAFLI

Viðskipta- og hagfræðideild.

94. gr.

Kennslugreinar og skorir.

Viðskipta- og hagfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.S.-prófs í viðskiptafræði.

Til B.S.-prófs í hagfræði.

Til B.A.-prófs í hagfræði.

Til cand.oecon. prófs í viðskiptafræði.

Til M.S.-prófs í viðskiptafræði.

Til M.S.-prófs í hagfræði.

Deildin skiptist í viðskiptaskor og hagfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli viðskiptaskorar og hagfræðiskorar eftir ákvörðun deildarfundar. Hvor skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deild-

arforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar.

Námið er vegið í einingum og skal árs nám talið 30 einingar. Til B.S.-prófs og B.A.-prófs er krafist 90 eininga, en til cand.oecon. prófs er krafist 120 eininga. Til M.S.-prófs er krafist 45 eininga hið minnsta. Nánari reglur deildarinnar um M.S.-nám, en fram koma í þessum kafla skulu staðfestar af háskólaráði sbr. ákvæði 68. gr. þessarar reglugerðar.

Deildin getur skipulagt framhaldsnám til doktorsprófs í hagfræði og í viðskiptafræði, samkvæmt reglugerð þessari og nánari reglum sem hún setur og háskólaráð staðfestir.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknnum á fræðasviðum deildarinnar.

95. gr.

B.S.- og B.A.-nám.

Skipan B.S.- og B.A.-námsins miðast við þrjú ár eða sex misseri. Í B.S.- og B.A.-námi er boðið upp á námsleiðir sem skorir setja nánari reglur um.

Prófgreinar til B.S.-prófs í viðskiptafræði eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfraði, upplýsingatækni og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 90 einingar.

Prófgreinar til B.S.-prófs og B.A.-prófs í hagfræði eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, stærðfræði, tölfraði og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar, alls 90 einingar.

96. gr.

Cand.oecon. nám.

Skipan cand.oecon. námsins miðast við fjögur ár eða átta misseri. Eitt kjörsvið í cand.oecon. námi skal vera reikningshalds- og endurskoðunarvið.

Prófgreinar til cand.oecon. prófs í viðskiptafræði eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfraði, upplýsingatækni, lögfræði, fjármál og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 120 einingar.

97. gr.

M.S.-nám.

Skipan M.S.-námsins miðast við þrjú misseri. Nám til M.S.-prófs er 45 einingar hið minnsta, þar af eru 30 einingar í námskeiðum og 15 eininga ritgerð. Nemendur sem vilja ljúka 60 eininga M.S.-prófi eiga kost á 30 eininga ritgerð eða geta óskað eftir heimild til að ljúka 45 einingum í námskeiðum. Skorir setja nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur.

98. gr.

MBA-nám.

Deildinni er heimilt að veita prófgráðuna MBA að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi á vegum deildarinnar, enda sé farið eftir ákvæðum 14. gr. um endurmenntun á vegum deilda í þessari reglugerð.

Við inntöku í MBA-nám skal nemandi hafa lokið háskólagráðu, B.A.- eða B.S.-prófi eða samsvarandi og að jafnaði hafa þriggja ára starfsreynslu.

Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur í samþykktum um námið, sem háskólaráð staðfestir.

99. gr.

Val námsleiða og ritgerðir.

Stúdent velur námsleiðir og frjálssar kjörgreinar og er honum heimilt, að áskildu samþykki deildar, að velja frjálssar kjörgreinar í öðrum deildum.

Efni ritgerðar skal valið í samráði við að minnsta kosti einn lektor, dósent eða prófessor deildarinnar. Ritgerð í cand.oecon. námi og B.S.-námi vegur 3-6 einingar. Ritgerð í M.S.-námi vegur 15 eða 30 einingar. Deildin setur nánari reglur um vægi ritgerða, samningu þeirra og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammi-stöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina. Umsjónarkennari og prófdómari gefa einkunn fyrir M.S.-ritgerðir.

Deildinni er heimilt að fengnum tillögum skora að skipuleggja nám fyrir nemendur sem eru skráðir í aðrar deildir Háskóla Íslands.

100. gr.

Námsframvinda, próf, lágmarkseinkunnir og hámarksnáms tími.

Skorir ákveða hvaða forkröfur skuli gilda um aðgang stúdenta að einstökum námskeiðum. Heimilt er kennara með samþykki skorar að meta ritgerðir og æfingar sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum prófhluða greinar. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá. Heimilt er einnig að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar til jafns við ritgerðir og æfingar í einstökum greinum. Skorir geta haldið æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

Próf skulu vera skrifleg nema skorir ákveði annað. Próf eru haldin að loknu námskeiði. Endurtekningarp próf eru haldin á próftíma í ágúst.

Lágmarkseinkunn í kennslugreinum í viðskipta- og hagfræðideild er 5,0 nema annað sé tekið fram. Skorir hafa heimild til þess að ákveða hærri lágmarkseinkunn í einstökum greinum.

Til þess að útskrifast frá viðskipta- og hagfræðideild þarf stúdent að ná meðaleinkunninni 6,0.

Stúdent í námi til M.S.-prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en þremur árum eftir skráningu í námið. Stúdent í námi til cand.oecon. prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en sex árum eftir skráningu. Stúdent í námi til B.S.-prófs eða B.A.-prófs skal hafa lokið prófi eigi síðar en fimm árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tíma-mörkum ef veikindum eða öðrum gildum ástæðum er til að dreifa.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í viðskipta- og hagfræðideild.

XIV. KAFLI

Heimspékideild.

101. gr.

Kennslugreinar og skorir.

Heimspékideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspéki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

Til M.Paed.-prófs: Danska, enska, íslenska. Heimilt er með samþykki deildar að taka þetta nám upp í öðrum greinum deildarinnar.

Til M.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, heimspéki, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði og sagnfræði.

Til doktorsprófs: Íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði og sagnfræði.

Til B.Ph.Isl.-prófs: Íslenska fyrir erlenda stúdenta.

Heimspékileg forspjallsvísindi eru kennd á vegum heimspékideildar, sbr. ákvæði 5. mgr. 53. gr. reglugerðar þessarar.

Deildinni er heimilt að skipuleggja stuttar hagnýtar námsleiðir í grunnnámi, sbr. ákvæði 54. gr. reglugerðar þessarar.

Auk kennslu til þeirra prófa sem að framan eru talin er heimspekideild heimilt að skipuleggja ýmsar námsleiðir innan deildarinnar eða í samvinnu við aðrar deildir.

Deildin skiptist í eftirtaldar skorir: Íslenskuskor, sagnfræðiskor, heimspekiskor, bókmenntafræði- og málvísindaskor, enskuskor, skor þýsku og Norðurlandamála, skor rómanskra og slavneskra mála og skor íslensku fyrir erlenda stúdenta. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora eftir ákvörðun deildarfundar. Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar.

Nám skal vegið í einingum og skal ársnám talið 30 einingar. Námskeið skulu að jafnaði vera 5 einingar eða margfeldi af 5 einingum. Þó má deild veita undanþágu frá þessu.

Deildin tekur nánari ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra í námseiningum, í hvaða röð námskeið skulu tekin og hver þeirra séu skyldunámskeið. Þó skulu almenn málvísindi og bókmenntafræði ætíð vera skylduþættir í tungumálum.

Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í einhverri kennslugrein getur deildin ákveðið að hún skuli ekki kennd. Stúdentar sem lokið hafa einu námskeiði í kennslugrein eiga rétt á að ljúka 30 einingum í greininni ef því verður við komið.

Við gerð kennsluskrár skal við það miðað að stúdent þurfi ekki að sækja fleiri en tólf kennslustundir á viku þegar frá eru taldir æfingatímar sem krefjast ekki undirbúnings.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

102. gr.

Námsframvinda, námsmat og hámarksnámstími.

Kennslu til B.A.-prófs skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum og kennslu til M.Paed.-prófs og M.A.-prófs þannig að stúdent geti lokið námi á tveimur árum að loknu B.A.-prófi. Kennslu til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta skal haga þannig að ljúka megi námi á þremur árum.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er deildinni heimilt, að tillögu kennara, að ákveða að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í heimspekideild.

103. gr.

B.A.-próf og B.Ph.Isl.-próf.

Til B.A.-prófs er krafist minnst 90 eininga að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 einingar). Stúdent velur sér aðalgrein úr kennslugreinum þeim sem upp eru taldar í 2. mgr. 101. gr. og tekur í henni minnst 60 einingar. Einnig skal stúdent velja aukagrein úr sömu greinum og ljúka í henni 30 einingum. Stúdent er einnig heimilt að ljúka 90 eininga námi í aðalgrein og sleppa aukagrein. Stúdent er heimilt með samþykki heimspekideildar að sækja aukagrein til annarra deilda. Ákveða má að hluti aðalgreinar eða aukagreinar sé valfrjálgs námskeið. Heimilt er stúdent með leyfi skorar að sækja námskeið til annarra deilda. Minnst 5 einingar skulu felast í samningu lokaritgerðar.

Til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta, B.Ph.Isl.-prófs, er krafist minnst 90 eininga og skulu 5 einingar þar af vera ritgerð.

Erlendir stúdentar sem þegar hafa nokkra þekkingu á íslensku geta uppfyllt námskröfur fyrsta árs með því að ljúka prófum fyrsta árs við upphaf haustmisseris ár hvert.

104. gr.

M.Paed.-próf.

Að loknu B.A.-prófi við heimspekideild Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla, sem deildin viðurkennir, er stúdent heimilt að hefja nám til M.Paed.-prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A.-prófs. Áskilið er að hann hafi lokið B.A.-prófi með fyrstu einkunn. Til M.Paed.-prófs er krafist minnst 45 eininga og skulu þar af minnst 30 einingar vera úr þeim námskeiðum aðalgreinar sem sérstaklega eru ætluð verðandi kennurum eða þykja henta vel sem undirbúningur undir kennslu í framhaldsskóla. Þá skulu minnst 15 einingar vera úr námskeiðum í kennslufræði til kennsluréttinda eða öðrum námskeiðum sem félagsvísindadeild viðurkennir sem nám til kennsluréttinda. Lokaverkefni til M.Paed.-prófs skal vera minnst 10 einingar.

105. gr.

M.A.-próf.

Að loknu B.A.-prófi má stúdent hefja nám til M.A.-prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A.-prófs. Áskilið er að hann hafi lokið B.A.-prófi með fyrstu einkunn og með minnst 8,0 í einkunn fyrir B.A. ritgerð. Deildin getur veitt undanþágu frá kröfu um lágmarkseinkunn fyrir ritgerð. Í einstökum tilvikum kann stúdent að mega hefja M.A.-nám í grein sem var aukagrein hans til B.A.-prófs. Nánar er kveðið á um þetta í námsskipunarreglum einstakra greina heimspekideildar.

Uppfylli stúdent ekki ofangreind skilyrði skal honum þó heimilt að hefja nám til M.A.-prófs við deildina, hafi hann áður lokið hliðstæðu háskólaprófi og uppfyllt sérstakar viðbótarkröfur sem heimspekideild setur. Deildin getur heimilað stúdent að stunda einstök námskeið er teljast til M.A.-náms á því misseri er hann lýkur B.A.-námi.

Til M.A.-prófs er krafist minnst 60 eininga. Ritgerð skal vea minnst 15 einingar en mest 30. Ritgerðarefni velur stúdent í samráði við lektor, dósent eða próffessor í grein sinni. Nánari leiðbeiningar um hlutfall námskeiða í greininni af heildarnámi, sem og um vægi ritgerða og einstakra námskeiða skal setja í námsskipunarreglum sem heimspekideild samþykkir fyrir hverja námsgrein eða námsbraut.

Deildin setur að öðru leyti nánari reglur um meistaranám sem háskólaráð staðfestir.

106. gr.

Doktorspróf.

Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi frá heimspekideild Háskóla Íslands með fyrstu einkunn getur sótt um aðgang að doktorsnámi í þeim greinum sem taldar eru í 5. mgr. 101. gr. reglugerðar þessarar. Stúdent í doktorsnámi skal velja sér leiðbeinanda á sérsviði sínu og sækja sérhæfð námskeið samkvæmt nánari námsskipunarreglum sem heimspekideild setur fyrir hverja grein. Enn fremur skal hann stunda a.m.k. eins árs fullt nám í aðalgrein sinni eða stuðningsgreinum hennar við erlendan háskóla, sem deildin viðurkennir. Námsáætlun skal samin í samráði við leiðbeinanda og staðfest af deildinni. Námsárangur skal staðfestur með mati sem deildin viðurkennir og með árangri sem hún metur fullnægjandi.

Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi eða öðru samsvarandi prófi frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem deildin viðurkennir, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnámi við heimspekideild. Þá skal menntun hans metin með

tilliti til aðalgreinar við doktorsnám og honum gerðar frekari námskröfur en þeim stúdentum sem hafa lokið M.A.-prófi frá deildinni.

Stúdent í doktorsnámi velur sér rannsóknarverkefni í samráði við leiðbeinanda sinn og gerir áætlun um hvernig að verkinu skuli staðið. Áætlunin skal lögð fyrir deildina til samþykktar. Staðfesti deildin áætlunina hefst rannsóknarvinna undir leiðsögn leiðbeinanda. Doktorsefnið lýkur rannsóknum sínum með því að semja eina heildstæða doktorsritgerð undir leiðsögn leiðbeinanda. Leiðbeinanda er ekki heimilt að sitja í dómnefnd um ritgerðina. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorsritgerðir og doktorsvarnir.

Deildin setur að öðru leyti nánari reglur um doktorsnám sem háskólaráð staðfestir.

XV. KAFLI Verkfræðideild.

107. gr.

Kennslugreinar og skorir.

Verkfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

Til doktorsprófs, Ph.D.-prófs, í verkfræði og tölvunarfræði á fagsviðum þar sem deildin metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi.

Til meistaraþrófs, M.S.-prófs, í eftirtöldum greinum verkfræði: Byggingarverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagnsverkfræði, tölvuverkfræði, umhverfisverkfræði og vélaverkfræði og enn fremur í tölvunarfræði. Einnig í öðrum greinum verkfræði, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við að það taki fimm ár og er heildarnámið minnst 150 námseiningar.

Deildinni er einnig heimilt að taka í M.S.-nám þá nemendur sem lokið hafa minnst 90 eininga háskólanámi. Í hverju tilviki ákveður deild skipan M.S.-náms fyrir þessa nemendur og er framhaldsnámið minnst 60 einingar. Deildinni er þó heimilt að ákveða að M.S.-próf í tölvunarfræði sé veitt að loknu 45 eininga námi.

Deild getur veitt B.S.-gráðu þeim nemendum sem lokið hafa þremur árum af M.S.-námi í verkfræði og minnst 90 einingum. Um nánari kröfur um greinar að baki B.S.-prófi fer eftir námsskrá sem deildin setur.

Til prófs á tæknisviði (diploma). Námið er allt að 60 einingum og er ætlað til sérhæfðra starfa eða undirbúnings fyrir annað nám.

Deildin setur nánari reglur um framhaldsnám til meistara- og doktorsprófs eftir því sem þurfa þykir og háskólaráð samþykkir.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor, umhverfis- og byggingarverkfræðiskor, véla- og iðnaðarverkfræðiskor og tölvunarfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora eftir ákvörðun deildarfundar. Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar.

108. gr.

Námsframvinda og verkþjálfun.

Nemandi skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski nemandi frávika frá námsskipan þeirri sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Nemanda er ekki heimilt að hefja nám í tilteknu námskeiði verkfræðideildar án þess

að hafa lokið prófi í þeim námskeiðum, sem eru tilgreind í kennsluskrá sem nauðsynlegir undanfara þess. Þó er skor heimilt að víkja frá þessari reglu í sérstökum tilvikum.

Nemanda er heimilt að sækja til skorar um að taka námskeið í öðrum skorum eða deildum sem verði metin sem hluti af námi hans til prófs frá verkfræðideild.

Hver skor getur sett nánari reglur um tímasókn og æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu nemenda og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í verkfræðideild.

Nemendur við nám í verkfræði skulu hafa lokið ákveðinni verklegri þjálfun fyrir B.S.-próf. Verkbjálfunin skal í aðalatriðum vera fólgin í störfum á sviði þeirrar greinar, sem hann hyggst leggja stund á, samkvæmt leiðbeiningum í kennsluskrá.

Að jafnaði skal verkbjálfun fara fram á fyrsta til þriðja námsári. Heimilt er þó að viðurkenna störf sem unnin hafa verið eftir að 18 ára aldri er náð en minnst helmingur verkbjálfunar skal unninn eftir að háskólanámið er hafið. Tímalengd verkbjálfunar skal vera að minnsta kosti 16 vikur.

Deildinni er heimilt að viðurkenna þátttöku í verklegum námskeiðum í stað hluta verkbjálfunar.

109. gr.

Einkunnir og endurtaka prófa.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hlutaeinkunn.

Til að standast próf í námskeiði þarf nemandi að hljóta eigi lægri próf- og heildareinkunn en 5,0. Til að ljúka M.S.-prófi þarf nemandi að hljóta eigi lægri meðaleinkunn en 6,0.

Hver kennari ákveður vægi hlutaeinkunnar í námskeiði sínu, að teknu tilliti til reglna skorar þar um, og tilkynnir stúdentum í upphafi kennslumisseris.

Nemandi sem ekki hlýtur tilskilda prófeinkunn í námskeiði má endurtaka prófið einu sinni. Aðeins með sérstöku leyfi deildar er þriðja próftaka heimil. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni nema skor ákveði annað.

XVI. KAFLI

Tannlæknadeild.

110. gr.

Kennslugreinar.

Tannlæknadeild veitir kennslu sem hér segir:

Til kandiðatsprófs í tannlæknisfræði.

Til meistara- og doktorsprófs í tannlæknisfræði og skyldum greinum samkvæmt reglugerð þessari og nánari reglum sem tannlæknadeild setur og háskólaráð staðfestir.

Til kennslu í tannlæknisfræði heyra þær greinar er varða fræðasvið hennar á hverjum tíma. Til fræðasviðs tannlæknisfræðinnar telst allt sem tengist gerð og starfsemi tyggingarfæra mannlíkamans.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar. Deildin veitir heilbrigðisyrivöldum upplýsingar og þjónustu um tannheilsuál. Enn fremur veitir deildin almenningi tannlæknaþjónustu í tengslum við kennslu á vegum deildarinnar.

111. gr.

Nám í tannlæknadeild.

Deildin ákvarðar kennslugreinar og skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra.

Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluskra eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Kennsla í hverri grein skal við það miðuð, að stúdent fái yfirferð yfir öll aðalatriði hennar áður en hann gengur undir próf. Kennsla skal haga þannig að unnt sé að ljúka námi á sex árum en heildarnámstími má ekki vera lengri en átta ár. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum skilyrðum, þegar sérstaklega stendur á.

Tannlæknadeild stendur fyrir framhaldsmenntun tannlækna, eftir því sem fjárveitingar og aðrar aðstæður leyfa. Deildin ákveður nánar hvernig kennsla og prófum skuli háttað.

112. gr.

Námsframvinda, námsmat og inntaka stúdenta.

Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs áður en hann hefur nám á næsta námsári.

Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs, um takmörkun á fjölda stúdenta. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem hún tekur til. Háskólaráð setur, að fengnum tillögum deildar, reglur um hvernig staðið skuli að inntöku stúdenta og skulu þær birtar í kennsluskra ár hvert.

Próf skulu vera skrifleg, munnleg og verkleg eftir ákvörðun deildarinnar.

Séu prófþættir fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í sömu kennslugrein á fleiri en einu ári þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófþætti. Deildin ákvarðar vægi hvers prófþáttar í samráði við kennara. Fyrir upphaf kennsluárs skal tilkynna vægi hvers prófþáttar í heildareinkunn námsgreinar.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til nemendaskrár háskólans. Gefnar eru fjórar einkunnir: ágætt, gott, viðunandi, óviðunandi. Sá sem fær einkunnina óviðunandi telst ekki hafa lokið verklega náminu og getur ekki sagt sig til prófs. Einkunnir fyrir preklínískt og klínískt nám eru gefnar í tölum og reiknast sem ákveðinn hluti af lokaeinkunn í hlutaðeigandi grein.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í tannlæknadeild.

113. gr.

Lokapróf.

Nám í tannlæknisfræði til kandiðatsprófs jafngildir 180 námseiningum. Kandiðatsprófi skal stúdent ljúka eigi síðar en sex árum eftir að hann hefur nám á öðru námsári. Þó getur deildin veitt undanþágu frá þessum tímamörkum ef veikindi eða aðrar gildar ástæður koma til.

Próftítilinn *candidatus odontologiae* (cand.odont.) ber sá, er lokið hefur kandiðatsprófi frá tannlæknadeild.

Tannlæknadeild getur veitt kennsla og þjálfun til meistaraþrófs, M.S.-þrófs, á fræðasviðum deildarinnar. Lærdómstítilinn M.S. er veittur fyrir 60 eininga framhaldsnám að afloknu viðeigandi háskólaprófi. Inngöngu í þetta nám geta þeir fengið sem lokið hafa kandiðatsprófi í tannlækningum eða öðru háskólaprófi sem deildin telur að feli í sér viðeigandi undirbúning til námsins.

Nefnd, skipuð af deildinni, er deildarforseta til aðstoðar við að meta umsóknir um M.S.-nám, fylgjast með náminu í heild og samræma það. Sérstök umsjónarnefnd, skipuð af deild, hefur umsjón með námi hvers stúdents í M.S.-námi. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er ritgerð byggð á sjálfstæðri rannsókn hluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 30 námseiningar en mest

45. M.S.-rannsóknarverkefni lýkur með því að stúdent leggur fram ritgerð og heldur um hana fyrirlestur. Ritgerð og fyrirlestur eru dæmd af tveimur sérfræðingum sem umsjónarnefnd tilnefnir til starfans. Aðrar námseiningar til M.S.-prófs öðlast stúdent með þátttöku í námskeiðum. Lágmarkseinkunn fyrir námskeið sem tekin eru sem hluti af námi til M.S.-prófs, er 6,0.

Um doktorspróf gilda sérstakar reglur sem deildin setur og háskólaráð staðfestir.

XVII. KAFLI Félagsvísindadeild.

114. gr.

Kennslugreinar, prófgráður og námseiningar.

Félagsvísindadeild veitir kennslu sem hér segir:

Aðalgreinar til B.A.-prófs: Bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, félagsráðgjöf, mannfræði, sálfræði, stjórnmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði og þjóðfræði. Félagsvísindadeild setur nánari reglur um námið og skulu þær koma fram í kennsluskrá.

Heimilt er að skipuleggja þær greinar sem tilgreindar eru sem aðalgreinar, auk annarra greina félagsvísinda, sem aukagreinar samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

Félagsvísindadeild er heimilt að skipuleggja grunnnám til 30-45 eininga, og lýkur 45 eininga náminu með diplomaprófi.

Deildinni er heimilt að gefa kost á allt að 45 eininga viðbótarnámi að loknu fullgildu háskólaprófi. Eftirtaldir greinar eru skipulagðar sem árs viðbótarnám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegri menntun: Hagnýt fjölmiðlun, kennslufræði og námsráðgjöf.

Framhaldsnám er skipulagt samkvæmt reglugerð þessari og nánari reglum sem félagsvísindadeild setur og háskólaráð staðfestir. Lýsing á náminu skal koma fram í kennsluskrá.

Til B.A.-prófs er krafist minnst 90 eininga og skal stúdent ljúka 60 einingum í aðalgrein og 30 í aukagrein eða viðbótarnámskeiðum aðalgreinar. Til B.A.-prófs í félagsráðgjöf er þó krafist minnst 120 eininga. Deildinni er heimilt að gefa kost á allt að 45 eininga viðbótarnámi að loknu fullgildu háskólaprófi.

Til kandídat- og M.A.-prófs er að jafnaði krafist 60 eininga náms að loknu B.A.-prófi. Heimilt er að bjóða upp á M.A.-nám í öllum aðalgreinum félagsvísindadeildar sem hægt er að taka til B.A.-prófs. Slíkt nám má skipuleggja sem rannsóknarnám þar sem lokaverkefni er minnst 30 einingar.

Deildinni er einnig heimilt að skipuleggja doktorsnám til minnst 90 eininga í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Kandídatpróf í sálfræði (cand.psych.) er 60 eininga nám í sálfræði að loknu B.A.-prófi í sálfræði. Námið er fræðilegt nám og starfsþjálfun og tekur til klínískrar sálfræði, uppeldis- og skólasálfræði og vinnu- og skipulagssálfræði. Námið miðast við að sá sem hefur lokið því uppfylli skilyrði laga til að kalla sig sálfræðing. Starfsþjálfun stúdenta í kandídatnámi fer eftir reglum sem deildin setur.

Próftítilinn MPA (Master of Public Administration) ber sá sem lokið hefur 60 eininga meistaranámi í stjórnsýslufræðum eftir B.A.-próf. MPA nám felst í fræðilegu námi sem miðar að því að búa stjórnsýslufræðinga undir störf við opinbera stjórnsýslu jafnt sem frekara nám og rannsóknir á því sviði. Auk fræðilegs hluta er gerð krafa um starfsþjálfun nemanda eftir nánari reglum sem deildin setur.

M.A.-nám í uppeldis- og menntunarfræði er sérstaklega skipulagt 60 eininga nám að loknu B.A.-prófi. Námið samanstendur af skipulögðum námskeiðum og viðamikilli lokaritgerð. Heimilt er að bjóða upp á ólíkar námslínur samkvæmt nánari ákvörðun félagsvísindadeildar.

Nám í bókasafns- og upplýsingafræði, félagsráðgjöf, kennslufræði og kandidateitnám í sálfræði er skipulagt með hliðsjón af lögum og reglum um starfsréttindi.

Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í ákveðnum námskeiðum og kennslugreinum. Reglur sem fylgt er við val stúdenta í þeim tilvikum skulu birtar í kennsluskrá.

Heimilt er að taka nemendur inn í sérstaklega skipulagt framhalds- og viðbótarnám annað hvert ár.

115. gr.

Námsframvinda, námsmat og hámarksnámstími.

Kennslu til B.A.-prófs skal haga þannig að stúdent geti lokið 90 eininga námi á þremur árum. Hámarksnámstími til þess að ljúka B.A.-prófi er nú kennslumisseri frá því er stúdent var skrásettur í viðkomandi aðalgrein. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum tímamörkum, þegar sérstaklega stendur á. Kennslu til kandidateits- eða meistaraþrófs til 60 eininga skal haga þannig að stúdent geti lokið náminu á tveimur árum.

Heimilt er að sama námskeið sé hluti af fleiri en einni aðalgrein eða aukagrein, en eigi má reikna það nema einu sinni í samanlögðum einingafjölda stúdents.

Heimilt er stúdent að sækja nám í aukagrein til annarra deilda, að fengnu samþykki félagsvísindadeildar og þeirrar deildar sem námið er sótt til.

Deildinni er heimilt að ákveða að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum. Einnig er heimilt að gera kröfur um námsárangur milli námsára.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í félagsvísindadeild. Próf geta verið munnleg og/eða skrifleg. Heimilt er kennara, með samþykki skorar, að meta ritgerðir, vinnuverkefni og æfingar sem hluta af prófi. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er deildinni heimilt, að tillögu kennara, að krefjast þess að tilskilinni lágmarkseinkunn verði náð í hvorum eða hverjum prófþætti. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

116. gr.

Skorir.

Deildin skiptist í eftirtaldar skorir: Bókasafns- og upplýsingafræðiskor, félagsfræðiskor, mannfræði- og þjóðfræðiskor, sálfræðiskor, stjórnmálafræðiskor og uppeldis- og menntunarfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora eftir ákvörðun deildarfundar. Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar. Sameiginleg kennsla, Félagsvísindastofnun, rannsóknarnámsnefnd og önnur starfsemi, sem ekki heyrir undir sérstaka skor, heyrir undir deild.

Í félagsvísindadeild starfar deildarráð samkvæmt 16. og 21. grein þessarar reglugerðar.

Deildin tekur, að fengnum tillögum frá skorum eða námsnefndum sem ekki tilheyrja skor ákvarðanir um kennslu í hverri einstakri aðalgrein og aukagrein, enn fremur um skiptingu greina í námskeið og mat þeirra til eininga svo og hver þeirra séu skyldunámskeið í aðalgrein og aukagrein.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

XVIII. KAFLI
Raunvísindadeild.

117. gr.

Kennslugreinar og skorir.

Raunvísindadeild veitir kennslu og þjálfun í raunvísindum sem hér segir:

Til B.S.-prófs í raungreinum: Stærðfræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði, efnafræði, lífefnafræði, matvælafræði, líffræði, jarðfræði og landafræði. Enn fremur í öðrum greinum eftir því sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við að það taki þrjú ár, og er heildarnámið minnst 90 námseiningar.

Til áfangaprófa (fyrrihlutaprófa) í eðlisverkfræði og efnaverkræði. Skipan námsins miðast við, að það taki tvö ár, og er heildarnámið minnst 60 námseiningar. Deildin skal stefna að því, að prófið veiti rétt til framhaldsnáms við tiltekna erlenda tækniháskóla.

Til 30 eininga framhaldsnáms fyrir þá sem lokið hafa prófi við deildina eða samsvarandi prófi.

Til meistara- og doktorsprófs í fræðigreinum deildarinnar samkvæmt reglugerð þessari og nánari reglum sem raunvísindadeild setur og háskólaráð staðfestir.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldir skorir: Stærðfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, matvælafræðiskor, líffræðiskor og jarð- og landfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora eftir ákvörðun deildarfundar. Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessarar reglugerðar.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi þeirra og skiptingu þeirra í námsáfanga.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreinar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

Framhaldsnám, sem nemur 30 einingum að loknu B.S.-prófi, er viðurkennt með sérstöku prófskírteini. Um það gilda reglur er deildin setur.

Prófgráðan M.S. er veitt fyrir 60 eininga meistaranám að loknu B.S.-prófi.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

118. gr.

Inntökuskilyrði og námsáætlun.

Raunvísindadeild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokkum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Deildinni er heimilt að ákveða að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

119. gr.

Námsframvinda, tímamörk og einkunnir.

Stúdent skal ljúka prófi í öllum námskeiðum fyrsta kennsluárs fyrir lok annars náms-

árs síns og í öllum námskeiðum annars kennsluárs fyrir lok þriðja námsárs, ella glatar hann rétti til þess að halda náminu áfram.

Stúdent skal enn fremur ljúka prófi með tilskildum árangri og ávinna sér svo margar námseiningar er hér segir:

Priggja ára nám: Eftir fyrsta ár 20 einingar; eftir annað ár 45 einingar; eftir þriðja ár 70 einingar; eftir fjórða ár 90 einingar.

Tveggja ára nám: Eftir fyrsta ár 20 einingar; eftir annað ár 40 einingar; eftir þriðja ár 60 einingar.

Heimilt er deildinni að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um tímamörk og námshraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í raunvísindadeild.

Til þess að standast B.S.-próf verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4,0 í hverri prófgrein.

2. Eigi lægri meðaleinkunn en 5,5 í hverjum prófflokki, þ.e. tveimur misserisprófum sama kennsluárs.

120. gr.

Endurtekning prófa.

Stúdent, sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema viðkomandi skor ákveði annað.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdents í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hlutaeinkunn. Hver skor ákveður að tillögu kennara vægi hlutaeinkunnar og skal það tilgreint í kennsluskrá. Við birtingu einkunna skulu prófseinkunn og hlutaeinkunn einnig sýndar hvor um sig. Í prófgrein, þar sem hlutaeinkunn er gefin, er skor heimilt að tillögu kennara, að áskilja fyrir hvora einkunnina sem er, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf ef hún er lægri en lágmarkseinkunn prófgreinarinnar í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

XIX. KAFLI

Lyfjafræðideild.

121. gr.

Kennslugreinar.

Lyfjafræðideild veitir kennslu sem hér segir:

Til kandídatsprófs í lyfjafræði.

Til meistara- og doktorsprófs í lyfjafræði á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Deildin setur nánari reglur um nám til meistara- og doktorsprófs sem háskólaráð staðfestir.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

122. gr.

Nám í lyfjafræðideild.

Deildin ákvarðar kennslugreinar og skiptingu þeirra í námskeið og um vægi þeirra. Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluskrá eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Námskeið skal meta til eininga og telst eitt námsár 30 einingar og nám til kandídats-

prófs í lyfjafræði 150 einingar. Skal miðað við að vægi námskeiðs í heildareinkunn samsvari einingafjölda þess.

Kennsla í hverri grein skal við það miðuð að stúdent fái yfirferð yfir öll aðalatriði hennar áður en hann gengur undir próf. Kennslu skal haga þannig, að unnt sé að ljúka námi til kandídatprófs á fimm árum en heildarnámstími má ekki vera lengri en sjö ár. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum skilyrðum, þegar sérstaklega stendur á.

Deildin stendur fyrir framhaldsmenntun lyfjafræðinga, eftir því sem fjárveitingar og aðrar aðstæður leyfa.

123. gr.

Námsframvinda, námsmat og inntaka stúdenta.

Þeir stúdentar sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta geta hafið nám í lyfjafræði.

Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í lyfjafræðideild. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs sem hún tekur til. Réttur stúdenta til áframhaldandi náms er miðaður við árangur samkeppnisprófa í lok fyrsta misseris fyrsta námsárs, samkvæmt nánari reglum sem deildin setur og birtar skulu í kennsluskrá.

Sjúkrapróf í samkeppnisprófgrein skal halda, ef þörf krefur, eigi síðar en að fjórum vikum liðnum frá samkeppnisprófi en fyrir ef kostur er.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg en geta einnig verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildarinnar.

Séu prófþættir fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í sömu kennslugrein á fleiri en einu ári þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófþætti. Deildin ákvarðar vægi hvers prófþáttar í samráði við kennara. Fyrir upphaf kennsluárs skal tilkynna vægi hvers prófþáttar í heildareinkunn námsgreinar.

Kennara er heimilt að meta ritgerðir, frammistöðu í verklegum æfingum og aðra námsvinnu sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum hluta.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í lyfjafræðideild.

124. gr.

Lokapróf.

Í lyfjafræði er veitt kennsla til kandídatprófs í lyfjafræði, lyfjafræðingsprófs, og skal kennslu hagað þannig, að ljúka megi því á fimm árum. Kandídatprófi skal ljúka eigi síðar en sjö árum eftir að stúdent innritaðist í lyfjafræðinámið. Undanþágu má veita frá þessum tímamörkum vegna veikinda eða annarra svipaðra vítaleysisástæðna.

Deildinni er heimilt að meta gilt sambærilegt nám og próf einstakra stúdenta í öðrum deildum háskólans eða annars staðar frá sem hluta af námi til lyfjafræðingsprófs.

Próftítilinn *candidate pharmaciae*, *cand.pharm.*, ber sá er lokið hefur kandídatprófi frá lyfjafræðideild.

Lyfjafræðideild getur veitt kennslu og þjálfun til meistaraþrófs, *magister scientiarum* (M.S.-prófs), á fræðasviðum deildarinnar. Lærdómstíllinn M.S. er veittur fyrir 60 eininga framhaldsnám að afloknu B.S.-prófi eða öðru háskólaprófi sem deildin telur að feli í sér viðeigandi undirbúning til námsins.

Nefnd, skipuð af deildinni, er deildarforseta til aðstoðar við að meta umsóknir um M.S.-nám, fylgjast með náminu í heild og samræma það. Sérstök umsjónarnefnd, skipuð

af deild, hefur umsjón með námi hvers stúdents í M.S.-námi. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og er ritgerð byggð á sjálfstæðri rannsókn hluti námsins. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera minnst 30 námseiningar en mest 45. M.S.-rannsóknarverkefni lýkur með því að stúdent leggur fram ritgerð og heldur um hana fyrirlestur. Ritgerð og fyrirlestur eru dæmd af tveimur sérfræðingum sem umsjónarnefnd tilnefnir til starfans. Aðrar námseiningar til M.S.-prófs öðlast stúdent með þátttöku í námskeiðum. Lágmarkseinkunn fyrir námskeið sem tekin eru sem hluti af námi til M.S.-prófs er 6,0.

Um doktorspróf gilda sérstakar reglur sem deildin setur og háskólaráð staðfestir.

125. gr.

Starfsþjálfun.

Um starfsþjálfun stúdenta eftir fyrsta, annað, þriðja og fjórða námsár fer eftir reglum sem deildin setur.

Sá sem lokið hefur starfsþjálfun samkvæmt framansögðu getur sótt um leyfi til að kalla sig lyfjafræðing, enda fullnægi hann kröfum 3. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978, með áorðnum breytingum.

XX. KAFLI

Hjúkrunarfræðideild.

126. gr.

Kennslugreinar.

Hjúkrunarfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.S.-prófs í hjúkrunarfræði.

Til kandidateksprófs í ljósmóðurfræði (cand.obst.)

Til meistaraþrófs í hjúkrunarfræði á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.

Deildin setur nánari reglur um nám til meistaraþrófs sem háskólaráð staðfestir. Nám er vegið í einingum og telst ársnám 30 einingar. Almenn grunnnám í hjúkrunarfræði er fjögur námsár, samtals 120 einingar, og lýkur með B.S.-prófi. Hámarksnámstími er 6 ár. Deildinni er heimilt að bjóða hjúkrunarfræðingum sérskipulagt grunnnám til B.S.-prófs, auk viðbótarnáms og endurmenntunar.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

127. gr.

Námsframvinda, námsmat, einkunnir og hámarksnámstími.

Til þess að flytjast milli námsára í almennu grunnnámi í hjúkrunarfræði má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum reglum, ef sérstaklega stendur á.

Deildin ákvarðar námsleiðir og kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra, að fengnum tillögum námsnefnda í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði, og skal það tilgreint í kennsluskrá. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í hjúkrunarfræði. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs sem hún tekur til. Réttur stúdenta til framhaldsnáms er miðaður við árangur samkeppnisprófa í lok fyrsta misseris fyrsta námsárs, samkvæmt nánari reglum sem deildin setur og birtar skulu í kennsluskrá.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildar.

Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri, er deildarfundur heimilt, að tillögu kennara, að ákveða, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Árangur stúdents í verklegu námi skal metinn af þeim kennara sem kennsluna veitir. Einkunn í verklegu námi reiknast ekki til lokaekunnar í námskeiði. Þó er kennara það heimilt með samþykki deildar og skal slík ákvörðun þá tilgreind í kennsluskrá.

Til þess að öðlast B.S-gráðu í hjúkrunarfræði verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

4,0 í efnafræði.

6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun deildar.

5,0 í öðrum námskeiðum.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í hjúkrunarfræðideild.

128. gr.

Ljósmóðurfræði.

Nám í ljósmóðurfræði er 18 mánaða bóklegt nám og starfsþjálfun fyrir hjúkrunarfræðinga. Hámarksnámsstími er 3 ár. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum tíma-mörkum þegar sérstaklega stendur á. Ekki er hægt að stunda nám í ljósmóðurfræði sem hlutanám. Lágmarkseinkunn er 6,0 í öllum þáttum námsmats í hverju námskeiði. Hvert námskeið er nauðsynleg undirstaða þess næsta. Deildin setur nánari reglur um námið.

Próftítilinn candidatus obstetriciorum (cand.obst.) ber sá er lokið hefur kandidateisprófi í ljósmóðurfræði frá hjúkrunarfræðideild.

Inntökuskilyrði í nám í ljósmóðurfræði er próf í hjúkrunarfræði og íslenskt hjúkrunarleyfi. Hjúkrunarfræðingar sem ekki hafa lokið B.S.-prófi í hjúkrunarfræði þurfa að ljúka fornámi samkvæmt ákvörðun deildar áður en nám í ljósmóðurfræði getur hafist.

Innitun í ljósmóðurfræði er miðuð við tiltekinn stúdentafjölda á hverju ári, samkvæmt ákvörðun háskólaráðs, að fengnum rökstuddum tillögum deildar. Verði umsækjendur fleiri en nemur þeim fjölda sem háskólaráð ákvarðar fjallar námsnefnd í ljósmóðurfræði um umsóknirnar og tekur ákvörðun um val stúdenta, samkvæmt nánari reglum sem deildin setur og birtar skulu í kennsluskrá.

XXI. KAFLI

Birting reglugerðar, ákvæði um breytingar og gildistaka.

129. gr.

Setning reglugerðar og breytingar á henni.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999.

Reglugerð þessari verður ekki breytt nema með samþykki háskólaráðs og, eftir atvikum, að undangenginni umsögn háskóladeildar eða háskólafundar, þar sem við á, sbr. ákvæði laga um Háskóla Íslands.

Háskólaráð gefur út handbók, sem hefur að geyma ákvæði laga og reglna, sem á hverjum tíma eru í gildi fyrir Háskóla Íslands.

130. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtaldar reglugerðir

og auglýsing sem varða Háskóla Íslands og stofnanir sem heyra undir háskóladeildir, sbr. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, II. kafla þessarar reglugerðar og einnig 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í reglugerð þessari, en reglugerðir um stofnanir halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær eru samrýmanlegar ákvæðum laga nr. 41/1999 þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur um starfsemi þeirra í samræmi við ákvæði 27. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð um Lagstofnun Háskóla Íslands nr. 190/1974.

Reglugerð um Líffræðistofnun Háskólans nr. 191/1974.

Reglugerð um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 318/1975.

Reglugerð um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands nr. 89/1983.

Reglugerð um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 243/1985.

Reglugerð um Hagfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 188/1989.

Reglugerð um Stofnun í erlendum tungumálum við heimspekideild Háskóla Íslands 598/1982. Breyt. 633/1991.

Reglugerð um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands nr. 211/1992.

Reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, með áorðnum breytingum;

Breyt. reglug. 101/1992, 116/1994, 118/1994, 81/1995, 113/1995, 122/1995, 3/1996, 12/1996, 32/1996, 118/1996, 105/1998, 107/1998.

Reglugerð um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 105/1993.

Reglugerð um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 333/1995.

Reglugerð um Heimspekistofnun Háskóla Íslands nr. 599/1982. Breyt. nr. 501/1995.

Reglugerð um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands nr. 124/1997.

Reglugerð um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands nr. 125/1997.

Reglugerð um Lyfjfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 126/1997.

Auglýsing um veitingu starfa háskólakennara nr. 366/1997.

Reglugerð um Raunvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 896/1999.

Reglur fyrir Hugvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 897/1999.

Reglur um rektorskjör nr. 899/1999.

Reglugerð um lagadeild Háskóla Íslands nr. 900/1999.

Reglur um kosningar til háskólaráðs nr. 901/1999.

Reglugerð um viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands nr. 902/1999.

Reglugerð um verkfræðideild Háskóla Íslands nr. 903/1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi háskólaráð sem kosið var vorið 1999, samkvæmt bráðabirgðareglum samþykktum af háskólaráði 8. apríl 1999, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, situr til loka háskólaársins 1999-2000. Háskólaráð sem kosið var fyrsta sinni samkvæmt reglum þessum í febrúar 2000, tekur til starfa 5. september árið 2000 og situr til 30. júní árið 2002. Eftir það gilda ákvæði 2. töluliðar 3. gr. þessarar reglugerðar um upphaf og lok kjörtímabils.

Í samræmi við 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 situr núverandi rektor Háskóla Íslands út yfirstandandi kjörtímabil sitt en að því loknu skipar menntamálaráðherra rektor til fimm ára í samræmi við 6. gr. laganna, samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Kjörtímabil núverandi rektors hófst 5. september 1997 og lýkur 4. september árið 2000. Kjörtímabil rektors sem skipaður hefur verið til fimm ára, skv. 3. mgr. 6. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, verður frá 5. september árið 2000 til 30. júní árið 2005.

Deildarforsetar, skorarformenn og varamenn þeirra, sem kjörnir voru samkvæmt

ákvæðum reglugerðar nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, sitja út kjörtímabil sitt en að því loknu skulu þeir kjörnir samkvæmt 20. og 22. gr. þessarar reglugerðar.

Ákvæði 5. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 98/1993, með áorðnum breytingum, um tíma-mörk í starfi, og reglur um stöðuhækkanir og þrepahækkanir samkvæmt framgangskerfi háskólamanna frá 2. nóvember 1995 gilda þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur um framgang. Skal því lokið eigi síðar en 1. júlí 2001.

Ákvæði 1. mgr. 56. gr. um sjúkra- og upptökupróf koma til framkvæmdar frá og með upphafi kennslumisseris haustið 2000.

Reglum 91.-93. gr. var beitt um stúdenta, sem innrituðu sig til náms við lagadeild háskólaárið 1999-2000. Eldri reglur gilda um stúdenta sem hafa staðist próf í almennri lögfræði vorið 1999 eða fyrr en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en sem nemur reglulegri framvindu náms.

Reglugerðir um stofnanir sem heyra undir háskóladeildir halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær eru samrýmanlegar ákvæðum laga nr. 41/1999 þar til háskólaráð hefur sett nýjar reglur um starfsemi þeirra í samræmi við ákvæði 27. gr. reglugerðar þessarar. Skal þeirri endurskoðun lokið innan árs frá gildistöku reglugerðar þessarar.

Þar til deildir eða stofnanir hafa sett sér reglur, staðfestar af háskólaráði, um gerð tillagna um veitingu starfs, samkvæmt 5. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999, gildir eftirfarandi:

1. Þegar deildarforseti hefur fengið frá rektor dómnefndarálit ásamt athugasemdum umsækjenda og svörum dómnefndar, ef við á, sendir hann málið til skorar eða stjórnar rannsóknastofnunar sem gerir tillögu um hverjum hún telji rétt að veita starfið.

2. Að fengu álit skorar eða stjórnar rannsóknastofnunar skal málið tekið fyrir á deildarfundum. Við boðun á deildarfund þar sem tillaga um veitingu starfsins er til umfjöllunar skal senda dómnefndarálitið ásamt fylgigögnum ef við á til þeirra deildarmanna, sem eiga atkvæðisrétt. Á deildarfundinum skal formaður dómnefndar eða staðgengill hans úr dómnefnd gera grein fyrir álitinu. Dómnefndarmönnum er heimilt að sitja fundinn á meðan umfjöllun um álit þeirra fer fram.

3. Að lokinni reifun formanns dómnefndar fara fram umræður um umsækjendur um starf. Þegar umræðum er lokið kjósa deildarmenn milli umsækjenda. Deildarforseta ber að fresta atkvæðagreiðslu krefjist þriðjungur fundarmanna þess. Ef fleiri en tveir umsækjendur eru í kjöri og enginn þeirra hlýtur hreinan meirihluta atkvæða í fyrstu umferð skal kjósa aftur á milli þeirra sem flest atkvæði fengu.

4. Fulltrúar stúdenta í stjórnunareiningum eiga ekki atkvæðisrétt þegar kosið er milli umsækjenda.

Innan eins árs frá gildistöku þessarar reglugerðar skal háskólaráð hafa endurskoðað reglugerðir stofnana sem heyra undir háskólaráð, sbr. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og sett þeim sérstakar reglur um hlutverk, aðstöðu, skipulag, stjórn, starfsfólk, fjármál og annað sem nauðsynlegt kann að reynast, sbr. ákvæði 26. gr. þessarar reglugerðar. Að því búnu falla úr gildi eftirtaldar reglugerðir:

Reglugerð um stofnun Sigurðar Nordals nr. 410/1986.

Reglugerð um Rannsóknastofnun í siðfræði nr. 449/1988.

Reglugerð um Sjávarútvegsstofnun Íslands nr. 296/1989.

Reglugerð um Rannsóknastofnu í kvennafræðum við Háskóla Íslands nr. 125/1990.

Reglugerð um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands nr. 212/1990.

Reglugerð um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands nr. 540/1991.

Reglugerð um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 119/1997.

Reglugerð um Umhverfisstofnun Háskóla Íslands nr. 122/1997.

Reglugerð um Reiknistofnun Háskólans nr. 346/1998.

Reglugerð um Orðabók háskólans nr. 350/1998, breyting nr. 591/1998.

Eftirtaldar stofnskrár og skipulagskrár halda gildi sínu:
Auglýsing um stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands nr. 11/1919.
Stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands nr. 276/1980.
Skipulagskrá nr. 780/1999 fyrir Styrktarsjóð Listasafns Háskóla Íslands.

Háskóla Íslands, 26. júní 2000.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

19. júní 2000

Nr. 459

PRÓFAREGLUR

fyrir Háskólann á Akureyri.

1. Almenn.

- a) Próf eru haldin í lok hvors kennslumisseris og í síðustu viku fyrir upphaf haustmisseris. Tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa skal ákvörðuð af háskólaráði og birt í kennsluskrá.
- b) Einungis nemendur sem hafa fallið eða verið veikir í reglulegu prófi eiga rétt á að taka sjúkra- og endurtökupróf og skal slíkt próf haldið þótt aðeins einn nemandi eigi rétt á og ætli sér að þreyta það.
- c) Háskólakennarar standa fyrir prófum. Próf eru munnleg, skrifleg eða verkleg. Heimilt er að meta ritgerðir, skýrslur o.þ.h. í stað prófs eða sem hluta af námsmati og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum þessara hluta. Skal um þetta vera samráð á milli deildarforseta og hlutaðeigandi kennara og ákvörðun kunngerð nemendum eigi síðar en við upphaf kennslu í viðkomandi námskeiði. Ef til breytinga á námskeiðsmati þarf að koma eftir að námskeið er hafið þarf samþykki meirihluta nemenda í námskeiðinu og allra hlutaðeigandi kennara til þess að breytingar taki gildi.
- d) Við munnlegt og verklegt próf skal vera prófdómari. Við lokaverkefni skal ætíð vera prófdómari hvort sem það er munnlegt eða skriflegt. Með lokaverkefni er átt við sérstakan námsáfganga samkvæmt skilgreiningu í námsskrá. Önnur skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir. Háskólarektor skipar prófdómendur að fengnum tillögum viðkomandi deildar.
- e) Drög að próftöflum skulu liggja fyrir eigi síðar en fimm vikum fyrir próftímabil og endanlegar próftöflur eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi próftímabil hefst. Prófstjóri sér um að koma próftöflum til allra umsjónarkennara sem próf eiga á töflunni og birta nemendum þær á auglýsingatöflum skólans.
- f) Ekki er heimilt að lengja eða stytta próftíma eftir að próf er hafið nema að ósk umsjónarkennara og með samþykki prófstjóra. Ef ófyrirsjáanleg truflun hefur orðið á framkvæmd prófs getur prófstjóri breytt próftíma og ber að tilkynna nemendum það samstundis.
- g) Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra. Hún sér um að birta nemendum einkunnir.
- h) Hálfum mánuði eftir að síðasta einkunn hvers misseris liggur fyrir skal liggja fyrir útskrift af námsferli nemenda og hún send þeim í pósti.
- i) Að liðnum fjórum árum frá prófdegi skulu úrlausnir eyðilagðar.

2. Prófstjóri.

Rektor ræður prófstjóra sem annast undirbúning og framkvæmd prófa í samráði við deildarforseta og skrifstofu háskólans. Verksvið prófstjóra er (auk þess sem fram kemur í greinum 1 og 7):

- a) Að tryggja samræmingu á framkvæmd prófa í öllum deildum, að prófareglum sé framfylgt og að viðurlögum sé framfylgt séu prófareglur brotnar.
- b) Að vera tengiliður á milli skrifstofu og umsjónarkennara.
- c) Að setja próf í stofur og skipuleggja yfirsetur.
- d) Að sjá um, í samvinnu við skrifstofu, að úrlausnir berist til viðkomandi umsjónarkennara.
- e) Að vera skrifstofu til ráðgjafar um framkvæmd prófa og túlkun prófareglna.
- f) Prófstjóri eða staðgengill hans skal vera tiltækur á meðan próf stendur yfir.
- g) Ekkert próf má halda án samráðs við prófstjóra.
- h) Prófstjóri lætur prófvörðum (yfirsetumönnum) í té nákvæmar leiðbeiningar um starf sitt.
- i) Uni kennari, nemandi eða annar hlutaðeigandi aðili ekki úrskurði prófstjóra skal ágreiningnum vísað til rektors til úrskurðar.

3. Umsjónarkennari.

Með hverju námskeiði skal vera umsjónarkennari.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á:

- a) Að tilkynna öllum kennurum viðkomandi námskeiða um prófdaga um leið og próftafla liggur fyrir.
- b) Að prófspurningar berist til skrifstofu. Hann sér um að samræma prófspurningar innan sinna umsjónarnámskeiða og skilar þeim á tölvutæku formi eða tilbúnum til ljósritunar. Slíku prófi skal skilað á skrifstofu til fjölföldunar eigi síðar en þrem virkum dögum fyrir próf. Próf sem skrifstofu er afhent til fjölföldunar skal vera skýrt og greinilega prentað og spurningarnar númeraðar í samfelldri röð. Meginreglan er sú að kennarar setji próf sín upp sjálfir. Ef óunnu handriti er skilað inn skal fresturinn vera tíu dagar og kennari koma á skrifstofu skólans og lesa prófið yfir þrem virkum dögum áður en það fer í fjölföldun. Ef próf skiptist í hluta skal hver prófhluti hafa fyrirsögn og gildi hans í heildarprófinu gefið í heilum prósentum. Gildi hvernar spurningar sem heilt prósent af prófinu í heild skal gefið.
- c) Móttöku og kvittun fyrir móttöku úrlausna (strax að afloknu prófi) frá skrifstofu og að úrlausnir nemenda berist til viðkomandi kennara strax að loknu prófi.
- d) Að reikna út lokaekinn nemenda í námskeiði.
- e) Að einkunnir berist til skrifstofu eigi síðar en á ellefta virka degi eftir prófdag og að úrlausnum verði skilað til skrifstofu strax að loknum sýnidegi prófs.
- f) Að skipuleggja sýnidag prófs í samvinnu við kennara viðkomandi námskeiðs.
- g) Nærveru sinni á prófstað, en hann skal koma á prófstað innan klukkustundar frá upphafi prófs.
- h) Að útvega í undantekningartilvikum og í samráði við prófstjóra staðgengil sinn í prófi.
- i) Að skila gögnum um verklegan eða annan mats- eða prófhluta í lok misseris til skrifstofu sem kemur þeim áleiðis til þess kennara sem sér um endurtökunámskeið eða endurtökupróf.

4. Kennarar.

- a) Nemandi á rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga. Kennari sem heldur próf skal vera tiltækur á meðan próf stendur yfir og koma á prófstað svo fljótt sem auðið

er, sé þess óskað. Í undantekningartilfellum er kennara heimilt að verða sér úti um staðgengil með faglega þekkingu á prófsefninu. Sé staðgengill fenginn, þá ber kennara og staðgengli að fara í sameiningu yfir prófverkefnið fyrir próf. Skal umsjónarkennara tilkynnt um staðgengilinn.

- b) Einkunnum úr einstökum prófhlutum skal skilað til umsjónarkennara á sérstöku eyðublaði, sem kennaranum er afhent ásamt úrlausnunum, svo fljótt sem auðið er og aldrei síðar en tíu virkum dögum eftir að próf er haldið. Að liðinni prófsýningu skal umsjónarkennari koma úrlausnum til varðveislu á skrifstofu. Skrifstofa kvittar fyrir móttöku úrlausna.
- c) Þegar um er að ræða samsett próf (þ.e.: margir kennarar kenna hver sinn hluta náms-efnis) skal einkunnagjöf þannig háttað að kennari sem t.d. er með 15% prófs gefi fyrir sinn hluta prófsins í heilum stigum, allt að 15 stigum.

5. Nemendur.

- a) Fyrir upphaf kennslutímabils skrá nemendur sig í þau námskeið er þeir hyggjast sækja. Innritun í námskeið gildir sem innritun í próf sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þeir sem ekki hafa innritað sig í námskeiðið með framangreindum hætti en hyggjast þreyta próf í viðkomandi grein skulu skrá sig í próf með minnst tveggja vikna fyrirvara. Innritun í haustpróf og sjúkra- og endurtökupróf skal vera lokið eigi síðar en einni viku fyrir áætlaðan próftíma enda hafi umsjónarkennari þá skilað inn einkunn úr reglulegu prófi. Að öðrum kosti skal innritun lokið eigi síðar en einum degi eftir að einkunn er skilað inn. Ekki er hægt að skrá sig úr haustprófum né sjúkra- og endurtekningarprófum. Nemandi sem hyggst taka fleiri en eitt próf er falla á sama tíma skal koma upplýsingum um það til prófstjóra með viku fyrirvara, þannig að gera megi ráðstafanir til að taka megi prófin hvert á fætur öðru.
- b) Nemandi sem kemur ekki til prófs sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið. Honum er þó ekki heimilt að skrá sig í endurtökupróf. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu skólans eigi síðar en sjö dögum fyrir prófdag.
- c) Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll á prófdegi áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið. Það sama gildir ef nemandi mætir ekki í próf vegna veikinda barns.
- d) Nú stenst nemandi ekki próf og er honum þá heimilt að endurtaka það einu sinni án kostnaðar. Þurfi nemandi að taka prófið í þriðja sinn þá greiðir hann 4.000,- kr. Eftir þriðju tilraun ber nemanda að greiða hálf túsund krónur skrásetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.
- e) Nemandi á rétt á að fá útskýringar á mati skriflegrar úrlausnar sinnar innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Útskýringar á skriflegu mati fela í sér að kennari gefi nemanda upp sundurliðaðar einkunnir og útskýringar á hverri einkunn. Þar með talið einkunnir fyrir hverja spurningu í prófi. Vilji nemandi sem ekki hefur staðist próf eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki sé ekki um lokaverkefni að ræða. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda í viðkomandi námskeiði óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Prófdómari skal hafa lokið viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein sem dæma skal eða hafa getið sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Kennari og prófdómari, ef tilkallaður er, dæma hvor um sig úrlausn í prófgrein. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf. Ef nið-

urstaða prófs hefur verið kærð af kennara eða meirihluta nemenda þá gildir einkunn prófdómara 75% og einkunn kennara 25%.

- f) Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið. Heimili deildarfundur endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið. Seinni einkunnin skal gilda.
- g) Nemandi skal hafa með sér, og láta liggja á borði sínu í prófi, skilríki með mynd.

6. Einkunnir.

- a) Einkunnir eru í heilum tölum frá 1 til 10 og skulu gefnar svo sem hér segir:

0 – 14 %	gefur einkunnina	1
15 – 24 %		2
25 – 34 %		3
35 – 44 %		4
45 – 54 %		5
55 – 64 %		6
65 – 74 %		7
75 – 84 %		8
85 – 94 %		9
95 – 100 %		10

- b) Lágmarkseinkunn til þess að standast próf er einkunnin 5. Heimilt er að setja það skilyrði fyrir rétti til töku skriflegra prófa að nemandi hafi náð tilskildum árangri í verklegum þætti og/eða verkefnum.
- c) Heimilt er að krefjast þess að nemendur nái lágmarkseinkunn í öllum hlutum prófs þegar um samsett próf er að ræða, enda sé slíkt tilkynnt við upphaf misseris.
- d) Ef nemandi hefur staðist verklegan eða annan mats- eða prófhluta, en ekki náð tilskilinni lokaekunn, gildir þessi hluti í tvö ár frá lokum viðkomandi misseris.
- e) Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum og er 9,0 – 10 ágætiseinkunn, 7,25 – 8,99 fyrsta einkunn, 6,0 – 7,24 önnur einkunn, og 5,0 – 5,99 þriðja einkunn.

7. Framkvæmd prófa.

- a) Nemendur skulu mæta 5 mínútum áður en próf hefst. Mæti nemandi meira en einni klukkustund eftir að próf hefst fær hann ekki að þreyta prófið.
- b) Í samsettum prófum skulu nemendur svara hverjum prófhluta á sérstöku blaði.
- c) Enginn má skila úrlausnum áður en ein klukkustund er liðin frá upphafi próftíma. Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausnum þegar í stað. Nemendur hafa þó tíma til að ganga frá prófúrlausnum sínum og merkja þær eftir að próftíma líkur, en ekki breyta eða bæta úrlausnirnar.
- d) Í öllum skriflegum prófum Háskólans á Akureyri á að skila prófspurningum, úrlausnum og krassblöðum til prófgæslumanns að prófi loknu. Prófspurningar úr öllum prófum verða síðan varðveittar á bókasafni háskólans í 5 ár, öllum aðgengi- legar. Prófspurningar fara á bókasafn háskólans þegar viðkomandi misseri er lokið.
- e) Nemendur mega ekki hafa yfirhafnir, töskur eða annan búnað, sem ekki tilheyrir leyfi- legum hjálpargögnum, við prófborðið. Óheimilt er að valda truflun í prófstofu.
- f) Nemendum er aðeins heimilt að yfirgefa prófborð áður en þeir hafa lokið prófinu til þess að fara á salerni, og aðeins undir eftirliti fylgdarmanns.
- g) Nemanda er óheimilt að ljúka prófi án þess að skila úrlausnarblaði með annað hvort nafni sínu og kennitölu eða skólanúmeri.

- h) Nemendur sem ljúka prófi áður en tilskildum próftíma lýkur skulu fara frá prófstofu og gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi.
- i) Háskóladeildum í samráði við prófstjóra er heimilt að nota skólanúmer. Nemandi skráir þá skólanúmer sitt á úrlausnarblöð í stað nafns. Allar einkunnir skulu birtar eftir skólanúmerum.
- j) Nú æskir nemandi þess við prófstjóra að taka próf annars staðar en á prófstað í Háskólanum á Akureyri. Prófstjóra er þá heimilt, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, að heimila nemanda að taka prófið í annarri háskóla- eða menntastofnun, enda hafi verið samið fyrirfram við stofnunina um slíkt fyrirkomulag og þessi framkvæmd hafi engan aukakostnað í för með sér fyrir þá stofnun eða Háskólann á Akureyri.
- k) Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í prófi skal prófverkefnið og úrlausnin umsvifalaust tekin af nemandanum og prófstjóri eða staðgengill hans kallaður til. Máli nemandans skal síðan vísað til rektors til úrskurðar.

8. Gildistaka.

Prófareglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri, sbr. reglur nr. 888/1999, um Háskólann á Akureyri. Prófareglur þessar öðlast þegar gildi. Þannig samþykkt af háskólaráði þann 16. júní 2000.

Háskólanum á Akureyri, 19. júní 2000

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Laufey Sigurðardóttir
ritari háskólarektors.

SAMÞYKKT

um stjórn Snæfellsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Snæfellsbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarfélagsins sérlega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Snæfellsbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

7. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætl- aðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

8. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 7. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

9. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

10. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

11. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 7. gr. og þriggja ára áætlun skv. 10. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 9. gr.

12. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

III. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

13. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta fimmtudag í mánuði. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

14. gr.

Sá bæjarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

15. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggu hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

16. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga og 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundi. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

17. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum sem bæjarstjóri telur nauðsynleg.

18. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

19. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

20. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 14. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja úr sæti og skal kjör forseta fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu. Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

21. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

22. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

23. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatgur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmatgur.

24. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

25. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreiðu í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

26. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni.

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

27. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmatgur forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

28. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúi sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

29. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

30. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð þejarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

31. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsalum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

32. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímallengd eða umræðum verði lokið þá þegar.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo um mál að hún standi skemur en tvær klukkustundir meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur samkvæmt 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

33. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

34. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs, stjórnar eða bæjarstjóra. Mál sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

35. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef bæjarfulltrúi óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

36. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kosningu forseta bæjarstjórnar.

37. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölu-liða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthver atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

38. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dag-skrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

39. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

40. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags

og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldprotaskipta og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

41. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðsluna ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

43. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

45. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

46. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

V. KAFLI

Bæjarráð, nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kys fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Þeir bæjarfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks eða framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á fimmtudegi kl. 17.30. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 37. gr.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra

um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

55. gr.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með skriflegri dagskrá með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnalaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 37. gr.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktun ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir.

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Tveir stjórnarmenn og jafnmargir til vara í stjórn Sparisjóðs Ólafsvíkur* skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir.
2. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að eflingu atvinnulífs og auka fjölbreytni í atvinnu- og ferðamálum í bæjarfélaginu.
3. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer einnig með umferðarmál skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
4. *Búfjárefnirlitsmaður.* Einn ráðinn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
5. *Stjórn byggðasamlags um rekstur félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. samþykktar um byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Um verkefni og skyldur stjórnar fer skv. 6. gr. samþykktar um byggðasamlagið.
6. *Félags- og barnaverndarnefnd Snæfellinga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 7. gr. samþykktar um byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Félags- og barnaverndarnefnd Snæfellinga fer einnig með verkefni barnaverndarnefndar skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992, verkefni jafnréttisnefndar, sbr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992.
7. *Skólaþjónustunefnd Snæfellinga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. samþykktar um byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
8. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994, sbr. lög nr. 7/1996.
9. *Brunamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með yfirstjórn brunavarna o.þ.h. í bæjarfélaginu.
10. *Umhverfismála- og náttúruverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
11. *Fulltrúi í heilbrigðisnefnd Vesturlands* skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
12. *Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.* Samkvæmt samþykktum um Samband ísl. sveitarfélaga.
13. *Fulltrúar á aðalfund héraðsnefndar Snæfellinga.* Samkvæmt samþykktum héraðsnefndar Snæfellinga.
14. *Fulltrúar á aðalfund S.S.V.* Samkvæmt samþykktum S.S.V.
15. *Húsnaðisnefnd.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnaðismál nr. 44/1998.
16. *Íþrótt- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Yfirstjórn íþrótt- og æskulýðsmála og eftirlit með íþróttamannvirkjum og leikvöllum.
17. *Lista- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Skal efla lista og

menningarlíf í Snæfellsbæ. Nefndin skal jafnframt gegna starfi stjórnar bókasafns Snæfellsbæjar skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.

18. *Launanefnd sveitarfélaga*. Bæjarstjóri situr í henni og hefur hún með kjaramál að gera.
 19. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 20. *Stjórn skíðamiðstöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hefur umsjón með skíðasvæðum í Snæfellsbæ.
 21. *Stjórn heilsugæslu Snæfellsbæjar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 22. *Stjórn byggðasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hefur umsjón með söfnun muna og uppbyggingu safnsins.
 23. *Stjórn Jaðars*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hefur umsjón með stjórn dvalarheimilis aldraða.
 24. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 25. *Skólanefnd Snæfellsbæjar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og málefni leikskóla skv. 9. gr. laga nr. 78/1994.
 26. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að fara með landbúnaðarmál, fjallskil, forðagæslu og lausagöngu búfjár.
 27. *Skólanefnd Tónlistarskólanna í Snæfellsbæ*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 28. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 24/2000.
 29. *Stjórn Náttúrugripasafns Hellissands*. Þrír aðalmenn. Hefur umsjón með söfnun muna og uppbyggingu safnsins.
 30. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
- C. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslíð bæjarfélagsins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóranum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Bæjarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

69. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 222/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. júní 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er skipuð 5 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Skútustaðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Skútustaðahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi hálfsmánaðarlega. Dagsetning funda og tímasetning skal ákveðin til eins árs í senn frá byrjun kjörtímabils. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn mála flokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórn-

armenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það

skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dýrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum og hafa frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á því sviði.
 2. *Búfjárefstirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
 3. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 24/2000. Undirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir.
 4. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
 5. *Skólanefnd grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 6. *Stjórn bókasafns og félagsheimilisins Skjólbrekku.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 7. *Æskulýðs-, íþrótt- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs-, íþrótt- og umhverfismálum og hefur frumkvæði að tillögugerð til sveitarstjórnar á þeim vettvangi. Nefndinni ber að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum þar sem það á við og hún skal eiga samstarf við aðrar nefndir, s.s. skólanefnd um þau viðfangsefni sem sameiginleg geta talist.
 8. *Landbúnaðarnefnd/fjallskilastjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. samþykkt sveitarstjórnar nr. 169/1996.
- B. **Nefnda- og fulltrúaskipun** samkvæmt sérstökum samningum á vettvangi héraðsnefndar Þingeyinga eða við einstök sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga:
1. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 2. *Héraðsnefnd Þingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.

3. *Aðalfundur Hvamms, dvalarheimilis aldraðra*. Einn aðalmaður og einn til vara.
4. *Byggingarnefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara.
5. *Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
6. *Aðalfundur Sorpsamlags Þingeyinga*. Einn aðalmaður og einn til vara.
7. *Almannavarnanefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs en honum er heimilt með samþykki sveitarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

55. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Í fastar stöður á vegum sveitarfélagsins skulu starfsmenn fyrst ráðnir ákveðinn reynslutíma í 3, 6, 9 eða 12 mánuði. Eftir það má ráða í stöðurnar til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Allir ráðningarsamningar skulu vera skriflegir og fara starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna eftir ákvæðum ráðningarsamnings og/eða ákvæðum viðkomandi kjarasamninga.

57. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætl-
aðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hlið-
sjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhags-
áætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnar-
fundu enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhags-
áætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar, sbr. 72 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveit-
arfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert, sbr. einnig 72. gr. sveitarstjórnar-
laganna. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Skútustaðahrepps nr. 494/1988.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. júní 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um markaðsleyfi fyrir lyf, merkingar þeirra og fylgiseðla. Ákvæði 18.–38. gr. um merkingar og fylgiseðla skulu eftir því sem við á einnig ná til annarra lyfja.

Í reglugerðinni merkir sérlyf öll lyf, tilbúin eða sem næst tilbúin, sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir, undir sérstöku heiti og í sérstökum umbúðum framleiðanda (markaðsleyfishafa), sbr. 5. gr. lyfjalaga.

Þar sem við á skal umsækjandi/markaðsleyfishafi styðjast við viðurkennd heiti samkvæmt nýjustu útgáfu Pharmed Europa, Standard Terms, sem gefin er út af Evrópsku lyfjaskrárnefndinni (Ph. Eur.).

II. KAFLI

Markaðsleyfi fyrir lyf.

2. gr.

Krafa um markaðsleyfi.

Sérlyf, lyf tilbúin til notkunar fyrir dýr og lyfjablöndur til íblöndunar í fóður, skulu hafa hlotið viðurkenningu Lyfjastofnunar og öðlast markaðsleyfi áður en þau eru sett á markað.

Krafist er markaðsleyfis fyrir hvern styrkleika og hvert lyfjaform þó lyfið sé að öðru leyti jafngilt.

3. gr.

Lyf undanþegin kröfunni um markaðsleyfi.

Þó að lyf falli undir 2. gr., er heimilt að setja það á markað án markaðsleyfis ef lyfið er:

- Hómópatískt eða antroposofískt og hefur gilt markaðsleyfi í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins).
- Lyfjagas.

Lyfjastofnun getur ákveðið að tiltekin lyf skuli hafa markaðsleyfi skv. 2. gr., jafnvel þótt þau falli undir 1. mgr.

4. gr.

Leyfi til notkunar lyfs án markaðsleyfis á grundvelli umsóknar læknis eða tannlæknis.

A grundvelli rökstuddrar umsóknar frá lækni eða tannlækni og á þeirra (persónulegu)

Endurprentað blað.

ábyrgð er Lyfjastofnun heimilt að veita leyfi til notkunar lyfs er fellur undir 2. gr., þrátt fyrir að það hafi ekki markaðsleyfi. Leyfi er heimilt að veita fyrir:

- a) Lyf til notkunar fyrir sjúkling.
- b) Lyf er nota skal á sjúkrastofnun.

Við notkun á sjúkrastofnun, sbr. b-lið, 1. mgr., skal umsókn undirrituð af lækni viðkomandi deildar. Leyfi má veita fyrir tiltekið magn eða í ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

5. gr.

Leyfi til notkunar lyfs án markaðsleyfis á grundvelli umsóknar frá dýralækni.

Á grundvelli rökstuddrar umsóknar frá dýralækni og á hans (persónulegu) ábyrgð, er Lyfjastofnun heimilt að veita leyfi til notkunar lyfs fyrir dýr, er fellur undir 2. gr., þrátt fyrir að það hafi ekki markaðsleyfi. Leyfi er heimilt að veita fyrir lyf, sem notast skal hjá dýralækni. Leyfi má veita fyrir tiltekið magn eða í ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

Ekki er unnt að veita leyfi skv. 1. mgr. fyrir dýralyf handa dýrum ef afurðir þeirra eru nýttar til manneldis, nema lyfið hafi markaðsleyfi í minnst einu aðildarríki EES-samningsins og virkt innihaldsefni sé á lista í viðauka I, II, eða III við reglugerð nr. 2377/90/EBE. Þó er Lyfjastofnun heimilt að víkja frá þessu ef upp koma alvarlegar farsóttir hjá dýrum og ekki er fánlegt viðeigandi lyf með markaðsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

6. gr.

Markaðssetning án markaðsleyfis í sérstökum tilvikum.

Lyfjastofnun er heimilt að veita aðrar undanþágur frá kröfunni um markaðsleyfi í einstaka tilvikum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau, sbr. 7. gr. lyfjalaga.

7. gr.

Upplýsingaskylda vegna lyfja sem undanþegin eru kröfu um markaðsleyfi.

Hver sá er setur á markað lyf skv. 1. mgr., 3. gr., skal ef óskað er, upplýsa Lyfjastofnun um eðli og umfang starfseminnar. Sama gegnir um hvern þann er fær leyfi til notkunar lyfs án markaðsleyfis skv. 4. eða 5. gr., eftir því sem við á.

III. KAFLI

Umsókn um markaðsleyfi.

A. Almenn ákvæði.

8. gr.

Reglur um umsókn um markaðsleyfi o.fl.

Ákvæði þessa kafla gilda um umsóknir um markaðsleyfi en um meðferð umsókna o.fl. skal farið skv. V. kafla. Ef lyf óskast viðurkennt á grundvelli markaðsleyfis sem er útgefið í öðru aðildarríki EES-samningsins, skulu reglur IV. kafla einnig gilda. Fyrir lyf sem sótt er um viðurkenningu fyrir á grundvelli markaðsleyfis, útgefið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (European Commission), gilda einungis ákvæði VI. kafla.

9. gr.

Sérstakar skilgreiningar.

Í þessum kafla er merking hugtaka eftirfarandi:

- a) Heiti lyfs: Það nafn lyfs sem lyfinu hefur verið valið og getur verið sérheiti, samheiti eða fræðiheiti í tengslum við vörumerki eða heiti framleiðanda.

- b) Samheiti: Alþjóðlegt samheiti (International Nonproprietary Name (INN)), samþykkt af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eða ef það er ekki til, annað algengt samheiti.
- c) Styrkur lyfs: Innihald virkra efna, gefið upp sem magn í skammti, magn í rúmmáls-einingu eða magn í þyngdareiningu, eftir því um hvaða lyfjaform er að ræða.
- d) Innri umbúðir: Ílát eða annars konar umbúðir, sem eru í beinni snertingu við lyfið.
- e) Ytri umbúðir: Umbúðir utan um innri umbúðir.
- f) Áletrun: Upplýsingar sem koma fram á innri og ytri umbúðum.
- g) Fylgiseðill/notkunarleiðbeiningar: Seðill sem fylgir lyfinu með upplýsingum fyrir notendur.

B. Kröfur til umsóknar.

10. gr.

Umsækjandi, staður og krafa um umboðsmann.

Umsókn um markaðsleyfi skal berast Lyfjastofnun frá væntanlegum markaðsleyfishafa eða umboðsmanni hans. Sé umsækjandi ekki með aðsetur innan Evrópska efnahagssvæðisins skal umsókn berast frá umboðsmanni umsækjanda skv. 107. gr.

11. gr.

Lágmarkskröfur til umsóknar.

Í umsókn um markaðsleyfi skal veita þær upplýsingar og þau gögn er gildandi reglur kveða á um og álitin eru nauðsynleg við mat á lyfi um gæði, öryggi og verkun þess.

Umsókn skal senda Lyfjastofnun á eyðublöðum sem þar fást. Fylgiskjöl og gögn með umsókn skal senda í einu eintaki, nema annað sé tekið fram og skal kvittun fyrir greiðslu gjalds fyrir markaðsleyfi fylgja þeim.

12. gr.

Fylgiskjöl og gögn með umsókn.

Umsókn um markaðsleyfi skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar og gögn:

- a) Almennar upplýsingar (administrative data), í samræmi við leiðbeiningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins („Notice to Applicants for marketing authorisation for medicinal products for human use“ og fyrir dýralyf „Notice to Applicants for marketing authorisation for veterinary medicinal products“), sem í gildi eru hverju sinni.
- b) Eðlis- og efnafræðileg gögn, líffræði- og örverufræðileg gögn.
- c) Gögn um eiturefnafræðilegar rannsóknir og aðrar rannsóknir á áhrifum lyfsins á dýr.
- d) Klínísk gögn.
- e) Skýrslur sérfræðinga, sbr. 15. gr.
- f) Tillaga að samantekt á eiginleikum lyfs, í samræmi við ákvæði í undirkafla C.
- g) Tillögur að áletrun innri og ytri umbúða í samræmi við ákvæði í undirkafla D.
- h) Tillaga að fylgiseðli í samræmi við ákvæði í undirkafla E.
- i) Vottorð/skjöl, sem sýna að framleiðandinn hafi gilt leyfi til framleiðslu lyfsins í sínu heimalandi.
- j) Staðfesting á greiðslu gjalds skv. 108. gr.
- k) Afrit af markaðsleyfum sem lyfið hefur fengið, innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins, ásamt lista yfir þau lönd þar sem umsókn um markaðsleyfi lyfsins er til meðferðar.
- l) Afrit af samantekt á eiginleikum lyfs og fylgiseðli sem eru viðurkennd í öðru landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða tillögur að samantekt á eiginleikum lyfs og fylgiseðli sem hafa verið sendar þar inn til samþykktar.

m) Hafi umsókn verið hafnað eða umsókn dregin til baka í einhverju landi innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna um það og upplýsa um ástæður þess. Upplýsingar sem um getur í staflíðum k), l) og m) í 1. mgr. skulu uppfærðar reglulega, á meðan umsókn er hjá Lyfjastofnun til meðferðar. Fyrir útgáfu markaðsleyfis lyfs skulu hafa verið send sýnishorn af lyfinu í endanlegri gerð.

13. gr.

Sérstakar kröfur til umsóknar vegna dýralyfja.

Umsókn um markaðsleyfi fyrir dýralyf skal einnig fylgja, auk þeirra gagna sem getið er um í 12. gr.:

- Skýrsla sem greinir frá mati á mögulegri hættu sem lyfið gæti valdið á umhverfi eða heilsu manna og dýra.
- Gögn er staðfesta, að sérstakar ráðstafanir hafi verið viðhafðar við framleiðslu lyfsins, jafnt allra hráefna sem virks efnis, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins TSE (transmissible spongiform encephalopathies), sbr. tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (Commission Directive 1999/104/EC).
- Tillaga að biðtíma frá því að lyf er gefið þar til unnt er að nýta afurðir dýra án þess að heilsu manna stafi hætta af. Nauðsynlegar skýrslur skulu fylgja sem rökstyðja hæfilegan biðtíma og þar sem greint er frá hvaða hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk skuli heimila (Maximum Residue Limit, MRL).
- Afrit af gögnum sem lögð hafa verið fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (European Commission) í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 2377/90/EBE, viðauka V, þegar lyf sem verið er að sækja um markaðsleyfi fyrir inniheldur nýtt virkt efni sem ekki er getið um í viðauka I, II eða III við reglugerð nr. 2377/90/EBE.

Vegna ákvæða í c-lið 1. mgr. getur Lyfjastofnun krafist þess að umsókn fylgi lýsing á hentugri mæliaðferð til að unnt sé að fylgjast með hámarks leyfilegu magni lyfjaleifa í afurðum.

14. gr.

Einföld umsókn.

Eiturefnafræðilegra, lyfjafræðilegra og klínískra gagna verður ekki krafist, sbr. c-d-lið 1. mgr. 12. gr., geti umsækjandi sýnt fram á:

- Að lyf er jafngilt lyfi með íslenskt markaðsleyfi og markaðsleyfishafi lyfsins sem vísað er til, hafi veitt samþykki sitt fyrir því að eiturefnafræðileg, lyfjafræðileg og klínísk gögn fyrir lyfið verði notuð við umfjöllun umsóknar eða,
- að með ítarlegri tilvísun í birtar vísindaheimildir, sem lagðar hafa verið fram í samræmi við kröfur í 11.–13. gr., sé hægt að sýna fram á/skjalfesta að innihaldsefni lyfs hafi þekkta verkun („well established use“, við sbr. reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1999/83/EC um breytingu á viðauka við tilskipun ráðherra-ráðs Evrópusambandsins nr. 75/318/EBE), og sé nægjanlega öruggt eða,
- að lyf sé jafngilt (essentially similar) öðru lyfi, er hefur haft gilt markaðsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu í lágmark 6 ár og hefur markaðsleyfi hér á landi. Tímamarkið er heimilt að auka í 10 ár vegna háteknilyfja skv. 65. gr. (viðauki við reglugerð nr. 2309/93/EBE, A-hluti), eða lyfja skv. 66. gr. (viðauki við reglugerð nr. 2309/93/EBE, B-hluti), þegar málsmeðferð skv. 2. mgr. 64. gr. hefur verið fylgt. Þessi takmörkun gildir þó ekki falli einkaleyfi viðkomandi lyfs fyrr úr gildi.

Ákvæði 1. mgr. takmarkar ekki skylduna til að leggja fram viðeigandi eiturefnafræðilegar, lyfjafræðilegar eða klínískar rannsóknir um lyf þegar ábendingar fyrir notkun lyfs eru nýjar eða um er að ræða nýjar íkomuleiðir lyfs eða nýja skammta.

Fyrir ný lyf með þekkt innihaldsefni sem fram til þessa hafa ekki verið notuð saman til lækninga, skal leggja fram niðurstöður lyfjafræðilegra, eiturefnafræðilegra og klínískra rannsókna af hinni nýju samsetningu, en ekki hvers einstaks hluta fyrir sig.

15. gr.

Sérfræðiskýrslur.

Til stuðnings þeim gögnum sem talin eru upp í 12. (og 13. gr.) skulu fylgja skýrslur sérfræðinga um:

- a) Eðlis- og efnafræðileg, líffræðileg og örverufræðileg gögn.
- b) Skýrslur um eiturefnafræðirannsóknir og rannsóknir á lyfhrifum/lyfjahvörfum.
- c) Klínísk gögn.

Framangreindar skýrslur skulu unnar af hæfum sérfræðingum í viðkomandi greinum. Höfundur skal undirrita skýrslu. Stutt yfirlit yfir menntun og starf sérfræðings skal fylgja.

C. Samantekt um eiginleika lyfs.
(Summary of Product Characteristics; SPC).

16. gr.

Tillaga að samantekt um eiginleika lyfs fyrir menn.

Tillaga umsækjanda skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) Heiti lyfsins.
- b) Virkt efni, styrkleika og lyfjaform.
- c) Klínískar upplýsingar (ábendingar, lyfjaskammtur, frábendingar, varúðarreglur, milliverkanir, meðgangi og brjóstgjöf, áhrif á akstur eða stjórnun vinnuvéla, aukaverkanir og ofskömmun).
- d) Lyfjafræðilegar upplýsingar (ATC-flokkun, lyfhrif, lyfjahvörf og forklínískar upplýsingar).
- e) Lyfjagerðarfræðilegar upplýsingar (hjálparefni, í/með hverju má blanda/þynna, geymsluþol, geymslukilyrði, þakningar, meðhöndlun).
- f) Upplýsingar um markaðsleyfishafa.
- g) Markaðsleyfisnúmer.
- h) Dagsetningu fyrstu útgáfu markaðsleyfis og síðustu endurnýjunar þar sem það á við.
- i) Dagsetningu síðustu endurskoðunar.

17. gr.

Tillaga að samantekt um eiginleika lyfs fyrir dýr.

Tillaga umsækjanda skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) Upplýsingar skv. 16. gr., að undanteknum upplýsingum skv. c-lið.
- b) Upplýsingar um áhrif á umhverfi þar sem það á við.
- c) Klínískar upplýsingar (dýrategundir sem lyfið er ætlað fyrir, notkunarleiðbeiningar fyrir viðkomandi dýrategundir, frábendingar, sérstakar varúðarreglur við notkun, notkun hjá dýrum með fangi og hjá mjólkandi dýrum, lyfjamilliverkanir og aðrar milliverkanir, skömmun og aðferð við gjöf, ofskömmun, sérstakar varúðarreglur fyrir viðkomandi dýrategundir, upplýsingar um afurðanýtingu, sérstakar varúðarráðstafanir fyrir þann sem gefur lyfið).

D. Merkingar.

18. gr.

Ytri umbúðir.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á ytri umbúðum lyfja eða á innri umbúðum, ef engar ytri umbúðir eru:

- a) Heiti lyfs og samheiti þar sem lyfið inniheldur eitt virkt efni. Ekki má vera hætta á því að rugla sérheiti lyfs við samheiti þess eða önnur lyf eða hætta á rangri notkun lyfsins. Sé lyfið til í fleiri en einu lyfjaformi og/eða styrkleika skal lyfjaform/styrkleiki tilgreint í heiti lyfs.
- b) Tilgreind skulu öll virk innihaldsefni og styrkur. Styrkleiki skal tilgreindur í hverjum skammti, rúmmálseiningu eða þyngdareiningu eftir gerð lyfs.
- c) Lyfjaform og tilgreint magn lyfs eftir rúmmáli, þyngd eða fjölda skammta.
- d) Upplýsingar um hjálparefni sem hafa þekktu virkni í samræmi við leiðbeiningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins („Notice to Applicants“) um hjálparefni. Sé um stungulyf að ræða, lyf til staðbundinnar notkunar eða augnlyf skulu öll hjálparefni tilgreind.
- e) Notkunarleiðbeiningar.
- f) Aðvörun um að lyfið skuli geymt þar sem börn ná ekki til.
- g) Sérstakar aðvaranir ef nauðsyn krefur.
- h) Fyrningardagsetning.
- i) Nauðsynlegar leiðbeiningar um geymslu.
- j) Leiðbeiningar um förgun lyfjaleifa eða lyfjaumbúða, ef slíkt á við.
- k) Nafn og heimilisfang handhafa markaðsleyfis lyfsins.
- l) Númer markaðsleyfis lyfsins (MTnr.).
- m) Númer framleiðslulotu lyfsins.
- n) Aðrar upplýsingar, er máli skipta um rétta notkun lyfsins.

19. gr.

Ytri umbúðir lyfja fyrir dýr.

Upplýsingar skv. 18. gr. skulu einnig koma fram á ytri umbúðum lyfs sem ætlað er fyrir dýr eða á innri umbúðum, ef engar ytri umbúðir eru. Einnig skal birta eftirfarandi upplýsingar:

- a) Fyrir hvaða dýrategund lyfið er ætlað.
- b) Biðtími fyrir afurðarnýtingu, þó hann sé enginn, fyrir lyf ætluð til notkunar í dýrum sem notuð eru til manneldis.
- c) Áletrunin „Dýralyf“.

20. gr.

Myndir og tákni.

Ytri umbúðir má áletra með myndum eða táknum ætluðum til nánari skýringa á upplýsingum sem nefndar eru í 18. og 19. gr. ásamt öðrum upplýsingum sem eru í samræmi við samþykktu samantekt um eiginleika lyfsins (SPC) og nýtast til fræðslu, að frátöldum upplýsingum er teljast til auglýsinga.

21. gr.

Innri umbúðir.

Upplýsingar skv. 18. og 19. gr. skulu einnig koma fram á innri umbúðum lyfs, nema ákvæði 22. eða 23. gr. eigi við.

22. gr.

Innri umbúðir, þynnupakkningar.

Á þynnupakkningum, sem eru í ytri umbúðum og uppfylla skilyrði í 18. og 19. gr., skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) Heiti lyfs, sbr. a-lið, 18. gr.
- b) Styrkleiki og lyfjaform.
- c) Nafn markaðsleyfishafa lyfsins.
- d) Fyrningardagsetning.
- e) Númer framleiðslulotu lyfsins.
- f) Áletrunin „Dýralyf“, ef lyfið er eingöngu ætlað dýrum.

23. gr.

Smáar innri umbúðir.

Þegar innri umbúðir um lyf eru það smáar, að ógerlegt er að áletra þær fullnægjandi merkingu skv. 18. og 19. gr., skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) Heiti lyfs, sbr. a-lið, 18. gr.
- b) Íkomuleið.
- c) Styrkleiki (ef nauðsynlegt).
- d) Fyrningardagsetning.
- e) Númer framleiðslulotu lyfsins.
- f) Magn innihalds greint í þyngd, rúmmáli eða fjölda skammta.
- g) Áletrunin „Dýralyf“, ef lyfið er eingöngu ætlað dýrum.

24. gr.

Kröfur um læsileika og tungumál.

Upplýsingar nefndar í 18. og 23. gr. skulu vera auðlæsilegar og eins skýrar og unnt er og ekki má vera hætta á að þær máist af.

Upplýsingar nefndar í 18. - 19. gr. skulu vera á íslensku, að undanskilinni upptalningu innihaldsefna, sbr. b- og d-lið, 18. gr., er mega vera á ensku eða latínu. Þetta ákvæði útilokar ekki að áletrun komi fyrir á öðrum tungumálum, svo fremi að um sömu upplýsingar sé að ræða.

25. gr.

Kröfur um sérstaka merkingu.

Lyfjastofnun getur krafist sérstakrar áletrunar á lyfjaumbúðir eins og um:

- a) Lyfjaverð.
- b) Upplýsingar um greiðsluþátttöku.
- c) Skilyrði fyrir afhendingu lyfs.
- d) Sannkenni lyfs.

26. gr.

Undantekningarákvæði um merkingu.

Lyfjastofnun getur veitt undanþágu frá framangreindum kröfum um áletranir ákveðinna upplýsinga og frá kröfunni um áletrun á íslensku fyrir ákveðin lyf ef lyfið er ekki afhent sjúklingi beint til sjálfsmeðferðar eða eiganda eða umráðamanni dýrs til meðhöndlunar þess.

E. Fylgiseðlar

27. gr.

Fylgiseðlar.

Með umbúðum lyfja skulu vera fylgiseðlar með upplýsingum ætluðum notendum. Ef rými leyfir má prenta þessar upplýsingar á sjálfar umbúðirnar, enda rýri þær ekki læsileika þeirrar áletrunar er jafnframt skal vera á umbúðum.

28. gr.

Upplýsingar á fylgiseðli og uppsetning.

Texti fylgiseðils skal vera í samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfs (SPC) og skal að öðru leyti uppfylla þau skilyrði sem koma fram í þessari reglugerð.

Á fylgiseðli skal geta um dagsetningu síðustu leiðréttingar á texta.

29. gr.

Sannkenni lyfs.

Á fylgiseðli skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar til sannkennis lyfinu:

- a) Heiti lyfsins, ásamt samheiti þar sem lyfið inniheldur einungis eitt virkt efni og þar sem nafn lyfsins er sérheiti. Ef lyfið er til í fleiri lyfjaformum og/eða styrkleikum skal tilgreina lyfjaform og styrkleika í heiti lyfsins.
- b) Innihaldslýsing lyfjaforms, þar sem talin eru heiti allra innihaldsefna, sem eru í lyfjaforminu, auk þess magn virkra innihaldsefna. Nota skal samheiti.
- c) Lyfjaform.
- d) Styrkleiki, ásamt upplýsingum um innihald um magn tilgreint í þyngdareiningu, rúm-málseiningu eða skammti fyrir hvert lyfjaform lyfsins.
- e) Ábending lyfs sett fram á auðskiljanlegan hátt fyrir neytandann eða eiganda dýrs.
- f) Nafn og heimilisfang markaðsleyfishafa og framleiðanda, auk íslensks umboðsmanns ef hann er fyrir hendi.

30. gr.

Ábending lyfs.

Upplýsingar um viðurkennda ábendingu lyfsins skulu koma fram á fylgiseðli.

Lyfjastofnun getur ákveðið að upplýsingar um vissar ábendingar skuli ekki koma fram á fylgiseðli ef upplýsingar um þær gætu valdið sjúklingi alvarlegum óþægindum eða þyki óæskilegar af öðrum ástæðum.

31. gr.

Varnaðarorð og varúðarreglur.

Á fylgiseðli skal birta eftirfarandi upplýsingar, sem sjúklingur þarf að fá áður en hann notar lyfið:

- a) Frábendingar.
- b) Varúðarráðstafanir við notkun lyfsins.
- c) Milliverkanir við lyf og annað (t.d. vín, tóbak, matvöru) sem hefur áhrif á verkun lyfs.
- d) Sérstök varnaðarorð sem taka tillit til:
 1. Ákveðinna sjúklingahópa.
 2. Áhrifa á akstur eða stjórnun vélknúinna tækja.
 3. Hjálparefna sem nauðsynlegt er fyrir sjúkling að hafa vitneskju um til öruggrar notkunar lyfsins og er í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins („Notice to Applicants“) um hjálparefni.

32. gr.

Upplýsingar um rétta notkun lyfsins.

Á fylgiseðli skal birta upplýsingar um rétta notkun lyfsins og skal eftirfarandi sérstaklega tilgreint:

- a) Skömmtun.
- b) Notkunarleiðbeiningar.
- c) Hversu oft lyfið er gefið og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um lyfjameðferð. Ef nauðsyn krefur skal einnig geta um eftirfarandi:

1. Meðferðarlengd ef hún er tímabundin.
2. Meðhöndlun vegna ofskömmtnar (einkenni og meðferð við ofskömmtnun).
3. Upplýsingar ef gleymist að taka einn eða fleiri skammta lyfsins.
4. Upplýsingar um hættu á aukaverkunum þegar meðferð er hætt eða við breytingu á meðferð.

33. gr.

Aukaverkanir.

Tilgreina skal á fylgiseðli aukaverkanir, sem geta komið fram við venjulega notkun lyfsins og upplýsingar um viðeigandi viðbrögð.

Notandi skal sérstaklega hvattur til að tilkynna lækni (tannlækni) um allar alvarlegar aukaverkanir og aukaverkanir sem ekki eru nefndar á fylgiseðli.

Eigandi eða umráðamaður dýrs skal hvattur til að tilkynna dýralækni um allar aukaverkanir lyfs.

34. gr.

Geymsluskilyrði.

Á fylgiseðli skal vísa í fyrningardagsetningu á umbúðum með:

- a) Viðvörðun um að ekki skuli nota lyfið eftir þá dagsetningu.
- b) Upplýsingum um sérstök geymsluskilyrði sé þess þörf.
- c) Upplýsingum um hugsanleg sýnileg merki þess, að lyfið geti verið skemmt.

35. gr.

Myndir og tákn.

Á fylgiseðli má nota sérstök tákn eða myndir til frekari skýringa á upplýsingum í 29.–34. gr. og öðrum upplýsingum sem eru í samræmi við samþykktu samantekt um eiginleika lyfsins (SPC) og falla undir upplýsingar um heilbrigði án þess á nokkurn hátt að vera auglýsing.

36. gr.

Fylgiseðlar með lyfjum, sem ætluð eru dýrum.

Með umbúðum dýrallyfja skulu vera fylgiseðlar með upplýsingum sem ætlaðar eru eigendum eða umráðamönnum dýra. Ef rými leyfir má prenta þessar upplýsingar á sjálfar umbúðirnar, enda rýri þær ekki læsileika þeirrar áletrunar er jafnframt skal vera á umbúðum.

Á fylgiseðlum lyfja fyrir dýr skulu auk þess sem tilgreint er í 28. - 34. gr. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) Fyrir hvaða dýrategundir lyfið er ætlað, lyfjaskammtar fyrir hverja dýrategund, aðferð við gjöf og notkunarleiðbeiningar sé þess þörf.
- b) Biðtími fyrir afurðanýtingu, þó að hann sé enginn, fyrir lyf sem ætluð eru fyrir dýr sem notuð eru til manneldis.

37. gr.

Kröfur um læsileika og tungumál.

Fylgiseðill skal vera ritaður á þann hátt að upplýsingar séu auðlæsilegar og skiljanlegar fyrir neytandann og eiganda eða umráðamann dýrs. Upplýsingar skulu vera á íslensku. Þetta ákvæði útilokar ekki að áletrun komi einnig fram á öðrum tungumálum, svo fremi að um sömu upplýsingar sé að ræða.

38. gr.

Undantekningar.

Lyfjastofnun getur veitt undanþágu frá birtingu ákveðinna upplýsinga á fylgiseðli og að fylgiseðill skuli vera á íslensku, ef lyf er ekki afhent til sjúklings beint til sjálfsmeðferðar eða eiganda eða umráðamanns dýrs til meðhöndlunar þess.

F. Endurnýjun og framsal markaðsleyfis.

39. gr.

Umsókn um endurnýjun markaðsleyfis.

Umsókn um endurnýjun markaðsleyfis lyfs skal send Lyfjastofnun í síðasta lagi 90 dögum áður en leyfi rennur út.

Umsækjandi skal m.a. leggja fram uppfærð gögn um gæði, öryggi og verkun lyfs. Lyfjastofnun veitir nánari leiðbeiningar um kröfur um gögn þegar sótt er um endurnýjun markaðsleyfis.

40. gr.

Umsókn um framsal markaðsleyfis.

Umsókn um framsal markaðsleyfis lyfs til nýs leyfishafa sendist Lyfjastofnun í síðasta lagi 90 dögum fyrir framsalið.

Handhafi markaðsleyfis og sá aðili, sem óskað er eftir að leyfið verði framselt til, skulu staðfesta með undirritun sinni að þau gögn er að mati Lyfjastofnunar verða talin nauðsynleg vegna framsalsins, séu rétt og ófölsuð, og eftir því sem við á í samræmi við reglugerð nr. 2141/96/EBE.

IV. KAFLI

Viðurkenning á grundvelli markaðsleyfis frá öðru aðildarríki EES-samningsins.

41. gr.

Grundvöllur fyrir viðurkenningu.

Markaðsleyfi útgefið af viðmiðunarlandi (Reference Member State) er heimilt að nota sem grundvöll viðurkenningar lyfs sem sótt er um markaðsleyfi fyrir.

Með viðmiðunarlandi er átt við aðildarríki EES-samningsins, sem hefur unnið matsgerðir fyrir tiltekið lyf og myndar grundvöll fyrir viðurkenningu í öðru aðildarríki EES-samningsins.

42. gr.

Gögn um lyf.

Umsækjandi skal sýna fram á að þau gögn sem afhent eru með umsókn séu eins og þau gögn sem viðmiðunarlandið hefur viðurkennt og að þau gögn sem liggja fyrir í öðrum hlut- aðeigandi aðildarríkjum EES-samningsins séu eins.

Séu gerðar breytingar á gögnum, skal umsækjandi skýra frá og sýna fram á að tillaga að samantekt á eiginleikum lyfs sé eins og samþykkt samantekt á eiginleikum lyfs í viðmiðun- arlandinu.

43. gr.

Upplýsingaskylda til Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA).

Umsækjandi skal samhliða afhendingu umsóknar upplýsa Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) annað hvort til nefndar um lyf fyrir menn (CPMP) eða til nefndar um lyf fyrir dýr (CVMP) um að umsókn hafi verið lögð fram ásamt því að skýra frá í hvaða aðildarríkjum EES-samningsins slíkar umsóknir hafi verið lagðar fram. Umsækjandi skal skýra frá dagsetningu umsóknar ásamt því að senda stofnuninni afrit markaðsleyfis sem útgefið hefur verið í viðmiðunarlandinu. Að auki skal umsækjandi senda afrit til nefndar skv. 1. ml. af öllum markaðsleyfum sem útgefin hafa verið fyrir viðkomandi lyf í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins og upplýsa um aðrar umsóknir sem eru til meðferðar.

44. gr.

Ákvörðun um viðurkenningu lyfs.

Lyfjastofnun viðurkennir lyf á grundvelli ákvörðunar viðmiðunarlandsins innan 90 daga eftir að matsgerð þess lands hefur verið móttækin, nema viðurkenning lyfs geti að mati nefndarinnar stofnað almannaheilbrigði í hættu. Lyfjastofnun skal tilkynna viðmiðunarlandi, öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum EES-samningsins, umsækjanda ásamt hlutaðeigandi nefndum Lyfjamálastofnunar Evrópu (nefnd um lyf fyrir menn (CPMP) eða nefnd um lyf fyrir dýr (CVMP)), samtímis um ákvörðun sína.

45. gr.

Andmæli gegn innsendum gögnum um lyf.

Andmæli Lyfjastofnun innsendum gögnum um gæði, öryggi eða verkun lyfs, skal viðmiðunarlandinu, öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum EES-samningsins, umsækjanda ásamt hlutaðeigandi nefndum Lyfjamálastofnunar Evrópu (nefnd um lyf fyrir menn (CPMP) eða nefnd um lyf fyrir dýr (CVMP)), tilkynnt um það svo fljótt sem verða má. Lyfjastofnun skal veita nákvæman rökstuðning fyrir andmælum sínum og skýra frá því hverju ábótavant er, svo bæta megi úr hugsanlegum annmörkum umsóknar.

Umsækjanda skal veitt tækifæri til að tjá sig um framkomin andmæli Lyfjastofnunar.

46. gr.

Málskot til úrlausnar ágreinings.

Takist ekki að ná samkomulagi innan þess frests er um getur í 44. gr. skal mál sent hlutaðeigandi nefndum Lyfjamálastofnunar Evrópu (nefnd um lyf fyrir menn (CPMP) eða nefnd um lyf fyrir dýr (CVMP)) til úrlausnar ágreinings eftir þeim málsmeðferðarreglum nefndanna er gilda um ágreining milli landa, sbr. tilskipun 75/319/EBE, (13. gr.), er breytt var með tilskipun 93/39/EBE, (3. gr.) eða tilskipun 81/851/EBE, (21. gr.) sem breytt var með tilskipun 93/40/EBE, (1. gr.).

Innan þess frests er um getur í 1. mgr. 44. gr., skal Lyfjastofnun senda hlutaðeigandi nefnd Lyfjamálastofnunar Evrópu nákvæman rökstuðning um ágreining og ástæður hans. Afrit þessara upplýsinga skulu einnig send umsækjanda.

47. gr.

Framlagning gagna um lyf vegna ágreiningsmála.

Jafnskjótt og umsækjandi fær vitneskju um að ágreiningsmál hafi verið sent Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) til úrlausnar skv. 46. gr., skal hann senda þeirri nefnd stofnunarinnar sem er ætlað að fjalla um málið, afrit framlagðra gagna skv. 12. og 13. gr.

Þegar ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í ágreiningsmálinu liggur fyrir, tekur Lyfjastofnun viðeigandi ákvörðun innan 30 daga, sbr. 69. gr.

V. KAFLI

Málsmeðferð og veiting markaðsleyfis.

A. Meðferð umsóknar.

48. gr.

Gild umsókn.

Gild umsókn um markaðsleyfi fyrir lyf telst móttækin þegar Lyfjastofnun hefur fullvissað sig um að umsókn sé í samræmi við kröfur.

Verði umsókn ekki talin gild, skal Lyfjastofnun tilkynna umsækjanda um hverjar kröfur teljist ekki uppfylltar. Umsækjandi getur í slíkum tilvikum dregið umsókn sína til baka innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar eða óskað eftir því að fá að leggja fram viðbótargögn eða frekari upplýsingar.

49. gr.

Meðferð umsóknar.

Lyfjastofnun skal framkvæma frumkönnun á umsókn og afla þeirra upplýsinga er álitnar eru nauðsynlegar svo umsókn verði tæk til umfjöllunar. Telji Lyfjastofnun skilyrðum ekki fullnægt til að veita markaðsleyfi skal tilkynna umsækjanda um það og honum veittur hæfilegur frestur til að tjá sig eða draga umsókn sína til baka áður en Lyfjastofnun staðfestir móttöku umsóknar.

50. gr.

Málsmeðferðarfrestur.

Innan 210 daga eftir að gild umsókn er lögð fram, skal ákvörðun tekin um viðurkenningu lyfs eða synjun, sbr. 56. gr. Óski Lyfjastofnun eftir því við umsækjanda að úr einhverjum annmörkum umsóknar verði bætt, framlengist fresturinn uns úr hefur verið bætt. Byggi umsókn á markaðsleyfi útgefnu í öðru aðildarríki EES-samningsins, gilda reglurnar í 44. gr.

51. gr.

Stöðvun málsmeðferðar á grundvelli umsóknar í öðru aðildarríki EES-samningsins.

Lyfjastofnun getur stöðvað umfjöllun um umsókn í tilvikum þar sem sótt hefur verið um markaðsleyfi fyrir sama lyf í öðru aðildarríki EES-samningsins.

Hafi umfjöllun verið stöðvuð af þessum sökum tilkynnir Lyfjastofnun viðmiðunarlandinu og umsækjanda um það.

Ákvæði 44.–47. gr. gilda um frekari málsmeðferð vegna þessa.

52. gr.

Stöðvun málsmeðferðar á grundvelli markaðsleyfis sem er útgefið í öðru aðildarríki EES-samningsins.

Hafi annað aðildarríki EES-samningsins þegar gefið út markaðsleyfi fyrir lyf sem sótt er um markaðsleyfi fyrir hér á landi, stöðvar Lyfjastofnun sína umfjöllun og óskar eftir því við hlutaðeigandi yfirvöld þess lands að fá sent afrit matsgerðar fyrir lyfið.

Ákvæði 44.–47. gr. gilda um frekari málsmeðferð vegna þessa.

53. gr.

Málskot til úrlausnar ágreinings vegna ólíkra ákvarðana aðildarríkja EES-samningsins.

Í tilvikum þar sem fleiri aðildarríki EES-samningsins hafa tekið ólíkar ákvarðanir um leyfi, sölubann eða afturköllun leyfis fyrir lyf, er Lyfjastofnun, umsækjanda eða markaðsleyfishafa, heimilt að senda mál hlutaðeigandi nefndum Lyfjamálastofnunar Evrópu (nefnd um lyf fyrir menn (CPMP) eða nefnd um lyf fyrir dýr (CVMP)), til úrlausnar ágreinings eftir þeim málsmeðferðarreglum nefndanna er gilda um ágreining milli landa, sbr. tilskipun 75/319/EBE, (13. gr.) er breytt var með tilskipun 93/39/EBE, (3. gr.) eða tilskipun 81/851/EBE, (21. gr.) sem breytt var með tilskipun 93/40/EBE, (1. gr.).

Með skýrum hætti skal greina hlutaðeigandi nefnd skv. 1. mgr. frá þeim ágreiningi er henni skal fenginn til meðferðar. Lyfjastofnun og markaðsleyfishafi eða umsækjandi skulu senda nefndinni allar tiltækar upplýsingar er þýðingu geta haft við úrlausn málsins.

54. gr.

Málskot til úrlausnar ágreinings í öðrum sérstökum tilfellum.

Lyfjastofnun, umsækjandi eða markaðsleyfishafi geta einnig í öðrum sérstökum tilfellum en um ræðir í 53. gr., skotið máli til úrlausnar eftir sömu reglum, sbr. 69. gr. (sbr. 47. gr.).

B. Veiting markaðsleyfis.

55. gr.

Skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis.

Uppfylli umsókn skilyrði um gögn um gæði, öryggi og verkun lyfs, er markaðsleyfi veitt þegar Lyfjastofnun hefur samþykkt samantekt um eiginleika lyfs, merkingar og fylgiseðla ásamt því að ákvarða um, hvort lyf skuli lyfseðilsskylt, afgreiðslutilhögun, hámarksmagn sem ávísa má með lyfseðli og takmarkanir á afgreiðslu skv. VIII. kafla.

Umsækjandi móttækur samþykktu samantekt um eiginleika lyfs (SPC), þegar Lyfjastofnun veitir markaðsleyfi fyrir lyf.

56. gr.

Synjun um veitingu markaðsleyfis.

Umsókn um markaðsleyfi er synjað ef:

- a) Lyf telst ekki uppfylla kröfur um gæði, öryggi eða verkun.
- b) Lyf er ætlað dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og inniheldur virk efni sem ekki eru nefnd í viðauka I, II eða III við reglugerð nr. 2377/90/EBE eða þar sem ekki er hægt að ákvarða um hámark leyfilegra lyfjaleifa.
- c) Biðtími fyrir afurðanýtingu er ekki nægilega langur til að tryggja að afurðir dýrs innihaldi ekki lyfjaleifar sem geta verið hættulegar neytendum eða að gögn eru ekki fullnægjandi.
- d) Lyfið er dýralyf og talið að notkunarvið geti stofnað heilsufari manna og dýra í óásættanlega hættu.
- e) Lyfið er dýralyf sem inniheldur efni sem önnur löggjöf leggur bann við að gefin séu dýrum.
- f) Umsóknin uppfyllir ekki gildandi kröfur og ekki hefur verið bætt úr annmörkum innan hæfilegs tímafrests skv. 48. gr.

Umsókn verður ekki synjað á grundvelli merkingar eða fylgiseðils enda sé umsókn að öðru leyti í samræmi við kröfur skv. 18. gr.

57. gr.

Sérstök markaðsleyfi.

Lyfjastofnun getur í sérstökum tilfellum veitt markaðsleyfi fyrir lyf sem ekki fullnægja kröfum um gögn sem kveðið er á um í III. kafla, sbr. IV. kafla.

Slík sérstök markaðsleyfi verða einungis veitt tímabundið og heimilt er að binda leyfið sérstökum skilyrðum.

C. Afturköllun markaðsleyfa.

58. gr.

Afturköllun markaðsleyfis.

Markaðsleyfi sem veitt er skv. 55. gr. er hægt að afturkalla ef:

- a) Lyfið telst ekki lengur uppfylla kröfur um gæði, öryggi og verkun.
- b) Upplýsingar er veittar hafa verið í tengslum við umsókn eru rangar.

- c) Ekki er framkvæmt gæðaeftirlit í samræmi við kröfur gildandi gæðalýsingar eins og reglur segja til um.
- d) Ekki er fullnægt skyldum skv. 80. gr., til að gera nauðsynlegar breytingar í framleiðslu eða eftirliti eða á samantekt á eiginleikum lyfs (SPC).
- e) Ef tími þar til afurðanýting dýra má hefjast að nýju eftir lyfjagjöf er ekki lengur talinn nægilega langur, svo tryggja megi að í afurðum dýra séu ekki lyfjaleifar skaðlegar neytendum.
- f) Umboð það er um getur í 107. gr., er ekki tilkynnt innan tilsettra tímamarka enda hafi aðilar fengið aðvörum um að slíkt rof á tímamörkum hafi í för með sér afturköllun markaðsleyfis.

Sé ekki farið að ákvæðum 18.–38. gr., um merkingu og fylgiseðla og fyrirmælum þar að lútandi ekki fylgt, getur Lyfjastofnun afturkallað markaðsleyfið uns ákvæðum um merkingar eða fylgiseðla hefur verið fullnægt.

59. gr.

Afturköllun sérstakra markaðsleyfa.

Sérstök markaðsleyfi sem veitt eru skv. 57. gr. er hægt að afturkalla eftir reglum 58. gr. eftir því sem við á.

D. Rökstuðningur, tilkynningar og birting.

60. gr.

Matsgerðir.

Lyfjastofnun vinnur matsgerðir og gerir athugasemdir við fylgiskjöl umsókna er varða niðurstöður eiturefnafræðilegra, lyfjafræðilegra og klínískra rannsókna á lyfjum. Matsgerðirnar skal endurskoða og uppfæra þegar fyrir liggja nýjar upplýsingar er þýðingu geta haft fyrir mat á gæðum, öryggi eða verkun lyfs.

61. gr.

Rökstuðningur og tilkynningar.

Þegar umsókn er hafnað skv. 56. gr., skal rökstuðningur synjunar fylgja tilkynningu til umsækjanda og upplýsa skal um kæruleiðir. Sama gildir vegna afturköllunar markaðsleyfis.

62. gr.

Tilkynningar til Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA).

Við útgáfu markaðsleyfis skv. 55. gr., sendir Lyfjastofnun samtímis afrit markaðsleyfis og samþykktar samantekt um eiginleika lyfs (SPC) til Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA).

63. gr.

Birting í Lögbirtingablaði.

Birta skal lista yfir útgefin markaðsleyfi í Lögbirtingablaðinu. Sama gildir um afturköllun markaðsleyfa.

VI. KAFLI
**Reglur um miðlæg (central) markaðsleyfi fyrir lyf
á Evrópska efnahagssvæðinu.**

64. gr.

Umsókn um miðlægt markaðsleyfi fyrir Evrópska efnahagssvæðið.

Umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf sem falla undir 65. gr. skulu sendar Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA). Lyf sem falla undir 66. gr. geta einnig fengið markaðsleyfi með sama hætti. Um form umsóknar, meðferð og ákvörðun fer eftir reglum um miðlæg markaðsleyfi fyrir lyf á Evrópska efnahagssvæðinu og ákvarðast í samræmi við reglur þessar.

Reglugerð nr. 2309/93/EBE, um málsmeðferð bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA), gildir hér á landi með þeirri aðlögun sem viðauki 2, XIII. kafli, bókun 1 við EES-samninginn hefur í för með sér.

65. gr.

Lyf sem einungis geta fengið markaðsleyfi skv. 67. gr.

Lyf sem byggjast á eftirfarandi líftækniáðferðum geta einungis fengið markaðsleyfi skv. 67. gr.:

- a) Erfðatækni sem felst í endurröðun DNA.
- b) Erfðatækni sem felst í stýrðri tjáningu gena sem stjórna myndun líffræðilega virkra prótína í dreifkjörnungum og heilkjörnungum að meðtöldum ummynduðum spendýrafrumum.
- c) Aðferðir sem byggjast á notkun frumublendinga og einstofna mótefna.

Sama gildir um dýralyf, enda þótt þau séu ekki framleidd með líftækni ef þeim er ætlað að auka afurðir með því að örva vöxt eða auka framleiðslugetu á annan hátt.

66. gr.

Önnur lyf sem geta fengið markaðsleyfi skv. 67. gr.

Auk lyfja sem nefnd eru í 65. gr. geta eftirtalin lyf fengið markaðsleyfi skv. 67. gr.:

- a) Lyf sem þróuð eru eftir öðrum líftækniáðferðum en getið er um í 65. gr. og að mati Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) teljast mikilsverðar nýjungar.
- b) Lyf sem lagt er fram vegna nýrrar ábendingar sem Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) telur að geti haft mikla þýðingu við lækningar.
- c) Lyf með nýrri íkomuleið sem að mati Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) er talin mikilsverð nýjung í lyfjameðferð.
- d) Lyf sem inniheldur geislavirkan ísótóp sem að mati Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) er talin hafa mikilsverða læknisfræðilega þýðingu.
- e) Ný lyf sem eru framleidd úr mannsblóði eða blóðvökva.
- f) Lyf sem framleidd eru með aðferðum sem að mati Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) er talin mikilvæg tæknileg nýjung, svo sem tvívíður rafdráttur við þyngdarafl í lágmarki (two-dimensional electrophoresis under micro-gravity).
- g) Lyf fyrir menn sem inniheldur ný virk innihaldsefni og ekki hafa fengið markaðsleyfi í aðildarríki EES-samningsins fyrir 1. janúar 1995.
- h) Lyf fyrir menn við fágætum sjúkdómi (s.n. orphan medicinal product, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 141/2000/EC), ef ætla má, að loknu mati þeirrar nefndar (COMP; Committee on Orphan Medicinal Products) er fjallar um slíkar umsóknir, að notkun lyfsins standi ekki undir þróunar- og framleiðslukostnaði, enda séu færri en 5 af hverjum 10.000 íbúum hins Evrópska efnahagssvæðis haldnir þeim sjúkdómi, er lyfið er skráð við.

- i) Dýralyf ætluð dýrum sem gefa af sér afurðir til manneðis ef lyfið inniheldur nýtt virkt efni og ekki hefur fengið markaðsleyfi í aðildarríki EES-samningsins, sem dýralyf fyrir dýr til afurðanýtingar fyrir 1. janúar 1995.

67. gr.

Ákvörðun um markaðsleyfi.

Þegar ákvörðun um markaðsleyfi skv. 65. eða 66. gr. er tekin af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í samræmi við reglugerð nr. 2309/93/EBE, tilskipun 75/319/EBE, sbr. tilskipun 93/39/EBE og tilskipun 81/852/EBE, sbr. tilskipun 93/40/EBE, tekur Lyfjastofnun við-eigandi ákvörðun innan 30 daga.

68. gr.

Umsókn um endurnýjun og breytingu markaðsleyfis.

Umsókn um endurnýjun og breytingu á skilmálum markaðsleyfis fyrir lyf er veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir eftir ákvæðum 67. gr., sendir markaðsleyfishafi til Lyfjamálfstofnunar Evrópu (EMA) í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 542/95/EBE.

Reglugerð nr. 542/95/EBE um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 2309/93/EBE, sbr. 2. mgr., 64. gr. gildir hér á landi með þeirri aðlögun sem viðauki 2, XIII. kafli, bókun 1 við EES-samninginn hefur í för með sér.

69. gr.

Ákvörðun um endurnýjun, breytingu og afturköllun markaðsleyfis.

Þegar ákvörðun um endurnýjun, breytingu eða afturköllun markaðsleyfis, sem veitt er skv. 67. gr., er tekin af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í samræmi við reglugerð nr. 2309/93/EBE, tilskipun 75/319/EBE, sbr. tilskipun 93/39/EBE og tilskipun 81/852/EBE, sbr. tilskipun 93/40/EBE, tekur Lyfjastofnun við-eigandi ákvörðun innan 30 daga.

70. gr.

Birting í Lögbirtingablaðinu.

Ákvæði í 63. gr. um birtingu í Lögbirtingablaðinu gilda um viðeigandi ákvarðanir eftir þessum kafla.

VII. KAFLI

Ákvarðanir um lyfseðilsskyldu, eftirritunarskyldu og takmarkanir á ávísun lyfja.

71. gr.

Ákvörðun um afgreiðsluhætti.

Lyfjastofnun ákvarðar þegar lyf fær markaðsleyfi hvort það skuli lyfseðilsskyldt og hvort einhverjar aðrar takmarkanir skuli vera á afgreiðslutilhögun. Lyfjastofnun ákvarðar einnig hvort blöndur er innihalda lyf, (þ.e. lyf sem ekki hafa sérstakt markaðsleyfi, t.d. stöðluð forskriftarlyf) skuli lyfseðilsskyldar.

72. gr.

Ákvörðun um lyfseðilsskyldu.

Eftirfarandi atriði skipta meginmáli þegar ákveða skal hvort lyf skuli lyfseðilsskyldt:

- Ef líkur eru á að lyf geti valdið heilsutjóni beint eða óbeint, jafnvel þó það sé rétt notað, ef meðferð er ekki stjórnað af lækni, tannlækni eða dýralækni.
- Ef röng notkun lyfs getur valdið heilsutjóni, beint eða óbeint.

- c) Ef reynsla af notkun lyfs er það skammvinn að ætla má að verkun lyfsins og auka-verkanir séu ekki fullþekktar.
- d) Lyf er stungulyf sem venjulega er ávísað af lækni eða tannlækni.

73. gr.

Ákvörðun um eftirritunarskyldu lyfja eða aðrar takmarkanir á afgreiðslu.

Eftirfarandi atriði skipta meginmáli þegar ákvarða skal um eftirritunarskyldu lyfs og aðrar takmarkanir á afgreiðslu, svo sem ákvörðun um hámarks magn sem ávísa má hverju sinni:

- a) Lyfið inniheldur efni sem flokkast sem ávana- eða fíkniefni samkvæmt alþjóðaskilgreiningum og þeim reglum er gilda hér á landi.
- b) Ef röng notkun lyfsins getur haft í för með sér alvarlega hættu á misnotkun eða valdið ávana og/eða fíkn, eða hætta er á að lyfið verði notað í ólöglegum tilgangi.
- c) Lyfið inniheldur virkt efni sem talið er rétt að hafa eftirritunarskyld af öryggisástæðum vegna tiltekinna eiginleika þess eða vegna þess hve efnið er lítt þekkt.

74. gr.

Takmarkanir á notkun lyfs og ávísaheimildum.

Lyfjastofnun ákveður hvort notkun lyfseðilsskyldra lyfja skuli einungis bundin við sjúkrahús eða heilbrigðisstofnanir og eru lyfin þá merkt sérstakri merkingu í lyfjaskrá. Lyfjastofnun getur einnig takmarkað heimildir til að ávísa lyfjum við sérfræðinga í tilteknum greinum og eru lyfin þá merkt sérstakri merkingu í lyfjaskrá. Helstu ástæður framangreindra takmarkana eru:

- a) Vegna eiginleika lyfs telst notkun þess utan heilbrigðisstofnunar hættuleg eða örugg-ara þykir að binda notkun þess við heilbrigðisstofnun vegna þess hve það er nýtt.
- b) Lyf skal notast við sjúkdómum sem ekki er unnt að greina nema á sérhæfðum heilbrigðisstofnunum er ráða yfir nauðsynlegum tækjabúnaði, jafnvel þó notkun lyfsins geti síðan farið fram utan heilbrigðisstofnunar.
- c) Lyf er ætlað þeim sjúklingum, sem koma á göngudeildir sjúkrahúsa, og nauðsynlegt þykir að meðferð sé, með tilliti til verkunar lyfsins og mögulegra aukaverkana, stjórnad af sérfræðingi jafnt við upphaf meðferðar og í framhaldsmeðferð.

VIII. KAFLI

Réttaráhrif markaðsleyfa.

A. Almenn ákvæði.

75. gr.

Réttur til markaðssetningar sérlyfja.

Markaðsleyfi veitir leyfishafa rétt til að markaðssetja lyf sem sérlyf í samræmi við leyfið og þær ákvarðanir og reglur sem að öðru leyti gilda.

Markaðsleyfi er veitt til 5 ára í senn og þarf að endurnýja skv. 39. gr. eða 68. gr., á 5 ára fresti, svo fremi sem annað hafi ekki verið ákveðið sérstaklega.

Markaðsleyfi hefur ekki áhrif á ábyrgð leyfishafa er hann kann að hafa skv. annarri lög-gjöf.

76. gr.

Bann gegn markaðssetningu lyfja er veitt hefur verið markaðsleyfi.

Lyfjastofnun getur tafarlaust lagt bann við markaðssetningu lyfs er veitt hefur verið markaðsleyfi, ef í ljós koma slíkir annmarkar á lyfi að teljist grundvöllur til afturköllunar mark-

aðsleyfis þess. Markaðsleyfishafa skal ef mögulegt er gert viðvart um að slík ákvörðun sé yfirvofandi. Ákvörðun um tafarlaust bann við markaðssetningu lyfs, skal rökstudd og upplýsa skal um kæruleiðir.

Lyfjastofnun getur bannað markaðssetningu einstakrar framleiðslulotu ef í ljós koma gallar í lyfi.

Taki Lyfjastofnun ákvörðun skv. 1. eða 2. mgr. fyrir lyf með markaðsleyfi skv. 67. gr. skal Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) tilkynnt um ákvörðunina í síðasta lagi næsta virka dag á eftir.

Þegar ákvörðun um bann við markaðssetningu eða sölubann lyfs með markaðsleyfi skv. 67. gr., er tekin af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í samræmi við reglugerð nr. 2309/93/EBE, tilskipun nr. 75/319/EBE, sbr. tilskipun nr. 93/39/EBE, og tilskipun ráðsins nr. 81/852/EBE, sbr. tilskipun 93/40/EBE, tekur Lyfjastofnun viðeigandi ákvörðun innan 30 daga.

77. gr.

Markaðssetning lyfja eftir að markaðsleyfi er útrunnið.

Sé annað ekki ákveðið, er heimilt að hafa lyf á markaði í allt að 90 daga eftir að markaðsleyfi er útrunnið.

B. Sérstakar skyldur markaðsleyfishafa.

78. gr.

Eftirlitsskylda.

Markaðsleyfishafi skal fylgjast með þeim hættum sem kunna að vera fyrir hendi við notkun lyfs. Allar aukaverkanir sem koma í ljós hjá mönnum eða dýrum við notkun lyfs skulu skráðar og tilkynntar í samræmi við ákvæði X. kafla.

79. gr.

Upplýsingaskylda.

Markaðsleyfishafa er skylt að upplýsa Lyfjastofnun um vitneskju sína um allar nýjar upplýsingar sem hann fær um klínísk áhrif og aukaverkanir, eiturefnafræði og gæði lyfs og um alla galla eða annmarka er fram koma í lyfi.

80. gr.

Skylda til að mæla með breytingum.

Markaðsleyfishafa er skylt að fylgjast með nýjungum á sviði tækni og vísinda sem varða lyf og gera nauðsynlegar breytingar til að tryggja bestu framleiðslu- og prófunaraðferðir sem þekktar eru á hverjum tíma.

Allar slíkar breytingar skulu viðurkenndar eftir ákvæðum IX. kafla.

81. gr.

Eftirlit með lyfjum er fengið hafa markaðsleyfi.

Lyfjastofnun getur hvenær sem er framkvæmt gæðaeftirlit á lyfjum sem hafa markaðsleyfi.

C. Viðurkenning í öðru aðildarríki EES-samningsins á grundvelli íslensks markaðsleyfis.

82. gr.

Forsendur fyrir viðurkenningu í öðru aðildarríki EES-samningsins.

Óski umsækjandi eða markaðsleyfishafi fyrir lyf hér á landi eftir að nýta leyfið sem grundvöll viðurkenningar í öðru aðildarríki EES-samningsins, skal viðkomandi upplýsa Lyfjastofnun um það og skýra frá hugsanlegum breytingum eða viðbótum við þau gögn er lögð hafa verið fram hér á landi.

Lyfjastofnun er heimilt að krefjast þess að afhentar verði allar þær upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að ákvarða hvort hin innsendu gögn í viðkomandi aðildarríki EES-samningsins séu nákvæmlega eins og þau sem notuð eru hér á landi.

83. gr.

Samantekt og uppfærsla matsgerða.

Umsækjandi um markaðsleyfi eða markaðsleyfishafi getur óskað eftir að Lyfjastofnun vinni matsgerð fyrir lyf eða framkvæmi nauðsynlega endurskoðun á fyrirliggjandi matsgerð. Beiðni um slíkt skal taka til meðferðar innan 90 daga frá móttöku.

84. gr.

Miðlun matsgerða.

Lyfjastofnun hefur milligöngu um miðlun matsgerða til þeirra aðildarríkja EES-samningsins, sem tilgreind eru af markaðsleyfishafa, á sama tíma og hann leggur fram sínar umsóknir um markaðsleyfi í þessum löndum.

IX. KAFLI

Breytingar á skilmálum markaðsleyfis.

A. Almenn ákvæði.

85. gr.

Reglur um breytingar.

Reglur þessa kafla gilda um lyf sem fengið hafa markaðsleyfi skv. 55. eða 57. gr. Um lyf sem fengið hafa markaðsleyfi skv. 67. gr., gilda reglur skv. 68. gr., sbr. 69. gr. um breytingar.

Reglugerð nr. 541/95/EBE um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 2309/93/EBE, sbr. 2. mgr., 64. gr., gildir hér á landi með þeirri aðlögun sem viðauki 2, XIII. kafli, bókun 1 við EES-samninginn hefur í för með sér.

86. gr.

Sérstakar skilgreiningar.

Í þessum kafla merkja eftirfarandi hugtök:

- a) *Breyting*: Breyting eða viðbót við þau gögn sem lögð voru til grundvallar veitingu markaðsleyfisins.
- b) *Minniháttar breyting (tegund I)*: Breyting skv. 2. mgr., 85. gr., sbr. reglugerð nr. 541/95/EBE (3. gr. a.).
- c) *Meiriháttar breyting (tegund II)*: Breyting sem ekki er hægt að flokka sem breytingu af tegund I samkvæmt b lið sbr. 2. mgr., 85. gr., sbr. reglugerð nr. 541/95/EBE (3. gr. b.).

- d) *Tafarlaus öryggisráðstöfun*: Tafarlausar takmarkanir ábendinga eða skammta fyrir tiltekið lyf, nýjum frábendingum bætt við eða varnaðarorðum, takmörkun á notkun dýralyfja við ákveðnar dýrategundir ásamt ráðstöfunum er tryggja eiga lyfjafræðileg gæði vegna nýrra upplýsinga sem tengjast öryggi við notkun lyfsins.
- e) *Viðmiðunarland*: Það land innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem markaðsleyfishafi hefur valið sem viðmiðunarland í tengslum við mat á tiltekinni breytingu.

87. gr.

Tafarlausar öryggisráðstafanir.

Reglur þessa kafla koma ekki í veg fyrir að markaðsleyfishafi geti gripið til tafarlausra öryggisráðstafana sé almannaheilbrigði stofnað í yfirvofandi hættu.

Ráðstöfun skv. 1. mgr. getur komið til framkvæmda hafi Lyfjastofnun ekki gert athugasemdir innan 24 tíma eftir að markaðsleyfishafi hefur gert Lyfjastofnun viðvart.

B. Kröfur til umsóknar.

88. gr.

Gild umsókn.

Umsókn um breytingu telst aðeins gild sé hún í samræmi við ákvæði þessa kafla, þ.m.t. að tilskilin gjöld hafi verið greidd.

89. gr.

Grundvöllur umsóknar.

Umsókn um breytingu skal markaðsleyfishafi senda Lyfjastofnun. Nái umsókn til fleiri aðildarríkja EES-samningsins skal umsækjandi senda eins umsókn til allra hlutaðeigandi aðildarríkja. Sækja skal um á sérstökum eyðublöðum er fást hjá Lyfjastofnun.

90. gr.

Umsókn um minniháttar breytingu (tegund I).

Umsókn um minniháttar breytingu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a) Gögn er fullnægja skilyrðum 2. mgr., 85. gr., sbr. reglugerð framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins nr. 541/95/EBE (4. gr., sbr. viðauka I).
- b) Öll gögn sem breytast vegna umsóknarinnar.

Taki breyting til fleiri aðildarríkja EES-samningsins, skal umsækjandi skýra frá því hver hlutaðeigandi aðildarríki eru og sýna fram á að umsóknir séu nákvæmlega eins í öllum ríkjunum. Umsækjandi skal í tilkynningu skýra frá hvaða land sé viðmiðunarland fyrir umsókn.

91. gr.

Umsókn um meiriháttar breytingu (tegund II).

Umsókn um meiriháttar breytingu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- a) Gögn er sýna að skilyrðum c liðar, 86. gr. sé fullnægt.
- b) Nauðsynleg gögn er liggja til grundvallar breytingunni.
- c) Öll gögn er breytast vegna umsóknarinnar.
- d) Viðbætur eða uppfærsla á skýrslu sérfræðings vegna breytingarinnar sem sótt er um.

Taki breyting til fleiri aðildarríkja EES-samningsins, skal umsækjandi skýra frá því hver hlutaðeigandi ríki eru og sýna fram á að umsóknir séu nákvæmlega eins í öllum ríkjunum. Umsækjandi skal í tilkynningu skýra frá hvaða land sé viðmiðunarland fyrir umsókn.

92. gr.

Umfang umsókna um breytingar.

Umsókn um fleiri en eina breytingu fyrir sama lyf skulu berast sem aðskildar umsóknir (ein umsókn fyrir hverja breytingu) og skal sérhver umsókn hafa að geyma tilvísun til hinna umsóknanna.

Í tilvikum þar sem breyting leiðir beint til fleiri breytinga er nægjanlegt að senda eina umsókn. Í umsókn skal greina á milli aðalbreytingar og þeirra sem af henni leiða.

C. Málsmeðferð og viðurkenning.

93. gr.

Upphaf málsmeðferðar.

Málsmeðferð hefst við móttöku gildrar umsóknar skv. 88. gr. Lyfjastofnun tilkynnir umsækjanda um hvenær gild umsókn telst hafa verið móttekin.

Taki umsókn til fleiri aðildarríkja EES-samningsins upplýsir viðmiðunarlandið umsækjanda um hvenær málsmeðferð hefst.

94. gr.

Frestur og meðferð umsókna um minniháttar breytingar.

Umsókn um minniháttar breytingu er einungis nær til Íslands, telst viðurkennd fá markaðsleyfishafi ekki athugasemdir frá Lyfjastofnun innan 60 daga frá því að gild umsókn hefur verið móttekin.

Taki breytingar til fleiri aðildarríkja EES-samningsins, telst breyting viðurkennd nema markaðsleyfishafa berist innan 30 daga eftir að málsmeðferð er hafin, rökstudd tilkynning frá viðmiðunarlandinu um að umsókn sé annmörkum háð og fáist af þeim sökum ekki viðurkennd. Viðkomandi markaðsleyfishafi getur innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar bætt úr þeim annmörkum, sem þar er um getið. Umsókn telst dregin til baka hafi markaðsleyfishafi ekki bætt úr annmörkum innan frestsins.

95. gr.

Frestir og málsmeðferð vegna meiriháttar breytinga.

Umsókn um meiriháttar breytingu sem einungis tekur til Íslands skal afgreidd innan 120 daga eftir að Lyfjastofnun hefur móttengið gilda umsókn. Breyting getur ekki komið til framkvæmda fyrr en skrifleg viðurkenning liggur fyrir.

Taki breyting til fleiri aðildarríkja EES-samningsins, vinnur viðmiðunarlandið, innan 60 daga eftir að málsmeðferð er hafin, matsgerð og tillögu að ákvörðun, er sendist hlutaðeigandi aðildarríki EES-samningsins til viðurkenningar. Óski viðmiðunarlandið eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda, lengist fresturinn um 60 daga eða í sérstökum tilfellum um lengri tíma eftir ákvörðun viðmiðunarlandsins. Lyfjastofnun viðurkennir breytingar innan 30 daga eftir að tillögur að ákvörðun og matsgerð er móttekin, nema ákvæði 98. gr. eigi við.

Ákvörðun gildir frá því tímamarki er samkomulag hefur náðst milli viðmiðunarlands og markaðsleyfishafa að höfðu samráði við öll hlutaðeigandi aðildarríki EES-samningsins.

96. gr.

Breytingar á merkingum eða fylgiseðlum.

Umsókn um breytingu á merkingum eða fylgiseðli er ekki krefst breytinga á samantekt á eiginleikum lyfs, telst viðurkennd ef markaðsleyfishafi fær ekki athugasemdir frá Lyfjastofnun innan 90 daga eftir að gild umsókn er móttekin.

D. Úrlausn ágreinings.

97. gr.

Reglur um meðferð ágreinings vegna minniháttar breytinga.

Þar sem umsókn um minniháttar breytingar er synjað á grundvelli 2. mgr., 94. gr. og í tilfellum þar sem umsókn er synjað á grundvelli mismunandi skilnings hlutaðeigandi aðildarríkja EES-samningsins, er umsækjanda heimilt innan 10 daga eftir að frestur skv. 2. mgr., 94. gr. er útrunninn, að senda mál hlutaðeigandi nefndum Lyfjamálastofnunar Evrópu (nefnd um lyf fyrir menn (CPMP) eða nefnd um lyf fyrir dýr (CVMP)) til úrlausnar ágreinings sbr. 2. mgr., 85. gr., sbr. reglugerð nr. 541/95/EBE (5. gr. 3.).

98. gr.

Reglur um meðferð ágreinings vegna meiriháttar breytinga.

Þar sem Lyfjastofnun viðurkennir ekki tillögur viðmiðunarlands í tengslum við meiriháttar breytingar, skal mál sent hlutaðeigandi nefndum Lyfjamálastofnunar Evrópu (nefnd um lyf fyrir menn (CPMP) eða nefnd um lyf fyrir dýr (CVMP)), til úrlausnar ágreinings, sbr. 2. mgr., 99. gr., sbr. reglugerð nr. 541/95/EBE (7. gr. 5.).

X. KAFLI

Lyfjagát (Pharmacovigilance).

99. gr.

Sérstakar skilgreiningar.

Í kafla þessum merkja eftirfarandi hugtök:

- a) *Aukaverkun*: Skaðleg og ótilætluð verkun lyfs sem notað er í venjulegum skömmtum fyrir menn eða dýr til að fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóm eða breytingar á lífeðlisfræðilegri starfsemi.
- b) *Alvarleg aukaverkun*: Aukaverkun hjá mönnum sem leiðir til dauða, lífshættulegs ástands, veldur fötlun, fjarveru frá vinnu, sjúkrahúsvist eða lengingar á sjúkrahúsvist eða leiðir til dauða hjá dýri eða ólæknandi eða langvarandi sjúkdómseinkenna.
- c) *Óvæntar aukaverkanir*: Aukaverkanir sem ekki er getið um í samantekt á eiginleikum lyfs (SPC).
- d) *Alvarlegar óvæntar aukaverkanir*: Aukaverkanir sem bæði eru alvarlegar og óvæntar.
- e) *Lyfjagát*: Eftirlit með aukaverkunum lyfja.

100. gr.

Kröfur til markaðsleyfishafa um lyfjagátarkerfi.

Markaðsleyfishafi skal hafa í sinni þjónustu aðila með fullnægjandi þekkingu til að bera ábyrgð á lyfjagát innan fyrirtækisins.

Viðkomandi skal vera ábyrgur fyrir:

- a) Að koma á fót og starfrækja kerfi sem tryggir að tilkynnt sé um ætlaðar aukaverkanir til ábyrgðaraðila innan fyrirtækisins þar sem þeim er safnað saman og þær metnar og gerðar aðgengilegar á einum stað innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- b) Að vinna skýrslur skv. 102. - 105. gr., sem sendar eru til Lyfjastofnunar í þeirri mynd sem óskað er eftir.
- c) Að tryggja að svarað sé fljótt og ítarlega sérhverri beiðni sem kemur frá Lyfjastofnun um að lögð séu fram frekari gögn sem talin eru nauðsynleg svo unnt sé að meta áhættu og kosti lyfs, þ.m.t. upplýsingar um sölu eða ávísun lyfs.

101. gr.

Framsending tilkynninga um ætlaðar alvarlegar aukaverkanir.

Lyfjastofnun skal skrá allar ætlaðar alvarlegar aukaverkanir á Íslandi sem hún fær upplýsingar um. Lyfjastofnun skal tafarlaust og í síðasta lagi 15 dögum eftir að upplýsingar berast, senda tilkynningu til Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) og til markaðsleyfishafa.

102. gr.

Tilkynningar markaðsleyfishafa um alvarlegar aukaverkanir.

Leyfishafi sem fengið hefur útgefið markaðsleyfi skv. 55. gr., skal skrá allar ætlaðar alvarlegar aukaverkanir sem tilkynntar eru honum frá viðkomandi heilbrigðisstéttum. Upplýsingar skulu tilkynntar Lyfjastofnun tafarlaust en í síðasta lagi 15 dögum eftir móttöku upplýsinganna.

Leyfishafi er fengið hefur útgefið markaðsleyfi skv. 67. gr. skal skrá allar ætlaðar alvarlegar aukaverkanir innan Evrópska efnahagssvæðisins sem tilkynntar eru honum frá viðkomandi heilbrigðisstéttum. Leyfishafi skal tafarlaust en í síðasta lagi 15 dögum eftir að upplýsingar berast tilkynna þar til bærum heilbrigðisyfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríkjum EES-samningsins, um aukaverkanir er tilkynningar hafa borist frá.

103. gr.

Tilkynning markaðsleyfishafa um ætlaðar óvæntar alvarlegar aukaverkanir.

Leyfishafi er fengið hefur útgefið markaðsleyfi skv. 67. gr. skal skrá allar ætlaðar óvæntar alvarlegar aukaverkanir lyfja utan Evrópska efnahagssvæðisins sem honum er tilkynnt um. Leyfishafi skal tafarlaust og í síðasta lagi 15 dögum eftir að upplýsingar berast senda tilkynningu þar að lútandi til Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) og hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

104. gr.

Samantekt um öryggi lyfs. (Periodic Safety Update; PSU).

Markaðsleyfishafi skal færa nákvæmt yfirlit yfir allar ætlaðar aukaverkanir sem tilkynntar eru honum frá heilbrigðisstéttum.

Yfirlitið skal senda heilbrigðisyfirvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins sé þess óskað. Yfirlit um lyf með markaðsleyfi skv. 67. gr. skal einnig sent Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA) sé þess óskað.

Sé ekki gerð krafa um annað í markaðsleyfi skal yfirlitið sent heilbrigðisyfirvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins, eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti fyrstu tvö árin sem lyf hefur markaðsleyfi. Næstu þrjú árin skal markaðsleyfishafi senda yfirlitið árlega. Eftir það tímabil sendast yfirlitin á fimm ára fresti samhliða umsókn um endurnýjun markaðsleyfis. Hafi lyfi verið veitt markaðsleyfi skv. 67. gr. skal yfirlitið einnig sent Lyfjamálastofnun Evrópu (EMEA).

Í yfirlitinu skal koma fram lýsing á einstökum tilfellum er tilkynnt hafa verið auk heildstæðs vísindalegs mats. Matið skal hafa að geyma stutta skriflega lýsingu á tegund aukaverkana ásamt öðru því sem máli skiptir, þ.m.t. breytingar á tíðni aukaverkana.

Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar sem móttekna eru á því tímabili sem getið er um í 3. mgr. Upplýsingarnar skulu sendar viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum innan 60 daga eftir lok tilgreindra tímamarka.

105. gr.

Ætlaðar óvæntar aukaverkanir, sem ekki teljast alvarlegar.

Sé annað ekki sérstaklega tiltekið í markaðsleyfi skal skráning og tilkynning ætlaðra

óvæntra aukaverkana lyfs sem ekki teljast alvarlegar með markaðsleyfi skv. 67. gr., fara skv. ákvæðum 104. gr. Upplýsingar skulu settar í þar til gerðan kafla í yfirlitinu.

Reglugerð nr. 540/95/EBE, um fyrirkomulag á skýrslugjöf um meintar, óvæntar en ekki alvarlegar aukaverkanir lyfja sem ætluð eru mönnum eða dýrum og leyfð hafa verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 2309/93/EBE, hvort sem þeirra verður vart í Evrópusambandinu eða þriðja landi, sbr. 2. mgr., 64. gr. gildir hér á landi með þeirri aðlögun sem viðauki 2, XIII. kafla, bókun 1 við EES-samninginn hefur í för með sér.

XI. KAFLI Ýmis ákvæði.

106. gr.

Krafa um framleiðsluleyfi.

Íslenskir lyfjaframleiðendur skulu hafa gilt framleiðsluleyfi skv. 31. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, svo lyf er þeir framleiða geti fengið markaðsleyfi hér á landi.

Lyfjaframleiðendur í öðrum aðildaríkjum EES-samningsins skulu hafa sams konar leyfi, útgefin af heilbrigðisyfirvöldum viðkomandi lands.

Framleiðendur utan Evrópska efnahagssvæðisins skulu hafa leyfi til framleiðslu á tilteknu lyfi, sem sótt er um markaðsleyfi fyrir og skal leyfið gefið út af heilbrigðisyfirvöldum þess lands. Þá skulu þeir hafa tiltæk gögn, þar sem lýst er framleiðsluferli og gæðaeftirliti með framleiðslu lyfsins. Jafnframt skulu þeir veita aðgang að skýrslum um eftirlit heilbrigðisyfirvalda eigin lands eða annars lands og veita íslenskum eftirlitsmönnum aðgang að framleiðslustað og gögnum um framleiðsluferli og gæðaeftirlit.

107. gr.

Umboðsmenn markaðsleyfishafa.

Markaðsleyfishafi sem ekki hefur aðsetur innan Evrópska efnahagssvæðisins skal hafa umboðsmann með aðsetur á Íslandi. Umboðsmaður skal færa sönnur á umboð sitt gagnvart Lyfjastofnun. Falli umboð brott, skal Lyfjastofnun tafarlaust upplýst um það. Nýtt umboð skal í slíkum tilvikum tilkynnt innan hæfilegs frests er Lyfjastofnun ákvarðar, að öðrum kosti er heimilt að afturkalla markaðsleyfi skv. f-lið 1. mgr. 58. gr., sbr. 59. gr.

Umboðsmanni er skylt að sjá til þess að markaðsleyfishafi haldi gildandi ákvæði um innflutning, markaðssetningu, auglýsingar og klínískar prófanir sérlyfja hér á landi og skal hafa umboð frá leyfishafa til að svara fyrir hérlendum dómstólum eða stjórnvöldum í málum sem taka til skilyrða fyrir veitingu markaðsleyfis lyfs.

Uppfylli umboðsmaður eða umboð ekki tilskilin skilyrði, eða vanræki umboðsmaður ítrekað skyldur sínar að öðru leyti, getur Lyfjastofnun krafist nýs umboðs innan hæfilegs frests.

Lyfjastofnun getur í sérstökum tilfellum fallið frá kröfu um umboð.

108. gr.

Gjöld til Lyfjastofnunar.

Lyfjastofnun innheimtir gjöld í samræmi við gjaldskrá reglugerðar um gjöld vegna markaðsleyfa, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja, sem í gildi er hverju sinni, sbr. 3. gr. lyfjalaga. Gjöldin eru óendurkræf þótt umsókn sé synjað.

Reglugerð nr. 297/95/EBE, um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu (EMEA) vegna markaðsleyfa er falla undir gildissvið reglugerðar nr. 2309/93/EBE, gildir hér á landi með þeirri aðlögun sem viðauki 2, XIII. kafla, bókun 1 við EES-samninginn hefur í för með sér.

109. gr.

Umsóknir um verð.

Sækja skal um hámarksverð í heilðsölu og allar verðbreytingar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum til lyfjaverðsnefndar, sbr. 40. gr. lyfjalaga.

110. gr.

Sérlyfjaskrá.

Upplýsingar um sérlyf verða því aðeins birtar í sérlyfjaskrá að markaðsleyfi lyfsins sé fyrir hendi og sýnishorn umbúða og fylgiseðils í endanlegri gerð liggi fyrir.

XII. KAFLI

Gildistaka. Brottfall.

111. gr.

Gildistaka og brottfall.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka mið af;

- EES samningnum, viðauka II, undirflokkur XIII og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 3, ISSN 1022-9337, EFTA Publication Unit.
- tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 65/65/EBE, 75/318/EBE og 75/319/EBE um lyf ætluð mönnum, með síðari breytingum,
- tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins 81/851/EBE og 81/852/EBE um dýralyf, með síðari breytingum,
- reglugerð ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2377/90/EBE þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu,
- reglugerð ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2309/93/EBE um málsmeðferð Evrópubandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyf, sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu, með síðari breytingum,
- reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 95/540/EBE um fyrirkomulag á skýrslugjöf um meintar, óvæntar en ekki alvarlegar aukaverkanir lyfja sem ætluð eru mönnum eða dýrum og leyfð hafa verið í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2309/93/EBE, hvort sem þeirra verður vart í Evrópusambandinu eða þriðja landi,
- reglugerðum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 95/541-542/EBE um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2309/93/EBE,
- reglugerð Evrópuþingsins og ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 141/2000/EC um lyf við fágætum sjúkdómum (Regulation of the European Parliament and of the Council on orphan medicinal products).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5., 7. og 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 465/1995 um skráningu og útgáfu markaðsleyfa fyrir sérlyf með síðari breytingum og reglugerð nr. 418/1994, um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. júní 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ingolf J. Petersen

REGLUR

um aukastörf héraðs- og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum.

1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. og 3. mgr. 26. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla og gilda um aukastörf héraðs- og hæstaréttardómara í þágu annarra og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum.

2. gr.

Dómara er heimilt í takmörkuðum mæli að taka að sér kennslu- og prófdómarastörf án þess að leita fyrirfram leyfis nefndar um dómarastörf, sem starfar samkvæmt IV. kafla laga um dómstóla. Hinu sama gegnir um setu í dómnefnd um hæfi umsækjenda um stöður háskóla-kennara og um einstök verkefni, sem Alþingi eða nefnd Alþingis felur dómara að vinna. Dómari skal þó tilkynna nefnd um dómarastörf um störf, sem um ræðir í þessari grein, áður en hann tekur við þeim.

3. gr.

Dómara er óheimilt að sitja í gerðardómi samkvæmt tilnefningu eins eða einungis sumra málsaðila, en ekki allra. Bannið á þó ekki við ef tilnefning í gerðardóm er sameiginleg af hendi beggja eða allra málsaðila eða stafar frá þeim, sem falið er í gerðarsamningi eða með lögum að tilnefna slíkan dómara. Skal um þau störf farið eftir ákvæðum 4. greinar þessara reglna.

Dómara er óheimilt að taka að sér málflutningsstörf. Sama máli gegnir um önnur hefðbundin lögmannsstörf ef endurgjald kemur fyrir.

Dómara er ennfremur óheimilt að gegna stjórnunarstörfum í félagi eða öðrum lögaðila, sem hefur þann megintilgang að stunda atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni.

4. gr.

Dómara er heimilt að taka að sér önnur aukastörf en getið er að framan að fengnu samþykki nefndar um dómarastörf. Leita skal samþykkis nefndarinnar hverju sinni fyrirfram. Dómari skal einnig tilkynna þegar hann lætur af aukastarfi, sem hann tók áður að sér til óákveðins tíma.

5. gr.

Umsókn um að mega gegna aukastarfi skulu fylgja tiltækar upplýsingar um eðli starfans, hvað ætla megi um umfang hans og hver ákveði og greiði laun, sem honum fylgja.

Ef aukastarf, sem heimild hefur fengist fyrir, breytist þannig að hugsanlegt sé að það samrýmist ekki lengur stöðu dómara, ber honum að gera nefnd um dómarastörf viðvart. Hið sama á við ef umfang aukastarfs eykst þannig að hætta kunni að vera á að dómari geti af þeirri ástæðu ekki sinnt embættisstarfi sínu sem skyldi.

Nefnd um dómarastörf getur krafist dómara upplýsinga um hve miklum tíma hann hafi varið í framkvæmd aukastarfs.

6. gr.

Dómara er heimilt að taka að sér ólaunuð störf í þágu áhugamannasamtaka og þarf hvorki að tilkynna nefnd um dómarastörf um slík viðfangsefni né leita samþykkis hennar fyrir þeim. Sjái nefnd um dómarastörf sérstakt tilefni til að kanna umfang slíkra starfa skal dómari gera grein fyrir þeim.

7. gr.

Dómara er heimilt að eiga hlut í öðrum félögum og atvinnufyrirtækjum en þeim, sem sérstakar lögfestar hömlur gilda um varðandi eignaraðild.

Skylt er dómara að tilkynna nefnd um dómarastörf um eignarhlut sinn í félagi, sem hefur skráð gengi í verðbréfavíðskiptum, sé hann að verðmæti allt að 3.000.000 króna. Sama á við um önnur félög, sem dómari á allt að 5% hlut í.

Leita skal heimildar nefndarinnar sé eignarhlutur dómara í félagi umfram þau mörk, sem greinir að framan.

8. gr.

Nefnd um dómarastörf getur með rökstuddri ákvörðun meinað dómara að gegna auka-
starfi eða eignast hlut í félagi eða atvinnufyrirtæki. Hafi dómari þegar tekið að sér starf eða eignast hlut skal hann laga sig að ákvörðun nefndarinnar innan sex mánaða að því er auka-
starfið varðar, en tólf mánaða að því er varðar eignarhlutinn.

9. gr.

Aðili dómsmáls á rétt á að fá frá nefnd um dómarastörf upplýsingar um tiltekið auka-
starf eða eignarhlut dómara í félagi, ef það getur að mati nefndarinnar skipt máli fyrir það
ágreiningsefni, sem er til úrlausnar, eða hefur verið dæmt.

10. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2000.

Nefnd um dómarastörf samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla,

Gunnlaugur Claessen
hæstaréttardómari.

Helgi I. Jónsson
héraðsdómari.

Sigurður Líndal
prófessor.

REGLUR

um litmerkibyssur.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um kolsýru-, loft- og fjaðurbyssur sem ætlaðar eru til notkunar í lit-
boltaleik. Skilyrði þess að ofangreindar merkibyssur, falli undir reglurnar en ekki ákvæði
vopnalaga um loftbyssur, er að þær séu eingöngu hannaðar til að skjóta litboltum sem eru
a.m.k. 16 mm í þvermál.

2. gr.

Kúlur í merkibyssur, sem samanstanda af gelatínhúð o.fl. og innihalda litarefni, eru ekki
háðar ákvæðum vopnalaga. Reglur vopnalaga taka ekki til hleðslukúta og -hylkja sem fram-
leidd eru sérstaklega fyrir litmerkibyssur.

Almenn ákvæði.

3. gr.

Notkun litmerkibyssa er bönnuð nema á afmörkuðum viðurkenndum svæðum. Litmerkibyssur skulu vera í eigu fyrirtækis eða félagasamtaka sem hafa litboltaleik að markmiði og hafa fengið viðurkenningu ríkislögreglustjórans. Slík félög skulu hafa aðgang að öruggum geymslum fyrir litmerkibyssur og hlutum er þeim fylgja og halda um þá skrá.

Umsjónarmenn hvers félags bera ábyrgð á útlánum litmerkibyssa og að þátttakendur í leik beri sérþúnar andlitshlífar til að koma í veg fyrir meiðsli.

4. gr.

Þar sem litmerkibyssur eru notaðar skal a.m.k. einn lögráða umsjónarmaður vera við leiksvæðið.

Fyrir þátttöku í litboltaleik skulu ungmenni undir 18 ára aldri hafa skriflegt samþykki forráðamanns. Óheimilt er að afhenda barni undir 15 ára aldri litmerkibyssu.

5. gr.

Við notkun á litmerkibyssum skal ítrustu varúðar gætt og ætíð farið eftir viðurkenndum leikreglum sem umsjónarmanni félags er skylt að kynna þátttakendum. Þeim sem eru undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er óheimil meðferð á litmerkibyssum.

6. gr.

Tilkynna ber lögreglu um öll alvarleg slys sem kunna að verða við meðferð á litmerkibyssum og/eða litboltum í þær.

Óheimilt er að breyta litmerkibyssu á nokkurn hátt þannig að hún hljóti aðra eiginleika en framleiðandi hennar ætlaðist til.

7. gr.

Viðurkenning félags.

Félag sem hefur litboltaleik með litmerkibyssum að markmiði skal leita leyfis ríkislögreglustjórans. Til að öðlast slíkt leyfi skal félagið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Vera stofnað á sérstökum stofnfundi og skráð hjá Hagstofu Íslands.
2. Hafa skipulagsbundna stjórn og tilgreindan ábyrgðarmann með skotvopnaleyfi.
3. Hafa félagslög.
4. Hafa skráðar leikreglur.
5. Hafa aðgang að viðurkenndri geymslu fyrir tæki í eigu félagsins.

8. gr.

Geymslu- og leiksvæði.

Varsla á litmerkibyssum og litboltum í þær skal vera í húsnæði búnu þjófavörn viðurkenndu af lögreglustjóra og skulu merkibyssur og litboltar aðskilin í læstum hirslum.

Lögreglustjórar geta veitt viðurkenndum félögum leyfi fyrir leiksvæðum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar. Ekki má leyfa leiksvæði nema ytri mörk vallar séu í a.m.k. 150 metra fjarlægð frá næstu umferðargötu og ekki á opnum útivistarsvæðum. Fjarlægðarmörk má þó stytta, ef völlum er girtur með öryggisneti þannig að tryggt sé að leikurinn trufla ekki umferð.

9. gr.

Innflutningur.

Enginn má flytja inn litmerkibyssur í atvinnuskyni nema með leyfi ríkislögreglustjórans. Leyfi til að flytja inn litmerkibyssur verður því aðeins gefið út að umsækjandi sé fyrirtæki

eða félagasamtök með virðisaukaskattsnúmer og tilgreindan ábyrgðarmann sem hefur skotvopnaleyfi.

Aðeins er heimilt að veita innflutningsleyfi fyrir litmerkibyssum þeim sem hafa starfsleyfi til að versla með skotvopn og skotfæri auk viðurkenndra félaga sem hafa litboltaleik að markmiði.

Einstaklingur er óheimill innflutningur á litmerkibyssum til eigin nota.

Sækja skal um leyfi fyrir hverri sendingu til ríkislögreglustjórans þar sem pöntun er sundurliðuð. Fram þarf að koma nafn innflytjanda, kennitala hans, heimilisfang og símanúmer. Einnig þarf að tilgreina útflytjanda og heimilisfang auk áætlunar um flutningsleið og komudag sendingar.

Óheimilt er að tollafgreiða litmerkibyssu nema innflytjandi leggi fram við tollafgreiðslu innflutningsleyfi ríkislögreglustjórans og áritaðan vörureikning, sem lögreglustjóri hefur samþykkt til innflutnings.

10. gr.

Afturköllun leyfis.

Leyfi samkvæmt reglum þessum getur leyfisveitandi afturkallað ef ekki teljast lengur fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu eða leyfishafi hafi ekki farið eftir settum fyrirætlum. Leyfisveitanda er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án þess að með mál sé farið samkvæmt reglum stjórnsýslulaga, enda sé hætta á tjóni fyrir menn eða muni.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í d-lið 3. gr. vopnalaga nr. 16 25. mars 1998, taka þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júní 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Arnar Þór Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

1. gr.

Við 2. gr. bætist:

Varnarefnaleifar eru leifar af varnarefnum í ungbarnablöndum og stoðblöndum ásamt umbrots-, niðurbrots- eða myndefnum þeirra.

2. gr.

Í stað 3. gr. kemur:

Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu ekki innihalda nein efni í því magni að heilsu ungbarna og smábarna geti stafað hættu af. Samanlagt magn varnarefnaleifa skal ekki vera hærra en 0,01 mg/kg af vörinni, eins og hún er framleidd tilbúin til neyslu eða blönduð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Aðferðir við greiningu á magni varnarefnaleifa skulu vera almennt viðurkenndar og staðlaðar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, tilskipunar nr. 1999/50/EB.

Ákvæði til bráðabirgða.

Veittur er frestur til 1. júlí 2002 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Umhverfisstofnun, 20. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun
þungaskatts og skyldur ökumanna, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á undan orðinu námubifreiðar“ í 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: belta- og.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Greiða skal þungaskatt í formi fasts gjalds af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Skattskylda stofnast við nýskráningu bifreiðar.

b. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. gr. reglugerðarinnar:

a. 2.-4. másl. 1. mgr. falla brott.

b. 3. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skal vera sem hér segir:

Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.	Gjaldþyngd ökutækis kg.	Kílómetragjald kr.
4.000-4.999	7,11	18.000-18.999	17,09
5.000-5.999	7,56	19.000-19.999	18,40
6.000-6.999	8,17	20.000-20.999	19,38
7.000-7.999	8,58	21.000-21.999	20,50
8.000-8.999	8,96	22.000-22.999	21,79
9.000-9.999	9,36	23.000-23.999	22,83
10.000-10.999	9,93	24.000-24.999	23,86
11.000-11.999	10,30	25.000-25.999	25,02
12.000-12.999	11,20	26.000-26.999	26,13

Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.	Gjaldþyngd ökutækis kr.	Kílómetragjald kr.
13.000-13.999	12,00	27.000-27.999	27,30
14.000-14.999	12,93	28.000-28.999	28,46
15.000-15.999	13,92	29.000-29.999	29,62
16.000-16.999	15,03	30.000-30.999	30,78
17.000-17.999	16,12	31.000 og yfir	31,94

c. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimilt að taka við greiðslukortum og erlendum gjald-eyri vegna greiðslu þungaskatts samkvæmt þessari grein. Ef greiðsla er innt af hendi í formi erlends gjaldeyris skal miða við sölugengi eins og Seðlabankinn auglýsir hverju sinni.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. gr. reglugerðarinnar:

2. másl. 1. mgr. 9. gr. orðast svo: Sama gildir ef skráningamerki bifreiðar hafa verið afhent Skráningarstofunni hf. til geymslu eða framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi.
- Í stað orðanna „Heimilt er“ í 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri skal.

7. gr.

Orðin „í a.m.k. fimmtán daga samfellt“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar falla brott.

8. gr.

2. másl. 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Eindagi er 15. dagur annars mánaðar hvers gjaldtímabils, þ.e. 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 21. gr. reglugerðarinnar:

- Orðin „og fasts árgjalds skv. 5. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
2. másl. 3. mgr. orðast svo: Eindagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok hvers gjaldtímabils, þ.e. 15. mars, 15. júlí og 15. nóvember ár hvert.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í C-lið 7. gr. og 20. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hinn 11. júní 2000 skal lagt 33.333 kr. fast árgjald þungaskatts á bifreiðar sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, í samræmi við ákvæði 2.-4. másl. 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 309/1996, eins og hún er fyrir gildistöku þessarar reglu-gerðar.

Ný gjaldskrá kílómetragjalds samkvæmt reglugerð þessari tekur gildi 11. júní 2000. Nýja

gjaldið fyrir hvern ekinn kílómetra tekur gildi strax að loknu öðru álestrartímabili sem er frá 20. maí til 10. júní 2000. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Þá skal hið nýja gjald innheimt eftir meðaltalsakstri eftir lok fyrrgreinds tímabils.

Þeir sem hafa sótt um heimild til ríkisskattstjóra til að greiða gjald fyrir gjaldárið 2000 er tekur mið af 95.000 km akstri í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra auk 100.000 kr. fasts árgjalds, í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 309/1996 eins og hún er fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu halda rétti sínum til greiðslu áður nefnds gjalds.

Fjármálaráðuneytinu, 20. júní 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 446/1994 um sérfæði.

1. gr.

Í stað þeirra flokka sérfæðis sem fram koma í 10. gr. og sérreglur geta gilt um, koma eftirtaldir flokkar:

- a. ungbarnablöndur og stoðblöndur;
- b. barnamatur úr korni eða öðru hráefni;
- c. megrunarfæði;
- d. matvæli til nota í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi;
- e. matvæli ætluð þeim sem verða fyrir mikilli vöðvaáreynslu, einkum íþróttamönnum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XII. kafla, tilskipunar nr. 1999/41/EB.

Umhverfissráðuneytinu, 20. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

**um gildistöku samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands,
Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt.**

Hinn 23. október 1998 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur milli Norðurlandanna um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt.

Samningurinn tók gildi 26. febrúar 1999, en hann er gerður í samræmi við ákvæði 9. gr. b laga um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, sbr. lög nr. 49/1982.

Ákvæði A - C liðar 9. gr. b hafa því komið til framkvæmda frá þeim tíma.
Texti samningsins fylgir hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júní 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um framkvæmd ákvæðanna í 10. gr. laga nr. 252 frá 27. maí 1950 um danskan ríkisborgararétt, sbr. lagabirtingu nr. 757 frá 14. september 1995, í 10. gr. laga um finnskan ríkisborgararétt (nr. 401) frá 28. júní 1968 með breytingu að hluta samkvæmt lögum frá 10. ágúst 1984 (584/1984), í 9. gr. b í lögum nr. 100 frá 23. desember 1952 um íslenskan ríkisborgararétt með breytingu samkvæmt lögum nr. 49 frá 11. maí 1982, í 10. gr. laga frá 8. desember 1950 um norskan ríkisborgararétt með breytingu samkvæmt lögum frá 20. desember 1968 og í 10. gr. laga frá 22. júní 1950 (nr. 382) um sænskan ríkisborgararétt sem síðast var breytt með lögum frá 30. maí 1991 (nr. 501).

1. gr.

Pegar beitt er 3. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgararéttarlögunum og 5. gr. í finnsku ríkisborgararéttarlögunum skal meta lögheimili í öðru samningsríki til jafns við lögheimili í því ríki sem aðili óskar eftir að öðlast ríkisborgararétt í, þó þannig að aðeins skal telja þann tíma sem lögheimili er skráð síðustu 5 ár áður en ósk er borin fram og áður en aðili sem ríkisfangs óskar náði 16 ára aldri.

2. gr.

Pegar beitt er 4. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgararéttarlögunum og 6. gr. í finnsku ríkisborgararéttarlögunum skal meta lögheimili í öðru samningsríki til fullnæðs 12 ára aldurs til jafns við lögheimili í því ríki sem aðili óskar eftir að öðlast ríkisborgararétt í.

3. gr.

EKKI skal beita ákvæði 1. mgr. 8. gr. í dönsku, íslensku, norsku og sænsku ríkisborgararéttarlögunum og ákvæði 1. mgr. 8. gr. b í finnsku ríkisborgararéttarlögunum gagnvart þeim sem átt hefur lögheimili samanlagt í minnst 7 ár í öðru samningsríki.

4. gr.

Sá sem er ríkisborgari í einhverju samningsríki getur öðlast ríkisborgararétt í öðru samningsríki með því að tilkynna skriflega þá ósk sína til þess yfirvalds sem viðkomandi ríki tiltekur enda hafi hann

- 1) öðlast ríkisborgararétt í fyrrnefndu ríki með öðrum hætti en með lögum, leyfi eða samsvarendi hætti,
- 2) náð 18 ára aldri,
- 3) átt lögheimili í samningsríkinu síðustu 7 árin, og
- 4) ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öðrum viðurlögum sem samkvæmt lögum þess ríkis eru í þessu tilliti lögð að jöfnu við refsivist.

Þegar beitt er ákvæðinu í 1. tl. 1. mgr. telst sá, sem öðlast hefur ríkisborgararétt við að annað foreldra hans hefur öðlast ríkisborgararétt með lögum, leyfi eða samsvarandi hætti, einnig hafa öðlast ríkisborgararétt með þessum hætti.

Þegar beitt er ákvæðinu í 3. tl. 1. mgr. getur sérhver aðili ákveðið skemmri lögheimilis-tíma en þó ekki skemmri en 5 ár.

5. gr.

Ríkisborgari í samningsríki sem áður hefur átt ríkisborgararétt í öðru samningsríki, öðlast að nýju þann ríkisborgararétt við að gefa skriflega yfirlýsingu til yfirvalds sem ríkið tiltekur eftir að hafa tekið sér lögheimili í því ríki.

Slíka yfirlýsingu er þó aðeins unnt að gefa að sá sem yfirlýsinguna gefur hafi að staðaldrí átt ríkisborgararétt í einu eða fleiri samningsríkjanna eftir að hann missti þann ríkisborgararétt sem hann óskar að öðlast að nýju.

6. gr.

Öðlist ríkisborgari í samningsríki ríkisborgararétt í öðru samningsríki samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. gr. öðlast einnig ógift börn hans undir 18 ára aldri þann ríkisborgararétt með því skilyrði að fullnægt sé þeim ákvæðum sem tiltekin eru í ríkisborgararéttarlöggjöf viðkomandi ríkis.

7. gr.

Sérhver aðili skal þegar í stað tilkynna hinum aðilunum þær breytingar á ríkisborgararéttarlöggjöf sinni sem þýðingu hafa fyrir þennan samning. Skulu aðilarnir þá hið fyrsta athuga sameiginlega að hve miklu leyti slíkar breytingar gefa tilefni til breytinga á þessum samningi.

8. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar liðnir eru 30 dagar frá þeim degi er allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir samþykki samninginn. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðilunum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

Samtímis fellur úr gildi samningur sem gerður var í Kaupmannahöfn 15. janúar 1969 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um framkvæmd tiltekinna ákvæða um ríkisborgararétt, ásamt síðari breytingum sem gerðar voru með samningi sem gerður var í Stokk-hólmi 21. október 1977.

9. gr.

Aðili getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna það skriflega til danska utanríkisráðuneytisins sem tilkynnir hinum aðilunum um móttöku tilkynningarinnar og um efni hennar.

Uppsögn gildir aðeins að því er varðar þann aðila sem sagt hefur samningnum upp og tekur hún gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytið fékk í hendur tilkynninguna um uppsögn.

10. gr.

Frumrit þessa samnings skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum aðilunum í té staðfest eftirrit hans.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 23. október 1998 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Eyja- og Miklaholtshreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í Eyja- og Miklaholtshreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3ja ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Eyja- og Miklaholtshrepps eða eigenda húsnæðis og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Allri seyru skal farga á viðurkenndan hátt.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Eyja- og Miklaholtshrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir frá 1. júlí 2000.

Umhverfissráðuneytinu, 29. júní 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 919/1999 um viðmiðun ÍSN93, grunnstöðvanet og mælistöðvar til notkunar við landmælingar og kortagerð.

1. gr.

D-liður 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
d) meðalhornhraði jarðar $\omega = 7292115 \cdot 10^{-11} \cdot \text{rad} \cdot \text{s}^{-1}$

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við landmælingar og kortagerð skal nota hnitakerfi á hornsannri keiluvörpun Lamberts,

Þar sem mælikvarðinn er einn á breiddarbaugunum $64^{\circ}15'$ og $65^{\circ}45'$ norðurbreiddar. Ásar hnitakerfisins eru nefndir austurás og norðurás. Norðurásinn liggur til norðurs eftir lengdarbaug 19° vesturlengdar, en austurásinn hornrétt á norðurásinn til austurs við 65° norðurbreiddar. Skurðpunktur ásanna hefur hnitin norður = 500.000,000 metrar og austur = 500.000,000 metrar. Stefna er mæld og reiknuð réttisælis frá norðri til austurs.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga um landmælingar og kortagerð nr. 95/1997, sbr. lög nr. 132/1998, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Sævarhöfði 2-2A, skipulag athafnalóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 6. júní 2000 samþykkt skipulag athafnalóðar við Sævarhöfða 2-2A.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Sóltún, Ármannsreitir.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 30. maí 2000 samþykkt skipulag Ármannssvæðis í Sóltúni.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. júní 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag leikskóla við Kópavogsbraut 19, Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 25. janúar 2000 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi leikskólalóðar við Kópavogsbraut 19. Í tillögunni felst m.a. að afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýjan leikskóla, breytt afmörkun lóðar, ný aðkoma og fyrirkomulag bílastæða við fyrirhugaðan leikskóla. Tillagan var auglýst frá 18. nóvember til 22. desember 1999. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Tillagan hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 22. júní 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 á Ofanbyggjarasvæði í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin nær til Ofanbyggjarasvæðis og felst í að óbyggðu svæði og opnu svæði til sérstakra nota (útivistarsvæði), merkt G-8.3 og G-8.4 á aðalskipulagsuppdraetti er breytt í íbúðasvæði og frístundabyggðarsvæði. Nánar tiltekið eru breytingarnar eftirfarandi:

- Núverandi íbúðasvæði merkt ÍB-8.1, ÍB-8.2 og ÍB-8.4 eru stækkuð eða afmörkun þeirra breytt.
- Tvö íbúðasvæði, merkt ÍB-8.10 og ÍB-8.11, bætast við.
- Tvö frístundabyggðarsvæði, merkt S-8.4 og S-8.5, bætast við.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 1985-2005, svæði milli Hólmsár og skólasvæðis, Tálknafjarðarhreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 1985-2005 frá 2. desember 1985.

Breytingin varðar 5 atriði vestan við íbúðabyggðina á Tálknafirði:

- Nýr vegur um svæðið breytir um legu og tengist ekki þjóðveginum fyrir neðan.
- Svæði fyrir framtíðaríbúðabyggð skerðist.
- Nýr vegur liggur upp með árfarveginum inn á svæðið og tengist fyrirhuguðum vegi fyrir ofan.
- Lóð fyrir kirkju og kirkjugarð stækkar og breytir um legu.
- Ný þjónustulóð, m.a. fyrir hótél, verður á opnu svæði vestan kirkjulóðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lögbýli Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag á lögbýli Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 28. júní 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hákotsvör 10, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 20. júní 2000 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Hákotsvör 10 í Bessastaðahreppi frá skipulagi, dags. 2. júní 1998. Breytingin felst í því að byggingarreit er færður og stækkaður og gólfkóti hækkaður.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 26. júní 2000.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Fossland, Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin varðar svæðið Fossland sem afmarkast af Ölfusá í vestur, lóðamörkum Selfossjarðar og Þóristúns í norður, Eyravegi í austur og landamörkum Hagalands í suður.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Svæði sem skilgreint var „til notkunar eftir skipulagstímabil“ er tekið til notkunar.
- Svæði sem skilgreint var sem opið svæði til sérstakra nota, næst Ölfusá, breiðkar og verður um 60 m breitt.
- Áður skilgreint opið svæði, óbyggt sem og íbúðasvæði til afnota eftir skipulagstímabil verður samfellt íbúðasvæði ásamt tilheyrandi leik- og útivistarsvæðum.
- Svæði sem skilgreint er sem flóðasvæði minnkar en til mótvægis skal gera yfirfallsrás.

- Svæði næst Eyravegi ætlað til afnota að skipulagstímabili loknu undir iðnað, verslun, þjónustu og stofnanir breytist í athafnasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir.
- Gert er ráð fyrir blönduðu svæði íbúða og þjónustustofnana miðja vega milli Ölfusár og Eyravegar sunnan línu í beinu framhaldi af Fossheiði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafarvogur, kirkjugarður og undirgöng.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felur í sér að útivistarsvæði til sérstakra nota (Gufuneskirkjugarður) er stækkað til suðvesturs um 2,5 ha inn á almennt útivistarsvæði. Undirgöng fyrir gangandi umferð undir Hallsveg á móts við Langarima eru færð um 300 m til austurs, austur fyrir gatnamót Fjallkonuvegar. Stofnstígur að undirgöngum færast sem þessu nemur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstofnun, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 5. apríl 2000 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Dalbæjar 2, Hrunamannahreppi.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flúðum, 30. júní 2000.

Loftur Þorsteinsson oddviti.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er kr. 79.128.705 á ári og fast gjald Borgarbyggðar er kr. 31.129.037 á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er kr. 23,62 á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðaræða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 12,23 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fast gjald á mánuði = $1.590 \text{ kr.} + (F-130) \times 7,36 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2 .

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Peir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 88,73 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Peir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: kr. 118,60 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg, sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Vatnssala um hemil.

Vatnsgjald um hemil kr. 2.866 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

7. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir $6 \text{ m}^3/\text{klst}$: 295 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir $6 \text{ m}^3/\text{klst}$.: 529 kr/mán.

8. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald kr. 1.669.

Innheimtugjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu kr. 604.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 604.

9. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignarmati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innfalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m ³	79.237 kr.
251-500 m ³	79.237 + 188,84 kr/m ³ yfir 250 m ³
501-1500 m ³	126.447 + 110,82 kr m ³ yfir 500 m ³
1501-6000 m ³	237.267 + 71,11 kr m ³ yfir 1500 m ³
yfir 6000 m ³	557.262 + 55,86 kr m ³ yfir 6000 m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 59.717,00. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 18.063,00 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.618,00 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveita heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysluverðs til útreiknings í júní 2000 sem er 199,1 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 430 24. júní 1999, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ

RARIK í Hveragerði.

RARIK (Rafmagnsveitur ríkisins) selur raforku í smásölu í Hveragerði á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

A.1A Almenn notkun og heimilisnotkun.

Orkugjald	7,07 kr/kWh
Fastagjald, 1-fasa	2.930,00 kr/ári
Fastagjald, 3-fasa	5.804,00 kr/ári

A.2A Skammtímanotkun (mannvirkjagerð).

Orkugjald	9,05 kr/kWh
Fastagjald	5.804,00 kr/ári

B.1A Afl- og orkumæling.

Orkugjald	2,60	kr/kWh
Aflgjald	9.286,00	kr/kW/ár
Fastagjald	49.746,00	kr/ári

B.2A Götulýsing.

Aflgjald	12.132,00	kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	16.250,00	kr/kW/ár
Samtals	28.382,00	kr/kW/ár

C.2A Rofin hitun.

Orkugjald	3,10	kr/kWh
Fastagjald	3.317,00	kr/ári

C.3A Næturorkunotkun.

Orkugjald	2,77	kr/kWh
Fastagjald	3.317,00	kr/ári

G.2A Garðyrkjulýsing.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. september)	1,67	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. október til 30. apríl)	3,35	kr/kWh
Fastagjald	104.000,00	kr/ári

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ**Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK).****I. SMÁSALA.**

Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) selja orku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem: heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	7,16	kr/kWh
Fastagjald	5.220,00	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld, birtustýrð utanhússlýsing í umsjá RARIK.

Orkugjald	7,16	kr/kWh
Viðhaldsgjald	3,25	kr/kWh
Fastagjald	5.220,00	kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	5,22	kr/kWh
Fastagjald	17.450,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafli 6 kW.

Orkugjald af allri notkun (<i>4.210 kr/kWh frá 1. janúar 2001</i>)	3,91	kr/kWh
Orkugjald eftir aukaafslátt RARIK vegna rafhitunar	3,12	kr/kWh
Aflgjald (lágmark 6 kW)	7.430,00	kr/kWh/ári
Fastagjald	12.890,00	kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu.	7,16	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

A.6 Skiparafmagn.

Raforkusala með rofheimild, vegna landtenginga skipa.

Orkugjald	5,15	kr/kWh
Fastagjald	39.000,00	kr/ári

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafli 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. september)	2,31	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. október til 30. apríl)	3,62	kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. október)	698,00	kr/kWh/mán
Aflgjald vetur (1. nóvember til 31. mars)	1.395,00	kr/kWh/mán
Fastagjald	39.000,00	kr/mæli/ári
Viðbótarorkugjald fyrir hundraðshlutastig fasviks	0,073	kr/kWh

Viðbótarorkugjalds getur RARIK krafist falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði niður fyrir 0,9, sjá nánar í kafla um skilgreiningar og ýmis ákvæði.

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald	2,09	kr/kWh
Aflgjald	3.500,00	kr/kWh/ári
Fastagjald	5.220,00	kr/ári

C.1 Rofin daghitun.

Rafhitun heimila með roftíma allt að 2 x 1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	4,20	kr/kWh
Fastagjald	16.300,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

C.2 Næturhitun.

Rafhitun heimila með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,85	kr/kWh
Fastagjald	5.220,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2 x 1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	4,20	kr/kWh
Fastagjald	16.300,00	kr/ári

D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,85	kr/kWh
Fastagjald	16.300,00	kr/ári

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælu o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	4,20	kr/kWh
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl	5,85	kr/kWh
Fastagjald	16.300,00	kr/ári

G.1 Ótryggð orka.

Uppfylla þarf skilmála Landsvirkjunar og RARIK um sölu ótryggðrar orku og gera þarf skriflegan samning milli RARIK og kaupanda.

Orkugjald, 1. verðþrep	1,27	kr/kWh
Orkugjald, 2. verðþrep	1,65	kr/kWh
Orkugjald, 3. verðþrep	2,37	kr/kWh
Fastagjald	147.800,00	kr/ári

G.2 Víkjandi orka.

Uppfylla þarf skilmála RARIK um sölu víkjandi orku.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. september)	2,16	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. október til 30. apríl)	3,34	kr/kWh
Fastagjald	147.800,00	kr/ári

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýrtíma RARIK vísast í framangreinda skilmála.

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	2,31	kr/kWh
Aflgjald	563,00	kr/kWh/mán.

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

80.10 Ómæld smánotkun.

Um er að ræða smánotkun (mælitæki, magnarar o.þ.h.), þar sem mælingu verður ekki við komið. Miðað er við að uppsett afl á notkunarstað sé undir 0,5 kW. Gjaldtaka fyrir afl

miðast við uppsett afl, en þó að lágmarki 0,05 kW fyrir hvern tengistað. Fastagjald skal greiða fyrir hvern tengistað.

Aflgjald	62.722,00	kr/kW/ári
Fastagjald	4.300,00	kr/tengistað/ári

H.1 Hitaveita R/O.

Hitun heimila.

Orkugjald	2,84	kr/kWh
Vatnsgjald	39,10	kr/m ³
Fastagjald	14.150,00	kr/ári

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

H.2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	2,98	kr/kWh
Vatnsgjald	39,10	kr/m ³
Fastagjald	14.150,00	kr/ári

H.3 Hitaveita Siglufirði.

Heitt vatn um rennismæli (kranavatn).

Vatnsgjald	142,50	kr/m ³
Fastagjald	2.290,00	kr/ári

H.4 Hitaveita Siglufirði.

Hitun húsnæðis um rennismæli.

Vatnsgjald	80,80	kr/m ³
Fastagjald	14.150,00	kr/ári

Veittur er afsláttur af vatnsgjaldi ef reiknað meðalhitastig vatns er undir 70°C.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjors og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mælir	875	kr/ári
Fjölfasa mælir	3.270,00	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni. Mælauppsetning er ekki innifalin í mælaleigunni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu ... 1.070,00 kr.

Opnunargjald:

Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opunar veitu vegna vanskila 4.300,00 kr.

Þjónustugjöld.

Aukaálesturgjald	1.360,00	kr.
Leiga á fjarmæliliða	5.460,00	kr/ári
Sammælingargjald	120.000,00	kr/ári

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitum og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhita-veitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

RARIK selur raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veitir ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 50.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og að hámarki 70.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (*notkunartímabil = tímabilið milli álestra*). Niðurgreiðsla nemur 2,01 kr/kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,34 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,076 kr/kWh. Alls 2,426 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 192 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,43 kr/kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,24 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,047 kr/kWh. Alls 1,717 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,84 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,064 kr/kWh. Alls 1,904 kr/kWh.

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 Næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 1,15 kr/kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,053 kr/kWh. Alls 1,593 kr/kWh.

Þessar tölur eru án virðisaukaskatts og gilda frá 1. júlí 2000.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði

1. Utanhússlýsing.

RARIK sér um uppsetningu lýsingarkerfa utanhúss samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast RARIK á sinn kostnað, enda greiði notandi viðhaldsgjald samkvæmt smásölugjaldskrá.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla með rafhitun samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir líðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Sé um fleiri en einn mæli að

ræða skal greiða fastagjald fyrir hvern viðbótarmæli og sammælingargjald að auki ef sammæling er grundvöllur aflsölu. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku. Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárlíðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (*Taxti þessi er ekki veittur nýjum notendum frá árinu 1995*).

5. Véla- og tækjanotkun.

Falli meðalfasvixsstuðull í tilteknum mánuði á tímabilinu 1. október til 1. maí niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast viðbótarorkugjalds, 0,073 kr/kWh, fyrir hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasvixsstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, getur RARIK takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennafli er takmarkað, áskilur RARIK sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

Heimilt er að gera tímabundna sérsamninga um orkuviðskipti í sérstökum tilfellum sem víkja frá almennri smásölugjaldskrá. Til sérsamninga teljast m.a. víkjandi orka, ótryggð orka, samningar vegna gagnkvæmra viðskipta með raforku (varaafli) og aðrir sérsamningar við stærstu notendur þar sem um mikla orkunotkun er að ræða (1 milljón kWh/ári eða meira).

7. Rafmagn til skipa.

Raforkusala til hafna vegna endursölu til skipa. Taxti þessi er eingöngu ætlaður til landtenginga skipa og annarra nota sem tengjast skipunum beint, ekki til annarra nota hafnanna, svo sem lýsingar og gámatenginga. Hér er um að ræða orku sem ekki nýtur fulls forgangs, en telst þó ekki ótryggð eða víkjandi orka eins og hún hefur verið skilgreind. Rafmagn til þessara nota verður rofið þegar skortur er, þ.e. þegar og ef grípa þarf til skömmunar. Þetta þýðir að raforka sem kynni að þurfa að framleiða með dísilvél í landi, fæst ekki til skipanna, enda eru þau búin varaafli.

8. Ótryggð orka.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar RARIK um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991. Skilyrði fyrir viðskiptum er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli RARIK og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

9. Víkjandi orka.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar RARIK um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA

1. Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Selfossveitna bs. og Bæjarveitna Vestmannaeyja. Aðilar skulu gera með sér viðskiptasamning á grundvelli gjaldskrárinnar með nánari útfærslu eftir því sem þeir telja þörf á.

2. Gjöld.

Áskriftaraflgjald	9.488,00	kr/kW/ári
Yfirafli	0,00	kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,36	kr/kWh
Sumargjald orku	1,18	kr/kWh
Tengigjald	360.000,00	kr/ári
Fastagjald	39.000,00	kr/ári
Flutningsorkugjald	0,118	kr/kWh
Flutningsaflgjald	1,50	kr/kW
Umframorkugjald	21,40	kr/kWh

Afl- og orkutöp: gjaldtaka sbr. grein 3.4

Nettengigjald: gjaldtaka sbr. grein 3.5

Gjöld fyrir launorku: gjaldtaka sbr. grein 3.6

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts.

3. Skilgreiningar.

3.1 Gjalddámabil.

Vetrargjald gildir 1. janúar til 30. apríl og 1. október til 31. desember. Sumargjald gildir 1. maí til 30. september. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan árs eða mánaðar skal ávallt reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

3.2 Afl.

Með afl er í gjaldskrá þessari ávallt miðað við 60 mínútna meðalág. Áskriftarafl er umsamíð afl samkvæmt nánari skilgreiningu í viðskiptasamningi. Yfirafli er viðbótarafl sem nánar skal skilgreint í viðskiptasamningi. Flutningsaflgjald skal greiða fyrir hæsta afltopp ársins. Í viðskiptasamningi er þó heimilt að víkja frá ákvæðinu um hæsta topp ef sérstakar aðstæður valda.

3.3 Umframorka.

Umframorka er orka umfram markafli, en markafli er summa áskriftarafls og yfirafli á hverjum tíma. Aðilum er heimilt að semja um að hafa annan hátt á gjalddöku umframorku en samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4 Afl- og orkutöp.

Í viðskiptasamningi skal skilgreina afltapa hlutfall og útreikning á afltöpum. Fyrir afltöp skal greiða áskriftaraflgjald. Í viðskiptasamningi skal skilgreina nýtingartíma afltapa og útreikning á orkutöpum. Fyrir orkutöp skal greiða vetrar- eða sumargjald orku eftir því sem við á.

3.5 Nettengigjald.

Fyrir orku skal greiða nettengigjald. Einingarverð gjaldsins skal reikna í árslok og nema heildarkostnaði RARIK á árinu vegna tengigjalda Landsvirkjunar jafnað á heildarkaup RARIK á forgangsortu frá Landsvirkjun.

3.6 Launorka.

Falli meðalfasvixsstuðull í tilteknum mánuði á tímabili vetrargjalds, sbr. grein 3.1, niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast 2% viðbótarorkugjalds, sbr. grein 2, fyrir hvert hundradshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasvixsstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

4. Greiðslukjör.

4.1 Orkugjöld.

Fyrir orku, sbr. grein 2, skal greiða mánaðarlega samkvæmt mælingu.

4.2 Önnur gjöld.

Fyrir áskriftaraflgjald, tengigjald, fastagjald, flutningsaflgjald, afltöp, orkutöp og nettengigjald, sbr. grein 2, skal ársgreiðsla áætluð í upphafi árs. Fyrir mánuðina janúar til nóvember skal mánaðarlega greiða 1/12 hluta áætlaðrar ársgreiðslu og teljast þær greiðslur vera innborganir. Fyrir desember skal greiða útreiknaða ársgreiðslu að frádregnum innborgunum. Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin.

4.2 Gjalddagi og vanskil.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kalli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

III. TENGIGJÖLD

Tengigjaldakafllinn skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta kafla er fjallað um þéttbýli, í öðrum kafla um dreifbýli, þriðji kafllinn fjallar um hitaveitur og fjórði kafllinn er almennur kafli.

1. Þéttbýli.

Til þéttbýlis teljast skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót.

Í þéttbýli sem tengist veitusvæðum RARIK gilda eftirfarandi skilgreiningar og ákvæði um tengigjöld:

1.1. Heimtaugar.

Heimtaugar í þéttbýli greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.2. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru háð stærð heimtaugar. Lágmarksstærð eins og þriggja fasa heimtaugar er 63 A. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis fyrir annan notanda á sömu heimtaug greiðast 15.500 kr. fyrir hvern notanda.

Tengigjöld:

Málstraumur/gerð

63	A einfasa	kr.	89.000
63	A þriggja fasa	kr.	99.500
100	A þriggja fasa	kr.	157.900
200	A þriggja fasa	kr.	315.800
315	A þriggja fasa	kr.	497.400
400	A þriggja fasa	kr.	631.600
500	A þriggja fasa	kr.	789.500
630	A þriggja fasa	kr.	994.800
800	A þriggja fasa	kr.	1.263.200

1.3. Ómældar smáheimtaugar.

Gjald fyrir ómélta smáheimtaug frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er 30.500 kr. og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast 255 kr/m. Öll jarðvinna svo sem: gröftur, söndun og frágangur er *undanskilin* í ofangreindu gjaldi. Ef jarðvinna er að hluta eða öllu leyti unnin af RARIK skal hún greidd eftir tilboði.

1.4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Grunngjald fyrir bráðabirgðaheimtaugar er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð

63	A einfasa	kr.	15.500
63	A þriggja fasa	kr.	21.800
100	A þriggja fasa	kr.	23.800

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks samkvæmt tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. *Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.*

1.5. Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi um jarðvinnu á eigin lóð.

1.6. Staðsetning.

Leita skal samþykkis RARIK fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar.

1.7. Framkvæmd.

Umsækjanda ber að leggja á sinn kostnað plaströr fyrir heimtaugastreng út fyrir lóðamörk í samráði við RARIK og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.2.6. Ef farið er fram á að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal umsækjandi sjá um alla jarðvinnu.

1.8. Frávik.

Fyrir heimtaugar á svæði þar sem skipulagsvinnu er ólokið eða heimtaugar stærri en 800 A gerir RARIK tilboð um tengigjald. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt tilboði. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 1.2, þ.e. fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá.

1.9. Spennistöð.

Purfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar lóð er lögð til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu lóðarinnar. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota svo sem um brunahólf og að öðru leyti fullnægja bygg-ingareglugerð. Ganga skal frá skriflegum leigusamningi um húsnæðið.

1.10. Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í lið 1.2 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

1.11. Götulýsing.

Gjald fyrir uppsetningu götuljósa í þéttbýli er eftirfarandi:

Götljósastaurar með mismunandi ljósbúnaði (hæð frá jörðu í ljóspunkt).			
Götljósastaur 6,3 m, 100 W NA,	28 m strengur	kr.	75.100
Götljósastaur 6,3 m, 125 W HQ,	28 m strengur	kr.	72.100
Götljósastaur 8 m, 100 W NA,	33 m strengur	kr.	87.800
Götljósastaur 8 m, 125 W HQ,	33 m strengur	kr.	84.900
Götljósastaur 10 m, 150 W NA,	40 m strengur	kr.	108.200

Aðrar stauragerðir skulu afgreiddar eftir tilboði.

Fyrir hvern staur umfram 10 stk. er veittur 15% afsláttur þar sem um er að ræða staura á sama stað í samfallandi verki sem samið er um í einu lagi.

2. Dreifbýli.

2.1. Tengigjöld á skipulögðu svæði í dreifbýli.

Með skipulögðu svæði er átt við afmarkað hverfi, þar sem fyrir liggur uppdráttur að staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Tengigjöld:

Málafli

5 kVA heimtaug	kr.	200.900
10 kVA heimtaug	kr.	221.300
25 kVA heimtaug	kr.	257.000
50 kVA heimtaug	kr.	316.200
100 kVA heimtaug	kr.	408.000

Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar (þó er 5 kVA heimtaug aðeins afgreidd einfasa) háð gerð fyrirlliggjandi háspennudreifikerfis, sem uppfylla ákvæði greinar 2.3, þ.e. 5 hús eða fleiri í upphafi eða að spennistöð er til staðar.

Meðallengd heimtaugar og lágspennudreifikerfis, án þess að til greiðslu umframgjalds komi, má ekki fara yfir 200 m.

Umframgjald fyrir hvern metra umfram 200 m	kr.	700
--	-----	-----

2.2. Eftirlit.

Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeygenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við RARIK heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er

háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar, sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

2.3. Fjöldi og lengd.

Í upphafi þurfa a.m.k. 5 hús á skipulögðu svæði að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Tengigjöld fyrir einstakar viðbótarheimtaugar frá spennistöð sem er fyrir hendi falla einnig undir lið 2.1. Meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis fari ekki yfir 200 m. Umframlengd greiðist samkvæmt lið 2.1. Lengd háspennudreifikerfis sem leggja þarf að skipulögðu svæði má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð, nema að til komi greiðsla fyrir umframlengd samkvæmt tilboði.

2.4. Uppbygging.

Sé fyrirsjáanlegt, að mati RARIK, að svæði sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, getur RARIK krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur enn fremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

2.5. Lega.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við tæknilega tengiskilmála *TT 3.6 / 3.11*. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra. RARIK leggur til mælakassann, en rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

2.6. Frávik.

Fyrir aðrar heimtaugar skal tengigjald ávallt vera samkvæmt tilboði, þó að lágmarki samkvæmt lið 2.1.

Um bráðabirgðaheimtaugar í dreifbýli, viðbótarmæla og smáheimtaugar gilda sömu reglur og í þéttbýli (liðir 1.2, 1.3, 1.4 og 1.7).

2.7. Þrífösun spennistöðvar.

Gjald fyrir þrífösun á spennistöð að ósk notanda skal vera *50.000 kr.* á hvern notanda sé þriggja fasa háspennulögn til staðar og aðeins þurfi að breyta spennistöð. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa. Séu fleiri en einn notandi á hverri spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis, að öðrum kosti gildir fyrsta málsgrein liðar 2.11.

2.8. Þrífösun háspennulagnar.

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt tilboði RARIK allt að *500.000 kr.* Fyrir kostnað umfram *500.000 kr.* vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.

2.9. Endurkröfuréttur.

Hafi notandi greitt hærra upphæð en *500.000 kr.* í þrífösun háspennukerfis skal eftirfarandi gilda:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi skulu þeir taka samsvarandi þátt í kostnaði, óski þeir þrífösunar innan 5 ára frá verklokum, og skal þá sá sem upphaflega greiddi þrífösunargjald eiga endurkröfurétt þannig að kostnaði sé jafnað á milli notanda. Kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur skal þó árlega lækka um 20% og falla niður að 5 árum liðnum.

2.10. Ný háspennulögn.

Sé ný háspennulögn lögð fyrir einn eða fleiri notendur greiðist kostnaður að fullu. Nemi gjaldið fyrir lögnina hærrí upphæð en 500.000 kr. á hvern notanda skulu gilda sömu reglur og í lið 2.9 um kostnaðarþátttöku notenda sem síðar tengjast línunni og endurkröfu-rétt þeirra sem upphaflega greiddu. Fari línulengd til einstaks notanda yfir 2 km er RARIK heimilt að krefjast árlegs viðbótarfastagjalds fyrir vegalengd umfram 2 km.

2.11. Breytingar.

Greiðsla vegna breytinga á heimtaug, spennistöð eða öðrum kerfishlutum fer eftir tilboði hverju sinni. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug er það gert notanda að kostnaðarlausu ef frá er talin jarðvinna.

Séu fleiri en ein loftlínuheimtaug frá sömu spennistöð skal breyta þeim öllum sam-tímis. Óski notandi eftir stækkun heimtaugar skal hann greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 2.1, annars samkvæmt tilboði.

2.12. Götuljós.

Greiðsla fyrir uppsetningu götuljósá í dreifbýli skal vera eftir tilboði RARIK hverju sinni.

3. Hitaveitur.

3.1. Tengigjöld.

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er	kr.	99.500
Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast.....	kr.	38.000

3.2. Takmörkun.

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

3.3. Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt lið 3.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

3.4. Frávik og breytingar.

Gjöld fyrir aðrar stærðir en um getur að ofan svo og breytingar greiðist samkvæmt tilboði hverju sinni.

4. Annað.

4.1. Gjöld.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimtaugar og götuljós eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

4.2. Frágangur.

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.

4.3. Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta A.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk kostnaðar við endurtengingu.

4.4. Breytingar.

Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 427, 16. júní 1999, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir rafmagn.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 552, 28. desember 1993, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Liðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækka um 2,9% við birtingu þessarar auglýsingar.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks.

Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 416, 18. júní 1999, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir raforku hækka um 4,3%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir eftirtalda staði í Biskupstungum:

1. Frístundabyggðir:
 - a) í landi Helludals (fjölgun lóða),
 - b) í landi Eiríksbakka,
 - c) í landi Brekku.
2. Íbúðar- og útihús í landi Miðhúsa.
3. Tvö deiliskipulög fyrir blandaða byggð og garðyrkju í Laugarási, við Langholtsveg og S kyrkletta.
4. Deiliskipulag íbúðabyggðar í Norðurbrún þar sem landbúnaðarsvæði er breytt í íbúðarbyggð.
5. Deiliskipulag fyrir Fjallasel, Svartárbotnum, Biskupstungum.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Biskupstungnahreppi, 4. júlí 2000.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Landsvirkjun nr. 259 23. apríl 1997.

1. gr.

Í stað orðsins „aðstoðarforstjóri“ í 2. og 3. mgr. 7. gr. komi „staðgengill forstjóra“.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. orðist svo: „Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og setur honum erindisbréf. Hún ræður einnig framkvæmdastjóra einstakra sviða að fengnum tillögum forstjóra og skal einn þeirra vera staðgengill forstjóra.“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr., sbr. 8. – 11. gr. laga nr. 42 23. mars 1983 um Landsvirkjun, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um holræsi og holræsagjöld í Ljósavatnshreppi nr. 127/1998.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af kostnaði við gerð og rekstur þess, ber hverjum húseiganda sem tengist holræsakerfi hreppsins að greiða holræsagjald til hreppsins sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0,15% samkvæmt fasteignamati.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ljósavatnshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2000.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Óskar Páll Óskarsson.

Nr. 488

5. júlí 2000

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 12,80$ kr/m², ef F er minna en eða jafnt 130 m².

Fastagjald á mánuði = $1.666,05$ kr. + $(F-130) \times 7,70$ kr/m², ef F er stærra en 130 m².

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 72,80 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 96,95 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-liðar.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg, sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að 6 m³/klst.: 258 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m³/klst.: 460 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.323 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 852 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp-hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:	
allt að 250 m ³	70.495 kr.	
251 - 500 m ³	70.495 kr.	+ 168,20 kr/m ³ yfir 250 m ³
501 - 1500 m ³	112.546 kr.	+ 98,50 kr/m ³ yfir 500 m ³
1501 - 6000 m ³	211.061 kr.	+ 63,25 kr/m ³ yfir 1500 m ³
yfir 6000 m ³	495.717 kr.	+ 49,80 kr/m ³ yfir 6000 m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 53.125 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 16.100 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.215 kr/m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í júnímánuði 2000, 244,4 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 895, 15. desember 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Ásland 1, 3 og 5, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Áshamars, Áslandi 1, 3 og 5, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 7. júní 2000.

Breytingin felst í því að lóðarmörkum milli lóða er breytt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi með birtingu auglýsingar þessarar.

Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði.

Mosfellsbæ, 3. júlí 2000.

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 28. mars 2000 voru eftirtaldir tillögur að breyttu deiliskipulagi samþykktar:

Dimmuhvarf 11.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að bílageymsla og aðkoma að núverandi húsi breytist og verði á móts við lóðir nr. 27/29 (við sömu götu) svo og að byggt verði annað einbýlishús á lóðinni ásamt bílageymslu. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að heimilt verði að byggja hesthús fyrir 4-6 hesta á lóðinni í samræmi við samþykktu skilmála svæðisins.

Hlynsalir, Lómasalir, Jötunsalir og Kórsalir.

Í breytingunni felst að fyrirhuguð fjölbýlishús við Hlynsali og Lómasali eru hækkuð um eina hæð, þ.e. úr þremur í fjórar. Við Kórsali og Jötunsali gerir tillagan ráð fyrir að fjölbýlishúsin hækki um tvær hæðir þ.e. úr þremur hæðum í fimm auk þess að heimilaðar verði tvær íbúðir í rishæð. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir fjölgun íbúða í fyrirhuguðum fjölbýlishúsum við ofangreindar götur og að a.m.k. helmingur bílastæða á hverri lóð verði í neðanjarðarbílageymslu. Lóðamörk og gönguleiðir breytast lítillega.

Nýbýlavegur 36. Eilífsreitir.

Í breytingunni felst að dregið er úr byggingarmagni á lóð, fyrirhuguð bygging er lækkuð um eina hæð þannig að hún verður ein hæð séð frá Hjallabrekku. Þá gerir tillagan ráð fyrir að fyrirhuguð bygging verði samsíða Hjallabrekku en fallið er fá byggingu þriggja hæða húss niður í lóðina, í átt að Nýbýlavegi eins og fyrirhugað var.

Ofangreindar breytingar voru auglýstar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 4. apríl til 12. maí 2000. Frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum rann út 26. maí 2000. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Tillögurnar hafa verið yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 2. júlí 2000.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 12/2000 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/2000, með síðari breytingum um skattmat í staðgreiðslu á árinu 2000.

Eftirfarandi breytingar á skattmati í staðgreiðslu gilda frá 1. júlí 2000.

1. Á kafla 3.2., „Mat á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka“, verða þessar breytingar: Í stað fjárhæðanna: „kr. 42,30, kr. 38,10 og kr. 33,85“ komi fjárhæðirnar: kr. 44,85, kr. 40,40 og kr. 35,90.
2. Á kafla 4.3., „Dagpeningar innanlands“, verða þessar breytingar: Í stað fjárhæðanna „kr. 10.600 og kr. 6.400“ komi fjárhæðirnar kr. 11.000 og kr. 6.800.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júlí 2000.

Reykjavík, 3. júlí 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 13/2000 um matsreglur um frádrátt fastrar fjárhæðar vegna ferðakostnaðar einstaklinga með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

1. gr.

Frá tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt, í stað kostnaðar samkvæmt reikningi, að draga fasta fjárhæð vegna ferðakostnaðar erlendis, annars en gisti- og fæðiskostnaðar. Fjárhæð þessi getur hæst orðið 30% af þeim hluta dagpeninga samkvæmt gildandi skattmatsreglum ríkisskattstjóra sem er vegna annars kostnaðar en gistingar.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í c-lið 6. gr. reglugerðar nr. 483/1984, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 3. júlí 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 2000

6. júlí 2000

1169

Nr. 493

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 3,16%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

7. júlí 2000

Nr. 494

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 411, 18. júní 1999, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1999“ í B. lið 2. gr. komi: 31. desember 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2000.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2000-2001.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla. Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2000-2001 skal vera 103 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 1999-2000.

2. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlök leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir skv. könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald á lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem selt er frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sölunni. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 2000-2001 skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands í síðasta lagi 20. júní 2001 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.

3. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hafa forgang að greiðslumark frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.
- b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra samlagssvæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggja fyrir heimild Bændasamtakanna, sbr. 3. mgr. Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. staflíðum a-c að ofan, skal markaðsfærð erlendis, þó getur framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

4. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark lögbýla sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt

til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu lengst til 31. ágúst 2005 og sætir það þá ekki sömu breytingum og annað greiðslumark.

5. gr.

Beingreiðslur.

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af lágmarksverði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- A: 53,5% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 85% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 2000.
- B: 31,5% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 2000.
- C: 15,0% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 2000.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

6. gr.

Handhafi beingreiðslna.

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu handhafar beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

7. gr.

Uppgjör beingreiðslna.

Sjái handhafi beingreiðslu fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 85% af beingreiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Bændasamtökum Íslands, sem þá skal haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber handhafa beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

8. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Bændasamtök Íslands reikna út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna og láta afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Bændasamtök Íslands afla upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum og framleiðendum er skylt að láta Bændasamtökum Íslands í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Framleiðendur eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Bændasamtökum Íslands innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Bændasamtök Íslands endurskoða útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Bændasamtökum Íslands ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

10. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétti til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt er reglugerð nr. 455/2000 felld úr gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. júlí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 2000

7. júlí 2000

1173

Nr. 496

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Um endurnýjun krókabáta fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 2000/2001.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 er leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildarafli Lestir	Krókabátar Lestir	Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV í l. nr. 38/1990 Lestir	Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í l. nr. 38/1990 Lestir	Bætur vegna skerðingar í innfjarðarrækju skv. 9. gr. l. nr. 38/1990 Lestir	Úthlutað aflamark 2000/2001 Lestir
1. Þorskur	220.000	30.355	3.000	1.406	1.211	184.028
2. Ýsa	30.000	3.000	-	192	165	26.643
3. Ufsi	30.000	1.000	-	192	165	28.643
4. Steinbítur	13.000	3.000	-	78	67	9.855
5. Karfi	57.000	-	-	-	-	57.000
6. Grálúða	20.000	-	-	-	-	20.000
7. Sandkoli	5.500	-	-	-	-	5.500
8. Skrápflúra	5.000	-	-	-	-	5.000
9. Skarkoli	4.000	-	-	-	-	4.000
10. Þykkvalúra	1.400	-	-	-	-	1.400
11. Langlúra	1.100	-	-	-	-	1.100

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

Aflamark í sandkola og skrápflúru miðast við afla á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi. Á öðrum svæðum eru veiðar á þessum tegundum ekki bundnar aflamarki.

Þá er ráðherra heimilt að úthluta viðbótaraflamarki, sem nemur allt að 55 lestum samtals af óslægðum þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í ákvæði XXV til bráðabirgða við lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 er leyfilegur heildaraflí úr neðangreindum tegundum sem hér segir:

Tegund	Lestir
1. Síld (íslensk sumargotssíld)	110.000
2. Úthafs-rækja	20.000
3. Humar	1.200
4. Hörpudiskur samtals	9.300
þ.a. Breiðafjörður	8.000
þ.a. Húnaflói	1.000
þ.a. Arnarfjörður	300
5. Innfjarðarækja samtals	2.200
þ.a. Arnarfjörður	400
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.200
þ.a. Húnaflói	0
þ.a. Skagafjörður	250
þ.a. Skjálíandi	0
þ.a. Öxarfjörður	350

Leyfilegur heildaraflí af innfjarðarækju og úthafs-rækju, skv. 2. og 5. tl., er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsaflla og verða þær endurskoðaðar fyrir rækjuvertíðina og síðan eftir áramótin 2000/2001.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 2000 til og með 1. maí 2001.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 2000 til 1. maí 2001. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggi fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

Veiðitímabil og heildaraflí annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð.

Úthafs-rækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafs-rækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafs-rækjuveiðisvæði o.fl., og enn fremur rækja, sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði.

Úthafs-rækja sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26° N og norðan 65°30'V telst ekki til aflamarks í úthafs-rækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók hversu mikill afli sé fenginn á því svæði og tilkynni um veiðar og afla skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar þessarar.

Til að úthafs-rækjuafli teljist ekki til aflamarks sbr. 2. mgr. skulu skip enn fremur búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti. Skulu sendingar skv. ofangreindu hefjast þegar

viðkomandi skip lætur úr höfn og ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla. Vanræksla á sjálfvirkum sendingum tilkynninga, rangar eða villandi upplýsingar í dagbók eða tilkynningum til Fiskistofu skulu leiða til þess, að allur rækjuafli skipsins í veiðiferðinni reiknist til aflamarks í úthafsrækju.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildaraflí er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa. Úthlutað aflamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipunum var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 1999 til 31. ágúst 2000, að teknu tilliti til flutnings á aflahlutdeild milli skipa.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalið dregið frá:

1. Áætlaður aflí krókabáta skv. 6. gr.
2. Aflaheimildir, sem nota skal til bóta vegna fyrirsjáanlegrar skerðingar í aflamarki skv. 2. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.
3. Aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.
4. Aflaheimildir sem úthluta skal skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Krókabátar.

6. gr.

Bátar, sem eingöngu stunda veiðar með handfærum eða línu og handfærum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum kallast krókabátar, veiðileyfi þeirra krókaleyfi og veiðar þeirra krókaveiðar. Um veiðar krókabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 2000/2001.

Útreikningur aflamarks.

7. gr.

Pegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92 og steinbíts með 0,9.

Pegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92 en steinbíts með 0,9.

Pegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Sé botnfiskafli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, ekki endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs fyrir útflutning, samkvæmt reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla, skal reikna aflann með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 15% á þorsk, en 10% á aðrar botnfisktegundir, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla samkvæmt 2. gr.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki að hálfu til aflamarks, enda fari þorskur undir 50 cm ekki yfir 7% af þorskafla í veiði-

ferð og afli annarra tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir 10% af viðkomandi tegund. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslíð, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vígtarmanni, sem annast endanlega vígtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

8. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2000 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 2000 til 31. ágúst 2001, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

9. gr.

Heimilt er að flytja aflamark milli skipa án undangenginna viðskipta á Kvótapingi í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar aflamark er flutt milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.
2. Þegar um er að ræða jöfn skipti miðað við meðaltalsviðskiptaverð viðkomandi tegunda á Kvótapingi í síðastliðinni viku.
3. Þegar um er að ræða flutning aflamarks af tegund sem ráðherra hefur með reglugerð undanþegið viðskiptaskyldu á Kvótapingi.
4. Þegar um er að ræða krókaflamark.

Krókaflamark verður ekki flutt til báts með aðra gerð veiðileyfis og aðeins til báts, sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrirfram um flutning aflamarks samkvæmt 1. mgr. og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn. Eigandi þess skips sem aflamarkið er flutt frá skal undirrita beiðni um flutning. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um flutning á þorskaflahámarki eftir því sem við á.

Annar flutningur aflamarks milli skipa en um getur í 1. mgr. er óheimill nema að undangengnum viðskiptum á Kvótapingi. Fer um hann samkvæmt lögum um Kvótaping nr. 11/1998.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt 11. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiriháttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeilda, samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki í þorskígildum talið, sem skipi var úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeilda þess. Heimilt er með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks

í þeim tilvikum að um breytingar á skipastól viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.

Umsóknir um flutning aflamarks milli fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2000/2001 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2001.

10. gr.

Flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Krókaflahlutdeild verður ekki flutt til báts með aðra gerð veiðileyfis og aðeins til báts, sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá ásamt samþykki þeirra aðila er þinglýst veð áttu í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2001. Berist umsókn eftir 31. júlí 2001, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2001/2002.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinnna tegunda en sem hér segir: Þorskur og ýsa 10%, ufsi, karfi, grálúða, síld, loðna og úthafsækja 20%. Um takmörkun á hámarksaflahlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Porskígildisstuðlar.

11. gr.

Porskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 eru þessir: þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,50, karfi 0,55, steinbítur 0,65, grálúða 1,65, skarkoli 1,25, langlúra 0,70, þykkvalúra 1,20, skrápflúra 0,50, sandkoli 0,50, loðna 0,03, síld 0,06, norsk-ísensk síld 0,04, humar (slitinn) 6,85, rækja 0,90 og hörpudiskur 0,30. Ofangreindir stuðlar gilda við mat á því hvernig veiðheimildir eru nýttar, sbr. 5. og 7. mgr. 12. gr. og varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar nr. 522/1998 um vigtun sjávarafila.

Afla af skrápflúru og sandkolla sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem halda til úthafsækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski og makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 5. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

13. gr.

Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður.

14. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í tómstundum enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar eða veiðistangir. Óheimilt er að selja afla eða fénytá á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst. Einnig skal tilkynna Fiskistofu, hvenær slíkri veiðiferð lauk strax að henni lokinni. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram áætlað aflamagn, sundurliðað eftir tegundum. Tilkynningar þessar skulu berast til Fiskistofu með skriflegum hætti (símbréfi).

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmeats sjávarafra skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 431, 15. júní 2000, um leyfigan heildarafla á fiskveiðiárinu 2000/2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 2000/2001.

Leyfilegur heildarafli.

1. gr.

Veiðiheimildir krókabáta á fiskveiðiárinu 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 skulu við það miðast að þorskaflí þeirra fari ekki yfir 30.355 lestir, miðað við óslægðan fisk auk afla sem leiðir af flutningi aflaheimilda frá fiskveiðiárinu 1999/2000.

Þorskaflahámark.

2. gr.

Úthlutað þorskaflahámark báts sem stundar veiðar með þorskaflahámarki skal nema sama hlutfalli af 30.355 lestum, sbr. 1. gr. og nam hlutdeild hans í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, að teknu tilliti til framsals á þorsk-aflahámarki og ákvæða til bráðabirgða XVIII, XXIII og XXIV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

3. gr.

Innan fiskveiðiársins er heimilt að flytja allt að 30% af úthlutaðu þorskaflahámarki krókabáts til annars krókabáts eða báta sem stunda veiðar með þorskaflahámarki. Umsóknir um flutning þorskaflahámars skv. þessari málsgrein skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2000.

Heimilt er að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga síðastliðin tvö fiskveiðiár, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki þess í stað, en reiknað þorskaflahámark bátsins verður þó áfram hluti sameiginlegs hámarksafla báta, sem stunda veiðar skv. 8. gr.

Krókaafلامark.

4. gr.

Bátum, sem veiðileyfi hafa með krókaafلامarki, skal úthlutað krókaafلامarki í þorski, ýsu, ufsa og steinbíti á grundvelli krókaafلامlutdeildar þeirra í þessum tegundum.

Um krókaafلامark gilda sömu reglur og um aflamark samkvæmt lögum nr. 38/1990 og reglum settum samkvæmt þeim lögum nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaafلامark í, skal skerða krókaafلامark hans í þeim tegundum, sem báturinn hefur krókaafلامark í, samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990.

Sóknardagar með hámarksafla, handfæraveiðar.

5. gr.

Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal fjöldi leyfilegra sóknardaga vera 40 hjá bátum, sem stunda veiðar með dagatakörkunum og nota handfæri eingöngu, sbr. 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Þorskaflí hvers báts, sem veiðar stundar samkvæmt 1. mgr. má ekki fara yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk á fiskveiðiárinu.

Sóknardagar með hámarksafla, línu- og handfæraveiðar.

6. gr.

Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal fjöldi leyfilegra sóknardaga vera 32 hjá bátum sem stunda veiðar með dagatakörkunum og nota línu og handfæri, sbr. 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Porskaflí hvers báts, sem veiðar stundar samkvæmt 1. mgr. má ekki fara yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk á fiskveiðíárinu.

7. gr.

Þegar bátur stundar veiðar með línu skv. 6. gr. skal margfalda fjölda nýtttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu 1. maí - 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tímum. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn, miðað við allt að 500 króka á línu í hverjum bala.

Sé lína um borð í báti í röðri skal bátur tilkynntur við línuveiðar. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrök, sbr. 9. gr.

Sóknardagar án hámarksafla, handfæraveiðar.

8. gr.

Á fiskveiðíárinu 2000/2001 skal leyfilegur fjöldi sóknardaga vera 23 hjá bátum sem stunda veiðar með handfærum eingöngu, sbr. 13. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIII í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Á tímabilinu 1. nóvember – 31. mars er þessum bátum óheimilt að stunda veiðar, sbr. þó 2. mgr. 10. gr.

Nýting sóknardaga.

9. gr.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi er lokið þegar bátur landar aflla.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar og hvort bátur er veiðar stundar skv. 6. gr. verður við línuveiðar, áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning berst. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar aflla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrök, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og ennfremur í hvaða höfn aflla er landað.

Heimilt er að afturkalla tilkynningu um sóknardag, enda sé það gert innan þriggja klukkustunda eftir að tilkynning um nýtingu sóknardags, sbr. 1. mgr., var send Fiskistofu, að öðrum kosti telst sóknardagur nýttur. Ekki er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag nema bátur sé í höfn þegar afturköllun er send Fiskistofu og aldrei er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag hafi veiðarfæri verið sett í sjó.

Valdi vélarbilun því að skipstjóri sem afturkalla vill tilkynningu um nýtingu sóknardags komist ekki til hafnar innan þriggja klukkustunda en öðrum skilyrðum 3. mgr. er fullnægt, getur Fiskistofa engu að síður fellt niður sóknardag sé þess skriflega farið á leit innan 7 daga, enda fylgi fullnægjandi upplýsingar um bilunina.

Aðrar veiðar krókabáta.

10. gr.

Utan sóknardaga er þeim bátum sem stunda veiðar skv. 5., 6. eða 8. gr. bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Þá eru krókabátum sem náð hafa þorskaflahámarki eða krókaafllamarki sínu óheimilar allar veiðar á nytjastofnum. Sama á við um báta sem ákvæði 5. eða 6. gr. eiga við um og hafa veitt 30 lestir af þorski miðað við óslægðan fisk á fiskveiðíárinu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net og til veiða á háffiskum með sérhæfðri línu.

Meðafli sem fæst við veiðar samkvæmt 2. mgr. reiknast til þorskaflahámars, þorskafila og krókaafلامarks eftir því sem við á.

Fái bátur, sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga, leyfi samkvæmt 2. mgr. er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta ekki allan gildistíma leyfisins, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi krókabátur, sem háður er dagatakörkunum en stundar hrognkelsaveiðar samkvæmt heimild í 2. mgr., aukaafila í botnfiski, getur Fiskistofa áætlað sóknardaga á bátinn vegna aukaafllans. Skal Fiskistofa þá miða við að ákveðinn fjöldi kg. leiði til sóknardags og taka mið af meðaldagsafila hjá krókabátum við handfæraveiðar á sama tíma.

Nýti bátur leyfi, samkvæmt 2. mgr., til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum skv. 18. gr.

11. gr.

Óheimilt er bátum sem krókaleyfi hafa með sóknardögum að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja báta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Í þeirri tilkynningu komi fram milli hvaða hafna bátur er fluttur. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er bátum er veiðar stunda skv. reglugerð þessari að stunda veiðar í tómstundum, enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og veiðistangir. Afila, sem fæst við slíkar veiðar, er ekki heimilt að selja eða fényta á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 3. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst. Einnig skal tilkynna Fiskistofu hvenær slíkri veiðiferð lauk strax að henni lokinni. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram áætlað aflamagn, sundurliðað eftir tegundum. Tilkynningar þessar skulu berast til Fiskistofu með skriflegum hætti (símbréfi).

Endurnýjun krókabáta.

12. gr.

Reglur 13.-17. gr. gilda um endurnýjun krókabáta annarra en krókaafلامarksbáta. Um veitingu leyfa til veiða með krókaafلامarki fer samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990.

13. gr.

Heimilt er að flytja veiðileyfi krókabáts til annars báts, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess að veiðileyfi sé flutt til annars báts er að eigandi krókabáts, sem veiðileyfi lætur, hafi skriflega óskað eftir því að veiðileyfið sé flutt til fiskiskips, sem sé á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands, hafi gilt haffærisskírteini og hafi ekki haft veiðileyfi í öðru veiðikerfi á fiskveiðiárinu.

Sé bátur sem veiðileyfi á að fá stærri, en krókabátur sá sem veiðileyfi lætur, er það því aðeins heimilt að flutt sé veiðileyfi frá öðrum krókabáti eða krókabátum, sem eru að minnsta kosti þrefalt stærri, en stærðarmuninum nemur. Sé bátur sem veiðileyfi á að fá minni, en krókabátur sá sem veiðileyfi lætur, er heimilt að flytja þriðjung þess sem umfram er til annars báts.

14. gr.

Við mat á stærð þiljaðra krókabáta skal leggja til grundvallar rúmtölu þeirra, sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás, og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðri punkti miðbands við kjöl og efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna krókabáta ákvarðast rúmtala sem $4,3 \times$ brúttótonn, þar sem brúttótonnataka er fundin samkvæmt grein 6.2 reglugerðar nr. 527 18. ágúst 1997, um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum.

15. gr.

Við útreikning rúmtölu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal Fiskistofa byggja á upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands, að svo miklu leyti sem unnt er.

Heimilt er að meta það sérstaklega ef lögun báts er ekki hefðbundin, t.d. ef mismunur mestu lengdar og lóðlínulengdar eða mótaðrar breiddar og mestu breiddar er óvenjulegur. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

16. gr.

Sé veiðileyfi flutt frá báti fellur niður umframrúmtala sem ekki nýtist við þann flutning.

17. gr.

Séu veiðileyfi tveggja eða fleiri báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki flutt til eins báts, fær sá bátur krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki bátanna.

Séu veiðileyfi tveggja eða fleiri báta sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga flutt til eins báts, fær sá bátur samskonar krókaleyfi ásamt ónýttum sóknardögum og ónýttum leyfilegum þorskafli, sbr. 5. og 6. gr., sem sá bátur hafði, sem grunnur veiðileyfisins kom frá.

Séu krókaleyfi báts eða báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki og báts eða báta sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga flutt til eins báts, skal bátinum úthlutað krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki þess báts eða þeirra báta sem leyfi höfðu til veiða með þorskaflahámarki.

Aldrei er heimilt að flytja krókaleyfi til báts sem er stærri en 6 brúttótonn.

Óheimilt er að gera breytingar á báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki, þannig að rúmtala hans aukist, nema flutt sé veiðileyfi af öðrum krókabáti eða bátum sem eru þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að gera breytingar á báti sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga, þannig að rúmtala hans aukist, nema flutt sé veiðileyfi frá öðrum báti eða bátum sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og eru þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Krókabáti má aldrei breyta þannig að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Tilkynna skal Fiskistofu um fyrirhugaðan flutning veiðileyfis og breytingar á bátum samkvæmt þessari grein.

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra

mála. Um gjald vegna ólögmeats sjávaraflla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi, en kemur til framkvæmda 1. september 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun skv. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, til báta, sem stunda veiðar á innfjarðarækju.

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum þ.m.t. Eldeyjarsvæði á fiskveiðiárinu 1999/2000, skal á fiskveiðiárinu 2000/2001 úthluta aflamarki sem nemur samtals 1.292 þorskígildum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

2. gr.

Við útreikning uppbóta skal miðað við, að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalaflla rækjuvertíðanna 1993/1994 – 1998/1999. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsaflamark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestir eða hærri á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Uppbætur samkvæmt 1. ml. 1. mgr. skulu þó skerðast hlutfallslega miðað við lækkun á leyfilegum þorskafla milli fiskveiðiárána 1999/2000 og 2000/2001. Hafi komið til úthlutunar uppbóta á tilteknu svæði á fiskveiðiárinu 1999/2000, samkvæmt reglugerð nr. 519/1999, skulu uppbætur á því svæði þar að auki lækka um þriðjung á fiskveiðiárinu 2000/2001.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún var 1. ágúst 2000. Uppbæturnar skuli skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum og verðmætastuðla.

4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

Um úthlutun á fiskveiðiarinu 2000/2001 skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiarinu 2000/2001 3.000 lestum af þorski, m.v. óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafli á fiskveiðiarinu 1996/1997 eða 1997/1998.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.

Við útreikning á úthlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðisins 1998/1999 og verðmæta-
stuðla á því fiskveiðiarinu, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiarinu 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskafllamark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðisins 2000/2001 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir m.v. óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðisins 2000/2001, verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

4. gr.

Endurnýi útgerð bát, sem rétt á til úthlutunar samkv. 1. gr. með nýðsmíði eða kaupum á öðrum báti, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hann af þeim báti, sem verið er að endurnýja og ekki hafi verið samið um annað. Tilkynna skal til Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum úthlutun skal fylgja.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um setningu flugreglna nr. 55/1992, samanber breytingu nr. 206/1996.

1. gr.

Í 2. mgr. auglýsingar um setningu flugreglna falla brott orðin „og eru án frávika frá honum“. Við 2. mgr. bætist eftirfarandi: Tilkynt hefur verið frávik til Alþjóðaflugmála- stofnunarinnar við a-lið gr. 3.6.5.2.2.

2. gr.

a. Í orðskýringum bætist við eftirfarandi orðskýringar í viðeigandi stafrófsröð:
ADS-samkomulag (*ADS agreement*). ADS-tilkynningaáætlun sem ákvarðar skilyrðin fyrir tilkynningum á ADS-gögnum (þ.e. að áður en ADS-þjónusta hefst þarf að liggja fyrir samkomulag um tíðni gagnasendinga sem flugumferðarþjónustudeildir þurfa).
Ath. – Jarðkerfi og loftför munu skiptast á upplýsingum varðandi skilmála samkomulagsins í samræmi við samning eða röð samninga.

ADS-samningur (*ADS contract*). Aðferð þar sem að jarðkerfi og loftfar skiptast á skilmálum ADS-samkomulags og tekið er fram með hvaða skilyrðum ADS-tilkynningar myndu hefjast og hvaða gögn myndu vera í tilkynningunum.

Ath. – Hugtakið „ADS-samningur“ er notað ýmist til að tákna ADS-samninga til tilkynninga sérstakra atburða, þarfa jarðkerfis/loftfars, ákveðinna tímabila eða vegna neyðarástands. Jarðkerfi geta samið sín á milli um skilyrði framsendinga ADS-skeyta.

Fjarskipti um gagnagrein (*Data Link Communications*). Fjarskiptaháttur sem ætlaður er fyrir skeytasendingar um gagnagrein.

Fjarskipti flugumferðarstjóra/flugmanna um gagnagrein (*Controller/pilot Data Link Communications (CPDLC)*). Fjarskiptaaðferð milli flugumferðarstjóra og flugmanns þegar notuð er gagnagrein fyrir ATC-fjarskipti.

Flugbrautarbiðstaða (*Runway-holding position*). Ákveðinn staður þar sem loftför og ökutæki í akstri skulu stöðva og bíða, ætlað til verndunar flugbrautar, hindranalausum flötum og hindranasvæðum ILS/MLS nema flugturn heimili annað.

Geðvirk efni (*Psychoactive substances*). Alkóhól, ópíumefni, kannabísefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarlyf, rokgjörn leysisefni. Undanskilin eru kaffi og tóbak.

Loftbraut (*Airway*). Flugstjórnarsvæði eða hluti þess í gervi loftganga.

Misnotkun vafasamra efna (*Problematic Use of Substances*). Misnotkun á einu eða fleiri geðvirkum efnum af starfsmönnum flugmála, þannig að:

- það komi notandanum í beina hættu eða stofni lífi, heilsu eða velferð annarra í hættu; og/eða
- starfsleg, félagsleg, andleg eða líkamleg vandamál myndist eða versni.

Sjálfvirkt skilyrft eftirlit (*Automatic Dependent Surveillance (ADS)*). Eftirlitstækni er berst með gagnagrein, þar sem loftför láta sjálfvirkt af hendi gögn frá leiðsögu- og staðsetningartækjum um borð, svo sem kallmerki, fjórviðdar staðarákvörðun og viðeigandi viðbótargögn.

Starfsmenn í öryggistengdum störfum (*Safety-sensitive personnel*). Starfsmenn sem gætu heft öryggi í flugi ef þeir framkvæma störf sín og skyldur á óviðeigandi hátt. Þeir eru, en þó ekki takmarkaðir við, flugáhafnir, viðgerðarmenn loftfara og flugumferðarstjóra.

Talfjarskipti (*Radiotelephony*). Radióviðskipti sem aðallega eru ætluð til samskipta í formi talaðs máls.

- b. Eftirfarandi orðskýringar falla niður:
 1. **Flugleið** (*Airway*).
 2. **Flugstjórnarrými** (*Controlled airspace*). Í stað þess kemur orðskýringin: Flugstjórnarrými (*Controlled Airspace*). Loftrými af tiltekinni stærð, þar sem flugstjórnarþjónusta er veitt samkvæmt flokkun loftrýmis.
- c. Við orðskýringuna ATS-leið bætist ný athugasemd og athugasemd sem fyrir var verður Ath. 1:

Ath. 2 – ATS-leið er ákvörðuð með nákvæmri leiðarlýsingu sem inniheldur nafn ATS-leiðar, feril til eða frá leiðarmiðum (vörðum), fjarlægð milli leiðarmiða, tilkynningar-skyldu og lágmarkshæð í samræmi við ákvörðun hlutaðeigandi ATS-stjórnvalds.
- d. Við orðskýringuna *skiptistaður* verður athugasemd skáletruð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á II. kafla GILDISSVIÐ FLUGREGLNANNA:

- a. Grein 2.5. ásamt fyrirsögn verður svohljóðandi: 2.5. **Notkun vafasamra geðörvandi efna.**
- b. Við gr. 2.5. bætist ný grein 2.5.1 sem orðast svo: 2.5.1. Hver sá sem hefur á hendi störf sem varða sjálft öryggi flugsins (starfsmenn í öryggistengdum störfum), skal ekki gegna starfa sínum ef hann hefur neytt einhverra geðvirkra efna, sem rýra starfshæfni hans. Slíkum starfsmönnum skal óheimil hvers konar misnotkun efna (geðvirk efni).

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á III. kafla ALMENNAR REGLUR:

- a. Í grein 3.2.2.7.2. fellur brott orðið „akstursbiðstöður“ og þess í stað kemur orðið: flugbrautarbiðstöður. Í athugasemd við gr. 3.2.2.7.2. fellur brott orðið „akstursbiðstöður“ og þess í stað kemur orðið: flugbrautarbiðstöður.
- b. Í grein 3.3.5. falla brott orðin „annaðhvort í eigin persónu“.
- c. Í grein 3.3.5. bætast við aftan við orðið „talviðskiptum“ orðin: eða um gagnagrein.
- d. Í grein 3.3.5.4. falla brott orðin „um talstöð“.
- e. Í grein 3.5. bætist við aftan við orðið „mínútum“ orðin: og þar sem þess er þörf í sekúndum.
- f. Í gr. 3.5. bætist við nýr liður 3.5.3 sem skal vera svohljóðandi:

3.5.3. Hvar sem tími er notaður í fjarskiptum um gagnagrein, skal hann vera réttur innan við 1 sekúndu frá alheimstíma.
- g. Við grein 3.6.2.2 bætist við nýr liður 3.6.2.2.1 sem skal vera svohljóðandi:
- h. 3.6.2.2.1 Þar sem ADS samkomulag er fyrir hendi skal flugumferðarstjórnardeildum að auki tilkynnt sjálfvirk um gagnagrein hvenær sem breytingar eiga sér stað sem fara fram yfir þau mörk sem um getur í ADS-atburðarsamningi.
- i. Í a-lið gr. 3.6.5.2.2. á eftir orðinu „flugáætlan“ kemur eftirfarandi texti: í heimilaðri flughæð eða lágmarkshæð viðkomandi flugleiðar hvor sem er hæri.
- j. Við grein 3.6.3. bætast eftirfarandi nýir liðir:

3.6.3.1. Loftfar, sem er á stjórnðu flugi, skal, svo fljótt sem auðið er, tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild tíma, lag og gefa aðrar nauðsynlegar upplýsingar þegar flogið er yfir sérhvert skyldustöðumið, svo fremi að hlutaðeigandi ATS-stjórnvald eða hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild hafi ekki veitt undanþágu frá því. Tilkynna skal á sama hátt stöðu með afstöðu til annarra staða þegar hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild óskar. Ef slík tilgreind stöðumið eru ekki til, skal loftfar tilkynna stöðu sína með því millibili sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald biður um eða sem hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild tilgreinir.

3.6.3.1.1. Stjórnúð loftför sem gefa hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildum staðarákvarðanir með fjarskiptum um gagnagrein skulu aðeins gefa staðarákvarðanir í talviðskiptum þegar um það er beðið.

Ath. – Þau skilyrði og aðstæður, þar sem svarratsjá (SSR Mode C) fullnægir kröfum um hæðarupplýsingar í staðarákvörðun, eru tiltekin í ICAO PANS/RAC, 2. kafla.

- k. Í grein 3.6.5.1. fellur brott orðið „taltíðni“ og í stað þess kemur orðið „fjarskiptarás“.
- l. Við grein 3.6.5.1. bætist ný athugasemd og breytast aðrir töluliðir til samræmis við það: *Ath. 2 Kröfur um stöðugan hlustvörð verða í gildi eftir að fjarskipti flugumferðarstjóra-flugmanna um gagnagrein (CPDLC) er komið í gagnið.*
- m. Í athugasemdum við grein 3.7.1. bætist við ný athugasemd svohljóðandi: *Ath. 4 - Þau loftför sem útbúin eru fyrir fjarskipti flugumferðarstjóra/flugmanna um gagnagrein (CPDLC) sem verða fyrir ólögum afskiptum, skulu bregðast við samkvæmt ákvæðum ICAO-viðbættis 11, „PANS-RAC“ (Doc 4444), og leiðbeinandi gögnum varðandi málefnið sem eru að finna í „Manual of Air Traffic Services Data Link Application (Doc 9694)“.*
- n. Við bætist ný grein, 3.9. er orðast svo:

3.9. Skyggni í sjónflugsskilyrðum og lágmarks fjarlægð frá skýjum.

Skyggni í sjónflugsskilyrðum og lágmarks fjarlægð frá skýjum eru í töflu 3-1 hér að neðan.

Tafla 3-1
(sjá 4-1)

Flokkur loftrýmis	A** B C D E	F G	
		Yfir 3000 ft (900 m) AMSL eða 1000 ft yfir landi, hvort sem hærra er.	Í eða undir 3000 ft (900 m) AMSL, eða 1000 ft (300 m) yfir landi, hvort sem hærra er.
Fjarlægð frá skýjum	1500 m lárétt 1000 ft (300 m) lóðrétt		Laus við ský og sér til jarðar
Flugskyggni	8 km í og ofar 10000 ft (3050 m) AMSL 5 km neðar en 10000 ft (3050 m) AMSL		5 km 3 km*

Þar sem skiptihæð á Íslandi er 7000 fet, skal nota FL 100 í stað 10000 feta.

* Loftröfum í A og B-flokki er heimilt að degi til að fljúga við skyggni allt niður í 3 km ef flogið er á 140 kt IAS eða minna.

Þyrlum er heimilt að fljúga við 800 m flugskyggni í loftrými í flokki G að degi til, ef flogið er svo hægt, að nægur tími gefist til að fylgjast með annarri umferð eða hindrunum til að afstýra árekstri.

** VMC lágmarkið er sett í loftrými A til leiðbeiningar fyrir flugmenn og á ekki að gefa til kynna að VFR-flug sé samþykkt í loftrými A.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á IV. KAFLA SJÓNFLUGSREGLUR:

- a. Í grein 4.1. fellur tafla 4-1 brott og orðin „eftirfarandi töflu“ falla brott og koma þess í stað orðin: í töflu 3-1.
- b. Í grein 4.9. bætist við aftan við orðið „viðeigandi“ orðin: fjarskiptaráðs talviðskipta.
- c. Í grein 5.3.2. bætist við aftan við orðið „viðeigandi“ orðin: fjarskiptaráðs talviðskipta.
- d. Í grein 5.3.3. bætist við aftan við orðið „nauðsynlegu“ orðið: gagnkvæmu.

6. gr.

Í viðauka 1 MERKI verða eftirfarandi breytingar:

- a. Við grein 1.1. bætist nýr stafliður c), en aðrir liðir færast sem því nemur. Liður c) hljóðar svo: c) neyðarskeyti um gagnagrein sem þýðir orðið „MEIDEI“ (á ensku MAY-DAY);
- b. Við grein 1.2.2. bætist nýr stafliður c) sem hljóðar svo: c) áriðandi merki sent um gagnagrein sem þýðir orðin PAN PAN.

7. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 75., 76. og 145. gr. 1. nr. 60/1998 um loftferðir og gildir innan lofthelgi Íslands, svo og fyrir loftför skrásett á Íslandi, hvar sem þau eru stödd, svo fremi að hún brjóti ekki í bága við reglur sem út hafa verið gefnar af því ríki sem lög-sögu hefur á því svæði er loftfarið flýgur yfir.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 27. júní 2000.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 2000

12. júlí 2000

1189

Nr. 501

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Grafarholt - vesturhluti, deiliskipulag svæða 2 og 3

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 20. júní 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi svæða 2 og 3 á vesturhluta Grafarholts.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 20. júlí 1999.

Reykjavík, 12. júlí 2000.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 2000

Nr. 502

1190

17. júlí 2000

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 451/2000 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli vegna innflutnings á kartöflum í 2. gr. reglugerðarinnar:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr tollnúmeri: 0701.9000 Kartöflur, undir 65 mm að stærð	24.07.-08.08.00	ótilgr.	7,5	15

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og tekur gildi 24. júlí 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 2000

3. júlí 2000

1191

Nr. 503

REGLUGERÐ um fráveitu Akraneskaupstaðar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í Akraneskaupstað.

2. gr.

Akraneskaupstaður starfrækir fráveitu. Akranesveita kostar rekstur hennar og framkvæmdir. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun Akranesveitu til reksturs og framkvæmda við hana.

Akranesveita fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: Vatn (skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Skólp: Húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps og iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Akraneskaupstaður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengirein á holræsalögn. Tækni- og framkvæmdasvið Akranesveitu ákveður legu götuholræsa og tengireina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita bæjarins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins. Að öðru leyti er bent á 10. gr. mengunarvarnarreglugerðar.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins skal húseigandi leiða fráveituvatni að brunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatn frá honum í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá frá-ræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur, sbr. reglur sem um það gilda á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Akranesveita kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna en húseigandi leggur til rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa og hlotið hefur viðurkenningu Hollustuverndar. Húseigandi annast allt viðhald.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð skulu húseigendur kosta og tengja frá-ræsi hús-igna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal frá-ræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja frá-ræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til tækni- og framkvæmdasviðs Akranesveitu á þar til gerðum eyðublöðum sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðs-mönnum þeirra ásamt pípulagningarmeistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og frá-ræsum frá húseignum sem tengjast fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum samkvæmt byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal það einnig taka út og viðurkenna frá-ræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald.

Akranesveitu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snrytilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Af öllum fasteignum í Akraneskaupstað sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

13. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð fráveitugjalds skal vera 0,20% af fasteignamati samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

14. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteigna-skatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

15. gr.

Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akranesi nr. 100/1976.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júlí 2000.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Óskar Páll Óskarsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Eyrarsveitar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyrarsveitar er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Eyrarsveitar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Eyrarsveitar er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan fimmtudag hvers mánaðar.

Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnamaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnamaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórn.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal halda í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamála sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmaður ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórn enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmaður.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmaður forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita þess lista sem hann er kjörinn af og boðar þá oddviti listans varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn bríglum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggdarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótaskvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Að afloknum fundi sveitarstjórnar skulu fundargerðir sendar sveitarstjórnarmönnum eins fljótt og auðið er.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta og skal sveitarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórn.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn eru varamenn í byggðarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

Sveitarstjóri situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í byggðarráðið.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund þrisvar í hverjum mánuði fyrsta, þriðja og fjórða fimmtudag kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður byggðarráðs eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita þess lista sem hann er kjörinn af og boðar þá oddviti listans varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann og varaformann byggðarráðsins. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Byggðarráð ræður sér fundarritara utan byggðarráðs. Um ritun fundargerða byggðarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála-
stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með
stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhags-
áætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda
og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá
sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum
stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveit-
arstjórnarlög mæla fyrir um.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær
til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega
fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna
eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár
sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar,
nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan
veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög
eða sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema
formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða
fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í
nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðal-
maður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega
tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal
sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi
ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund ein-
staka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund
til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda
um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórna í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir byggðarráð og/eða sveitarstjórn.

57. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Byggðarráð*. Þrír sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Varamenn taka sæti í byggðarráði í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast, sbr. 44. gr. samþykktar þessarar.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Búfjárefstirlitsmenn*. Tveir og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
3. *Stjórn byggðasamlags Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. samþykktar fyrir Byggðasamlag Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer einnig með umferðarmál skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hlutverk umhverfisnefndar sveitarfélagsins.
5. *Félags- og barnaverndarnefnd Snæfellinga*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 7. gr. samþykktar fyrir Byggðasamlag Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu. Félags- og barnaverndarnefnd Snæfellinga fer einnig með verkefni barnaverndarnefndar skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992.
6. *Skólaþjónustunefnd Snæfellinga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. samþykktar fyrir Byggðasamlag Snæfellinga um rekstur Félags- og skólaþjónustu.
7. *Hafnarstjórn Grundarfjarðarhafnar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
8. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Heimilt er sveitarstjórn að bjóða stéttarfélögum á svæðinu að hafa áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

9. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 15/2000.
10. *Fulltrúi á landsþing* Sambands íslenskra sveitarfélaga samkvæmt samþykktum fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga.
11. *Fulltrúar á aðalfund héraðsnefndar Snæfellinga* samkvæmt samþykktum héraðsnefndar Snæfellinga.
12. *Fulltrúar á aðalfund S.S.V.* samkvæmt samþykktum fyrir S.S.V.
13. *Leikskólanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
14. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
15. *Skólanefnd grunnskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
16. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
17. *Bókasafnsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
18. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
19. *Þjónustuhópur aldraðra*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Heimilt er sveitarstjórn að bjóða félagsskap eldri borgara að eiga tvo áheyrnarfulltrúa í hópnum.
20. *Heilbrigðisnefnd Vesturlands*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
21. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. samnings um Fjölbrautaskóla Vesturlands.
22. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

58. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Sveitarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækun

annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dag-skrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Eyrarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Eyrarsveitar nr. 230/1993, sbr. samþykkt nr. 328/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2000.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Óskar Páll Óskarsson.

REGLUGERÐ

um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um gerð og notkun hættumats vegna ofanflóða og um nýtingu hættusvæða, svo og um gerð bráðabirgðahættumats.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

Aðgerðaáætlun: Áætlun sveitarfélags um aðgerðir til að tryggja öryggi fólks í húsum á hættusvæðum.

Aðsópssvæði: Svæði sem snjó getur skafið af inn á upptakasvæði snjóflóða.

Áhætta (e. risk): Mælikvarði sem tekur til þess hve líklegt er að atburður eigi sér stað og þess hversu víðtækar og afdrifaríkar afleiðingar eru.

Áhætta = fall (líkur, afleiðingar).

Ástreymisbrýstingur: Þrýstingur frá ofanflóði á flöt sem er hornréttur á flóðstefnu.

Ásættanleg áhætta: Ákvörðuð mörk ásættanlegrar árlegrar staðaráhættu að teknu tilliti til viðveru, 0,3 af 10.000.

Endurkomutími: Tími sem að meðaltali líður á milli hliðstæðra atburða.

Hætta (e. hazard): Hugsanlegur atburður sem leiðir til tjóns á mönnum eða eignum.

Hættumatslína: Lína sem dregin er um staði þar sem árleg staðaráhætta er ásættanleg.

Jafnáhættulína: Lína sem dregin er gegnum staði þar sem árleg staðaráhætta er jöfn.

Ofanflóð: Snjóflóð, skriðufall, berghlaup eða grjóthrun.

Óhappaálag: Álag sem aðeins verður vegna óhapps eða við aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður, sbr. ÍST DS 409:1982.

Óstyrkt hús: Hús sem ekki hefur verið styrkt sérstaklega vegna álags frá hugsanlegu ofanflóði.

Staðaráhætta: Árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi.

Varanleg varnarvirki: Þver- og leiðigarðar, stoðvirki í upptökum snjóflóða.

Varnaraðgerðir: Bygging varanlegra varnarvirkja, uppkaup íbúðarhúsnæðis á hættusvæðum, styrking húsa, eftirlit og rýming.

Viðvera: Líkur þess að einstaklingur sé staddur á hættusvæði þegar ofanflóð fellur, án tillits til aðgerða sem auka öryggi, t.d. rýmingar og eftirlits.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

II. KAFLI

Hættumatsnefnd, kynning og staðfesting hættumats.

3. gr.

Hættumatsnefnd.

Sveitarstjórnir í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum. Beiðni sveitarstjórnar

um gerð hættumats skal berast umhverfisráðherra og skipar hann fjögurra manna nefnd um hættumat, hættumatsnefnd.

Hættumatsnefnd ber að stýra gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi og gera samning við Veðurstofu Íslands um gerð hættumats þar sem m.a. skal kveðið á um kostnað og verktíma. Hættumatsnefnd ákveður í samráði við sveitarstjórn til hvaða svæða hættumat skuli ná. Nefndirnar taka við og meta athugasemdir frá aðilum sem málið snertir og kynna tillögur að hættumati þegar þær berast frá Veðurstofu Íslands. Hættumatsnefnd skal ganga frá tillögu að hættumati til staðfestingar umhverfisráðherra.

4. gr.

Skipan hættumatsnefnda.

Ráðherra skipar fjóra fulltrúa í hættumatsnefnd að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar. Skulu tveir tilnefndir frá viðkomandi sveitarstjórn hverju sinni en ráðherra skipar tvo fulltrúa í nefndina án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður og hafa oddaatkvæði en hinn skal vera sérfróður aðili með þekkingu á mati á ofanflóðahættu. Hættumatsnefnd skal ljúka störfum þegar hættumat hefur verið staðfest af ráðherra.

5. gr.

Kynning og staðfesting hættumats.

Viðkomandi sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast kynningu á hættumati í samráði við hættumatsnefnd. Auglýsa skal hættumat og kynna á almennum fundi í sveitarfélaginu. Eftir að kynning hefur farið fram skal hættumatið liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kynningar í fjórar vikur. Hættumat skal staðfest af umhverfisráðherra og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

6. gr.

Veðurstofa Íslands.

Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats að beiðni hættumatsnefndar samkvæmt framkvæmdaáætlun sem gerð er í samráði við sveitarstjórnir og ofanflóðanefnd.

Veðurstofa Íslands annast enn fremur gerð bráðabirgðahættumats, sbr. 7. kafla, og mat á snjóflóðahættu á skíðasvæðum, sbr. 14. gr.

7. gr.

Kostnaður við gerð hættumats.

Kostnaður við gerð hættumats, þar með talinn kostnaður vegna hættumatsnefnda, er greiddur af Ofanflóðasjóði.

III. KAFLI

Gerð og notkun hættumats.

8. gr.

Gerð og framsetning hættumats.

Sveitarstjórnir í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku skulu láta meta hættu á ofanflóðum.

Hættumat skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Jafnframt fari fram mat á snjóflóðahættu á skipulögðum skíðasvæðum. Hættumat fyrir svæði utan þéttbýlis, s.s. einstaka sveitabæi, skal framkvæma enda liggja fyrir gildar ástæður að mati ofanflóðanefndar, t.d. þegar ofanflóð hafa fallið á eða staðnæmst í nálægð við íbúðarhúsnæði.

Niðurstöður hættumats skulu fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða, þ.e. áhættumat, og skal við matið tekið tillit til varnarvirkja sem reist hafa verið.

Hættumat skal sett fram á korti í mælikvarða 1:5000 þar sem hættusvæði eru afmörkuð og í greinargerð með hættumatskort, eins og nánar er gerð grein fyrir í reglugerð þessari.

9. gr.

Gagnaöflun.

Til grundvallar hættumati skal að lágmarki liggja fyrir:

1. Grunnkort: Kortin skulu ná yfir svæði sem tilgreind eru í 8. gr. og sýna landslag upp á efstu fjallsbrúnir og ná yfir aðliggjandi aðsópssvæði. Framsetning korta skal miðast við mælikvarðann 1:5000 og skulu þau uppfylla kröfur Veðurstofu Íslands svo sem varðandi nákvæmni og uppsetningu. Ný kort skulu vera stafræn.

2. Gögnum um ofanflóð á viðkomandi svæði og í námunda við það skal safna saman með því að kanna ritaðar heimildir, auglýsa eftir upplýsingum og ábendingum og með viðtölum við staðkunnuga um snjóflóð, aurskriður og snjósöfnun. Skrá skal upplýsingar um veður tengd ofanflóðum, upptakasvæði flóða, snjódýpt í upptökum og á úthlaupssvæði, fallbraut flóða, tegund þeirra, skriðlengd, lögum snjóflóðatungu og annað sem máli skiptir. Ef ekki er til kort sem sýnir útlínur þekktra flóða skal útbúa það á stafrænu formi, sbr. lið 1.

3. Könnun á veðurfari. Safna skal saman upplýsingum um veður á nálægum veðurathugunarstöðvum og gera yfirlit yfir veðurfar. Kanna skal sérstaklega hlutfallslega tíðni snjóflóðavindáttu, aftakaúrkomu og aftakasnjódýptar með tölfræðilegum aðferðum.

4. Könnun byggðasögu. Gera skal yfirlit yfir aldur húsa á svæðinu, einkum þeirra sem standa eða staðið hafa næst brekku og/eða undir hugsanlegum snjóflóðafarvegum.

5. Vettvangskönnun. Framkvæma skal ítarlega könnun á staðháttum, upptakasvæðum, snjósöfnunarmöguleikum, farvegum ofanflóða og huga að jarð- og gróðurfarslegum vísbendingum um umfang og tíðni þeirra. Meta skal hvar aðstæður geta leitt til vatns- og krapaflóða. Meta skal stærð hugsanlegra aurflóða með því að meta magn jarðefna sem geta losnað og útbreiðslu þeirra. Lagt skal mat á aldur aurskriðna sem ummerki sjást eftir. Ef náttúrulegir varnargarðar eða garðar gerðir af manna höndum eru fyrir hendi skal lagt mat á virkni þeirra.

10. gr.

Áhættumat.

Við hættumat skal reikna áhættu vegna ofanflóða og skulu útreikningarnir meðal annars byggðir á gögnum sem aflað hefur verið skv. 9. gr. Við áhættureikninga skal taka tillit til skráðrar tíðni ofanflóða úr viðkomandi brekku/brekkum, byggðasögu svæðisins, skriðlengdardreifingar skráðra snjóflóða á landinu og hugsanlega í öðrum löndum eftir færslu yfir í viðkomandi brekku/brekkur og til dánarlíkan fólks í ofanflóðum. Einnig skal taka mið af veðurfari og landslagi, t.d. vindáttum, snjódýpt, stærð og afstöðu aðsópssvæða, viðhorfi brekku og lögum upptakasvæða. Meta skal og/eða reikna út virkni byggðra varnarmarkna til breytingar á áhættu. Þetta á einkum við um þver- og leiðigarða á úthlaupssvæðum snjóflóða og stoðvirki á upptakasvæðum þeirra.

Aðgerðir sem miða að því að breyta snjósöfnun, t.d. snjósöfnunargrindur eða annar hliðstæður búnaður í grennd við upptakasvæði snjóflóða eða á aðsópssvæðum, skulu að jafnaði ekki hafa áhrif á hættumat.

Þar sem ekki er unnt að framkvæma áhættureikninga vegna ónógra upplýsinga skal engu að síður gera hættumatskort, sbr. 12. gr., og skal við gerð þess reynt að leggja mat á áhættu.

11. gr.

Ásættanleg áhætta.

Staðaráhætta fólks í íbúðarhúsum, skólum, barnaheimilum, sjúkrahúsum, samkomuhúsum og sambærilegum húsum telst ásættanleg ef hún er minni en 0,3 af 10.000 á ári. Í atvinnuhúsnæði þar sem unnið er að staðaldri telst áhætta ásættanleg ef staðaráhætta er minni en 1 af 10.000 á ári. Í frístundahúsum telst áhætta ásættanleg ef staðaráhætta er minni en 5 af 10.000 á ári. Við ákvörðun þessara marka hefur verið miðað við 75% viðveru í íbúðarhúsi, 40% viðveru í atvinnuhúsnæði og 5% viðveru í frístundahúsi. Auk þess hefur verið tekið mið af því að í atvinnuhúsnæði, öðru en skólum og leikskólum, dveljist börn ekki að staðaldri.

Heimilt er að meta viðveru fólks á annan hátt en kveðið er á um í 1. mgr. enda sé það mat rökstutt. Slíkt mat á t.d. við um atvinnuhúsnæði þar sem ekki er stöðug viðvera fólks. Einnig getur verið ástæða til þess að gera meiri kröfu til öryggis en kveðið er á um í 1. mgr., til dæmis ef gert er ráð fyrir mikilli viðveru fólks að vetrarlagi í frístundahúsi eða ef vinnustaðir eru fjölmennir.

12. gr.

Hættumatskort og flokkun hættusvæða.

Niðurstöður hættumats skal afmarka á korti í mælikvarðanum 1:5000 sem sýnir hættusvæði og flokkun þeirra og einnig á aðalskipulagsupprætti viðkomandi sveitarfélags. Sveitarfélag, umhverfisráðuneyti, Veðurstofa Íslands, Almannavarnir ríkisins og Skipulagsstofnun varðveita hver um sig eitt eintak af staðfestu hættumatskorti ásamt greinargerð.

Á hættumatskorti skal sýna hættumatslínu, þ.e. línu sem afmarkar svæði þar sem staðaráhætta er ásættanleg frá svæðum þar sem áhætta er meiri. Svæði brekkumegin við hættumatslínu skulu merkt bókstöfum A, B og C, eftir vaxandi áhættu, sbr. 5. kafla. Útlínur þess svæðis, sem hættumat nær til, skal sýna á hættumatskorti.

Á svæðum, sem varin eru með varnarvirkjum, skal sýna staðaráhættu eins og ef engar varnir væru til staðar og staðaráhættu að teknu tilliti til varnarvirkja. Á hættumatskorti skal auðkenna sérstaklega mannvirki og landslag sem dregur úr áhættu og ekki má breyta af öryggisástæðum.

13. gr.

Greinargerð með hættumatskorti.

Greinargerð með hættumatskorti skal innihalda:

1. Samantekt á þeirri könnun sem gerð var skv. 9. gr., þ.á m. yfirlitskort um skráð snjóflóð og aurskriður.
2. Tíðnikort sem sýnir fyrir hvern stað á svæðinu, sem matið nær til, reiknaða eða metna tíðni snjóflóða. Kortid skal hið minnsta sýna línur þar sem búast má við að snjóflóð geti fallið að meðaltali einu sinni á hverjum 100, 300, 1000 og 3000 árum. Ef fyrirbyggjandi gögn eru ekki fullnægjandi til þess að leggja reikningslegt mat á tíðni snjóflóða má í stað þessa korts koma umsögn um endurkomutíma flóða.
3. Í greinargerð með áhættumati skv. 10. gr. skal vera yfirlit um forsendur matsins og þau gögn sem það byggist á. Einnig skal gera grein fyrir útreikningum sem gerðir hafa verið og niðurstöðum þeirra. Ef ekki reynist unnt að byggja matið á útreikningum skal skýra hvernig niðurstaðan er fengin og rökstyðja hana.

14. gr.

Skíðasvæði.

Áður en hafist er handa við mannvirkjagerð á skipulögðum skíðasvæðum skal viðkomandi sveitarfélag láta meta hættu vegna snjóflóða og skal tekið tillit til þess við skipulag

svæðisins og fyrirkomulag mannvirkja, sbr. 6. kafla. Safna skal saman upplýsingum um þekkt snjóflóð, leggja skal mat á möguleg upptakasvæði, rennslisstefnu og skriðlengd snjóflóða og annað sem kann að skipta máli. Niðurstöður þessarar athugunar skulu settar fram á korti og í greinargerð þar sem gerð er grein fyrir forsendum og þeim upplýsingum sem aflað hefur verið. Sé hætta talin stafa af snjóflóðum skal rekstraraðili gera áætlun um daglegan viðbúnað vegna snjóflóðahættu. Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á skipulögðum skíðasvæðum að beiðni viðkomandi sveitarstjórnar.

IV. KAFLI

Skipulagning svæða.

15. gr.

Skipulagning svæða.

Ef gildandi svæðis- og/eða aðalskipulag er ekki í samræmi við gert hættumat skal endurskoða skipulagið þannig að það verði í samræmi við hættumatið. Hættumati skal skila inn sem fylgiskjali með tillögu að svæðis- og aðalskipulagi þar sem það á við. Skipulagsáætlanir fyrir svæði utan þéttbýlis skulu ætíð samþykktar og/eða staðfestar með fyrirvara um hugsanlega ofanflóðahættu sem ljós kann að verða við hættumat á einstökum svæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð. Ef ágreiningur verður um samræmi milli hættumats og svæðis- og/eða aðalskipulags skal úrskurðarnefnd í skipulags- og byggingarmálum úrskurða í málinu skv. skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með áorðnum breytingum. Við endurskoðun aðalskipulags skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða hættumat.

Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.

16. gr.

Skipulagsáætlanir.

Í svæðis-, aðal- og deiliskipulagi skal auðkenna hættusvæði, sbr. 8. og 12. gr. Gera skal grein fyrir hvaða reglur gilda á hverju þeirra varðandi umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna ofanflóða og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á hættusvæðum og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

V. KAFLI

Flokkun, skilgreining og nýting hættusvæða.

17. gr.

Skilgreining hættusvæða.

Hættusvæði afmarkast af línu, hættumatslínu, sem dregin er á grundvelli ákvörðunar um ásættanlega staðaráhættu skv. 11. gr. Brekkumegin hættumatslínunnar skiptast hættusvæði í þrjá flokka eftir vaxandi áhættu. Hættusvæði A afmarkast af jafnáhættulínunum 0,3–1 af 10.000. Hættusvæði B afmarkast af jafnáhættulínunum 1 – 3 af 10.000. Hættusvæði C er svæði þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000. Neðan hættumatslínu er árleg staðaráhætta minni en 0,3 af 10.000.

TAFLA I.
Skilgreining hættusvæða.

	Staðaráhætta – af 10.000 Neðri mörk	Staðaráhætta – af 10.000 Efri mörk
A-hættusvæði	0,3	1,0
B-hættusvæði	1,0	3,0
C-hættusvæði	3,0	-

18. gr.

Aðgerðaáætlun.

Sveitarstjórn skal gera áætlun um aðgerðir sem tryggja öryggi fólks í húsum á hættusvæði og skal hún liggja fyrir innan sex mánaða frá því að hættumat er staðfest. Áætlunin skal taka mið af framkvæmdaáætlun ofanflóðasjóðs þar sem miða skal við að brýnustu varnaraðgerðum gegn ofanflóðum fyrir svæði C verði lokið eigi síðar en 2010 og öðlast hún gildi við staðfestingu ofanflóðanefndar.

Á hættusvæði C skal öryggi tryggt með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis. Fyrir hættusvæði A og B er heimilt að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu.

19. gr.

Nýting hættusvæða.

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgistingar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II.

Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnæði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgistingar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.

Á hættusvæði C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða til vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirkið yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnæði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eða fjölgun starfsmanna.

TAFLA II.

Ástreymisþrýstingur innan hættusvæða, reiknað sem óhappaálag, kN/m².

Svæði	Íbúðar-, sjúkra- og samkomuhús, skólar, leikskólar og samb. hús	
	Neðri mörk	Efri mörk
A-hættusvæði	5	20
B-hættusvæði	20	90

Ástreymisþrýsting á tilteknum stað innan svæðis skal meta út frá staðsetningu og staðháttum.

Hönnun burðarvirkja skal miðast við ástreymisþrýsting frá ofanflóðum skv. töflu II. Álagið reiknast sem óhappaálag og skal reikna mannvirkið í brotmarkaástandi. Almennt gildir að hús á hættusvæðum skulu vera steinsteypt með steyptri loftplötu og veggir, sem snúa að brekku, skulu að jafnaði vera án opa og glugga. Að öðrum kosti skulu gluggar og hurðir standast ástreymisþrýsting. Við hönnun mannvirkja á hættusvæðum skal stuðst við Rb-blöð nr. Rb(V9).003, Rb(V9).004 og Rb(V9).005, útgefin af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Hönnuðir skulu undantekningarlaust leggja fram útreikninga sína til samþykktar hjá viðkomandi byggingafulltrúa sem sannreynir hönnunargögn.

20. gr.

Sérstök nýting hættusvæða A og B.

Á hættusvæðum A og B er heimilt að reisa mannvirki án þeirra kvaða sem getið er um í 19. gr. enda liggi fyrir ákvörðun sveitarstjórnar um að innan fimm ára verði viðkomandi svæði varið með varanlegum varnarvirkjum skv. staðfestri aðgerðaáætlun um aðgerðir sveitarfélagsins, sbr. 18. gr.

21. gr.

Nýting svæða neðan varnarvirkja.

Á svæðum þar sem öryggi fólks gagnvart ofanflóðum er aukið með varnarvirkjum samkvæmt endurskoðuðu hættumati er heimilt að þetta byggð og endurnýja mannvirki, sbr. 19. gr. Þrátt fyrir að varnir séu hannaðar og reistar með það í huga að öryggi fólks neðan þeirra sé ásætlanlegt ber sveitarstjórn að leitast við að stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu.

VI. KAFLI

Varnarvirki.

22. gr.

Varnarvirki.

Varnir gegn ofanflóðum eru eingöngu reistar til þess að auka öryggi fólks á svæðum sem eru í byggð. Ef kröfum skv. 11. gr. er ekki fullnægt án sérstakra varnarvirkja gegn ofanflóðum er óheimilt að skipuleggja ný áður óbyggð svæði fyrir íbúðabyggð, frístundabyggð eða atvinnustarfsemi.

Við hönnun varnarvirkja gegn ofanflóðum skal leitast við að auka öryggi þannig að eftir byggingu þeirra sé staðaráhætta fólks neðan þeirra sem næst ásætlanlegri staðaráhættu skv. 11. gr. og aldrei meiri en 1,0 af 10.000.

Í frumathugun ofanflóðavarna skulu ráðgjafar leggja mat á staðaráhættu með og án varanlegra varnarvirkja. Á sérstökum uppdráttum, sem fylgi tillögum þeirra að vörnum, skal sýna jafnáhættulínur skv. 17. gr. þar sem skýrt komi fram hvaða svæði séu varin með varnarvirkjum og hver sé staðaráhætta að teknu tilliti til varnarvirkja og án þeirra.

Eftirlit með ofanflóðahættu og rýmingaráætlanir hafa ekki áhrif á staðsetningu jafnáhættulína né hættumatskort. Endurskoða skal uppdrætti og rýmingaráætlanir ef reist eru varanleg varnarvirki gegn ofanflóðum.

Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir varnarvirkjum sem reist hafa verið eða eru fyrirhuguð og sérstökum skilyrðum um styrkingu eða útfærslu mannvirkja.

23. gr.

Sveitarstjórn.

Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir við varnarvirki í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

VII. KAFLI

Bráðabirgðahættumat.

24. gr.

Gildissvið.

Ákvæði 7. kafla þessarar reglugerðar gilda um meðferð skipulagstillagna, veitingu byggingarleyfa og gerð bráðabirgðahættumats á svæðum þar sem ofanflóð hafa fallið eða hætta er talin á slíku og staðfest hættumat liggur ekki fyrir.

25. gr.

Skipulagstillögur og byggingarleyfi.

Áður en sveitarstjórn gerir breytingu á deiliskipulagi eða aðalskipulagi, samþykkir nýtt skipulag eða veitir byggingarleyfi samkvæmt gildandi deiliskipulagi á svæði þar sem ofanflóð eru hugsanleg, án þess að staðfest hættumat liggi fyrir, skal hún leita álits Skipulagsstofnunar á málsmeðferð. Skipulagsstofnun metur hvort óska beri eftir bráðabirgðahættumati hjá Veðurstofu Íslands. Það mat fer eftir eðli máls, m.a. því hvort hætta hafi þegar verið metin á einn eða annan hátt. Telji Skipulagsstofnun þörf á gerð bráðabirgðahættumats sendir hún beiðni um það til Veðurstofu Íslands.

26. gr.

Bráðabirgðahættumat.

Þegar Veðurstofu Íslands berst erindi um bráðabirgðahættumat vegna skipulagstillögu eða leyfisumsóknar skal hún áætla umfang matsins. Ef það er mjög viðamikilið skal Veðurstofan óska eftir að viðkomandi sveitarstjórn fari með matið eins og kveðið er á um í 2. kafla þessarar reglugerðar. Að öðrum kosti gerir Veðurstofan bráðabirgðahættumat fyrir svæðið og afmarkar hættusvæði í samræmi við 5. kafla. Veðurstofan skal að jafnaði afgreiða erindi innan 6 vikna frá því að það berst stofnuninni. Sé ekki hægt að afgreiða erindið innan frests skal gera hlutaðeigandi grein fyrir því skriflega og gera grein fyrir áætlun um málsmeðferð.

27. gr.

Álit Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun skal taka til afgreiðslu erindi sveitarstjórnar skv. 25 gr. og tilkynna henni um álit sitt eins fljótt og unnt er. Í álit Skipulagsstofnunar skal koma fram hvort framkvæmdir samkvæmt skipulagstillögu eða leyfisumsókn eru heimilar. Skipulagsstofnun skilgreinir í samráði við Veðurstofu Íslands þær kröfur sem nýbyggingar skulu fullnægja og setur önnur viðeigandi skilyrði fyrir samþykki skipulagstillögu eða stakri leyfisveitingu.

Í bráðabirgðahættumati vegna byggingarleyfis skal hið minnsta tilgreina þær styrkleika-kröfur sem gera verður til byggingar sem þar verður reist.

28. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hættumatsnefndir skulu hafa lokið við gerð hættumats, sbr. 3. gr., fyrir eftirfarandi þéttbýliskjarna eigi síðar en á árinu 2001: Bíldudal, Bolungarvík, Eskifjörð, Hnífsdal, Ísa-fjörð, Neskaupstað, Ólafsvík, Patreksfjörð, Seyðisfjörð og Siglufjörð.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júlí 2000

Siv Friðleifsdóttir.

Smári Þorvaldsson.

REGLUGERÐ**um próf í verðbréfavíðskiptum.**

1. gr.

Prófnefnd verðbréfavíðskipta heldur próf í verðbréfavíðskiptum samkvæmt 11. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti. Próf þetta nefnist verðbréfavíðskiptapróf. Starfsmenn fyrirtækis í verðbréfafjónustu, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við víðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr. laga um verðbréfavíðskipti, skulu hafa staðist nám í verðbréfavíðskiptum.

Víðskiptaráðherra skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti fimm menn, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af víðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af Samtökum verðbréfafyrirtækja, einn tilnefndur sameiginlega af kauphöllum og skipulegum tilboðsmörkuðum skv. lögum nr. 34/1998 og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. gr.

Próf skulu að jafnaði haldin eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Prófnefnd ákveður fjölda prófa. Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Próf skulu auglýst í fjölmiðlum með a.m.k. átta vikna fyrirvara. Í auglýsingu skal koma fram hvar og hvenær próf eru haldin, tímallengd þeirra, hvaða hjálpargögn eru leyfileg, hvaða lágmarkseinkunna er krafist, hver fjárhæð prófgjalda er og hvernig þau skuli greidd. Einnig skal koma fram hvar upplýsingar um prófkröfur og prófsefni er að finna.

Ekki er skylt að halda sérstakt sjúkra- eða upptökupróf í tengslum við próf samkvæmt 1. mgr.

Ráðherra ákveður prófgjöld að fenginni tillögu prófnefndar og skal greiða þau fyrir þau tímamörk sem prófnefnd ákveður.

3. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr á verðbréfavíðskiptaprófi. Prófnefnd semur próflýsingu í viðkomandi grein og skal hún liggja fyrir þegar námskeið er auglýst skv. 1. mgr. 2. gr.

Verðbréfavíðskiptapróf skiptast í þrjá hluta, I. hluta, almenna lögfræði, II. hluta, almenna víðskiptafræði og III. hluta, fjármagnsmarkaðinn. Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal prófnefnd leggja til grundvallar að efni hvers hluta krefjist þekkingar á eftirtöldum sviðum:

I. hluti

- Fræðikerfi íslenskrar lögfræði og réttarfari.
- Lagareglum á sviði fjármuna- og félagaréttar.

II. hluti

- Grundvallarþáttum í fjármunaútreikningum.
- Greiningu ársreikninga, skattamálum.
- Grunnatriðum í þjóðhagfræði.

III. hluti

- Lögum og reglum um fjármagnsmarkaðinn.
- Verðbréfamarkaði og helstu tegundum verðbréfa.
- Eignastýringu, samvali verðbréfa og rekstri sjóða.
- Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
- Verðbréfavíðskiptum og ráðgjöf.

Prófnefnd er heimilt að fengnu samþykki viðskiptaráðherra að gera breytingar á þeim sviðum sem tilgreind eru í 2. mgr.

4. gr.

Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfavíðskiptaprófs.

Þeir sem lokið hafa embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands, eru undanþegnir töku prófa á I. hluta skv. 2. mgr. 3. gr. Þeir sem lokið hafa lokaprófi frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands eru undanþegnir töku prófa á II. hluta 2. mgr. 3. gr.

Prófnefnd getur veitt próftaka, sem um það sækir, undanþágu frá því að þreyta próf í einstökum greinum. Skilyrði þess að slíka undanþágu megi veita er að próftaki sýni fram á það með fullnægjandi hætti, s.s. með vottorði frá viðkomandi menntastofnun, að hann hafi staðist sambærileg próf á háskólastigi að mati prófnefndar.

5. gr.

Einkunnir á prófum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Til þess að standast verðbréfavíðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum er hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Próftaki á rétt á að sjá prófurlausn sína ef hann æskir þess innan fimmtán daga frá birtingu einkunnar. Próftaka er heimilt að skjóta mati kennara á úrlausn sinni til prófnefndar til endurmats. Mat prófnefndar á úrlausn er endanlegt.

Prófnefnd staðfestir að próftaki hafi staðist verðbréfavíðskiptaprófið.

6. gr.

Prófnefnd er heimilt að fela óháðum aðilum að semja próflýsingu í viðkomandi grein, semja prófverkefni, fara yfir og gefa einkunn fyrir prófurlausn. Þá er prófnefnd heimilt að semja við óháðan aðila um framkvæmd prófa.

Prófnefnd er heimilt að standa fyrir námskeiði í einstökum greinum til undirbúnings verðbréfavíðskiptaprófi ef hún telur ástæðu til. Prófnefnd er heimilt að semja við aðra aðila um að halda námskeið samkvæmt þessari málsgrein. Gjöld fyrir námskeiðin skulu ákveðin af ráðherra að fenginni tillögu prófnefndar, nema samningar takist við framkvæmdaraðila um að hann beri fjárhagslega ábyrgð á námskeiðinu.

7. gr.

Prófnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd prófa og námskeiða skv. 2. mgr. 6. gr.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 58. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, sbr. 11. gr. sömu laga. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 301/1999 um próf í verðbréfamiðlun.

Viðskiptaráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

**um kærunefnd skv. lögum um
opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.**

1. gr.

Kæra ákvörðunar.

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir sem eru aðilar máls geta skotið ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um réttindi sín og skyldur til sérstakrar kærunefndar. Úrskurðir kærunefndar eru endanlegir á stjórnáslustigi og verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

2. gr.

Kærunefnd.

Kærunefnd er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Í kærunefnd sitja þrjú menn, og jafnmargir til vara. Þeir skulu allir tilnefndir af Hæstarétti. Formaður og vara-
maður hans skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði fjármagnsmarkaðar. Nefndarmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

3. gr.

Kærufrestur.

Skrifleg kæra skal berast nefndinni innan þriggja mánaða frá því að aðila máls skv. 1. gr. var tilkynnt um ákvörðunina. Kæru sem berst eftir lok kærufrests skal að öllu jöfnu vísa frá nefndinni.

4. gr.

Réttaráhrif kæru.

Kæra til kærunefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins. Kærunefnd er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þegar sérstakar ástæður mæla með því í samræmi við stjórnáslulög.

5. gr.

Störf og valdssvið kærunefndar.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir kærunefndar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð.

Kærunefndin skal ákveða tímafresti sem tryggja hraða málsmeðferð kærumála. Nefndin skal setja sér starfsreglur, sem viðskiptaráðherra staðfestir.

Fjármálaeftirlitinu og viðkomandi eftirlitsskyldum aðila er skylt að afhenda nefndinni þau gögn sem hún óskar eftir vegna máls sem er til úrskurðar hjá nefndinni.

Heimilt er að gefa aðilum máls og Fjármálaeftirlitinu kost á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin setur hverju sinni.

6. gr.

Úrskurðir kærunefndar.

Nefndin úrskurðar sjálf um hvort mál heyrir undir nefndina og hvort málskotsaðili hafi rétt til málskots. Hún úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir og skulu liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni.

Birta skal kæranda, viðkomandi eftirlitsskyldum aðila og Fjármálaeftirlitinu úrskurð án ástæðulausra tafa.

Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar.

Um meðferð mála hjá kærunefnd og störf hennar fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

Úrskurðir nefndarinnar skulu teknir saman eftir þörfum og gefnir út í aðgengilegu formi.

7. gr.

Frávísun.

Nefndin vísar máli frá sé það svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Mál sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

8. gr.

Endurupptaka máls.

Nefndin getur ákveðið að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem málskotsaðila var ekki unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Um endurupptöku máls fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. mgr. 18. gr., sbr. 19. gr., laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, með síðari breytingum, og öðlast hún þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 761/1999, um kærunefnd skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Viðskiptaráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Valgerður Svverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðartryggingu verðbréfamiðlana.

1. gr.

Fyrirtæki sem hyggst stunda miðlun verðbréfa skv. 9. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka víðskiptavinum sínum í starfsemi sinni, sbr. 3. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

2. gr.

Verðbréfamiðlun uppfyllir tryggingaskyldu sína annað hvort með því að kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða ábyrgðartryggingu hjá víðskiptabanka, sparisjóði eða annarri lánastofnun sem hefur starfsleyfi hér á landi. Ábyrgðartrygging verðbréfamiðlunar skal taka til starfsemi hennar hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. gr.

Ábyrgðartrygging verðbréfamiðlunar skal bæta víðskiptavinum almennt fjártjón sem leitt verður af gáleysi í störfum starfsmanna hennar. Ábyrgðartrygging skal tekin til eins árs í senn og nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á tryggingartímabilinu. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tryggingartímabils getur þó ekki orðið hærri en 16.500.000 kr. Fjárhæðir þessar skulu miðast við vísitölu neysluverðs og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á henni. Grunnvísitala er 195,5 vísitala janúarmánaðar 2000.

Váttryggingafélagi, víðskiptabanka, sparisjóði eða annarri lánastofnun er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

4. gr.

Falli ábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag, víðskiptabanki, sparisjóður eða önnur lánastofnun tilkynna það tryggingataka og víðskiptaráðuneytinu þegar í stað. Tryggingartímabili telst þó eigi lokið fyrr en átta vikur eru liðnar frá því að váttryggingafélag, víðskiptabanki, sparisjóður eða önnur lánastofnun tilkynnti tryggingataka og ráðuneytinu sannanlega um tryggingarslit. Að þeim tíma loknum telst starfsleyfi verðbréfamiðlunar úr gildi fallið nema önnur fullnægjandi ábyrgðartrygging hafi verið sett.

5. gr.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu verðbréfamiðlunar í tryggingarskilmálum en slíkt má ekki skerða réttarstöðu þriðja manns til bóta. Tilhögunar eigin áhættu skal getið í skilmálum tryggingar. Sé trygging í formi váttryggingar er jafnframt heimilt að geta eigin áhættu í váttryggingaskírteini eða iðgjaldskvittun.

6. gr.

Skilmálar ábyrgðartrygginga skv. reglugerð þessari skulu látnir víðskiptaráðuneyti og Fjármálaeftirliti í té áður en þeir eru boðnir verðbréfamiðlunum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 361/1993, um tryggingaskyldu vegna verðbréfamiðlunar og verðbréfavíðskipta, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 1. janúar 2001 skulu verðbréfamíðlanir afhenda viðskiptaráðuneytinu staðfestingu á að þær hafi í gildi ábyrgðartryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

Viðskiptaráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 505/1997 um grunnpóstþjónustu.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra sendinga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.
2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sendandi bréfaþóstsendingar getur gegn sérstöku gjaldi auk hins almenna burðargjalds fengið tekna ábyrgð á sendingunni. Sendandi getur valið milli þess að ábyrgðarsendingin afhendist skráðum viðtakanda eða umboðsmanni hans einum eða megi öðrum kosti afhendast öðru heimilisfólki eða í afgreiðslu á vinnustað viðtakanda. Í allri kynningu á ábyrgðarþjónustu skal tekið skýrt fram hvaða skilmálar og sérstakt gjald gildi fyrir sitt hvora tegund ábyrgðarsendingar. Ábyrgðarsendingar frá útlöndum skulu afhentar skráðum viðtakanda einum eða umboðsmanni hans. Innlendar ábyrgðarsendingar skulu bera áritunina „Ábyrgð“ ásamt viðbótarorðum sem gefa til kynna hvor afhendingarmátinn eigi að gilda. Ábyrgðarsendingar til útlanda skulu bera áritunina „Ábyrgð“ eða „Recommandé“ á vinstri hlið utanáskriftarmegin.

3. gr.

5. mgr. 9. gr. orðist svo:

Míðann sem og áletrun sbr. 1. mgr. skal setja utanáskriftarmegin eftir því sem unnt er í efra vinstra horn eða fyrir neðan nafn og pósthfang sendanda ef svo ber undir eða ef um er að ræða sendingar í spjaldformi fyrir ofan utanáskriftina á greinilegan hátt.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Verðsendingar og póstaðvísanir skal aðeins afhenda eða borga út gegn kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans. Hafi sendandi með áletrun á sendingunni tilkynnt að hún

skuli einvörðungu afhendast viðtakanda sjálfum ber honum að kvitta fyrir sendingunni og er kvittun umboðsmanns ekki tekin gild. Aþbyrgðarsendingar skulu að vali sendanda afhendast skráðum viðtakanda eða umboðsmanni hans eða á heimili eða í afgreiðslu á vinnustað sbr. 9. gr. Böggjar afhendist skráðum viðtakanda en náist ekki til hans við afhendingu er heimilt að afhenda þá á heimili eða afgreiðslu á vinnustað. Takist afhending sendinga samkvæmt þessari málsgrein samt sem áður ekki skal viðtakanda tilkynnt með skriflegum hætti hvar hann eða umboðsmaður hans geti nálgast sendinguna.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 142/1996 um pósthjónustu, sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 72/1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 6. júlí 2000.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

5. júlí 2000

Nr. 510

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgar í Grímsnesi 1989-2009, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgar í Grímsnesi 1989-2009 frá 21. maí 1990.

Breytingin varðar 7 landnotkunarbreytingar innan þéttbýlisins að Borg:

- Lóð fyrir norðan félagsheimilið Borg verður verslunarlóð, var áður svæði fyrir opinberar stofnanir.
- Opíð svæði, ætlað til sérstakra nota, norðan við barnaheimili breytist í íbúðir.
- Lóð við þjóðveg ætluð undir opinberar stofnanir verður verslunarlóð.
- Lóð austan við barnaheimili ætluð undir íbúðir aldraðra verður íbúðarhúsaloð.
- Nyrsti hluti iðnaðarsvæðis verður ætlaður undir íbúðarbyggð, vegna nálægðar við þá byggð sem fyrir er og hagkvæmari vega- og lagnagerðar.
- Lega vega við félagsheimili og fyrirhugaða sundlaug breytist. Lóð félagsheimilis og sundlaugar minnkar og opin svæði, sérstök afnot og opin svæði, óbyggð stækka.
- Austasti afleggjarinn inn á iðnaðarsvæði fellur út og opin svæði, sérstök afnot breikka. Vegur sem liggur norður-suður á iðnaðarsvæði fellur út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsness- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 5. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður A. Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, íbúðarsvæði í landi Brekku, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 1. desember 1993.

Breytingin varðar stækkun á íbúðarsvæði sunnan Suðurnesvegur og jafnframt er felld niður veltenging við þá götu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður A. Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000, Leirur, Langeyrarsvæði, Eyrarflöt, Innrihöfn og Skarðdalur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000 frá 16. mars 1982.

Breytingin varðar breytta landnotkun og umferðarkerfi á Leirum, Langeyrarsvæði, Eyrarflöt, Innrihöfn og Skarðdal sem hér segir:

- Íbúðarsvæði á fyllingu í sjó austan við Langeyrarveg og sunnan Norðurtúns falla út. Gata og gatnamót hennar við Langeyrarveg færast til norðurs. Gatnamótin verða gengt gatnamótum Norðurtúns.
- Gata norðan Fjarðará frá Langeyrarvegi vestur að Suðurgötu fellur út.
- Íbúðarsvæði á Eyrarflöt sunnan við Norðurtún lengist um 70 m til suðurs.
- Reiðvegur verður meðfram Langeyrarvegi og á gamla veginum milli Langeyrarvegur og hesthúsasvæðis.
- Vegur sem lagður hefur verið yfir Fjarðará við Hól verður safnbraut og tengdur gamla þjóðveginum um Skarðdal.
- Gamli þjóðvegurinn um Skarðdal verður byggður upp á um 1500 m kafla frá Fjarðará að skíðaskála og hliðrast veglínan á köflum.
- Almenn útvistarsvæði í Skarðdal verður skíðasvæði að hluta.
- Gamli þjóðvegurinn neðst í Skarðdal verður malarborinn sumarvegur og reiðvegur lagður meðfram honum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðar. Leitað var umsagnar Náttúruverndar ríkisins, sbr. 33. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999 og veitti stofnunin jákvæða umsögn um aðalskipulagsbreytinguna. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður A. Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, þróunaráætlun miðborgar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytt er afmörkun svæðis sem fellur undir miðborg og miðhverfi í miðborg Reykjavíkur. Breytingin er sýnd á skipulagsuppdraetti og korti í skipulagsgreinargerð, merkt 2. kort. Svæðinu er skipt í þrjár tegundir undirsvæða, miðborgarkjarna, atvinnusvæði og verslunarsvæði og er gerð ítarleg grein fyrir notkun innan hvers undirsvæðis í skipulagsgreinargerð. Skiptingin í undirsvæði er sýnd á korti í skipulagsgreinargerð, merkt 3. kort.

Skipulagsgreinargerð og skipulagsuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 6. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

5. júlí 2000

Nr. 514

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 231/1995, um Listasafn Íslands.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Meginsvið Listasafnsins eru tvö, þ.e. safnsvið og rekstrarsvið. Safnsvið heyrir beint undir forstöðumann safnsins, en sérstakur yfirmaður rekstrarsviðs annast daglega stjórn þess sviðs undir yfirumsjón forstöðumanns og er jafnframt deildarstjóri fjármáladeildar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008, svæði austan við Skansinn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. júlí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin varðar landnotkun austan við Skansinn þar sem óbyggðu svæði og útivistarsvæði og iðnaðarsvæði er breytt í svæði opinberra stofnana/félagsheimili.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður A. Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

I. KAFLI

Um fráveituna.

2. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu. Sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild sveitarfélagsins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengirein á holræsalögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengireina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatn frá honum í fráveitu sveitarfélagsins.

7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðurstetningu og annan frágang rotþróa og lagna. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa og hafa hlotið viðurkenningu Hollustuverndar. Húseigandi kostar allt viðhald.

Þegar fráveita sveitarfélagsins hefur verið lögð skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 12. gr.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Sveitarfélaginu Skagafirði er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á frárásum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða.

13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði tilbaka um fráráslagnir frá húseignum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gölfniðurföll.

II. KAFLI

Um fráveitugjald.

14. gr.

Af öllum fasteignum í Sveitarfélaginu Skagafirði sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu sveitarfélagsins liggja skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

15. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,18% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

16. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar og staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð um holræsi í Sauðárkrókskaupstað nr. 36/1974, reglugerð um holræsi fyrir Hofsóshrepp nr. 85/1976, gjaldskrá um holræsi í Hofsóshreppi nr. 88/1976 og reglugerð um holræsi í Varmahlíð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu nr. 288/1978.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. júlí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er skipuð 9 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Akraneskaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bæjarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarfélagsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri eins varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaforseti skal kjörinn til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórninni.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórnin ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur bæjarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt

sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæjarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarstjórnarmanni er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn bæjarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarfélagsins.

Bæjarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarstjórnarmanna sé vanhæfur. Bæjarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarstjórnarmaður ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundum skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal

fundargerða. Viðstaddir bæjarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarstjórnamaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

33. gr.

Bæjarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarfélagsins. Hver bæjarstjórnamaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins en í störfum sínum er bæjarstjórnamaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarstjórnamaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarstjórnamaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarstjórnamaður á aðgang að bókum og skjölum bæjarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarstjórnamaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarstjórnamaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarstjórnamaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórninni án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum bæjarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarstjórnarmaður og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku fimmtudaga kl. 08.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðsins. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tólf klukkustundum fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjórinn varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara bæjarráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjar sjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjar sjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjar sjóðs eða stofnana hans enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda. Bæjarstjórn getur vísað kosningu formanns og varaformanns til viðkomandi nefndar kveði lög ekki á um annað. Ákvæði þessarar greinar tekur ekki til þeirra nefnda þar sem önnur sveitarfélög en Akranes eiga fulltrúa.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða bæjarstjórnin ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flýst burt úr bæjarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðsins og/eða bæjarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráðið og/eða bæjarstjórnina.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Þrjú bæjarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Stjórn Akranesveitu*. Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt reglugerð um Akranesveitu og samþykktum bæjarstjórnar.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til

- ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin skal eftir því sem tilefni gefast til gera tillögur til bæjarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Hún annast umsjón markaðs- og atvinnumála á Akranesi og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau mál svo og varðandi átaksverkefni og önnur mál sem varða atvinnulíf á Akranesi.
3. *Búfjárefirtirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
 4. *Byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin annast húsafríðunarmál og er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun húsa. Byggingarnefnd skal fjalla um ferlimál fatlaðra og stuðla að bættu aðgengi fatlaðra að byggingum og öðrum mannvirkjum.
 5. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
 6. *Fulltrúaráð Grundartangahafnar*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara samkvæmt reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
 7. *Fulltrúaráð Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi sveitarfélaga á Vesturlandi um rekstur skólans dagsett í janúar 1987.
 8. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
 9. *Hafnarstjórn*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
 10. *Heilbrigðisnefnd Vesturlands*. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 11. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 12. *Íþróttarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþróttarnefnd er bæjarstjórn til ráðgjafar í íþróttamálum. Íþróttarnefnd fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþróttar. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og annarra samkoma samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Íþróttarnefnd tilnefnir samráðsnefndir við íþróttahreyfinguna eftir því sem um er samið.
 13. *Kjörstjórn*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
 14. *Menningarmála- og safnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að málefnum safna og menningarstofnana á Akranesi. Hún skal stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfsemi í samstarfi við félagasamtök og hópa sem starfa að menningarmálum. Nefndin fer auk þess með eftirfarandi verkefni:
 - a. Stjórn héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns Akraness en héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skipar einn fulltrúa fyrir hreppa sunnan Skarðsheiðar til að fjalla um málefni héraðsbókasafnsins. Starfað skal skv. lögum nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.
 - b. Stjórn menningarsjóðs skv. skipulagsskrá.
 - c. Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita skv. reglugerð um safnið frá 20. mars 1986.
 - d. Stjórn Bíóhallar skv. skipulagsskrá frá 1986.
 15. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Að auki er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bættar samgöngur innan bæjarfélagsins og um auknið öryggi fyrir vegfarendur.
 16. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

17. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin annast einnig málefni leikskóla sbr. lög nr. 78/1994 og Tónlistarskóla Akraness og skipar tvo fulltrúa í stjórn skólans og tvo til vara sbr. lög nr. 75/1985.
18. *Starfskjaranefnd*. Þrír aðalmenn skv. grein 12.1. í kjarasamningi STAK og Akraneskaupstaðar.
19. *Starfsmatsnefnd*. Tveir aðalmenn skv. grein 12.2. í kjarasamningi STAK og Akraneskaupstaðar.
20. *Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Stjórnin starfar skv. skipulagsskrá.
21. *Stjórn Dvalarheimilisins Höfða*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulagsskrá frá júní 1974.
22. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila og samþykktum HAB.
23. *Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 15. janúar 1990.
24. *Stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Akraness*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
25. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með umhverfismál á Akranesi. Nefndin er bæjarstjórn einnig til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 93/1996 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd, sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur skal nefndin annast veitingu viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umhverfi. Nefndin kalli til ráðuneytis fulltrúa þeirra samtaka sem láta sig umhverfismál varða þegar veittar eru viðurkenningar.
26. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.
27. *Æskulýðs- og félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd, sbr. barnaverndarlög nr. 58/1992, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Æskulýðs- og félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál, sbr. lög nr. 28/1991. Þá fer ráðið með æskulýðsmál, menningarmál æskunnar og samskipti við stofnanir bæjarfélagsins og æskulýðsfélög.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnarinnar og bæjarráðsins og hefur þar málfrelsi og til-

lögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráðið og bæjarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjórinn er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til. Bæjarstjóranum er heimilt með samþykki bæjarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni bæjarfélagsins prókúru.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarfélagsins.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

Bæjarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 1. mgr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna bæjarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

62. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

63. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 62. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórninni.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

64. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnar-

fundi enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

65. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir bæjarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

66. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 62. gr. og þriggja ára áætlun skv. 65. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 64. gr.

67. gr.

Ársreikningur bæjarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórnarmenn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988, sbr. samþykktir nr. 448/1990, 183/1995, 653/1995, 605/1997 og 576/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. júlí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Rangárvallahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlangdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Rangárvallahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Rangárvallahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfunda í samráði við oddvita og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka fram:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningu sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

12. gr.

Sveitarstjóri skal að jafnaði hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá að jafnaði sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest

atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmaður ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema fundurinn sé lögmaður.

19. gr.

Oddviti stýrir fundum hreppsnefndar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega fram á hreppsnefndarfundum og er skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjóri ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirfarandi málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til sveitarstjóra og boða varamann á fundinn eða fela sveitarstjóranum að boða varamann í sinn stað. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn málaflökkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skulu tala.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartilögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs, stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal

farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefndir, ráð eða stjórnir á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur hver sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óháfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd samkvæmt nánari ákvörðun hennar í upphafi hvers kjörtímabils. Hreppsnefnd er heimilt að endurskoða upphæð þóknunar hvenær sem er á kjörtímabili sínu. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefndinni til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. Nefndir.** Nefndir sinna lögboðnum verkefnum og faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af hreppsnefnd með erindisbréfum. Hreppsnefnd kýs eða tilnefnir í nefndirnar á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar. Hreppsnefnd kýs nefndum formann nema í þeim nefndum sem eru sameiginlegar með öðrum sveitarfélögum.
1. *Fræðslu- og æskulýðsnefnd.* Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslu- og æskulýðsnefnd. Fræðslu- og æskulýðsnefnd fer með öll málefni skólanefnda leikskóla skv. leikskólalögum og grunnskóla skv. grunnskólalögum. Nefndin fer með menningarmál í víðasta skilningi, þar með talin málefni bókasafna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Þá fer nefndin með íprótta- og æskulýðsmál í sveitarfélaginu. Auk verkefna sem fræðslu- og æskulýðsnefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
 2. *Félagsmála- og jafnréttisnefnd.* Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmála- og jafnréttisnefnd, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmála- og jafnréttisnefnd fer með auk verkefna skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarmál, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, annast málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Nefndin gerir tillögur um stefnu Rangárvallahrepps í vímu-efnavörnum. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra skv. lögum um málefni aldraðra, í barnaverndarnefnd Hellulæknishéraðs, stjórn dvalarheimilisins Lundar og heilsugæslustöð Rangárpings (ef með þarf). Auk verkefna sem félagsmála- og jafnréttisnefnd hefur með höndum skv. lögum, getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Hreppsnefnd getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega félagsmála- og/eða jafnréttisnefnd með nágrannasveitarfélögum skv. nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um.
 3. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og byggingarnefnd. Skipulags- og byggingarnefnd fer með verkefni skipu-

lags- og byggingarnefndar skv. skipulags- og byggingarlögum. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra skv. lögum þar um. Auk verkefna sem skipulags- og byggingarnefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

4. *Umhverfis- og atvinnumálanefnd*. Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfis- og atvinnumálanefnd. Umhverfis- og atvinnumálanefnd fer með öll mál skv. lögum um búfjárhald, landbúnaðarmál og fjallskil. Nefndin gerir tillögur til hreppsnefndar um aukningu og úrbætur í ferðamannaþjónustu í hreppnum, gerir tillögur að leiðum til atvinnuaukningar, sinnir lögbundnum umhverfismálum, svo sem mengunarörnum, förgun úrgangsefna og hefur vakandi auga með því sem má verða til uppræðslu lands og almennra umhverfisbóta. Nefndin sinnir öðrum málum sem hreppsnefnd kann að vísa til hennar eða ákveðið verður með erindisbréfum frá hreppsnefnd. Nefndin tilnefnir fulltrúa Rangárvallahrepps í samstarfsnefndum með öðrum sveitarfélögum eða stofnunum skv. ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni. Hreppsnefnd getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega umhverfis- og atvinnumálanefnd með nágretta sveitarfélögum skv. nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um.
5. *Húsnæðisnefnd*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í húsnæðisnefnd. Nefndin hefur öll verkefni sem húsnæðisnefndum er falið skv. lögum um húsnæðismál og er hreppsnefndinni til ráðuneytis um þróun íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

B. Kjörstjórnir.

1. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar hið sama og hreppsnefndar. Kjörstjórn fer með verkefni skv. ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.
2. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar hið sama og hreppsnefndar. Kjörstjórn fer með verkefni skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna.

C. Samstarfsnefndir og stjórnir. Hér er um að ræða samstarfsnefndir og stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu hreppsnefndar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Hreppsnefnd kýs eða tilnefnir fulltrúa á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar eða samkvæmt ákvörðun hennar í hverju tilfalli.

1. *Héraðsnefnd Rangæinga*. Hreppsnefnd kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara í héraðsnefnd Rangæinga. Kjörtímabil þeirra er hið sama og hreppsnefndarinnar.
2. *Almannavarnanefnd*. Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa skv. ákvæðum laga og reglugerða um skipan almannavarna. Hreppsnefnd getur ákveðið með heimild dómsmálaráðherra að hafa samstarf um almannavarnir við nágrettasveitarfélög skv. nánara samkomulagi þar um. Þrjú fjölmennustu sveitarfélögin tilnefna þá einn fulltrúa hvert í sameiginlega almannavarnanefnd.
3. *Stjórn Heilsugæslu Rangárbings*. Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa (ef með þarf) og annan til vara í stjórn Heilsugæslu Rangárbings skv. ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu.
4. *Stjórn Hitaveitu Rangæinga*. Hreppsnefnd kýs tvo fulltrúa og jafnmarga til vara. Kjörtímabil fulltrúanna er samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar.
5. *Sorpstöð Rangárvallasýslu bs*. Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara til þess að fara með atkvæðisrétt hreppsnefndarinnar á fundum sorpstöðvarinnar og gæta hagsmuna hreppsins þar. Kjörtímabil fulltrúanna er samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar.

6. *Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.* Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara til þess að fara með atkvæðisrétt hreppsnefndarinnar á fundum brunavarna og gæta hagsmuna hreppsins þar. Kjörtímabil fulltrúanna er samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar.
7. *Aðalfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.* Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara til að sækja aðalfund Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og fara með atkvæðisrétt Rangárvallahrepps þar. Kjörtímabil fulltrúanna er samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar.
8. *Málefni hlutafélaga sem Rangárvallahreppur á hlut í.* Hreppsnefndin kýs fulltrúa eins og þörf er fyrir og hún ákveður hverju sinni til þess að fara með atkvæðisrétt á aðalfundum hlutafélaga sem Rangárvallahreppur á hlut í og til þess að gæta hagsmuna hreppsins eins og þörf er fyrir á hverjum tíma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar.

D. Fulltrúar á ársþing, ársfund og landsþing.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. lögum sambandsins. Hreppsnefnd kýs fulltrúa á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og endurnýjar kjörið síðar ef þörf er fyrir það. Kjörtímabil fulltrúa er að hámarki sama og þeirrar hreppsnefndar sem kaus þá.
2. *Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.* Hreppsnefnd kýs þann fjölda fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem heimilaður er skv. lögum samtakanna. Fulltrúar hreppsins eru kosnir á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur hvenær sem er kosið nýja fulltrúa að öllu leyti eða hluta þeirra. Kjörtímabil fulltrúa er að hámarki sama og þeirrar hreppsnefndar sem kaus þá.
3. *Héraðsbókasafn Rangæinga.* Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Héraðsbókasafns Rangæinga skv. stofnsamningi héraðsbókasafnsins. Hreppsnefnd kýs fulltrúa á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og endurnýjar kjörið síðar ef þörf er fyrir það. Kjörtímabil fulltrúa er að hámarki sama og þeirrar hreppsnefndar sem kaus þá.

E. Lögbundin kosning embættismanna. Samkvæmt lögum ber hreppsnefnd að kjósa eftirtalda embættismenn.

1. *Skoðunarmenn hreppsreikninga.* Hreppsnefnd kýs tvo skoðunarmenn hreppsreikninga og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Skoðunarmenn eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar til loka kjörtímabils hennar.
2. *Búfjárefntirlitsmenn.* Hreppsnefnd kýs tvo búfjárefntirlitsmenn og jafnmarga til vara skv. lögum um búfjárhald. Búfjárefntirlitsmenn eru kosnir á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hennar.

F. Verkefnabundnar nefndir. Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Hreppsnefnd útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

52. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

53. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndarinnar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver skuli leysa hann af í forföllum.

54. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningi viðkomandi stéttarféлага.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytis og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lausafjár ef um það er að ræða og ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði utan rekstrarútgjalda nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sanningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum.

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. júlí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Suðurlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur og auk þess er:

- a. Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 1.320.
 - b. Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kú kr. 1.500.
- Gjaldið er óháð fjölda sæðinga.

2. gr.

Gjald fyrir ýmsa vinnu eða sérhæfðar einstaklingsleiðbeiningar. Fyrir vinnu við ómsjármælingar lamba, áætlanagerð (rekstur, áburður og fóður), skurðamælingar og fleiri verkefni sem undir lögin falla er:

Gjald kr. 2.000,- á klst. fyrir virkan vinnutíma.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall dilkakjöts skuli vera 12% af dilkum sem slátrað er á tímabilinu 13. ágúst til og með 31. ágúst árið 2000. Engin útflutningsskylda er á kjöti af fullorðnu fé sem slátrað er á þessu tímabili.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 og með heimild í 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Fellabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og að fengnum tillögum hreppsnefndar Fellahrepps, hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Fellabæ:

Biðskylda:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á þjóðvegi nr. 1, í Fellabæ, frá Lagarfljótsbrú norður að vegamótunum við götuna Smiðjusel.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar á þjóðvegi nr. 931, Upphéraðsvegi, frá vegamótum Upphéraðsvegur við þjóðveg nr. 1, í Fellabæ, og suður, að heimkeyrslu að bænum Skipalæk í Fellabæ.

Reglur þessar taka gildi þann 1. ágúst 2000.

Seyðisfirði, 11. júlí 2000.
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði,
Helgi Jenson fulltrúi.

14. júlí 2000

Nr. 522

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 136/1978 um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar breytast og orðast svo:

Umhverfisráðherra skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum hreppsnefndar Skútustaðahrepps, Landeigendafélags Laxár og Mývatns, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruverndar ríkisins og Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, og skal fulltrúi Náttúruverndar ríkisins vera formaður stjórnarinnar. Skipa skal jafnmarga menn til vara á sama hátt.

Stjórn stöðvarinnar skal skipuð að afloknum hverjum alþingiskosningum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. gr. laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júlí 2000.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Stefánsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sæðingargjöld fyrir kýr, íslenskt sæði:

- a. Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 2.400.
 - b. Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kú kr. 2.800.
 - c. Gjald af hverri sæddri kú þegar ekki er um innleggjanda að ræða kr. 4.000.
- Sæðingargjöld fyrir kýr, holdasæði:
- a. Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 2.800.
 - b. Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kú kr. 3.200.
 - c. Gjald af hverri sæddri kú þegar ekki er um innleggjanda að ræða kr. 4.400.

2. gr.

Gjald fyrir leigu á sónartæki:

- a. Leiga á sónartæki fyrir hryssu kr. 450.
 - b. Leiga á sónartæki fyrir óskýrslufærða kind kr. 2.000.
 - c. Leiga á sónartæki fyrir skýrslufærða kind kr. 1.500.
- Gjald fyrir ómskoðun á kindum umfram 10 verður kr. 50.

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á gjöld skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 2000

19. júlí 2000

1257

Nr. 524

AUGLÝSING

um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Með heimild í 15. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands um markaðssetningu íslensku krónunnar og erlends gjaldeyris staðfestist að gengisvog krónunnar verður frá og með 20. júlí 2000 í eftirtöldum hlutföllum:

Bandaríkin	USD	25,26
Bretland	GBP	14,36
Kanada	CAD	1,42
Danmörk	DKK	8,89
Noregur	NOK	7,61
Svíþjóð	SEK	4,07
Sviss	CHF	2,11
Evrusvæði	EUR	31,43
Japan	JPY	4,85
Alls		100,00

Auglýsing nr. 422/1999 um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum fellur jafnframt úr gildi.

Reykjavík, 19. júlí 2000.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Már Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 2000

Nr. 525

1258

6. júlí 2000

REGLUGERÐ um sveinspróf.

1. gr.

Menntamálaráðherra sér til þess að haldin séu sveinspróf fyrir iðnnema í löggiltum iðngreinum, hefur eftirlit með framkvæmd prófanna og veitir upplýsingar um þau.

2. gr.

Menntamálaráðherra setur reglur um uppbyggingu og tilhögun sveinsprófs í hverri löggiltri iðngrein um sig að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs.

3. gr.

Heimilt er að taka hvern þann til sveinsprófs sem lokið hefur burtfararprófi frá iðnmenntaskóla og tilskilinni starfsþjálfun í atvinnulífi samkvæmt námskrá viðkomandi iðngreinar.

Heimilt er að taka til verklegs sveinsprófs án réttar til inngöngu í meistarskóla iðnnema sem á við sértæka námsörðugleika að stríða þannig að hann telst ekki fær um að ljúka að fullu burtfararprófi úr skóla og menntamálaráðherra hefur heimilað próftöku.

4. gr.

Meistari staðfestir umsókn um sveinspróf fyrir nema í samningsbundnu iðnnámi en iðnmenntaskóli fyrir þá nema er stunda nám á verknámsbraut viðkomandi skóla. Umsóknin skal vera á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal fylgja:

1. Burtfararprófsskírteini skóla.
2. Afrit af námssamningi nema.

Sá sem hefur heimild menntamálaráðherra, sbr. 2. mgr. 3. gr., til að þreyta verklegt sveinspróf eingöngu skal þegar sótt er um prófið leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi.

Próftaki greiðir þann kostnað við próftöku sem greiðist ekki af opinberu fé, svo sem efnisgjald, nema hefð sé um annað eða um annað samið.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar sveinsprófsnefndir í löggiltum iðngreinum fyrir allt landið til þess að sjá um framkvæmd sveinsprófa, þar með talið mat á úrlausnum. Hann setur sveinsprófsnefndum starfsreglur að fengnum tillögum starfsgreinaráða. Í starfsreglum skal kveðið á um samningu og framkvæmd prófa, aðstöðu á prófstað, einkunnagjöf og birtingu niðurstaðna.

Þóknun sveinsprófsnefndarmanna greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

6. gr.

Í sveinsprófsnefnd skulu vera þrír menn og jafnmargir til vara og skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum viðkomandi starfsgreinaráðs og skulu að jafnaði vera bæði meistari og sveinn. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann hafa kennslureynslu í viðkomandi iðngrein ef þess er nokkur kostur. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann.

Trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á þeim sem sitja í sveinsprófsnefnd. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta í heild úrlausnir einstakra nemenda.

7. gr.

Sveinsprófsnefndarmaður viku sæti úr nefnd ef hann er eða hefur verið meistari iðnema eða kennari hans í verknámi, náskyldur honum eða tengdur.

Nefndarmönnum ber sjálfum skylda til þess að upplýsa um aðstæður er geta valdið vanhæfi þeirra sbr. 3. - 6. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

8. gr.

Pegar prófi er lokið skal sveinsprófsnefnd gefa menntamálaráðherra skýrslu um prófið.

Pegar próftaki hefur lokið sveinsprófi og niðurstöður þess liggja fyrir skal prófnefnd gefa honum kost á að sjá þær. Sé próftaki ósáttur við niðurstöður nefndarinnar getur hann óskað eftir skýringum á þeim. Telji hann enn ástæðu til að véfengja niðurstöður sveinsprófsnefndar getur hann vísað málinu til úrskurðar menntamálaráðherra innan þriggja mánaða frá þeim tíma er honum voru niðurstöður kunnar.

Menntamálaráðherra getur tilnefnt sérstaka trúnaðarmenn til þess að fjalla um ágreininginn. Úrskurður menntamálaráðherra er lokaúrskurður á stjórnsýslustigi.

9. gr.

Eigi síðar en 24 dögum eftir sveinspróf skal prófnefnd senda próftaka niðurstöður sveinsprófa í ábyrgðarpósti eða á annan tryggan hátt. Á prófskírteini kemur fram árangur nemanda í einstökum þáttum prófsins og (ein) aðaleinkunn.

Í síðasta lagi mánuði eftir að sveinspróf eru haldin sendir prófnefnd niðurstöður til menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Óheimilt er að veita öðrum en próftaka upplýsingar um einkunnir hans á sveinsprófi nema nauðsyn beri til vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu að fenginni heimild tölvunefndar.

Innan árs frá því að niðurstöður sveinsprófa eru birtar sbr. 9. gr. getur próftaki krafist þess að fá úrlausn sína afhenta. Öðrum skriflegum úrlausnum skal eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd.

Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófúrlausnum á sveinsprófi fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn.

11. gr.

Menntamálaráðherra heldur skrá um þá sem gengist hafa undir sveinspróf í löggiltum iðngreinum.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. getur menntamálaráðherra samið við tiltekna aðila um að annast framkvæmd sveinsprófanna. Í samningi skal m.a. koma fram að umsýsluaðili prófanna sjái um framkvæmd þeirra, auglýsi þau og skrái próftaka til prófs og útvegi sveinsprófsnefnd vinnuádstöðu. Leita skal samþykkis menntamálaráðherra fyrir samningnum.

13. gr.

Sveinspróf skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári í framhaldi af brautskráningu úr iðnmenntaskólum enda sé nægjanleg þátttaka próftaka fyrir hendi að mati menntamála-

ráðuneytisins. Sveinspróf skulu fara fram á viðurkenndum prófstað. Fari sveinspróf í iðngrein fram á fleiri en einum stað á landinu samtímis skal prófið vera samræmt eftir því sem við verður komið.

Umsóknir um sveinspróf skulu sendast menntamálaráðuneytinu sé annað ekki tiltekið í auglýsingu.

Umsóknarfrestur um sveinspróf skal vera einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

14. gr.

Menntamálaráðherra getur viðurkennt iðnmenntun sem aflað er erlendis gegn framvísun prófvottorðs án þess að viðkomandi gangi undir sveinspróf, enda séu kröfur til námsins sambærilegar við þær sem gerðar eru til viðkomandi starfsnáms hér á landi. Gengið skal úr skugga um slíkt með samanburði við íslenska námskrá í viðkomandi iðngrein.

Einnig er heimilt að leyfa einstaklingi með starfsmenntapróf erlendis frá að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi ef erfitt reynist að fá fram nægilega örugg gögn.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 278/1997 um sveinspróf.

Menntamálaráðuneytinu, 6. júlí 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins.

Aðflutningsgjöld.

1. gr.

Með aðflutningsgjöldum er í reglugerð þessari átt við alla skatta og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru.

Ferðabúnaður og annar farangur.

2. gr.

Ferðamönnum, sem búsettir eru hér á landi, er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi - auk áfengis og tóbaks sbr. 3. og 5. gr., fyrir allt að 36.000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 18.000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjum og flugliðum innlendra farartækja svo og íslenskum farmönnum og flugliðum erlendra farartækja sem leigð eru til nota hérlendis af íslenskum aðilum er heimilt að hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning er greinir í 1. mgr. fyrir allt að 13.000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð, en 26.000 kr. fyrir lengri ferð. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 13.000 kr.

Sé verðmæti hlutar sem framvísað er meira en um ræðir í 1. og 2. mgr. getur viðkomandi notið undanþágu frá aðflutningsgjöldum, enda greiði hann aðflutningsgjöld af því verðmæti sem er umfram fyrrgreindar fjárhæðir.

Ferðamönnum, sem búsettir eru erlendis, er heimilt að hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ.m.t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eiganda að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis.

Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) sem heimilt er að taka með inn í landið án greiðslu aðflutningsgjalda má ekki vera meira en 10.000 kr. og skulu þau ekki vera meira en 3 kg að þyngd.

Áfengi sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins.

3. gr.

Ferðamönnum, farmönnum og flugliðum er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda áfengi sem hér segir:

1. *Ferðamenn:*

- a. Einn lítri áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og einn lítri áfengis sem er minna en 22% að styrkleika, eða
- b. Einn lítri áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og sex lítrar öls, eða
- c. Einn lítri áfengis sem er minna en 22% að styrkleika og sex lítrar öls, eða
- d. Tveir lítrar áfengis sem er minna en 22% að styrkleika.

2. *Skipverjar á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila sem eru 15 daga eða lengur í ferð:*

- a. Einn og hálfur lítri áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og þrír lítrar áfengis sem er minna en 22% að styrkleika, eða
- b. Einn og hálfur lítri áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og 24 lítrar öls.

3. *Skipverjar á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila sem eru skemur en 15 daga í ferð:*

- a. 0,75 lítrar áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og einn og hálfur lítri áfengis sem er minna en 22% að styrkleika, eða
- b. 0,75 lítrar áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og 12 lítrar öls.

4. *Flugáhafnir (þ.m.t. aukaáhafnir), sem hafa 15 daga samfellda útivist eða lengri:*

- a. Einn lítri áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og 0,75 lítrar áfengis sem er minna en 22% að styrkleika, eða
- b. Einn lítri áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og sex lítrar öls, eða
- c. 0,75 lítrar áfengis sem er minna en 22% að styrkleika og sex lítrar öls.

5. *Flugáhafnir (þ.m.t. aukaáhafnir), sem hafa skemmri útivist en 15 daga:*

- a. 0,375 lítrar áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og 0,75 lítrar áfengis sem er minna en 22% að styrkleika, eða
- b. 0,375 lítrar áfengis sem er 22% eða meira að styrkleika og þrír lítrar öls, eða
- c. 0,75 lítrar áfengis sem er minna en 22% að styrkleika og þrír lítrar öls.

4. gr.

Hafi farmaður eða farþegi meðferðis meira magn af áfengum drykkjum en heimilaður er innflutningur á án greiðslu aðflutningsgjalda skv. 3. gr. skal honum heimilt að flytja inn umframagn gegn greiðslu áfengisgjalds og virðisaukaskatts, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu.

Tóbak sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins.

5. gr.

Ferðamönnum, farmönnum og flugliðum er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda tóbak sem hér segir:

1. *Ferðamenn*: 200 stk. af vindlingum eða 250 grömm af öðru tóbaki.
2. *Skipverjar á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila sem eru 15 daga eða lengur í ferð*: 400 stk. af vindlingum eða 500 grömm af öðru tóbaki.
3. *Skipverjar á íslenskum skipum og erlendum skipum í leigu íslenskra aðila sem eru skemur en 15 daga í ferð*: 200 stk. af vindlingum eða 250 grömm af öðru tóbaki.
4. *Flugáhafnir (þ.m.t. aukaáhafnir), sem hafa 15 daga samfellda útivist eða lengri*: 200 stk. af vindlingum eða 250 grömm af öðru tóbaki.
5. *Flugáhafnir (þ.m.t. aukaáhafnir), sem hafa skemmri útivist en 15 daga*: 100 stk. af vindlingum eða 125 grömm af öðru tóbaki.

Við útreikning á gjaldfrjálsum magni skv. 1. mgr. telst hver vindill veга 5 grömm, hver smávindill 2,5 grömm og hver vindlingur 1,25 grömm. Smávindlar sem eru 1,5 grömm og léttari reiknast sem vindlingar.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga skal tollstjóri að beiðni eiganda skips veita skipverjum undan innsigli án greiðslu tóbaksgjalds 200 stk. af vindlingum eða 250 grömm af öðru tóbaki til hverra sjö daga án greiðslu tóbaksgjalds. Ekki skal veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eigandi skips skal greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Skipstjóra, yfirstýrimanni, yfirvélstjóra, bryta og matsveinum á farþega- og vöruflutningaskipum er heimilt að taka aukalega til risnu um borð jafnstóran skammt og þeir hafa samkvæmt framansögðu.

6. gr.

Hafi farmaður eða farþegi meðferðis meira magn af tóbaki en heimilaður er innflutningur á án greiðslu aðflutningsgjalda skv. 5. gr., skal honum heimilt að flytja umframagn inn gegn greiðslu tóbaksgjalds skv. 2. mgr. auk virðisaukaskatts, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu og ekki verði talið að um innflutning í atvinnuskyni sé að ræða.

Tóbaksgjald af tóbaki sem flutt er inn skv. 1. mgr. er sem hér segir:

- | | |
|------------------------------|------------------------------|
| 1. Reyktóbak | 2.500 kr/tylft bréfa eða lb. |
| 2. Vindlingar | 1.500 kr/200 stk. |
| 3. Smávindlar | 110 kr/10 stk. |
| 4. Vindlar, meðalstærð | 560 kr/25 stk. |
| 5. Vindlar, aðrir | 1.000 kr/25 stk. |

Lágmarksaldur til innflutnings á áfengi og tóbaki.

7. gr.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis er 20 ár. Lágmarksaldur til innflutnings á tóbaki er 18 ár. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

Skilyrði gjaldfríðinda.

8. gr.

Ferðamenn og farmenn skulu ekki njóta undanþágu frá aðflutningsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari oftar en einu sinni á hverjum 72 klukkustundum.

Undanþága frá aðflutningsgjöldum gildir um varning sem viðkomandi farmaður eða

ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og fluttur er inn til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til gjafa. Ennfremur er heimilt að leyfa innflutning án greiðslu aðflutningsgjalda á farangri sem orðið hefur viðskila við eiganda, enda sýni hann fram á með vottorði tollgæslunnar að hann hafi ekki nýtt sér rétt til niðurfellingar þegar hann kom til landsins.

Innflutningsbann og innflutningstakmarkanir.

9. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita hvorki undanþágu frá innflutningsbanni né innflutningstakmörkunum á ýmsum vörutegundum samkvæmt lögum, reglugerðum, eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Meðal vara sem innflutningur er bannaður á eru eftirtaldar vörutegundir:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem Asetorfín, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kókaín, Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis, Ketóbemídon, Lýsergíð (LSD, LSD-25), Meskalín (peyote), Parahexýl, Psílosíne, Psílósín, Psílocybin, STP, DOM, Tetrahýdrócannabínólar, allir ísómerar.
2. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t.d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainnyfli, fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
3. Ósoðin mjólk, ósoðin egg, eggjaduft og sykraðar eggjarauður.

Meðal vara sem háðar eru innflutningsleyfum eru eftirtaldar vörutegundir:

1. Lyf. Þó er farmanni eða ferðamanni heimilt að taka með í farangri sínum lyf til eigin nota í magni sem miðast við mest 100 daga notkun, enda sé ljóst á leiðbeiningum á umbúðum lyfs eða öðrum fullnægjandi gögnum, sem ferðamaður skal framvísa, hvert það magn sé. Ekki er þó heimilt að flytja inn karlkynshormónalyf af flokki anabólískra stera og hliðstæðra efna samkvæmt c-lið í skrá Alþjóðaólympíunefndarinnar, eða peptíð hormón og hliðstæð efni samkvæmt f-lið í skrá Alþjóðaólympíunefndarinnar yfir lyf sem bönnuð eru í íþróttum, umfram það magn sem farmaður eða ferðamaður þarf að nota til mest 30 daga. Tollverðir geta krafist þess að viðkomandi farmaður eða ferðamaður færi fullnægjandi sönnur á að honum sé nauðsyn á töku ofangreindra lyfja í því magni sem tilgreint er, t.d. með vottorði læknis.
2. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
3. Símar, talstöðvar, radíósendar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
4. Lífandi dýr.

Gjaldfríðindi geta náð til vara, sem háðar eru innflutningsleyfum, enda sé þess gætt að tilskilin leyfi séu fyrir hendi.

Framvísunarskylda o.fl.

10. gr.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annaðhvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Fyrirnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu áthyndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLL-

SKYLDUR VARNINGUR“. Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR“. Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA“. Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollstjóra þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða innflutningsbanni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs auk þess sem viðkomandi kann að þurfa að sæta refsingu.

Kæra á úrskurði tollstjóra um gjaldfrelsi.

11. gr.

Telji ferðamaður eða farmaður ákvörðun tollstjóra, er varðar gjaldfrelsi vara samkvæmt reglugerð þessari, eigi rétta, getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra með því að senda honum skriflega kæru, studda nauðsynlegum rökum og gögnum, innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi. Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð eigi síðar en innan 30 daga frá því er gagnaöflun er lokið. Innflytjanda skal sendur úrskurður í ábyrgðarbréfi og honum bent á heimild til að kæra úrskurð til ríkistollstjóra, sbr. 2. mgr.

Úrskurði tollstjóra um gjaldfrelsi vara, sbr. 1. mgr., verður skotið til ríkistollstjóra innan 60 daga frá dagsetningu eða póstlagningu úrskurðar. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkistollstjóri skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður ríkistollstjóra er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

Lagastöð, gildistaka.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 5. gr., svo og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, 2. mgr. 12. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, 36. gr., sbr. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum, svo og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. ágúst 2000. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 251/1992, með síðari breytingum, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald, tóbaksgjald o.fl., með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 10. júlí 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 505/1998, um áfengisgjald.

1. gr.

Í stað 2.–4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Hvert uppgjörstímabil vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi við innflutning er frá 1.–15. hvers mánaðar og frá 16. til loka hvers mánaðar. Gjaldldagi er annar virkur dagur eftir lok hvers uppgjörstímabils. Innflytjandi skal eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils ótilkvaddur greiða tollstjóra áfengisgjald vegna tollafgreiðslna á því tímabili. Um greiðslufrest á áfengisgjaldi gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.

2. gr.

3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. gr. reglugerðarinnar:

1. 3. tölul. orðast svo: Innflutningur og sala áfengis í tollfrjálsar verslanir og tollfrjálsar forðageymslur.
2. 5. tölul. orðast svo: Innflutningur ferðamanna og farmanna á áfengi við komu frá útlöndum, í samræmi við ákvæði reglugerðar um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins.

4. gr.

10. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn orðast svo:

Niðurfelling eða endurgreiðsla áfengisgjalds af innfluttu áfengi vegna síðari sölu eða förgunar.

10. gr.

Tollstjóri skal fella niður eða endurgreiða áfengisgjald sem hefur þegar verið reiknað eða greitt af innfluttu áfengi sem síðar er afhent eða selt úr landi, til varnarliðsins á Keflavíkurlflugvelli, í tollfrjálsar verslanir, í tollfrjálsar forðageymslur, í almennar tollvörugemymslur, á frísvæði eða til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Umsókn skulu fylgja afrit sölureikninga og önnur þau gögn sem tollstjóri telur nauðsynleg. Að öðru leyti skal fara um endurgreiðsluna eftir ákvæðum reglugerðar nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl., með síðari breytingum.

Tollstjóri skal fella niður eða endurgreiða áfengisgjald sem hefur þegar verið reiknað eða greitt af innfluttu áfengi sem síðar er fargað undir eftirliti tollýfirvalda.

5. gr.

11. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn orðast svo:

Frádráttur áfengisgjalds af áfengi framleiddu hér á landi vegna síðari skila til framleiðanda til endursölu eða förgunar.

11. gr.

Við uppgjör innlendra framleiðenda skal þeim heimilt að draga frá þegar greitt áfengisgjald frá fyrri uppgjörstímabilum af áfengi sem framleiðandi hefur móttekið að nýju frá kaupanda til endursölu eða förgunar undir eftirliti ríkisskattstjóra.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 10. júlí 2000.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Kjalarnesi og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Kjalarnes, Klébergsskóli, skipulag lóðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2000 samþykkt skipulag lóðar Klébergsskóla á Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Barðastaðir 67, breyttur byggingarreitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 20. júní 2000 samþykkt breytingu á Staðahverfi frá 25. júní 1996. Byggingarreitur lóðarinnar Barðastaðir 67 breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Lyngháls 1, breytt skipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 27. júní 2000 samþykkt breytingu á skipulagi iðnaðarsvæðis sunnan Vesturlandsvegur og austan Höfðabakka frá 9. júlí 1974. Á lóðinni Lyngháls 1 verða reistar bráðabirgðaviðbyggingar við núverandi hús og dreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur í norðaustur horni lóðar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Bíldshöfði 20, breytt skipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur borgarráð Reykjavíkur þann 18. apríl 2000 samþykkt breytingu á skipulagi iðnaðarsvæðis við Ártúnshöfða frá 10. mars 1999. Reist verði bílgeymsla á austurhluta lóðarinnar nr. 20 við Bíldshöfða, anddyri byggt og lyftuturni breytt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. júlí 2000.

Porvaldur S. Porvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár tónlistarskóla.

1. gr.

Með vísan til 1. og 12. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með áorðnum breytingum, hefur menntamálaráðherra staðfest nýja aðalnámskrá tónlistarskóla sem tekur gildi frá og með 1. júní 2000. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í tónlistarskólum frá og með skólaárinu 2000-2001 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt falla úr gildi eldri námskrár í tónlistargreinum.

2. gr.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í tíu heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og níu sérstaka greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er meðal annars gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám, og skólanámskrám, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðanámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólastarfi. Í bókarlok er umfjöllun um námsumhverfi og mat á skólastarfi. Almennur hluti aðalnámskrár tónlistarskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í greinahlutum aðalnámskrár tónlistarskóla, sem gefnir eru út í níu heftum, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir prófum og gefnar ábendingar um viðfangsefni. Heftin bera þessi heiti:

Einsöngur	Ásláttarhljóðfæri
Gítar og harpa	Strokhljóðfæri
Hljómborðshljóðfæri	Tónfræðagreinar
Málmblásturshljóðfæri	Tréblásturshljóðfæri
Rytmísk tónlist	

Heftin eru gefin út af menntamálaráðuneytinu á árinu 2000 og dreift jafnóðum til tónlistarskóla.

Menntamálaráðuneytinu, 31. maí 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal

AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA — ALMENNUR HLUTI

FORSENDUR AÐALNÁMSKRÁR

Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í samræmi við ákvæði 3. töluliðar 1. greinar laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum. Þar er meðal annars kveðið á um að tónlistarskólar skuli kenna eftir námskrá sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Aðalnámskráin skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum.

Hlutverk aðalnámskrár

Aðalnámskrá lýsir meginmarkmiðum náms í tónlistarskólum allt að háskólastigi. Hlutverk aðalnámskrár er einkum að samræma helstu þætti tónlistarnáms, bæði milli skóla og innan einstakra skóla.

Lögð er áhersla á sjálfstæði skóla. Í því skyni eru í aðalnámskrá tilmæli um að starfssvið tónlistarskóla skuli skilgreint í skólanámskrá þar sem fram komi markmið náms og fyrirkomulag skólastarfs í viðkomandi skóla. Við gerð skólanámskrár skal taka mið af stefnu-mörkun aðalnámskrár tónlistarskóla ásamt því að setja fram sérhæfð og staðbundin markmið einstakra skóla.

Hlutverk aðalnámskrár tónlistarskóla er jafnframt að stuðla að viðsýni og sveigjanleika í kennsluháttum, svo og að hvetja til faglegrar og gagnrýnninnar umræðu meðal tónlistarkennara um markmið og leiðir í kennslu. Námskránni er ætlað að hafa áhrif á námsframboð, kennslufyrirkomulag og námsmat í tónlistarskólum.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er enn fremur til upplýsingar, m.a. fyrir foreldra/forráðamenn, sveitarstjórnir og aðrar skólastofnanir. Auk þess er fyrirsjáanlegt að aðalnámskrá muni leiða til breytinga á starfsmenntun tónlistarkennara.

Efni almenns hluta aðalnámskrár

Í stórum dráttum má skipta efni almenna hlutans í þrennt. Í upphafi er gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipulagi tónlistarnáms, greinanámskrám, skólanámskrám og þáttum í hljóðfæra-¹⁾ og tónfræðanámi.²⁾ Því næst er fjallað um námsmat, áfangapróf sem tekin eru við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms³⁾ og stigspróf sem taka má við lok I., II., IV. og VI. stigs. Loks er umfjöllun um réttindi og skyldur, meðferð mála og upplýsinga, tengsl heimila og skóla, samvinnu í skólastarfi, námsumhverfi og mat á skólastarfi. Aftan við texta aðalnámskrár eru viðaukar til leiðbeiningar um ýmsa þætti tónlistarnáms og aðstöðu í tónlistarskólum.

HLUTVERK OG MEGINMARKMIÐ TÓNLISTARSKÓLA

Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öflugu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistanámi. Kennsluáferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg.

Hlutverk tónlistarskóla

Hlutverk tónlistarskóla er að **stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar**, m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina **búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur**, m.a. með því að veita undirstöðuþekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði eina og með öðrum

¹⁾ Í aðalnámskrá er orðið hljóðfæranám notað bæði um nám í hljóðfæraleik og söng. Þar sem talað er um að nemendur leiki (á hljóðfæri) er einnig átt við söng einsöngnemenda.

²⁾ Fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðagreinar eru notuð sem samheiti yfir ýmsar greinar, svo sem tónfræði, hljómfræði, tónheym, tónlistarsögu, formfræði og kontrapunkt.

³⁾ Þrír megináfangar náms í tónlistarskólum, sjá nánar bls. 17-18.

búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi, m.a. með því að veita þeim góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik og söng, markvissa þjálfun í tónfræðagreinum og tækifæri til að koma fram

stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn.

Meginmarkmið tónlistarskóla

Meginmarkmið skiptast í þrjá flokka: uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið.

Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.

Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.

Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi.

Uppeldisleg markmið

Áhugi og iðkun

Nemendur öðlist lifandi áhuga á tónlist og tónlistariðkun með því að

- syngja og leika á hljóðfæri
- hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður
- skapa eigin tónlist
- taka þátt í samleik og samsöng
- koma fram á tónleikum

Að njóta og upplifa

Nemendur læri að njóta tónlistar og upplifa hana sem

- hlustendur
- þátttakendur

Efling sjálfsmyndar

Námið efli sjálfsmynd nemenda, m.a. með því að þeir

- læri að sýna getu sína í verki
- læri að meta frammistöðu sína og framfarir
- taki þátt í skapandi starfi, jafnt í hópstarfi sem einstaklingsvinnu

Einbeiting, vandvirkni, ögun

Námið efli einbeitingarhæfni nemenda og stuðli að

- vandvirkni
- öguðum vinnubrögðum

Samvinna

Námið miði að því að efla hæfni nemenda til

- samvinnu í starfi undir stjórn kennara
- samvinnu í hópstarfi
- að leiða hópstarf

Leikni- og skilningsmarkmið*Sjálfstæð vinnubrögð*

Nemendur

- læri og æfist í að leika tónlist eftir nótum, jafnt undirbúið sem óundirbúið
- æfist í að leika og syngja eftir heyrn og minni

Hlustun og skilningur

Nemendur

- læri að heyra og skilja frum- og túlkunarþætti tónlistar⁴⁾
- öðlist þekkingu, geti greint og gert grein fyrir ólíkum tónlistarstefnum, stíltegundum og tímabilum

Sköpun eigin tónlistar

Nemendur

- læri og þjálfist í að setja fram eigin tónhugmyndir, bæði skriflega og leiknar af fingrum fram
- læri og þjálfist í að setja saman hefðbundnar eða óhefðbundnar tónsmíðar
- læri og þjálfist í að spinna út frá gefnu upphafi, hljómfærli eða eftir öðrum aðferðum

Túlkun tónlistar og flutningur

Nemendur

- þjálfist í að túlka tónlist með tilliti til aldurs og stíls tónverka
- læri að flytja og túlka tónlist með tilliti til greiningar á viðkomandi verkum
- þjálfist í að flytja tónverk með tilliti til tilfinningalegs innihalds þeirra

Einkenni og áhrif tónlistar

Nemendur

- læri að beita fagorðum yfir formhugtök, frum- og túlkunarþætti og stílbrigði tónlistar
- þjálfist í að tjá sig um tilfinningaáhrif tónlistar
- læri að tjá sig um hlutverk tónlistar og áhrifamátt hennar

Mat á flutningi og túlkun

Nemendur

- þjálfist í að skynja mismunandi gæði og einkenni flutnings og túlkunar, geti tjáð sig um hvort tveggja og metið af þekkingu og tilfinningu fyrir stíl
- læri að rökstyðja mat sitt með tilvísunum í frum- og túlkunarþætti tónlistar
- öðlist þekkingu og þjálfun í að meta ólíkar stíltegundir tónlistar án fordóma

⁴⁾ Frum- og túlkunarþættir tónlistar eru hrynur, laglína, tónblær, styrkur, hraði, form, hljómrænt inntak og hendingamótun.

Samfélagsleg markmið

Mennta- og menningarhlutverk tónlistarskóla er að

Valkostur allra

- veita öllum, sem þess æskja, færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun

Tónlistarflutningur

- skapa nemendum tækifæri til tónlistarflutnings, jafnt innan skóla sem utan

Áhugi

- stuðla að aukinni þátttöku áhugafólks í tónlistarlífi

Fagmenntun

- stuðla að góðri fagmenntun tónlistarmanna og tónlistarkennara

Tónlistarstörf

- stuðla að góðum undirbúningi undir margvísleg tónlistarstörf

Tónlistarlíf

- efla tónlistarlíf í samfélaginu

Íslensk tónmenning

- efla íslenska tónmenningu og beita sér fyrir varðveislu tónlistararfs þjóðarinnar

SKIPAN TÓNLISTARNÁMS

Nám í tónlistarskólum skiptist í þrjá megináfanga: grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Til grunnnáms telst einnig fornám, þ.e. samþætt byrjendanám, sniðið að aldri og þroska ungra barna. Þessi áfangaskipting er óháð uppbyggingu almenna skólakerfisins. Engu að síður má finna þar nokkra samsvörun. Þannig samsvarar grunnnám u.þ.b. neðri bekkjum grunnskóla, miðnám efri bekkjum og framhaldsnám svarar til náms á framhaldsskólastigi, þ.e. að háskólastigi. Slík viðmiðun er þó engan veginn einhlít þar sem nemendur hefja tónlistarnám á ýmsum aldri og námshraði getur verið mismunandi. Lok náms í tónlistarskólum er því ekki unnt að binda við tiltekinn aldur. Lengd námsáfanga miðast m.a. við kennslustundafjölda samkvæmt 1. grein laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum, sbr. einnig ábendingar í viðauka á bls. 63-65 í sérprentun aðalnámskrár.

Áfangar og próf

Hverjum megináfanga lýkur með áfangaprófum, þ.e. grunnprófi, miðprófi og framhaldsprófi, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Jafnframt er heimilt að skipta námsferlinu í smærri áfanga eða stig.

Háskólanám
Framhaldspróf
Framhaldsnám (VI.-VII. stig)
Miðpróf
Miðnám (IV.-V. stig)
Grunnpróf
Grunnnám (I.-III. stig)

Áfangaprófum er ætlað að tryggja ákveðnar lágmarkskröfur í námi, festu og aðhald. Ljúka þarf báðum hlutum hvers áfangaprófs áður en heimilt er að þreyta það næsta. Til að ljúka framhaldsprófi þarf nemandi auk þess að halda sjálfstæða tónleika.

Námstími innan hvers áfanga getur verið breytilegur og ræðst hann meðal annars af aldri, þroska, ástundun og framförum. Miðað er við að flestir nemendur, sem hefja hljóðfæranám 8-9 ára, ljúki grunnnámi á þremur árum. Gera má ráð fyrir að eldri nemendur geti farið hraðar yfir. Í mið- og framhaldsnámi eykst umfang námsins og sá tími, sem tekur að ljúka áföngunum, lengist að jafnaði. Lok framhaldsnáms miðast við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi.

Tónlistarskólum er heimilt að skipta áföngunum niður í stig þannig að grunnnám nái yfir fornám og I.-III. stig, miðnám IV.-V. stig og framhaldsnám VI.-VII. stig. Skólum er í sjálfsvald sett hvort nemendur þeirra taka stigspróf á milli áfangaprófa en áfangapróf skulu hins vegar koma í stað stigsprófa við lok viðkomandi áfanga, sjá nánar á bls. 45 í sérprentun aðalnámskrár.

Samsetning, framkvæmd og prófdæming stigsprófa er alfarið ákvörðun og á ábyrgð þeirra skóla sem kjósa að halda þau enda er ekki fjallað um stig og stigspróf í greinanámskrám. Séu tekin stigspróf má gera ráð fyrir að nemendur í grunnnámi ljúki um það bil einu stigi á ári en þegar ofar dragi lengist námstíminn á milli stiga.

GREINANÁMSKRÁR

Greinanámskrár tónlistarskóla eru vegvísir fyrir nemendur og kennara. Námskránum er ætlað að tryggja fjölbreytni en jafnframt að stuðla að samræmingu þeirra námsþátta sem aðalnámskrá tekur til, bæði innan einstakra skóla og á milli skóla.

Uppbygging greinanámskráa

Greinanámskrár miðast við þá skipan tónlistarnáms sem gerð var grein fyrir á bls. 17-18 í sérprentun aðalnámskrár. Greinanámskrár í hljóðfæraleik eru gefnar út í sjö heftum eftir hljóðfærafjölskyldum auk námskrár fyrir tónfræðagreinir og námskrár í rytmískri tónlist.

Hljóðfæraleikur

Í námskrám fyrir einstök hljóðfæri er gerð grein fyrir helstu markmiðum og námskröfum í hverjum námsáfanga. Í námskránum eru einnig listar með viðfangsefnum í grunnnámi, miðnámi og framhaldsnámi. Þessum listum er hvorki ætlað að vera tæmandi né bindandi, heldur eiga þeir að vera til viðmiðunar fyrir nemendur og kennara. Notkun

námsefnislista stuðlar að samræmingu náms en þeir geta einnig nýst vel við að auka fjölbreytni í skólastarfi. Þá getur samanburður við slíka lista auðveldað flokkun annars náms-efnis.

Í greinanámskrám eru birt dæmi um prófverkefni á áfangaprófum. Dæmin eru valin úr þekktum tónbókmenntum hljóðfæranna og er þeim ætlað að skilgreina þyngdarstig viðkomandi prófa.

Í hverri greinanámskrá eru birtir listar með samleiksefni. Auk þess er í lok hverrar námskrár skrá yfir gagnlegar bækur varðandi hljóðfærið.

Tónfræðagreinar

Í námskrá í tónfræðagreinum eru skilgreind markmið, inntak náms og námskröfur í grunnnámi, miðnámi og framhaldsnámi. Gerð er grein fyrir samþættingu tónfræðagreina, tengslum þeirra við hljóðfæranám og aðgreiningu í einstakar greinar þegar líður á námsferilinn. Einnig eru í námskránni ákvæði um skipulag og uppbyggingu námsins, auk umfjöllunar um námsmat og próf.

Rytmísk tónlist

Rytmísk tónlist er samheiti yfir djass, rokk og aðrar stíltegundir af afrísk-amerískum uppruna. Nám í rytmískri tónlist hefur nokkra sérstöðu innan tónlistarskóla, einkum vegna þess að um sérhæft nám er að ræða í hljóðfæraleik, tónfræðagreinum og samleik. Uppbygging námsins er þó svipuð öðru hljóðfæranámi og námskröfur sambærilegar en viðfangsefni eru að verulegu leyti frábrugðin þeim sem fengist er við í öðru tónlistarnámi.

Í greinanámskrá í rytmískri tónlist er m. a. umfjöllun um undirstöðuþekkingu og færni nemenda, markmið og námsmat. Í námskránni er einnig fjallað um þá þætti hljóðfæranáms sem sameiginlegir eru fyrir öll hljóðfæri innan námsbrautar í rytmískri tónlist, svo sem tónstiga og verk, en að öðru leyti skulu greinanámskrár í hljóðfæraleik fyrir viðkomandi hljóðfæri hafðar til hliðsjónar við kennslu.

Í námskrá í rytmískri tónlist er enn fremur sérstök umfjöllun um tónfræðagreinar og samspil í rytmísku námi auk sérstakra kafla um nám á rafgítar, bassa, hljómborð og í söng. Í þessum köflum er m.a. að finna útfærslur á sameiginlegum námskröfum, einkum varðandi tónstiga og hljóma. Fjallað er um nám á trommusett í slagverksnámskrá.

SKÓLANÁMSKRÁR

Mikilvægt er að allir tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt og markmið í skólanámskrám og kynni þær fyrir nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra.

Grundvöllur og hlutverk skólanámskráa

Hlutverk skólanámskrár er að stuðla að árangursríku skólastarfi með því að veita upp lýsingar og yfirsýn, auðvelda endurmat áætlaða og tryggja sem farsælast tónlistaruppeldi.

Við gerð skólanámskráa er tónlistarskólum ætlað að taka mið af stefnumörkun og markmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla, ásamt því að sinna staðbundnum og sérhæfðum markmiðum. Skólanámskrár verða því að taka mið af aðstæðum á hverjum stað og hafa skólastjórnendur og kennarar þannig nokkurt svigrúm í skólastarfinu.

Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla eru skilgreind á bls. 13-16 í sérprentun aðalnámskrár. Leiðir að markmiðunum geta verið margar og kennsluaðferðir fjölbreytilegar. Það er því hlutverk skólastjórnenda og kennara, gjarnan í samráði við foreldra/forráðamenn og nemendur, að ákvarða hverjum þessara markmiða unnt sé að ná og hvaða leiðir verði valdar.

Í greinanámskrám eru skilgreind markmið og lýst lágmarkskröfum sem gerðar eru til nemenda við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms. Í skólanámskrá skal koma fram

hvernig skólinn hyggst skipuleggja nám og kennslu til að tryggja að nemendur standist þessar kröfur.

Uppbygging skólanámskráa

Skólanámskrá er í senn starfsáætlun viðkomandi skóla, upplýsingarit og lýsing á því sem gera á í skólanum. Skólanámskrá byggist á aðalnámskrá tónlistarskóla og skal jafnframt vera útfærsla á henni miðað við aðstæður og sérkenni hvers skóla.

Helstu efnisflokkar skólanámskrár skulu vera þessir:

Yfirlit yfir námsframboð skólans, þar með talið nám sem einstakir tónlistarskólar kunna að bjóða fram umfram það sem krafist er samkvæmt aðalnámskrá.

Markmið og inntak, annars vegar nánari útfærsla á markmiðum aðalnámskrár og aðlögun að aðstæðum, hins vegar staðbundin markmið og útfærsla á þeim.

Skipulag og kennsluhættir, svo sem upplýsingar um starfsáætlanir, kennara og kennslugreinar, stjórn skólans, starfstíma, tónleikahald og próf.

Námsmat, útskýringar á hvers konar námsmat er notað, hvers konar vitnisburður er gefinn og á hvaða grunni hann byggist.

Aðrar upplýsingar, svo sem um aðbúnað og aðstöðu í skólanum, skrifstofutíma, samskipti við heimili, samvinnu í skólastarfi, sérstök viðfangsefni og skólareglur.

Skólanámskrár þarf að endurskoða reglulega. Fari slík endurskoðun ekki fram árlega má benda á að nota smárit til að koma á framfæri breytilegum árvissum upplýsingum, t.d. um starfstíma skólans, tónleika og próf.

KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að öðlast þekkingu og skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf og ná leikni á tilteknum sviðum. Kennsla miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt.

Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Við val á kennsluáðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum og nemendum, eykur líkur á árangri.

Kennsluáðferðir og vinnubrögð í skólum verða að þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Markmið tónlistarskóla eru margvísleg, allt frá markmiðum, sem varða afmarkaða þætti kunnáttu, leikni og viðhorfa, til langtímamarkmiða. Val á kennsluáðferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við að nemendur fái sem best tækifæri til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með þeim námfýsi og vinnugleði. Kennsluáðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

Fagleg þekking tónlistarkennara, bæði í hljóðfæra- og tónfræðagreinum, er afar þýðingarmikil sem og hæfni þeirra til að velja kennsluáðferðir og áhugaverð viðfangsefni til notkunar í skólanum og til heimanáms. Þetta getur ráðið miklu um hvernig til tekst við að vekja og viðhalda áhuga nemenda á tónlistarnámi. Einnig getur samskiptahæfni og viðmót kennarans haft úrslitaáhrif á áhuga og framfarir nemandans. Tónlistarnám er valfrjálst nám

og hvatning er nemendum mikilvæg, bæði frá kennurum og foreldrum/forráðamönnum. Síðast en ekki síst geta þessir aðilar haft mótandi áhrif á viðhorf nemenda til námsins, skólans og tónlistar almennt.

ÞÆTTIR Í HLJÓÐFÆRA- OG TÓNFRÆÐANÁMI

Meginviðfangsefni tónlistarskóla er nám og kennsla í hljóðfæraleik, einsöng og tónfræðum. Í aðalnámskrá tónlistarskóla er kveðið á um að við lok tiltekinna námsáfanga þurfi nemendur að uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni í þessum greinum. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytni í starfi tónlistarskóla og að tekið sé tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska.

Hljóðfæranám

Í hljóðfærekennslu skal lögð áhersla á fjölbreytni þar sem tekið er tillit til væntinga og þarfa nemenda. Nauðsynlegt er að nemendur fái tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt. Þátttaka í samleik og samsöng er mjög lærdómsrík og gæta þarf þess að sem flestum nemendum gefist kostur á slíku starfi. Einnig er reglulegur flutningur tónlistar á tónleikum mikilvæg reynsla fyrir nemendur.

Þættir í hljóðfæranámi eru margbreytilegir og verkefnaval mismunandi eftir hljóðfærum. Þá eru tónbókmenntir einstakra hljóðfæra og kennsluefni breytilegt að eðli og umfangi. Eigi að síður má skipta öllu hljóðfæranámi í samsvarandi þætti og verður hér á eftir farið nokkrum orðum um þá helstu.

Tónverk

Kennarar velja verkefni í hljóðfæranámi í samráði við nemendur. Þess skal gæta að viðfangsefni séu fjölbreytt og nemendur kynnist ýmsum stíltegundum tónlistar. Auk margs konar verkefna sem nemendur æfa til fulls er æskilegt að þeir kynnist fleiri tónverkum innan hvers áfanga. Mikilvægt er að yfirferð verkefna í hverjum námsáfanga sé viðunandi áður en hugað er að áfangaprófi.

Æfingar

Góðar æfingar (etýður) stuðla að markvissri uppbyggingu hljóðfæratækni en taka auk þess á túlkunaratriðum, svo sem hendingamótun, styrk og blæbrigðum. Velja skal hæfilega krefjandi æfingar miðað við getu nemandans.

Tónstigar og hljómar

Fjölmörg atriði þjálfast með markvissri æfingu tónstiga, t.d. tækni, tónmyndun, inntónun og tónsvið.

Í greinanámskrám í hljóðfæraleik eru tilgreindir þeir tónstigar og hljómar sem nemendur skulu tileinka sér í hverjum áfanga námsins á viðkomandi hljóðfæri. Einnig eru þar ákvæði um hraða og leikmáta tónstiga og hljóma.

Utanbókarnám

Með því að læra tónlist utanbókar kynnast nemendur viðfangsefnum sínum á nýjan hátt. Nemendur skulu þjálfast jafnt og þétt í að leika verkefni utanbókar og njóta til þess leiðsagnar kennara. Mælt er með því að nemendur læri tónstiga utanbókar frá upphafi náms.

Óundirbúinn nótnalestur

Markviss þjálfun í nótnalestri er mikilvægt grundvallaratriði í tónlistarnámi, m.a. til að nemendur geti greiðlega tileinkað sér tónlist og tekið þátt í samspili. Mikilvægt er að

nemendur læri að góður nótnalestur felur einnig í sér skilning og túlkun ýmissa leiðbeinandi orða og tákna.

Æfa skal óundirbúinn nótnalestur reglubundið í kennslustundum og heimanámi. Til þess skal velja efni eftir getu hvers og eins. Miða má við verkefni sambærileg þeim sem nemendur hafa fengist við í hljóðfæranámi einu til þremur árum áður. Á sama hátt skal þjálfá nemendur í tónflutningi ef kröfur þar að lútandi eru gerðar í viðkomandi greinánámskrá.

Skapandi starf

Allir nemendur í hljóðfæranámi skulu fá tækifæri og örvun til ýmiss konar tónsköpunar sér til ánægju og aukins þroska. Sérstök áhersla er lögð á að allir nemendur í grunnnámi taki virkan þátt í skapandi starfi.

Í mið- og framhaldsnámi velja nemendur hvort og hve mikið þeir sinna þessum þætti. Til að þetta sé hægt þarf að bjóða áhugasömum nemendum sérstakar kennslustundir og samleik þar sem á ýmsan hátt er unnið með tónsköpun og spuna, einkum þegar áleiðis miðar í tónlistarnáminu. Samþætt nám, þ.e. að flétta saman fræðilega kennslu og samleik, getur einnig verið æskilegur kostur í skapandi starfi.

Skapandi starf í hljóðfæranámi getur m.a. falist í eigin tónsmíðum og flutningi þeirra, spuna út frá gefnu upphafi, svo sem laglínuhendingu, eða snarstefjun við gefið hljómferli eða lag. Starf af þessu tagi þroskar hug og hönd, eykur skilning á innri gerð tónlistar og býður auk þess upp á fjölbreytilega notkun efnis sem nemendur hafa þegar lært, svo sem tónstiga og hljóma.

Tölvur og fleiri tækninýjungar síðustu áratuga gegna vaxandi hlutverki í tónsköpun samtímans. Rétt er að nemendur tónlistarskóla eigi þess kost að kynnast tölvutækni í þessum tilgangi og nýta sér hana, meðal annars við eigin tónsköpun. Nánar er fjallað um skapandi starf í viðauka á bls. 67-68 í sérprentun aðalnámskrár.

Leikur eftir eyra

Fátt þroskar tóneyra meira en að leika eftir eyra. Mikilvægt er að nemendur fái örvun og leiðbeiningu í að leika lög á þennan hátt, t.d. þekkt lög eftir minni eða lög lærð af hljóðritunum. Þessi þáttur námsins miðar meðal annars að því að nemendur verði hæfari til sjálfstæðrar tónlistariðkunar og að þeir geti leikið undirbúningslítið við ýmsar aðstæður.

Heildarsvipur

Hluti tónlistarnáms felst í því að læra að flytja tónlist á öruggan og sannfærandi máta, undirbúa og setja saman efnisskrá. Jafnframt er nauðsynlegt að leiðbeina nemendum um örugga og viðeigandi framkomu, ekki síst á tónleikum og prófum. Þjálfá þarf nemendur reglulega í öllum þessum atriðum. Markviss kennsla á þessu sviði nýtist öllum nemendum síðar, hvort sem þeir verða tónlistarmenn eða hasla sér völl á öðrum sviðum.

Tónfræðanám

Í aðalnámskrá eru fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðagreinar notuð sem samheiti fyrir ýmsar greinar, svo sem tónfræði, hljómfræði, tónheyrn, tónlistarsögu, formfræði og kontrapunkt. Tölvunám tengt tónlist telst einnig til tónfræðanáms, hvort heldur tölvan er notuð til tónsköpunar, nótnaritunar, sem tóngjafi eða upptökutæki. Um tölvur í tónfræðanámi er nánar fjallað í tónfræðanámskrá.

Í samþættu tónfræðanámi fléttast þessar greinar með ýmsum hætti saman við margvíslega virkniþætti, svo sem hljóðfæraleik, söng, hreyfingu, lestur, ritun, hlustun, greiningu og sköpun. Nauðsynlegt er að tónfræðanám tengist tónlist af ýmsu tagi við hæfi hvers

aldurshóps, ekki síst þeirri tónlist sem nemendur fást við í hljóðfæranámi eða kynnast með öðrum hætti. Enn fremur er æskilegt að taka mið af tónlistarlífi á hverjum stað og hverjum tíma.

Tónfræðanám fer að jafnaði fram samhliða hljóðfæranámi. Gert er ráð fyrir samþættri kennslu tónfræðagreina í grunn- og miðnámi en í framhaldsnámi hafa skólar frjálsar hendur um hvort tónfræðagreinar eru kenndar samþættar eða aðskildar. Um inntak og námsþætti er nánar fjallað í tónfræðanámskrá.

Nauðsynlegt er að nemendur í rytmísku námi stundi sérhæft nám í tónfræðagreinum. Inntak og námsþættir tónfræða í rytmísku námi eru skilgreindir í námskrá í rytmískri tónlist.

Tengsl tónfræða- og hljóðfæranáms

Nauðsynlegt er að góð tengsl séu á milli tónfræða- og hljóðfæranáms þannig að námið verði heildstætt og nýtist nemendum sem best. Gert er ráð fyrir að tónfræðanám fari alla jafna fram í hóptímum. Jafnframt á tónfræðanám að vera samofið allri hljóðfærakennslu og í nánnum tengslum við þau viðfangsefni sem fengist er við í hljóðfæranáminu hverju sinni. Einnig er sjálfsgagt að nýta hljóðfæri nemenda í tónfræðakennslunni. Mikilvægt er að skipulag og markviss samvinna kennara tryggi skilning nemenda á tengslum hljóðfæraleiks og tónfræðagreina.

Samleikur og samsöngur

Samleikur og samsöngur er veigamikill hluti tónlistarnáms og mikilsverður vettvangur til að þjálfa nemendur enn frekar, víkka sjóndeildarhring, þroska tónlistarsmekk og auka þekkingu nemenda á fjölbreytilegum tónbókmenntum umfram það sem unnt er í annarri kennslu innan skólans. Samleikur og samsöngur hefur ótvírætt félagslegt gildi, eflir samkennd og tillitsemi, þroskar eiginleika til samskipta og samstarfs, jafnframt því að styrkja ábyrgðartilfinningu og sjálfsvitund. Tónlistariðkun í hópstarfi og ánægja af slíku samstarfi er jafnframt hvatning fyrir hvern og einn til framfara í tónlistarnáminu.

Mikilvægt er að nemendum gefist kostur á þátttöku í fjölbreyttum samleik og samsöng, bæði í minni og stærri hópum, svo sem kammerhópum af ýmsum stærðum, hljómsveitum, stórsveitum, kórum, popp-, rokk- og djasshljómsveitum.

NÁMSMAT OG PRÓF

Í næstu þremur köflum er fjallað um námsmat í tónlistarskólum. Í þessum kafla eru almennar ábendingar um námsmat. Í næsta kafla er gerð grein fyrir áfangaprófum í tónlistargreinum og í þar næsta er fjallað um stigspróf sem tónlistarskólar hafa frjálsar hendur um að leggja fyrir nemendur.

Námsmat er öll viðleitni til að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólstarfs og hvernig nemendum hefur tekist að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er að bæta nám og kennslu. Í því felst ekki síst að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja.

Námsmat á meðal annars að veita nemendum, foreldrum/forráðamönnum þeirra og kennurum upplýsingar um námsgengi nemenda, einkum frammistöðu, framfarir, ástundun og sókn að settum markmiðum. Þá þarf námsmat að gefa vísbendingar um það hvort námsmarkmið hafi verið raunhæf og kennsluáðferðir við hæfi. Enn fremur er mikilvægt að af námsmati sé unnt að draga ályktanir um það hvort skólstarfið sé í samræmi við námskrár og yfirlýst markmið skólans.

Almennt um námsmat

Mikilvægt er að mat á árangri kennslu og framvindu náms sé fastur liður í skólastarfi. Með því að meta stöðu nemenda í upphafi námstímabils má meðal annars fá gagnlegar upplýsingar sem auðvelda skipulag kennslu og stuðla að markvissu námi.

Mat á námi verður að vera óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Reglulega þarf að meta alla þætti námsins, svo sem áhuga, virkni, skilning, þekkingu og leikni, í samræmi við vægi þeirra í náminu. Markmið tónlistarnáms eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því er nauðsynlegt að matsaðferðir séu fjölbreytilegar og í samræmi við eðli settra markmiða.

Skólastjóri og kennarar bera ábyrgð á námsmati innan hvers skóla, bæði einstökum þáttum þess og þeim aðferðum sem beitt er.

Suma námsþætti hentar að meta með prófum. Niðurstöður prófa veita upplýsingar um það hvernig nemendum hefur tekist að leysa tiltekin viðfangsefni á ákveðnum tíma samkvæmt markmiðum og skilgreindum kröfum námskrár. Annars konar aðferðir kunna að henta betur þegar meta þarf aðra þætti námsins. Til að veita upplýsingar um langtímaframfarir getur verið heppilegt að nota umsagnir eða dagbók um námsframvindu nemenda. Vel hentar einnig að nota gátlista,⁵⁾ umsagnir og aðrar huglægar aðferðir þegar meta á skapandi vinnu nemenda, þátttöku í samleik og samsöng, framkomu á tónleikum, yfirferð viðfangsefna og fjölbreytni í verkefnavali. Við námsmat má jafnframt beita ýmiss konar tækjabúnaði. Til dæmis má nefna hljóð- og myndupptökur sem gagnlegar eru við margs konar námsmat. Þær má meðal annars nota til að safna upplýsingum um virkni og samvinnu nemenda, leikni þeirra, skilning og afrakstur skapandi starfs. Upptökur geta auk þess nýst vel við sjálfsmat nemenda. Um meðferð þess efnis, sem þannig er safnað, gilda sömu reglur og um önnur námsmatsgögn, þar á meðal þau lög er á hverjum tíma gilda um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og þær reglur sem settar eru með stöð í þeim lögum.

Formlegt mat á námsárangri fer fram með prófum. Annars vegar eru áfangapróf og lúta þau ákveðnum reglum, sjá nánar bls. 33-44 í sérprentun aðalnámskrár. Hins vegar eru próf sem skólar hafa frjálsar hendur um, svo sem stigspróf, sjá nánar bls. 45-46 í sérprentun aðalnámskrár, könnunarpróf og vorpróf.

Sjálfsmat nemenda, sem byggist á gagnrýninni hlustun og þekkingu, er nauðsynlegur hluti af vinnuferli í öllu tónlistarnámi. Einnig geta samræður milli nemenda og kennara um einstök verkefni eða námið í heild flokkast undir námsmat.

Starfsmönnum tónlistarskóla ber að gera nemendum og foreldrum/forráðamönnum vandlega grein fyrir því mati sem fram fer í skólanum eigi sjaldnar en árlega.

Óski nemandi eða foreldri/forráðamaður eftir skriflegri umsögn um stöðu nemanda í námi er tónlistarskólum skylt að verða við slíkri beiðni.

Umsagnir og annan vitnisburð⁶⁾ þarf að setja fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að ekki fari á milli mála við hvað er átt. Ef vitnisburður er gefinn með tölum er nauðsynlegt að útskýra hvað þær merkja og hvernig þær eru fengnar. Sama á við ef notaðir eru bókstafir.

Skólum er frjálst að ákveða með hvaða hætti niðurstöður námsmats eru birtar nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Æskilegt er að samræma framsetningu vitnisburðar innan hvers skóla.

Flytjist nemandi milli skóla er það á ábyrgð viðtökuskóla að meta stöðu hans í námi. Þetta á við um nemendur sem ekki hafa lokið áfangaprófi eða eru staddir milli áfangaprófa í námi sínu.

⁵⁾ Atriðalisti þar sem skráð er hvort nemandi hafi náð tókum á tilteknum þáttum í náminu. Á gátlista með matskvarða skráir kennari mat sitt á ákveðnum eiginleikum út frá fyrir fram gefnum viðmiðunum.

⁶⁾ Átt er við einkunn í viðasta skilningi, t.d. í formi talna, bókstafa eða orða.

ÁFANGAPRÓF

Við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms skulu nemendur þreyta áfangapróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Ekki er nauðsynlegt að nemendur ljúki báðum hlutum áfangaprófs á sama ári en nemandi getur ekki þreytt miðpróf fyrir en grunnprófi er að fullu lokið. Sömuleiðis þarf að ljúka báðum hlutum miðprófs áður en framhaldspróf er tekið. Til að ljúka framhaldsprófi þarf nemandi að halda sjálfstæða tónleika innan eða utan skólans, auk þess að standast próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum.

Skipulag og tilgangur

Tilgangur áfangaprófa er fjölbættur. Prófunum er ætlað að skera úr um hvort og að hve miklu leyti nemendur uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni. Þeim er einnig ætlað að afla upplýsinga um nám og kennslu á vissum sviðum innan tónlistarskóla, meta frammistöðu nemenda í samræmi við markmið og kröfur aðalnámskrár og gera nemendum grein fyrir eigin frammistöðu í hverjum prófþætti. Enn fremur eru prófin lokapróf úr viðkomandi áfanga innan tónlistarskólans.

Áfangapróf í hljóðfæraleik geta farið fram hvenær sem er skólaársins. Gert er ráð fyrir að nemendur þreyti próf þar sem þeir stunda nám en skólum er þó heimilt að sameinast um prófstað eða prófstaði sé það hagkvæmara.

Samræming mats og prófdæming

Til að tryggja samræmi, hlutlaust mat og þar með sem áreiðanlegastar niðurstöður á áfangaprófum í hljóðfæraleik skulu utanaðkomandi prófdómarar dæma prófin.⁷⁾ Miðað er við að á grunnprófi geti sami prófdómari dæmt próf á öll hljóðfæri. Á miðprófi dæma prófdómarar einungis próf innan síns hljóðfæraflokks. Gert er ráð fyrir eftirfarandi flokkun hljóðfæra: a) Tréblásturshljóðfæri, b) málmblásturshljóðfæri, c) strokhljóðfæri, d) hljómborðshljóðfæri, þ.m.t. harmonika, e) rytmísk hljóðfæri, þ.e. öll hljóðfæri sem kennt er á í rytmísku námi, þ.m.t. rafgítar, bassi, hljómborð og söngur, f) gítar, g) harpa, h) einsöngur, i) ásláttarhljóðfæri. Prófdómarar á framhaldsprófi skulu hins vegar vera sérfræðingar á viðkomandi hljóðfæri.

Einkunnagjöf og lágmarkseinkunn

Á áfangaprófum í hljóðfæraleik skal bæði gefa skriflegar umsagnir um hvern prófþátt og einkunn í tölustöfum (einingum).⁸⁾ Frammistæða nemandi í sérhverjum prófþætti er metin til eininga allt að tilgreindu hámarki. Samanlagður hámarkseiningafjöldi allra prófþátta á hverju prófi er 100 einingar og skal gefið í heilum einingum. Einkunn er reiknuð á þann hátt að deilt er í heildareiningafjölda með 10. Nota skal hundrað eininga kvarða og tilgreina einkunn með tölunum 1 til 10 og einum aukastaf, t.d. gefa 79 einingar einkunnina 7,9. Gerð er grein fyrir vægi prófþátta í umfjöllun um einstök áfangapróf á bls. 37-42 í sérprentun aðalnámskrár. Til að standast áfangapróf þarf nemandi að ná samtals 60 einingum í hljóðfæraleik, sem samsvarar lágmarkseinkunn 6,0, og jafnframt að hljóta sömu lágmarkseinkunn í tónfræðagreinum. Sjá nánar á bls. 37-41 í sérprentun aðalnámskrár.

⁷⁾ Frekari útfærsla á samræmingu mats og prófdæmingu er í höndum nefndar á vegum tónlistarskóla, rekstraraðila þeirra og menntamálaráðuneytis.

⁸⁾ Í tónlistarskólum er hugtakið einingar notað við mat á frammistöðu nemenda og útreikninga einkunna á hljóðfæra-prófum.

Prófskírteini

Prófskírteini, sem notuð eru á áfangaprófum, eru tvenns konar. Annars vegar eru vitnisburðarblöð þar sem fram koma einkunnir og umsagnir fyrir viðkomandi prófhluta og hins vegar áfangaprófsskírteini án einkunna og umsagna. Vitnisburðarblöð skulu afhent nemanda að loknum hverjum prófhluta. Áfangaprófsskírteini eru afhent þegar nemandi hefur lokið áfangaprófi að öllu leyti.

Lengd prófa

Til að tryggja að próftími fari ekki fram úr hófi eru sett viðmið um hámarks lengd áfangaprófa. Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 30 mínútur, próftími á miðprófi ekki fram yfir 45 mínútur og framhaldspróf taki ekki lengri tíma en eina klukkustund. Í öllum tilfellum er átt við heildarpróftíma og gert ráð fyrir að allir prófþættir, þar með talinn flutningur tónstiga og hljóma, valþáttur og óundirbúinn nótnalestur, ásamt eðlilegum hvíldartíma milli prófþátta, rúmist innan gefinna tímamarka.

Almennar prófreglur — hljóðfæra- og tónfræðapróf

1. Kennarar bera faglega ábyrgð á undirbúningi nemenda og á því að meta hvenær þeir eru tilbúnir til að þreyta áfangapróf í hljóðfæraleik og tónfræðum.

2. Það ræðst eingöngu af heildareinkunn allra prófþátta í hljóðfæraleik og tónfræðum hvort nemandi stenst próf eða ekki. Til að standast áfangapróf þarf nemandi að ná samtals 60 einingum í hljóðfæraleik, sem samsvarar lágmarkseinkunn 6,0, og jafnframt að hljóta sömu lágmarkseinkunn í tónfræðagreinum.⁹⁾

3. Kennurum ber að útskýra fyrir nemendum og foreldrum/forráðamönnum hvað niðurstöður hljóðfæra- og tónfræðaprófa merkja.

4. Komi til ágreinings um einkunnagjöf eiga nemandi og foreldri/forráðamaður rétt á að fá ítarlegar útskýringar á forsendum og niðurstöðum mats, bæði í hljóðfæra- og tónfræðaprófum.

Prófreglur - hljóðfæra- og tónfræðapróf

1. Við val prófverkefna skal kennari gæta þess að lengd prófsins sé í samræmi við tíma-mörk aðalnámskrár. Miðað er við að prófverkefni séu leikin til enda.
2. Kennari skal gæta þess að þyngd prófverkefna sé í samræmi við kröfur námskrár.
3. Fylgja skal fyrirmælum námskrár um fjölda, inntak og umfang prófþátta. Þannig getur t.d. eitt langt verk ekki komið í stað tveggja styttri og einstakir kaflar sama tónverks ekki talist aðskildir prófþættir.
4. Fylgja skal fyrirmælum námskrár varðandi tónstiga og hljóma sem undirbúinir skulu fyrir hvert áfangapróf. Á prófi velur prófdómari hvaða tónstigar og hljómar eru leiknir.
5. Nemandi ræður röð prófverkefna.
6. Áfangapróf skulu einungis dæmd af utanaðkomandi prófdómurum.
7. Gæta skal þess að sami prófdómari dæmi ekki mörg ár í röð í sama skóla.
8. Kennari skal leggja verkefnalista prófsins fyrir prófdómara fyrir upphaf prófs. Próf fer því aðeins fram að verkefni uppfylli kröfur viðeigandi námskrár samkvæmt mati og staðfestingu prófdómara.
9. Prófdómari er ábyrgur fyrir því að nemandi fái hæfilegt prófverkefni í óundirbúnum nótnalestri.

⁹⁾ Til að standast framhaldspróf í tónfræðagreinum þarf lágmarkseinkunnina 6,0 í hverri grein, sjá nánar í námskrá tónfræðagreina.

10. Kennara er heimilt að vera viðstaddur áfangapróf, enda hafi hann ekki áhrif á niðurstöður prófdómara.
11. Prófdómari dæmir frammistöðu nemandans á prófi án tillits til hugsanlegra skýringa eða athugasemda.
12. Prófdómara ber að gera nemendum grein fyrir mati sínu á hverjum þætti prófsins með skriflegri umsögn og tölum, bæði hvað vel var gert og hvað betur hefði mátt fara.
13. Prófdómari skal vera viðstaddur framhaldsprófstónleika og gefa skriflega umsögn um frammistöðu nemandans. Sé þess nokkur kostur skal það vera sami prófdómari og dæmdi framhaldspróf viðkomandi nemanda.

Nánari prófreglur um tónfræðapróf er að finna í tónfræðanámskrá.

Grunnpróf tónlistarskóla

Grunnpróf tónlistarskóla er tvíþætt: hljóðfærapróf og tónfræðapróf. Til að standast prófið þarf 60 einingar af 100 mögulegum í hljóðfæraleik, þ.e. lágmarkseinkunn er 6,0. Sömu lágmarkseinkunn þarf í tónfræðagreinum. Ekki eru gerðar kröfur um lágmarksárangur í einstökum prófþáttum. Ekki þarf að ljúka báðum þáttum prófsins á sama árinu.

Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 30 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófþætti 1 eða æfingu samkvæmt prófþætti 2.

Prófþættir eru þessir:

1. **Þrjú ólík verk** (15 einingar hvert) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
2. **Æfing** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
3. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
4. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a) Spinni einradda út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi, með eða án undirleiks.
 - b) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
 - c) Hljómsetji stutta laglínu óundirbúið.
 - d) Leiki stutt alþýðulag eða þjóðlag sem lært hefur verið eftir eyra. Söngnemendur skulu flytja lagið undirleikslaust.
5. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
6. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Próf í einsöng, slagverksleik og rytmísku námi falla ekki algjörlega að þessum prófþáttum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófþátta í þessum greinum í viðkomandi greinanámskrám.

Tónfræðapróf

Prófkröfur á grunnprófi í tónfræðagreinum miðast við þekkingu og færni nemenda við lok grunnnáms.

Í tónfræðanámskrá er gerð nánari grein fyrir einstökum prófþáttum, inntaki þeirra og framkvæmd prófsins.

Miðpróf tónlistarskóla

Til að geta þreytt miðpróf tónlistarskóla þarf nemandi áður að hafa lokið grunnprófi að fullu. Miðprófið er tvíþætt: hljóðfærapróf og tónfræðapróf. Til að standast prófið þarf 60 einingar af 100 mögulegum í hljóðfæraleik, þ.e. lágmarkseinkunn er 6,0. Sömu lágmarkseinkunn þarf í tónfræðagreinum. Ekki eru gerðar kröfur um lágmarksárangur í einstökum prófþáttum. Ekki þarf að ljúka báðum þáttum prófsins á sama árinu.

Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á miðprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 45 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófþætti 1 eða æfingu samkvæmt prófþætti 2.

Prófþættir eru þessir:

1. **Þrjú ólík verk** (15 einingar hvert) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
2. **Æfing** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
3. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
4. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
 - b) Spinni einradda út frá gefnu upphafi, hljómferli eða lagi með eða án undirleiks.
 - c) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
 - d) Hljómsetji stutta laglínu óundirbúið.
5. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
6. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Próf í einsöng, slagverksleik og rytmísku námi falla ekki algjörlega að þessum prófþáttum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófþátta í þessum greinum í viðkomandi greinanámskrám.

Tónfræðapróf

Prófkröfur á miðprófi í tónfræðagreinum miðast við þekkingu og færni nemenda við lok miðnáms. Í tónfræðanámskrá er gerð nánari grein fyrir einstökum prófþáttum, inntaki þeirra og framkvæmd prófsins.

Framhaldspróf tónlistarskóla

Framhaldspróf er lokapróf á námsferli í tónlistarskóla. Til að geta þreytt prófið þarf nemandi áður að hafa lokið miðprófi að fullu.

Framhaldspróf tónlistarskóla er þríþætt: hljóðfærapróf, tónfræðapróf og tónleikar. Til að standast prófið þarf 60 einingar af 100 mögulegum í hljóðfæraleik, þ.e. lágmarkseinkunn er 6,0. Sömu lágmarkseinkunn þarf í tónfræðagreinum. Ekki þarf að ljúka öllum þáttum prófsins á sama árinu en útskrift fer ekki fram fyrir en þeim er öllum lokið. Í vissum greinanámskrám er gert ráð fyrir að nemendur ljúki tilteknum námsáföngum á aukahljóðfæri áður en framhaldsprófi er lokið á aðalhljóðfæri.

Próf í hljóðfæraleik miðast annaðhvort við prófgerð I - hljómsveitarhljóðfæri eða prófgerð II - önnur hljóðfæri. Próf í einsöng, slagverksleik og rytmísku námi falla þó ekki algjörlega að þessum prófgerðum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófþátta í þessum greinum í viðkomandi greinanámskrám.

Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á framhaldsprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 60 mínútur. Á prófinu skal nemandi að minnsta kosti flytja eitt verk utanbókar samkvæmt prófþætti 1 eða æfingu samkvæmt prófþætti 2.

Prófgerð I - hljómsveitarhljóðfæri

Prófþættir eru þessir:

1. **Þrjú ólík verk** (12 einingar hvert) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
2. **Æfing** (12 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
3. **Útdrættir úr hljómsveitarverkum** (12 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
4. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
5. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
 - b) Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
 - c) Leiki tónverk á annað hljóðfæri úr sömu fjölskyldu og aðalhljóðfæri ef kostur er gefinn á slíku í viðeigandi greinanámskrá.
6. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
7. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Prófgerð II - önnur hljóðfæri

Prófþættir eru þessir:

1. **Þrjú ólík verk** (15 einingar hvert) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
2. **Æfing** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
3. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
4. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
 - b) Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
 - c) Leiki tónverk á annað hljóðfæri úr sömu fjölskyldu og aðalhljóðfæri ef kostur er gefinn á slíku í viðeigandi greinanámskrá.
5. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
6. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Tónfræðapróf

Í tónfræðanámskrá er gerð grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem nemendur þurfa að uppfylla til að ljúka framhaldsprófi í tónfræðagreinum. Einnig er gerð grein fyrir einstökum prófþáttum, inntaki þeirra, framkvæmd prófa og lágmarkseinkunn. Á framhaldsprófi skal gefið fyrir próf í einstökum tónfræðagreinum. Til að standast próf þarf lágmarkseinkunnina 6,0 í hverri grein.

Tónleikar

Að loknu framhaldsprófi í hljóðfæraleik skal nemandi leika 30-60 mínútna langa efnisskrá á tónleikum innan eða utan skólans. Fyrir frammistöðu á tónleikunum er gefin umsögn en ekki einkunn. Ekki er nauðsynlegt að halda tónleikana á sama skólaári og hljóðfæraprófið fer fram. Séu prófið og tónleikarnir haldnir á sama skólaári er heimilt að nota alla efnisskrá prófsins á tónleikunum. Fari tónleikar fram síðar skal að minnsta kosti helmingur efnisskrárinnar endurnýjaður.

Gæta þarf þess að efnisskrá sé fjölbreytt og vel saman sett.

Námslok

Til að ljúka framhaldsprófi tónlistarskóla þurfa nemendur að standast próf í hljóðfæra-leik og tónfræðagreinum samkvæmt námskrám, jafnframt því að ljúka tónleikaþætti framhaldsprófsins.

Skýringar við einstaka prófþætti á áfangaprófum

Hér á eftir fara stuttar skýringar á prófþáttum á áfangaprófum sem hafa ber til hliðsjónar þegar áfangapróf er undirbúið.

Tónverk og æfingar

Velja skal verkefni á áfangaprófum með hliðsjón af viðeigandi greinanámskrá. Gæta skal þess að verkefnaval sé fjölbreytt og að nemendur leiki verk frá mismunandi tímabilum.

Tónstigar og hljómar

Í greinanámskrám er að finna ákvæði um hvaða tónstiga og hljóma nemendur skulu undirbúa fyrir hvert áfangapróf. Enn fremur eru í greinanámskrám fyrirmæli um tónsvið, hraða og annan leikmáta. Á prófi velur prófdómari hvaða tónstigar og hljómar eru leiknir. Prófkörfur varðandi leik tónstiga og hljóma eru ekki fyllilega samræmdar á milli hljóðfæraflokka, enda eðli og hefðir hljóðfæraanna ólíkar.

Útdrættir úr hljómsveitarverkum

Geri greinanámskrá ráð fyrir að nemendur þjálfist í leik útdráttu úr hljómsveitarverkum skal prófa sérstaklega í þeim námsþætti á framhaldsprófi og miðast prófið þá við prófgerð I. Um er að ræða útdrætti úr hljómsveitarverkum þar sem viðkomandi hljóðfæri gegnir veigamiklu hlutverki. Undirbúa skal a.m.k. staði úr þremur tónverkum. Prófdómari velur hvað leikið er á prófinu.

Val - grunnpróf

Á grunnprófi er nemandi gefinn kostur á að velja eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Nemandi spinni út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi. Nemandi getur valið hvort hann spinnur með eða án undirleiks og er miðað við að hann hafi haft tækifæri til að undirbúa þennan prófþátt.
- Nemandi flytji frumsamið verk eða eigin útsetningu. Þess er ekki krafist að nemandinn hafi skráð verkið. Heimilt er að leika frumsamið samleiksverk, að því tilskildu að höfundur gegni þar lykilhlutverki.
- Nemandi hljómsetji stutta laglínu. Þetta á við um þá nemendur sem geta leikið hljóma á hljóðfæri sín.
- Nemandi leiki stutt alþýðulag eða þjóðlag sem hann hefur lært eftir eyra. Miðað er við að tónsvið lagsins sé í samræmi við getu nemandar og námsstig og að lagið sé flutt einradda, með eða án undirleiks. Söngnemendum er þó skylt að flytja lagið án undirleiks.

Val - miðpróf

Á miðprófi er nemandi gefinn kostur á að velja eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Nemandi leiki tónverk að eigin vali. Tónverkið skal vera af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni. Þessi valþáttur er þannig sambærilegur einstökum liðum í prófþætti I og gefur möguleika á að nemandi sýni enn aukna stílræna breidd í tónlistarflutningi.

- b) Nemandi spinni út frá gefnu upphafi, einföldu hljómferli eða lagi. Nemandi getur valið hvort hann spinnur með eða án undirleiks og er miðað við að hann hafi haft tækifæri til að undirbúa þennan prófþátt.
- c) Nemandi flytji frumsamið verk eða eigin útsetningu. Þess er ekki krafist að nemandinn hafi skráð verkið. Heimilt er að leika frumsamið samleiksverk, að því tilskildu að höfundur gegni þar lykilhlutverki.
- d) Nemandi hljómsetji stutta laglínu. Þetta á við um þá nemendur sem geta leikið hljóma á hljóðfæri sín.

Val - framhaldspróf

Á framhaldsprófi er nemandi gefinn kostur á að velja eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a) Nemandi leiki tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni. Þessi valþáttur gefur möguleika á að nemandi sýni enn aukna stílræna breidd í tónlistarflutningi.
- b) Nemandi leiki samleiksverk þar sem próftaki gegnir lykilhlutverki. Miðað er við að samleiksverkið sé af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni.
- c) Nemandi leiki tónverk á annað hljóðfæri úr sömu hljóðfærafjölskyldu og aðalhljóðfæri ef kostur er gefinn á slíku í viðeigandi greinanámskrá.

Óundirbúinn nótnamestur

Á áfangaprófi fær nemandi eina mínútu til að líta yfir lestrardæmið í hljóði og skal síðan flytja verkefnið einu sinni. Geri greinanámskrá viðkomandi hljóðfæris ráð fyrir tónflutningi á viðkomandi áfangaprófi skal hann prófaður undir þessum lið og gildir þá helming af vægi prófþáttarins (5 einingar af 10). Ef tónflutningur er prófaður fær nemandi sérstakt tónflutningsdæmi sem leika skal einu sinni eftir einnar mínútu undirbúningstíma í hljóði. Prófverkefni í óundirbúnum nótnamestri skulu vera stutt og í samræmi við markmið í viðeigandi greinanámskrám.

Heildarsvipur

Á áfangaprófum er gefin sérstök einkunn fyrir framkomu, listræna túlkun, öryggi og yfirbragð prófsins.

STIGSPRÓF

Tónlistarskólum er í sjálfsvald sett hvort námi innan áfanga er skipt niður í stig. Jafnframt hafa skólar frjálssar hendur um önnur próf en áfangapróf. Fyrir þá skóla sem kjósa að halda stigspróf á milli áfangaprófa fara hér á eftir nokkrar ábendingar.

Skipulag

Í greinanámskrám eru skilgreind markmið og gerð grein fyrir námskröfum við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms. Tónlistarskólar geta skilgreint markmið og námskröfur fyrir einstök stig innan áfanganna en gæta þarf samræmis við þær námskröfur og markmið sem nemendur þurfa að hafa náð við lok viðkomandi áfanga. Þannig er tónlistarskólum heimilt að skipta grunnnámi í þrjú stig, miðnámi í tvö stig og framhaldsnámi í tvö stig, alls sjö stig.

Skólum er heimilt að halda stigspróf á milli áfangaprófa, þ.e. við lok I., II., IV. og VI. stigs, en grunnpróf kemur í stað III. stigs, miðpróf í stað V. stigs og náminu lýkur með framhaldsprófi sem kemur í stað VII. stigs. Ef tekin eru stigspróf í hljóðfæraleik er mælt með því að prófin séu með líku sniði og áfangapróf, einkum hvað varðar fjölda og vægi prófþátta. Þannig miðist I. og II. stigs próf við grunnpróf, IV. stigs próf við miðpróf og VI. stigs prófið við framhaldspróf. Verkefnaval og þyngdarstig stigsprófa er alfarið á byrgð hvers skóla.

Ef tekin eru stigspróf í tónfræðagreinum er mælt með sambærilegri tilhöggun og á áfangaprófum, þ.e. að prófa í sömu námsþáttum og hafa hliðsjón af greinanámskrá í tónfræðum.

Prófdæming og einkunnagjöf

Hver skóli ber ábyrgð á prófdæmingu stigsprófa. Þótt ekki séu gerðar sömu kröfur til prófdómara sem dæma stigspróf og prófdómara á áfangaprófum er mikilvægt að vanda til prófdæmingar.

Setji skólar reglur um einkunnagjöf og lágmarkseinkunn á stigsprófum er mælt með að hafa þær sambærilegar því sem gildir um áfangapróf.

Mikilvægt er að nemendur fái ætíð skriflega umsögn um frammistöðu sína á stigsprófum í hljóðfæraleik.

RÉTTINDI, SKYLDUR, MEÐFERÐ MÁLA OG UPPLÝSINGA

Skólasókn

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um frávík frá skólasókn. Þar skal meðal annars koma fram hvernig brugðist er við veikindum nemenda og öðrum óhjákvæmilegum forföllum. Sömuleiðis skal gerð grein fyrir viðurlögum við brotum á reglum um skólasókn.

Meðferð gagna

Gögn í vörslu skóla, sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um nemendur, skal farið með í samræmi við ákvæði laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og ákvæði upplýsingalaga, nr. 59/1996, eftir því sem við á. Vakinn er sérstök athygli á því að starfsfólk í tónlistarskóla er bundið trúnaði og óheimilt er að veita persónulegar upplýsingar um nemanda úr skólaskrá án samþykkis þess sem í hlut á og foreldra/forráðamanna ef um er að ræða nemanda yngri en 18 ára.

Upplýsingaskylda gagnvart foreldrum/forráðamönnum

Óski foreldrar/forráðamenn nemanda, sem er yngri en 18 ára, eftir upplýsingum frá tónlistarskóla um námsframvindu, skólasókn eða annað sem tengist barni þeirra sérstaklega þá ber skólastjórnendum að veita þær upplýsingar. Þegar nemandi hefur náð sjálfræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir skriflegt umboð, persónulegar upplýsingar úr gagnasafni skólans.

Meðferð mála

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Mikilvægt er að skrá feril máls og halda gögnum til haga þegar ágreiningur kemur upp innan skólans eða þegar um brot á skólareglum er að ræða. Æskilegt er að skólastjórnendur tónlistarskóla setji reglur um hvernig bregðast skal við ágreiningi, meðal annars um niðurstöður námsmats og prófa. Við meðferð mála skal sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Samskipti nemenda og starfsfólks skóla

Telji nemandi eða forráðamenn hans, sé nemandinn yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, sbr. skólareglur, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu

þeir snúa sér til viðkomandi kennara. Takist ekki að leysa málið tekur skólastjóri það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.

Brottvikning úr skóla

Áður en nemandi er vikið úr skóla skal hann hafa fengið skriflega viðvörðun frá skólastjóra. Endanleg brottvikning úr skóla er á ábyrgð skólastjóra.

TENGLS HEIMILA OG SKÓLA

Prír hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar/forráðamenn. Mikilvægt er að allir vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan.

Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á samábyrgð, gagnkvæmri upplýsingamiðlun, virðingu og trausti. Loks er mikilvægt að traust samstarf sé milli heimila og skóla um skólastarfið í heild. Gert er ráð fyrir að foreldrar geti tekið þátt í að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd í samstarfi við skólann.

Upplýsingamiðlun

Gott samstarf heimilis og tónlistarskóla er afar þýðingarmikið, ekki síst með tilliti til þess að tónlistarnám er að miklu leyti sjálfsnám sem fram fer á heimilum nemenda. Mikilvægt er því að koma á og viðhalda traustu sambandi milli skóla og heimila.

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra/forráðamanna og starfsfólks skóla stuðlar að trausti milli aðila. Með auknum kynnum foreldra/forráðamanna af daglegu starfi í tónlistarskólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið, t.d. í tengslum við heimanám, aukast líkur á vellíðan nemenda og góðum árangri. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna, líðan þeirra í skóla, námsárangri og framförum. Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar og góðar upplýsingar um skólastarfið sem og um starfsáætlanir skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti, svo sem með bréfum, heimsóknum foreldra/forráðamanna nemenda í skólann, foreldraviðtölum, kynningarfundum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

Foreldrafélög

Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern tónlistarskóla eru tvímælalaust af hinu góða. Foreldrafélög geta jafnframt veitt skólum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald og lagt fram raunhæfar tillögur til umbóta.

Foreldra- og styrktarfélag hafa víða verið stofnuð og reynst tónlistarskólum og einstökum hópum innan þeirra mikilsverð stoð.

SAMVINNA Í SKÓLASTARFI

Samvinna er lykilatriði í öllu skólastarfi, órjúfanleg frá námi og kennslu. Fjölpætt samvinna er fastur liður í innra starfi skóla en margvíslegt samstarf á sér jafnframt stað við aðila utan veggja skólans. Samvinna getur aukið fjölbreytni í skólastarfinu, auðgað samfélagið og verið skólunum og samstarfsaðilum þeirra giftudrjúg.

Samstarf tónlistarskóla og leikskóla

Samvinna tónlistarskóla og leikskóla getur verið báðum aðilum styrkur í starfi. Samstarfið má skipuleggja með ýmsu móti eftir aðstæðum hverju sinni. Nefna má heimsóknir leikskólabarna í tónlistarskóla og tónlistarnema í leikskóla, tónlistarflutning ýmiss konar og samvinnu um reglulegt tónlistaruppeldi leikskólabarna. Við upphaf náms ungra barna í

tónlistarskólum er æskilegt að taka tillit til þeirrar tónlistarreynslu sem nemendur hafa úr leikskóla.

Samstarf tónlistarskóla og grunnskóla

Í grunnskólum fer fram skyldunám sem er skilgreint í aðalnámskrá grunnskóla. Meðal námsgreina grunnskólans er tónmennt sem er skyldunámsgrein í 1.-8. bekk en ein af valgreinum í 9. og 10. bekk. Í tónlistarskólum fer hins vegar fram valfrjálst nám í tónlistargreinum. Meirihluti nemenda í tónlistarskólum er á grunnskólaaldri.

Tengsl og samstarf milli tónlistarskóla og grunnskóla eru tvenns konar, annars vegar fagleg og hins vegar skipulagsleg.

Meðal faglegra tengsla má einkum nefna sameiginleg markmið. Sum þeirra eru almenns eðlis á sviði uppeldis, svo sem að fræða, miðla þekkingu og stuðla að alhliða þroska nemenda, ekki síst tilfinninga- og félagsþroska. Önnur sameiginleg markmið lúta að námi og kennslu, ekki síst að veita nemendum tækifæri til að iðka tónlist, njóta hennar og fást við skapandi starf. Leiðir skólanna að markmiðum eru hins vegar með nokkuð mismunandi hætti og kemur það fram í innra starfi þeirra. Í grunnskólum eru leiðir miðaðar við það sem hæft getur öllum nemendum, áhuga þeirra, smekk og þroska. Þar er tónmennt hluti af stórri heild allra námsgreina skyldunáms. Í tónlistarskólum eru hins vegar farnar sérhæfðari leiðir, miðaðar við þarfir nemenda skólans. Þar fer fram nám í einni listgrein sem í skólastarfinu skiptist í ýmsar námsgreinar hljóðfæraleiks, söngs og tónfræða.

Skipulagsleg tengsl og samstarf koma fram í skólastarfinu sjálfu. Skilyrði til samstarfs eru þó breytileg eftir aðstæðum, meðal annars eftir stærð skóla og hvort þeir starfa í þéttbýli eða strjálbýli. Nálægð tónlistarskóla og grunnskóla er misjöfn, í sumum tilvikum starfa þeir jafnvel í sömu húsakynnum. Jafnframt er leið nemenda í skólana misjafnlega löng. Vegna einsetningar og lengingar skóladags í grunnskólum er vaxandi þörf fyrir að tónlistarskólar og grunnskólar komi til móts við nemendur og foreldra í því hagsmunamáli að hafa tónlistarnám, einkum yngstu nemendanna, á venjulegum skólatíma og innan viðkomandi skólahverfis. Þetta þýðir jafnframt vaxandi þörf á samvinnu tónlistarskóla og grunnskóla. Af þessum ástæðum er leitað leiða til að samhæfa skólatímann og þar með stundaskrágerð, jafnframt því að koma á ýmiss konar samnýtingu í skipulagi og framkvæmd skólastarfs. Í því sambandi er mikilsvert að milli skólanna, stjórnenda þeirra og skólayfirvalda ríki samstarfsvilji. Þetta er forsenda fyrir því að tónlistarskólar og grunnskólar nái árangri í samstarfi sín á milli og hafi stuðning hvorir af öðrum.

Skipulag samstarfs tónlistarskóla og grunnskóla getur verið með ýmsum hætti og verður augljóslega breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni. Skólarnir geta sameinast um að standa að einstökum verkefnum, svo sem listkynningum, hátíðum, leikritum, söngleikjum og þema-
verkefnum. Einnig getur verið um að ræða gagnkvæmar heimsóknir, hljóðfærakynningar í grunnskólum, sameiginlegan kór eða hljómsveit, samnýtingu húsnæðis, tækjakosts og skóla-
aksturs eða jafnvel samkenndu nemenda. Vettvangur fyrir afrakstur af samstarfi skólanna er einkum tónleikar og aðrir menningarviðburðir þar sem nemendur skólanna leggja sitt af mörkum með flutningi tónlistar af ýmsu tagi.

Fari kennsla á vegum tónlistarskóla fram innan grunnskóla og í húsnæði hans þarf samvinna að vera markviss og vel skipulögð. Mikilvægt er að tónlistarkennslan örvi og styrki lögbundið skyldunám í tónmennt jafnframt því að efla tónlistarlíf skólans og byggðar-
lagsins. Gæta þarf þess að kennsla, allur aðbúnaður, kennsluáætlaða, hljóðfæri og tækja-
kostur sé í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla. Þá er og mikilvægt að næði sé til kennslunnar og hljóðeinangrun góð.

Rétt er að vekja athygli á að nemendur 9. og 10. bekkjar geta óskað eftir að fá tón-
listarnám metið sem valgrein í grunnskóla. Jafnframt skal bent á að óheimilt er að taka
nemendur út úr kennslustundum í lögbundnu skyldunámi til að stunda annað nám utan

aðalnámskrár grunnskóla, nema fyrir liggi skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna og að nemendum verði bætt upp sú kennsla sem þeir fara á mis við af þessum ástæðum.

Samstarf tónlistarskóla og framhaldsskóla

Eins og fram kemur í markmiðskafla aðalnámskrár er lögð áhersla á að tónlistarskólar þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Þannig ættu nemendur á framhaldsskólaaldri að eiga þess kost að kynnst tónlist og tónlistariðkun í tónlistarskólum landsins engu síður en yngri nemendur. Hvatt er til þess að tónlistarskólar komi til móts við þroska, þarfir og óskir þessa aldurshóps með fjölbreyttu og vönduðu námsframboði, hvort heldur um er að ræða byrjendur eða lengra komna nemendur.

Tónlistarkjörsvið á listnámsbraut framhaldsskóla

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla geta framhaldsskólar boðið upp á 105 eininga nám á listnámsbraut. Þar af er kjörsvið í viðkomandi listgrein 45 einingar. Listnámsbraut er skipulögð sem þriggja ára námsbraut.

Tvær leiðir eru til að ljúka tónlistarkjörsviði listnámsbrautar. Í báðum tilfellum þarf að ljúka framhaldsprófi í tónfræðagreinum samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Nemandi, sem leikur á eitt aðalhljóðfæri, skal ljúka framhaldsprófi að fullu, samkvæmt viðeigandi greinanámskrá. Athygli er vakin á að samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla þarf nemandi sem lýkur framhaldsprófi að halda sjálfstæða tónleika sem hluta prófsins. Nemandur, sem leika á tvö hljóðfæri, geta lokið tónlistarkjörsviði listnámsbrautar hafi þeir lokið miðprófi á bæði hljóðfærin. Námið jafngildir 45 einingum hvor leiðin sem farin er.

Fyrri leiðin er einkum ætluð nemendum sem stefna að því að gera hljóðfæraleik eða söng að aðalstarfi. Síðari leiðin er hins vegar hugsuð fyrir nemendur sem stefna á tónlistartengd störf, önnur en hljóðfæraleik. Gera má ráð fyrir að í vissum tilvikum þurfi tónlistarnemar eina til tvær annir til viðbótar til að ljúka tónlistarkjörsviði, umfram þau þrjú ár sem aðalnámskrá framhaldsskóla gerir ráð fyrir.

Ákvæði um inntökuskilyrði á listnámsbraut er að finna í aðalnámskrá framhaldsskóla. Hér er hins vegar mælt með því að nemendur hafi a.m.k. lokið miðprófi tónlistarskóla í tónfræðagreinum og séu komnir vel áleiðis í hljóðfæranámi þannig að ætla megi að þeir geti lokið prófum á tilsettum tíma. Afar mikilvægt er að framhaldsskólar, sem bjóða upp á tónlistarkjörsvið listnámsbrautar eða tónlist sem valgrein, eigi greið og góð samskipti við þá tónlistarskóla sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Tónlistarnám á bóknámsbrautum framhaldsskóla

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla má meta starfsnám og viðurkennt listnám á framhaldsskólástigi til kjörsviðs á bóknámsbrautum. Slíkt nám getur komið í stað allt að 12 eininga á kjörsviði auk þess sem nemandi getur nýtt frjálst valnám í sama tilgangi. Nemandi getur því fengið allt að 24 einingar metnar á þennan hátt sem hluta af námi til stúdentsprófs.

Menntamálaráðuneyti gefur síðar út reglur um mat á tónlistarnámi sem viðurkennt er inn á bóknámsbrautir framhaldsskóla.

Samstarf við aðra tónlistarskóla

Samvinna tónlistarskóla getur verið margvísleg og fer meðal annars eftir staðsetningu skólanna, eðli þeirra og áherslum í starfi. Samstarf af þessu tagi eykur fjölbreytni og möguleika í skólastarfi og hefur gjarnan hagræðingu í för með sér. Það sama gildir um samstarf tónlistarskóla og samstarf þeirra við aðra aðila, skýr markmið og góð skipulagning eru lykilatriði. Sem dæmi um samstarfsverkefni má nefna hljómsveitarstarf, námskeiðahald, gagnkvæmar heimsóknir, tónleika, hátíðir, kennararáðningar og prófdæmingu. Enn fremur

má nefna nemenda- og kennaraskipti. Stjórnendur og starfsmenn tónlistarskóla eru hvattir til að hafa vakandi auga fyrir möguleikum á þessum sviðum.

Samstarf við aðra aðila

Eins og áður hefur komið fram gegna tónlistarskólar fjölbreyttu mennta- og menningarhlutverki. Til að ná settum markmiðum er nauðsynlegt að tónlistarskólarnir hafi samvinnu við ýmsar mennta- og menningarstofnanir. Samstarfsmöguleikar eru margvíslegir og breytilegir eftir staðháttum. Samstarfið getur bæði beinst að einstökum afmörkuðum verkefnum eða verið fjölþættara og náð yfir lengri tímabil. Samstarfsaðilar geta til dæmis verið aðrir listaskólar, söfn, kirkjur, sjúkrahússtofnanir, félagsstarf aldraðra og ýmis félagasamtök, svo sem íþróttafélög og leikfélög. Þá kann ýmiss konar samvinna við listamenn að vera báðum aðilum gífurleg. Að auki er hvatt til samstarfs við erlenda aðila eftir því sem aðstæður leyfa.

NÁMSUMHVERFI

Aðbúnaður og umhverfi í tónlistarskólum getur haft mikil áhrif á námsárangur nemenda sem og á viðhorf og líðan allra sem í skólunum starfa. Húsnæðisþörf skóla fer að miklu leyti eftir nemendafjölda og námsframboði á hverjum stað. Þó er ákveðin lágmarksaðstaða mikilvæg í öllum tónlistarskólum sem uppfylla eiga kröfur aðalnámskrár. Nemendafjöldi og námsframboð ákvarðar einnig að nokkru leyti þörfina fyrir tækjakost og hljóðfæraeign. Ákveðinn lágmarkskjarni hljóðfæra og kennslutækja er þó mikilvægur eigi skóli að geta haldið uppi þeirri kennslu sem aðalnámskrá gerir kröfu um.

Hér á eftir verður farið nokkrum orðum um húsnæði og búnað tónlistarskóla.

Húsnæði

Hentugt og gott húsnæði getur skipt sköpum í starfsemi tónlistarskóla. Því er mikilvægt að búið sé eins vel að hverjum tónlistarskóla og kostur er. Í viðauka á bls. 68-72 í sérprentun aðalnámskrár er umfjöllun um húsnæði og búnað tónlistarskóla, sett fram til leiðbeiningar. Ljóst er að ábendingar þær sem þar eru gefnar eiga misvel við um einstaka tónlistarskóla og ræður þar miklu stærð og verksvið skóla.

Gera má ráð fyrir að kennslurými í tónlistarskólum sé í ýmsum tilfellum nýtt fyrir margs konar kennslu, t.d. að tónleikar, tónfræðakennsla og samleikur fari fram í sal, og er þá nauðsynlegt að taka mið af þeirri fjölþættu kennslu við hönnun húsnæðisins. Þegar ekki er um sérhannað húsnæði til tónlistarkennslu að ræða er mikilvægt að laga aðstöðuna að þörfum tónlistarskóla.

Í vissum tilfellum getur verið hagkvæmt að nýta húsakynni grunnskóla eða annað heppilegt húsnæði til kennslu á vegum tónlistarskóla, að því tilskildu að aðstaðan sé í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla.

Búnaður

Mikilvægt er að tónlistarskólar búi yfir góðum hljóðfæra- og tækjakosti. Æskilegt er að hljómflytningstæki séu í hverri kennslustofu. Notkun tölva í tónlist býður upp á sívaxandi möguleika, ekki síst í kennslu. Tónlistarskólar eru hvattir til þess að fylgjast vel með á þessu sviði og bjóða nemendum og kennurum greiðan aðgang að tölvm með tónlistarforritum. Myndbandstæki, skjár og upptökuvél eru einnig gagnleg kennslutæki.

Húsgögn þurfa að vera af hentugri stærð fyrir nemendur og taka mið af réttum vinnustillingum. Mikilvægt er að huga reglulega að viðhaldi og endurnýjun hljóðfæra skólans, tækja og húsgagna.

Í viðauka á bls. 70-72 í sérprentun aðalnámskrár er að finna nánari lýsingu á æskilegum hljóðfæra- og tækjakosti tónlistarskóla.

MAT Á SKÓLASTARFI

Mat á skólastarfi skiptist í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat skóla, unnið af starfsmönnum hans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðila.

Samkvæmt 12. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum, skal menntamálaráðuneytið hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu. Í þessu felst meðal annars faglegt mat og öflun upplýsinga um starfsemi tónlistarskóla, t.d. með sérstökum úttektum. Jafnframt er hvatt til þess að í tónlistarskólum fari fram innra mat á skólastarfi með sambærilegum hætti og í almennum skólum.

Mikilvægt er að meta fleiri þætti skólastarfs en framfarir og árangur nemenda. Kennarar þurfa að meta störf sín og endurskoða í samræmi við niðurstöðurnar. Einnig er nauðsynlegt að meta reglulega aðstöðu, gögn, skólanámskrá og starfshætti innan skólans. Jafnt og þétt þarf að meta samskipti og tengsl við foreldra/forráðamenn, stofnanir og aðra aðila, ekki síður en innan starfsliðs skólans. Síðast en ekki síst er mikilvægt að reglulega sé metið hvernig tekist hefur að ná samfélagslegum markmiðum aðalnámskrár sem og staðbundnum markmiðum.

Þá er mikilvægt að nemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra leggi mat á skólastarfið, til dæmis með viðtölum eða viðhorfskönnunum.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Þá er sjálfsmat einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Með sjálfsmati fer fram viðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um að hve miklu leyti árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Megintilgangur sjálfsmats er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Í sjálfsmati kemur fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur.

Viðmið fyrir sjálfsmat

Fari vinna við sjálfsmat fram í tónlistarskólum telur menntamálaráðuneytið eftirtalin viðmið mikilvæg.

Sjálfsmatið sé:

Formlegt. Matið skal byggt á kerfisbundnum aðferðum. Gera þarf grein fyrir hvernig er staðið að verkinu og hverjir vinna það.

Altækt. Matið nái til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, samskipta, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla.

Áreiðanlegt. Matið þarf að byggjast á traustum gögnum frá skólanum, svo sem viðhorfskönnunum, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra og almennings.

Samstarfsmiðað. Allt starfsfólk þarf að koma að vinnu við matið. Við skipulagningu og undirbúning þarf að kynna umfang verkefnisins og sátt þarf að ríkja um framkvæmd þess. Verkaskipting, stjórnun og ábyrgð þarf að vera skýr. Huga þarf að þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Umbótamiðað. Í kjölfar mats þarf að gera áætlun um umbætur og þróun á starfinu. Einnig þarf að benda á hvernig markmiðum umbótaáætlunarinnar verði náð og skilgreina þarf hvernig megi meta árangur.

Stofnana- og einstaklingsmiðað. Matið þarf að beinast bæði að skólanum sjálfum og þeim sem þar starfa.

Lýsandi. Taka þarf saman hnitmiðaða lýsingu á starfsemi skólans. Gæta skal þess að lýsingin hafi tengsl við markmiðssetningu.

Greinandi. Greina þarf styrkleika og veikleika í einstökum þáttum skólastarfsins.

Opinbert. Ákveða þarf hverjir eiga að hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Ytra mat

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skóla, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

Nr. 530

10. júlí 2000

AUGLÝSING

um skipulag í Borgarfjarðarsveit.

Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar, Melabyggð í landi Birkihlíðar, Reykholtssdal.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar samþykkti á 25. fundi sínum 16. desember 1999 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Birkihlíðar í Reykholtssdal.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag á Brennistöðum.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar samþykkti á 21. fundi sínum 6. september 1999 deiliskipulag á Brennistöðum, Flókadal, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, auk byggingarreita fyrir viðbyggingar eldri (út)húsa á jörðinni.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Breytingar á deiliskipulagi garðyrkjubýlis á Reit við Kleppjárnsreyki.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar samþykkti á 20. fundi sínum 10. júní 1999 breytingar á deiliskipulagi á Reit við Kleppjárnsreyki.

Gert er ráð fyrir byggingu gróðurhúsa á Reit, í fyrsta áfanga verði reist 30×10 m hús sem verði staðsett milli núverandi gróðurhúsa. Þá verði reist 60×12 m hús sunnan núverandi húsa og sneitt verði af suðausturhorni þess vegna helgunarlínu við þjóðveg. Síðar er gert ráð fyrir einu 30×10 m húsi og tveimur 60×12 m húsum norðan núverandi húsa í samræmi við deiliskipulagsupprátt. Þakhalli og hæðir verði í samræmi við núverandi hús á reitnum.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Breytingar á deiliskipulagi Hýrumels.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar samþykkti á 31. fundi sínum 27. júní 2000 breytingar á deiliskipulagi á Hýrumel, Hálsasveit.

Um er að ræða tillögu um breytingu á deiliskipulagi frá 1998 sem gerir ráð fyrir stækkun athafnasvæðis svínabús, byggingu svínahúss, hauggeymslu, kornhlöðu, starfsmannahúss

og geymslu auk íbúðarhúss. Þá er í deiliskipulaginu gert ráð fyrir framkvæmdum og breytingum á hverasvæði s.s. byggingu dælustöðvar vegna virkjunar jarðhita og lokun hvera vegna slysaþættu.

Breytingar á deiliskipulagi Hýrumels hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarfjarðarsveit, 10. júlí 2000.

Pórunn Gestsdóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu, sem öðlast gildi við birtingu.

Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 431/1999, breytist þannig:

Gjöld vegna sölu á rafmagni, B-hluti, hækka um 3,9%.

Gjöld vegna sölu á heitu vatni, D-hluti, hækka um 2,6%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, nr. 32/1998.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku, breytist þannig:

Heimtaugargjöld hækka um 5%.

Orkugjald afltaxta (C2) hækkar um 6%, en aflgjald afltaxta verður óbreytt.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar hækka um 2,9%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á B-hluta gjaldskrár Rafveitu Hafnarfjarðar, sem öðlast eiga gildi 1. ágúst 2000.

B-hluti gjaldskrár Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 295/2000, breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 2,9%, nema rofnir taxtar hækka um 4,65%.

Breytingin öðlast gildi 1. ágúst 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Gjaldskrár Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 58 frá 29. janúar 1998, breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 4%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu flugöryggisviðs Flugmálastjórnar.

1. Afgreiðslugjöld.	Kr.
1.1 Útgáfa eða endurútgáfa íslensks skírteinis einstaklings.	
Gildir um hverja tegund	5.000
1.2 Endurnýjun skírteina einstaklinga þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina sem eru í gildi.	1.000
1.3 Breyting á skírteinum einstaklinga þ.m.t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini.	1.800
1.4 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga og útgáfa JAA-skírteina	14.000
1.5 Endurútgáfa, breyting og endurnýjun annarra skírteina en skírteina einstaklinga, t.d. lofhæfiskírteini vélknúinna loftfara, skírteini viðurkenndra viðhaldsstöðva (JAR-145) og flugrekendaskírteini (AOC)	8.000

	Kr.
1.6 Skráning loftfars til atvinnuflugs (skráningarskírteini)	60.000
1.7 Skráning loftfars til einkaflugs (skráningarskírteini)	30.000
1.8 Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	5.000

2. Eftirlitsgjöld loftfara.

2.1 Eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

2.2 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis er það sama og árlegt eftirlitsgjald.

2.3 Gjald fyrir útgáfu lofthæfiskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs eftirlitsgjalds.

2.4 Gjald fyrir tímabundið lofthæfiskírteini (t.d. framlengingu lofthæfiskírteinis eða ferjuheimild) fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.

2.5 Gjald dagar eftirlitsgjalda skulu vera tveir á ári. Hinn 15. mars skal greitt fyrir tímabilið frá 1. janúar til 30. júní og 15. september skal greitt fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfiskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð. Gjöld samkvæmt þessari grein má innheimta með fjárnámi.

2.6 Fari eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld eftirlitsmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

2.7 Árleg eftirlitsgjöld fyrir vélknúin loftför eru:

	Kr.
a) fyrir loftför allt að 2700 kg	11.400
+	7,80/kg
b) fyrir loftför 2701-6700 kg	17.000
+	6,50/kg
c) fyrir loftför 6701-50000 kg	80.000
+	7,00/kg
d) fyrir loftför yfir 50000 kg	400.000
+	4,00/kg

2.8 Árleg eftirlitsgjöld loftfara sem ekki eru vélknúin eru 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför. Tilsvarandi gildir um lið 1.5.

Gjöld skv. lið 2.2 skal endurgreiða hlutfallslega eftir skráningartíma loftfars hér á landi, ef skráning varir skemur en 12 mánuði. Endurgreiða skal 1/12 hluta gjaldsins fyrir hvern heilan mánuð sem loftfarið er skemur á skrá en 12 mánuði. Þó þannig að lágmarksgjald sé 3/12 fulls gjalds.

Eftirlitsgjöld flugrekenda.

3.1 Eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.

3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekendaskírteinis (AOC) er það sama og árlegt eftirlitsgjald og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og massa loftfaranna.

3.3 Hálf árlegt eftirlitsgjald skal greiða 1. maí og 1. nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.

- 3.4 Fari eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld eftirlitsmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.
- 3.5 Árleg eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:
- | | Kr. |
|--|---------|
| a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg. | 25.000 |
| b) fyrir hvert loftfar 2701-6700 kg. | 45.000 |
| c) fyrir hvert loftfar 6701-50000 kg. | 120.000 |
| d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg. | 180.000 |

4. Prófgjöld.

- 4.1 Fyrir bókleg próf greiðast eftirtalin gjöld:
- | | Kr. |
|---|--------|
| a) einkaflugmannspróf | 10.500 |
| b) atvinnuflugmannspróf | 15.500 |
| c) atvinnuflugmannspróf 1. fl. (ATP) | 30.300 |
| d) blindflugspróf | 13.600 |
| e) flugkennarapróf | 13.600 |
| f) flugumsjónarmannspróf | 13.600 |
| g) flugvéltæknispróf | 13.600 |
| h) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórpróf | 13.600 |
| j) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein | 3.400 |
- 4.2 Verklef próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af Flugmálastjórn/flugöryggissviði. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til Flugmálastjórnar.

5. Ýmis þjónustugjöld.

- 5.1 Fyrir útgáfu leyfis til handa loftfari með takmarkað lofthæfiskírteini til að fljúga um íslenska lofthelgi
- 5.2 Vottunar- og staðfestingaráþjónusta.
- Flugmálastjórn skal endurkrefja umsækjanda um leyfi, heimildir og skírteini um útlagðan kostnað vegna sérfræðiþjónustu, t.d. lögræði- og endurskoðunarþjónustu sem stofnunin kaupir til yfirferðar og staðfestingar á gögnum, sem varða umsókn hans. Það á þó ekki við liði 2.2, 2.3 og 2.4 samkvæmt gjaldskrá þessari. Flugmálastjórn skal innheimta þóknun fyrir úttektarstörf sem stofnunin vinnur í tengslum við vottun eða viðurkenningu á starfsemi á sviði flugsamgangna, enda hafi hlutaðeigandi óskað þess. Hér er t.d. átt við, þó ekki tæmandi talning, árlega vottun á starfsemi eins og t.d. JAR-145 viðhaldsstöðva, skóla sem kenna til tegundaráritunar, flugskóla, fluglæknasetra og staðfestingu á flugrekstrarleyfi
- | | |
|----------------------------------|--------|
| Miða skal við tímagjald : | 4.800 |
| þó að hámarki á dag á mann | 38.400 |
- 5.3 Sérstök þjónusta sem óskað er eftir.
- Heimilt er að taka gjald fyrir þjónustu sem innt er af hendi fyrir aðila sem tengjast flugrekstri hafi viðkomandi bæði óskað eftir þjónustunni og samþykkt greiðslur fyrir hana, t.d. að hafa eftirlitsmann viðstaddan próf í flughermi erlendis.
- | | |
|-------------------------------------|--------|
| Miða skal gjald við tímagjald | 4.800 |
| þó að hámarki á dag á mann | 38.400 |
- 5.4 Fari próf, eftirlit eða úttekt fram erlendis greiðir viðkomandi fargjöld eftirlitsmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

6. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast hjá gjaldkera Flugmálastjórnar. Heimilt skal Flugmálastjórn að innheimta dráttarvexti á ógreidd gjöld frá gjalddaga til greiðsludags, sbr. gr. 2, 3 og 5, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60, 10. júní 1998 með síðari breytingum sbr. og lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88, 31. desember 1991 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. ágúst 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 139, 15. febrúar 1999.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2000.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

10. júlí 2000

Nr. 536

GJALDSKRÁ

fyrir flugleiðsögu, vopnaleit og afnot flugvalla.

1. Gjaldsvið.

1.1 Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.

2. Lendingargjöld.

2.1. Í innanlandsflugi og millilandaflugi skulu landingargjöld greidd af umráðendum loftfara til Flugmálastjórnar fyrir afnot af þeim flugvöllum þar sem flugupplýsingaþjónusta er veitt. Skrá yfir þá flugvelli er birt í flugmálahandbók 1. deild (AIP Iceland), sem gefin er út af Flugmálastjórn. Fyrir hverja landingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum utan Reykjavíkur, skal greiða gjald samsvarandi 7,05 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa þess, en samsvarandi 10 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af hámarksflugtaksmassa loftfars fyrir hverja landingu í Reykjavík.

2.2. Fyrir landingu loftfars í innanlandsflugi með 2.000 kg hámarksflugtaksmassa eða meiri skal greiða 238 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess fyrir hverja landingu á flugvöllum sem veita flugupplýsingaþjónustu.

Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýstra þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til kostnaðar við útkall starfsmanna, þó ekki ef um er að ræða tímabil dagvinnu kl. 09.00 – 17.00 virka daga.

2.3. Gjalddagar skulu vera 15. hvers mánaðar vegna gjaldskyldra lendinga í þar næsta mánuði á undan. Flugmálastjórn er heimilt að krefjast greiðslu gjalda samkvæmt grein þessari fyrir brottför loftfars eða krefjast tryggingar fyrir greiðslu gjalda. Nú ber gjalddaga upp á helgidag og telst þá gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir. Heimilt skal að innheimta dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

3. Stæðisgjald.

3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst.

3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi 1,40 Bandaríkjadöllum fyrir hver byrjuð 1.000 kg af massa þess.

4. Leiðarflugsgjald í innanlandsflugi.

- 4.1. Umráðendur loftfara skulu greiða leiðarflugsgjöld til Flugmálastjórnar fyrir flugumferðar- og flugleiðsögubjónustu, þ.m.t. fjarskiptabjónustu, veðurbjónustu, leitar- og björgunarbjónustu og flugupplýsingarbjónustu á flugleiðum í innanlandsflugi, sem skulu reiknast þannig í heilum krónum fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum:

Leiðarflugsgjald = 16,5 kr./km x vegalengd í km x $\sqrt{(\text{hámarksflugtakspýngd flugvélar í tonnum/50})}$.

- 4.2. Gjald dagar skulu vera 15. hvers mánaðar vegna veittrar leiðarflugsbjónustu í þar næsta mánuði á undan. Flugmálastjórn er heimilt að krefjast greiðslu gjalda samkvæmt grein þessari fyrir brottför loftfars eða krefjast tryggingar fyrir greiðslu gjalda. Nú ber gjalddaga upp á helgidag og telst þá gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir. Heimilt skal að innheimta dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

5. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum og leiðarflugsgjöldum:

- 5.1. Loftför í leitar- og björgunarflugi.
5.2. Loftför sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.
5.3. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

6. Vopnaleitargjald.

- 6.1. Umráðandi loftfars skal greiða sérstakt gjald, vopnaleitargjald, þar sem slík leit fer fram, til Flugmálastjórnar Íslands. Gjaldið greiðist fyrir hvern mann sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Fjárhæð gjaldsins skal vera 125 kr. fyrir hvern farþega. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal þó greiða 65 kr. Undanþegin gjaldskyldu eru börn yngri en tveggja ára, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra landa og Norður-Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.
- 6.2. Vopnaleitargjald fyrir farþega sem ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og öllum loftförum sem ekki er flogið á áætlunarleiðum skal greiða fyrir brottför loftfars. Við brottför loftfars skal afhenda Flugmálastjórn, eða eftir atvikum umboðsmanni Flugmálastjórnar í flugstöð, skrá sem hefur að geyma upplýsingar um fjölda farþega með loftfarinu, áhöfn þess og hverjir séu undanþegnir gjaldskyldu, sbr. gr. 6.1. Heimilt er Flugmálastjórn að semja svo um að rekstraraðili loftfars afhendi umrædda skrá um leið og vopnaleitargjald er greitt, sbr. gr. 6.3. hér á eftir. Vopnaleitargjald skal greiðast hjá gjaldkera Flugmálastjórnar Íslands, eða eftir atvikum aðila sem Flugmálastjórn hefur tilnefnt til þessa. Flugmálastjórn skal heimilt að setja slíkum aðila sérstök skilyrði um innheimtu gjaldsins.
- 6.3. Heimilt er að veita gjaldfrest til 15. dags næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Vopnaleitargjald fyrir farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum skal greiða eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Nú ber gjalddaga upp á helgidag og telst þá gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir. Heimilt skal að innheimta dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

7. Þjónustugjald.

- 7.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.
- 7.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af Flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild Flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

8. Leigugjöld.

- 8.1. Heimilt er að innheimta leigugjald fyrir afnot húsnæðis, flugskýla eða lóða á vegum Flugmálastjórnar. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði Flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

9. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 71. gr., 71. gr. a., 71. gr. b. og 3. mgr. 139. gr. laga um loftferðir nr. 60, 10. júní 1998, sbr. síðari breytingar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. ágúst 2000 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 544, 7. september 1998 um afnot flugvalla.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2000.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.

17. júlí 2000

Nr. 537

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Sjómannabjónustan í Reykjavík og nágrenni.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Sjómannabjónustan í Reykjavík og nágrenni. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru:

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

Sjómannadagsráð

Sjómannafélag Reykjavíkur

Vélstjórafélag Íslands

Þjóðkirkjan

3. gr.

Stofnfé er kr. 504.000 og má ekki skerða að raungildi. Stofnféð kemur frá Sjómannafélagi Reykjavíkur sem og þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum, sem berast og safnað verður til stofnunarinnar. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar.

4. gr.

Markmið og tilgangur stofnunarinnar er:

að reisa, kaupa eða leigja og reka sjómannabjónustu á höfuðborgarsvæðinu er veitir öllum sjómönnum, íslenskum sem erlendum, þjónustu á sviði mannúðar-, upplýsinga-, fræðslu- og velferðarmála.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að afla fjár til starfseminnar hjá innlendum og alþjóðlegum stofnunum og samtökum og leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda.

5. gr.

Hver stofnandi velur einn mann í fulltrúaráð og einn til vara. Kjörtímabil er þrjú ár. Nú lætur fulltrúi í fulltrúaráði af störfum og skal þá viðkomandi stofnaðili velja annan í hans stað, þannig að stofnaðili haldi jafnan fullri tölu aðal- og varamanna.

Hlutverk fulltrúaráðs er að fylgjast með rekstri stofnunarinnar og vera tengiliður milli hennar og stofnenda, að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur. Fulltrúaráð ber ábyrgð á fjárvörslum stofnunarinnar.

6. gr.

Á fyrsta fundi kýs fulltrúaráð formann úr sínum hópi. Þá kýs fulltrúaráð tvo menn í þriggja manna framkvæmdastjórn til þriggja ára, en formaður fulltrúaráðs er jafnframt formaður framkvæmdastjórnar. Að öðru leyti skal skipta verkum meðal stjórnarmanna, þ.e. kjósa varaformann og önnur embætti eftir því sem rétt þykir. Stjórnin gerir fjárhagsáætlun stofnunarinnar til eins árs í senn, ræður löggiltan endurskoðanda og velur tvo félagslega skoðunarmenn reikninga úr röðum stofnenda.

Framkvæmdastjórn leggur fram endurskoðaða reikninga á vorkundi og kynnir drög að skýrslu fulltrúaráðs fyrir síðasta ár. Á haustfundi er lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs. Stjórnarmenn skulu árlega kynna umbjóðendum sínum ársreikninga stofnunarinnar.

Til að sinna hlutverki sínu skal fulltrúaráð koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Nú krefjast tveir fulltrúar í fulltrúaráði þess að mál verði tekið á dagskrá og skal þá þegar kalla fulltrúaráðið saman. Skal sú krafa vera skrifleg og stíluð á formann. Slíkir fulltrúaráðsfundir geta aðeins tekið til umfjöllunar þau mál sem eru tilefni fundarins.

Fulltrúaráði er óheimilt að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum sem eru tilgangi hennar óviðkomandi. Eigi má selja eða veðsetja fasteignir stofnunarinnar nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

7. gr.

Framkvæmdastjórn fer með fjármál stofnunarinnar og hefur yfirumsjón með daglegum rekstri hennar, ræður starfsfólk og setur þeim starfsreglur.

8. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum með samþykki allra stofnenda. Hætti einhver aðili stofnunarinnar þátttöku á viðkomandi aðili ekki tilkall til hlutdeildar í eignum Sjómannabjónustunnar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki allra fulltrúa í fulltrúaráði. Bera skal breytingar undir dómsmálaráðherra.

10. gr.

Nú telur fulltrúi í fulltrúaráði sér eigi fært að annast rekstur stofnunarinnar áfram og skal þá hverjum einstökum stofnaðila gefinn kostur á að annast rekstur hennar áfram, enda verði hlutverk hennar óbreytt.

Nú er stofnuninni slitið og fellur hún þá ásamt öllum eignum sínum til Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Hrafnistu.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt á stofnfundi Sjómannabjónustunnar í Reykjavík 17. maí 2000.

Grétar Mar Jónsson, FFSÍ Guðmundur Hallvarðsson, SDR Borgþór S. Kjærnested, SR

Helgi Laxdal, VÍ Jón Dalbú Hróbjartsson, Þjóðkirkjan

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2000.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

17. júlí 2000

Nr. 538

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Númer í B-deild Stjórnartíðinda
107	Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar	130/1912
121	Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur	63/1915
507	Ekknasjóður Akraness	58/1942
545	Minningarsjóður Þórarins Kristjánssonar, hafnarstjóra	199/1943
575	Bókasjóður Víðihlíðar	189/1944
589	Minningarsjóður hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur og Hjalta Jóhannssonar og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur	116/1945
715	Bókasafnssjóður sjúkrahússins á Patreksfirði	16/1950
720	Líknar- og menningarsjóður Ljósmeðrafélags Reykjavíkur	56/1950
756	Minningarsjóður Sigríðar Lárettu Pétursdóttur og Steinunnar Stefaníu Einarsdóttur	179/1951
863	Slysa- og sjúkrasjóður Lögreglufélags Reykjavíkur	18/1958
934	Minningarsjóður Sigríðar Bogadóttur og Guðmundar Þorvarðssonar	173/1961

Nr. í sjóða-skrá	Heiti	Númer í B-deild Stjórnartíðinda
957	Fegrúnarsjóður Skarðskirkju	58/1963
1040	Míningarsjóður Erlings Pálssonar	236/1968
1190	Samtökin „Ungt fólk með hlutverk“	121/1978
1197	Námssjóður Lis og Ingvarð Thorsen	244/1978
1272	Heilsuhællissjóður Náttúrulækningafélags Íslands	503/1983
1335	Styrktarsjóður aldraðra	365/1984
1386	Heimsljós	431/1990
1412	Orð lífsins	71/1992

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2000.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um sérákvæði sem eiga við um heimildir dýralækna til ávísunar lyfja en að öðru leyti fer samkvæmt reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

2. gr.

Aðeins dýralæknum er heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga.

3. gr.

Til búfjár teljast, samkvæmt þessari reglugerð, nautgripir, svín, sauðfé, geitur, hestar og önnur hóf- og klaufdýr, loðdýr og hvers kyns fiðurfénaður, auk þess eldisfiskur (hvers kyns eldisdýr í sjó eða ferskvatni) og önnur dýr sem haldin eru til matvælaframleiðslu.

Með dýri er átt við öll dýr, þar með talið búfé.

Með dýralyfi er átt við lyf sem ætlað er til dýralækninga.

Með eiganda eða umráðamanni dýrs er átt við einstakling eða lögaðila sem á eða hefur umsjón með viðkomandi dýri.

II. KAFLI

Lyf, sem óheimilt er að nota handa dýrum eða notkun þeirra er háð sérstökum takmörkunum.

4. gr.

Lyf, sem innihalda eftirtalin efni, er óheimilt að nota handa dýrum:

1. Stilben efnasambönd.
2. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils.
3. Arsenik og arseniksambönd.

4. Blý og blýsambönd.
5. Klófenótan.
6. Kvikasilfur og kvikasilfursambönd.

5. gr.

Eftirtalin lyf má ekki gefa búfé:

1. Nítrófúransambönd.
2. Rónídasól.
3. Dapsón.
4. Klóramfeníkól, nema til notkunar í augu eða eyru.
5. Fúrasólidín.
6. Dímetrídasól.

6. gr.

Lyf, sem hafa hormóna- eða hormónalíka verkun, þar með talið sómatrópín og beta-adrenvirk lyf, má ekki gefa búfé til að örva vöxt þess eða til að auka afurðir. Notkun handa búfé í öðrum tilgangi er óheimil nema að fengnu skriflegu leyfi lyfjanevndar ríkisins.

Lyf, sem innihalda súlfadímídín (súlfametasín), má ekki gefa svínunum.

7. gr.

Lyf, sem innihalda eitthvert eftirtalinna efna, má einungis nota handa dýrum eða á hrogn eldisfiska, að fenginni skriflegri heimild lyfjanevndar ríkisins:

1. Vefaukandi sterar.
2. Malakítgrænt.

8. gr.

Lyf sem talin eru í 7. gr. má einungis afhenda dýralækni gegn framvísun skriflegrar heimildar lyfjanevndar ríkisins og í því magni sem heimildin nær til.

9. gr.

Eftirtalin lyf má eingöngu nota handa dýrum þegar dýralæknir gefur þau sjálfur og má því einungis afgreiða þau til dýralæknis eða umboðsmanns sem hann tilnefnir, enda sé lyfjunum ætíð ávísað á nafn dýralæknis og til nota í starfi:

1. Verkjastillandi lyf til inndælingar.
2. Róandi lyf, svefnlyf og svæfingalyf til innöndunar og inndælingar.
3. Bólgueyðandi stungulyf, sem ekki eru sterar.
4. Ávana- og fíknilyf, sbr. reglugerð um ávana- og fíknilyf.
5. Stungulyf sem innihalda selen, nema þau séu ætluð unglömbum.
6. Stungulyf sem hafa beina örvandi verkun á kólínviðtaka.
7. Eftirtaldir hormónar og efnasambönd með hormónlíka verkun, á formi stungulyfja:
 - a. Hormónar nýrnaheittubarkar.
 - b. Nýrnaheittuhormónar.
 - c. tæmingar á jógri kúa.
 - d. Prógesterón og afleiður þess.
 - e. Prostaglandín og efni eða efnasambönd með líka verkun.
 - f. Testósterón og afleiður þess.
 - g. 17- β -estradíól og afleiður þess.
 - h. Gestagen efni og gónadótrópi hormón.

8. Staðdeyfilyf til inndælingar.
9. Bóluefni handa öðrum dýrum en búfé.
10. Bóluefni handa búfé nema um sé að ræða dauð bóluefni til hjarðmeðhöndlunar, t.d. sauðfé, alifuglar og eldisfiskur. Bólusetning alifugla og eldisfisks skal þó ætíð vera undir umsjón og eftirliti dýralæknis.
11. Stungulyf í ATC vet-flokki Q P 54 A A (avermektínar).
12. Skeiðarlyf til samstillingar gangmáls.
13. Bóluefni við garnaveiki.
14. Aflífunarefni.

Þrátt fyrir ákvæði 4. tl. 1. málsgreinar er dýralækni þó heimilt að ávísa til afgreiðslu ávana- og fíknilyfi til inntöku, enda sé lyfið ekki ætlað búfé.

10. gr.

Einungis dýralækni er heimilt að sprauta lyfjum í æð, kviðarhol, liði, sinafestur og beinmerg. Þá er dýralæknum einum heimilt að gefa lyf í leg. Bólusetning eldisfisks í kviðarhol er þó undanþegin ákvæðum þessarar greinar enda sé bólusetningin undir umsjón og eftirliti dýralæknis.

III. KAFLI

Lyf, sem dýralæknar mega ávísa eigendum eða umráðamönnum dýra.

11. gr.

Þrátt fyrir takmarkandi ákvæði þessarar reglugerðar, er dýralækni heimilt, að fengnu skriflegu leyfi yfirdýralæknis, að ávísa eiganda eða umráðsmanni dýra eftirtöldum lyfjum í neyðarkassa til lengri ferðalaga, þegar gera má ráð fyrir að erfitt eða ómögulegt verði að ná í dýralækni:

1. Sýklalyf.
2. Lyf við hrossasótt.
3. Verkjastillandi lyf, þó ekki eftirritunarskyld lyf.
4. Staðdeyfilyf til útvortis notkunar.
5. Lyf til inntöku í ATC vet-flokki Q N 05A A.

12. gr.

Dýralæknum er heimilt að ávísa eigendum eða umráðamönnum dýra, dýralyfi sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir á Íslandi enda sé lyfið notað við ábendingu og handa dýrategund sem tilgreind er í markaðsleyfinu.

13. gr.

Þegar ekki er fánlegt lyf sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir á Íslandi gegn ákveðnum sjúkdómi í tilgreindri dýrategund er dýralækni heimilt, á eigin ábyrgð, að gefa eða hafa sjálfur umsjón með því að eitt dýr eða fáein dýr á einu heimili fái:

1. Dýralyf sem notkun hefur verið leyfð á vegna annarrar dýrategundar eða annars sjúkdóms í sömu tegund, eða
2. ef ekki er til lyf eins og um getur í 1. tölulið, lyf sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir handa mönnum, eða
3. ef ekki er til lyf eins og um getur í 2. tölulið að framleitt sé í lyfjabúð lyf í samræmi við forskrift dýralæknis.

Notkun lyfs samkvæmt þessari grein er þó óheimil, nema að fengnu samþykki lyfjaneftar ríkisins, sé lyfið ætlað búfé sem gefur af sér afurðir ætlaðar til manneldis.

14. gr.

Þegar lyfi skv. 13. gr. er ávísað búfé og ekki er gefinn upp biðtími afurðanýtingar, skal hann ekki vera skemmri en:

Biðtími	Afurðir
7 dagar	Egg
7 dagar	Mjólk
28 dagar	Kjöt af alifugli og spendýrum, þar með talin fita og innmatur
500 gráðudagar	Fiskur

IV. KAFLI

Lyf handa eldisfiski.

15. gr.

Notkun bóluafna, sýklalyfja og litarefna handa eldisfiski er óheimil nema að fengnu samþykki fisksjúkdómanefndar. Samþykki nefndarinnar kemur ekki í stað þeirra heimilda sem krafist er eða skilyrða sem sett eru, í þessari reglugerð.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Forskriftarlyf, sem og stungulyf ætluð dýrum, skulu vera lyfseðilsskyld. Hið sama skal eiga við um ormalyf handa búfé í pakkningum sem ætlaðar eru fleiri en einu dýri.

17. gr.

Óheimilt er að meðhöndla dýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis og skal dýralæknir sjálfur hefja meðferðina, þegar um búfé er að ræða. Þó er heimilt, að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis, að hefja notkun sýklalyfjablandaðs fódurs og sýklalyfja til blöndunar í drykkjarvatn, án þess dýralæknir hefji meðferðina.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er yfirdýralækni heimilt, að veita dýralækni undanþágu frá kröfu um að hann hefji sjálfur sýklalyfjameðferð á búfé þar sem landfræðilegir staðhættir, veðurfar eða aðrar ytri aðstæður hindra dýralækni í að hefja meðferðina.

VI. KAFLI

Eftirlit, viðurlög og gildistaka.

18. gr.

Eftirlit.

Lyfjastofnun hefur eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt. Skyld er að láta Lyfjastofnun í té þau gögn eða upplýsingar sem það telur nauðsynlegt vegna starfsins.

19. gr.

Viðurlög

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum.

Um mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, fer að hætti opinberra mála.

20. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr., sbr. 44. gr., lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. ágúst 2000. Jafnframt falla þá úr gildi 22.-28. gr. reglugerðar nr. 421/1988 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af tilskipun 81/851/EBE, sem er hluti af samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. júlí 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð S. Gunnarsson.

Nr. 540

25. júlí 2000

REGLUGERÐ

**um greiðslu gjalds til Próunarsjóðs sjávarútvegsins
fiskveiðiárið 2000/2001.**

1. gr.

Eigendur fiskiskipa sem fá úthlutað aflaheimildum þann 1. september 2000 skulu greiða gjald er nemur 1.230 krónum á hvert úthlutað þorskígildstonn miðað við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; þann 1. september 2000, 1. janúar 2001 og 1. maí 2001. Eigandi fiskiskips er fær úthlutun á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þeirrar úthlutunar. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga þann 1. janúar 2001, 1. maí 2001 og 1. september 2001. Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga 1. maí 2001, 1. september 2001 og 1. janúar 2002. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga 1. september 2001, 1. janúar 2002 og 1. maí 2002.

Fari stjórn fiskveiða krókabáta fram með öðrum hætti en úthlutun aflaheimilda á grundvelli aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar skal eigandi báts greiða 1.230 kr. af hverju lönduðu þorskígildstanni viðkomandi báts, í tegundum þar sem hann er ekki bundinn aflatakörkunum en sæta ákvörðun um heildarafla, á tímabilinu 1. ágúst 1999 til 31. júlí 2000 miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Miða skal við verðmætastuðla samkvæmt 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; 1. september 2000, 1. janúar 2001 og 1. maí 2001.

2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiskiskips niður án frekari viðvörunar. Hæstu lögleyfðu dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

3. gr.

Við útreikning þorskígildisstuðla við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi þorskígildisstuðla: Þorskur 1,00, ýsa 1,15, ufsi 0,50, karfi 0,55, steinbítur 0,65, grálúða 1,65, skarkoli 1,25, langlúra 0,70, þykkvalúra 1,20, skrápflúra 0,50, sandkoli 0,50, loðna 0,03, síld 0,06, norsk-íslensk síld 0,04, humar (slitinn) 6,85, rækja 0,90 og hörpudiskur 0,30.

4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir eiganda fiskiskips reikning vegna gjalds þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Þróunarsjóðs. Ennfremur skal koma fram úthlutað magn eða viðmiðunaraflí viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildistonn, heildarfjárhæð gjalds, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri banka-reiknings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt úthlutað þorsk-ígildistonn verði ekki nýtt. Eigandi fiskiskips er gjaldskyldur vegna úthlutaðra þorsk-ígildistonna þótt aflaheimildir verði framseldar á annað fiskiskip.

5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júlí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Kristín Haraldsdóttir

SAMÞYKKT

um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

I. KAFLI

Markmið og leiðir.

1. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að draga úr myndun úrgangs, að auka endurnotkun og endurnýtingu (þ.m.t. endurvinnslu og orkuvinnslu), þannig að úrgangur valdi sem minnstum áhrifum í umhverfinu, staðbundið og hnattrænt.

2. gr.

Byggðasamlög um sorpeyðingu á Norðurlandi eystra og sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eru ekki aðilar að slíkum byggðasamlögum, skulu hafa frumkvæði að samstarfi við almennung, frjáls félagasamtök, stofnanir, fyrirtæki, endurvinnslur og hagsmunasamtök um fræðslu og gerð áætlana, framkvæmd þeirra, eftirfylgni og stöðumat í samræmi við markmið 1. gr.

II. KAFLI

Um sorphirðu sveitarfélaga.

3. gr.

Sveitarfélögin annast sorphirðu á heimilisúrgangi frá öllum íbúðarhúsum þar sem því verður við komið. Úrgangurinn skal vera flokkaður í samræmi við það flokkunarkerfi sem er í notkun á hverjum tíma. Með sorphirðu er átt við söfnun, flutning og geymslu til

endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að starfrækslu þeirra er hætt.

4. gr.

Sveitarfélögin reka söfnunar- eða móttökustöðvar þar sem tekið er við flokkuðum úrgangi, skv. ákvörðun sveitarstjórnar, frá íbúum, stofnunum og fyrirtækjum til endurnotkunar og endurnýtingar, sbr. 9. gr. Úrgangur sem ekki verður endurnotaður eða endurnýttur er fluttur til förgunar á förgunarstað.

5. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að fela verktökum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem annast sorphirðu skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

6. gr.

Sveitarfélög leggja íbúðum til sorpílát fyrir tilteknar tegundir úrgangs. Ílátin skulu þannig gerð að auðvelt verði að flokka úrgang í samræmi við það flokkunarkerfi sem er í notkun á hverjum tíma.

7. gr.

Ílát fyrir sorp og aðra flokka úrgangs skulu tæmd reglubundið og um tíðni sorphirðu skal haft samráð við heilbrigðisnefnd.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar að setja gjaldskrá og innheimta sorphirðugjöld til að standa straum af öllum kostnaði við sorphirðu, þ.m.t. kostnað vegna lokafrágangs og vöktunar á förgunarstað og mega gjöld aldrei vera hærrí en sem nemur rekstrarkostnaði við veitta þjónustu. Gjöld miðast við stærð og fjölda íláta, magn úrgangs og tíðni sorphirðu. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum, samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd eða samkvæmt sérstöku samkomulagi hlutaðeigandi aðila og sveitarstjórnar.

III. KAFLI

Um sorphirðu hjá íbúum, fyrirtækjum og stofnunum.

9. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þær flokkunaraðferðir og ílát við sorpgeymslu og sorphreinsun sem sveitarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd.

10. gr.

Helstu flokkar heimilísúrgangs eru: **Lífrænn úrgangur** (matarleifar af ýmsu tagi), **pappír** (dagblöð, tímarit, umbúðir), **plast og plastumbúðir**, **skilagjaldsvörur** (plast, ál, gler), **garðaúrgangur** (greinar, lauf, gras), **timbur** (byggingaefni, húsgögn), **fatnaður**, **heimilistæki** (kælar, frystar, þvottavélar, tölvur), **brotamálmar** (járn, ál og fleira), **steinefni** (grjót, mól, mold) og **spilliefni** (hættulegur efnaúrgangur, t.d. leysiefni, lakk, málning, fúa-varnaefni, olfur, hreinsiefni, raffhlöður og lyfjaafgangar).

11. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

12. gr.

Spilliefni og hættulegur efnaúrgangur er best geymdur í upprunalegum umbúðum og þess skal gæta sérstaklega að slíkur úrgangur blandist ekki við annan úrgang og honum skilað inn til endurvinnslu- eða söfnunarstöðvar sem hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

13. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu skal beina til skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægandi úrlausn hjá sveitarstjórn getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

15. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæðinu, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

REGLUGERÐ

um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti.

I. KAFLI

Almenn ákvæði og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti, sbr. skilgreiningar á þessum vörum í 2. gr. og í viðauka. Reglugerðin gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins og ekki um leysanlegt „café torrefacto“.

2. gr.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Kaffi: Fræ (baunir) kaffitrésins (*Coffea arabica*), óbrennd eða brennd, heil eða möluð, sem engin mikilvæg innihaldsefni eiginleg kaffi hafa verið fjarlægð úr. Aldinhýði skal algerlega hreinsa af fræjum og fræhyði (silfurhyði) eins vel og unnt er. Hráefni í kaffi má ekki innihalda meira en 7 g/100 g af öðrum efnum kaffitrésins en fræjum og ekki meira en 3 g af öðrum innihaldsefnum.

Kaffikjarni: Vara, af mismunandi styrkleika, sem eingöngu er fengin með útdrætti með vatni úr brenndum kaffibaunum. Varan inniheldur leysanleg efni og ilmefni úr kaffinu. Einnig kunna að vera til staðar óleysanlegar olíur og snefill af öðrum óleysanlegum efnum úr kaffi. Við útdráttinn er ekki heimilt að nota aðferðir sem krefjast viðbættar sýru eða

basa. Með kaffikjarna í reglugerð þessari er átt við kaffikjarna, leysanlegan kaffikjarna, leysanlegt kaffi eða auðleysanlegt (instant) kaffiduft.

Kaffibætur: Vara, af mismunandi styrkleika, sem eingöngu er fengin með útdrætti með vatni úr brenndum kaffifíflum og er þá óheimilt að nota aðferðir sem krefjast viðbættar sýru eða basa. Með kaffibæti í reglugerð þessari er átt við kaffibæti, leysanlegan kaffibæti eða auðleysanlegt (instant) kaffibætisduft.

Kaffifífill: Afurð sem unnin er úr hreinsuðum, þurrkuðum og brenndum rótum *Cichorium intybus L.*, sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum en ekki til ræktunar á salati (jólasalat/hvítlaufssalat).

II. KAFLI

Samsetning og merking.

3. gr.

Aðferðir til greiningar á kaffikjarna og kaffibæti skulu vera í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 79/1066/EBE (OJ L327 24.12.79).

4. gr.

Heiti í viðauka skal eingöngu nota um vörur sem þar er getið og er skylt að nota þau í viðskiptum til að lýsa vörunni.

5. gr.

Auk ákvæða reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum vöru sem dreift er til neytenda:

- a) heiti vörunnar samanber viðauka. Að auki skal koma fram á hvaða formi hún er á eftirfarandi hátt, eftir því sem við á:
 - i) „massi“ eða „á massaformi“
 - ii) „vökvi“ eða „á vökvaformi“
- b) við heiti er heimilt að bæta hugtakinu „þykkt“ þegar um er að ræða:
 - *kaffikjarnalausn*, að því tilskildu að innihald þurrefnis úr kaffi sé meira en 25% miðað við þyngd;
 - *kaffibætislausn*, að því tilskildu að innihald þurrefnis úr kaffifíflum sé meira en 45% miðað við þyngd;
- c) hugtakið „kaffínlaust“ fyrir kaffikjarna er heimilt að merkja, að því tilskildu að innihald kaffíns fari ekki yfir 0,3% miðað við þyngd þurrefnis í kjarnanum;
- d) hugtakið „kaffínlaust“ fyrir kaffi er heimilt að merkja, að því tilskildu að innihald kaffíns fari ekki yfir 0,1% miðað við þyngd;
- e) hugtakið „sykurbrennt“ ef kjarninn er unninn úr sykurbrenndu hráefni og hugtökin „með sykri“, „varið skemmdum með sykri“ eða „með viðbættum sykri“ er heimilt að merkja á umbúðir ef sykri hefur verið bætt í hráefnið eftir brennslu, þegar um kaffikjarnalausn og lausn af kaffibæti er að ræða. Þegar aðrar sykurtegundir en súkrósi eru notaðar skal þess getið í staðinn fyrir „sykur“;
- f) fyrir kaffikjarnamassa og kaffikjarnalausn skal lágmarksinnihald kaffiþurrefnis gefið upp sem hundraðshluti af þyngd fullunninnar vöru. Hið sama gildir um kaffibætismassa og kaffibætislausn.

Upplýsingar samkvæmt liðum a-f skal merkja á sama sjónsviði og merking nettóþyngdar og geymslupóls.

III. KAFLI Ýmis ákvæði og gildistaka.

6. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að vörur sem hér eru á markaði og um getur í viðauka séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

7. gr.

Eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt skal vera í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 522/1994 um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

8. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. og 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 22. tölul., tilskipun 79/1066/EBE og tilskipun 99/4/EB. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 447/1994 um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 30. september 2001 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er dreifing vörunnar óheimil.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

VIÐAUKI Skilgreining á framleiðsluvörum.

1. Kaffikjarni:

a) *Þurrkaður kaffikjarni*

kaffikjarni í föstu formi sem inniheldur ekki minna en 95% af kaffiþurrefni miðað við þyngd.

Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar.

b) *Kaffikjarnamassi*

kaffikjarni í formi massa, sem inniheldur 70-85% af kaffiþurrefni miðað við þyngd.

Þessi vara má ekki innihalda önnur efni en þau sem fengin eru með útdrætti hennar.

c) *Kaffikjarnalausn*

kaffikjarni í vökvaformi sem inniheldur 15-55% af kaffipurrefni miðað við þyngd. Kaffikjarnalausn má innihalda sykur, brenndan eða óbrenndan, að hámarki 12% miðað við þyngd.

2. Kaffibætir:a) *Purrkaður kaffibætir*

kaffifífilskjarni í föstu formi sem inniheldur ekki minna en 95% af kaffifífilspurrefni miðað við þyngd.

Efni sem ekki eru unnin úr kaffifífla mega ekki fara yfir 1% miðað við þyngd.

b) *Kaffibætismassi*

kaffifífilskjarni í massaformi sem inniheldur 70-85% af kaffifífilspurrefni miðað við þyngd.

Efni sem ekki eru unnin úr kaffifífla mega ekki fara yfir 1% miðað við þyngd.

c) *Kaffibætislausn*

kaffifífilskjarni í vökvaformi sem inniheldur 25-55% af kaffifífilspurrefni miðað við þyngd.

Kaffibætislausn má innihalda sykur, brenndan eða óbrenndan, að hámarki 35% miðað við þyngd.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á jarðhnetum frá Egyptalandi sem ætlaðar eru til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn jarðhnetur sem að uppruna eru frá Egyptalandi að því tilskildu að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt. Þetta á við um hnetur í hýði í tollflokki 1202.1000, afhýddar, sundurskornar eða heilar hnetur í tollflokki 1202.2000 og aðrar jarðhnetur í tollflokki 2008.1109. Með vörusendingunni skulu fylgja rannsóknaniðurstöður vegna greiningar á sveppaeitri (afltoxíni), sem hægt er að rekja til vörusendingarinnar auk rekjanlegs heilbrigðisvottorðs. Hollustuvernd ríkisins skal meta þau vottorð sem lögð eru fram þessu til staðfestingar.

3. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Auglýsingin er birt skv. 28. gr. laga um matvæli og með hliðsjón af ákvörðun Evrópu-sambandsins nr. 2000/49/EB um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 19. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð úr landi Hafnar, Leirár- og Melahreppi.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps hefur hinn 25. júní 2000 samþykkt deiliskipulag á lóð úr landi Hafnar í Leirár- og Melahreppi. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Leirár- og Melahreppi, 20. júlí 2000.

Sigurður Valgeirsson oddviti.

19. júlí 2000

Nr. 545

SAMÞYKKT

um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

1. gr.

Borgarbyggð sér um söfnun og förgun sorps frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og förgun sorps frá atvinnuhúsnæði. Húseigendur í dreifbýli og eigendur frístundahúsa og annarra fasteigna skili sorpúrgangi í sérmerktu gáma er staðsettir verða í dreifbýli Borgarbyggðar. Bæjarstjórn Borgarbyggðar mun á hverjum tíma ákveða hvers konar sorpúrgang verður heimilt að setja í gámana.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum, framkvæmd söfnunar og förgunar sorps. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar Vesturlands eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með söfnun og förgun úrgangsefna og að farið sé að samþykkt þessari.

2. gr.

Íbúar í Borgarbyggð noti þau ílát og þær aðferðir við söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps sem bæjarstjórn ákveður, í samráði við heilbrigðisnefnd. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar og skulu húsráðendur halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda leið að þeim greiðfærum á söfnunardögum.

Borgarbyggð leggur til sorpílát við upphaf breyttrar sorphirðu til einstaklinga.

3. gr.

Í almenn sorpílát við heimili í þéttbýli má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun sorps, sbr. 2. gr. Ekki má setja í þau mold, mól, grjót, byggingarúrgang, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni og annar hættulegar úrgangur má ekki fara í sorpílát né heldur lyf. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Móttaka á sorpi sem ekki er heimilt að setja í sorpílát, er á gámastöð við Sólbakka þar sem rekin er móttöku- og flokkunarstöð fyrir sorp.

5. gr.

Tíðni sorphreinsunar skal vera háð ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Ákvörðun um tíðni sorphreinsunar skal tilkynnt íbúum sveitarfélagsins með hæfilegum fyrirvara. Æski húsráðendur að sorp verði fjarlæggt oftar bera þeir sjálfir kostnað af slíkum hreinsunum.

6. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða sorp á víðavangi, götum, gangstígum, lóðum eða fjörum í sveitarfélaginu eða skilja þar eftir númerslausa bíla, vélar og önnur tæki.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar að setja gjaldskrá til að standa undir kostnaði við söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorpmála í sveitarfélaginu, skal hann koma henni á framfæri til sveitarfélagsins. Sætti húsráðandi sig ekki við afgreiðslu sveitarfélagsins er honum heimilt að leita til heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

10. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 19. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. grein samþykktar um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að árgjald vegna sorphirðu í þéttbýli verði kr. 6.600 og árgjald vegna sorpförgunar verði kr. 3.600 á hvert heimili. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að árgjald frístundahúsa vegna sorpgáma verði kr. 1.800, jafnframt því sem árgjald þeirra vegna sorpförgunar verði kr. 1.200.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við lið 08. Vélavinna og akstur í byggingarvísitölu fjölbýlishúss um hver áramót. Vísitala við gildistöku gjaldskrár var 266,6.

Brotmálmar:	kr. 1.000	per m ³ .
Brotmálmar:	kr. 4.000	per tonn.
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva):	kr. 5.000	per stk.
Timbur:	kr. 600	per m ³ .
Grófur úrgangur (grjót, gler, garðauðgangur, jarðvegur o.s.frv.):	kr. 550	per m ³ .
Pappír (ekki bylgjupappi):	kr. 1.500	per m ³ .
Dekkjaúrgangur (skorin dekk 50% af gjaldi fyrir heil dekk):	kr. 4.400	per m ³ .
Blandað pressanlegt sorp:	kr. 1.500	per m ³ .

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag ofan á ofangreind verð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af úrgangi frá heimilum í einu án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni. Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 218/1999 um sorphirðu- og sorpeyðingargjald í Borgarbyggð.

Borgarnesi, 15. júlí 2000.

F.h. bæjarstjóra,
Eiríkur Ólafsson
 bæjarritari.

AUGLÝSING

um bann við lausagöngu ógeltra hesta 12 mánaða og eldri í Skagafirði.

Ógeltum hestum 12 mánaða og eldri skal haldið í öruggri vörslu allt árið. Örugg varsla er nánar skilgreind í reglugerð um vörslu búfjár nr. 59/2000. Gildir auglýsing þessi fyrir allt starfssvæði hrossaræktarsambands Skagfirðinga. Auglýsing þessi er sett samkvæmt beiðni landbúnaðarnefndar Skagafjarðar og hrossaræktarsambands Skagafjarðar að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og með heimild í 6. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl. ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. júlí 2000.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Svæði A (Gamli bærinn)

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 1. febrúar 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir svæði A (Gamli bærinn). Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eldri skipulög fyrir sama svæði.

Reykjanesbæ, 24. júlí 2000.

Hjörtur Zakariásson bæjarritari.

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 2000

2. ágúst 2000

1317

Nr. 549

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 451/2000 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á hvítkáli og papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	07.08. – 13.08.00	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i> 0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	03.08. – 20.08.00	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. ágúst 2000.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 310, 8. maí 2000, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu og dragnót suður og vestur af Surtsey.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 310, 8. maí 2000, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu og dragnót suður og vestur af Surtsey með síðari breytingum nr. 339, 16. maí 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 5. ágúst 2000.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 2000.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 2000

2. ágúst 2000

1319

Nr. 551

AUGLÝSING

um leiðréttingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi leiðréttingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 482, er tók gildi 3. júlí 2000:

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

2. Gjöld

Flutningsaflgjald 1.500 kr/kW

Iðnaðarráðuneytinu, 2. ágúst 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

3. ágúst 2000

Nr. 552

REGLUGERÐ

um humarveiðar.

1. gr.

Bátum sem hafa aflamark í humri og eru 210 brl. eða minni er heimilt að stunda humarveiðar. Þó er skipum sem búin eru 900 hestafla aðalvél eða stærri óheimilt að stunda humarveiðar. Veiðisvæðið fyrir suður- og suðvesturströndinni markast að austan af línu sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Papey. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Malarrífi.

Óheimilt er að stunda veiðar á grynna vatni en 55 föðmum.

Heimild þessi gildir ekki þar sem togveiðar eru bannaðar með skyndilokunum eða reglugerð.

2. gr.

Slitinn humar í þriðja stærðarflokki 6-10 g að þyngd og óslitinn 20-33 g að þyngd telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 5% af humarafla skipsins í veiðiferð.

Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall slitins og óslitins humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hvernar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir telst humarinn að fullu metinn til aflamarks.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa tvö netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan netþak.

Aftara netstykkið skal vera 2 x 2 metrar og skal það staðsett 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur netstykkisins skal festast við 5 upptökur efra byrðisins.

Lágmarksmöskvastærð netþaks í humarvörpu skal vera 135 mm. Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum eða umbúnaði af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að festa undir pokann net, allt að 9 m að lengd, með 135 mm möskvastærð til að draga úr sliti.

4. gr.

Þegar humarveiðar eru stundaðar er óheimilt að hafa önnur veiðarfæri en humarvörpur um borð í veiðiskipinu.

5. gr.

Ílát undir humar um borð í veiðiskipi skulu greinilega merkt skipinu og skal veiðidagur tilgreindur á þeim.

Um meðferð afla um borð í veiðiskipi vísast til ákvæða reglugerðar nr. 233, 30. mars 1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávaraflla og fiskafurða með síðari breytingum.

6. gr.

Um vigtun humars fer samkvæmt reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla. Óheimilt er að frysta humar um borð í veiðiskipi.

7. gr.

Óheimilt er að stunda botnfiskveiðar með humarvörpu. Verði um óeðlilega botnfiskveiði að ræða að mati Fiskistofu er henni heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í atvinnuskyni.

8. gr.

Skylt er að hirða allan humar og fiskaflla, sem fiskiskip fær í humarvörpu og reiknast fiskafli til botnfiskaflamarks skipsins. Verði aðili uppvís að því að henda humri eða fiski frá fiskiskipi varðar það tafarlausri sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Skal botnfiski haldið aðgreindum eftir tegundum og hann veginn á löndunarstað skv. ákvæðum reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla.

9. gr.

Heimilt er hverju skipi að flytja allt að 20% af aflamarki sínu í humri frá yfirstandandi fiskveiðiári til þess næsta. Varðandi framsal aflamarks vísast til 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

10. gr.

Skipstjórum er skylt að halda sérstakar afladagbækur, sem Fiskistofa leggur til, sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 249, 7. maí 1996, um humarveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. ágúst 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

- | | | |
|----|--|------------|
| a. | Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | kr. 482,00 |
| b. | Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútlítra í hámarksstillingu hemils | kr. 781,00 |
| c. | Vatnsgjald pr. rúmmetra | kr. 36,09 |

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns og í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gírós-eðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

- | | | |
|----|---|------------|
| A) | | kr. |
| 1. | Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli | 93.463,00 |
| 2. | a. Hús 300-2.000 rúmmetrar að utanmáli | 93.463,00 |
| | b. Fyrir hvern rúmmetra umfram 300 | 86,12 |
| 3. | a. Hús stærri en 2.000 rúmmetrar að utanmáli | 232.972,00 |
| | b. Fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000 | 72,00 |
| 4. | Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er | 18.147,00 |
| B) | Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal, þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmmetra húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu. | |

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.687,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 914, 29. desember 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. ágúst 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Fast gjald taxta A1 og A2 lækkar um 15%.

Aðrir taxtar rafveitu og hitaveitu hækka um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. ágúst 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Kópavogi á málum skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Kópavogi afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Umsóknir um nýja bílskúra, viðbótarhæðir húsa, fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum og viðbyggingar sem eru um 30% eða meira af grunnfleti fyrir stækkun skal þó ávallt leggja fyrir byggingarnefnd.

2. gr.

1. Umsóknir vegna minni háttar mannvirkja, minni háttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa, eignaskipta, reyndarteikninga, brunavarna, ferlimála, hollustuhátta og öryggismála.
2. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum og minni háttar skilta á mannvirkjum og lóðum, númerabreytinga húsa og lóða, svo og skiptingar lóða og landa eða breytingar á lóðarmörkum og landamerkjum, enda sé það í samræmi við skipulag.
3. Umsóknir vegna undanþáguákvæðis um staðbundna viðurkenningu iðnmeistara.
4. Byggingarnefnd getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu teikninga sem liggja fyrir nefndinni, en uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minni háttar atriði.

3. gr.

Mál sem falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Kópavogsbæjar um byggingarmál.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta fundi byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð nefndarinnar en ekki teknar til annarrar afgreiðslu, og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar erindis, er honum heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 26. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín Linda Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2000

24. júlí 2000

1325

Nr. 556

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Djúpárhreppi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Djúpárhreppur annast sorphirðu í sveitarfélaginu. Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti í samræmi við reglugerð nr. 805/1999 um úrgang.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn fulltrúa sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð úrgangs til vinnslu, t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts og brotamálma.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau sorphlát sem sveitarstjórn ákveður. Sorphgeymslur og söfnunarstöðvar (gámasvæði) skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi, brotamálmum og öðrum endurvinnanlegum úrgangi má ekki blanda við annan úrgang og skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins. Íbúar, fyrirtæki og stofnanir skulu eftir því sem kostur er á flokka úrgang og skila honum eins og aðstaða er til í sveitarfélaginu eða á vegum hlutaðeigandi byggðasamlags. Sveitarfélagið mun, með markvissri stefnu, stuðla að og hvetja til minnkunar úrgangs og að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum neikvæðum breytingum á umhverfi. Jafnframt skal stuðla að hvers konar endurnotkun, endurnýtingu, endurvinnslu og orkuvinnslu úrgangi með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma án óhóflegrar mengunar.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um skipulag, flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á söfnunarstöðum skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er starfsleyfis skyld í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þannig er óheimilt að brenna úrgangi eða urða nema á stöðum með tilskilin starfsleyfi.

II. Sorphirðugjöld.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

7. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur skv. gjaldskránni, eftir umfangi þjónustu og magni úrgangs, sem frá starfsemi stafar.

III. Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða heilbrigðisnefnd Suðurlands.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Ofangreind samþykkt Djúparhrepps staðfestist hér með samkvæmt birtingu ákvæða 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hermann Sveinbjörnsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafa- og styrktarsjóð Jónínu S. Gísladóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafa- og styrktarsjóður Jónínu S. Gísladóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er stofnaður af Jónínu S. Gísladóttur, kt. 081221-2199, Miðleiti 5, Reykjavík, í júní 2000.

2. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að efla hjartalækningar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Stuðningur sjóðsins verður á fjórum sviðum:

1. Að stuðla að uppbyggingu og skipulagsbreytingum sem leiða til bættrar þjónustu við hjartasjúklinga.
2. Að styrkja stærri tækjakaup og hlú þannig að því markmiði að tækjakostur spítalans svari ætíð kröfum tímans.

3. Að styrkja vísindastarf á sviði hjarta- og æðasjúkdóma, meðal annars með samstarfi og samanburði við erlenda aðila.
4. Að vinna almennt að velferð hjartasjúklinga í landinu.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru verðbréf að verðmæti kr. 200.000.000 – tvöhundruðmilljónir króna –, sem Jónína S. Gísladóttir leggur fram. Þar af skal bundið stofnfé vera 1 millj. kr. Sjóðinn ber að ávaxta á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru ávöxtun eigna hans, styrktargjöld og annað fé er sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Sjóðurinn skal verja 25 millj. kr. næstu sjö árin að meðtöldu árinu 2000 til verkefna, sem um getur í 2. gr. Stjórn sjóðsins er heimilt að framreikna greiðslur þessar miðað við vísitölu neysluverðs eins og hún er 1. júlí 2000. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um framhald greiðslna úr sjóðnum. Sjóðnum er heimilt að stofna til rekstrar og fjárfestinga í því skyni að hlutverki hans verði náð enda sé eigið fé nægilegt.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 5 mönnum. Af hálfu Jónínu skulu synir hennar þeir Sigurður Gíslí og Jón Pálmasynir skipa stjórn sjóðsins, eða þeir aðrir er þeir skipa í sinn stað, en auk þess skal stjórnin skipuð forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss, sérfræðingi í hjartalækningum, sem stjórn sjóðsins skipar í samráði við framkvæmdastjórn spítalans og Helga V. Jónssyni hrl. og löggiltum endurskoðanda, eða öðrum er stjórnin síðar skipar. Stjórnin skal kjörin á aðalfundi sjóðsins til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Aðalfund sjóðsins skal halda fyrir 30. maí ár hvert. Þar skal leggja fram reikninga sjóðsins. Fundarsetu hafa stjórnarmenn sjóðsins og boðar formaður þá til fundar á sannanlegan hátt með minnst 14 daga fyrirvara.

8. gr.

Fé sjóðsins skal vera í vörslu og ábyrgð stjórnarinnar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Gengið skal frá reikningi sjóðsins innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Reikningurinn skal vera endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sjóðsins. Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórn sjóðsins senda Ríkisendurskoðun ársreikninga sjóðsins fyrir næstliðið ár.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef löglegur stjórnarfundur samþykkir og það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt, að gefanda látnum, að sameina sjóð þennan Minningarsjóði Pálma Jónssonar miðað við skipulagsskrá beggja sjóða, enda beri sjóðurinn nafn beggja þeirra Pálma og Jónínu.

Verði hins vegar ákvörðun tekin um að leggja sjóðinn niður skulu eignir hans renna til sambærilegrar starfsemi eða líknarmála.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og breytinga sem á henni kunna að verða gerðar.

Reykjavík, 4. júlí 2000.

Jónína S. Gísladóttir.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 2000.

F. h. r.

Ólafur Walter Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 558

21. júlí 2000

AUGLÝSING

um skipulag í Garðabæ.

1. *Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni, lóð nr. 4 við Suðurhraun.*

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 11. júlí 2000 breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni á lóð nr. 4 við Suðurhraun. Í breytingunni felst að byggingarreitur er skilgreindur á lóðinni en að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar svæðisins óbreyttir. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

2. *Óveruleg breyting á deiliskipulagi í Hofsstaðamýri, lóð nr. 5 við Löngumýri.*

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti þann 11. júlí 2000 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hofsstaðamýri á lóð nr. 5 við Löngumýri. Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja tengibyggingu milli húss og bílskúrs á áðurgreindri lóð. Breytingartillagan nær einungis til umræddrar lóðar og hefur ekki í för með sér breytingu á skipulagsuppdrætti.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 21. júlí 2000.

F. h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneðis o. fl. með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Endurgreiða skal rekstraraðilum veitingastaða, sem flokkast undir reglur 1. mgr. 3. gr., fjárhæð er nemur 112,5% af innskatti hvers tímabils vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt.

Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein skal þó ekki vera hærri en svo að útskattur vegna sölu á tilreiddum mat að frádreginni endurgreiðslu samsvari að minnsta kosti 14% af hráefnisverði að viðbættum 19,25% af mismun söluverðs á tilreiddum mat og hráefnisverðs matvælaaðfanga.

2. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þeim sem sæta skerðingu á endurgreiðslu skv. 2. mgr. 4. gr. er heimilt að liðnu rekstrarári að endurreikna skerðingu á endurgreiðslu miðað við allt rekstrarárið. Slík beiðni skal lögð fram samhliða beiðni um endurgreiðslu fyrir síðasta uppgjörstímabil ársins.

3. gr.

Í stað orðanna „15. dag næsta mánaðar“ í 1. mgr. 6. gr. komi orðin: 20. dag næsta mánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum, sbr. 6. gr. laga nr. 105/2000, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 25. júlí 2000.

Marianna Jónasdóttir.

Bergþór Magnússon.

24. júlí 2000

Nr. 560

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Endurgreiðsluaðili skal fyrir 20. hvers mánaðar skila skattstjóranum í því umdæmi er endurgreiðsluaðili hefur lögheimili uppgjörsskýrslu á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 1. til 15. þess mánaðar. Jafnframt skal hann fyrir 5. dag næsta mánaðar senda skattstjóranum uppgjörsskýrslu vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 16. til loka mánaðar. Fallist skattstjóri á uppgjörsskýrslu skal endurgreiðsluaðili fá endurgreidda heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem aðilar búsettir erlendis hafa greitt af keyptri vöru samkvæmt uppgjörsskýrslu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. september 2000.

Fjármálaráðuneytinu, 24. júlí 2000.

Marianna Jónasdóttir.

Berghör Magnússon.

Nr. 561

24. júlí 2000

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði kr. 827,00
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða árs-
rúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra
vatns kr. 50,40
- c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns kr. 92,40
- d) Gjald fyrir lokun og enduropnun kr. 1.654,00
- e) Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mæla-
botns eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:
 - 1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C.
 - 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C.
 - 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskildu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 827,00.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Rúmmál húss (utanmál) Heimæðargjald

Allt að 300 m ³	111.818 kr.			
300 - 2.000 m ³	111.818 kr.	fyrir	300 m ³	og 103 kr/m ³ þar yfir
2.000 - 6.000 m ³	286.490 kr.	fyrir	2.000 m ³	og 82 kr/m ³ þar yfir
6.000 - 10.000 m ³	612.875 kr.	fyrir	6.000 m ³	og 66 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	878.816 kr.	fyrir	10 000 m ³	og 58 kr/m ³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 10.884 umfram einn á sama inntaki.
Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. maí 2000 (244,1 stig).

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 280, 27. apríl 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til einkaheimila sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni gegn gjaldi í allt að sex mánuði. Um er að ræða heimili sem taka börn í sveit á sumrin á eigin vegum og heimili sem taka að sér börn fyrir barnaverndarnefndir.

Reglugerðin gildir óháð því hvort foreldrar eða opinberir aðilar greiði fyrir þjónustuna.

Reglugerðin tekur ekki til heimila þar sem börn dvelja á grundvelli annarra laga, svo sem laga um málefni fatlaðra.

II. KAFLI

Afgreiðsla umsókna.

2. gr.

Umsóknir.

Umsókn um leyfi til að taka að sér börn til dvalar skal send barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi umsækjanda. Í umsókninni skal koma fram:

- Nafn/nöfn umsækjanda og kennitala.
- Heimilisfang umsækjanda.
- Nöfn annarra heimilismanna og kennitölur.
- Önnur störf umsækjanda og heimilismanna.
- Aldur og fjöldi barna sem óskað er eftir að taka til dvalar.
- Tímabil það sem óskað er að börn dvelji á heimilinu.

3. gr.

Vottorð, umsagnir og önnur gögn.

Umsókn skal fylgja:

- Hjúskapar-/sambúðarvottorð ef við á.
- Heilbrigðisvottorð allra heimilismanna.
- Sakavottorð fullorðinna heimilismanna.
- Umsögn ættingja, vinnuveitanda eða annars sem þekkir vel til umsækjanda, um að umsækjandi teljist hæfur til að taka að sér börn.
- Stutt lýsing umsækjanda á markmiðum starfsins, hvernig umönnun barnanna verði háttáð, aðstöðu til leikja, útiveru og annarra tómsundastarfa.
- Yfirlit um starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum.

4. gr.

Skilyrði leyfisveitinga.

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 23 ára. Hjón eða sambýlisfólk skal sækja um leyfi saman. Ekki er skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi.

Umsækjandi skal sækja námskeið í skyndihjálps/slysum á börnum á vegum Rauða kross Íslands. Slík fræðsla skal endurnýjuð þriðja hvert ár.

Standi námskeið umsækjanda ekki til boða er heimilt að veita bráðabirgðaleyfi þar til hann hefur átt þess kost að ljúka námskeiði.

5. gr.

Fjöldi barna.

Að jafnaði skal ekki veita leyfi til að taka fleiri en sex börn í einu til dvalar, þar með talin börn umsækjanda eða annarra heimilismanna.

6. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Áður en barnaverndarnefnd afgreiðir umsókn skal skrifa greinargerð um málið. Meðan á vinnslu málsins stendur skal fulltrúi barnaverndarnefndar fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda. Barnaverndarstofa gefur út leiðbeiningar fyrir barnaverndarnefnd um þau atriði sem þarf að kanna og fram þurfa að koma í greinargerð.

Barnaverndarnefnd er heimilt að leita eftir upplýsingum um umsækjendur hjá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, heilbrigðisnefnd og slökkviliðsstjóra, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Við afgreiðslu umsókna er barnaverndarnefnd heimilt að leggja til grundvallar greinargerð sem hún kann að hafa gert vegna umsókna viðkomandi um að taka barn í fóstur enda sé greinargerðin eigi eldri en sex mánaða.

Barnaverndarnefnd skal kynna umsækjendum greinargerð og gefa þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum. Að því loknu skal nefndin afgreiða umsóknina.

7. gr.

Leyfisveiting.

Við fyrstu umsókn skal leyfi veitt til eins árs.

Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi er heimilt að veita það til þriggja ára í senn. Við afgreiðslu á því leyfi getur nefndin metið hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skal ætíð vera fyrir hendi sakavottorð og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst frá því leyfi var síðast veitt. Auk þess skal fulltrúi barnaverndarnefndar fara á heimilið.

Heimilt er að veita leyfi til skemmri tíma en sex mánaða og/eða binda leyfið við tiltekinn árstíma.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um öll heimili sem fá leyfi til að taka að sér börn samkvæmt reglugerð þessari.

III. KAFLI

Sérstakar skyldur leyfishafa.

8. gr.

Skyldur leyfishafa.

Leyfishafar bera ábyrgð á andlegri og líkamlegri velferð barns meðan á dvöl stendur. Þeir skulu haga störfum sínum í fyllsta samræmi við líkamlegar og andlegar þarfir barns og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði í uppeldi hvers og eins barns. Barnaverndarnefnd í umdæminu skal sjá svo um að unnt sé að veita upplýsingar og leiðbeiningar um þessi efni ef nauðsyn krefur.

Aldrei má beita börn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum.

Með allar upplýsingar sem leyfishafar fá um hagi barna og fjölskyldur þeirra skal farið sem trúnaðarmál, þó með þeirri undantekningu sem fram kemur í 9. gr.

9. gr.

Tilkynningarskylda til barnaverndarnefnda.

Verði leyfishafi þess áskynja að barn sé vanrækt eða að uppeldi þess, atlæti eða aðbúnaði sé ábótavant ber honum að tilkynna það til barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi barnsins.

IV. KAFLI

Eftirlitsskyldur barnaverndarnefndar.

10. gr.

Eftirlitsskylda barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd þar sem leyfishafi býr er skylt að fylgjast vandlega með högum og aðbúnaði barna sem dvelja á heimilum samkvæmt reglugerð þessari í umdæmi nefndarinnar og heimsækja þau eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni.

Telji barnaverndarnefnd að meðferð barns á heimili sé óviðunandi eða aðstæður á heimilinu hafi breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi þess sé tryggt skal nefndin leitast við að fá úr því bætt með leiðbeiningum og áminningum. Komi það ekki að haldi að mati nefndarinnar getur hún svipt leyfishafa leyfinu.

Barnaverndarnefnd skal jafnframt tilkynna ofangreint til barnaverndarnefndar sem ber ábyrgð á ráðstöfun barns. Hafi aðrir en barnaverndarnefnd ráðstafað barninu skal tilkynna um aðstæður barnsins til foreldra og til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr.

Verði barnaverndarnefnd sem ráðstafað hefur barni til leyfishafa samkvæmt reglugerð þessari vör við að aðbúnaði og/eða öryggi barns á heimilinu sé ábótavant skal hún á sama hátt tilkynna það til nefndar í heimilisumdæmi leyfishafa.

11. gr.

Heimili án starfsleyfis.

Barnaverndarnefndir skulu gæta þess að önnur heimili en þau sem fengið hafa leyfi taki ekki að sér börn til dvalar.

V. KAFLI

Málskot.

12. gr.

Ákvörðunum barnaverndarnefnda um leyfisveitingu og leyfissviptingu er unnt að skjóta til Barnaverndarstofu.

VI. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. mgr. 52. gr. laga nr. 58/1992 öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir aðilar sem eru með börn á heimilum sínum gegn gjaldi við gildistöku reglugerðar þessarar þurfa ekki að sækja um sérstakt leyfi vegna þeirra barna.

Óski þeir eftir að taka að sér önnur börn skal sækja um leyfi í samræmi við reglugerð þessa.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. júlí 2000.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediksdóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á byggingarreglugerð nr. 441/1998.**

1. gr.

5. tl. 2. gr. orðast svo:

Ákvæði reglugerðarinnar eru lágmarksákvæði. Umhverfisráðherra getur að fenginni um-sögn Skipulagsstofnunar og sveitarstjórnar vikið frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar, mæli sérstakar ástæður með því.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Grenja, Borgarbyggð.

Skipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 7. ágúst 2000.

Byggingarfulltrúi Borgarbyggðar,

Baldur Tómasson.

26. júlí 2000

Nr. 565

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 7. október 1999 samþykkt:

Skipulag í Engidal í Skutulsfirði. Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af Engidalsvegi í vestri, landamörkum Ísafjarðarbæjar og Efri-Engidals í suðri og Skutulsfjarðarvegi í norðri.

Breytt skipulag lóðarinnar Sindragötu 16 og 18, Ísafirði.

Breytingar á deiliskipulaginu hafa verið sendar Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafjarðarbæ, 26. júlí 2000.

Ármann Jóhannesson skipulagsfulltrúi.

24. júlí 2000

Nr. 566

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms.

Gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms, nr. 870 17. desember 1999, breytist þannig:

Vatnsgjald samkvæmt 2. gr. og fastagjald samkvæmt 3. gr. hækka um 3,8%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðbæjar Þykkvabæjar í Djúpárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Djúpárhrepps, þann 22. júní 2000, samþykkt deiliskipulag sem nær yfir miðbæ Þykkvabæjar í Djúpárhreppi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þykkvabæ, 21. júlí 2000.

Heimir Hafsteinsson oddviti.

Nr. 568

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999.

Rekstrarreikningur árið 1999

Tekjur:	Kr.
Framlag ríkissjóðs	
4.337.040.352	
Framlag sveitarfélaga	<u>2.659.254.212</u>
Tekjur alls	<u>6.996.294.564</u>
Gjöld:	
Bundin framlög	804.742.256
Sérstök framlög	736.032.047
Jöfnunarframlög	1.766.029.233
Húsaleigubætur	284.642.786
Jöfnunarframlög til grunnskóla	2.611.237.995
Stofnkostnaðarframlög	<u>400.000.000</u>
Framlög samtals	6.602.684.317
<i>Rekstrarkostnaður:</i>	
Laun og launatengd gjöld	12.145.157
Önnur gjöld	<u>4.022.330</u>
Rekstrarkostnaður samtals	16.167.487
Gjöld alls	<u>6.618.851.804</u>
Tekjuafgangur án fjármagnsliða	377.442.760
<i>Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)</i>	<u>138.269.963</u>
Tekjuafgangur	<u><u>515.712.723</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1999**Eignir:**

	Kr.
<i>Veltufjármunir:</i>	
Skammtímakröfur:	
Ríkissjóður	101.440.000
Áfallnar vaxtatekjur	96.313.346
Aðrar skammtímakröfur	19.204.269
Skammtímakröfur samtals	<u>216.957.615</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>1.037.944.781</u>
Eignir alls	<u>1.254.902.396</u>

Skuldir og eigið fé:

<i>Eigið fé:</i>	
Eigið fé í ársbyrjun	227.519.235
Tekjuafgangur	515.712.723
Eigið fé samtals	<u>743.231.958</u>
 <i>Skammtímaskuldir:</i>	
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	9.631.335
Óhafin framlög	381.839.920
Aðrar skammtímaskuldir	120.199.183
Skammtímaskuldir samtals	<u>511.670.438</u>
Skuldir samtals	<u>511.670.438</u>
<i>Skuldir og eigið fé alls:</i>	<u>1.254.902.396</u>

Sjóðstreymi árið 1999

	Kr.
Framlag rekstrar:	
Tekjuafgangur	515.712.723
 Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:	
Skammtímakröfur (hækkun)	(53.608.301)
Skammtímaskuldir (lækkun)	44.933.430
Breyting samtals	<u>(8.674.871)</u>
Handbært fé frá rekstri	507.037.852
Handbært fé í ársbyrjun	530.906.929
<i>Handbært fé í árslok</i>	<u>1.037.944.781</u>

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðherra.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 14. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á

ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1999, efnahag 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 17. júlí 2000.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Sveinn Arason
endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Áfallnar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru færðar til tekna í bókhaldi á því ári sem þær tilheyra án tillits til hvenær þær eru innleystar. Með sama hætti eru áfallin bundin framlög og skuldbindingar færð á því ári sem þau tilheyra án tillits til greiðslu.

Á árinu 1999 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 515.713 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 1999 var 743.232 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1999 með áritun sinni.

Reykjavík, 17. júlí 2000.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

Húnbogi Þorsteinsson
formaður ráðgjafarnefndar.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Umferð um Baldursnes, frá Hlíðarbraut að Óðinsnesi, fær forgang gagnvart umferð úr hliðargötum með biðskyldu.

Frá og með 1. ágúst 2000 verða 6 ný bifreiðastæði við Túngötu milli Bankastígs og Strandgötu gjaldskyld og frá og með 1. október 2000 verða 4 ný bifreiðastæði við Strandgötu milli Geislagötu og Ráðhústorgs gjaldskyld.

Settir verða stöðumælar við stæðin. Gjald verður 10 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur og hámarksstöðutími 1 klukkustund.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Akureyri, 24. júlí 2000.

Sýslumaðurinn á Akureyri,

Björn Jósef Arnviðarson.

REGLUGERÐ

um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.

I. KAFLI

Gildissvið, markaðssetning og frjáls dreifing.

1. gr.

1. Reglugerð þessi gildir um lyftur sem eru notaðar til frambúðar í byggingum og mannvirkjum. Hún gildir einnig um öryggisíhluta í slíkar lyftur sem eru taldir upp í IV. viðauka.

2. Í þessari reglugerð merkir „lyfta“ búnað sem þjónar ákveðnum hæðum, með stól sem fer eftir föstum brautum er halla meira en 15 gráður frá láréttu plani og eiga að flytja:

- fólk,
- fólk og vörur,
- einungis vörur ef stóllinn er aðgengilegur, það er að segja einstaklingur getur auðveldlega farið inn í hann, og með stjórnækjum innan í eða innan seilingar fyrir þann sem stendur inni.

Lyftur sem fara ákveðnar leiðir, jafnvel þótt ekki sé eftir föstum brautum, falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, t.d. skæralyftur.

3. Reglugerðin gildir ekki um:

– togbrautir, að meðtöldum togbrautum á spori, til fólksflutninga á vegum hins opinbera eða einkaaðila,

- sérhannaðar og sérsmíðaðar lyftur fyrir her eða lögreglu,
- vindubúnað í námum,
- sviðslyftur,
- lyftur sem er komið fyrir í flutningakerfum,
- lyftur tengdar vélum og lyftur sem eru einungis ætlaðar til að komast á vinnustað,
- tannhjólbrautir,
- byggingarlyftur til fólksflutninga eða fólks- og vöruflytninga.

4. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „sá sem annast uppsetningu lyftu“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og markaðssetningu lyftunnar og merkir með CE-merki og útbýr EB-samræmisyfirlýsingu,
- „markaðssetning lyftu“ telst eiga sér stað þegar sá sem annast uppsetningu lyftu hefur hana í fyrsta sinn tiltæka fyrir notandann,
- „öryggisíhluti“: íhluti talinn upp í IV. viðauka,

- „framleiðandi öryggisíhluta“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á hönnun og framleiðslu öryggisíhlutanna, merkir með CE-merki og útbýr EB-samræmisfirlýsingu,
- „sýnieintak lyftu“: dæmigert eintak af lyftu og skulu tækniskjöl hennar sýna á hvern hátt grunnöryggiskröfum verður fullnægt í lyftum sem eru eins og sýnieintakið, skilgreint með hlutlægum breytum, og í eru notaðir sams konar öryggisíhlutar.

Í tækniskjali skal tilgreina skýrt allan leyfilegan mismun (með hámarks- og lágmarks-gildum) milli sýnieintaks og lyftna sem framleiddar eru á grundvelli sýnieintaksins.

Leyfilegt er að sýna samsvörun margs konar búnaðar með útreikningi og/eða á grundvelli hönnunaráætlana til að fullnægja grunnöryggiskröfum.

5. Þegar sérreglur gilda að hluta eða öllu leyti um hættur sem fylgja lyftum, sem um getur í þessari reglugerð, gildir þessi reglugerð ekki að því er varðar þessar lyftur og slíkar hættur um leið og sérreglurnar öðlast gildi.

2. gr.

1. Óheimilt er að markaðssetja og taka í notkun lyftur og öryggisíhluta sem falla undir þessa reglugerð nema að tryggt sé að heilsu og öryggi manna og, þar sem við á, öryggi eigna stafi ekki hættu af þeim lyftum og öryggisíhlutum sem þeir eru settir í þegar uppsetning þeirra er með réttum hætti, þeim haldið við sem skyldi og notkun þeirra er í ráðgerðum tilgangi.

2. Sá sem ber ábyrgð á vinnu við byggingar eða mannvirki og sá sem annast uppsetningu lyftu skulu annars vegar veita hvor öðrum nauðsynlegar upplýsingar og hins vegar grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að lyftan vinni eðlilega og sé örugg í notkun.

3. Aðilar samkvæmt 2. mgr. skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í lyftustokkum séu ekki önnur rör, leiðslur eða útbúnaður en þörf er á vegna starfrækslu og öryggis lyftunnar.

4. Ákvæði þessarar reglugerðar breyta ekki rétti Vinnueftirlitsins, með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr., til að samþykkja kröfur sem það telur nauðsynlegar fólki til verndar þegar viðkomandi lyftur eru teknar í notkun eða gagn haft af þeim, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér neinar þær breytingar á lyftunum sem ekki eru tilgreindar í þessari reglugerð.

5. Vinnueftirlitið kemur ekki í veg fyrir sýningu, svo sem á kaupstefnum, vörusýningum eða kynningum, á lyftum og öryggisíhlutum sem fullnægja ekki gildandi ákvæðum, svo fremi það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að slíkar lyftur eða öryggisíhlutar fullnægi ekki ákvæðum og séu ekki til sölu fyrr en sá sem annast uppsetningu lyftnanna, framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES hafi fært þau til samræmis við ákvæðin. Gera skal nægilegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi manna meðan sýningar standa yfir.

3. gr.

1. Lyftur sem falla undir þessa reglugerð skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka.

2. Öryggisíhlutar sem falla undir þessa reglugerð skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka eða tryggja að lyfturnar sem þeir eru settir í fullnægi grunnkröfunum.

4. gr.

1. Heimilt er án hindrana og takmarkana að lyftur og/eða öryggisíhlutar sem fullnægja ákvæðum þessarar reglugerðar verði sett á markað eða tekin í notkun.

2. Heimilt er án hindrana og takmarkana að íhlutar séu settir á markað þegar framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins lýsir yfir að ætlunin sé að setja þá í lyftu sem fellur undir þessa reglugerð.

5. gr.

1. Lítið er svo á að lyftur og öryggisíhlutar með CE-merkingu og EB-samræmisýfirlýsingu, sem um getur í II. viðauka, séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og einnig í samræmi við reglur um samræmismat sem mælt er fyrir um í II. kafla.

Séu samhæfðir staðlar ekki til ber að gera allar ráðstafanir sem teljast nauðsynlegar til að vekja athygli hlutaðeigandi aðila á þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvæg eða viðeigandi til að rétt sé staðið að því að uppfylla grunnkröfurnar í I. viðauka um heilsuvernd og öryggi.

2. Þegar ákvæði samhæfðs staðals eru tekin upp í landsstaðal, og vísun til hans birt í Stjórnartíðindum EB, og slíkur landsstaðall fjallar um eina eða fleiri af grunnkröfunum um heilsuvernd og öryggi:

- skal ganga út frá því að lyfta sem er smíðuð í samræmi við hann uppfylli viðeigandi grunnkröfur, eða
- út frá því að öryggisíhlutar sem eru smíðaðir í samræmi við hann tryggi að lyfta sem þeir eru rétt settir í fullnægi viðeigandi grunnkröfum.

II. KAFLI

Reglur um samræmismat.

6. gr.

1. Áður en öryggisíhluti, sem um getur í IV. viðauka, er settur á markað skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES:

- a) i) annaðhvort leggja fram sýnieintak af öryggisíhlutanum fyrir EB-gerðarprófun í samræmi við V. viðauka og framleiðsluprófanir hjá tilkynntum aðila í samræmi við XI. viðauka;
 - ii) eða leggja fram sýnieintak af öryggisíhluta fyrir EB-gerðarprófun í samræmi við V. viðauka og nota gæðatryggingarkerfi í samræmi við VIII. viðauka til að prófa framleiðsluvöru;
 - iii) eða nota heildstætt gæðatryggingarkerfi í samræmi við IX. viðauka;
 - b) festa CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út samræmisýfirlýsingu með upplýsingum sem taldar eru upp í II. viðauka og taka tillit til forskrifa í þeim viðauka sem stuðst er við (VIII., IX. eða XI. viðauka, eftir því sem við á);
 - c) varðveita afrit af samræmisýfirlýsingunni í 10 ár frá þeim degi að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt.
2. Áður en lyfta er markaðssett skal hún hafa farið í gegnum eitt af eftirfarandi ferlum:
- i) hafi hún verið hönnuð í samræmi við lyftu sem er EB-gerðarprófuð eins og um getur í V. viðauka skal hún annaðhvort smíðuð, sett upp og prófuð með því að:
 - láta fara fram lokaskoðun eins og um getur í VI. viðauka, eða
 - nota gæðatryggingarkerfið sem um getur í XII. viðauka, eða
 - nota gæðatryggingarkerfið sem um getur í XIV. viðauka.

Heimilt er að nota sömu lyftuna að því er varðar aðferðir við hönnun og smíði annars vegar og uppsetningu og prófun hins vegar;

- ii) eða hafi hún verið hönnuð í samræmi við sýnieintak lyftunnar sem er EB-gerðarprófað, eins og um getur í V. viðauka, smíðuð, sett upp og prófuð með því að:

- láta fara fram lokaskoðun eins og um getur í VI. viðauka, eða
 - nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XII. viðauka, eða
 - nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XIV. viðauka;
- iii) eða hafi hún verið hönnuð í samræmi við lyftu sem gæðatryggingarkerfi samkvæmt XIII. viðauka var notað fyrir, og hönnunin könnuð að auki ef sú síðarnefnda er ekki fullkomlega í samræmi við samhæfðu staðlana, smíðuð, sett upp og prófuð með því enn fremur að:
- láta fara fram lokaskoðun eins og um getur í VI. viðauka, eða
 - nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XII. viðauka, eða
 - nota gæðatryggingarkerfi sem um getur í XIV. viðauka;
- iv) eða hafi hún verið einingarsannprófuð samkvæmt X. viðauka hjá tilkynntum aðila;
- v) eða hafi hún verið metin samkvæmt gæðatryggingarkerfinu í samræmi við XIII. viðauka og hönnunin könnuð að auki ef sú síðarnefnda er ekki fullkomlega í samræmi við samhæfðu staðlana.

Í áðurgreindum tilvikum sem um getur í i-, ii- og iii-lið hér að framan skal sá sem ber ábyrgð á hönnun útvega þeim sem ber ábyrgð á smíði, uppsetningu og prófun öll nauðsynleg skjöl og upplýsingar til að hinn síðarnefndi geti gegnt hlutverki sínu af fullkomnu öryggi.

3. Í öllum tilvikum sem um getur í 2. mgr.:

- skal sá sem annast uppsetningu festa CE-merkið á lyftuna og gefa út samræmisyfirlýsingu með upplýsingum sem eru skráðar í II. viðauka og taka tillit til forskrifta í þeim viðauka sem stuðst er við (VI., X., XII., XIII. eða XIV. viðauka, eftir því sem við á);
- skal sá sem annast uppsetningu varðveita afrit af samræmisyfirlýsingunni í tíu ár frá þeim degi sem lyftan er markaðssett,
- getur Vinnueftirlit ríkisins lagt fram beiðni um að fá afrit af samræmisyfirlýsingu og skýrslum um prófanir, sem eru liður í lokaskoðun, frá þeim sem annast uppsetningu.

4. a) Ef lyfturnar eða öryggisíhlutarnir falla undir ákvæði annarra reglna, sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um áfestingu CE-merkisins, skal koma fram á merkinu að lyftan eða öryggisíhlutinn teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara reglna.
- b) Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma skal CE-merkið samt sem áður aðeins gefa til kynna að lyftan eða öryggisíhlutinn sé í samræmi við þær reglur sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar eða framleiðandi öryggisíhluta kýs að nota. Í þessu tilviki skulu vísanir til þeirra reglna sem er beitt, eins og þær eru birtar í Stjórnartíðindum EB, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglunum og fylgja lyftunni eða öryggisíhlutanum.

5. Ef hvorki sá sem annast uppsetningu lyftunnar né framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES efna kvaðir framangreindra málsgreina falla þær á þann sem setur lyftuna eða öryggisíhlutann á markað. Sömu kvaðir hvíla á þeim sem framleiðir lyftuna eða öryggisíhlutann til eigin nota.

III. KAFLI**CE-merki.**

7. gr.

1. CE-merkið skal samanstanda af upphafsstöfunum „CE“. Í III. viðauka er birt fyrirmynd að merkinu sem ber að nota.

2. CE-merki skal festa greinilega á hvern lyftustól í samræmi við 5. lið I. viðauka þannig að það sé greinilegt og læsilegt og á hvern öryggisíhluta sem er talinn upp í IV. viðauka eða, ef það er ekki hægt, á skilti sem er óaðskiljanlegur hluti öryggisíhlutans.

3. Bannað er að festa á lyftur eða öryggisíhluta merki sem geta veitt þriðju aðilum villandi upplýsingar um þýðingu og útfærslu CE-merkisins. Heimilt er að festa hvaða önnur merki sem er á lyftur og öryggisíhluta að því tilskildu að CE-merkið verði ekki ógreinilegra eða óhægara um vik að lesa áletrun þess.

IV. KAFLI**Lyftur sem þegar eru í notkun.**

8. gr.

Grípa skal til nauðsynlegra aðgerða til að bæta öryggi þeirra lyftna sem þegar eru í notkun með því að uppfylla þau grundvallaratriði sem tilgreind eru í XV. viðauka.

V. KAFLI**Ýmis ákvæði.**

9. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og viðkomandi sérreglna og er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

10. gr.

Ábyrgð á skyldum samkvæmt þessari reglugerð ber framleiðandi, umboðsaðili, innflytjandi, sá er annast uppsetningu lyftu, hönnuður, verktaki, viðgerðaraðili auk atvinnurekanda, verkstjóra og starfsmanna samkvæmt IV. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum.

VI. KAFLI**Áfrýjun úrskurða.**

11. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessari reglugerð gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980.

VII. KAFLI**Refsiákvæði.**

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3., 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins. Reglugerðin er sett með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tilskipun 95/16/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur, sbr. einnig tilmæli 95/216/EB um að bæta öryggi lyftna sem þegar eru í notkun. Reglugerðin er hér með staðfest og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 504/1994 um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur, sbr. þó ákvæði 14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

14. gr.

Fyrir þær lyftur sem gerður hefur verið samningur um kaup og uppsetningu á fyrir gildistöku reglugerðar þessarar gilda reglur nr. 504/1994 um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur til viðbótar við aðrar gildandi reglur um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflytninga.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júlí 2000.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

I. VIÐAUKI

**GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI Í TENGLUM
VIÐ HÖNNUN OG SMÍÐI LYFTNA OG ÖRYGGISÍHLUTA.**

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

1. Kvaðir þær sem mælt er fyrir um í grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi gilda aðeins ef hættuástand skapast þegar lyftan eða öryggisíhlutinn er notaður með þeim hætti sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar eða framleiðandi öryggisíhlutanna gerir ráð fyrir.
2. Fullnægja ber grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skilyrðislaust. Í ljósi núverandi tæknikunnáttu kann þó að vera ógerlegt að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með kröfunum. Sé svo skal leitast við af fremsta megni að hanna og smíða lyftur og öryggisíhluta þannig að þau komist sem næst þessum markmiðum.
3. Framleiðanda öryggisíhluta og þeim sem annast uppsetningu lyftunnar er skylt að meta hættuáðstæður til þess að geta greint þá hættu sem tengist framleiðsluvörum þeirra; þeim ber að sjá til þess að hönnun og smíði þeirra taki mið af slíku mati.
4. Grunnkröfur sem mælt er fyrir um í gildandi reglugerð um viðskipti með byggingavörur (nú reglugerð nr. 431/1994) og ekki er að finna í þessari reglugerð gilda um lyftur í samræmi við 14. gr.

1. ALMENNT

- 1.1. **Beiting gildandi reglna um vélar og tæknilegan búnað (nú reglur nr. 580/1995).** Ef umrædd hætta er fyrir hendi og ekki er fjallað um hana í þessum viðauka gilda grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í I. viðauka gildandi reglna um vélar og tæknilegan búnað. Grunnkrafan í lið 1.1.2 í I. viðauka reglnanna gildir í öllum tilvikum.

1.2. Lyftustóll.

Lyftustóllinn skal hannaður og smíðaður þannig að rými og styrkur séu nægileg fyrir þann hámarksfjölda persóna og þá skráðu burðargetu sem sá sem annast uppsetningu ákveður.

Stóll í fólkslyftum skal hannaður og smíðaður, ef stærð leyfir, þannig að hann útiloki ekki eða hindri aðgengi hreyfihamlaðra og að honum megi breyta eftir þörfum til að auðvelda aðgengi þeirra.

1.3. Upphengjur og stoðir.

Upphengjur og/eða stoðir stólsins, festingar hans og tengihluta þeirra skal velja og hanna svo að fullnægjandi heildaröryggi sé tryggt og líkur til þess að stóllinn falli séu hverfandi með hliðsjón af notkunarástandi.

Ef notaðir eru strengir eða keðjur til að hengja stóllinn upp verða að vera í það minnsta tveir aðskildir strengir eða keðjur, hvor á sinni festingu. Strengirnir og keðjurnar mega ekki vera samsett eða skeytt saman nema festing eða gerð lykkju krefjist þess.

1.4. Hleðslutakmörk (þar með talin hraðastilling).

1.4.1. Hanna ber lyftur, smíða og setja upp þannig að þær fari ekki í gang með venjulegum hætti ef farið er fram yfir leyfilega þyngd.

1.4.2. Lyftur skulu búnaðar hraðastilli.

Þessar kröfur eiga ekki við um lyftur með drifkerfi sem kemur í veg fyrir of mikinn hraða.

1.4.3. Hraðlyftur skulu hafa búnað sem gerir kleift að fylgjast með og takmarka hraða.

1.4.4. Lyftur knúnaðar núningsstrissum skulu hannaðar þannig að stöðugleiki dráttarstrengjanna á trissunni sé tryggður.

1.5. Vélbúnaður.

1.5.1. Hver fólkslyfta skal hafa eigin lyftibúnað. Þessi krafa á ekki við um lyftur ef annar stóll er til mótvægis.

Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal tryggja að ekki sé hægt að komast að vélbúnaði hennar og tengdum búnaði nema til viðhalds og í neyðartilvikum.

1.6. Stjórnþæki.

1.6.1. Stjórnþæki lyftu sem ætluð eru fylgdarlausu hreyfihömluðu fólki skal hanna og staðsetja samkvæmt því.

1.6.2. Koma skal skýrt fram hvert hlutverk stjórnþækja er.

1.6.3. Heimilt er að nota sameiginlegt kallkerfi fyrir lyftuhóp eða tengja kallkerfi þeirra saman.

1.6.4. Setja skal upp rafbúnað og tengja þannig að:

- útilokað sé að ruglast á honum og rásum sem ekki tengjast lyftunni beint,
- hægt sé að tengja/rjúfa aflgjafa þegar lyftan er hlaðin,
- hreyfingar lyftunnar velti á rafrænum öryggisbúnaði í sérstakri öryggisrafrás,
- bilun í rafkerfi skapi ekki hættu.

2. HÆTTA SEM FÓLK ER Í UTAN LYFTUSTÓLS

2.1. Hanna skal lyftu og smíða þannig að rýmið sem stóllinn fer um sé óaðgengilegt nema til viðhalds eða í neyðartilvikum. Áður en farið er inn í rýmið skal koma í veg fyrir eðlilega notkun lyftunnar.

2.2. Hanna skal lyftu og smíða þannig að engin hætta sé á að viðkomandi klemmist þegar stóllinn er á ystu mörkum.

Þetta er hægt með því að hafa autt rými eða afdrep utan ystu marka.

Ef útilokað er samt sem áður að koma þessari lausn við í sérstökum tilvikum, það er í byggingum sem hafa þegar verið reistar, má grípa til annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að hætta skapist. Aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skulu þá eiga þess kost að veita samþykki sitt fyrirfram.

- 2.3. Á stigapöllum þar sem gengið er inn og út úr lyftustól skulu vera dyr með nægjanlegu kraftrænu viðnámi fyrir fyrirhugaða notkun.

Lokunarbúnaður skal við eðlilega notkun koma í veg fyrir:

- að lyftustóll færast úr stað, hvort heldur sem er af ásetningi eða fyrir slyzni, nema allar palldyr séu lokaðar og læstar,
- að palldyr opnast á meðan lyftustóll er á ferð og ekki við stigapall.

Þó er tilfærsla fyrir opnum palldyrum leyfileg á tilgreindum svæðum með því skilyrði að hraða sé stjórnað.

3. HÆTTUR INNI Í LYFTUSTÓL

- 3.1. Lyftustóll skal vera algerlega lokaður með veggjum í fullri hæð, gólfi og lofti og dyrum í fullri hæð; loftræstiop eru þó leyfileg. Dyrnar skulu hannaðar þannig og uppsettar að stóllinn hreyfist einungis þegar dyrnar eru lokaðar og að hann stöðvist þegar þær opnast, nema þegar um tilfærslu er að ræða sem um getur í þriðju undirgrein liðar 2.3.

Stöldyr skulu haldast lokaðar og læstar ef lyftan stöðvast á milli hæða þar sem hætta er á falli milli stóls og lyftustokks eða þar sem enginn lyftustokkur er.

- 3.2. Ef rafmagn fer af eða íhlutar bila skal lyftan hafa búnað sem kemur í veg fyrir óhindrað fall eða stjórnlausu hreyfingu stóls upp á við.

Búnaður sem kemur í veg fyrir óhindrað fall lyftustóls skal ekki vera í neinum tengslum við upphengibúnað hans.

Fyrirnefndur búnaður verður að geta stöðvað lyftustól með skilgreinda hámarksþyngd og á þeim hámarkshraða sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar gerir ráð fyrir. Búnaðurinn má ekki hægja svo skyndilega á ferðinni að farþegar bíði skaða af, sama hver byrðin er.

- 3.3. Koma skal höggdeyfi fyrir milli botns lyftustokksins og stólgólfsins.

Í því tilviki skal mæla auða rýmið, sem um getur í lið 2.2., með höggdeyfinn í samþjappaðri stöðu.

Þessi krafa gildir ekki um lyftur með stól sem kemst ekki inn í auða rýmið sem um getur í lið 2.2. sakir þess með hvaða hætti drifkerfi lyftunnar er hannað.

- 3.4. Hanna ber lyftur og smíða þannig að ekki sé hægt að koma þeim á hreyfingu nema búnaðurinn sem kveðið er á um í lið 3.2. sé í virkri stöðu.

4. ÖNNUR HÆTTA

- 4.1. Séu palldyr og stöldyr eða báðar þessar dyr vélbúnar skulu þær hafa búnað sem kemur í veg fyrir að fólki sé hætt við að klemmast þegar hurðir hreyfast.

Palldyr sem eiga að vera hluti af brunavörnum hússins, einnig þær sem eru að hluta til úr gleri, skulu nægilega eldþolnar, það er heilar og hvað varðar einangrunareiginleika (eldur breiðist ekki út) og hitaútbreiðslu (hitageislun).

Mótvægi skal þannig fyrir komið að útilokað sé að það rekist í lyftustóllinn eða falli á hann.

- 4.4. Lyftur skulu hafa búnað sem gerir kleift að frelsa og hjálpa fólki út sem er fast í lyftustól.
- 4.5. Í lyftustólum skal vera kerfi sem gerir gagnkvæm samskipti möguleg og kleift að halda föstu sambandi við björgunarþjónustu.
- 4.6. Lyftur skal hanna þannig og smíða að þær geti lokið ferð en ekki svarað ef ný boð eru gefin fari hitinn í lyftuvél yfir það hámark sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar gerir ráð fyrir.
- 4.7. Lyftustóla skal hanna þannig og smíða að nægileg loftræsting sé fyrir farþega, jafnvel þó lyfta stöðvist um lengri tíma.
- 4.8. Nægileg lýsing skal vera í lyftustól þegar hann er í notkun eða dyr opnast; í honum skal einnig vera neyðarlýsing.
- 4.9. Samskiptakerfi sem um getur í lið 4.5. og neyðarlýsing í lið 4.8. skulu þannig hönnuð og smíðuð að þau virki þó venjulegur straumur rofni. Þau skulu starfhæf þann tíma sem eðlilegt má telja að björgunaraðilar þurfi til að athafna sig.
- 4.10. Straumrásir stjórnkerfis lyftna sem heimilt er að nota í bruna skulu þannig hannaðar og smíðaðar að hægt sé að koma í veg fyrir að lyfturnar stöðvist á ákveðnum hæðum og að björgunaraðili geti yfirtekið stjórn lyftunnar.

5. MERKINGAR

- 5.1. Til viðbótar lágmarksupplýsingum sem er krafist um vélar samkvæmt lið 1.7.3. í I. viðauka við gildandi reglur um vélar og tæknilegan búnað (nú reglur nr. 580/1995) skal í hverjum lyftustól vera áberandi skilti þar sem skilgreind hámarksþyngd er greinilega tilgreind í kílógrömmum og hámarksfjöldi farþega.
- 5.2. Ef lyftan er þannig hönnuð að farþegar sem fastir eru í henni eiga að geta komist hjálparlaust úr lyftustólnum skulu leiðbeiningar þar að lútandi vera í stólnum, skýrar og greinilegar.

6. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

- 6.1. Öryggisíhlutum sem um getur í IV. viðauka skal fylgja handbók með leiðbeiningum á íslensku eða opinberu tungumáli aðildarríkis innan EES sem annast uppsetningu lyftunnar eða á öðru tungumáli aðildarríkis innan EES sem hann samþykkir, þannig að unnt sé að koma:
 - samsetningu,
 - tengingu,
 - stillingu, og
 - viðhaldií verk með skilvirkum hætti og án þess að af því hljótist hætta.
- 6.2. Hverri lyftu skal fylgja skjal á íslensku eða opinberu tungumáli (-málum) aðildarríkis innan EES sem Vinnueftirlit ríkisins samþykkir. Skjalið skal í það minnsta innihalda:
 - handbók með leiðbeiningum um skipulag og teikningar sem eru nauðsynlegar vegna eðlilegrar notkunar og tengjast viðhaldi, eftirliti, viðgerðum, reglubundinni skoðun og björgunaraðgerðum sem um getur í lið 4.4.,
 - færslubók þar sem hægt er að skrá viðgerðir og, eftir atvikum, reglubundna skoðun.

II. VIÐAUKI

A. Efni EB-samræmisyfirlýsingar vegna öryggisíhluta.¹⁾

Eftirfarandi komi fram í EB-samræmisyfirlýsingunni:

- nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhlutanna,²⁾
- eftir atvikum, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES,²⁾
- lýsing á öryggisíhlutanum, nákvæmar upplýsingar um gerð eða röð og raðnúmer (ef það er til),
- öryggiseiginleikar öryggisíhlutans, ef þeir eru ekki augljósir af lýsingunni,
- framleiðsluár öryggisíhlutans,
- öll viðeigandi ákvæði sem öryggisíhlutinn uppfyllir,
- eftir atvikum, vísun í samhæfða staðla sem eru notaðir,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um EB-gerðarprófunina í samræmi við i- og ii-lið í a-lið 1. mgr. 6. gr.,
- eftir atvikum, vísun í EB-gerðarprófunarvottorð sem tilkynnti aðilinn gaf út,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um prófun á framleiðslu í samræmi við ii-lið í a-lið 1. mgr. 6. gr.,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem skoðaði gæðatryggingarkerfið sem framleiðandi notar í samræmi við iii-lið í a-lið 1. mgr. 6. gr.,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að koma fram fyrir hönd framleiðanda öryggisíhluta eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

B. Efni EB-samræmisyfirlýsingar vegna uppsettra lyftna.³⁾

Eftirfarandi komi fram í EB-samræmisyfirlýsingunni:

- nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar,⁴⁾
- lýsing á lyftunni, nákvæmar upplýsingar um gerð eða röð, raðnúmer og heimilisfangið þar sem lyftan var sett upp,
- hvaða ár lyftan var sett upp,
- öll viðeigandi ákvæði sem lyftan uppfyllir,
- eftir atvikum, vísun í samhæfða staðla sem eru notaðir,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um EB-gerðarprófun á sýnieintaki lyftunnar í samræmi við i- og ii-lið 2. mgr. 6. gr.,
- eftir atvikum, vísun í EB-gerðarprófunarvottorðið,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um sannprófun á lyftunni í samræmi við iv-lið 2. mgr. 6. gr.,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um loka-skoðun á lyftunni í samræmi við fyrsta undirlið í i-, ii- og iii-lið 2. mgr. 6. gr.,
- eftir atvikum, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem skoðaði gæðatryggingarkerfið sem sá sem annast uppsetningu notar í samræmi við annan og þriðja undirlið í i-, ii-, iii- og iv-lið 2. mgr. 6. gr.,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að koma fram fyrir hönd þess sem annast uppsetningu lyftunnar.

¹⁾ Yfirlýsingin skal vera á sama tungumáli og handbókin með leiðbeiningunum sem um getur í lið 6.1. í I. viðauka, annaðhvort vélrituð eða prentuð.


²⁾ Firmanafn, fullt heimilisfang; ef um er að ræða viðurkenndan fulltrúa ber einnig að tilgreina firmanafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhlutanna.

³⁾ Þessi yfirlýsing skal vera á sama tungumáli og handbókin með leiðbeiningunum sem um getur í lið 6.2. í I. viðauka, annaðhvort vélrituð eða prentuð.

⁴⁾ Firmanafn og fullt heimilisfang.

III. VIÐAUKI CE-SAMRÆMISMERKI.

Í CE-samræmismerkinu skulu vera bókstafirnir „CE“ eins og hér er sýnt:



Ef merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm. Falla má frá kröfu um lágmarksmál ef um litla öryggisíhluta er að ræða.

Á eftir CE-merkinu komi kenninúmer tilkynnta aðilans sem sér um

- málsmeðferðina sem vísað er til í ii- eða iii-lið í a-lið 1. mgr. 6. gr.,
- málsmeðferðina sem vísað er til í 2. mgr. 6. gr.

IV. VIÐAUKI SKRÁ YFIR ÖRYGGISÍHLUTA SEM VÍSAÐ ER TIL Í 1. MGR. 1. GR. OG 1. MGR. 6. GR.

1. Búnaður til að læsa palldyrum.
2. Búnaður til að koma í veg fyrir fall sem er vísað til í lið 3.2. í I. viðauka og kemur í veg fyrir að lyftustóll falli eða stjórnlaus hreyfingu hans upp á við.
3. Hraðatakörkunarbúnaður.
4. a) Orkusafnandi höggdeyfar:
 - annaðhvort ólínulegir,
 - eða með deyfðu endurkasti.
- b) Orkudreifandi höggdeyfar.
5. Öryggisbúnaður á tjökkum í vökvakerfum ef þeir eru notaðir til að koma í veg fyrir fall.
6. Rafmagnsöryggisbúnaður notaður sem öryggisrofar með rafeindaflutum.

V. VIÐAUKI EB-GERÐARPRÓFUN (aðferðareining B).

A. EB-gerðarprófun öryggisíhluta.

1. Tilkynntur aðili staðfestir og vottar með EB-gerðarprófun að dæmigert eintak af öryggisíhluta geri það að verkum að lyfta sem hann er settur í fullnægi viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar.

2. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal sækja um EB-gerðarprófun til tilkynnts aðila að eigin vali.
Eftirfarandi komi fram í umsókninni:
 - nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhluta og viðurkennds fulltrúa hans, ef sá síðarnefndi sækir um, og framleiðslustaður öryggisíhlutanna,
 - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynntum aðila,
 - tækniskjöl,
 - dæmigert eintak af öryggisíhlutanum eða nákvæmar upplýsingar um hvar hægt er að skoða hann. Tilkynntur aðili getur lagt fram rökstudda beiðni um að fá fleiri eintök.
3. Tækniskjalið á að vera hægt að nota til að meta hvort öryggisíhlutinn fullnægi kröfum um samræmi og geri það að verkum að lyfta sem hann er settur í fullnægi viðeigandi kröfum reglugerðarinnar.
Eftirfarandi komi fram í tækniskjalinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna samræmismats:
 - almenn lýsing á öryggisíhlutanum, einnig hvar hann er notaður (einkum hugsanlegar takmarkanir með hliðsjón af hraða, hleðslu og afli) og skilyrði (einkum umhverfi þar sem sprengihætta er og opið fyrir veðri og vindum),
 - teikningar og skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
 - grunnkrafta (-kröfur) sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja henni (þeim) (t.d. samhæfður staðall),
 - niðurstöður prófana eða útreikninga sem framleiðandi sér um eða ræður annan til að sjá um,
 - afrit af leiðbeiningum um samsetningu öryggisíhluta,
 - ráðstafanir sem eru gerðar á framleiðslustigi til að tryggja að fjöldaframleiddir öryggisíhlutar samræmist þeim öryggisíhluta sem var prófaður.
4. Tilkynnta aðilanum ber:
 - að rannsaka tækniskjalið til að meta að hve miklu leyti markmiðum er fullnægt,
 - að prófa öryggisíhluta til að kanna hvort hann sé í samræmi við tækniskjalið,
 - gera eða láta fara fram viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandi öryggisíhluta hefur notað séu í samræmi við kröfur reglugerðarinnar og geri að verkum að öryggisíhlutinn gegni hlutverki sínu þegar honum er komið fyrir með réttum hætti.
5. Uppfylli dæmigert eintak af öryggisíhlutanum viðeigandi ákvæði tilskipunarinnar ber tilkynnta aðilanum að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð handa umsækjanda. Í vottorðið skal skrá nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhlutans, niðurstöður athugunar, alla fyrirvara sem gilda um vottorðið og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á viðurkenndu gerðina.
Eftirlitsstofnun EFTA, aðildarríki EES og aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af vottorðinu og, eftir að hafa lagt fram rökstudda beiðni, afrit af tækniskýrslunni og skýrslum um prófanir, útreikninga og athuganir sem gerð hafa verið. Neiti tilkynnti aðilinn að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð fyrir framleiðandann ber henni að færa ítarleg rök fyrir því. Kveða ber á um málsmeðferð við áfrýjun.
6. Framleiðanda öryggisíhluta eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu ber að upplýsa tilkynnta aðilann um allar breytingar, einnig smávægilegar, sem hann hefur látið gera eða hyggst gera á viðurkenndum öryggisíhluta, að meðtöldum nýjum

viðbótum og afbrigðum sem eru ekki tilgreind í upprunalega tækniskjalinu (sjá fyrsta undirlið í 3. lið). Tilkyntti aðilinn skal skoða breytingarnar og tilkynna umsækjanda um hvort EB-gerðarprófunin gildi áfram.¹⁾

7. Tilkynttir aðilar skulu senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um:
 - þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið gefin út,
 - þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið afturkölluð.
 Tilkynttur aðili skal einnig senda öðrum tilkynttum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorðið sem hann hefur afturkallað.
8. EB-gerðarprófunarvottorð og -skjöl og bréfaskipti er varða málsmeðferð við EB-gerðarprófun skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkis innan EES þar sem tilkyntti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
9. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans skal varðveita með tækniskjöllum afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og viðbótum við þau í 10 ár frá þeim degi að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt.

Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu í bandalaginu ber þeim sem markaðssetur öryggisíhlutann í bandalaginu að varðveita tækniskjöl.

¹⁾ Tilkynttum aðila er heimilt að gefa út viðbót við EB-gerðarprófunarvottorð eða fara fram á að ný umsókn sé lögð fram telji hann það nauðsynlegt.

B. EB-gerðarprófun á lyftum.

1. Tilkynttur aðili staðfestir og vottar með EB-gerðarprófun að gerð lyftu eða lyftur þar sem ekki er gert ráð fyrir viðbót eða afbrigði fullnægi kröfum þessarar tilskipunar.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal sækja um EB-gerðarprófun til tilkynts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

 - nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar,
 - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynttum aðila,
 - tækniskjöl,
 - upplýsingar um staðinn þar sem setja á lyftuna upp. Sýnieintaki lyftunnar sem lagt er fram til prófunar skal fylgja tengibúnaður og henni skal ætlað að komast milli þriggja hæða (efstu, mið og neðstu hæðar).
3. Tækniskjalið á að vera hægt að nota til að meta hvort lyftan sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og skilja hvernig hún er smíðuð og virkar.

Eftirfarandi komi fram í tækniskjalinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna samræmismats:

 - almenn lýsing á dæmigerðu eintaki af lyftunni. Í tækniskjalinu skal gefa greinargóða lýsingu á hugsanlegum viðbótum við dæmigerða eintakið af lyftunni sem verið er að prófa (sjá 4. mgr. 1. gr.),
 - teikningar og skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
 - grunnkröfur sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja þeim (t.d. samhæfður staðall),
 - eintak af EB-samræmingaryfirlýsingum fyrir öryggisíhluta sem eru notaðir við framleiðslu lyftunnar,

- niðurstöður prófana eða útreikninga sem framleiðandi sér um eða ræður annan til að sjá um,
 - afrit af leiðbeiningum um notkun lyftunnar,
 - ráðstafanir sem eru gerðar við uppsetningu til að tryggja að fjöldaframleiddar lyftur uppfylli ákvæði tilskipunarinnar.
4. Tilkyntta aðilanum ber:
- að rannsaka tækniskjalið til að meta að hve miklu leyti þeim markmiðum sem stefnt er að er fullnægt,
 - að prófa dæmigert eintak af lyftunni til að kanna hvort hún sé framleidd í samræmi við tækniskjalið,
 - að gera eða láta fara fram viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar hefur notað séu í samræmi við kröfur reglugerðarinnar og geri að verkum að lyftan sé í samræmi við þær.
5. Uppfylli sýnieintak lyftunnar viðeigandi ákvæði reglugerðarinnar ber tilkyntta aðilanum að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð handa umsækjanda. Í vottorðið skal skrá nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar, niðurstöður athugunar, alla fyrirvara sem gilda um vottorðið og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á viðurkenndu gerðina.
- Eftirlitsstofnun EFTA, aðildarríkin innan EES og aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af vottorðinu og, eftir að hafa lagt fram rökstudda beiðni, afrit af tækniskýrslunni og skýrslum um prófanir, útreikninga og athuganir sem gerð hafa verið.
- Neiti tilkynnti aðilinn að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð fyrir framleiðandann ber honum að færa ítarleg rök fyrir því. Kveða ber á um málsmeðferð við áfrýjun.
6. Þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ber að upplýsa tilkyntta aðilann um allar breytingar, einnig smávægilegar, sem hann hefur látið gera eða hyggst gera á viðurkenndri lyftu, að meðtöldum nýjum viðbótum og afbrigðum sem eru ekki tilgreind í upprunalega tækniskjalinu (sjá fyrsta undirlið í 3. lið). Tilkynnti aðilinn skal skoða breytingarnar og tilkynna umsækjanda um hvort EB-gerðarprófunarvottorðið gildi áfram¹⁾.
7. Tilkynntir aðilar skulu senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um:
- þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið gefin út,
 - þau EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem hafa verið afturkölluð.
- Tilkynntur aðili skal einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð sem hann hefur afturkallað.
8. EB-gerðarprófunarvottorð og -skjöl og bréfaskipti er varða málsmeðferð við EB-gerðarprófun skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkis innan EES þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
9. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita með tækniskjöllum afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og viðbótum við þau í 10 ár eftir að framleiðslu lyftna sem eru framleiddar í samræmi við dæmigert eintak af lyftunni er hætt.

¹⁾ Tilkynntum aðila er heimilt að gefa út viðbót við EB-gerðarprófunarvottorð eða fara fram á að ný umsókn sé lögð fram telji hann það nauðsynlegt.

VI. VIÐAUKI LOKASKOÐUN.

1. Við lokaskoðun verður sá sem annast uppsetningu lyftunnar og uppfyllir skilyrði 2. liðar að tryggja og lýsa því yfir að lyftan sem verið er að markaðssetja fullnægi kröfum reglugerðarinnar. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal festa CE-merki á lyftustól hvernar lyftu og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lyfta sem verið er að markaðssetja sé í samræmi við fyrirmynd að lyftu sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorði og kröfur um heilsuvernd og öryggi sem gilda um hana.
3. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita eintak af EB-samræmisyfirlýsingu og vottorði um lokaskoðun, sem um getur í 6. lið, í tíu ár frá þeim degi sem lyftan var markaðssett.
4. Tilkyntur aðili, sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar velur, skal sjá um eða sjá til þess að lokaskoðun fari fram á lyftu sem til stendur að markaðssetja. Viðeigandi prófanir og athuganir, sem eru skilgreindar í viðeigandi staðli (stöðlum) sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til þess að tryggja að lyftan sé í samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Það sem felst einkum í þessum athugunum og prófunum er:

- a) athugun skjala til að kanna hvort lyftan sé í samræmi við dæmigert eintak af lyftunni sem var samþykkt í samræmi við B-hluta V. viðauka;
 - b) – athugun á því hvernig lyftan virkar, bæði tóm og fullhlaðin, til að tryggt sé að öryggisbúnaður sé settur upp á réttan hátt og virki eðlilega (stöðvunarbúnaður á endum, læsingar o.s.frv.),
 - athugun á því hvernig lyftan virkar fullhlaðin og tóm til að tryggt sé að öryggisbúnaður virki eðlilega ef straumur rofnar,
 - stöðuprófun með álag sem er 1,25 sinnum meira en nafnág.Nafnág er það álag sem um getur í 5. lið í I. viðauka.
- Að þessum prófunum loknum ber tilkynnta aðilanum að ganga úr skugga um að ekkert hafi aflagast eða skaði hafi orðið sem gæti komið í veg fyrir notkun lyftunnar.
5. Láta ber tilkynnta aðilanum eftirtalin skjöl í té:
 - skipulagsuppdrátt af allri lyftunni,
 - nauðsynlega skipulagsuppdrátti og teikningar fyrir lokaskoðun, einkum teikningar af straumrásum stjórnkerfa,
 - eintak af handbók með leiðbeiningum sem um getur í lið 6.2. í I. viðauka.Tilkynnti aðilinn getur ekki krafist nákvæmra skipulagsuppdrátta eða nákvæmra upplýsinga sem teljast ekki nauðsynlegar til að sannreyna að lyfta sem til stendur að markaðssetja sé í samræmi við fyrirmynd að lyftu sem lýst er í EB-gerðarprófunaryfirlýsingunni.
 6. Ef lyftan uppfyllir ákvæði tilskipunarinnar skal tilkynnti aðilinn festa eða láta festa kenninúmer sitt við hlið CE-merkisins, í samræmi við III. viðauka, og gefa út lokaskoðunarvottorð þar sem getið er þeirra athugana og prófana sem fóru fram.

Tilkynnti aðilinn skal fylla út réttar blaðsíður í færslubókinni sem um getur í lið 6.2. í I. viðauka.

Neiti tilkynnti aðilinn að gefa út lokaskoðunarvottorð ber honum að færa ítarleg rök fyrir því og benda á leiðir til að öðlast samþykki. Sæki sá sem annast uppsetningu lyftunnar um lokaskoðun á ný ber honum að senda sama tilkynnta aðila umsókn.

7. Lokaskoðunarvottorð, málsskjöl og bréfaskipti er varða samþykkismálsmeðferðina skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkis innan EES þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

VII. VIÐAUKI

LÁGMARKSSKILYRÐI SEM AÐILDARRÍKIN ÞURFA AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR AÐILAR ERU TILKYNTIR.

1. Tilkynnti aðilinn sem annast sannprófanir, stjórnandi hans eða starfsmenn mega hvorki vera hönnuðir, birgjar eða framleiðendur öryggishluta né vinna við uppsetningu lyftnanna sem þeir skoða eða vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Á sama hátt má tilkynnti aðilinn, stjórnandi hans eða starfsmenn, sem annast eftirlit með gæðatryggingarkerfum sem um getur í 6. gr. reglugerðarinnar, hvorki vera hönnuðir, birgjar eða framleiðendur öryggishluta né vinna við uppsetningu lyftnanna sem þeir skoða eða vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir með beinum hætti né fyrir hönd annarra hafa afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi öryggishluta eða af uppsetningu lyftnanna. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á upplýsingaskiptum um tæknileg atriði milli framleiðanda öryggishlutanna eða þess sem annast uppsetningu lyftunnar og viðkomandi aðila.
2. Aðilinn og starfsmenn hans skulu annast skoðun eða eftirlit af faglegri ráðvendni og tæknilegri færni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í tengslum við niðurstöður skoðunar eða eftirlits.
3. Aðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem er nauðsynlegur til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast skoðun eða eftirliti; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sérstakar sannprófanir.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
 - haldgóða tækni- og fagmenntun,
 - viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru vegna prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,
 - nauðsynlega kunnáttu til að gefa út vottorð og semja greinargerðir og skýrslur sem vitna um áreiðanleika prófananna.
5. Tryggja ber óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki fara eftir fjölda prófana né niðurstöðum þeirra.
6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins innan EES sjálfs.
7. Starfsmenn aðilans eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessa reglugerð eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum til að framfylgja henni.

VIII. VIÐAUKI
GÆÐATRYGGING VÖRU
(aðferðareining E).

1. Gæðatrygging vöru er ferli þar sem framleiðandi öryggisíhluta, sem fullnægir skilyrðum 2. liðar, sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við gerðareintak sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum reglugerðarinnar sem gilda um þá og sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutinn, sem er komið fyrir með réttum hætti í lyftu, geri að verkum að hún fullnægi ákvæðum tilskipunarinnar.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal setja CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út EB-samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.

2. Framleiðandi skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við lokaskoðun og prófun á öryggisíhlutanum, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.

3. Gæðatryggingarkerfi.

- 3.1. Framleiðandi öryggisíhluta skal sækja um mat á gæðatryggingarkerfi sínu fyrir þá öryggisíhluta sem um ræðir til tilkynnts aðila að eigin vali.

Í umsókninni komi fram:

- allar upplýsingar sem máli skipta um þá öryggisíhluta sem um er að ræða,
- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- tækniskjöl um hina samþykktu öryggisíhluta og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

- 3.2. Athuga ber alla öryggisíhluta samkvæmt gæðatryggingarkerfinu og framkvæma réttar prófanir, samanber viðeigandi staðla sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðarinnar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi öryggisíhluta hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- a) gæðamarkmiðum;
- b) skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða öryggisíhluta;
- c) þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða að framleiðslu lokinni;
- d) því hvernig sannreynt sé að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt;
- e) gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

- 3.3. Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðatryggingarkerfum.¹⁾

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kosti einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn þangað sem öryggisíhlutinn er framleiddur skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna framleiðanda öryggisíhlutans. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi öryggisíhluta skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

¹⁾ Þessi samhfæði staðall er EN 29 003 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum öryggisíhluta.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.

4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi öryggisíhluta ræki þær skyldur sem samþykkt gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- tækniskjöl,
- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi öryggisíhluta viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa framleiðanda öryggisíhluta skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja framleiðanda öryggisíhluta fyrirvaralaust.

Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt. Hann skal gefa framleiðanda öryggisíhlutans skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Framleiðandanum ber að varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt:

- skjölin sem um getur í þriðja undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1.,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.4.,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4. og liðum 4.3. og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.

IX. VIÐAUKI
FULL GÆÐATRYGGING

(aðferðareining H).

1. Full gæðatrygging er ferli þar sem framleiðandi öryggisíhluta, sem fullnægir skilyrðum 2. liðar, sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir fullnægi þeim kröfum reglugerðarinnar sem gilda um þá og sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutinn, sem er komið fyrir með réttum hætti í lyftu, geri að verkum að hún fullnægi ákvæðum reglugerðarinnar.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal setja CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út EB-samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Framleiðandi skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við lokaskoðun og prófun á öryggisíhlutanum, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.
3. **Gæðatryggingarkerfi.**
 - 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðatryggingarkerfi sínu. Í umsókninni komi fram:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um öryggisíhluta,
 - gögn um gæðatryggingarkerfið.
 - 3.2. Gæðatryggingarkerfið á að tryggja að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við þær kröfur reglugerðarinnar sem gilda um þá og geri að verkum að lyftur, sem þeim er komið fyrir í með réttum hætti, fullnægi ákvæðum reglugerðarinnar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi öryggisíhluta hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

 - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða hönnunar og öryggisíhluta,
 - þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. verður ekki beitt að fullu, þeim aðferðum sem notaðar verða til að tryggja að þær grunnkröfur reglugerðarinnar sem gilda um öryggisíhlutana verði uppfylltar,
 - þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun öryggisíhlutanna,
 - samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu,
 - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
 - gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
 - því hvernig fylgst er með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef beitt er viðeigandi samhæfðum staðli í gæðatryggingarkerfinu.¹⁾

Í úttektarhópnunum skal vera að minnsta kosti einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn þangað sem öryggisíhlutinn er framleiddur skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna framleiðanda öryggisíhlutanna. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Framleiðandi öryggisíhluta skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

¹⁾ Þessi samhæfði staðall er EN 29 001 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum öryggisíhluta.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.

4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi öryggisíhluta ræki þær skyldur sem samþykkt gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandi öryggisíhlutanna skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að hönnunar-, framleiðslu-, eftirlits- og prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,
- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi öryggisíhluta viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa framleiðanda öryggisíhluta skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja framleiðanda öryggisíhluta fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt. Hann skal gefa framleiðanda öryggisíhlutans skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Framleiðanda öryggisíhlutanna eða viðurkenndum fulltrúa hans ber að varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt:

- skjölin sem um getur í öðrum undirlitð annarrar málsgreinar í lið 3.1.,

- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.4.,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4. og liðum 4.3. og 4.4.

Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu í bandalaginu þeim sem markaðssetur öryggisíhlutann í bandalaginu að hafa tæknileg skjöl tiltæk.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.
7. Málsskjöl og bréfaskipti er varða fulla gæðatryggingu skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkis innan EES þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

X. VIÐAUKI EININGARSANNPRÓFUN (aðferðareining G).

1. Við einingarsannprófun gengur sá sem annast uppsetningu lyftu úr skugga um og lýsir yfir að lyfta sem verið er að setja á markað og fengið hefur samræmisvottorð sem um getur í 4. lið sé í samræmi við kröfur reglugerðarinnar. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á lyftustólinn og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal sækja um einingarsannprófun til tilkynnts aðila að eigin vali.
Eftirfarandi komi fram í umsókninni:
 - nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar og upplýsingar um hvar lyftan er sett upp,
 - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynntum aðila,
 - tækniskjöl.
3. Með tækniskjalinu skal vera hægt að meta samræmi lyftu við kröfur reglugerðarinnar og fá upplýsingar um hönnun, framleiðslu og notkun lyftunnar.
Eftirfarandi komi fram í tækniskjölunum, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir samræmismatið:
 - almenn lýsing á lyftunni,
 - teikningar og skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
 - grunnkröfur sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja þeim (t.d. samhæfður staðall),
 - niðurstöður prófana eða útreikninga sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar sér um eða ræður annan til að sjá um,
 - afrit af leiðbeiningum um notkun lyftunnar,
 - afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum fyrir þá öryggisíhluta sem eru notaðir.
4. Tilkynnti aðilinn skal rannsaka tækniskjölin og lyftuna og gera viðeigandi prófanir sem eru skilgreindar í viðeigandi staðli (stöðlum), sem um getur í 5. gr. tilskipunarinnar, eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að hún sé í samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.

Uppfylli lyftan ákvæði þessarar tilskipunar skal tilkynnti aðilinn festa eða láta festa kenninúmer sitt við hlið CE-merkisins, í samræmi við III. viðauka, og gefa út samræmisvottorð vegna þeirra prófana sem voru gerðar.

Tilkynnti aðilinn skal útfylla réttar blaðsíður í færslubókinni sem um getur í lið 6.2. í I. viðauka.

Neiti tilkynnti aðilinn að gefa út samræmisvottorð ber honum að færa ítarleg rök fyrir því og benda á leiðir til að koma á samræmi. Sæki sá sem annast uppsetningu lyftunnar um sannprófun á ný ber honum að senda sama tilkynnta aðila umsókn.

5. Samræmisvottorð, málsskjöl og bréfaskipti er varða aðferðir við einingsannprófun skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkis innan EES þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
6. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita með tækniskjöllum afrit af samræmisvottorðinu í 10 ár frá þeim degi sem lyftan er markaðssett.

XI. VIÐAUKI

SAMRÆMI VIÐ GERÐ KANNAÐ MEÐ SLEMBIATHUGUN

(aðferðareining C).

1. Þegar samræmi við gerð er kannað tryggir framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við þá gerð sem er lýst á EB-gerðarvottorðinu og fullnægi kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þá og gera að verkum að lyftur, sem þeim er komið fyrir í með réttum hætti, fullnægi ákvæðum reglugerðarinnar um heilsuvernd og öryggi.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal festa CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út EB-samræmisýfirlýsingu.

2. Framleiðandi öryggisíhluta skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi samræmi framleiddu öryggisíhlutanna við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við þær kröfur tilskipunarinnar sem gilda um þá.
3. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans skulu varðveita eintak af EB-samræmisýfirlýsingunni í 10 ár eftir að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt.
Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu í bandalaginu ber þeim sem markaðssetur öryggisíhlutann í bandalaginu að hafa tæknileg skjöl tiltæk.
4. Tilkynntum aðila sem framleiðandi velur ber að gera eða láta fara fram slembiathuganir á öryggisíhlutum. Tilkynnti aðilinn skal taka viðeigandi eintak á staðnum til að kanna fullnæga öryggisíhluta og framkvæma viðeigandi prófanir, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi staðli (stöðlum) sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til að ganga úr skugga um að vörurnar fullnægi viðeigandi kröfum tilskipunarinnar. Ef einn öryggisíhluti eða fleiri eru ekki í samræmi við kröfurnar skal tilkynnti aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir.

Þau atriði sem taka ber tillit til þegar öryggisíhlutar eru athugaðir skal skilgreina í samningi sem tilkynntir aðilar, sem bera ábyrgð á þessari málsmeðferð, gera sín á milli með hliðsjón af þeim frumeinkennum öryggisíhlutanna sem um getur í IV. viðauka.

Framleiðandinn skal koma kenninúmeri tilkynnta aðilans fyrir á ábyrgð hans á meðan á framleiðslu stendur.

5. Málsskjöl og bréfaskipti er varða aðferðir sem er beitt við slembiathuganir sem um getur í 4. lið skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

XII. VIÐAUKI GÆÐATRYGGING VÖRU MEÐ TILLITI TIL LYFTNA (aðferðareining E).

1. Gæðatrygging vöru er ferli þar sem sá sem annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar sér til þess og lýsir því yfir að uppsettar lyftur séu í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þær.
Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við lokaskoðun og prófun á lyftunni, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.
3. **Gæðatryggingarkerfi.**
 - 3.1. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal sækja um mat á gæðatryggingarkerfi sínu fyrir þær lyftur sem um ræðir til tilkynnts aðila að eigin vali.
Eftirfarandi komi fram í umsókninni:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um þær lyftur sem um er að ræða,
 - gögn um gæðatryggingarkerfið,
 - tækniskjöl um hinar samþykktu lyftur og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðunum.
 - 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hver lyfta athuguð og gerðar þær prófanir sem er fjallað um í viðeigandi stöðlum og um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðarinnar.
Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem sá sem annast uppsetningu lyftu hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.
Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
 - a) gæðamarkmiðum;
 - b) skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða lyftna;
 - c) þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða áður en markaðssetning fer fram og að minnsta kosti þeim prófunum sem mælt er fyrir um í b-lið 4. liðar í VI. viðauka;
 - d) því með hvaða hætti sannreynt er að gæðatryggingarkerfið sé skilvirk;
 - e) gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
 - 3.3. Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðatryggingarkerfum.¹⁾

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kosti einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn á vinnustað þess sem annast uppsetningu lyftunnar og þangað sem lyftan er sett upp skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

- 3.4. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

¹⁾ Þessi samhæfði staðall er EN 29 003 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.

- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðatryggingarkerfi leggur honum á herðar.

- 4.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að eftirlits- og prófunarstöðunum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- tækniskjöl,
- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa honum skýrslu um úttektina.

- 4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp fyrirvaralaust.

Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið og lyftan vinni rétt. Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðsla lyftunnar er hætt:

- skjölin sem um getur í þriðja undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1.,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.4.,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4. og liðum 4.3. og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.

XIII. VIÐAUKI
FULL GÆÐATRYGGING LYFTNA
(aðferðareining H).

1. Full gæðatrygging er ferli þar sem sá sem annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar sér til þess og lýsir því yfir að lyfturnar fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um þær.

Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.

2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við hönnun, framleiðslu, samsetningu, uppsetningu og lokaskoðun á lyftunum og við prófanir, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðatryggingarkerfi.**

- 3.1. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal leggja inn umsókn um mat á gæðatryggingarkerfi sínu hjá tilkynntum aðila.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

- allar upplýsingar sem máli skipta um lyfturnar, einkum upplýsingar sem gera kleift að skilja tengsl á milli hönnunar og starfsemi lyftunnar þannig að kröfum tilskipunarinnar sé fullnægt,
- gögn um gæðatryggingarkerfið.

- 3.2. Gæðatryggingarkerfið á að tryggja að lyfturnar séu í samræmi við þær kröfur reglugerðarinnar sem við þær eiga.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og gæða lyftnanna,
- þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. verður ekki beitt að fullu, þeim aðferðum sem notaðar verða til að tryggja að þær grunnkröfur reglugerðarinnar sem gilda um lyfturnar verði uppfylltar,
- þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun lyftnanna,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða við viðtöku birgða af efnum, íhlutum og hlutasamsetningum,
- samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við samsetningu, uppsetningu og gæðaeftirlit,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir (skoðun á aðstæðum við uppsetningu: lyftustokkur, vélarhús o.s.frv.), við og eftir framleiðslu (og að minnsta kosti þeim prófunum sem mælt er fyrir um í b-lið 4. liðar í VI. viðauka),
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
- því hvernig fylgst er með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt.

3.3. Hönnunareftirlit.

Ef hönnun er ekki að öllu leyti í samræmi við samhæfða staðla skal tilkynnti aðilinn ganga úr skugga um hvort hönnunin sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar og, ef svo er, gefa út „EB-hönnunarprófunarvottorð“ til handa þeim sem annast uppsetningu, þar sem fram koma fyrirvarar um gildi vottorðsins og nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera kennsl á hönnunina sem hefur verið samþykkt.

3.4. Mat á gæðatryggingarkerfinu.

Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef beitt er viðeigandi samhæfðum staðli í gæðatryggingarkerfinu.¹⁾

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kosti einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn á vinnustað þess sem annast uppsetningu lyftunnar og þangað sem lyftan er sett upp skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Sá sem annast uppsetningu lyftu skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

¹⁾ Þessi samhæfði staðall er EN 29 001 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.

4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðatryggingarkerfi leggur honum á herðar.

4.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að hönnunar-, framleiðslu-, samsetningar-, uppsetningar-, eftirlits- og prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,
- gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðatryggingarkerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa honum skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp eða hún sett saman fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt.

Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að lyftan er markaðssett:
 - skjölin sem um getur í öðrum undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1.,
 - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.5.,
 - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.5. og liðum 4.3. og 4.4.
 Ef sá sem annast uppsetninguna hefur ekki staðfestu í bandalaginu ber tilkynnta aðilanum að efna þessar kvaðir.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.
7. Málsskjöl og bréfaskipti er varða fulla gæðatryggingu skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

XIV. VIÐAUKI GÆÐATRYGGING Í FRAMLEIÐSLU (aðferðareining D).

1. Gæðatrygging í framleiðslu er ferli þar sem sá sem annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar sér til þess og lýsir því yfir að lyfturnar fullnægi þeim kröfum reglugerðarinnar sem gilda um þær. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal setja CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota samþykkt gæðatryggingarkerfi við framleiðslu, uppsetningu, lokaskoðun og prófun á lyftunni, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og tilgreint er í 4. lið.
3. **Gæðatryggingarkerfi.**
- 3.1. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal sækja um mat á gæðatryggingarkerfi sínu til tilkynnts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi komi fram í umsókninni:

 - allar upplýsingar sem máli skipta um lyfturnar,
 - gögn um gæðatryggingarkerfið,
 - tækniskjöl um hinar samþykktu lyftur og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðunum.
- 3.2. Gæðatryggingarkerfið verður að tryggja að lyfturnar séu í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðarinnar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem sá sem annast uppsetningu lyftu hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðatryggingarkerfið verða að vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

 - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til lyftanna,
 - aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu,

- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir uppsetningu,¹⁾
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
- því hvernig fylgst er með því að tilskilin gæði lyftu hafi náðst og að gæðatryggingarkerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta aðilanum ber að meta gæðatryggingarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Honum ber að líta svo á að kröfunum sé fullnægt ef beitt er viðeigandi samhæfðum staðli í gæðatryggingarkerfinu.²⁾

Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kosti einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Heimsókn á vinnustað þess sem annast uppsetningu lyftunnar skal vera liður í matinu.

Ákvörðunina ber að tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

3.4. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur samþykkt gæðatryggingarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðatryggingarkerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar ákvörðun sína. Í tilkynningunni komi fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.

¹⁾ Til þessara prófana teljast í það minnsta þær prófanir sem kveðið er á um í b-lið 4. liðar VI. viðauka.

²⁾ Þessi samhæfði staðall er EN 29 002 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.

4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem samþykkt gæðatryggingarkerfið leggur honum á herðar.

4.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, samsetningar-, uppsetningar-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðatryggingarkerfið,
- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðatryggingarkerfinu og noti það og gefa honum skýrslu um úttektina.

4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðatryggingarkerfið vinni rétt. Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu í minnst 10 ár eftir að framleiðslu lyftunnar er hætt:
 - skjölin sem um getur í öðrum undirlið annarrar málsgreinar í lið 3.1.,
 - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.5.,
 - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.4. og liðum 4.3. og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðatryggingarkerfum sem veitt hafa verið og afturkölluð.
7. Málsskjöl og bréfaskipti er varða aðferðir við gæðatryggingu í framleiðslu skulu útbúin á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

25. júlí 2000

Nr. 571

REGLUR

um þrýstibúnað.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. Reglur þessar gilda um þrýstibúnað sem ætlaður er til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um þrýstibúnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar gilda um hönnun, framleiðslu og samræmismat þrýstibúnaðar og samsetninga með leyfilegan hámarksþrýsting sem er yfir 0,5 börum.

2. Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2.1. „Þrýstibúnaður“: hylki, lagnir, öryggisbúnaður og þrýstifylgihlutir. Þar sem við á skal telja til þrýstibúnaðar hluti sem eru festir við þá hluta sem þrýstingur er á, til dæmis flansa, stúta, tengistykki, undirstöður, höldur o.s.frv.

2.1.1. „Hylki“: hulstur sem er hannað og framleitt til að geyma fljótandi efni undir þrýstingi, ásamt búnaði sem festur er beint á það upp að tengingu þess við annan búnað. Í hylki geta verið fleiri en eitt hólf.

2.1.2. „Lagnir“: lagnahlutar sem er ætlað að flytja fljótandi efni þegar þeir eru tengdir saman og mynda heild í þrýstikerfi. Lagnir geta verið meðal annars leiðslur eða lagnakerfi, rör, tengihlutir, þenslusamskeyti, barkar eða aðrir þrýstipólnir íhlutar eftir því sem við á. Varmaskiptar í formi leiðslna til að kæla eða hita loft skulu teljast til lagna.

2.1.3. „Öryggisbúnaður“: búnaður til að koma í veg fyrir að þrýstingur í þrýstibúnaði sé yfir leyfilegum mörkum. Í slíkum búnaði er m.a. fólgin:

- búnaður fyrir beina þrýstitakmörkun, svo sem öryggislokar, sprengidiskar, teinar sem bogna, stýrð þrýstingsminnkunarkerfi, og
- búnaður sem annaðhvort gangsetur leiðréttingarbúnað og slekkur á honum eða setur búnaðinn í stöðvunarlás, svo sem þrýstiliðar eða hitaliðar eða vökvaliðar (vatnshæðarstjórnunarbúnaður) og „stillingar- og mælitæki sem varða öryggi“.

2.1.4. „Þrýstifylgihlutir“: búnaður sem hefur áhrif á virkni og er í þrýstipólnu hulstri.

2.1.5. „Samsetningar“: nokkrir hlutar tækjabúnaðar undir þrýstingi sem framleiðandi setur saman í eina starfræna heild.

2.2. „Þrýstingur“: þrýstingur miðaður við loftþrýsting, þ.e. mældur þrýstingur. Þess vegna er lofttæmi táknað með mínusgildi.

2.3. „Leyfilegur hámarksþrýstingur (PS)“: sá hámarksþrýstingur sem tækjabúnaðinum er ætlað að þola og framleiðandi tilgreinir. Framleiðandi tilgreinir staðsetningu hans. Sá staður skal vera við tengingu varnar- og/eða öryggistækja eða efst á búnaðinum eða, ef slíkt á ekki við, á öðrum tilteknum stað.

2.4. „Leyfilegt hámarks- eða lágmarkshitastig (TS)“: hámarks- og lágmarkshitastig sem tækjabúnaðurinn er hannaður fyrir og framleiðandi tilgreinir.

2.5. „Rúmmál (V)“: innra rúmmál hólfis, að meðtöldu rúmmáli stúta að fyrstu samskeytum eða logsóðnum samskeytum og að frátöldu rúmmáli fastra innbyggðra eininga.

2.6. „Nafnstærð (DN)“: tala sem táknar stærð og er sameiginleg öllum íhlutum í lagnakerfi að frátöldum íhlutum sem eru táknaðir með ytra þvermáli eða stærð skrufgangs. Um er að ræða heppilega rúnnaða tölu sem notuð er sem tilvísun og tengist aðeins lauslega framleiðslustærð. Nafnstærð er táknuð með DN ásamt tölu.

2.7. „Efni í fljótandi formi“: lofttegundir, vökvar og gufur, bæði hrein efni og blönduð. Í efni í fljótandi formi geta verið föst efni í sviflausn.

2.8. „Varanleg samskeyti“: samskeyti sem ekki er hægt að taka í sundur án þess að skemma þau.

2.9. „Evrópsk viðurkenning efna“: tækniskjal þar sem skilgreindir eru eiginleikar efna sem má endurnota við framleiðslu á þrýstibúnaði og engir samræmdir staðlar gilda um.

3. Eftirtalinn búnaður fellur ekki undir gildissvið þessara reglna:

3.1. lagnir, einnig lagnir eða lagnakerfi sem er ætlað til að flytja efni í fljótandi formi eða annað efni til eða frá stöð (á láði eða legi) að meðtöldum lokubúnaði inn og út úr stöðinni, einnig allur aukabúnaður sem er sérstaklega ætlaður fyrir lagnir. Staðlaður þrýstibúnaður í afþrýstings- eða þjöppunarstöðvum er þó ekki undanþeginn gildissviði þessara reglna;

3.2. netkerfi fyrir öflun, dreifingu og losun vatns og tengdur tækjabúnaður og aðrennsliásir, t.d. þrýstivatnspípur, þrýstipólin aðfallsrör, þrýstipólnir lóðréttir stokkar í raforkuver og búnaður sem tengist þeim;

3.3. tækjabúnaður sem gildandi reglur um einföld þrýstihylki fjalla um;

3.4. tækjabúnaður sem gildandi reglur um úðabrúsa fjalla um;

3.5. tækjabúnaður sem skilgreindur er í eftirtöldum gildandi reglum:

- reglum um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra,
- reglum um gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum,
- reglum um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum;

3.6. tækjabúnaður sem ekki er flokkaður ofar flokki I samkvæmt 6. gr. þessara reglna og sem einhver eftirtalinna reglna nær til:

- gildandi reglur um vélar og tæknilegan búnað,
- gildandi reglur um fólks- og vörulyftur,
- gildandi reglur um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka,
- gildandi reglur um lækningatæki,
- gildandi reglur um tæki sem brenna gasi,
- gildandi reglur um búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum;

3.7. tækjabúnaður varðandi hergögn, vopn og skotfæri sem sérstaklega eru ætluð til nota í hernaði;

3.8. hlutir sem sérstaklega eru ætlaðir til nota á sviði kjarnorkuvinnslu og geta valdið geislamengun ef þeir bregðast;

3.9. eftirlitsbúnaður í borholum sem eru notaðar við jarðolíu-, gas- eða jarðhitaleit

og -vinnslu og við geymslu neðanjarðar til að halda niðri og/eða stjórna þrýstingi í borholum. Þar á meðal efsti hluti borholu (jólátré), þrýstingslásar (BOP (blow out preventers)), lagnagreinar og allur uppstreymisbúnaður;

3.10. tækjabúnaður sem felur í sér hlífur eða vélverk þar sem stærðir, efnisval og framleiðslureglur fara fyrst og fremst eftir kröfum um nægan styrk, stinnleika og stöðugleika til að standast stöðu- og hreyfiaflfræðilegt álag við notkun eða önnur einkenni sem koma fram við notkun og þar sem hönnun miðast að litlu leyti við þrýsting. Meðal slíks búnaðar má telja:

- vélar búnar hverflum og brunahreyflum;
- gufuvélar, gas- eða gufuhverfla, hverfirafala, þjöppur, dælur og ræsibúnað;

3.11. bræðsluofnar að meðtöldum kælibúnaði, heitblástursvarmaskipta, rykhreinsibúnaði og útblástursahreinsibúnaði við bræðsluofna og kúplalok, þar á meðal kælibúnað, hvarfakúta og potta til að bræða, endurbræða, gashreinsa og steypa stál og málma sem innihalda ekki járn;

3.12. umbúnaður fyrir háspennurafbúnað svo sem straumrofa, stjórnbúnað, straumbreyta og vélar sem snúast;

3.13. þrýstilagnir fyrir flutningakerfi, til dæmis raflínur og símastrengi;

3.14. skip, eldflaugar, loftför og færarlegar einingar á sjó, einnig búnaður sem er sérstaklega ætlaður til nota um borð eða til knúnings;

3.15. þrýstibúnaður í mynd sveigjanlegra hulstra, til dæmis hjólbarða, loftpúða, bolta til leikja, uppblásinna farartækja og annars áþekks þrýstibúnaðs;

3.16. útblásturs- og inntakshljóðdeyfar;

3.17. flöskur eða dósir undir kolsýrða drykki til neyslu;

3.18. hylki til flutninga og dreifingar á drykkjum þar sem margfeldi PS og V fer ekki yfir 500 bör á lítrann og leyfilegur hámarksþrýstingur er 7 bör eða minna;

3.19. tækjabúnaður á gildissviði ADR (Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum), RID (reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum), IMDG (Alþjóðareglur um siglingu með hættulegan farm) og ICAO-samningsins (Alþjóðaflugmálastofnunin);

3.20. ofnar og lagnir fyrir upphitunarkerfi með heitu vatni;

3.21. hylki undir vökva þar sem gasþrýstingur er 0,5 bör eða minna yfir vökvanum.

2. gr.

Eftirlit með markaðinum.

1. Vinnueftirlit ríkisins gerir viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að því aðeins verði heimilt að markaðssetja og taka í notkun þrýstibúnað og samsetningar, sem um getur í 1. gr., að heilsu og öryggi manna og, þar sem við á, húsdýra eða öryggi eigna stafi ekki hætta af þeim þegar þær eru settar upp á réttan hátt og haldið við sem skyldi og notaðar í þeim tilgangi sem ráð var fyrir gert.

2. Ákvæði þessara reglna skulu ekki hafa áhrif á rétt Vinnueftirlitsins til að mæla fyrir um að allar kröfur sem það telur nauðsynlegar til að menn og einkum starfsmenn séu varðir þegar þeir nota umræddan þrýstibúnað og samsetningar, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér að þrýstibúnaðinum og samstæðunum verði breytt á nokkurn hátt sem ekki er tilgreindur í þessum reglum.

3. Heimilt er, á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum o.s.frv., að koma fyrir sýningu á þrýstibúnaði og samsetningum sem fullnægja ekki ákvæðum þessara reglna, svo fremi það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar fullnægi ekki ákvæðum og séu ekki til sölu fyrr en framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES hafi fært hann til samræmis við ákvæðin. Skýlt er að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir í samræmi við kröfur lögbærs yfirvalds til þess að öryggi manna sé tryggt meðan kynning stendur yfir.

3. gr.

Tæknilegar kröfur.

1. Þrýstibúnaðurinn sem um getur í liðum 1.1., 1.2., 1.3. og 1.4. skal standast meginkröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka:

1.1. Hylki, önnur en þau sem um getur í lið 1.2. undir:

a) lofttegundir, fljótandi lofttegundir, lofttegundir sem eru leystar upp við þrýsting, gufur og þá vökva sem við leyfilegan hámarkshita ná þrýstingi sem er meira en 0,5 bör yfir venjulegum loftþrýstingi, (1 013 mbör) innan eftirtalinna marka:

- fyrir efni í fljótandi formi úr flokki 1, hylki sem eru meira en 1 lítri að rúmmáli og með margfeldi PS og V hærra en 25 bör á lítrann eða við þrýsting (PS) sem er yfir 200 bör (sjá skýringarmynd 1 í II. viðauka),
- fyrir efni í fljótandi formi úr flokki 2, hylki sem eru meira en 1 lítri að rúmmáli og með margfeldi PS og V hærra en 50 bör á lítrann eða við þrýsting (PS) sem er yfir 1 000 bör, og öll færanleg slökkvitæki og hylki fyrir öndunarbúnað (sjá skýringarmynd 2 í II. viðauka);

b) vökva með gufuþrýstingi sem við leyfilegt hámarkshitastig er 0,5 bör eða minna yfir venjulegum loftþrýstingi (1 013 mbör) innan eftirtalinna marka:

- fyrir efni í fljótandi formi úr flokki 1, hylki sem eru meira en 1 lítri að rúmmáli og með margfeldi PS og V hærra en 200 bör á lítrann, eða með þrýsting (PS) sem er yfir 500 bör (sjá skýringarmynd 3, II. viðauka),
- fyrir efni í fljótandi formi úr flokki 2, hylki með þrýsting (PS) sem er yfir 10 bör og með margfeldi PS og V hærra en 1 000 bör á lítra eða með þrýsting (PS) sem er yfir 1 000 bör (sjá skýringarmynd 4, II. viðauka).

1.2. Þrýstibúnaður, kyntur eða hitaður á annan hátt, sem getur ofhitnað, til framleiðslu gufu eða vatns sem er yfir 100°C og með rúmmál yfir 2 lítrum, og öll þrýstingssuðutæki (sjá skýringarmynd 5, II. viðauka).

1.3. Lagnir ætlaðar fyrir:

a) lofttegundir, lofttegundir í vökvafasa, lofttegundir uppleystar undir þrýstingi, gufur og vökva sem við leyfilegan hámarkshita eru með gufuþrýsting yfir 0,5 börum yfir venjulegum loftþrýstingi (1 013 millibör) innan eftirtalinna marka:

- fyrir efni í fljótandi formi í flokki 1, lagnir með DN-gildi hærra en 25 (skýringarmynd 6, II. viðauka),
- fyrir efni í fljótandi formi í flokki 2, lagnir með DN-gildi hærra en 32 og margfeldi PS og DN hærra en 1 000 bör (skýringarmynd 7, II. viðauka);

b) vökva sem við leyfilegan hámarkshita eru með gufuþrýsting sem er ekki meira en 0,5 börum yfir venjulegum loftþrýstingi (1 013 mbör) innan eftirtalinna marka:

- fyrir efni í fljótandi formi úr flokki 1, lagnir með DN-gildi hærra en 25 og margfeldi PS og DN hærra en 2 000 bör (skýringarmynd 8, II. viðauka),
- fyrir efni í fljótandi formi úr flokki 2, lagnir við þrýsting (PS) sem er yfir 10 börum, DN-gildi hærra en 200 og margfeldi PS og DN hærra en 5 000 bör (skýringarmynd 9, II. viðauka).

1.4. Öryggis- og þrýstifylgihlutir ætlaðir til nota með búnaði sem liðir 1.1., 1.2. og 1.3. taka til, einnig þegar slíkur búnaður er hluti samsetningar.

2. Samsetningarnar sem eru skilgreindar í lið 2.1.5., 1. gr., og fela í sér að minnsta kosti einn þeirra íhluta þrýstibúnaðar, sem 1. liður í þessari grein gildir um og sem eru taldir upp í liðum 2.1., 2.2. og 2.3. í þessari grein, skulu fullnægja grunnkröfunum sem settar eru fram í I. viðauka.

2.1. Samsetningar sem er ætlað að framleiða gufu eða vatn yfir 100°C og í er að minnsta kosti ein eining þrýstibúnaðar sem er kyntur eða hitaður á annan hátt og sem hætta er á að ofhitni.

2.2. Aðrar samsetningar en þær sem um getur í lið 2.1. sé það ætlun framleiðanda að þær séu markaðssettar og teknar í notkun sem samsetningar.

2.3. Þrátt fyrir inngangsmálgrein þessa þáttar skulu samsetningar, sem ætlaðar eru til að hita vatn upp að 110°C og eru mataðar handvirkt á eldsneyti í föstu formi, með margfeldi PS og V sem er herra en 50 bör á lítra, samræmast grunnkröfunum sem um getur í liðum 2.10., 2.11., og 3.4., og í a- og d-lið 5. liðar í I. viðauka.

3. Þrýstibúnað og/eða samsetningar undir eða við mörkin sem mælt er fyrir um í liðum 1.1., 1.2. og 1.3. og 2. lið skal hanna og framleiða í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði í hlutaðeigandi aðildarríki innan EES til að tryggja örugga notkun. Þrýstibúnaði og/eða samsetningum skulu fylgja viðeigandi leiðbeiningar um notkun og hafa merki framleiðandans eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíkur búnaður og/eða samsetningar skulu ekki vera með CE-merkið sem um getur í 15. gr.

4. gr.

Frjálsir flutningar.

1.1. Óheimilt er að banna, takmarka eða hindra að þrýstibúnaður eða samsetningarnar sem um getur í 1. gr. séu markaðssettar eða teknar í notkun við þau skilyrði sem framleiðandi tilgreinir vegna hættu samfara þrýstingi, ef slíkur búnaður er í samræmi við þessar reglur og með CE-merki sem gefur til kynna að hann hafi staðist samræmismat í samræmi við 7. gr.

1.2. Óheimilt er að banna, takmarka eða hindra að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem eru í samræmi við 3. mgr. 3. gr., séu markaðssettar eða teknar í notkun vegna hættu samfara þrýstingi.

2. Vinnueftirlit ríkisins getur, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja örugga og rétta notkun þrýstibúnaðar og samsetninga, krafist upplýsinganna, sem um getur í liðum 3.3. og 3.4. í I. viðauka, á opinberu tungumáli eða tungumálum sem því aðildarríki innan EES, þar sem búnaðurinn eða samsetningin kemst í hendur notandans, er heimilt að ákvarða í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

5. gr.

Gengið út frá samræmi.

1. Vinnueftirlit ríkisins lítur svo á að þrýstibúnaður og samsetningar uppfylli öll ákvæði þessara reglna, einnig kröfur um samræmismat sem kveðið er á um í 7. gr., ef hann er með CE-merkið sem kveðið er á um í 11. gr. og honum fylgir CE-yfirlýsing um samræmi sem kveðið er á um í VII. viðauka.

2. Þegar landsstaðall er samhæfður staðall, sem birt er vísun til í Stjórnartíðindum EB, er gengið út frá því að þrýstibúnaður og samsetningar, sem eru í samræmi við þennan staðal, uppfylli grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr.

6. gr.

Flokkun þrýstibúnaðar.

1. Þrýstibúnaðurinn, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skal flokkaður í samræmi við II. viðauka, með hliðsjón af stigvaxandi hættu sem honum er samfara. Vegna slíkrar flokkunar ber að greina á milli tvenns konar efnis í fljótandi formi í samræmi við liði 2.1. og 2.2.

2.1. Í fyrsta flokki eru hættuleg efni í fljótandi formi. Hættulegt efni í fljótandi formi er efni eða efnasamband sem fellur undir samræmd ákvæði í gildandi lögum og stjórn-sýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna.

Í 1. flokki eru efni í fljótandi formi sem skilgreind eru sem:

- sprengifim,
- afar eldfim,
- mjög eldfim,
- eldfim (þegar leyfilegt hámarkshitastig er yfir kveikjumarki),
- mjög eitruð,
- eitruð,
- eldnærandi.

2.2. Í 2. flokki eru öll efni í fljótandi formi sem ekki er getið í lið 2.1.

3. Sé hylki samsett úr mörgum hölfum miðast flokkun þess við hæsta flokkinn sem gildir um einstök hölf. Innihaldi hölf mörg efni í fljótandi formi skal flokkunin miðast við það efni í fljótandi formi sem fellur undir hæsta flokkinn.

7. gr.

Samræmismat.

1.1. Áður en þrýstibúnaður er settur á markað skal framleiðandi hans láta fara fram samræmismat á hverri einingu hans samkvæmt einni aðferðanna við samræmismat, sem er lýst í III. viðauka, í samræmi við skilyrðin sem eru sett í þessari grein.

1.2. Aðferðin við samræmismat sem beita á við einingu þrýstibúnaðar í því skyni að festa á hana CE-merkið skal ráðast af flokki búnaðarins eins og hann er skilgreindur í 6. gr.

1.3. Aðferðirnar við samræmismat sem beita skal eftir flokkum eru sem hér segir:

- | | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none"> – I. flokkur:
aðferðareining A – II. flokkur:
aðferðareining A1
aðferðareining D1
aðferðareining E1 | <ul style="list-style-type: none"> – III. flokkur:
aðferðareining B1 + D
aðferðareining B1 + F
aðferðareining B + E
aðferðareining B + C1
aðferðareining H – IV. flokkur:
aðferðareining B + D
aðferðareining B + F
aðferðareining G
aðferðareining H1 |
|--|--|

1.4. Samræmi þrýstibúnaðar skal meta með aðferð sem framleiðandi getur valið um af þeim sem mælt er fyrir um í þeim flokki sem búnaðurinn telst til. Framleiðandi getur einnig kosið að beita aðferð sem á við hærri flokk ef svo ber undir.

1.5. Tilkyntur aðili sem fer í heimsóknir fyrirvaralaust skal, innan ramma aðferðar við gæðatryggingu fyrir búnað í III. og IV. flokki sem um getur í a-lið og fyrsta undirlið b-liðar í lið 1.1. og lið 1.2. í 3. gr., taka sýni úr búnaði af framleiðslu- eða geymslustað til þess að framkvæma eða láta framkvæma lokamatið sem um getur í lið 3.2.2. í I. viðauka. Í því skyni skal framleiðandi upplýsa tilkyntan aðila um framleiðsluáætlan sína. Tilkyntur aðili skal fara í að minnsta kosti tvær heimsóknir á fyrsta framleiðsluárinu. Tilkyntur aðili skal ákvarða tíðni frekari heimsókna á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í lið 4.4. í viðkomandi aðferðareiningu.

1.6. Sé um að ræða framleiðslu á stökum hylkjum eða búnaði í III. flokki, sem um getur í lið 1.2. í 3. gr. í lýsingu á aðferðareiningu H, skal tilkynntur aðili framkvæma eða láta framkvæma lokamatið sem um getur í lið 3.2.2. í I. viðauka, fyrir hverja einingu. Í því skyni skal framleiðandi upplýsa tilkynntan aðila um framleiðsluáætlun sína.

2. Heildarsamræmismat skal fara fram á samsetningum sem um getur í 2. mgr. 3. gr. og fela í sér:

- mat á hverri einingu þrýstibúnaðar í samsetningunni sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og hefur ekki áður hlotið samræmismat og sérstakt CE-merki. Matsaðferðin ræðst af flokki hvers hluta búnaðarins;
- mat á því hvernig einingar eru settar saman í samsetningu sem um getur í liðum 2.3., 2.8. og 2.9. í I. viðauka og ræðst það af hæstflokkaða búnaðinum að öryggisbúnaði frátöldum;
- mat á því hvernig samsetning er varin fyrir því að við notkun sé farið fram úr þeim leyfilegu mörkum, sem um getur í liðum 2.10. og 3.2.3. í I. viðauka, skal framkvæma með hliðsjón af hæsta flokknum sem á við um búnaðar-einingar sem verja á.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær yfirvöld þegar ástæða þykir til leyft að sett séu á markað og tekin í notkun á yfirráðsvæði viðkomandi aðildarríkis innan EES stök eintök þrýstibúnaðar og samsetninga sem um getur í 2. mgr. 1. gr., þar sem ekki hefur verið beitt aðferðunum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og þegar notkun þeirra telst vera í tilraunaskyni.

4. Gögn og bréfaskriftir sem varða samræmismatið skulu vera á einu eða fleiri opinberum tungumálum EB, sem aðildarríkið innan EES, þar sem aðilinn sem er til þess bær að annast málsmeðferðina hefur staðfestu, ákveður í samræmi við stofnsáttmála Evrópu-bandalagsins eða á tungumáli sem sá aðili samþykkir.

8. gr.

Evrópsk viðurkenning á efnum.

1. Evrópskar viðurkenningar á efnum, eins og þær eru skilgreindar í lið 2.9. í 1. gr., eru gefnar út, að beiðni eins eða fleiri framleiðenda efnis eða búnaðar, af einum þeirra tilkynntu aðila sem um getur í 9. gr. og er sérstaklega tilnefndur til þess verks. Tilkynnti aðilinn ákveður og framkvæmir eða lætur framkvæma viðeigandi eftirlit og prófanir til að votta samræmi efnisgerða við samsvarandi kröfur þessara reglna; sé um að ræða efni sem viðurkennt hefur verið að séu örugg í notkun fyrir 29. nóvember 1999 tekur tilkynnti aðilinn tillit til fyrirbyggjandi gagna þegar hann vottar slíkt samræmi.

2. Gert er ráð fyrir því að efnin, sem eru notuð við framleiðslu þrýstibúnaðar og eru í samræmi við evrópskar viðurkenningar á efnum sem vísað hefur verið til í Stjórnartíðindum EB, samræmist viðeigandi grunnkröfum sem um getur í I. viðauka.

9. gr.

Tilkynntir aðilar.

1. Vinnueftirlit ríkisins og félagsmálaráðuneytið tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og öðrum aðildarríkjum um þá aðila sem Vinnueftirlit ríkisins hefur skipað til að framfylgja reglum sem um getur í 7. og 8. gr. ásamt þeim sérstöku verkefnum sem þessum aðilum hefur verið falið að leysa af hendi. Birt er í Stjórnartíðindum EB skrá yfir tilkynnta aðila ásamt kenninúmerum þeirra og verkefnum sem þeim hafa verið falin.

2. Vinnueftirlit ríkisins notar viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, varðandi tilnefningu aðila. Gert er ráð fyrir því að aðilar sem fullnægja viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í viðeigandi samræmdum stöðlum, fullnægi samsvarandi viðmiðunum í IV. viðauka.

3. Vinnueftirlit ríkisins afturkallar tilkynningu aðila ef í ljós kemur að hann fullnægir ekki lengur viðmiðununum sem um getur í 2. mgr.

10. gr.

Notendaeftirlit.

1. Þrátt fyrir ákvæðin um verkefnin sem tilkynntir aðilar inna af hendi getur Vinnueftirlit ríkisins heimilað að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem um getur í 1. gr., séu settar á markað eða teknar í notkun á yfirráðasvæði þeirra ef samræmi slíks búnaðar við grunnkröfurnar hefur verið vottað af notendaeftirliti sem tilnefnt er í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 8. mgr.

2. Þegar notendaeftirlit hefur verið útnefnt í samræmi við viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari grein, er því óheimilt að banna, takmarka eða hindra að þrýstibúnaður eða samsetningar séu markaðssettar eða teknar í notkun vegna hættu samfara þrýstingi ef notendaeftirlit, sem annað aðildarríki útnefnir í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari grein, hefur vottað samræmi þeirra.

3. Þrýstibúnaður og samsetningar sem notendaeftirlit hefur ekki kannað hvort uppfylli skilyrði um samræmi skulu ekki vera með CE-merki.

4. Umræddan þrýstibúnaður og samsetningar má aðeins nota í fyrirtækjum á vegum þess hóps sem notendaeftirlitið tilheyrir. Hópurinn beitir sameiginlegri öryggisstefnu að því er varðar tækniforskriftir um hönnun, framleiðslu, eftirlit, viðhald og notkun þrýstibúnaðar og samsetninga.

5. Notendaeftirlitið skal aðeins starfa fyrir hópin sem það tilheyrir.

6. Samræmismatsaðferðin, sem notendaeftirlitið beitir, skal vera aðferðareiningar A1, C1, F og G, eins og þeim er lýst í III. viðauka.

7. Aðildarríkin tilkynna hinum aðildarríkjunum innan EES um notendaeftirlit sem þau hafa veitt umboð, verkefnin sem þau hafa verið útnefnd til að inna af hendi og fyrir hvern eftirlitsaðila, skrá yfir fyrirtækin sem fullnægja ákvæðum 4. mgr.

8. Þegar notendaeftirlit er útnefnt beita aðildarríkin viðmiðununum sem taldar eru upp í V. viðauka og tryggja að hópurinn, sem eftirlitið tilheyrir, beiti viðmiðununum sem um getur í öðrum málslíð 4. mgr.

9. Vinnueftirlit ríkisins afturkallar heimild til notendaeftirlits ef í ljós kemur að það stenst ekki lengur þær viðmiðanir sem um getur í 8. mgr.

11. gr.

CE-merkið.

1. CE-merkið sýnir hástafina „CE“ í samræmi við fyrirmyndina í VI. viðauka. Á eftir CE-merkinu skal koma kenninúmer þess tilkynnta aðila sem tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar, eins og um getur í 1. mgr. 9. gr.

2. CE-merkið skal fest þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt

– á hverja einingu þrýstibúnaðar sem um getur í 1. mgr. 3. gr., eða

– á hverja samsetningu sem um getur í 2. mgr. 3. gr.

sem er fullfrágengin eða í því ástandi að unnt sé að framkvæma lokamatið sem er lýst í lið 3.2. í I. viðauka.

3. Ekki er nauðsynlegt að festa CE-merkið á hvern íhluta þrýstibúnaðar í samsetningu sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Einstakar einingar þrýstibúnaðar sem þegar eru með CE-merkið þegar þær eru settar saman skulu bera merkið áfram.

4. Ef þrýstibúnaður eða samsetning heyrir undir svið annarra reglna sem gilda um aðra þætti, þar sem kveðið er á um notkun CE-merkisins, skal þar tekið fram að gert sé

ráð fyrir að umræddur þrýstibúnaður eða samsetning sé einnig í samræmi við ákvæði þeirra reglna. Sé kveðið á um það í einni eða fleiri þeirra reglna að framleiðandinn megi velja til bráðabirgða hvaða aðferð skuli beita skal CE-merkið aðeins gefa til kynna samræmi við þær reglur sem framleiðandi fer eftir. Þegar svo háttar til skal vísa til þeirra reglna eða tilskipana sem þær eru settar eftir eins og þær birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, í skjölum, tilkynningum eða leiðbeiningum sem krafist er og fylgja þrýstibúnaðinum eða samsetningunni.

5. Óheimilt er að setja á þrýstibúnað eða samsetningar merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á þrýstibúnað og samsetningar, eða merkiplötu, að því tilskildu að þær komi ekki í veg fyrir að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

12. gr.

Óréttmætar CE-merkingar.

Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að CE-merki hafi verið sett með óréttmætum hætti á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan EES skylda til að sjá til þess að varan samræmist ákvæðum um CE-merkingar og að því brotlega athæfi sé hætt samkvæmt skilyrðum sem Vinnueftirlitið setur.

13. gr.

Ýmis ákvæði.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna og er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki innan EES og Eftirlitsstofnun EFTA fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 97/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað.

14. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

15. gr.

Refsiákvæði.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

16. gr.

Gildistaka.

1. Reglur þessar sem eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 3. mgr. 3., 34., 35., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru hér með staðfestar og öðlast þegar gildi. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í tilskipun 97/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað.

2. Reglurnar öðlast gildi við birtingu. Þó er heimilt að markaðssetja þrýstibúnað sem uppfyllir kröfur gildandi reglna sem gerðar hafa verið fram til þessa til 29. maí 2002, þó hann uppfylli ekki ákvæði þessara reglna, enda hafi hann verið fluttur til landsins eða framleiddur innanlands fyrir þann tíma.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júlí 2000.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

I. VIÐAUKI GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI.

BRÁÐABIRGÐAATHUGANIR

1. Skuldbindingarnar sem leiðir af grunnkröfunum í þessum viðauka vegna þrýstibúnaðar eiga einnig við samsetningar þar sem samsvarandi hættu er fyrir hendi.
2. Grunnkröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessum reglum, eru lögboðnar. Skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessum grunnkröfum eiga aðeins við ef samsvarandi hættu er fyrir hendi hvað varðar hlutaðeigandi þrýstibúnað, þegar hann er notaður við skilyrði sem framleiðandinn getur hæglega séð fyrir.
3. Framleiðandanum ber að gera áhættumat svo að hann geti skilgreint þá hættu af völdum þrýstings sem fylgir búnaði hans. Hann skal hanna og framleiða búnaðinn með hliðsjón af áhættumatinu.
4. Grunnkröfurnar ber að túlka og beita þannig að tekið sé tillit til ríkjandi tækni og starfsvenju þegar hönnun og framleiðsla fer fram, enn fremur til þeirra tæknilegu og efnahagslegu þátta sem samrýmast góðri heilsuvernd og miklu öryggi.

1. ALMENNT

- 1.1. Þrýstibúnað skal hanna, framleiða og prófa og, ef við á, ganga frá og setja upp þannig að tryggt sé að hann sé öruggur þegar hann er tekinn í notkun í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða við aðstæður sem hægt er að sjá fyrir með góðu móti.
- 1.2. Þegar velja á hentugustu lausnina skal framleiðandi beita eftirtöldum meginreglum í þeirri röð sem þær eru taldar upp hér:
 - draga úr hættu eins og unnt er með góðu móti,
 - beita víðeigandi varnarráðstöfunum gagnvart hættu sem ekki verður komist hjá,
 - koma á framfæri við notendur, þar sem við á, upplýsingum um þá hættu sem ekki verður komist hjá og gefa til kynna hvort sérstakar ráðstafanir séu nauðsynlegar til þess að draga úr hættu við uppsetningu og/eða notkun.
- 1.3. Ef vitað er um hugsanlega misnotkun eða ef möguleikar á henni þykja augljósir skal þrýstibúnaður hannaður með það fyrir augum að koma í veg fyrir hættu á misnotkun eða, sé það ekki unnt, með víðeigandi viðvörðun um að þrýstibúnaðinn beri ekki að nota með þeim hætti.

2. HÖNNUN

2.1. **Almennt.**

Hönnun þrýstibúnaðarins skal miðast við alla þá þætti sem taka ber til greina til þess að tryggja að búnaðurinn sé öruggur út endingartíma hans. Við hönnun skal taka mið af viðeigandi öryggisstuðlum og beita heildrænum aðferðum sem vitað er að eru miðaðar með samræmdum hætti við fullnægjandi öryggismörk gagnvart hvers kyns bilun sem á við í þessu sambandi.

2.2. **Styrkleikahönnun.**

2.2.1. Hönnun þrýstibúnaðarins skal miðast við það álag sem fyrirhuguð notkun hefur í för með sér og önnur þau notkunarskilyrði sem hægt er að sjá fyrir með góðu móti. Sérstaklega ber að athuga eftirtalda þætti:

- innri/ytri þrýsting,
- umhverfishitastig og hitastig við notkun,
- stöðubrýsting og þyngd innihalds við notkunar- og prófunarskilyrði,
- álag af völdum umferðar, vinda, jarðhræringa,
- mót- og kraftvægi af völdum undirstöðu, festinga, leiðslna o.s.frv.,
- tæringu og veðrun, þreytu o.s.frv.,
- niðurbrot óstöðugra fljótandi efna.

Taka ber tillit til ólíkra álagspátta sem verka samtímis og líkinda þess að ólíkir álagspættir verki samtímis.

2.2.2. Hönnun með tilliti til rammleika skal miðast við eftirfarandi:

- almennt við útreikning samkvæmt aðferð sem er lýst í lið 2.2.3. og ef nauðsyn krefur má einnig styðjast við tilraunahönnunaraðferð sem er lýst í 2.2.4., eða
- tilraunahönnunaraðferð án útreiknings, sem er lýst í lið 2.2.4., þegar margfeldi leyfilegs hámarksþrýstings PS og rúmmálsins V er minna en 6000 bör á lítrann eða margfeldi PS-DN er minna en 3000 bör.

2.2.3. *Aðferð við útreikning.*

a) Innlokun þrýstings og aðrir álagspættir.

Leyfileg spennumörk fyrir þrýstibúnað verður að setja með tilliti til bilana við notkunarskilyrði sem hægt er að sjá fyrir með góðu móti. Í því skyni ber að styðjast við öryggisþætti til þess að útiloka alla óvissu sem kann að tengjast framleiðslu, raunverulegum notkunarskilyrðum, álagi, reiknilíkönunum og eiginleikum og hegðun efnisins.

Aðferðir við útreikninga skulu fela í sér nægilega rúm öryggismörk, í samræmi við kröfurnar í 7. lið þar sem við á.

Kröfunum sem settar eru fram hér á undan má fullnægja með því að beita einni eftirfarandi aðferða, eftir því sem við á, til viðbótar eða ásamt annarri aðferð ef þörf krefur:

- hönnun samkvæmt formúlu,
- hönnun samkvæmt greiningu,
- hönnun samkvæmt brotaflfræði.

b) Styrkur.

Nota skal viðeigandi útreikning við hönnun til þess að meta styrk viðkomandi þrýstibúnaðar.

Gæta ber að eftirfarandi:

- þrýstingur, sem miðað er við í útreikningi, skal ekki vera minni en leyfilegur hámarksþrýstingur að teknu tilliti til stöðubrýstings og hreyfiþrýstings efna

í fljótandi formi og niðurbrots óstöðugra efna í fljótandi formi. Sé hylki skipt upp í einstök þrýstihólf skal hanna skilrímið á grundvelli hæsta mögulega þrýstings í hólfi á móti lægsta mögulega þrýstingi í aðliggjandi hólfi,

- hitastig sem miðað er við í útreikningi skal fela í sér viðeigandi öryggismörk,
- við hönnun skal taka nægilegt tillit til alls hugsanlegs samspils hitastigs og þrýstings við notkun á búnaðinum, sem gera má ráð fyrir með góðu móti,
- hámarksspennu eða spennutoppum ber að halda innan öruggra marka,
- við útreikning á innilokun þrýstings ber að nota gildin sem eiga við um eiginleika efnisins, á grundvelli skráðra gagna, með hliðsjón af ákvæðunum sem um getur í 4. lið, ásamt viðeigandi öryggisþáttum. Meðal efniseiginleika sem taka ber tillit til eftir því sem við á eru:
- flotmörk, 0,2% eða 1,0% prófunarstyrkur eftir því sem við á, við viðeigandi hönnunarhitastig,
- togþol,
- tímaháður styrkur, þ.e. skriðþol,
- gögn um þreytuþol,
- stuðull Youngs (fjaðurstuðull),
- viðeigandi spennu í flotástandi,
- höggþol,
- brotstyrkur,
- nota skal viðeigandi stuðul fyrir tengingar efnis gagnvart efniseiginleikum, til dæmis eftir því hvaða skaðlausu prófanir eru fyrirhugaðar, hvaða efni eru skeytt saman og hver fyrirhuguð notkunarskilyrði eru,
- hönnunin verður að taka tillit til allra niðurbrotsferla sem vænta má (þ.e. tæringar, skriðs, þreytu) í tengslum við fyrirhugaða notkun búnaðarins. Í leiðbeiningunum, sem um getur í lið 3.4., skal vekja athygli á sérstökum hönnunarþáttum, sem hafa áhrif á endingu búnaðarins, til dæmis:
- varðandi skrið: hönnunarlegum notkunartíma við tiltekið hitastig,
- varðandi þreytu: hönnunarlegum fjölda álagsumferða við tiltekið spennustig,
- varðandi tæringu: hönnunarlegum mörkum varðandi tæringu.

c. Stöðugleikabættir.

Þegar mæld þykkt kemur í veg fyrir viðunandi stöðugleika skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til lagfæringa að teknu tilliti til áhættu vegna flutninga og meðhöndlunar.

2.2.4. *Tilraunahönnunaraðferð.*

Hönnun búnaðarins má viðurkenna að öllu leyti eða að hluta með viðeigandi prófunum á dæmigerðu úrtaki búnaðarins eða flokks búnaðarins.

Prófunaráætlunina skal skilgreina nákvæmlega áður en prófun hefst og skal tilkynntur aðili, sem ábyrgist hönnunarsamræmismatið, samþykkja hana ef við á.

Í áætluninni skulu prófunarskilyrði skilgreind og enn fremur viðmiðanir um samþykki eða synjun. Raungildi helstu mála og eiginleika efnanna sem búnaðurinn er gerður úr skulu fengin með mælingum fyrir prófunina.

Þar sem við á skal vera unnt, meðan á prófun stendur, að fylgjast með álagssvæðum í þrýstibúnaðinum með viðeigandi mælitækjum sem skrá álag og spennu með viðunandi nákvæmni.

Prófunaráætlunin skal fela í sér:

- a) þrýstingsprófun þar sem markmiðið er að ganga úr skugga um að búnaðurinn leki ekki eða aflagist umfram skilgreind mörk við þrýsting með skilgreindum öryggismörkum sem miðast við leyfilegan hámarksþrýsting;

prófunarþrýstingur er ákvarðaður á grundvelli mismunar á gildum rúmfræðilegra og efnislegra eiginleika sem mæld eru við prófunarskilyrði og þeim gildum sem gert var ráð fyrir við hönnunina; taka skal tillit til mismunar á prófunarhitastigi og hönnunarhitastigi;
- b) sé hætta á skriði eða þreytu fyrir hendi, viðeigandi prófanir sem ákvarðaðar eru á grundvelli notkunarskilyrðanna sem mælt er fyrir um varðandi búnaðinn, til dæmis með tilliti til notkunartíma við tiltekið hitastig, fjölda umferða við tiltekið álag o.s.frv.;
- c) ef nauðsyn krefur skal gera viðbótarprófanir varðandi aðra þætti sem um getur í lið 2.2.1., svo sem tæringu, utanaðkomandi skemmdir o.s.frv.

2.3. Ákvæði um örugga meðferð og notkun.

Notkunarleiðbeiningar sem fylgja þrýstibúnaði skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir hættu samfara notkun búnaðarins sem sjá má fyrir með góðu móti. Einkum skal gæta að eftirfarandi, eftir því sem við á:

- lokum og opum,
- hættulegri losun úr öryggisventlum,
- búnaði sem kemur í veg fyrir aðgang meðan þrýstingur eða lofttæmi er fyrir hendi,
- yfirborðshitastigi miðað við fyrirhugaða notkun,
- niðurbroti óstöðugra efna í fljótandi formi.

Einkum skal þrýstibúnaður með lokum, sem hægt er að taka af, búinn sjálfvirkum eða handvirkum búnaði sem gerir notandanum kleift að ganga auðveldlega úr skugga um að opnuninni fylgi engin hætta.

Sé hægt að opna búnaðinn hratt skal þrýstibúnaðurinn búinn tæki sem kemur í veg fyrir að hægt sé að opna hann ef hætta fylgir þrýstingi eða hitastigi efnis í fljótandi formi.

2.4. Aðferðir við skoðun.

- a) Hönnun og bygging þrýstibúnaðar skal vera með þeim hætti að hægt sé að skoða hann með tilliti til öryggis.
- b) Tryggja skal að unnt sé að ganga úr skugga um innra ástand búnaðarins þar sem slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi öryggi búnaðarins, til dæmis með opum sem gera mönnum kleift að komast inn í þrýstibúnaðinn svo unnt sé að skoða hann í samræmi við öryggiskröfur og vinnuvistfræðilegar kröfur.
- c) Beita má öðrum aðferðum við að ganga úr skugga um að þrýstibúnaður sé öruggur:
 - ef hann er minni en svo að manngengt sé inn í hann, eða
 - ef það hefði slæm áhrif á þrýstibúnaðinn að opna hann, eða
 - ef sannað þykir að innihaldsefnið skaði ekki efnið sem þrýstibúnaðurinn er smíðaður úr eða ef önnur niðurbrotsferli eru ekki fyrirsjáanleg með góðu móti.

2.5. Aðferðir við losun og loftræstingu.

Gera skal ráð fyrir aðferðum við að losa og loftræsta þrýstibúnað þegar nauðsyn krefur:

- til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum vatnságangs, samfalls við lofttæmi, tæringar og stjórmlausra efnahvarfa. Taka ber tillit til allra notkunar- og prófunarstiga, einkum prófunar á þrýstingi;
- til að unnt sé að annast þrífnað, skoðun og viðhald búnaðar án þess að því fylgi hættu.

2.6. Tæring eða önnur efnaáreiti.

Gera skal ráð fyrir frávikum eða vörn vegna tæringar eða annarra efnaáreita ef þörf krefur, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirhugaðrar eða fyrirsjáanlegrar notkunar.

2.7. Slit.

Þegar gera má ráð fyrir mikilli veðrun eða sliti skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:

- draga sem mest úr þeim áhrifum með viðeigandi hönnun, til dæmis aukinni efnisþykkt eða með því að nota fóður eða klæðningu,
- heimila að skipt verði um þá hluti sem mest mæðir á,
- vekja athygli á, í leiðbeiningunum sem um getur í lið 3.4., aðgerðum sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja áframhaldandi öryggi við notkun.

2.8. Samsetningar.

Samsetningar skulu hannaðar með þeim hætti að:

- einingarnar sem setja á saman henti vel og séu traustar í notkun,
- allar einingarnar myndi rétta heild og séu settar saman á réttan hátt.

2.9. Ákvæði um áfyllingu og losun.

Þar sem við á skal þrýstibúnaður hannaður með þeim hætti og búinn fylgihlutum, eða gert ráð fyrir þeim, að áfyllingu og losun fylgi ekki hættu, einkum með tilliti til áhættuþátta, meðal annarra:

a) við áfyllingu:

- offyllingu eða ofþrýsting, einkum miðað við áfyllingarstuðul og gufuþrýsting við viðmiðunarhitastig,
- óstöðugleika þrýstibúnaðar;

b) við losun: óheft útrás efnis í fljótandi formi undir þrýstingi;

c) við áfyllingu eða losun: ótryggar tengingar og aftengingar.

2.10. Vörn gegn því að farið sé fram yfir leyfileg mörk sem gilda um þrýstibúnað.

Sé hugsanlegt að fara fram yfir leyfileg mörk við fyrirsjáanlegar aðstæður skal setja á þrýstibúnaðinn, eða gera ráð fyrir að settur sé á hann, viðeigandi varnarbúnaður, nema gert sé ráð fyrir öðrum varnarbúnaði á samsetningu.

Hentug tæki eða samsetning slíkra tækja skulu valin á grundvelli sérstakra eiginleika búnaðarinnar eða samsetningarinnar.

Meðal hentugra tækja og samsetninga þeirra teljast:

a) öryggisbúnaður sem um getur í lið 2.1.3. í 1. gr.

b) þar sem við á, hentug eftirlitstæki á borð við mæla og/eða viðvörunarbúnað sem gerir kleift að gera viðeigandi aðgerðir, annaðhvort sjálfvirkt eða handvirkt, til þess að halda þrýstibúnaðinum innan leyfilegra marka.

2.11. Öryggisbúnaður.

2.11.1. Öryggisbúnaður skal:

- vera hannaður og byggður með þeim hætti að hann sé traustur og hentugur til fyrirhugaðra nota og miðast við viðhalds- og prófunarkröfur búnaðarins, ef við á,
- vera óháður öðrum notkunarpáttum, nema slíkir þættir hafi ekki áhrif á öryggisgildi hans,
- samræmast viðeigandi meginreglum um hönnun svo að viðeigandi og traustum vörnum sé náð. Meðal slíkra meginreglna eru einkum virkt öryggi, umframagn, fjölbreytni og sjálfvirkt eftirlit.

2.11.2. Tæki sem takmarka þrýsting.

Slík tæki skulu hönnuð þannig að þrýstingur fari ekki að staðaldri yfir leyfilegan hámarksþrýsting (PS); þó eru þrýstingstoppur sem vara skamma stund í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í lið 7.3. leyfilegir, þar sem við á.

2.11.3. Tæki til hitamælinga.

Slík tæki skulu hafa hæfilegan svörunartíma af öryggisástæðum, í samræmi við mælinguna.

2.12. Utanaðkomandi eldur.

Ef þörf krefur skal þrýstibúnaður vera hannaður og, ef við á, búinn viðeigandi fylgihlutum, eða gert ráð fyrir að þeir séu settir á, svo að hann standist kröfur um eldvarnir með sérstöku tilliti til fyrirhugaðra nota.

3. FRAMLEIÐSLA

3.1. Framleiðsluhættir.

Framleiðandi skal tryggja skilvirka framkvæmd ákvæðanna sem mælt er fyrir um á hönnunarstigi með því að beita hentugri tækni og viðeigandi aðferðum, einkum að því er varðar atriðin sem um getur hér á eftir.

3.1.1. Undirbúningur íhluta.

Undirbúningur íhluta (til dæmis mótun og sniðskurður) skal ekki valda göllum eða sprungum eða breytingum á aflfræðilegum eiginleikum sem geta haft neikvæð áhrif á öryggi þrýstibúnaðarins.

3.1.2. Varanleg samskeyting.

Varanleg samskeyti og aðliggjandi svæði skulu vera laus við yfirborðsgalla eða innri galla sem geta haft neikvæð áhrif á öryggi búnaðarins.

Eiginleikar varanlegra samskeyta skulu standast sömu lágmarkskröfur og mælt er fyrir um varðandi hlutana sem á að skeyta saman, nema önnur gildi séu sérstaklega tekin til greina við hönnunartreikninga.

Að því er varðar þrýstibúnað skal varanleg samskeyting íhluta, sem hefur áhrif á þrýstipól búnaðar og hluta sem tengjast þeim beint, framkvæmd af starfsmönnum sem eru hæfir til þeirra verka og með viðeigandi aðferðum.

Að því er varðar þrýstibúnað í II., III. og IV. flokki skulu starfsaðferðir og starfsmenn háð samþykki þar til bærð þriðja aðila sem að vali framleiðanda getur verið:

- tilkynntur aðili,
- stofnun hjá þriðja aðila sem aðildarríki viðurkennir eins og kveðið er á um í 13. gr. reglnanna.

Áður en slíkt samþykki er veitt skal þriðji aðili framkvæma eftirlit og prófanir eins og mælt er fyrir um í viðeigandi samræmdum stöðlum, eða jafngilt eftirlit og prófanir, eða láta framkvæma það.

3.1.3. *Skaðlausar prófanir.*

Að því er varðar þrýstibúnað skulu skaðlausar prófanir á varanlegum samskeytum framkvæmdar af starfsmönnum sem eru hæfir til þeirra verka. Að því er varðar þrýstibúnað í II., III. og IV. flokki skulu starfsmenn háðir samþykki þriðja aðila sem aðildarríki hefur viðurkennt í samræmi við 13. gr. reglnanna.

3.1.4. *Hitameðferð.*

Sé talin hætta á því að framleiðsluferlið breyti svo efnislegum eiginleikum að það hafi neikvæð áhrif á öryggi þrýstibúnaðarins skal beita viðeigandi hitameðferð á hentugu framleiðslustigi.

3.1.5. *Rekjanleiki.*

Koma ber á fót og viðhalda hentugu ferli til þess að auðkenna með viðeigandi hætti efni þeirra eininga búnaðarins sem hafa áhrif á þrýstipól allt frá móttöku, í framleiðsluferlinu og að lokaprófunum á framleiddum þrýstibúnaði.

3.2. **Lokamat.**

Lokamat skal fara fram á þrýstibúnaði í samræmi við lýsinguna hér á eftir.

3.2.1. *Lokaskoðun.*

Gera ber lokaskoðun sem felst í sjónrænu mati eða skoðun á samræmi fylgiskjala við kröfur reglnanna. Taka má prófanir sem gerðar eru í framleiðslu til greina. Eftir því sem þörf krefur af öryggisástæðum skal við lokaskoðun athuga sérhvern íhluta innan frá eða utan frá, þar sem við á meðan á framleiðslu stendur (þ.e. þegar ekki er unnt að framkvæma skoðun á þeim við lokaskoðun).

3.2.2. *Prófun.*

Í lokamati á þrýstibúnaði skal felast prófun á þrýstingsinnilokun hans, sem felst yfirleitt í vökvaþrýstiprófun við þrýsting sem er jafn eða meiri, þar sem við á, en gildið sem mælt er fyrir um í lið 7.4.

Að því er varðar I. flokk fjöldaframleidds þrýstibúnaðar má framkvæma þessa prófun á tölfræðilegum grundvelli.

Sé vökvaþrýstiprófunin skaðleg eða óhentug má framkvæma aðrar viðurkenndar prófanir. Hvað varðar prófanir aðrar en vökvaþrýstiprófanir skal beita viðbótarmælingum, til dæmis skaðlausum prófunum eða öðrum jafngildum prófunum áður en slíkar prófanir eru gerðar.

3.2.3. *Skoðun öryggis-tækja.*

Að því er varðar samsetningar skal í lokamati einnig felast athugun á öryggis-tækjunum til þess að ganga úr skugga um hvort fullu samræmi við kröfurnar, sem um getur í lið 2.10., sé náð.

3.3. **Merking.**

Auk CE-merkisins, sem um getur í 11. gr., skulu eftirtaldar upplýsingar koma fram:

a) að því er varðar allan þrýstibúnað:

- nafn og heimilisfang eða önnur auðkenni framleiðanda og, þar sem við á, viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES,
- framleiðsluár,
- auðkenni þrýstibúnaðarins í samræmi við eðli hans, til dæmis gerð, auðkenni raðar eða lotu og raðnúmer,
- helstu hámarks- og lágmarksmörk;

- b) eftir gerð þrýstibúnaðar, frekari upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja örugga uppsetningu og notkun, og þar sem við á, viðhald og reglubundið eftirlit, þar á meðal:
- rúmmál þrýstibúnaðar (V) í lítrum,
 - nafnstærð (DN) fyrir lagnir,
 - prófunarþrýstingur (PT) í börum og dagsetning,
 - þrýstingur sem gangsetning öryggistækis er miðuð við, í börum,
 - frálag þrýstibúnaðar í kW,
 - rafspenna í voltum (V),
 - fyrirhuguð notkun,
 - áfyllingarstuðull kg/lítra,
 - hámarksmassi áfyllingar í kg,
 - massi töru (þyngd umbúða) í kg,
 - vöruflokkur;
- c) Þegar nauðsyn krefur, viðvaranir sem eru festar á þrýstibúnaðinn til að vekja athygli á rangri notkun sem reynslan hefur sýnt að sé hugsanleg.
- CE-merkið og upplýsingarnar sem krafist er skulu vera á þrýstibúnaðinum eða á upplýsingaplötu sem er tryggilega fest á hann, þó með eftirtöldum undantekningum:
- þar sem við á má nota viðeigandi upplýsingaskjöl til þess að forðast endurtekin merki á einstökum hlutum, til dæmis leiðsluhlutum, sem ætlaðir eru í sömu samsetningu. Þetta á við um CE-merki og önnur merki og miða sem um getur í þessum viðauka;
 - sé þrýstibúnaðurinn of lítill, til dæmis fylgihlutir, mega upplýsingarnar, sem um getur í b-lið, koma fram á miða sem er festur á þann þrýstibúnað;
 - nota má miða eða aðrar viðeigandi aðferðir til að gefa til kynna áfyllingar-massann og koma á framfæri viðvörunum sem um getur í c-lið, svo fremi að slíkt haldist læsilegt í nægilega langan tíma.

3.4. Notkunarleiðbeiningar.

- a) Þegar þrýstibúnaður er markaðssettur skulu fylgja honum, eftir því sem við á, leiðbeiningar til notenda ásamt öllum nauðsynlegum öryggisupplýsingum er varða:
- uppsetningu, að meðtalinni samsetningu ólíkra eininga þrýstibúnaðar,
 - það að taka búnaðinn í notkun,
 - notkun,
 - viðhald að meðtöldum athugunum notandans.
- b) Í leiðbeiningunum skulu koma fram þær upplýsingar sem eru festar á þrýstibúnaðinn í samræmi við lið 3.3., að undanskildum raðauðkennum og þeim skulu fylgja, þar sem við á, tækniskjöl, teikningar og skýringarmyndir, eftir því sem nauðsynlegt þykir, til að skilja leiðbeiningarnar til fulls.
- c) Ef við á skulu leiðbeiningarnar einnig vísa til hættu sem fylgir rangri notkun sem um getur í lið 1.3. og sérstakra hönnunareiginleika í samræmi við lið 2.2.3.

4. EFNI

Efnin sem notuð eru við framleiðslu þrýstibúnaðar skulu endast miðað við notkun allan áætlaðan endingartímamann nema gert sé ráð fyrir endurnýjun.

Suðufylliefni og önnur efni til samskeytingar þurfa aðeins að uppfylla viðeigandi kröfur í lið 4.1., a-lið liðar 4.2. og fyrstu málsgrein liðar 4.3., eftir því sem við á, bæði ein og sér og í samsettum hlutum.

- 4.1. Efni í þrýstihluta:
- a) skulu hafa eiginleika sem henta við allar notkunaraðstæður sem gera má ráð fyrir með góðu móti og við allar prófunaraðstæður, einkum skulu þau vera nægilega seig og sterk. Þar sem við á skulu eiginleikar efnanna vera í samræmi við kröfurnar sem um getur í lið 7.5. Að auki ber að velja efni af sérstakri kostgæfni til þess að koma í veg fyrir að stökkt efni brotni þar sem hættu er á slíku; þegar nota þarf stökkt efni af sérstökum ástæðum skal gera viðeigandi ráðstafanir;
 - b) skulu hafa nægilega efnafræðilega mótstöðu gagnvart hinu fljótandi efni í þrýstibúnaðinum. Þeir efnafræðilegu og eðlisfræðilegu eiginleikar sem nauðsynlegir eru til að notkun sé örugg skulu ekki breytast að ráði á áætluðum endingartíma búnaðarins;
 - c) skulu ekki breytast að ráði með hækkandi aldri;
 - d) skulu henta fyrirhuguðum vinnsluferlum;
 - e) skulu valin með hliðsjón af því að komist verði hjá óæskilegum áhrifum þegar ólík efni eru sett saman.
- 4.2.
- a) Framleiðandi þrýstibúnaðar skal skilgreina á viðeigandi hátt þau gildi sem nauðsynleg eru vegna þess hönnunarútreiknings sem um getur í 2.2.3. og helstu eiginleika efnanna og meðferð þeirra sem um getur í 4.1.
 - b) Með tækniskjölunum skal framleiðandinn láta í té upplýsingar um við hvaða þátt eftirfarandi er miðað þegar er farið eftir forskriftum þessara reglna um efni:
 - notað er efni sem samræmist samræmdum stöðlum,
 - notað er efni sem evrópsk viðurkenning á efnunum til þrýstibúnaðar nær til í samræmi við 8. gr. reglnanna,
 - stuðst er við sérstakt efnamat;
 - c) að því er varðar þrýstibúnað í III. og IV. flokki skal tilkynntur aðili sem annast samræmistat fyrir þrýstibúnaðinn láta fara fram sérstakt efnamat sem um getur í þriðja undirlið b-liðar.
- 4.3. Framleiðandi búnaðarins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að efnið sem er notað sé í samræmi við tilskilda forskrift. Einkum skal afla skjala fyrir öll efnin sem framleiðandi efnis tekur saman um samræmi við forskrift.
- Að því er varðar þá hluta búnaðar sem eru undir mestum þrýstingi og tilheyrja II., III. og IV. flokki skal krafist vottorðs um sértækt vöruetirlit.
- Hafi framleiðandi efnis viðeigandi gæðatryggingarkerfi, sem er vottað af þar til bærum aðila með staðfestu í bandalaginu og sérstakt efnamat hefur farið fram á því, skal gera ráð fyrir því að vottorð sem framleiðandi gefur út vitni um samræmi við viðeigandi kröfur þessa liðar.

SÉRSTAKAR KRÖFUR VARÐANDI ÞRÝSTIBÚNAÐ

Auk viðeigandi krafna í 1. til 4. lið skulu eftirtaldar kröfur gilda um þann þrýstibúnað sem um getur í 5. og 6. lið.

5. KYNTUR EÐA UPPHITAÐUR ÞRÝSTIBÚNAÐUR SEM GETUR OFHITNAÐ OG UM GETUR Í 1. LIÐ 3. GR.

Til slíks þrýstibúnaðar teljast:

- gufu- og heitavatnsgjafar sem um getur í lið 1.2. í 3. gr. reglnanna, til dæmis kyntir gufu- og heitavatnsskatlar, ofurhitarar og upphitarar, hitarar fyrir frárennslisvatn, sorpbrennslukatlar, rafskauta- eða ídýfingarhitarar, þrýstingssuðutæki ásamt fylgihlutum og, ef við á, kerfum til meðferðar á inntaksvatni og til eldsneytisgjafar, og
- hitunarbúnaður til annars en gufu- og heitavatnsframleiðslu sem heyrir undir lið 1.1. í 3. gr. reglnanna, til dæmis hitarar fyrir efnavinnslu eða aðra áþekka vinnslu og þrýstibúnaður til matvinnslu.

Slíkan þrýstibúnað skal reikna út, hanna og smíða með þeim hætti að sem mest verði dregið úr hættu á að innihald losni úr honum við ofhitnun. Einkum ber að tryggja, þar sem við á, að:

- a) gert sé ráð fyrir viðeigandi varúðarráðstöfunum til þess að halda færibreytum að verki í skefjum, til dæmis hitainntaki, hitaúttaki og, þar sem við á, borði fljótandi efnis til þess að koma í veg fyrir hættu á staðbundinni eða almennri ofhitnun,
- b) gert sé ráð fyrir sýnatökustöðum, ef nauðsyn krefur, svo að unnt sé að meta eiginleika hins fljótandi efnis og komast hjá hættum sem tengjast útfellingu og/eða tæringu,
- c) sett séu viðeigandi ákvæði til þess að útiloka hættu sem stafar af útfellingu,
- d) gert sé ráð fyrir öruggum aðferðum til þess að lækka viðvarandi hita eftir að slökkt hefur verið á búnaðinum,
- e) gerðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hættulega uppsöfnun eldfimra blandna brennanlegra efna og lofts, eða að eldur blossi upp að nýju.

6. LAGNIR SEM UM GETUR Í LIÐ 1.3. Í 3. GR. REGLNANNA

Með hönnun og smíði skal tryggja:

- a) að dregið sé með viðunandi hætti úr hættunni á of mikilli spennu af völdum of mikillar hreyfingar eða of mikilla krafta, sem verka til dæmis á flansa, tengingar, belgi eða barka, með undirstöðum, þvingum, festingum, uppröðun og forspennu;
- b) að gert sé ráð fyrir aðferðum til þess að ræsa neðsta hluta lagna eða losa útfellingu þaðan þar sem hætta er á þéttingu í lögnum undir lofitegundir í fljótandi formi, til að koma í veg fyrir tjón af völdum vatnságangs eða tæringar;
- c) að eðlilegt tillit sé tekið til hugsanlegs tjóns af völdum ókyrðar og myndunar hringstreymis; viðeigandi hlutar liðar 2.7. skulu gilda;
- d) að tilhlýðilegt tillit sé tekið til hættunnar á þreytu af völdum titrings í lögnum;
- e) að þegar fljótandi efni í 1. flokki eru geymd í búnaðinum sé gert ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum til þess að einangra losunarlagirnir sem eru svo stórar að hætta stafar af þeim;
- f) að sem mest sé dregið úr hættu á ótímabærri tæmingu; losunarstaðir skulu vera skýrt merktir á föstu hliðinni og þar skal koma fram hvert hið fljótandi efni er;
- g) að staðsetning og lega neðanjarðarlagna sé að minnsta kosti skráð í tækniskjölum til að auðvelda öruggt viðhald, eftirlit eða viðgerðir.

7. SÉRTÆKAR MAGNBUNÐNAR KRÖFUR VEGNA TILTEKINS ÞRÝSTIBÚNAÐAR

Eftirfarandi ákvæði hafa aðeins almennt gildi. Þó skal framleiðandi sýna fram á að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að ná jafngildu almennu öryggisstigi ef þessum ákvæðum er ekki beitt, einnig ef ekki er sérstaklega vísað til efna og samræmdum stöðlum er ekki beitt.

Þessi liður er óaðskiljanlegur hluti I. viðauka. Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þessum lið, koma til viðbótar við meginkröfurnar, sem um getur í 1. til 6. lið, hvað varðar þrýstibúnaðinn sem þau eiga við um.

7.1. Leyfileg spenna.

7.1.1. Tákni.

$R_{e/t}$, flotmörk, gefur til kynna gildi hitastigs við útreikning á:

- efri flotmörkum efnis sem hefur efri og neðri flotmörk,
- 1,0% styrk ásteníts og óblandaðs áls,
- 0,2% styrk í öðrum tilvikum.

$R_{m/20}$ gefur til kynna lágmarksgildi mesta styrks við 20°C.

$R_{m/t}$ vísar til mesta styrks við útreikningshitastig.

7.1.2. Leyfileg almenn hámarksspenna á himnu fyrir það stöðuálag sem um er að ræða og við hitastig utan þess bils þar sem skrið er verulegt skal ekki vera hærri en það lágsta eftirtalinna gilda, eftir því hvaða efni er notað:

- sé um að ræða ferrítstál að meðtöldu unnu (unnu völsuðu) stáli og að undanskildu fínkornastáli og sérstaklega hitameðhöndluðu stáli, 2/3 af $R_{e/t}$ og 5/12 af $R_{m/20}$;
- sé um að ræða ástenít;
- ef lengingin eftir brot er meiri en 30%, 2/3 af $R_{e/t}$;
- ef lengingin eftir brot er hins vegar meiri en 35%, 5/6 af $R_{m/t}$ og 1/3 af $R_{m/t}$;
- sé um að ræða óblandað eða lítt blandað steypujárn, 10/19 af $R_{e/t}$ og 1/3 af $R_{m/20}$;
- sé um að ræða ál, 2/3 af $R_{e/t}$;
- sé um að ræða álblendri að undanskildu blendri sem harðnar við útfellingu, 2/3 af $R_{e/t}$ og 5/12 af $R_{m/20}$.

7.2. Samskeytastuðlar.

Sé um að ræða lóðuð samskeyti skal samskeytastuðullinn ekki vera hærri en eftirtalin gildi:

- vegna búnaðar sem gerðar eru á skaðlegar og skaðlausar prófanir til að ganga úr skugga um að öll samskeytin séu laus við verulega galla: 1,
- vegna búnaðar sem gerðar eru á skaðlausar prófanir af handahófi: 0,85,
- vegna búnaðar sem ekki eru gerðar skaðlausar prófanir á að undanskilinni sjónrænni athugun: 0,7.

Ef nauðsyn krefur skal einnig taka tillit til þess um hvers kyns spennu er að ræða og vélrænna og tæknilegra eiginleika samskeytanna.

7.3. Búnaður sem takmarkar þrýsting, einkum í þrýstihylkjum.

Skammvinnur yfirþrýstingur sem um getur í lið 2.11.2. má ekki fara yfir 10% leyfilegs hámarksþrýstings.

7.4. Vökvapróstingur við prófun.

Sé um að ræða þrýstihylki skal vökvapróstingur við prófun, sem um getur í lið 3.2.2., ekki vera minni en:

- vökvapróstingur sem svarar til þeirrar hámarksþleðslu sem þrýstibúnaðurinn kann að þurfa að þola við notkun, að teknu tilliti til leyfilegs hámarksþrýstings þess og leyfilegs hámarkshitastigs þess, margfaldað með stuðlinum 1,25, eða
- leyfilegur hámarksþrýstingur margfaldaður með stuðlinum 1,43, hærra gildið.

7.5. Efniseiginleikar.


Ef ekki er krafist annarra gilda í samræmi við aðrar viðmiðanir sem taka ber tillit til telst stál nógu seigt til þess að fullnægja kröfunum, sem mælt er fyrir í a-lið liðar 4.1., ef brotlenging þess við togþolsprófun með staðlaðri aðferð er ekki undir 14% og beygjubrotkraftur mældur á ISO V prófunarstykki er ekki minni en 27 J, við hitastig sem er ekki yfir 20°C en þó ekki hærra en lægsta hitastig sem mælt er fyrir um við notkun.

II. VIÐAUKI

SKÝRINGARMYNDIR UM SAMRÆMISMAT.

1. Tilvísanir í skýringarmyndum til flokka aðferðareininga eru sem hér segir:
 I = aðferðareining A
 II = aðferðareining A1, D1, E1
 III = aðferðareining B1 + D, B1 + F, B + E, B + C1, H
 IV = aðferðareining B + D, B + F, G, H1
2. Öryggisbúnaður, sem er skilgreindur í lið 2.1.3. í 1. gr. reglnanna og sem um getur í lið 1.4. í 3. gr., tilheyrir IV. flokki. Þó má flokka öryggisbúnað, sem er framleiddur fyrir sérstakan búnað, í sama flokk og búnaðinn sem hann fylgir.
3. Þrýstifylgihlutir, sem eru skilgreindir í lið 2.1.4. í 1. gr. reglnanna og sem um getur í lið 1.4. í 3. gr., eru flokkaðir á grundvelli:
 - leyfilegs hámarksþrýstings (PS), og
 - rúmmáls þeirra (V) eða nafnstærðar (DN), eftir því sem við á, og
 - þess flokks efna í fljótandi formi sem þeir eru ætlaðir fyrir, og viðeigandi skýringarmynd fyrir hylki eða lagnir ber að nota til þess að ákvarða samræmismatsflokkinn.


Þegar bæði rúmmál og nafnstærð eru talin viðeigandi hvað varðar annan undirlið skal setja þrýstifylgihlutinn í hæsta flokkinn.
4. Markalínurnar í eftirfarandi skýringarmyndum um samræmismat sýna efri mörkin í hverjum flokki.



Skýringarmynd 1

Hylki sem um getur í fyrsta undirlið a-liðar í lið 1.1. í 3. gr. reglnanna.


Í undantekningartilvikum skulu hylki, sem nota á undir óstöðuga lofttegund og tilheyra I. eða II. flokki á grundvelli skýringarmyndar 1, sett í III. flokk.



Skýringarmynd 2


Hylki sem um getur í öðrum undirlið a-liðar í lið 1.1. í 3. gr. reglnanna.

Í undantekningartilvikum skulu handslökkvitæki og hylki fyrir öndunarbúnað sett í III. flokk eða hærri flokk.



Skýringarmynd 3


Hylki sem um getur í fyrsta undirlið b-liðar í lið 1.1. í 3. gr. reglanna.



Skýringarmynd 4

Hylki sem um getur í öðrum undirlið b-liðar í lið 1.1. í 3. gr. reglnanna.


Í undantekningartilvikum skulu samsetningar, sem ætlaðar eru til að hita vatn eins og um getur í lið 2.3. í 3. gr. reglnanna annaðhvort standast EB-hönnunarskoðun (aðferðargreining B1) með tilliti til þess hvort þær séu í samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í liðum 2.10., 2.11., 3.4., 5 (a-liður) og 5 (d-liður) í I. viðauka eða fulla gæðatryggingu (aðferðargreining H).



Skýringarmynd 5

Prýstibúnaður sem um getur í lið 1.2. í 3. gr. reglnanna.


Í undantekningartilvikum skal hönnun þrýstingssuðutækja háð samræmismatsaðferð sem jafngildir að minnsta kosti einni aðferðareiningu í III. flokki.



Skýringarmynd 6

Lagnir sem um getur í fyrsta undirlið a-liðar í lið 1.3. í 3. gr. reglnanna.


Í undantekningartilvikum skulu lagnir undir óstöðugar lofttegundir sem tilheyra I. og II. flokki samkvæmt skýringarmynd 6 settar í III. flokk.



Skýringarmynd 7


Lagnir sem um getur í öðrum undirlið a-liðar í lið 1.3. í 3. gr. reglnanna.

Í undantekningartilvikum skulu lagnir undir efni í fljótandi formi við hitastig sem er yfir 350°C og tilheyra II. flokki samkvæmt skýringarmynd 7 settar í III. flokk.



Skýringarmynd 8

Lagnir sem um getur í fyrsta undirlið b-liðar í lið 1.3. í 3. gr. regnanna.



Skýringarmynd 9

Lagnir sem um getur í öðrum undirlið b-liðar í lið 1.3. í 3. gr. regnanna.

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR VIÐ SAMRÆMISMAT.

Skuldbindingarnar sem felast í ákvæðum um þrýstibúnað í þessum viðauka eiga einnig við um samsetningar.

Aðferðareining A (innri framleiðslustýring).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES, sem rækir þær skyldur sem kveðið er á um í 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að þrýstibúnaður fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandinn skal festa CE-merkið á hvert eintak þrýstibúnaðar og semja skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal semja þau tækniskjöl sem er lýst í 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal hafa þau tiltæk til skoðunar fyrir viðeigandi yfirvöld í landinu í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt.
Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan EES þá hvílir sú skylda að hafa tækniskjölin tiltæk hjá þeim aðila sem setur þrýstibúnaðinn á markað innan EES.
3. Með tækniskjölunum skal vera unnt að meta samræmi þrýstibúnaðar við kröfur reglnanna. Þau skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins og innihalda:
 - almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,
 - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
 - lýsingar og skýringar við fyrirnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,
 - skrá yfir staðlana, sem um getur í 5. gr. reglnanna og beitt er að hluta eða öllu leyti, og lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til þess að fullnægja grunnkröfum reglnanna þar sem stöðlunum, sem um getur í 5. gr., hefur ekki verið beitt,
 - niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um eftirlit o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur.
4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni með tækniskjölunum.
5. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að við framleiðsluferlið sé séð til þess að framleiddur þrýstibúnaður sé samkvæmt tækniskjölunum sem um getur í 2. lið og þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga.

Aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt eftirliti með lokamati).

Eftirfarandi á við til viðbótar við kröfurnar í aðferðareiningu A.

Framleiðandi skal annast framkvæmd lokamats og felst eftirlitið í fyrirvaralausum heim-sóknum tilkynnts aðila sem framleiðandi velur.

Í slíkum heimsóknum skal tilkynntur aðili:

- ganga úr skugga um að framleiðandi annist í raun lokamat í samræmi við lið 3.2. í I. viðauka,
- taka sýnishorn af þrýstibúnaði á framleiðslu- eða geymslustað til þess að gera á honum prófanir. Tilkynntur aðili metur hvað nauðsynlegt er að taka mörg sýnishorn og hvort nauðsynlegt sé að framkvæma eða láta framkvæma lokamatið allt eða að hluta á sýnum úr þrýstibúnaði.

Sé ein eða fleiri einingar úr þrýstibúnaði ekki í samræmi við kröfurnar skal tilkynntur aðili gera viðeigandi ráðstafanir.

Framleiðandi skal festa kenninúmer tilkynnts aðila á hverja einingu þrýstibúnaðar og á ábyrgð hans.

Aðferðareining B (EB-gerðarprófun).

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst þeim hluta af aðferðinni sem tilkynntur aðili beitir til að ganga úr skugga um og votta að sýni, sem er einkennandi fyrir viðkomandi framleiðslu, uppfylli ákvæði viðeigandi reglna.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal leggja inn umsókn um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila að vali framleiðandans.

Í umsókninni skal koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda og, leggi viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES fram umsóknina, einnig nafn þess síðarnefnda og heimilisfang,
- skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið send öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl eins og er lýst í 3. lið.

Umsækjandinn skal hafa tiltækt fyrir tilkynnta aðilann sýni sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér á eftir nefnt „gerðareintak“. Tilkynnti aðilinn getur farið fram á að fá fleiri sýni, sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.

Gerðareintak getur tekið til margra útfærslna vörunnar að því tilskildu að munurinn á ólíkum útfærslum hafi ekki áhrif á öryggi þeirra.

3. Með tækniskjölunum skal vera unnt að meta samræmi vöru við kröfur reglnanna. Þau skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins og innihalda:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
- lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,
- skrá yfir staðlana, sem um getur í 5. gr. reglnanna og beitt er að hluta eða öllu leyti, og lýsing á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til þess að fullnægja grunnkröfum reglnanna þar sem stöðlunum, sem um getur í 5. gr., hefur ekki verið beitt,
- niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um eftirlit o.s.frv.,
- prófunarskýrslur,
- upplýsingar um prófanir sem kveðið er á um í framleiðslu,
- upplýsingar um skilgreiningar eða viðurkenningar sem mælt er fyrir um í liðum 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka.

4. Tilkynntur aðili skal:

4.1. rannsaka tækniskjölin, sannprófa að gerðareintakið hafi verið framleitt í samræmi við tækniskjölin og ganga úr skugga um hvaða þættir hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 5. gr. reglnanna, svo og hvaða íhlutar hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla.

Einkum ber tilkynntum aðila:

- að rannsaka tækniskjölin með tilliti til hönnunar og framleiðsluaðferða,
- að meta efnin sem eru notuð ef þau eru ekki í samræmi við viðeigandi samræmda staðla eða Evrópuviðurkenningu fyrir efni til þrýstibúnaðar og athuga vottorðið sem framleiðandi efnis gefur út í samræmi við lið 4.3. í I. viðauka,
- að samþykkja aðferðirnar að því er varðar varanlega samskeytingu þrýstibúnaðaríhluta eða ganga úr skugga um að þær hafi áður verið samþykktar í samræmi við lið 3.1.2. í I. viðauka,
- að ganga úr skugga um að starfsliðið, sem vinnur við varanlega samskeytingu þrýstibúnaðaríhluta og skaðlausar prófanir, sé hæft til þeirra verka eða viðurkennt í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka;

4.2. að gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um hvort þær lausnir sem framleiðandi hefur valið séu í samræmi við grunnkröfur reglnanna, hafi stöðlum sem um getur í 5. gr. ekki verið beitt;

4.3. þegar framleiðandi hefur kosið að beita viðeigandi stöðlum, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þeim hefur í raun verið beitt;

4.4. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.

5. Þegar gerðareintakið uppfyllir ákvæði reglnanna skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið á að gilda í tíu ár og vera endurnýjanlegt og skal það innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar og nauðsynlegar upplýsingar til að bera megí kennsl á þá gerð sem hlotið hefur samþykki.

Skrá yfir þau tækniskjöl sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá tilkynnta aðilanum.

Ef framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan EES er neitað um vottorð um gerðarprófun skal tilkynnti aðilinn gera ítarlega grein fyrir ástæðum fyrir neituninni. Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.

6. Umsækjandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktum þrýstibúnaði sem þarfnast viðbótarsamþykkis, þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við grunnkröfur eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um. Þetta viðbótarsamþykki er veitt sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.

7. Allir tilkynntir aðilar skulu senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð og viðbætur við þau sem hafa verið afturkölluð eða, sé þess óskað, gefin út.

Allir tilkynntir aðilar skulu einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð og viðbætur við þau sem gefin hafa verið út eða afturkölluð.

8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu vera tiltækir öðrum tilkynntum aðilum.

9. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal geyma, auk tækniskjala, afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðbótum við það í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt.

Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan EES hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur vöruna á markað innan EES.

Aðferðareining B1 (EB-hönnunarprófun).

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst þeim hluta málsmeðferðarinnar þegar tilkynntur aðili gengur úr skugga um og vottar að hönnun þrýstibúnaðareiningar sé í samræmi við ákvæði reglnanna sem við þær eiga.

Aðferðina við tilraunahönnun, sem kveðið er á í lið 2.2.4. í I. viðauka, skal ekki nota í tengslum við þessa aðferðareiningu.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal sækja um EB-hönnunarprófun hjá einum tilkynntum aðila.

Í umsókninni skal koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda og, leggi viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES fram umsóknina, einnig nafn þess síðarnefnda og heimilisfang,
- skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið send öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjölin sem um getur í 3. lið.

Umsóknin getur tekið til margra útfærslna þrýstibúnaðarins að því tilskildu að munurinn á ólíkum útfærslum hafi ekki áhrif á öryggi þeirra.

3. Með tækniskjölunum skal vera unnt að meta samræmi þrýstibúnaðarins við kröfur reglnanna sem gildir um hann. Þau skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat:

- almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,
- heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
- lýsingar og skýringar við fyrrgreindar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,
- skrá yfir staðlana, sem um getur í 5. gr. og beitt er að hluta eða öllu leyti og lýsing á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til þess að fullnægja grunnkröfum reglnanna þar sem stöðlumum, sem um getur í 5. gr., hefur ekki verið beitt,
- gögn sem eru nauðsynleg til rökstuðnings á því að hönnunarlausnir séu fullnægjandi, einkum þar sem staðlarnir sem um getur í 5. gr. hafa ekki verið notaðir að öllu leyti; meðal slíkra gagna skulu vera niðurstöður prófana sem gerðar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða fyrir hönd hans,
- niðurstöður útreikninga sem gerðir voru við hönnun, svo og niðurstöður prófana o.s.frv.,
- upplýsingar um skilgreiningar eða viðurkenningar sem mælt er fyrir um í liðum 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka.

4. Tilkynntur aðili skal:

- 4.1. rannsaka tækniskjölin og ganga úr skugga um hvaða þættir hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 5. gr., svo og hvaða íhlutar hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla.

Einkum ber tilkynntum aðila:

- að meta efnin sem notuð eru ef þau eru ekki í samræmi við viðeigandi samræmda staðla eða Evrópuviðurkenningu fyrir efni til þrýstibúnaðar,
 - að samþykkja aðferðirnar að því er varðar varanlega samskeytingu þrýstibúnaðarhluta eða ganga úr skugga um að þær hafi áður verið samþykktar í samræmi við lið 3.1.2. í I. viðauka,
 - að ganga úr skugga um að starfsliðið, sem vinnur við varanlega samskeytingu þrýstibúnaðarhluta og skaðlausar prófanir, sé hæft til þeirra verka eða viðurkennt í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka,
- 4.2. Þegar stöðlunum sem um getur í 5. gr. reglnanna hefur ekki verið beitt, gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandi hefur valið uppfylli grunnkröfur reglnanna,
- 4.3. Þegar framleiðandi hefur kosið að beita viðeigandi stöðlum, gera nauðsynlegar athuganir til að kanna hvort þeim hefur í raun verið beitt.
5. Þegar hönnunin uppfyllir ákvæði reglnanna skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-hönnunarpröfun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að það sé í gildi og nauðsynlegar upplýsingar til að bera megi kennsl á þá hönnun sem hlotið hefur samþykki.
- Skrá yfir þau tækniskjöl sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá tilkynnta aðilanum.
- Ef tilkynntur aðili neitar framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan EES um vottorð um hönnunarpröfun skal tilkynnti aðilinn gera ítarlega grein fyrir ástæðum fyrir neituninni. Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.
6. Umsækjandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða EB-hönnunarpröfunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktum þrýstibúnaði sem þarfnast viðbótarsamþykkis, þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við grunnkröfur eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um. Þetta viðbótarsamþykki er veitt sem viðbót við upphaflega EB-hönnunarpröfunarvottorðið.
7. Allir tilkynntir aðilar skulu senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um EB-hönnunarpröfunarvottorð og viðbætur við þau sem hafa verið afturkölluð eða, sé þess óskað, gefin út.
- Allir tilkynntir aðilar skulu einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-hönnunarpröfunarvottorð og viðbætur við þau sem gefin hafa verið út eða afturkölluð.
8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið, ef þeir óska þess, viðeigandi upplýsingar varðandi:
- útgefin EB-hönnunarpröfunarvottorð og viðbætur við þau,
 - afturkölluð EB-hönnunarpröfunarvottorð og viðbætur við þau.
9. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal geyma, auk tækniskjala sem um getur í 3. lið, afrit af EB-hönnunarpröfunarvottorðinu og viðbótum við það í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt.
- Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan EES hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu.

Aðferðareining C1 (samræmi við gerðareintak).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES sér til þess og lýsir yfir að þrýstibúnaður sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal festa CE-merkið á hvert eintak þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferli tryggi að framleiddur þrýstibúnaður sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og þær kröfur reglnanna sem við hann eiga.
3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt.

Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan EES hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur þrýstibúnaðinn á markað innan EES.

4. Framleiðandi skal annast framkvæmd lokamats og felst eftirlitið í fyrirvaralausum heimsóknnum tilkynnts aðila sem framleiðandi velur.

Í slíkum heimsóknnum skal tilkynntur aðili:

- ganga úr skugga um að framleiðandi annist í raun lokamat í samræmi við lið 3.2. í I. viðauka,
- taka sýnishorn af þrýstibúnaði á framleiðslu- eða geymslustað til þess að gera á honum prófanir. Tilkynntur aðili metur hvað nauðsynlegt er að taka mörg sýnishorn og hvort nauðsynlegt sé að framkvæma eða láta framkvæma lokamatið allt eða að hluta á sýnishornum af þrýstibúnaði.

Sé ein eða fleiri einingar úr þrýstibúnaði ekki í samræmi við kröfurnar skal tilkynntur aðili gera viðeigandi ráðstafanir.

Framleiðandi skal festa kenninúmer tilkynnts aðila og á ábyrgð hans á hverja einingu þrýstibúnaðar.

Aðferðareining D (gæðatrygging í framleiðslu).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að þrýstibúnaður sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða EB-hönnunarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal festa CE-merkið á hvert eintak þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaeftirlit og prófun á fullunninni vöru eins og tilgreint er í 3. lið og skal vera háður eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.
3. *Gæðakerfi.*
- 3.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir þær vörur sem um er að ræða hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Í umsókn skal koma fram:

- allar upplýsingar sem skipta máli að því er varðar þann vöreflokk sem um er að ræða,

- gögn um gæðakerfið,
 - ef við á, tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu eða EB-hönnunarprófunarvottorðinu.
- 3.2. Gæðakerfið á að tryggja að þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða EB-hönnunarprófunarvottorðinu og kröfur reglnanna sem við hann eiga.
- Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.
- Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða þrýstibúnaðarins,
 - aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal, einkum að því er varðar aðferðir við varanlega samskeytingu íhluta eins og viðurkennt er í samræmi við lið 3.1.2. í I. viðauka,
 - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,
 - skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi eða viðurkenningu starfsliðsins, einkum þess sem hefur á hendi samskeytingu íhluta og skaðlausu prófun í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka,
 - aðferðum við eftirlit með gæðum og skilvirkni gæðakerfisins.
- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við samsvarandi kröfur, sem um getur í lið 3.2., ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á.
- Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri þrýstibúnaðartækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefnum skal vera eftirlitsheimsókn á framleiðslustað.
- Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat. Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.
- 3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
- Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
- Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
- Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
4. *Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.*
- 4.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandinn ræki skyldur sínar með tilliti til samþykpta gæðakerfisins.
- 4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,
 - skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsliðsins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda eftirlitsskýrslu. Reglubundið eftirlit skal vera svo títt til að gagnert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.
- 4.4. Að auki getur tilkyntur aðili farið í heimsóknir til framleiðandans fyrirvaralaust. Þörfina á slíkum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra skal meta á grundvelli eftirlits með heimsóknum sem tilkynti aðilinn annast. Eftirlit með heimsóknum skal einkum beinast að:
- flokki búnaðarins,
 - niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
 - þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
 - sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
 - verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, stefnu eða tækni.
- Við slíkar heimsóknir er tilkynta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
5. Framleiðandi skal í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu:
- skjölin sem um getur í öðrum undirlið í lið 3.1.,
 - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri undirgrein í lið 3.4.,
 - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.3. og síðustu málsgrein í lið 3.4. og liðum 4.3. og 4.4.
6. Sérhver tilkyntur aðili skal veita öðrum tilkyntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki gæðakerfa sem hafa verið afturkölluð eða, að beiðni þeirra, veitt.
- Sérhver tilkyntur aðili skal veita öðrum tilkyntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða hafnað.

Aðferðareining D1 (gæðatrygging í framleiðslu).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 3. lið, sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi eintak þrýstibúnaðar fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal festa CE-merkið á hvert eintak þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer þess tilkynta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti eins og tilgreint er í 5. lið.
2. Framleiðandinn skal taka saman tækniskjölin sem er lýst hér á eftir. Með tækniskjölnum skal vera unnt að meta samræmi þrýstibúnaðar við kröfur reglnanna. Þau skulu, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins og innihalda:
 - almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,
 - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásnum o.s.frv.,
 - lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

- skrá yfir staðlana sem um getur í 5. gr. reglnanna og beitt er að hluta eða öllu leyti og lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til þess að fullnægja grunnkröfum reglnanna þar sem stöðlunum, sem um getur í 5. gr., hefur ekki verið beitt,
 - niðurstöður útreikninga sem voru gerðir við hönnun, svo og niðurstöður prófana o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur.
3. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaeftirlit og prófun eins og tilgreint er í 4. lið og skal vera háður eftirliti eins og tilgreint er í 5. lið.
4. *Gæðakerfi.*
- 4.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
Í umsókninni skal koma fram:
- allar upplýsingar sem skipta máli að því er varðar þann búnað, sem um er að ræða,
 - gögn um gæðakerfið.
- 4.2. Gæðakerfið skal tryggja samræmi þrýstibúnaðarins við kröfur reglnana sem við hann eiga.
- Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.
- Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða þrýstibúnaðarins,
 - aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal, einkum að því er varðar aðferðir við varanlega samskeytingu íhluta eins og viðurkennt er í samræmi við lið 3.1.2. í I. viðauka,
 - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,
 - skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins, einkum þess sem hefur á hendi samskeytingu íhluta og skaðlausa prófun í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka,
 - aðferðum við eftirlit með gæðum og skilvirkni gæðakerfisins.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 4.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við samsvarandi kröfur sem um getur í lið 4.2., ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á.
- Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsheimsókn á framleiðslustað.
- Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat. Reglubundið eftirlit skal vera svo títt að gagnert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.
- 4.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo að það sé

fullnægjandi og skilvirkt. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því. Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram. Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

5. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*
 - 5.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandinn ræki skyldur sínar vegna hins samþykkta gæðakerfis.
 - 5.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
 - gögn um gæðakerfið,
 - skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
 - 5.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum eftirlitsskýrslu. Reglubundið eftirlit skal vera svo títt að gagnert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.
 - 5.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í heimsóknir til framleiðandans fyrirvaralaust. Þörfina á slíkum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra skal meta á grundvelli eftirlits með heimsóknum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með heimsóknum skal einkum beinast að:
 - flokki búnaðarins,
 - niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
 - þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
 - sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
 - verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.
 Við slíkar heimsóknir er tilkynnta aðilanum heimilt ef með þarf að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
6. Framleiðandi skal í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu:
 - tækniskjölín sem um getur í 2. lið,
 - skjölín sem um getur í öðrum undirlið í lið 4.1.,
 - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 4.4.,
 - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 4.3., síðustu málsgrein í lið 4.4. og liðum 5.3. og 5.4.
7. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum sem afturkölluð hafa verið eða, að beiðni þeirra, veitt.

Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum sem hann hefur afturkallað eða hafnað.

Aðferðareining E (gæðatrygging vöru).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að þrýstibúnaður sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal festa CE-merkið á hvert vöru-eintak og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenningúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við lokaeftirlit og prófun eins og tilgreint er í 3. lið og skal vera háður eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.
3. *Gæðakerfi.*
- 3.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir þrýstibúnað hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
Í umsókninni skal koma fram:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um viðkomandi þrýstibúnað,
 - gögn um gæðakerfið,
 - tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.
- 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hvert eintak þrýstibúnaðar athugað og gerðar þær prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum, sbr. 5. gr., eða samsvarandi prófanir, einkum lokamat sem um getur í lið 3.2 í I. viðauka, til að tryggja að varan samræmist viðeigandi kröfum reglnanna. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.
Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
 - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða þrýstibúnaðarins,
 - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða eftir framleiðslu,
 - aðferðum við eftirlit með gæðum og skilvirkni gæðakerfisins,
 - skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðun-argögnum, skýrslum um menntun og hæfi eða viðurkenningu starfsliðsins, einkum þess sem hefur á hendi samsetningu íhluta og skaðlausa prófun í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka.
- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við samsvarandi kröfur sem um getur í lið 3.2. ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á.
Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður með reynslu sem matsmaður við framleiðslutækni þrýstibúnaðar. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsheimsókn á framleiðslustað.
Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
- 3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

4. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*

4.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandinn ræki skyldur sínar vegna hins samþykka gæðakerfis.

4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum eftirlitsskýrslu. Reglubundið eftirlit skal vera svo títt að gagnert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.

4.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í heimsóknir til framleiðandans fyrirvaralaust. Þörfina á slíkum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra skal meta á grundvelli eftirlits með heimsóknum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með heimsóknum skal einkum beinast að:

- flokki búnaðarins,
- niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
- þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
- sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
- verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.

Við slíkar heimsóknir er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

5. Framleiðandi skal í minnst tíu ár eftir að síðasti þrýstibúnaðurinn hefur verið framleiddur hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu:

- gögnin sem um getur í öðrum undirlitum í lið 3.1.,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 3.4.,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 3.3., síðustu málsgrein í lið 3.4., og í liðum 4.3. og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki gæðakerfa sem hafa verið veitt eða afturkölluð.

Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða hafnað.

Aðferðareining E1 (gæðatrygging vöru).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvornig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 3. lið, prófar og vottar að þrýstibúnaður fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandi skal festa CE-merkið á hvert vörueintak og gefa út skriflega samræmisýfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenningarnúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti eins og tilgreint er í 5. lið.

2. Framleiðandinn skal taka saman tækniskjölin sem er lýst hér á eftir.
Með tækniskjölinum skal vera unnt að meta samræmi þrýstibúnaðar við kröfur regnanna. Þau skulu, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins og innihalda:
 - almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,
 - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásam o.s.frv.,
 - lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,
 - skrá yfir staðlana sem um getur í 5. gr. regnanna og beitt er að hluta eða öllu leyti og lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til þess að fullnægja grunnkröfum regnanna þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
 - niðurstöður útreikninga sem gerðir voru við hönnun, svo og niðurstöður prófana o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur.
3. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaeftirlit og prófun eins og tilgreint er í 4. lið og skal vera háður eftirliti eins og tilgreint er í 5. lið.
4. *Gæðakerfi.*
- 4.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
Í umsókninni skal koma fram:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um þrýstibúnaðinn,
 - gögn um gæðakerfið.
- 4.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hvert eintak þrýstibúnaðar athugað og gerðar þær prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum, sbr. 5. gr. regnanna eða samsvarandi prófanir, einkum lokamat sem um getur í lið 3.2. í I. viðauka, til að tryggja að varan samræmist viðeigandi kröfum regnanna. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.
Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
 - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða þrýstibúnaðarins,
 - aðferðunum sem beitt verður við varanlega samskeytingu íhluta sem samþykktar eru í samræmi við lið 3.1.2. í I. viðauka,
 - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða eftir framleiðslu,
 - aðferðum við eftirlit með gæðum og skilvirkni gæðakerfisins,
 - skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins, einkum þess sem hefur á hendi samskeytingu íhluta og skaðlausa prófun í samræmi við liði 3.1.2. í I. viðauka,
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 4.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við samsvarandi kröfur sem um getur í lið 4.2. ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður með reynslu sem matsmaður á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsheimsókn á framleiðslustað.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat. Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.

- 4.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 4.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

5. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*

- 5.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandinn ræki skyldur sínar vegna hins samþykka gæðakerfis.

- 5.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

- 5.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum eftirlitsskýrslu. Reglubundið eftirlit skal vera svo títt að gagngert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.

- 5.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í heimsóknir til framleiðandans fyrirvaralaust. Þörfina á slíkum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra skal meta á grundvelli eftirlits með heimsóknum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með heimsóknum skal einkum beinast að:

- flokki tækjabúnaðarins,
- niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
- þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
- sérstökum skilyrðum sem snerta viðurkenningu kerfisins, ef við á,
- verulegum breytingum á framleiðsluskipulagi, -stefnu eða -tækni.

Við slíkar heimsóknir er tilkynnta aðilanum heimilt ef með þarf að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

6. Framleiðandi skal í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt hafa tiltæk fyrir yfirvöld í landinu:

- tækniskjölin sem um getur í 2. lið,
- gögnin sem um getur í öðrum undirlið í lið 4.1.,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein í lið 4.4.,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu málsgrein í lið 4.3., síðustu málsgrein í lið 4.4. og í liðum 5.3. og 5.4.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum sem afturkölluð hafa verið eða, að beiðni þeirra, veitt.

Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum sem hann hefur afturkallað eða hafnað.

Aðferðareining F (sannprófun vöru).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES prófar og vottar að þrýstibúnaður sem fellur undir ákvæði 3. liðar sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst:
 - í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða
 - í EB-hönnunarprófunarvottorðinu og fullnægir þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga.
2. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferli tryggi að þrýstibúnaður sé í samræmi við gerðareintakið sem er lýst:
 - í EB-gerðarprófunarvottorðinu eða
 - í EB-hönnunarprófunarvottorðinu
 og fullnægir þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal festa CE-merkið á hvert eintak þrýstibúnaðar og gefa út samræmisýfirlýsingu.
3. Tilkynnti aðilinn skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að athuga samræmi þrýstibúnaðar við kröfur reglnanna með því að athuga og prófa hvert eintak eins og tilgreint er í 4. lið.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðarins hefur verið framleitt.
4. *Sannprófun með athugun og prófun á hverju eintaki þrýstibúnaðar.*
 - 4.1. Hvert eintak þrýstibúnaðar skal sérstaklega athugað og prófanir sem við eiga, eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr. reglnanna eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að sannreyna samræmi við gerðareintakið og þær kröfur reglnanna sem við eiga.

Einkum skal tilkynntur aðili:

 - ganga úr skugga um að starfsfólkið sem vinnur við varanlega samskeytingu þrýstibúnaðaríhluta og skaðlausar prófanir hafi menntun og hæfi til þeirra verka eða sé viðurkennt í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka,
 - athuga vottorðið sem framleiðandi efnis gefur út í samræmi við lið 4.3. í I. viðauka,
 - gera eða láta gera lokamatið og prófunina sem um getur í lið 3.2. í I. viðauka og skoða öryggistækin ef við á.
 - 4.2. Tilkynnti aðilinn skal festa eða láta festa kenninúmer sitt á hvert eintak þrýstibúnaðar og gefa út skriflegt samræmisvottorð með hliðsjón af þeim prófunum sem gerðar hafa verið.
 - 4.3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkynnta aðilans ef óskað er.

Aðferðareining G (sannprófun eintaka).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi prófar og vottar að þrýstibúnaður sem fengið hefur vottorð eins og um getur í lið 4.1. fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandi skal festa CE-merkið á þrýstibúnaðinn og gefa út skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um sannprófun eintaka hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
 - Í umsókninni skal koma fram:
 - nafn og heimilisfang framleiðanda og staðsetning þrýstibúnaðarins,
 - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið send öðrum tilkynntum aðila,
 - tækniskjöl.
3. Með tækniskjölunum skal vera unnt að meta samræmi þrýstibúnaðarins við þær kröfur reglnanna sem við hann eiga og skilja hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins.
 - Tækniskjölín skulu innihalda:
 - almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,
 - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásam o.s.frv.,
 - lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,
 - skrá yfir staðlana sem um getur í 5. gr. og beitt er að hluta eða öllu leyti og lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til þess að fullnægja grunnkröfum reglnanna þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
 - niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um eftirlit o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur,
 - viðeigandi ítrefni varðandi samþykki á framleiðslu- og prófunaraðferðum og menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsliðs í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka.
4. Tilkynnti aðilinn skal athuga hönnun og smíði hvers eintaks þrýstibúnaðar og á meðan á framleiðslu stendur gera þær prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum, sem um getur í 5. gr. reglnanna, eða samsvarandi prófanir, til að tryggja að varan sé í samræmi við viðeigandi kröfur í reglunum.
 - Einkum skal tilkynnti aðilinn:
 - skoða tækniskjölín með tilliti til hönnunar og framleiðsluáðferða,
 - meta efnin sem eru notuð ef þau eru ekki í samræmi við viðeigandi samræmda staðla eða Evrópuviðurkenningu fyrir efni til þrýstibúnaðar, og athuga vottorðið sem framleiðandi efnis gefur út í samræmi við lið 4.3. í I. viðauka,
 - samþykkja aðferðirnar að því er varðar varanlega samskeytingu íhluta, eða ganga úr skugga um að þær hafi áður verið samþykktar í samræmi við lið 3.1.2. í I. viðauka,
 - ganga úr skugga um menntun og hæfi eða viðurkenningu sem krafist er í liðum 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka,
 - framkvæma lokaskoðunina sem um getur í lið 3.2.1. í I. viðauka, framkvæma eða láta framkvæma prófunina sem um getur í lið 3.2.2. í I. viðauka og athuga öryggistæki ef við á.
- 4.1. Tilkynnti aðilinn skal festa kenninúmer sitt eða láta festa það á þrýstibúnaðinn og gefa út samræmisvottorð vegna gerðra prófana. Vottorðið skal varðveita í tíu ár.

- 4.2. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES, skal tryggja að samræmisyfirlýsingin og samræmisvottorðið sem tilkynntur aðili hefur gefið út séu tiltæk ef þess er óskað.

Aðferðareining H (full gæðatrygging).

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið prófar og vottar að þrýstibúnaður fullnægi þeim kröfum reglnanna sem við hann eiga. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES, skal festa CE-merkið á hvert vöruentak og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.
2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við hönnun, framleiðslu, loka-skoðun og prófun eins og tilgreint er í 3. lið og skal vera háður eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.
3. *Gæðakerfi.*
- 3.1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
 - Í umsókninni skulu koma fram:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um þann þrýstibúnað sem um er að ræða,
 - gögn um gæðakerfið.
- 3.2. Gæðakerfið á að tryggja að þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við þær kröfur reglnanna sem við hann eiga.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar.

Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að gæðastefna og -aðferðir, svo sem áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða hönnunar og vöru,
- þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. verður ekki beitt að fullu, þeim aðferðum sem notaðar verða til að tryggja að þær grunnkröfur reglnanna sem við eiga verði uppfylltar,
- þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem verður beitt við hönnun þrýstibúnaðar, einkum með tilliti til efnis í samræmi við 4. lið í I. viðauka,
- tilsvarendi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu, einkum með tilliti til varanlegrar samskeytingar íhluta sem viðurkennd er í samræmi við lið 3.1.2. í I. viðauka,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi eða viðurkenningu starfsliðsins, einkum þess sem hefur á hendi samskeytingu íhluta og skaðlausa prófun í samræmi við liði 3.1.2. og 3.1.3. í I. viðauka,
- aðferðum við eftirlit með hönnunar- og vörugæðum þrýstibúnaðar, og að gæðakerfið sé skilvirkt.

- 3.3. Tilkynntur aðili skal meta gæðakerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við samsvarandi kröfur, ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á.
- Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður með reynslu sem matsmaður á þeirri framleiðslutækni þrýstibúnaðar sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsheimsókn á framleiðslustað.
- Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat. Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.
- 3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
- Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
- Tilkynntur aðili skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2. eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
- Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynning skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
4. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*
- 4.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandinn ræki skyldur sínar með tilliti til samþykktar gæðakerfisins.
- 4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum, prófun og geymslu og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
 - skýrslur um gæði frá hönnunarhluta gæðakerfisins, svo sem niðurstöður greiningsa, útreikninga, prófana o.s.frv.,
 - skýrslur um gæði samkvæmt framleiðsluhluta gæðakerfisins, svo sem skoðunar-skýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynntur aðili skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðandanum eftirlitsskýrslu. Reglubundið eftirlit skal vera svo títt að gagngert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.
- 4.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í heimsóknir fyrirvaralaust til framleiðandans.
- Þörfina á slíkum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra skal meta á grundvelli eftirlits með heimsóknum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með heimsóknum skal einkum beinast að:
- flokki tækjabúnaðarins,
 - niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
 - þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
 - sérstökum skilyrðum sem snerta viðurkenningu kerfisins, ef við á,
 - verulegum breytingum á framleiðsluskipulagi, -stefnu eða -tækni.
- Við slíkar heimsóknir er tilkynnta aðilanum heimilt ef með þarf að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
5. Framleiðandi skal í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt geyma tiltækt fyrir yfirvöld í landinu:

- gögnin sem um getur í öðrum undirlið í annarri undirgrein í lið 3.1.,
 - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri undirgrein í lið 3.4.,
 - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í síðustu undirgrein í lið 3.3., síðustu undirgrein í lið 3.4. og í liðum 4.3. og 4.4.
6. Allir tilkynntir aðilar skulu senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um samþykki gæðakerfa sem hafa verið afturkölluð eða, að beiðni þeirra, veitt.
- Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum sem hann hefur afturkallað eða hafnað.

Aðferðareining H1 (full gæðatrygging með hönnunarprófun og sérstöku eftirliti við lokamat).

1. Auk krafanna sem mælt er fyrir um í aðferðareiningu H gilda eftirtaldar kröfur:
- a) framleiðandi skal sækja um hönnunarprófun hjá tilkynnta aðilanum;
 - b) af umsókninni skal vera unnt að skilja hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins og enn fremur að meta samræmi hans við samsvarandi kröfur reglnanna.
- Í umsókninni skal koma fram:
- tæknilegar hönnunarforskriftir sem beitt hefur verið, að meðtöldum stöðlum,
 - fylgigögn sem sýna fram á að þær séu fullnægjandi, einkum ef stöðlunum, sem um getur í 5. gr. reglnanna, hefur ekki verið beitt að öllu leyti. Slík fylgigögn skulu innihalda niðurstöður prófana sem gerðar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðanda eða fyrir hönd hans.
- c) Tilkynntur aðili skal athuga umsóknina og, sé hönnunin í samræmi við ákvæði reglnanna sem við hana eiga, gefa út EB-hönnunarprófunarvottorð til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda niðurstöður prófunarinnar, skilyrðin fyrir gildi vottorðsins, nauðsynleg gögn til að hægt sé að bera kennsl á samþykktu hönnunina og, ef við á, lýsingu á því hvernig þrýstibúnaðurinn eða fylgihlutirnir vinna.
 - d) Umsækjandi skal tilkynna tilkynntum aðila, sem hefur gefið út EB-hönnunarprófunarvottorðið, um allar breytingar á hinni viðurkenndu hönnun. Breytingar á viðurkenndri hönnun skulu háðar viðbótarviðurkenningu tilkynnta aðilans, sem gaf út EB-hönnunarprófunarvottorðið ef þær kunna að hafa áhrif á samræmi við grunnkröfur reglnanna eða skilyrði sem sett hafa verið við notkun þrýstibúnaðarins. Slíka viðbótarviðurkenningu skal veita í formi viðbótar við upphaflega EB-hönnunarprófunarvottorðið.
 - e) Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi EB-hönnunarprófunarvottorð sem hann hefur afturkallað eða hafnað.
2. Lokamatið, sem um getur í lið 3.2. í I. viðauka, er háð auknu eftirliti í formi fyrirvaralausra heimsókna tilkynnta aðilans. Í slíkum heimsóknum skal tilkynnti aðilinn annast skoðun á þrýstibúnaðinum.

IV. VIÐAUKI

**ÆLÁGMARKSVIÐMIÐ SEM UPPFYLLA SKAL ÞEGAR ÚTNEFNDIR ERU
TILKYNNTIR AÐILAR SEM UM GETUR Í 9. GR. REGLANNA OG
VIÐURKENNDAR STOFNANIR ÞRIÐJA AÐILA.**

1. Tilkynnti aðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn sem sjá um sannprófanir skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar né notendur þrýstibúnaðar eða samsetninga sem þeir skoða, né heldur umboðsmenn neins þessara aðila. Þeir skulu hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði eða viðhaldi þrýstibúnaðarins eða samsetninganna né vera umboðsmenn aðila sem þátt taka í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki hugsanleg skipti á tæknilegum upplýsingum milli framleiðandans og tilkynnta aðilans.
2. Tilkynnti aðilinn og starfsmenn hans skulu framkvæma mat og sannprófanir með faglegri ráðvendni og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður sannprófana.
3. Tilkynnti aðilinn verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfslíði og hafa þá aðstöðu sem þarf til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast sannprófun; hann skal einnig hafa aðgang að þeim tækjum sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.
4. Það starfslíð sem annast skoðun skal hafa:
 - trausta tækni- og fagkunnáttu,
 - næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um þær prófanir sem þeir framkvæma og næga starfsreynslu við slíkar prófanir,
 - hæfni til þess að semja þau vottorð, skrár og skýrslur sem þarf til að sýna að prófanirnar hafi verið framkvæmdar.
5. Hlutleysi skoðunarmanna verður að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð fjölda prófana sem eru framkvæmdar né niðurstöðum úr þessum prófunum.
6. Tilkynnti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á prófunum.
7. Starfsmönnum tilkynnta aðilans er skylt að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessum reglum eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af þeim, sem trúnaðarmál (nema gagnvart lögbærum yfirvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).


V. VIÐAUKI

**VIÐMIÐANIR SEM UPPFYLLA SKAL VIÐ VIÐURKENNINGU Á
NOTENDAEFTIRLITI SEM UM GETUR Í 10. GR.**

1. Notendaeftirlitið skal vera skýrt afmörkuð eining og sinna reglubundinni skýrslugerð fyrir hópinn sem það tilheyrir í því skyni að tryggja og sýna fram á hlutleysi þess. Það má ekki eiga þátt í hönnun, framleiðslu, sölu, uppsetningu eða viðhaldi á þrýstibúnaði eða samsetningum og skal ekki takast á hendur neina þá starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þess og heilindi varðandi eftirlitsstörf.

2. Notendaeftirlitið og starfsmenn þess skulu framkvæma mat og sannprófanir með faglegri ráðvæðni og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður sannprófana.
3. Notendaeftirlitið verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfsliði og hafa þá aðstöðu sem þarf til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast sannprófun og eftirliti; það skal einnig hafa aðgang að þeim tækjum sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.
4. Það starfslið sem annast skoðun skal hafa:
 - trausta tækni- og fagkunnáttu,
 - næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um þær prófanir sem þeir framkvæma og næga starfsreynslu við slíkar prófanir,
 - hæfni til þess að semja þau vottorð, skrár og skýrslur sem þarf til að sýna að prófanirnar hafi verið framkvæmdar.
5. Hlutleysi skoðunarmanna verður að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð fjölda prófana sem eru framkvæmdar né niðurstöðum úr þessum prófunum.
6. Notendaeftirlitið verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskyldt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á prófunum.
7. Starfsmönnum notendaeftirlitsins er skyldt að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessum reglum eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af henni, sem trúnaðarmál (nema gagnvart lögbærum yfirvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).

VI. VIÐAUKI CE-MERKI.



CE-merkið skal samanstanda af hástöfumum „CE“ í þeirri mynd sem hér er sýnd:

Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.

VII. VIÐAUKI SAMRÆMISYFIRLÝSING.

Í EB-samræmisyfirlýsingunni skulu eftirtalin atriði koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES,

- lýsing á þrýstibúnaðinum eða samsetningunni,
- hvaða aðferð var beitt við samræmismatið,
- sé um að ræða samsetningar, lýsing á þrýstibúnaðinum sem samsetningin er gerð úr og hvaða aðferðum var beitt við samræmismatið,
- þar sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem annaðist skoðun,
- þar sem við á, vísun til EB-gerðarprófunarvottorðsins, EB-hönnunarprófunarvottorðsins eða EB-samræmisvottorðsins,
- þar sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem annast eftirlit með gæðatryggingarkerfi framleiðandans,
- þar sem við á, vísanir til samræmdu staðlanna sem er beitt,
- þar sem við á, aðrir tæknilegir staðlar og forskriftir sem er beitt,
- þar sem við á, vísanir til annarra reglna sem er beitt,
- upplýsingar um undirritunaraðila sem eru til þess bærir að undirrita lagalega bindandi yfirlýsingu fyrir framleiðandann eða viðurkenndan fulltrúa hans með staðfestu innan EES.

Nr. 572

1. ágúst 2000

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Í 1. málsl. 13. gr. skal breyta fjárhæðinni kr. 1.500 í kr. 2.000.

2. gr.

Á eftir 13. gr. kemur ný grein er orðast svo:

Greiðsla sjúkratryggðra fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð.

14. gr.

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal greiða kr. 129.000.

3. gr.

14. og 15. gr. verða 15. og 16. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. ágúst 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvidægru.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og Tvidægru. Heimili félagsins er heimili formanns og varnarþing þess er í Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Félagið tekur yfir eftirtalin vötn á Arnarvatnsheiði: Arnarvatn stóra, Arnarvatn litla, Hávelluvatn, Arfavatn, Þorvaldsvatn, Ketilvatn, Hólmavatn syðra á Tungunni, Hólmavatn á Núpsheiði, Skálatjörn, Austur Grandalón, Vestur Grandalón, Tangalón og Þórhallarlón. Einnig tekur félagið yfir öll önnur vötn, ár og læki ásamt öllu vatnakerfi innan landamerkjja Aðalbólshaiðar, Núpsheiðar og Húksheiðar að undanskildum Kvíslarvötnum.

Aðild að félaginu eiga allar jarðir í Húnaþingi vestra sem áður voru í Fremri- og Ytri-Torfustaðahreppi en þær eru: Aðalból, Aðalbreið, Ásland, Barð, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Bálkastaðir syðri, Bálkastaðir ytri, Bergsstaðir, Bessastaðir syðri, Bessastaðir, Bjarg, Bjargarstaðir, Bjargshóll, Brekkulækur, Brúarholt, Búrfell, Dalgeirsstaðir, Efri-Núpur, Efri-Svertingsstaðir, Efri-Svertingsstaðir II, Efri-Torfustaðir, Finnmörk, Fosshóll, Fosskot, Fremri-Fitjar, Giljaland, Grundarás, Haugur, Heggstaðir, Hlíðarfoss, Hnausakot, Huppahlíð, Huppahlíð I, Huppahlíð II, Húkur, Kollafoss, Króksstaðir, Litli-Bakki, Litli-Hvammur, Litla-Tunga, Lækjabær, Melstaður, Mýrar, Mýrar II, Mýrar III, Neðri-Núpur, Neðri-Svertingsstaðir, Neðri-Torfustaðir, Núpsdalstunga, Reykir, Reynhólar, Sandar, Sandar I, Saurar, Skarfhóll, Skára-
staðir, Skeggjastaðir, Staðarbakki I, Staðarbakki II, Stóri-Ós, Svarðbæli, Sveðjustaðir, Syðri-Reykir, Syðsti-Ós, Tjarnarkot, Torfastaðir, Uppsali, Urriðaa syðri, Urriðaa ytri, Útibleiksstaðir, Ytra-Bjarg, Ytri-Reykir og Þverá.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði á þann hátt sem hagkvæmast þykir hverju sinni. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kjörnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn þriðji eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Kjósa skal tvo varamenn og tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar skoðunarmaðurinn gangi út annað árið, en hinir hitt árið. Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal varið til uppbyggingar á svæðinu eða hann greiddur til sveitarsjóðs Húnaþings vestra enda ber sveitarsjóður kostnað er verður af starfsemi félagsins. Stjórn félagsins er skylt að leita samþykkis sveitarstjórnar áður en stofnað er til fjárskuldbindinga sem sveitarsjóði er ætlað að bera.

9. gr.

Félaginu er kunnugt um tveggja króka hald í Arnarvatni sem eigendur jarðarinnar Efra-Núps telja jörðina eiga frá eldri tíð og því rétt til þess að nýta í vatninu. Við gerð arðskrár fyrir félagið skal taka tillit til þess.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 2000.

Guðni Ágústsson.

Björn Sigurbjörnsson.